Alþingi 1931.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1931, miðvikudaginn 15. júlí, var fertugasta og fjórða löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það tíunda aukaþing í röðinni, en fimmtugasta og níunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Séra Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang., steig í stólinn og lagði út af I. Kor 8, 1.b—2.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Allir þingmenn voru til þings komnir, sem sé:

A. Landskjörnir þingmenn:

1. Jón Þorláksson, 1. landsk. þm.
2. Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm.
3. Jón Jónsson, 3. landsk. þm.
4. Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Guðrún Lárusdóttir, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir þingmenn:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
6. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ.
7. Einar Arnórsson, 2. þm. Reykv.
8. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
9. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.
10. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
11. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
12. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
13. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
14. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
15. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
16. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
17. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
18. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
19. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
20. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
21. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.
22. Jónas Þorbergsson, þm. Dal.
23. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
24. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
25. Magnús Guðmundsson, 2. þm. Skagf.
26. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
27. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
28. Ólafur Thors, þm. G.-K.
29. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
30. Pétur Ottesen, þm. Borgf.

31. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
32. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.
33. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
34. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
35. Vilmundur Jónsson, þm. Ísaf.
36. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, stóð upp forsætisráðherra, **Tryggvi Þórhallsson**, og las upp opið bréf, er stefnir Alþingi saman til aukafundar miðvikudaginn 15. júlí 1931, dags. 22. júní. (Sjá Stjtíð. 1931, A. bls. 17).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sér til handa til þess að setja Alþingi, dags. s. d. (Sjá Stjtíð. 1931, A. bls. 18).

Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því, að Alþingi væri sett.

Síðan mælti forsætisráðherra:

„Minnumst ættjarðarinnar og konungsings!"

og tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þingmanninn, Svein Ólafsson, 1. þm. S.-M., til að stýra fundi þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M., og Pétur Ottesen, þm. Borgf.

Rannsókn kjörbréfa.

Skiptust þingmenn nú í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

BSt, GÓ, HStef, HJ, HV, JAJ, JónJ, JÓl, MG, MT, PH, PO, SvbH, SvÓ.

2. kjördeild:

BSn, EA, EÁrna, GL, HG, IngB, JJós, JBald, JónasÞ, JörB, LH, ÓTh, TrÞ, ÞorlJ.

3. kjördeild:

ÁÁ, BJ, BÁ, BKr, GÍ, HSteins, IP, JakM, JónÞ, JónasJ, MJ, PM, StgrS, VJ.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf allra kjördæmakjörinna þingmanna, og skiptu kjördeildir með sér kjörbréfunum svo sem lög mæla fyrir. Hlaut 1. kjördeild því til rannsóknar kjörbréf þeirra þingmanna, sem í 3. kjördeild voru, 2. deild kjörbréf þingmanna í 1. deild, og 3. deild kjörbréf þingmanna í 2. deild.

Varð nú hlé á fundinum, er kjördeildir gengu út úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundinum fram haldið.

Frsm. 1. kjördeildar (MG): Fyrsta kjördeild hefir haft til meðferðar 11 kjörbréf. Taldi deildin ekkert athugavert við 9 þeirra, þó að eitt þeirra væri að vísu ekki á fyrirskipuðu eyðublaði og annað í símskeyti. Hv. þm. Mýr. hafði gleymt kjörbréfi sínu, en samkv. útskrift úr gerðabók yfirkjörstjórnarinnar í Mýrasýslu er sýnt, að hann hefir náð kosningu, og leggur deildin því til, að kosning hans verði tekin gild. Út af kosningunni í Barðastrandarsýslu hefir komið fram kæra frá fyrrv. þm. sýslunnar, Hákoni Kristóferssyni, og varð það ofan á í kjördeildinni að leggja til, að kosning Bergs Jónssonar yrði tekin gild, en kærunni hinsvegar vísað til kjörbréfanefndar. Till. kjördeildarinnar í heild sinni er því sú, að öll kjörbréfin, sem hún hafði til rannsóknar, verði tekin gild, og að kærunni yfir kosningunni í Barðastrandarsýslu verði vísað til kjörbréfanefndar.

Jón Jónsson: Út af till. 1. kjördeildar vil ég taka það fram, að ég var sammála meðdeildarmönnum mínum um það, að öll kjörbréfin væru tekin gild, en hinsvegar sé ég ekki ástæðu til þess, að nauðsyn beri til að vísa kæru þeirri, sem fram hefir komið út af kosningunni í Barðastrandarsýslu, til kjörbréfanefndar. — Kæruatriðin eru aðallega tvö, og bæði lítilvæg. Hið fyrra er það, að sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, hinn nýkjörni þm. kjördæmisins, hafi útbýtt óútfylltum eyðublöðum undir vottorð um, að þessi eða hinn kjósandinn afsalaði sér kosningarrétti á einum stað til þess að kjósa á öðrum. Hitt atriðið er það, að einn kjósandinn hafi ekki haft atkvæðisrétt. Bæði eru þessi atriði órökstudd, og liggja engin vottorð frammi, er sanni neitt í þessu máli. Hinsvegar var atkvgðamunurinn á sýslumanni og þeim fram-

bjóðandanum, sem næstur honum varð að atkvæðamagni, svo mikill, að ekki er ástæða til að ætla, að þetta hafi haft nein áhrif á kosninguna, enda þótt á fullum rökum væri reist. Ég tel því sjálfsagt, að taka beri kosningu Bergs Jónssonar gilda umsvifalaust, eins og kosningu hinna annara þm.

Bergur Jónsson: Það er rétt, að fram hefir komið kæra út af kosningunni í Barðastrandarsýslu, en eins og hv. 3. landsk. þm. tók réttilega fram, er hér ekki um þannig vaxin atriði að ræða, að þau valdi nokkru um úrslit kosningarinnar. Atkv.munurinn var 415, og eftir því, hvernig atkv. þess manns, sem sagt er, að ranglega hafi kosið, fellur, verður munurinn 413 eða 414. Ég get ekki gert mig ánægðan með það, að kærunni verði vísað til kjörbréfanefndar, því að ef rétt er það, sem í henni stendur, er hér um glæpsamlegt athæfi að ræða frá minni hálfu, og heyrir þetta þá að réttu undir ákæruvaldið, úr því að eigi er tekin til greina krafa kæranda um ógildingu kosningarinnar. Mér er fyrst og fremst gefið það að sök, að ég hafi gefið út vottorð in blanco, sem fylgismenn mínir síðan hafi tekið og útfyllt. Er auðvitað ekkert við þessu að segja í sjálfu sér, ef vottorðin reynast rétt, þegar til kemur. En ég hefi alls ekki fengið neinum slík vottorð í hönd. Hinsvegar var fyrirsjáanlegt, vegna þess, að kosið var eftir kjörskránni frá í fyrra, að það mundi þurfa að gefa ædimörgum slík vottorð; margir höfðu flutzt búferlum frá því síðasta kjörskrá var samin, o.s.frv., og lét ég því copiera nokkur eyðublöð í þessu skyni til flýtis, en við skrifari minn gáfum einir slík vottorð út. — Hvað snertir þennan eina mann, sem talið er í kærunni, að ekki hafi haft atkvæðisrétt, man ég ekki betur en að hann hafi staðið á aukakjörskrá í Flatey, svo að ég hefi ekki þar gert neitt á móti betri vitund, enda vissi ég ekkert um pólitiskar skoðanir þessa manns, og var auk þess svo viss um kosningu mína, að ég þurfti ekki að beita slíkum aðferðum, þó að mig hefði langað til, sem auðvitað var eigi. — Þá er nafngreindur annar kjósandi í kærunni, sem fengið hafi tvö slík vottorð. Þetta mun rétt vera, og hygg ég, að það komi meira og minna fyrir á hverri sýsluskrifstofu, því sýslumenn geta eigi neitað um slíkt vottorð, þótt þeir muni eða þá minni, að þeir hafi áður gefið vottorð fyrir sama kjósanda. Annars er það um þennan kjósanda að segja, að hann er tengdur kæranda, og býst ég við, að hann hafi verið hans maður, en ekki minn. Vottorðin gaf ég út eingöngu vegna embættisskyldu, en ekki til þess að bæta fyrir sjálfum mér. Ég hefði helzt kosið að vera laus við þau, en þess átti ég ekki kost, fremur en aðrir sýslumenn eiga.

Ég skal að lokum lýsa ánægju minni yfir því, að kjördeildin hefir lagt til, að kosning mín verði tekin gild, en ég sé ekki neina ástæðu til þess að vísa kærunni til kjörbréfanefndar, samkv. því, sem ég þegar hefi tekið fram, en mun hinsvegar reiðubúinn til að svara til sakar á réttum vettvangi. Að þingið fari að láta kæruna til sín taka, finnst mér ástæðulaust með öllu, úr því að krafa kæranda um ógildingu kosningarinnar er eigi til greina tekin.

Frsm. 1. kjördeildar (MG): Hv. þm. Barð. tekur þessa till., finnst mér, of hátíðlega. Mér skilst það eitt vaka fyrir 1. kjördeild, að hún vildi, að þingið grennslaðist eftir, hvort kæran væri á rökum byggð. Og þar sem hlutaðeigandi þingmaður var ekki í kjördeildinni, þá þótti rétt að gefa honum kost á því síðar gagnvart þingnefnd að gefa upplýsingar í málinu. Það var ekkert annað á bak við, og ég varð ekki var við, að neinn greiddi atkv. móti till., nema sá eini þm., sem hér talaði, hv. 3. landsk.

Bergur Jónsson: Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að till. hv. kjördeildar byggðist á því, að menn vildu veita mér kost á að gefa upplýsingar um þetta mál. Mér finnst deildin hefði getað gefið mér kost á því strax. Annars eru kæruatriðin svo smávægileg, þegar miðað er við atkvæðamuninn, að það er greinilegt, að þau eru fram komin aðeins út af gremju hlutaðeigandi manns vegna kosningarinnar.

Magnús Torfason: Ég vil aðeins geta þess, að ég fyrir mitt leyti tók það fram,

að ég gæti ekki verið með því að vísa málinu til kjörbréfanefndar áður en maður heyrði, hvað sá þingmaður, sem átti í hlut, hafði um málið að segja, blátt áfram af því, að fyrir lágu engar sannanir um það, að þessi kæra væri rétt.

Héðinn Valdimarsson: Mér finnst það ekki rétt hjá Bergi Jónssyni, að hér sé um smávægileg atriði að ræða. Enda sagði hann í annari andránni, að kæran hljóðaði um glæpsamlegt athæfi. Ekki getur þetta hvorttveggja staðizt. Ég hefi ekki fulla trú á, að kosning hans sé ólögmæt, en eftir venju er slíkum málum vísað í kjörbréfanefnd. Sé ég ekki ástæðu til, að meiri hl. fari að beita sínu valdi til að komast hjá að rannsaka þetta mál. Því betur er hann kominn að kosningu sinni, þingmaður Barðstrendinga, ef það sýnir sig, að kæran er á engum rökum byggð.

Í kærunni stendur, að sýslumaður hafi undirskrifað nafn sitt á óútfyllt eyðublöð, sem síðar voru notuð hingað og þangað af hans mönnum. Er tekið fram eitt dæmi, þar sem útfyllt er í Flatey nafn manns á vottorði, sem er undirskrifað af Bergi Jónssyni, sem ekki hafi getað komið fram á annan hátt. Getur verið, að hann geti afsannað þetta. En þetta er ekkert smáatriði. Kjörbréfanefnd er líka höfð til að rannsaka slík mál. Þess vegna er ég alveg með því að vísa þessu til kjörbréfanefndar.

Ólafur Thors: Ég hjó eftir því sama og hv. 3. þm. Reykv., að Bergur Jónsson var að lýsa yfir því í annari andránni, að ef um nokkuð aðfinningavert væri að ræða samkv. þessari kæru, þá væri það glæpsamlegt athæfi; en hann kvaðst ekki álíta þingið réttan vettvang og vildi áfrýja til ákæruvaldsins í landinu.

Við munum nú allir, að þegar Jónas Jónsson var í stjórn, þá var ekkert ákæruvald til þegar um hans flokksmenn var að ræða. Og þó að máske sé lélegur sá dómur, sem skipaður er af Alþingi í þessu máli, þá er þó miklu verra að skjóta þessu til ákæruvaldsins í þessa manns höndum, ef hann á enn að eiga sæti í æðstu stjórn landsins.

Ekki þekki ég þann mann neitt, sem hér á hlut að máli, og hefi enga ástæðu til að ætla hann líklegan til sviksamlegs athæfis, — nema að hann sjálfur sagði: „Ég þurfti ekki að beita slíku atferli, af því að ég taldi mína kosningu vissa". Ef á annað borð þykir taka því að vera með heimspekilegar hugleiðingar um það, hvort eigi að fremja glæpsamlegt athæfi eða ekki, og komast svo að þeirri niðurstöðu, að þess hafi ekki þurft, þá leyfi ég mér að segja, að þessi litla viðkynning af innræti bendir heldur til að óska rannsóknar.

ATKVGR.

Kosningar þær, sem undir athugun 1. kjördeildar féllu, aðrar en kosning þm. Barð. (BJ), samþ. með 38 shlj. atkv.

Kosning þm. Barð. samþ. með 27 shlj. atkv.

Kæru út af kosningunni í Barðastrandarsýslu vísað til kjörbréfanefndar með 26 : 16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍ, GÓ, GL, HStef, HSteins, HJ, HG, HV, IP, JakM, JJós, JAJ, JBald, J-Ól, JónÞ, MG, MJ, ÓTh, PH, PM, PO, SvÓ, VJ, BSt, BSn, EA.

nei: EÁrna, IngB, JónJ, JónasJ, JónasÞ, JörB, LH, MT, StgrS, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BÁ, BKr, ÁÁ.

Frsm. 2. kjördeildar (EA): Þessi kjördeild hefir haft til meðferðar 13 kjörbréf, þeirra Guðmundar Ólafssonar, Hannesar Jónssonar, Jóns Ólafssonar, Sveinbjarnar Högnasonar, Héðins Valdimarssonar, Jóns A. Jónssonar, Péturs Ottesens, Halldórs Stefánssonar, Páls Hermannssonar, Magnúsar Torfasonar, Magnúsar Guðmundssonar, Bernharðs Stefánssonar og Sveins Ólafssonar. Leggur deildin einróma til, að öll þessi kjörbréf verði tekin gild. Að vísu voru tvö kjörbréfanna ekki gefin út á fyrirskipuð eyðublöð, en d. taldi það svo lítilfjörlegt atriði, að það væri ekki umræðuvert.

ATKVGR.

Samþ. að taka gilda kosningu þessara 13 manna með 27 shlj. atkv.

Frsm. 3. kjördeildar (ÁÁ): Þessi kjördeild hafði til meðferðar 12 kjörbréf, þeirra Bjarna Snæbjörnssonar, Einars Arnórssonar, Einars Árnasonar, Haralds

Guðmundssonar, Ingólfs Bjarnarsonar, Jóhanns Jósefssonar, Jónasar Þorbergssonar, Jörundar Brynjólfssonar, Lárusar Helgasonar, Ólafs Thors, Tryggva Þórhallssonar og Þorleifs Jónssonar.

Kjördeildin leggur til, að öll þessi kjörbréf verði samþ. Kjörbréf Ólafs Thors hafði að vísu gleymzt heima, en fyrir lá útskrift úr fundarbók yfirkjörstjórnar. Kæra lá fyrir frá Einari M. Jónassyni fyrrv. sýslumanni um kjörgengi Einars Árnasonar, en ekki sá deildin ástæðu til að taka hana til greina.

Út af kosningu Jörundar Brynjólfssonar höfðu og borizt athugasemdir úr Biskupstungnahreppi. Samþykkti kjördeildin, án þess að leggja þar á frekari dóm, að eftirfarandi athugasemdir væru lesnar upp úr kjörfundargerð Biskupstungnahrepps:

„Þær athugasemdir leyfum vér undirritaðir okkur að gera við kosningu til Alþingis í Biskupstungnahreppi, sem fram fóru 1931, er hér segir:

1. Kjörskrá hafði aldrei legið frammi til sýnis s. l. vetur, svo að þeir gátu ekki í tíma gert athugasemdir, sem ranglega höfðu fallið niður af henni.
2. Engin aukakjörskrá hafði verið samin, svo að mönnum þeim, sem búnir voru að vera heilt ár í sveitinni og að öðru leyti bar að standa á kjörskrá, var þannig bægt frá kosningu.
3. Kjörbók sú, sem fylgja átti kjörkassa til yfirkjörstjórnar, var eigi til staðar né lykill kjörkassa, svo að honum varð eigi aflæst, eins og tekið er fram í framanritaðri fundargerð.
4. Kjörstjórn var eigi kosin fyrr en á kjördegi. Er það lögmætt?
5. Það er að minnsta kosti óviðkunnanlegt, ef ekki lögleysa, að einn frambjóðandi sé í kjörstjórn, meira að segja oddviti kjörstjórnar.
6. Vitanlegt er, að annar maður hafði fengið kjörgögn sem oddviti kjörstjórnar eða sem settur hreppstjóri og hjá honum farið fram heimakjör, auk þess heimakjörs, sem fram hefir farið hjá hinum skipaða hreppstjóra.

d. u. s.
Eiríkur Þ. Stefánsson
Sigurður Guðnason.

Þessum athugasemdum leyfir kjördeildin sér að skjóta til stjórnarinnar. En þar sem þeir ágallar, sem kvartað hefir verið yfir, hafa á engan hátt getað haft áhrif á úrslit kosningarinnar, leggur kjördeildin til, að kjörbréf Jörundar Brynjólfssonar sé tekið gilt.

Jón Baldvinsson: Hv. frsm. 3. kjördeildar hefir nú lesið upp dálítið sýnishorn af því, hvernig kosningaundirbúningi hefir víða verið háttað. Aðalkjörskrá hefir aldrei legið frammi, engin aukakjörskrá til, — og engin kjörstjórn. Þetta og annað eins er ekkert einsdæmi. Í sumum hreppum hefir komið fyrir, að oddvitar kjörstjórnar hafa tvisvar týnt afritum af kjörskrám og tvisvar orðið að fá þau hjá sýslumanni. Víða hefir engin aukakjörskrá verið til. Hreppsnefndirnar hafa aldrei samið hana, og þar með svipt fjölda manna atkvæðisrétti.

Eftir þingrofið var því beint munnlega til stjórnarinnar að gefa út bráðabirgðalög um samningu nýrrar kjörskrár. Menn höfðu ekki búizt við kosningum fyrr en 4. júlí. Fyrir því hafði verið vandað til gömlu kjörskrárinnar, en samning þeirrar, sem gilda átti 4. júlí, var komin skammt á veg eða ekkert. Engin leiðrétting fékkst á þessu hjá stjórninni. Hefði þó ekki þurft annað en að láta semja aukakjörskrá. Sökum þessa trassadóms hafa mörg þúsund manna eigi getað neytt kosningarréttar síns. Ég skal ekki segja, að þetta hafi breytt úrslitum kosninganna, en það er jafnrangt fyrir því. En ég vil láta þetta koma fram, þó að ég viti, að hv. þm. sé kunnugt um, að kosningunum hafi verið að einhverju leyti áfátt í flestum hreppum. (**JónasJ:** Já, slæmt var það í Reykjavík). Ekki skal því neitað, en verra hefir það þó verið þar, sem engar kjörskrár voru til, eins og í Árnessýslu. Ég tel alveg sjálfsagt, að þingið sinni hverri kæru, sem því berst út af þessum efnum, og láti rannsaka hana. Minna má það ekki vera. Og því álít ég, að þessi kæra úr Árnessýslu eigi að fara til kjörbréfanefndar.

Jörundur Brynjólfsson: Það er fjarri því, að ég sé að hafa á móti því, að þetta mál sé athugað. Hins hefði ég vænzt, að

hv. kjördeild hefði athugað, að hve miklu leyti þessar kvartanir eiga við rök að styðjast. Mér virtist hv. 2. landsk. heldur eigi hafa áttað sig á því, hvenær kjörskrá sú, er kosið var eftir, var samin. (**JBald:** 1930). Hann átti þá ekki að taka munninn svo fullan. Ég veit ekki, á hve miklum rökum það er byggt, að kjörskrá hafi ekki legið frammi frá síðastl. vetri. En sú kjörskrá, sem kosið var eftir, lá frammi.

En þessi atriði eru þess eðlis, að þau snerta alls ekki þessa kosningu. Þeir menn, sem búsettir höfðu verið í eitt ár í Biskupstungum síðastl. vor, áttu ekki að standa þar á kjörskrá, heldur í því byggðarlagi, sem þeir voru frá. Þessi aths. er því ekki réttmæt.

Þá er getið um það, að kjörbók, sem fylgja átti kjörkassa, og lykil að honum, hafi vantað. Þetta er rétt, enda er þess getið í gerðabók kjörstjórnar. Kjörstjórnin hafði ekki fengið þessi gögn í hendur, og hún gat ekki úr því bætt, nema með því að innsigla atkvæðakassann, og það gerði hún rækilega, eins og yfirkjörstjórn mun geta vottað.

Næst er fundið að kosningu eins manns í kjörstjórn. Hreppsnefnd hafði láðst að gera það á þeim tíma, sem venja er til, og kaus hún því þennan mann sama dag og kosning fór fram. Mér er ekki kunnugt um, að lög tiltaki neinn ákveðinn tíma, þegar þessi kosning skuli fara fram.

Þá er það talið óviðeigandi, ef ekki ólöglegt, að einn frambjóðandinn sé í kjörstjórn, og ekki sízt oddviti kjörstjórnar. Nú mæla lög svo fyrir, að hreppstjóri skuli vera oddviti kjörstjórnar, og hvergi er nokkur lagastafur fyrir því, að hann eigi að víkja, þótt í kjöri sé. Það kann vel að vera, að þetta sé óheppilegt, en ég þekki þess engin dæmi, að hreppstjórar hafi vikið sæti úr kjörstjórn, enda þótt þeir hafi einnig verið í kjöri.

Þá er síðasta atriðið, sem vikið er að í kærunni, að settur hreppstjóri hafi veitt móttöku kjörgögnum. Í fjarveru minni kaus hjá hinum setta hreppstjóra einn maður, en undir eins og ég kom heim, sótti ég þessi gögn, og eftir það voru þau hjá mér. Mér virðist sem nær hefði verið að kvarta yfir því, ef ekki hefði verið maður til þess að sinna þeim, er kjósa vildu, heldur en því, að þetta var gert.

Þetta vildi ég upplýsa, enda láta þá aths. fylgja, sem ég lét bóka í kjörfundargerðinni og ég skal lesa upp:

„Settur hreppstjóri veitti heimakjörgögnum móttöku í fjarveru hreppstjóra. Hjá honum voru greidd atkvæði á löglegum stað og tíma og aðeins á meðan hreppstjóri var fjarverandi".

Eins og ég gat um í upphafi, er öðru nær en að ég amist við því, þótt kjörbréfanefnd taki þessi atriði til athugunar, en ég býst við, að einkar lítið verði á því að græða, enda eru kæruatriðin að meira eða minna leyti óviðkomandi þessum kosningum.

Jón Baldvinsson: Mér skilst á hv. 1. þm. Árn., að hann telji allt hafa verið löglegt, bæði við samningu kjörskránna og annað, sem fram fór. En ég vil benda á, að í 11. gr. kosningalaganna er beint fyrirskipað, að í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skuli semja aukakjörskrá. Hún liggur síðan frammi fyrir kjósendur eins og aðalkjörskrá, nema frestir eru nokkru styttri. Það, sem ég hélt fram, að væri ólöglegt, hefir því líka verið ólöglegt. Í þessum hreppi hefir því verið framin hin mesta lögleysa. Hinsvegar er spurning, hvort þessi lögbrot hafa getað haft áhrif á úrslitin, og um það skal ég ekkert segja.

Annað er það, að vissara þykir alstaðar, að sæmilega sé gengið frá atkvæðakössunum. Nú er það játað, að þarna hafi enginn lykill verið til. Sennilega hefir kassinn verið settur í poka og bundið fyrir, en þær sögur heyrast, að losaralega hafi þar verið gengið frá. Kosningalögin gera ráð fyrir mjög strangri meðferð á atkvæðum, eftir að þau eru komin í kassa. Mér sýnist því, sem hér hafi verið allt í ólagi og brotin lög á kjósendum.

Ég endurtek þá till. mína, að þessum aðfinnslum við kosninguna í Árnessýslu verði vísað til kjörbréfanefndar til frekari athugunar.

Magnús Torfason: Eins og tekið hefir verið fram, þá eiga þessar aths. hvað kjörskrárnar snertir ekki við kjörskrárnar frá í fyrra, heldur í ár. Þm. ættu að vita, að kjörstjórnir senda sýslumönnum

samrit af kjörskrám. Þær komu til mín í fyrra, og man ég ekki til, að neitt væri fremur að athuga við kjörskrána úr þessum hreppi en aðrar úr sýslunni.

Að því er snertir það, að lykil og kjörbók vantaði, þá er frá því að segja, að ég gerði ítrekaðar tilraunir til þess að fá kjörbækur frá landskjörstjórn, sem af vangá höfðu verið til hennar sendar. Það var fyrst eftir að ég hafði kært til dómsmálaráðuneytisins, að farið var að leita að þessu. Þegar ég fékk þær í hendur, örfáum dögum áður en kjósa átti, sendi ég þær eins fljótt og ég gat til kjörstjórnanna. Biskupstungur eru ofarlega í sýslunni, og munu bækurnar hafa komið þangað daginn eftir kosninguna. — Um lyklana er það að segja, að þeir fylgdu kjörbókum.

Að því er snertir það, að hreppstjóri hafði setið sem oddviti kjörstjórnar, þótt frambjóðandi væri, vil ég geta þess, að í 8. gr. kosningal. er tekið fram, að oddviti yfirkjörstjórnar á að víkja, ef hann er í kjöri, þegar á að telja atkvæði; en ekkert slíkt er tekið fram um oddvita undirkjörstjórnar. Það er því mjög hæpið, að rétt sé, að kjörstjóri víki sæti fyrir þessa sök.

Hinn setti hreppstjóri var settur löglega af mér í stað hins reglulega hreppstjóra, meðan hann var á þingi, og hélt hann því umboði, þangað til hreppstjóri kom úr ferð sinni á Ströndum vestur.

Ég get tekið undir með hv. 2. landsk., að það hafi verið að ýmsu leyti ábótavant um kjörskrár o. fl. að þessu sinni. Það mun ekki hafa verið vandað til þess eins og gert er, þegar menn eiga von á kosningum. En ekki er ástæða til að gera rekistefnu út af þessum smámunum, enda eru verri lögleysur víða, sem þá hefði átt að kæra. Ég skal t. d. taka það fram, að hjá sumum lögreglustjórum vantaði vottorð vitundarvotta um, að kosið hefði verið í einrúmi, þannig að viðkomandi lögreglustjóri hefir verið einráður um þetta. En á eyðublöðunum fyrir kosningar utan kjörstaðar er tekið fram, að þau eiga að vera undirskrifuð af vitundarvottum. Þetta er miklu alvarlegri yfirsjón, ef út í það er farið.

Ennfremur get ég skýrt frá því, að eftir að kosning hafði farið fram, barst mér kjörseðill úr Reykjavík frá einum kjósanda í Árnessýslu, sem var neitað um að kjósa í Árnessýslu, af því að hann gat ekki kosið sjálfur, en hann fer til Reykjavíkur og fær að kjósa þar. Náttúrlega getur verið, að hann hafi eignazt eiginleika til að kjósa þar sjálfur, í millibilinu, en litlar líkur þykir mér fyrir því.

Ég verð því að leggja á móti því að gera sérstaka rekistefnu út af þessum hótfyndnu aths. við kosningarathöfnina í Biskupstungnahreppi.

ATKVGR.

Kosningar þær, allar í senn, sem 3. kjördeild hafði til rannsóknar, samþ. með 32 shlj. atkv.

Till. um að vísa athugasemdum út af kosningunni í Árnessýslu til kjörbréfanefndar borin undir atkv., og greiddu 17 atkv. með till., en 16 móti. Lýsti aldursforseti till. samþykkta.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst lét aldursforseti þá þingmenn, sem ekki höfðu áður á þingi setið, undirrita drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Bergur Jónsson, Bjarni Snæbjörnsson, Björn Kristjánsson, Guðbrandur Ísberg, Jónas Þorbergsson, Steingrímur Steinþórsson, Sveinbjörn Högnason, Vilmundur Jónsson.

Kosning forseta.

Loks lét aldursforseti fara fram kosningu forseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.,
með 23 atkv. — Jón Þorláksson fékk 15 atkv., en Jón Baldvinsson 4 atkv.

Forseti (ÁÁ): Ég þakka hv. þingmönnum þann heiður, sem þeir hafa sýnt mér við þessa kosningu, og ber fram þá ósk, að þetta hið nýkjörna Alþingi beri gæfu til að leysa svo úr vandamálum og málefnum þjóðarinnar, sem góður vilji og vitsmunir frekast leyfa. Það er ekki allt, sem stendur í mannanna valdi, en góður vilji og vitsmunir mun hrökkva til að skapa þjóðinni glæsilega framtíð.

Ég vil bjóða alla hina nýkjörnu þingmenn og hina eldri landskjörnu þingmenn velkomna til þessa þings.

Lét forseti síðan fram fara kosningu varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.,
með 23 atkv. — Magnús Guðmundsson fékk 14 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var IngB, en á B-lista JAJ. — Lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar sameinaðs þings án atkvgr.:

Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., og
Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.

Kjörbréfanefnd.

Að liðnu fundarhléi var tekin til meðferðar kosning kjörbréfanefndar. Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar. Voru á A-lista SvÓ, MT og BJ, en á B-lista MG og PM. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru í kjörbréfanefnd án atkvgr.:

Sveinn Ólafsson,
Magnús Guðmundsson,
Magnús Torfason,
Bergur Jónsson,
Pétur Magnússon.

Kosning til efri deildar.

Loks voru kosnir átta þingmenn kjördæmakjörnir til þess að skipa efri deild ásamt landskjörnum þingmönnum.

Forseta bárust svohljóðandi tilmæli, undirrituð af 10 þm. (JónÞ, JÓl, JJós, MJ, MG, PM, BSn, EA, JAJ, JakM):

„Vér undirritaðir alþingismenn óskum þess, að hlutfallskosningu verði beitt við kosningu á þingmönnum til efri deildar, samkvæmt 48. gr. þingskapanna".

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar, er á stóðu samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. — Voru á A-lista GÓ, EÁrna, IP, PH, MT, en á B-lista HSteins, BSn, JakM. — Kosnir voru því án atkvgr.:

Guðmundur Ólafsson,
Halldór Steinsson,
Einar Árnason,
Ingvar Pálmason,
Bjarni Snæbjörnsson,
Páll Hermannsson,
Jakob Möller,
Magnús Torfason.

Utanríkismálanefnd.

Á 2. fundi í Sþ., 21. júlí, var tekin til meðferðar:

Kosning utanríkismálanefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa í nefndina. — Voru á A-lista ÁÁ, BÁ, MT, JónasÞ, en á B-lista JónÞ, ÓTh, EA. — Forseti lýsti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Ásgeir Ásgeirsson,
Jón Þorláksson,
Bjarni Ásgeirsson,
Magnús Torfason,
Ólafur Thors,
Jónas Þorbergsson,
Einar Arnórsson.

B.
Í efri deild.

Að loknum 1. fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

A. Landskjörnir:

1. Jón Þorláksson, 1. landsk. þm.
2. Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm.
3. Jón Jónsson, 3. landsk. þm.
4. Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Guðrún Lárusdóttir, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir:

1. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
3. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
4. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
5. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
6. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
7. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
8. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.

Elzti þingmaður deildarinnar, Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., tók forsæti til þess að gangast fyrir kosningu forseta. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jón Jónsson, 3. landsk. þm., og Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara:

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., með 7 atkv. — Halldór Steinsson fékk 6 atkv., en 1 seðill var auður.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Forseti (GÓ): Ég vil þakka deildinni það traust, sem hún hefir sýnt mér með þessari kosningu, um leið og ég býð alla hv. þdm. velkomna á þing. Vænt ég þess, að störf þessa nýkjörna Alþingis megi verða til heilla voru hjartkæra föðurlandi.

Lét forseti síðan ganga til kosningar um fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., með 7 atkv. — Guðrún Lárusdóttir fékk 5 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Því næst fór fram kosning annars varaforseta. Kosningu hlaut

Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M., með 7 atkv. — 7 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var JónJ, en á B-lista PM. Lýsti forseti því rétt kjörna skrifara deildarinnar án atkvgr.:

Jón Jónsson, 3. landsk. þm., og
Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.

Sætaskipun.

Loks tók forseti til meðferðar hlutun um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum. Fram kom till. frá Jóni Baldvinssyni, 2. landsk. þm., um að láta haldast þá sætaskipun, sem þingmenn þegar höfðu valið sér. Afbrigða frá þingsköpum um þá till. var synjað með 8 : 5 atkv. Var svo hlutað um sætin, og urðu úrslit hlutunarinnar þessi:

4. sæti hlaut Jón Baldvinsson,
5. — — Jónas Jónsson,
6. — — Einar Árnason,
7. — — Ingvar Pálmason,
8. — — Halldór Steinsson,
9. — — Jakob Möller,
10. — — Guðrún Lárusdóttir,
11. — — Páll Hermannsson,
12. — — Bjarni Snæbjörnsson,
13. — — Jón Þorláksson,
14. — — Magnús Torfason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 16. júlí, fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu við kosningu hverrar nefndar fram tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Ingvar Pálmason, Magnús Torfason, } Af A-lista.
Jón Þorláksson. Af B-lista.

2. Fjárveitinganefnd.

Jón Jónsson, Páll Hermannsson, Einar Árnason, } Af A-lista.
Bjarni Snæbjörnsson, Halldór Steinsson. } Af B-lista.

3. Samgöngumálanefnd.

Magnús Torfason, Jónas Jónsson, } Af A-lista.
Halldór Steinsson. Af B-lista.

4. Landbúnaðarnefnd.

Páll Hermannsson, Jón Jónsson, } Af A-lista.
Pétur Magnússon. Af B-lista.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Ingvar Pálmason, Jónas Jónsson, } Af A-lista.
Jakob Möller. Af B-lista.

6. Menntamálanefnd.

Jónas Jónsson, Jón Jónsson, } Af A-lista.
Guðrún Lárusdóttir. Af B-lista.

7. Allsherjarnefnd.

Magnús Torfason, Einar Árnason, } Af A-lista.
Pétur Magnússon. Af B-lista.

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ.
6. Einar Arnórsson, 2. þm. Reykv.
7. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.
8. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
9. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
10. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
11. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
12. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
13. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
14. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
15. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.
16. Jónas Þorbergsson, þm. Dal.
17. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
18. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
19. Magnús Guðmundsson, 2. þm. Skagf.
20. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
21. Ólafur Thors, þm. G.-K.
22. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
23. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
24. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.
25. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
26. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
27. Vilmundur Jónsson, þm. Ísaf.
28. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Allir deildarmenn voru á fundi.

Elzti maður deildarinnar, Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., tók forsæti til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi hann sér til aðstoðar sem skrifara þá Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M., og Pétur Ottesen, þm. Borgf.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., með 16 atkv. — Magnús Guðmundsson fékk 8 atkv., Magnús Jónsson 1 atkv., en þrír seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar Kosningu hlaut

Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., með 14 atkv. — Bernharð Stefánsson fékk 2 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Þessu næst var gengið til kosningar um annan varaforseta, og hlaut kosningu

Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M., með 15 atkv. — Bernharð Stefánsson fékk 1 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var BSt, en á B-lista MJ. Lýsti forseti því rétt kjörna skrifara deildarinnar án atkvgr.:

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., og
Magnús Jónsson, 4 þm. Reykv.

Sætaskipun.

Að lokum var hlutað um sæti deildarmanna, og gat forseti þess, að úrslit þess hlutkesti yrðu birt síðar.

Á 4. fundi deildarinnar, 18. júlí, skýrði forseti frá, að þessi hefðu orðið úrslit sætahlutunar á 1. fundi:

5. sæti hlaut Sveinbjörn Högnason,
6. — — Magnús Guðmundsson,
7. — — Jóhann Jósefsson,
8. — — Bergur Jónsson,
9. — — Héðinn Valdimarsson,
10 — — Vilmundur Jónsson,
11. — — Jón Ólafsson,

12. sæti hlaut Ólafur Thors,
13. — — Haraldur Guðmundsson,
14. — — Guðbrandur Ísberg,
15. — — Einar Arnórsson,
16. — — Sveinn Ólafsson,
17. — — Steingrímur Steinþórsson,
18. — — Jónas Þorbergsson,
19. — — Halldór Stefánsson,
20. — — Ásgeir Ásgeirsson,
21. — — Bjarni Ásgeirsson,
22. — — Pétur Ottesen,
23. — — Hannes Jónsson,
24. — — Jón Auðunn Jónsson,
25. — — Þorleifur Jónsson,
26. — — Björn Kristjánsson,
27. — — Ingólfur Bjarnarson,
28. — — Lárus Helgason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 16. júlí, fór fram kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapa, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Héðinn Valdimarsson: Ég lýsi yfir því, að við jafnaðarmenn munum engan lista bera fram við þessar kosningar, þar sem við höfum ekki atkvæðamagn til þess að koma neinum manni í nefnd.

Var svo gengið til kosninga, og komu fram við kosningu hverrar nefndar 2 listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Halldór Stefánsson, Bernharð Stefánsson, Steingrímur Steinþórsson — Af A-lista.
Ólafur Thors, Magnús Guðmundsson — Af B-lista.

2. Fjárveitinganefnd.

Ingólfur Bjarnarson, Þorleifur Jónsson, Hannes Jónsson, Björn Kristjánsson, Jónas Þorbergsson — Af A-lista.
Pétur Ottesen, Magnús Jónsson — Af B-lista.

3. Samgöngumálanefnd.

Sveinn Ólafsson, Bergur Jónsson, Sveinbjörn Högnason — Af A-lista.
Jón Auðunn Jónsson, Jóhann Jósefsson — Af B-lista.

4. Landbúnaðarnefnd.

Lárus Helgason, Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson — Af A-lista.
Magnús Guðmundsson, Pétur Ottesen — Af B-lista.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Sveinn Ólafsson, Ásgeir Ásgeirsson, Bjarni Ásgeirsson — Af A-lista.
Jóhann Jósefsson, Guðbrandur Ísberg — Af B-lista.

6. Menntamálanefnd.

Ásgeir Ásgeirsson, Bernharð Stefánsson, Halldór Stefánsson — Af A-lista.
Guðbrandur Ísberg, Einar Arnórsson — Af B-lista.

7. Allsherjarnefnd.

Lárus Helgason, Bergur Jónsson, Sveinbjörn Högnason — Af A-lista.
Einar Arnórsson, Jón Ólafsson — Af B-lista.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Fjárlög 1932.

Á 1. fundi í Nd., 15. júlí, var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1932 (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Nd., 17. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég tel ástæðulaust að flytja nýtt yfirlit um fjárhagsástandið að þessu sinni, þar sem svo skammt er síðan fyrrv. fjmrh. gaf ýtarlega og glögga skýrslu um það. Virðist nægilegt að gefa hv. fjvn. skýrslu um þær breyt., sem síðan hafa á orðið. Frv. er í öllum aðalatriðum eins og það var lagt fyrir síðasta þing, en þó með þeim breyt., sem meiri hl. fjvn. lagði til, að gerðar yrðu.

Hingað til hefir verið venja að fresta 1. umr. fjárlaganna og hafa eldhúsdag við framhald hennar. Þó hefir verið brugðið út af þeirri venju, og álít ég, að gjarnan mætti gera það nú. Þó mun ég enga sérstaka áherzlu leggja á þetta, ef stjórnarandstæðingar óska eftir að fá tækifæri til að koma aðfinnslum sínum að við framhald 1. umr.

Legg ég til, að frv. verði að vanda vísað til fjvn.

Haraldur Guðmundsson: Ég tel sjálfsagt, að haldið sé þeirri venju að fresta umr. Stjórnin skaut sér undan eldhúsdegi í vetur, og þykir mér því ótrúlegt, að hún búist við að geta sloppið við hann nú.

Frv. gefur fullkomið tilefni til athugasemda, eins og það liggur fyrir. Hæstv. fjmrh. sagði, að frv. væri að mestu eins og það var lagt fyrir þingið í fyrra. Þetta er rétt, því að þær breyt., sem á því hafa verið gerðar, eru ekki annað en smávægilegar leiðréttingar og snerta ekkert efnishlið þess. Nú er alvarleg kreppa byrjuð; sýnilega eykst hún og magnast og veldur atvinnuleysi og vandræðum, ef eigi er að gert í tíma. En það verður ekki annað séð en að stjórnin hafi verið starblind á ástandið — eða verra en það, þ. e. ætli viljandi að auka á vandræðin.

Ég hygg, að engum geti dulizt, hve alvarlegir tímar eru framundan í atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar. Og hvað gerir svo stjórnin? Jú, viðleitni hennar til að bæta úr ástandinu kemur fram í því, að hún leggur til í Ed. að framlengja verðtollinn óbreyttan í næstu 2 ár eða m. ö. o. að níðast með tollaálögum á þeim, sem harðast verða úti vegna kreppunnar. Og í þessari deild ber stj. fram fjárlög, þar sem skornar eru niður svo að kalla allar verklegar framkvæmdir. Ef stj. hefir það ekki sér til afsökunar, að hún sé starblind, er hún að gera þjóðinni bölvun vitandi vits. Ég get hér með lýst yfir því, að ég og mínir flokksmenn munu greiða atkv. móti fjárlagafrv., verði það með svipuðu sniði og nú, er það kemur til fullnaðarafgreiðslu bæði hér í þessari deild og í Ed.

Á hvern hátt getur nú Alþingi gert beztar ráðstafanir til að mæta kreppunni? Stj. hefir þegar gefið sitt svar: Með niðurskurði verklegra framkvæmda og auknum tollaálögum En ég og mínir flokksmenn segjum: Kreppan kemur harðast niður á eignalausu fólki, fólki, er telst sjálft eiga ráð á starfstækjum sínum, smábændum til sjós og lands og

verkalýð, sem lifir á því að selja vinnu sína. Hvernig er hægt að létta undir með þessu fólki? Fyrsta og sjálfsagðasta leiðin er að létta af því tollabyrðinni. Við það lækka vörur í verði og kaupgetan eykst. Í öðru lagi verður að gera smábændum og fiskimönnum kleift að reka atvinnu sína áfram. Hvernig hefir bændum verið hjálpað til þess hingað til? Þeim hefir verið hjálpað með því að lagðir hafa verið vegir, brýr og sími. Á það nú að vera hjálp til þessara manna að hætta þessu, þegar kreppan dynur á? Er það stuðningur við fiskimennina að hætta að byggja bryggjur og gera lendingarbætur, þegar erfitt verður í ári? Og er það hjálp við verkalýðinn að skera niður alla opinbera vinnu, þegar atvinna bregzt á öðrum sviðum? En þetta er tilætlun stj. með þeim fjárlögum, sem hún leggur nú fyrir þingið. Eftir að hafa aukið þessi útgjöld um 100% að þinginu fornspurðu undanfarið ár og ausið þessu fé út um hvippinn og hvappinn án tillits til þess, hvar þess hefir verið mest þörf, á nú að skera allar framkvæmdir niður við trog, einmitt þegar þeirra er mest þörf.

Undanfarin ár hefir ríkissjóður verið langstærsti atvinnurekandinn. Árið 1929 voru unnin 130 þús. dagsverk í vegavinnu fyrir hið opinbera og 1930 munu hafa verið unnin 150 þús. dagsverk við sömu vinnu. Nú er lagt til, að 200 þús. kr. verði varið til viðhalds vega. Það er allt og sumt. Þetta eru ⅖ hlutar af því, sem vegamálastjóri telur, að þurfi til viðhaldsins, til þess að vegirnir gangi ekki úr sér og eyðileggist ekki. — 1000 manns hafa haft atvinnu við vegagerð undanfarið í 6 mánuði. Nú á að fleygja þessum mönnum út á gadddinn og láta vegina eyðileggjast. Þetta er sýnishorn af fjármálavizku stj. og umhyggju hennar fyrir almenningsheill á þessum kreppu-tímum. Undanfarið hafa opinberar verklegar framkvæmdir verið áætlaðar í fjárlögum meiri en nokkru sinni áður og þó hefir stj. á sumum sviðum aukið útgjöld til þeirra um 100% í heimildarleysi. 1930 voru ætlaðar 1100 þús. kr. til vegamála, en stj. eyðir 2 millj. 120 þús. kr. Þetta er fjórfalt hærri upphæð en veitt var í þessu skyni fyrir 4 árum. En nú, þegar harðnar í ári, á að steinhætta. Meira óvit, meiri atvinnuspjöll fyrir verkalýðinn og þjóðina í heild er ekki hægt að hugsa sér.

Ég þykist svo sem vita, hvað stj. segi við þessu. Hún segir, að þetta sé að vísu slæmt, en fé sé ekki til. En þetta er rangt. Af fjárlagafrv. er auðséð, að stj. ætlar sér að fá fé til ráðstöfunar umfram það, sem ákveðið er í gjaldabálki fjárlaganna, eins og undanfarið. Þannig hefir stj. fengið 15 millj. til að valsa með á síðustu þrem árum umfram tekjuáætlun fjárlaganna. Tekjurnar hafa verið það, sem kallað er svo „varlega“ áætlaðar, að margra milljóna umframtekjur hafa orðið á hverju ári, og stj. hefir þar með verið gefið undir fótinn að verja þessu fé eftir eigin geðþótta, þar sem það var ekki bundið í fjárlögum. Nú er enginn eyrir eftir af þessum 15 milljónum. En við yfirferð tekjuliðar fjárlaganna hefir mér talizt svo til, að það væri mjög varleg tekjuáætlun að hækka tekjurnar um 16—1700 þús. kr., og er þá sjálfsagt að leggja fé þetta allt til verklegra framkvæmda til þess að gera hvorttveggja: bæta úr atvinnuleysinu og létta almenningi kreppuna.

Ég lít svo á, að dómurinn um störf þessa þings hljóti mikið að fara eftir því, hverjar ráðstafanir þing og stj. gera til þess að mæta því kreppuástandi, sem nú er í landinu. Í fyrravetur voru á 2. þúsund atvinnulausra manna skrásettir í kaupstöðum landsins, í Reykjavík einni um 600 manns. Með skylduliði eru það um eða yfir 3000 manns í Reykjavík einni. Af þeim, sem skrásettir voru þá, skipta þeir hundruðum, sem enga vinnu höfðu haft um 4—5 mánaða tíma, þegar skrásetningin fór fram 1. febr., og síðan hafa menn gengið atvinnulausir svo mánuðum skiptir.

Jafnvel í sumar, þegar vinna var við höfnina, urðu oft eins margir frá að hverfa eins og þeir, sem að komust. Hvernig heldur hæstv. ráðh., að ástandið verði í haust eftir atvinnuleysissumar, þegar bæði einstakir atvinnurekendur og hið opinbera dregur saman seglin? Heldur hann, að þá verði bezt hjálpað með því að framlengja 15% verðtoll um 2 ár.

Hverjir þola kreppuna bezt? Það eru

þeir, sem svo er ástatt fyrir, að þeir geta haft nægilegt fyrir sig að leggja, hvernig sem árferði er. Það eru menn, sem kreppan nær ekki til. Það eru þeir, sem fyrst og fremst eiga að bera kreppuna. Ég vil benda á eina leið, sem að gagni mætti koma, að kippa aftur frv. um verðtoll og hækka skattana af hinum stærri eignum og verja því fé beinlínis til atvinnubóta í landinu, og fleiri leiðir mætti benda á, sem hefðu engin aukin útgjöld fyrir ríkið í för með sér.

Mig furðar stórlega á því, að það, sem af er þessu þingi, lítur ekki út fyrir, að stj. hafi gert sér hina minnstu grein fyrir því, hversu afaralvarlegt ástandið er nú í landinu.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er eðlilegt, að hv. þm. Seyðf. verði fyrstur til að koma fram með aths. í sambandi við þetta frv., því að á síðasta þingi var það hann, sem bar fram sérstakt nál. viðvíkjandi þessu frv. Það er eðlileg afleiðing þess, að stj. tók upp í frv. nálega allar till. frá meiri hl. n., en ekki minni hl., hv. núv. þm. Seyðf. Það kemur því ekkert einkennilega fyrir, þó að hann flytji nú ræðu til að láta í ljósi sína skoðun. En þessi ræða, sem hann flutti, var framhald af þeim kosningaræðum, sem hann hefir nú að undanförnu haldið í sínu kjördæmi og víðar, og ég býst við að fá margar slíkar framhaldskosningaræður og hefi ekkert við það að athuga. Það er eðlilegt, að hingað komi einhverjar undiröldur af þeim stórsjó, sem gekk yfir nú við kosningarnar.

Hv. þm. óskaði eftir, að umr. um frv. væri frestað. Eins og ég hefi getið um, hefi ég ekkert við það að athuga og get gert það að till. minni.

Hv. þm. spurði, hvað stj. ætlaði að gera til að bæta úr því alvarlega ástandi, sem nú væri í landinu, og sagði, að það bæri ekki mikið á slíkum umbótatill. í frv. Eins og allar ástæður lágu til, þótti rétt að taka frv. upp eins og það kom frá meiri hl. fjvn. Ég vil segja hv. þm. það, að hvernig sem það verður af hálfu hans flokks í framtíðinni, þá er Framsóknarflokkurinn þess fyllilega meðvitandi, hvílík ábyrgð hvílir á honum að ráða fram úr vandamálum framleiðenda og verkafólks í landinu. Og ég vil lýsa yfir því, að hann er reiðubúinn til samvinnu við fulltrúa verkafólksins og atvinnurekenda til að leysa vandamál þjóðarinnar, hvort sem er til lands eða sjávar.

Hv. þm. gat þess, eins og haldið hefir verið fram í sambandi við síðustu kosningar, að í þessu frv. séu skornar niður allar verklegar framkvæmdir. Þetta er alveg rangt. Ég vil þessu til sönnunar aðeins benda á eina grein frv., 16. gr. Þar er veitt til verklegra fyrirtækja 1 millj. 764 þús. kr., meginparturinn til nýrra framkvæmda.

Ég vil að lokum segja það, að ég er sammála hv. þm. um eitt atriði, sem hann kom að, að þetta þing yrði fyrst og fremst dæmt eftir því, hvernig það snerist við þeim vandræðum, sem nú væru búin atvinnuvegum okkar. Ég vil bara orða þetta dálítið rýmra en hv. þm. orðaði það. Ég vil ekki eingöngu binda það við þá, sem nú kalla eftir að fá vinnu, heldur líka við þá, sem á einhvern hátt eru atvinnurekendur í þessu landi. Það á að dæma þingið eftir því, hversu vel það styður allt athafnalíf í landinu til þess að komast yfir þá erfiðleikatíma, sem nú standa yfir.

Haraldur Guðmundsson: Hæstv. ráðh. virðist mjög hrifinn af 16. gr. Hann segir, að þar séu ætlaðar 1 millj. 764 þús. kr. til nýrra verklegra framkvæmda. Það er rétt, að þetta er niðurstöðutala greinarinnar. En ég veit ekki, hvort hæstv. forsrh. er svo ókunnugur því frv., sem hann leggur fram sjálfur, að það þyki ekki ókurteisi að fara að lesa yfir honum liði úr því, svo að hann sjái, hvor allt þetta fé fer til verklegra framkvæmda. **(Forsrh.:** Beint og óbeint). Þar er tillag til Búnaðarbankans 396 þús. kr. og til Búnaðarfélagsins 250 þús. kr. Það er vægast sagt mjög hæpið, að hægt sé að telja þetta framlög til nýrra verklegra framkvæmda, eins og þeir vita, sem jafnkunnugir eru Búnaðarfélagi Íslands eins og hæstv. forsrh., sem hefir verið og er formaður þess. Og sama er um Búnaðarbankann. Ekki eru það verklegar framkvæmdir. Þessir tveir liðir og svo jarðræktarstyrkurinn eru mestur hluti greinarinnar eða nær-

fellt 13/18 heildarupphæðarinnar. Það eru ráðunautalaun og laun dýralækna og matsmanna og fé til markaðsleitar. Hæstv. forsrh. hefir því ekki tekizt vel, þegar hann vildi fara að afsanna mál mitt með því að vitna í þessa grein.

Þá talaði hann um, að ræða mín hefði verið uppsoðin kosningaræða. Ef á að skilja þetta þannig, að honum þyki óviðkunnanlegt, að það sama sé sagt á þingi og á kosningafundum, þá er ég honum þar ekki sammála. Mér finnst þvert á móti eðlilegt, að það sama sé sagt á þingmálafundum og þingfundum. En það er ef til vill ekki að ástæðulausu, að hæstv. forsrh. gerði gys að þessu, þar sem mörgum af hans flokksmönnum hefir tekizt furðu vel að gleyma þegar í þingsalinn er komið öllum þingmálafundarræðum sínum, loforðum og áhugamálum, og tala og breyta þveröfugt í þinginu við það, sem á fundum var.

Eitt er það enn, sem verður að benda á í sambandi við allan svip þessara fjárlaga. Það er alveg víst, að ýmsir atvinnurekendur landsins ætla að nota erfiðleika kreppunnar til þess að koma fram sem stórfelldastri kauplækkun. Þegar ríkið dregur samtímis saman seglin og vísar frá sér þúsundum manna, sem höfðu áður atvinnu hjá því, þá er þingið með því að leggja þeim mönnum lið, sem ætla að nota kreppuna til þess að knýja fram kauplækkun. Þá gerist ríkisstj. þjónn harðdrægustu atvinnurekendanna til að berja kauplækkunina fram. Á hverju á fólkið að lifa, ef samtímis því sem atvinnan minnkar og verður stopulli, er kaupgjaldið líka lækkað. Heldur hæstv. stj., að verkamenn geti komizt af með lægra dagkaup, þegar vinnudögunum fækkar?

Magnús Jónsson: Það er aðeins lítil aths. út af þingsköpum, um hvernig á því stæði, að nú skuli ekki hafa verið fylgt þeirri reglu um útvarp, sem í fyrstu var sett, ef stj. er þá ekki alveg vikin frá því að taka á móti eldhúsdagsumr.

Í þingbyrjun í vetur voru settar hátíðlegar reglur um það, hverju skyldi útvarpa. Þar stendur svo með leyfi hæstv. forseta:

„Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga, og ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu".

Nú vil ég spyrja: Hvernig stendur á því, að þetta er brotið undir eins nú? Er það af því, að fjármálaræðan var svo ómerkileg núna?

Jóhann Jósefsson: Það er eðlilegt, að nú sé sérstaklega í hugum manna það alvarlega ástand, sem nú hvílir yfir atvinnuvegum landsins, og mig undrar það ekki, þótt hv. þm. Seyðf. vekti athygli á því, að svo er að sjá, sem ekki sé að vænta mikilla bóta frá hæstv. stj. í því efni. En ég vil benda á, þó að það kunni að virðast óþarft, að þungamiðja afkomu atvinnuveganna liggur í afkomu framleiðendanna. Það er því ekki viturlegt að halda fram í þessu efni hagsmunum einstakra aðilja eingöngu, heldur verður að líta á nauðsyn og þörf allra aðilja.

Hv. þm. Seyðf. minntist réttilega á nauðsynina til að létta undir með þeim, sem hann kallaði smábændur og smáatvinnurekendur í landinu. Ég hygg það sanni næst, að segja megi um alla atvinnurekendur hér, að þeir séu smáir, og þess vegna mætti skilja við þetta alla atvinnurekendur landsins. En mér virtist mega ráða það af andanum í orðum hv. þm., að þetta vekti ekki fyrir honum. Það er vitanlegt, að kreppan leggst fast á alla, alveg eins fast á þá, sem fyrir atvinnunni standa og hina, er selja atvinnurekendum vinnu sína, og oft er það svo, að sá, sem selur öðrum vinnu sína í dag, er orðinn atvinnurekandi á morgun eða eftir skamman tíma. Ég vil þess vegna ekki líta á þetta mál einhliða, heldur taka undir með þeim, sem vilja líta á þau vandræði, sem nú steðja að öllum. Það má ekki líta aðeins á eina stétt og láta hana nota það ástand, sem nú er, til að efla hagsæld sína á kostnað annara.

Hv. þm. Seyðf. minntist á, að útlit væri fyrir, að atvinnurekendur ætluðu að nota krepputímann til að færa niður kaup verkafólksins. Ég hefi ekki séð þess merki ennþá, og ég geri ekki ráð fyrir, að reynt verði að bæta úr kreppu atvinnurekenda með því eingöngu að lækka

kaupið. Annað mál er það, hvað lengi er hægt að hlaða kostnaði á þá menn, sem fyrir atvinnurekstrinum standa. Hvað má þingið bæta lengi á þá, sem atvinnufyrirtækin hafa í sínum höndum, án þess að þeir gefist upp og verði gjaldþrota? Það er spurning, sem bæði þing og stj. þurfa að athuga. Það er vitanlegt, að atvinnuvegirnir og framleiðendurnir eru máttarstoðir þjóðfélagsins. Á þeim byggir ríkið tekjuvonir sínar, og á þeim byggja einstaklingarnir tilveru sína. Ég vil því vona, að þau orð hæstv. forsrh., að þingið mætti bera gæfu til að leysa úr vandræðum manna á þann hátt, að sem flestir megi við una, sannist hér. Þó að deilumálin séu mörg, þá ætti öllum að vera augljóst, að undir framleiðslunni er þjóðarbúskapurinn kominn.

Þá benti hv. þm. Seyðf. á, hverjir væru hæfastir og réttastir til að bera kreppuna og afleiðingar hennar. Hann sagði, að það væru þeir menn, sem ættu tekjur sínar óskertar, hvernig sem atvinnurekstur inn annars gengi. Þeir menn, sem eiga tekjur sínar óskertar, hvernig sem afkoman er, það eru eftir mínu viti launamennirnir í landinu. Eftir kenningu þessa hv. þm. ætti að gera ráðstafanir til þess, að hinir fastlaunuðu embættismenn, því að það eru þeir, sem fyrst og fremst er hér um að ræða, og svo starfsmenn við opinberar stofnanir ríkisins, sem nú eru orðnir margir, og þá auðvitað fyrst og fremst þeir, sem hæst eru launaðir, að þeir yrðu fyrst fyrir barðinu á erfiðleikunum. Ég sé ekki neina aðra stétt landsins, sem líklegri yrði til þess að falla undir þann skilning, sem lá í orðum hv. þm. Ég veit ekki, hvernig þessir menn mundu fella sig við kenningu hv. þm. Það getur vel verið, að þeim þyki sinn hlutur svo góður, að þeir telji sig mega við því að verða fyrstir til að taka afleiðingum kreppunnar. Ég efast þó um það, þegar þess er gætt, hve margir launamenn hafa á undanförnum árum kvartað yfir lágum launum.

Ég ætla ekki að gerast dómari í því, hverjir eigi fyrst að taka kreppunni. Hitt vil ég taka undir, að ég tel kreppuna alvarlega og þörf sameiginlegra átaka allra flokka þingsins, til þess að hægt sé að taka þeim tökum til bjargræðis, sem orðið gætu að gagni. Það er hverju orði sannara, að tollar á nauðsynjavörum eru hér hærri en góðu hófi gegnir.

Hv. þm. virtist standa í þeirri meiningu, að þeir, sem mikið hefðu umleikis, ættu hægra um vik á krepputímum en þeir, sem lítið hefðu umleikis. Ég held, að hv. þm. hljóti að hafa svo mikla viðkynningu af atvinnulífi þjóðarinnar, að hann sjái við nánari athugun, að þegar að kreppir, þá hafi þeir, sem mikið hafa undir höndum, ekkert betri aðstöðu heldur en þeir, sem hafa léttari hala að veifa. Ég held þess vegna, að það sé ekki ástæða til að hafa sérstaklega horn í síðu þeirra manna, sem meira hafa um sig, og halla frekar á þá en hina, sem litlar framkvæmdir hafa með höndum.

Ég get svo látið staðar numið að sinni, en vil þó að endingu taka undir með þeim hv. þdm., sem hafa beint athygli þingmanna að hinu alvarlega ástandi atvinnulífsins, og vil undirstrika það sérstaklega, að það er skylda þingsins að gera allt, sem unnt er, til þess að afstýra því, að þeir örðugleikar, sem nú standa yfir, sligi atvinnufyrirtækin eða þá, er við þau vinna.

Það verður erfitt að ná þessu takmarki, hvernig sem að verður farið, en sérstaklega mun það reynast erfitt, ef hagsmunir einnar stéttar eru dregnir fram á kostnað annarar, og það því fremur, ef um þær stéttir er að ræða, sem mest og bezt viðskipti þurfa að hafa.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er vegna fyrirspurnar hv. 4. þm. Reykv. viðvíkjandi því, hvort sömu reglur ættu að gilda um útvarp og áður hafa gilt, að ég stend hér upp.

Þegar reglurnar um útvarp voru settar, var það beint tekið fram, að þær ættu að gilda fyrir það þing eitt, sem rofið var. Það mátti auðvitað við því búast, að einhverjir annmarkar kynnu að koma í ljós, sem þyrfti að lagfæra, og þá var ekkert sjálfsagðara en að breyta reglunum eftir fenginni reynslu.

Þar sem búast mátti við því, að þeir þingflokkar, sem sæti eigi á Alþ., kynnu að óska eftir einhverjum breytingum, hafa forsetarnir engar ákvarðanir tekið viðvíkjandi útvarpinu, en eftir því er beð-

ið, að flokkarnir láti í ljósi álit sitt um, hvort þeir vilji láta reglur þessar haldast óbreyttar. Að því fengnu mun þetta verða endanlega ákveðið.

Héðinn Valdimarsson: Hv. þm. Seyðf. hefir þegar talað nægilega skýrt fyrir viðhorfi okkar Alþýðuflokksmanna til þessa máls, svo að ég hefi þar litlu við að bæta. Þó var það aðallega tvennt, sem ég vildi minnast lítið eitt á.

Hið fyrra er útsending þess rits, sem ég man nú að vísu ekki hvað heitir, en almennt hefir verið kallað „Verkin tala". Sjálfur hefi ég ekki fengið rit þetta, en ég hefi séð bílana flytja það á pósthúsið, og víða hefi ég séð það í sveitum, en hvergi í kaupstöðum.

Á hvers kostnað er rit þetta sent út og með hvaða heimild? Og hvers vegna fá sumir það, en aðrir ekki, og eiga þingmenn ekki að verða svo hátt settir, að þeir fái bókina?

Annað atriðið, sem ég vildi víkja að, er það, að engin fjárlagaræða er haldin, því að vanalega getur hún haft sína þýðingu.

Hvað veldur því, að hæstv. fjmrh. gefur ekki Alþingi nú, þegar svona sérstaklega stendur á, yfirlit yfir þá fyrstu sex mánuði ársins, sem liðnir eru. Ég skil ekki, hvernig á þessu stendur, en ég vil krefjast þess, að hæstv. fjmrh. komi með þetta yfirlit hið bráðasta, þingmönnum til glöggvunar.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa mjög snúizt að því að vera átök milli þeirra hv. þdm., sem telja sig fulltrúa verkamanna annarsvegar og atvinnurekendanna hinsvegar. Fulltrúar verkamanna halda því fram, að kauplækkun megi ekki koma til greina, og flokksbræður þeirra úti um land gera sig líklega til að krefjast hins gagnstæða, nefnilega kauphækkunar, víða þar sem þeir geta beitt sínum áhrifum.

Hinsvegar hefir hv. þm. Vestm. haldið því fram fyrir hönd útgerðarmanna, sem hann álítur styrkustu stoðir þjóðfélagsins, að þeir geti ekki staðið undir þeim böggum, sem þeir hafa nú að bera, hvað þá heldur, ef kauphækkun kemur enn til sögunnar. Það er nú svo með þetta, að báðir hafa nokkuð til síns máls, og ég álít, að þetta verði að athuga frá báðum hliðum. Framsóknarflokkurinn er ekki stéttarflokkur og mun því gera það eftir megni og leitast við að finna heppilega úrlausn þessa vandræðamáls.

Hv. 3. þm. Reykv. kom með fyrirspurn viðvíkjandi bók, sem hann kallaði „Verkin tala", og sem hann sagði, að búið væri að senda út. Þessi bók er ekkert annað en skýrsla um nokkrar helztu framkvæmdir á síðustu árum, sem hefir verið send út um sveitirnar og nú er verið að útbýta í bæjunum.

Hv. þm. spurði, með hvaða heimild rit þetta hefði verið gefið út, en það er eins sjálfsagt og réttmætt, að atvmrn. gefi út yfirlit yfir framkvæmdirnar, eins og það, að gefin hafa verið út rit um síma og vita.

Þá fann hv. þm. að því, að ekki hefði verið gefið neitt yfirlit yfir afkomuna fyrstu sex mánuði ársins, en þar er því að svara, að það er alls ekki hægt. Okkar stjórnarmaskína, ef ég má svo segja, gengur ekki hraðar en það. Slíkt yfirlit yfir nokkuð af árinu gæti líka verið mjög villandi og gefið ranga hugmynd um afkomuna, þar sem nú er ekkert selt af þessa árs framleiðslu. Annars fær fjvn. aðgang að öllum þeim gögnum, sem fyrir liggja, og gefst þar með þingmönnum kostur á að kynnast ástandinu.

Magnús Jónsson: Þessi litla fyrirspurn, sem ég bar hér fram, er nokkuð utanveltu við þær umr., sem hér hafa farið fram í deildinni, og því vil ég drepa lítið eitt á það mál, sem rætt hefir verið.

Ég vil taka undir það, að það virðist harla skrítið af hæstv. fjmrh., að hann skuli ekki gefa neina skýrslu um afkomuna um leið og hann leggur fram fjárlögin. Segjum svo, að ekki hefði verið hægt að gefa skýrslu um afkomuna fyrstu sex mánuði þessa árs, þá hefði þó alltaf verið hægt að leggja fram endurskoðaða skýrslu fyrra árs. Það er nú svo með þessar skýrslur, að þær eru alltaf ófullkomnar og aldrei réttar til fulls, en sérstaklega hefir þó borið á því, að þær væru rangar í tíð framsóknarstj. Um fyrri skýrslu fyrrv. fjmrh. er það að segja, að þar munaði svo miklu,

að aldrei hefir eins verið, og maður getur því búizt við, að ræðu hans hafi verið mjög ábótavant í síðara skiptið, þó að ég minnist ekki á allar rökvillurnar, heilaspunann og vitleysurnar, sem þar úði og grúði af, og ekki er hægt að búast við, að nokkur framsóknarmaður fáist til að leiðrétta. Þetta hefði hæstv. fjmrh. átt að gefa sér tíma til að athuga áður en hann lagði fram fjárlögin. Þá fannst hæstv. ráðh. það skrítið, að hér skyldu hafa talað tveir menn um það alvarlega ástand, sem nú er ríkjandi, og annar hefði talað fyrir hönd verkalýðsins, en hinn fyrir hönd atvinnurekenda. Þetta er ekki neitt undarlegt, þar sem það er vitað, að búið er að koma atvinnumálunum í eitt hið mesta öngþveiti, sem enn hefir þekkzt.

Ég býst við, að margir hafi brosað með sjálfum sér, er hæstv. ráðh. talaði um, að Framsókn væri ekki stéttarflokkur, en engum dylst það, að hann hefir á sér það einkenni afturhaldsflokka, að hann er illvígur stéttarflokkur, sem hefir sótt allt sitt fylgi til einnar stéttar — bændanna — og svo á síðari árum til annarar, ef stétt skyldi kalla, þeirra manna, sem keyptir hafa verið með bitlingum. Það er líka dálítið skrítið, að einmitt í þeirri sömu ræðu, sem hæstv. ráðh. talar um það, að Framsókn sé ekki stéttarflokkur, skuli hann líka neyðast til að afsaka pésana, sem sendir hafa verið út um sveitir, fullir af meiðyrðum um einstaka menn, í stað þess að lýsa óhlutdrægt þeim framkvæmdum, sem gerðar hafa verið.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að þeim svörum, sem hv. þm. V.-Ísf. hafði fram að bera við fyrirspurn minni. Ég verð að segja, að þau voru algerlega ófullnægjandi. Hann sagði, að reglurnar um útvarp hefðu aðeins verið settar fyrir síðasta þing, en nafn þeirra ber það þó með sér, að svo er ekki, því að þær heita: „Reglur um útvarp frá Alþingi".

Það er líka hægt að sanna, að þetta er rangt hjá hv. þm. Um það leyti, sem reglur þessar voru settar, var fjmrh. búinn að halda fjárlagaræðu sína, og það nær því ekki nokkurri átt, að farið hefði verið að setja reglur um það, sem liðið var, ef tilætlunin hefði verið sú, að þær skyldu aðeins gilda þetta eina þing.

Ég minnist þess líka, að ég sá auglýst í einhverju blaði, að guðsþjónustunni við Alþingissetninguna skyldi útvarpað, og er komið var hingað upp í salinn, stóð hér hljóðnemi, þannig að ég bjóst við, að Alþingissetningu skyldi útvarpað, en máske er það aðeins guðsorðið eitt, sem bændurnir mega fá að heyra.

Það er annars harla merkilegt með útvarpið hér frá Alþingi. Við síðustu þingsetningu biluðu tækin; hrukku sennilega svo við, af því að húrrahrópin fóru fram öðruvísi en vanalega, að taug slitnaði. Þá átti að útvarpa fjárlagaræðu ráðherrans og umr. að nokkru, en þegar hann hafði lokið ræðu sinni, var hætt að útvarpa. Það átti að útvarpa vantraustsumræðunum, og þjóðin beið full eftirvæntingar, en fékk svo ekkert annað að heyra en að þulurinn skýrði frá því, að konungur hefði rofið Alþingi, og hefði það þó ekki brotið neitt í bág við þær ströngu reglur, sem settar höfðu verið, þótt þjóðin hefði fengið að hlýða á hæstv. forsrh. lesa upp boðskap konungs um þingrofið, svo að hún hefði fengið eitthvað að heyra frá Alþingi sjálfu. Sem sagt, ekkert annað hefir Alþingi orðið vart við frá útvarpsstj. en vanrækslu eina, því að allt hefir farið í handaskolum, þegar átt hefir að útvarpa.

Ég vil að endingu leggja áherzlu á það, að svör hv. þm. V.-Ísf. eru mér algerlega ófullnægjandi, og vildi ég spyrja hann að því að lokum, hvort sú væri ætlunin, að hætt verði að útvarpa öllu frá Alþingi nema guðsþjónustunni. Er það hið eina, sem Framsókn, eða hinn sannkallaði Afturhaldsflokkur, vill bjóða bændunum sínum upp á?

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 4. þm. Reykv. hefir nú sótt nokkuð í sig veðrið og haldið hér allskemmtilega ræðu, sem ég hefi fengið ástæðu til að víkja að nokkrum orðum. Hann gat um það, að engin skýrsla hefði verið gefin um fjárhagsástand liðins árs, en hún var gefin á vetrarþinginu og það myndarlegar en nokkru sinni fyrr. Hv. þm. sagði, að þessari skýrslu hefði verið allábótavant og þurfi leiðréttingar, en í næstu setningu segir hann, að ekki sé von, að nokkur framsóknarþingmaður fáist til að leið-

rétta hana. Hvernig í ósköpunum getur hann þá ætlazt til þess af mér, að ég fari að gera það? (**MJ**: Þetta er að fara með vaðal. Eru skilningarvitin farin að detta af hæstv. ráðh.?).

Þá sagði hv. þm., að Framsóknarflokkurinn væri stéttarflokkur, þ. e. bændaflokkur eingöngu, en þetta lætur skemmtilega í eyrum þeirra manna, sem nokkuð hafa fylgzt með í stjórnmálum síðustu ár, því að jafnan undanfarið hefir það kveðið við í blöðum andstöðuflokksins, að Framsóknarflokkurinn væri allt of hlynntur socialistum, og þar af leiðandi ekki hreinn bændaflokkur, en þetta sýnir, að þau blöð og þeir menn, sem þessu halda fram, fara úr einum öfgunum í aðrar. Þriðja atriðið var þó skemmtilegast. Hv. þm. réðist á útvarpið, ekki þó á útvarpsstj., heldur á útvarpstækin, fyrir það, að þau hefðu bilað. Það var engu líkara en að hann vildi segja, að rafmagnið hefði hlaupið í Framsóknarflokkinn honum til lítilsinnis.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Sem einn þeirra þingmanna, sem horfa kvíðnir fram í ókomna tímann, get ég ekki þakkað hæstv. forsrh. fyrir það gutl og glamur, sem hann hefir látið sér sæma að bera fram hér í þessari hv. deild. Slík framkoma ber vott um, að hæstv. ráðh. er hvorki svo alvörugefinn né hugsandi maður, að ætlast megi til þess af honum, að hann fái miklu áorkað til að ráða fram úr þeim vandræðum, sem nú eru að steðja að.

Það var aðallega eitt atriði, sem fram hefir komið í þessum umr., sem mig langaði til að drepa á, og það stendur í sambandi við fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv.

Ég kom af hendingu til eins bónda, sem svo stendur á um, að búsettur er hér í bænum, og festi ég þar auga á þeirri bók, sem um hefir verið talað. Ég greip ofan í þessa bók og blaðaði í henni og sá, að þar var talað um þjófa, ræningja og svikara, þótt þar væri að vísu ekki verið að tala um stj., heldur borgarana í Reykjavík. Þar sá ég, að ég var stimplaður sem skattsvikari, þótt aldrei hafi komið fram neinar kvartanir um slíkt, hvorki frá Einari Arnórssyni, Helga Briem né þeim skattstjóra, sem nú er. Það er ekki heldur nóg með það, að ég hafi verið stimplaður sem slíkur, heldur fær öll bæjarstj. svipaðar ásakanir. Ég hefði tæpast getað haldið, að flokkur hæstv. forsrh. gæfi slíkar svívirðingar út á eigin kostnað, hvað þá heldur, að því væri dreift út um landið fyrir fé ríkissjóðs undir því yfirskini, að verið sé að fræða menn um þær framkvæmdir, sem átt hafi sér stað síðustu árin. Auk þess segi ég, að ég vil ekki láta mér það lynda, að þeir menn fari lengur með völd í landinu, sem eru svo óskammfeilnir að taka tugi þúsunda úr ríkissjóðnum til þess, þegar þeim þykir henta, að gefa út hvert ritið á fætur öðru í þágu síns eigin flokks. Þetta rit er — að svo miklu leyti, sem ég á stuttri stund gat séð — að nokkru leyti hlutlausar skýrslur um það, sem gerzt hefir í landinu, skýrslur, sem fæstir lesa og enginn man, en gefnar eru út í þeim tilgangi að reyna að smeygja út til almennings lofi um stj., en að nokkru leyti rógur, dylgjur og rangar frásagnir um heilar stéttir manna, og einkum Reykvíkinga. Sannarlega mætti syndapoki stjórnarinnar teljast fullur í augum Reykvíkinga, þó að ekki væri ofan á allt, sem hæstv. forsrh. sagði í kosningabaráttunni, bætt einnig þeirri svívirðingu, að gefa út á prenti róg og níð um bæjarbúa fyrir ríkissjóðs reikning.

Ég vil ekki þola það til langframa, að þeir menn stjórni, sem hafa auk alls annars farið þannig með fé ríkissjóðs, að þegar guð og gæfan lögðu oss í ríkissjóðinn 15 millj. kr. í afgang, hafa þeir ekki eingöngu eytt því öllu, heldur safnað stórum fúlgum af skuldum, svo að nú þegar hallærið skellur yfir, er ómögulegt að rétta atvinnurekendum og þiggjendum hjálparhönd, hversu illa sem komið er fyrir þeim. Og þegar ofan á þetta sukk stjórnarinnar bætist sú óskammfeilni, að hæstv. forsrh. lýsir alveg ófeiminn yfir því, að hann ætli beint að stela úr ríkissjóðnum (Forseti hringir). Ég sagði „að stela“; ég segi ennþá „að stela“. Og ég skal stefna hæstv. forsrh. fyrir þessa bók og sýna honum, að það er óviðurkvæmilegt að skrifa og gefa út á alþjóð-

arkostnað óverðskuldað meiðyrði um einstaka menn. Það heitir á íslenzku „að stela". (Forseti hringir). Já, hæstv. forseti, það heitir **að stela.** (Forseti hringir). Samt heitir það **að stela.** Og að prenta login meiðyrði um þingmenn á kostnað ríkissjóðs, það er atferli, sem ekki má láta ómótmælt, þótt erfitt sé að hlusta á hin réttu orð um það. Slíkt má ekki þolast átölulaust, hver sem það gerir og hvenær sem það er gert.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. þm. G.-K. gat þess, að hann ætlaði sérstaklega að víkja að einu atriði í umr., útgáfu þessarar oftnefndu skýrslu. Ég tel ekki ástæðu að fara að ræða þetta nú við hv. þm., þar sem hann lýsti yfir því mjög kröftuglega með sínum allra sterkasta málróm, að hann ætlaði að stefna mér fyrir bókina. Það er „praktiskara" að tala við hann á þeim vettvangi, sem hann kaus, frammi fyrir dómstólum; mun ég þar mæta honum sem á hverjum öðrum vettvangi. Að fara því að draga þetta frekar inn í þessar umr., tel ég algerlega óþarft.

Í upphafi sinnar ræðu kom þessi hv. þm. með smellna samlíkingu, á sinn mælikvarða. Hann talaði um, að ég hefði mjólkað glamrinu. Ég hélt nú, að það kæmi annað fram, þegar verið er að mjólka; en hvað um það, — þetta um **glamur** var góð yfirskrift yfir það, sem kom fram síðar í ræðu hv. þm. G.-K. Það var ekkert annað en glamur.

Magnús Jónsson: Hæstv. forsrh. fannst það mjög lítilfjörlegt, þótt hann yrði dæmdur fyrir meiðyrði í opinberri skýrslu. (TrÞ: Ég nefndi þetta ekki). Þetta er heldur eftirtektarvert frá hæstv. ráðh. Það minnir mann á það, þegar flokkur hæstv. stj. sendi þrjá af sínum miklu mönnum til að standa fyrir sínu máli á fundi í kauptúni einu. Allir þessir miklu menn stóðu þarna í röð, og allir nýdæmdir fyrir svívirðingar um aðra. Nú verður hæstv. forsrh. sennilega að bíta í það súra epli með þessum flokksmönnum sínum. Það var hlegið að því, að maður skrifaði eitt sinn þannig grein um annan í alfræðibók, að hægt var að stefna honum fyrir meiðyrði. En hvað er það þó hjá því að birta á kostnað landsmanna meiðyrði um þá sjálfa, sem hægt er að dæma stjórnina fyrir. Annars kennir margra grasa í bók þessari, og fyrir utan það glæpsamlega er margt hlægilegt. Skýrt er frá því, að þennan og þennan dag fór Jónas Jónsson suður í Hafnarfjörð. Þennan og þennan dag fór Jónas Jónsson austur yfir fjall! Ójá, hann kemur nú stundum austur yfir fjall! Hann kvað meira að segja hafa haldið sig þar að jafnaði undanfarið, eins og hann ætti þar heima.

Eins og hv. þm. G.-K. sagði, eru í þessari bók sumpart skýrslur, en inn í þær er sett allra handa gróm, sumu er ekki hægt annað en hlæja að, en sumt er svo stórhneykslanlegt, að ef Afturhaldsflokkurinn væri ekki búinn að venja menn á þennan ósóma í fjögur ár, þá yrðu menn gersamlega undrandi að sjá slíkt plagg. Það er þá eins og hvað hægt er að venja menn við vonda lykt.

Annars vildi ég aðeins svara hæstv. forsrh. viðvíkjandi því, sem hann þóttist finna veilt í minni ræðu. Fyrst er það, að ef hann gefur skýrslu nú, þá gæti hann leiðrétt eitthvað fyrri skýrslur, sem hinsvegar er ómögulegt að fá neinn af hans flokksmönnum til að leiðrétta. Ég sagði, að það væri sumpart ástæða til að leiðrétta vegna þess, að það hefir komið í ljós alltaf, að það er ekki hægt svo snemma á árinu að gefa fullkomna skýrslu fyrir árið á undan. Nú í júlí væri hægt að gefa þessa skýrslu rétta. En þar fyrir utan voru í þessari ræðu þeir hlutir, sem ekki er hægt að fá framsóknarmenn til að leiðrétta. Til dæmis það, hvernig voru gefin upp gjöld ársins.

Þá þótti hæstv. ráðh. gaman að fá þá yfirlýsingu frá mér, að hans flokkur sé stéttarflokkur bænda. „Litlu verður Vöggur feginn", verð ég að segja, því að ég veit ekki betur en ég hafi alltaf haldið þessu fram, enda tala þar verkin. Hitt er annað mál, að það leikur grunur á — og hann er í fullu gildi enn — að margir af þessum mönnum, sem þannig eru að smeygja sér inn á bændur, hafi verið og séu sócialistar.

Ég veit ekki betur en að þarna sitji nýkosinn 2. þm. Rang. og að hann hafi komið kommúnisti til landsins og orðið

síðan snöggleg sócialdemokrat, og nú er hann framsóknarmaður.

Þarna situr hv. 1. þm. Skagf. Fyrir nokkrum árum var ég á fundi með honum í Borgarnesi, og var hann þá rammaukinn sócialisti. Nú er hann framsóknarmaður. Ekki má gleyma hv. þm. Barð., sem vitanlegt er, að var yfirlýstur sócialisti. Nú er hann framsóknarmaður. Maður veit, að um marga fleiri er þetta svipað, svo að það er engin furða, þó að nokkur grunur liggi hér á. Hefir hæstv. forsrh. heyrt nefndan úlf í sauðargæru? Afturhaldsflokkurinn smeygir sér inn á bændur. En þeir, sem þar eru, þó þeir séu í sauðargæru, geta verið allskonar kvikindi fyrir því. Kvikindi segi ég ekkert í slæmri merkingu.

Ég fer ekki út í gamanyrði hæstv. ráðh. um rafmagnið. Ég sagði bara, að það hefði farið svo einkennilega, þegar átti að útvarpa þingsetningunni, að þá biluðu vélarnar. En síðan vélarnar fóru að duga, þá hafa mennirnir hjálpað til að láta útvarpið misheppnast.

Ég ætla ekki eins og aðrir þm. hafa gert, að tala um fjárhaginn almennt, til þess er nógur tími. En það liggur hverjum manni í augum uppi, að þó að stj. og hennar flokksmönnum tækist að synda fram hjá óstjórninni í fjármálunum yfir síðustu kosningar, þá lukkast henni það ekki til fulls. Eftirtektarvert er til dæmis að sjá á skýrslu framan við reikninga Landsbankans, hvernig hagur hans breytist landinu til hins lakara 1930. Inneignir bankans lækkuðu um á 8. milljón, þrátt fyrir það, að á því ári voru tekin lán, sem námu umfram það, sem borgað var af lánum, á annan tug milljóna. Ég býst við, að hæstv. ráðh. segi, að stj. geti ekki að þessu gert. En hæstv. stj. á stórkostlegan þátt í því, sem langstærsti atvinnurekandi á undanförnum árum. Hún hefir átt sinn stóra þátt í að halda uppi þessum framkvæmdum, sem vitaskuld eru m. a. orsök þess, hvað hallinn er orðinn mikill. Búskaparlag hæstv. stj. hefir verið að eyða öllu í góðu árunum og hafa svo ekkert til þegar vondu árin koma. Um hinn gamla samleika, að safna korni í góðu árunum til vondu áranna, hefir stj. ekkert hirt. Ekki eingöngu af illum vilja, heldur af því að hún er ekki fær um sitt starf. Þær röksemdir hafa heyrzt, að nú sé óhætt að framkvæma lítið, af því að svo mikið hafi verið gert undanfarið. En ef sæmilega hefði verið haldið á því geypilega fé, sem streymdi í ríkissjóð á þessu kjörtímabili, þá væri hægt að halda áfram stórkostlegum framkvæmdum nú. Einnig má líta á það, sem hver myndi líta á fyrir sjálfan sig, að nú mætti framkvæma margt fyrir langtum minna verð en áður, og þó myndu þær framkvæmdir koma að meira gagni fyrir þjóðarheildina en áður. Það er vitanlega ekki heppilegasti mátinn að framkvæma mest, þegar samkeppnin er allra örðugust.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég get látið falla niður frekara umtal um spaugsyrði milli mín og hv. 4. þm. Reykv. En ég vil ekki láta ómótmælt þeim afarhörðu orðum um þá ýtarlegu og myndarlegu ræðu, sem hæstv. fyrrv. fjmrh. flutti við fjárlögin hér í deildinni. Ég vil algerlega mótmæla þeim orðum hv. þm., að þar hafi verið sumpart óljóst og sumpart rangt farið með. Ég álít, að hann hafi haft betri greinargerð en tíðkazt hefir, að minnsta kosti í mínu minni, um fjárhag og afkomu landsins. Ég vil minna á í því sambandi, að til að ráðast á þá grg. var fenginn af hálfu þess flokks, sem hv. 4. þm. Reykv. heyrir til, meiri maður en hann, í augum þess flokks, sjálfur fjármálaspekingur flokksins, fyrrv. fjármálaráðherra, formaður flokksins. Hann var fenginn til að standa upp í Ed. með ótal fyrirspurnir og vífilengjur út af ræðunni. Það var maðurinn, sem hv. þm. G.-K. kallaði eitt sinn heila heilanna. En það mun almælt hjá öllum þorra manna í þessu landi, að varla muni nokkur maður hafa fengið verri útreið en hv. 1. landsk. fékk, þegar hann réðst á fjmrh. Framsóknar í vetur. Það er mjög heppilegt, að hv. þm. gaf mér tækifæri til að minna á þetta í þessu sambandi.

Um þær almennu aths., sem hv. þm. kom með, skal ég ekki ræða neitt. Ég vil aðeins minna á það, hvað hann tekur miklum lausatökum á málinu, eins og þegar hann fór að tala um afkomu Landsbankans, sem hann sennilega veit

um sem bankaráðsmaður. (**MJ:** Reikningurinn er kominn út). Ekki hefir sá reikningur komið til mín úr Landsbankanum. Hann sagði, að innstæður hefðu lækkað á 8. milljón. Hann gleymir því alveg, að bæði gerir hátíðarárið lækkun eðlilega, og hinu, að stofnaður var nýr banki, sem mun hafa fengið hátt á 2. milljón króna í sparifé, og að miklu leyti er flutt úr Landsbankanum.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. sagði, að hann mundi mæta fyrir dómstólum, ef ég stefndi honum fyrir illmæli í bókinni „Verkin tala". Þar með hélt ráðherrann, að hann hefði fært fram allar frambærilegar ástæður, svo að hann þyrfti ekki á þessum vettvangi að verja gerðir sínar. Hæstv. ráðh. á þó að vita, að fyrir dómstólunum er sá rétti vettvangur fyrir einstaklinginn Ólaf Thors gagnvart atvmrh. Tryggva Þórhallssyni, að stefna honum fyrir illmæli, sem þessi Tryggvi Þórhallsson hefir gefið út um Ólaf Thors, fyrir stolið fé úr ríkissjóði. Hitt er annað mál, að mér sem einum af kosnum málsvörum þjóðarinnar ber skylda til að gæta þess, að hið gamla og góða Mósesar boðorð „þú skalt ekki stela" verði látið gilda framvegis, þó að ríkissjóður eigi í hlut. Ég hefi hér ávarpað hæstv. ráðh. og ásakað hann fyrir gerðir sínar, og hæstv. ráðh. má ekki halda, að hann komist undan því að verja sjálfan sig á Alþingi fyrir ásökunum alþingismanna um það að fara óráðvandlega með ríkisfé. Annars getur verið, að hæstv. ráðh. viti ekki, hvað stendur í bókinni. Ég get vel hugsað mér, að það sé ekki þessi hæstv. ráðh., sem hefir átt þátt í því, sem verst er og svívirðilegast í þessari bók. Get ég vel hugsað, að hann sæti fyrirskipun frá öðrum manni, sem hafi sagt: Ég skrifa, þú lánar nafn þitt. Þegar Tryggvi Þórhallsson var ritstjóri, þurfti hann oft að bera ábyrgð á sorpi, sem var miklu verra en hann óskaði eftir í blað sitt. En sannarlega ætti hæstv. forsrh. sjálfur að kynna sér, hvað stendur í slíkri bók, áður en hann gefur hana út fyrir ríkisins reikning fyrir tugi þúsunda króna í algerðu heimildarleysi, og gerist þar með þjófur á ríkisfé.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það hefir ekki farið leynt, að hv. þm. G.-K. hefir verið í verra skapi en aðrir þingmenn undanfarna daga. Þetta hefir birzt í framkomu hans allri, málróm og göngulagi og svo beinlínis við mörg tækifæri (**ÓTh:** Málróm og göngulagi! Hvernig ganga menn, þegar þeir eru í vondu skapi?). Ég býst við, að hv. þm. viti það, að sjá má á göngulagi margra manna, hvernig þeir eru skapi farnir. Greinilega sést það á þessum hv. þm. Þetta skap hv. þm. hefir sjálfsagt þurft að fá útrás, og ég ætla að vona, að þessi hrota muni nú nægja, svo að hann verði í betra skapi seinna. Margir líta svo á, að það sé mjög slæmt fyrir heilbrigði manna að vera í slæmu skapi mjög langan tíma. Vona ég, að hv. þm. fyrir þessa útrás fái betri líðan en hann hefir haft undanfarinn tíma.

Hv. þm. er auðvitað velkomið að fara í mál við mig. En ég verð að segja, að það fer ekki vel á því, að jafnframt því sem hv. þm. lýsir því átakanlega, að hann ætli í meiðyrðamál við mig, skuli hann viðhafa meiri meiðyrði en ég veit um nokkurn annan hér á þingi.

Héðinn Valdimarsson: Ég verð að segja, að þau litlu svör, er hæstv. forsrh. hefir gefið við fyrirspurnum mínum, eru ekki sannfærandi. Ástæðan fyrir því, að ekki væri gefið yfirlit yfir fjárhag ríkissjóðs þessa fyrstu mánuði, kvað hann vera þá, að útflutningur væri lítill og litlar tekjur í ríkissjóð. Það er engin ástæða til þess að dylja þingmenn og þjóð þess, þótt það sé vandræðafjárhagur hjá ríkissjóði.

Hæstv. forsrh. sagði, að skýrsla væri komin til fjhn. En hann veit, að ekki sitja allir dm. í þeirri nefnd, svo að þar með er ekki tryggt, að upplýsingarnar komist til allra. Ég tel það fyrstu skyldu fjármálaráðherra að hylja ekki ástandið í landinu og fjárhag ríkissjóðs, heldur sýna það sem gleggst um leið og fjárlagafrv. er lagt fram. Ég endurtek því áskorun mína um, að ráðh. komi með nákvæma skýrslu um sex fyrstu mánuði ársins við framhald þessarar umr.

Þá gaf hæstv. forsrh. fá svör um bókina „Verkin tala". Mér er satt að segja

forvitni á að vita, hvað í þessari bók stendur, sem ríkisstj. álítur svo mikils virði, að kosta á útgáfu fyrir 20—30 þús. kr. og gefa út mörg þús. eint. af, og hvað því veldur, að þessi eintök skuli endilega hafa þurft að fara öll til þeirra manna, sem hafa grasbýli, en engin til kaupstaðanna. Hæstv. ráðh. sagði, að bókin væri seint útsend. En það er meira en mánuður síðan bókinni var ekið á pósthúsið. Hitt er vitanlegt, að hæstv. stj. hefir valdið því, að eintök voru ekki send í kaupstaðina. Nú vil ég skora á hæstv. stj. að senda tiltölulegan hluta til allra þeirra manna, sem heimili eiga í kaupstað, nema svo sé, að ríkisstj. sé búin að gera bókina upptæka, og geti þá allur almenningur dæmt af eigin lestri bókarinnar um nauðsyn útgáfu hennar.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil benda hv. 3. þm. Reykv. á það, að ef hann vill fá sundurliðaða og nákvæma skýrslu um eitthvað, þá er leið til þess í þingsköpum; ekki annað en gera formlega fyrirspurn. En nú er það svo, að fjármálaráðherra hefir á sínum tíma gefið mjög ýtarlega og glögga skýrslu. Síðan hefir ekkert nýtt ár yfir okkur gengið, og um það, sem upplýsa þarf síðan, verða upplýsingar lagðar fyrir deildir og nefndir.

Magnús Jónsson: Það var gersamlega af misskilningi mælt og út í hött hjá hæstv. forsætisráðherra um Landsbankann. Sparisjóðsinneignir hafa hér ekki svo mikla þýðingu. En það eru viðskiptin við útlönd, sem eru bezta loftvogin á afkomu þjóðarinnar. Og þau hafa sýnt þessa voðalegu útkomu. Annars skil ég ekki, hvers vegna hæstv. forsrh. hefir ekki fengið reikninga Landsbankans, því að þeir eru sendir út fyrir löngu, og hefi ég fengið þá sem þm., en ekki sem bankaráðsmaður. (**EA:** Ekki hafa sumum öðrum þm. verið sendir þeir).

Þá var hæstv. fjmrh. að tala um „hina óvenjulega glöggu og skýru skýrslu", sem fyrirrennari hans hefði gefið um fjárhag landsins, er hann lagði fram fjárlögin á síðasta þingi. Ég skal ekkert fara út í það nú, heldur bíða þess rólegur, að landsreikningurinn skeri úr um það, sem okkur bar þá á milli, mér og fyrrv. fjmrh., en minna vil ég þó á það, að í fjárlagaræðu sinni næstu þar á undan skeikaði fyrrv. fjmrh. um 1 millj. kr. í útreikningum sínum frá því, sem síðar reyndist í landsreikningnum. Þó að fyrirrennari hæstv. núv. fjmrh. sé óvenjulega skýr maður, má honum því síðan hafa farið mikið fram í skýrleika til þess að skýrslur hans séu taldar óyggjandi. — Annars er það fjarri mér að vera að deila á fyrrv. fjmrh. út af þessu, því að það er vitanlegt, að ekki er hægt að gefa fullkomið yfirlit um fjárhag landsins svo snemma árs sem fjmrh. flytur fjárlagaræðu sína. Orsökin er sú, að þá eru ekki komnar fram allar inn- og útborganir ríkissjóðs fyrir undanfarið ár. Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. núv. fjmrh., hvort sú skýrsla, sem fyrirrennari hans gaf um fjárhag landsins á síðasta þingi, sé rétt? Hvort ekki hafi orðið um 6½ millj. kr. halli á árinu, eins og haldið hefir verið fram, bæði af mér og öðrum fleirum? Fyrrv. fjmrh. taldi fram 17,25 millj. kr. sem útgjöld ríkissjóðs, en sleppti þar með öllu að telja fram lánsfé, sem þó hafði verið borgað úr ríkissjóði á árinu. Má sjálfsagt deila um það fram og aftur frá bókfærslulegu sjónarmiði, hvernig færa skuli ýmsar þær upphæðir, sem þar er um að ræða, en hræddur er ég um, að það komi á daginn, þó að seinna verði, að þessi umrædda skýrsla fyrrv. fjmrh. hafi ekki verið neitt „óvenjulega glögg og skýr".

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég sé, að ég hefi misskilið hv. 4. þm. Reykv. Mér skildist sem hann ætti við innstæður bankanna hér, en sé nú, að hann hefir átt við aðstöðuna út á við. En ég vil benda á það, að það er mjög ófullnægjandi og beinlínis villandi að taka eingöngu tölur á viðskiptakonto Landsbankans við útlönd, til þess að sýna fjárhagsástandið í landinu. Hér verður að hyggja að fleiru, til þess að fram fáist rétt mynd af ástandinu. Önnur aðalvara landbúnaðarins, ullin, var til dæmis óseld um síðustu áramót, og eins var þá óselt meira af fiski en um mörg undanfarin ár. (**MJ:** Þetta er vitleysa!). Ég hefi að vísu engar skýrslur fram að leggja

um þetta, en ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að í mörg ár hafi ekki legið annað eins fiskmagn í landinu óselt sem nú. Ef draga á upp rétta mynd af fjárhagsástandinu í landinu, verður að taka tillit til þessara sérstöku aðstæðna. Ef það er ekki gert, verður myndin villandi og alveg út í hött.

Magnús Guðmundsson: Þegar ég kom á þenna fund, bjóst ég við að fá að heyra af vörum hæstv. fjmrh. skýrslu um það, hverjar orðið hefðu tekjur ríkisins og útgjöld á þeim sex mánuðum, sem liðnir eru af þessu ári. Ég bjóst líka við því, að hæstv. fjmrh. mundi gefa þinginu upplýsingar um það, hvaða gjöld hefðu komið á ríkissjóðinn síðan fyrrv. fjmrh. gaf yfirlit sitt á síðasta þingi, því að það vita allir, að síðan hafa komið fram mörg gjöld á ríkissjóð viðvíkjandi árinu 1930. Ég fyrir mitt leyti er viss um það, að landsreikningurinn fyrir 1930 muni sýna meiri gjöld en fyrrv. fjmrh. taldi í skýrslu sinni á þinginu í vetur. — Mér skildist svo á hæstv. ráðh. sem hann mundi gefa upplýsingar um þetta síðar, en þar sem hann sleppti nú þessu sjálfsagða tækifæri til að gefa þinginu yfirlit um fjárhagsafkomu landsins, vil ég spyrja hann, hvenær þetta yfirlit komi. Þm. öllum er nauðsynlegt að fá þetta yfirlit, og fjhn. ekki síður en fjvn. Þætti mér þá einnig fróðlegt að fá að heyra um það, hvort ríkissjóður hefir haft nóg til útgjalda það sem af er þessa árs, eða hvort stj. hefir orðið að taka bráðabirgðalán, eins og heyrzt hefir.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ekki er laust við það, að ég hafi gaman af, hversu hv. stjórnarandstæðingar eru áfjáðir í að fá sem gleggstar ræður frá mér (**ÓTh:** Ræður, sem eitthvað er leggjandi upp úr). Það gleður mig, að hv. þm. G.-K. gerir sér meiri vonir um mig en samherji hans, hv. 4. þm. Reykv., sem sagði, að enginn okkar framsóknarmanna mundi fást til að leiðrétta þær skekkjur, sem vitanlegt væri, að verið hefðu í fjárlagaræðu fyrrv. fjmrh. Skal ég að sjálfsögðu taka til athugunar þessa fýsi andstæðinga minna til að hlýða sem rækilegustum ræðum af mínum munni, þó að ég hinsvegar álíti nægilegt, að fjvn. séu látnar í té allar þær upplýsingar, sem n. æskir eftir viðvíkjandi fjárhagnum, í fjármálaráðuneytinu. Þess er að gæta, að nú eru ekki liðnir nema 3 mánuðir síðan vetrarþinginu lauk, og þá gaf þáv. fjmrh. rækilega skýrslu um þessi efni, og síðan hefir ekki farið fram neitt uppgjör á þjóðarbúinu, því að reikningar ríkissjóðs eru ekki gerðir upp nema um áramót, eins og hjá bönkum og öðrum einstökum stofnunum.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. þótti það sitja illa á mér að vera að fara í meiðyrðamál, eins orðljótur og ég hefði verið um hann. Það sem ég sagði, var það, að hæstv. ráðh. hefði gefið út bók fyrir illa fengið fé, og notaði ég í því sambandi viðeigandi orð, sem notað er í einu af boðorðum Mósesar — boðorði, sem hæstv. ráðh. mun hafa lært, þó að ekki verði þess vart í verkunum. Annars er það svo, að ef einhver gerist til að lýsa með réttum orðum framferði ráðh. og flokks hans, er hann kallaður skömmóttur, og verð ég að hlíta því sem aðrir og uni vel mínu hlutskipti, því að flestir munu skilja, hvílíkur reginmunur er á því tvennu, að lýsa atferli núv. stj. og flokksmanna hennar, og hinsvegar að vera fremjandinn í því sambandi.

. Hæstv. forsrh. var að fárast yfir því, hve ég væri í vondu skapi þessa dagana. Hæstv. ráðh. má sannarlega vera glaður yfir sínu góða skapi, eða öllu heldur skapleysi, en ég er svo gerður, að ég get ekki verið annað en alvarlega skapi farinn út af ástandinu í landinu, eins og það er nú, og það er ekki nema eðlilegt, að bæði mér og öðrum renni í skap við að hlýða öðrum eins ræðum og hæstv. forsrh. hefir haldið hér í dag. Hæstv. ráðh. hummar það fram af sér að gefa þinginu sjálfsagða skýrslu um fjárhagsástandið í landinu, og má hann þó vel vita, hversu þm. er nauðsynlegt að fá slíka skýrslu, til þess að geta ráðið fram úr vandamálum þjóðarinnar á þessum krepputímum. Og sé hæstv. ráðh. eins hugað um, að ég sé í góðu skapi, eins og hann lætur í veðri vaka, ætti hann að síður að láta fyrir farast að gefa slíka

skýrslu, ef hann getur upplýst, að ástandið í landinu sé betra en okkur flesta órar fyrir, því að ég get fullvissað hæstv. forsrh. um það, að hann mundi gera mig léttbrýnni, ef svo vel væri. Sú alvara, sem nú býr í hug mínum venju fremur, á við þau rök að styðjast, að ég hlýt sem þm. og þjóðfélagsborgari að vera kvíðafullur og þungbúinn yfir ástandinu í landinu, nú og á næstunni, og það því fremur, sem ég treysti núv. valdhöfum illa til að stýra út úr öngþveitinu og óttast auk þess, að meiri hl. þingsins skilji ekki, eða vilji ekki skilja þær réttlátu kröfur, sem meiri hl. þjóðarinnar gerir um að fá fram jafnrétti einstaklingsins um áhrif á úrslit þjóðmálanna. Hið mikla öngþveiti, sem fjármál okkar nú eru í, hin litla geta núv. stj. til að ráða fram úr því öngþveiti og óttinn við það, að ekki fáist fram nein rétting á hinu mjög svo rangláta kjördæmaskipulagi — allt þetta veldur því, að ég er nú meiri alvöru búinn en hinn gálausi, en góðlyndi forsrh.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það gleður mig, að hv. þm. G.-K. skuli aftur hafa tekið gleði sína, því að hann er nú í ólíkt betra skapi en áður, eftir þá útrás, sem skap hans fékk í hinni fyrri ræðu hans. — Hvað þau fjármál snertir, sem hv. þm. talaði um, mun fjvn. fá allar þær upplýsingar, sem n. óskar eftir, eins og ég áður hefi skýrt frá, en um kjördæmaskipunina býst ég við, að við munum fá tækifæri til að ræða saman síðar á þinginu, og get því sparað mér að koma inn á það nú.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. hefir ekki enn svarað fyrirspurn minni, en lét þó í veðri vaka, að hann mundi gera það síðar. Vona ég, að þar verði af efndum sem fyrst, og áður en þetta frv. verður aftur tekið til umr. Það, sem ég óska upplýsinga um, er þetta: Hvað mikið greitt hefir verið af gjöldum ríkissjóðs fyrir árið 1930, síðan fyrrv. fjmrh. gaf þinginu skýrslu sína í vetur? Og í öðru lagi, hver orðið hafi gjöld og tekjur ríkissjóðs, það sem af er yfirstandandi árs.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég óska þess, að hv. 2. þm. Skagf. komi með þessa fyrirspurn sína skriflega, þar sem um svo langa fyrirspurn er að ræða.

Jóhann Jósefsson: Hv. 3. þm. Reykv. talaði um bók nokkra, sem ég hefi ekki séð, en hinsvegar heyrt ýmsa minnast á, og almennt er kölluð: Verkin tala. Hefir þessari bók nú verið lýst hér af ýmsum, þ. á. m. hæstv. forsrh., sem sagði, að bókin hefði að geyma skýrslur um framkvæmdir ríkisins á síðasta kjörtímabili, og nefndi hann það sem hliðstæðu við það, að vitamálastjórnin og aðrar stofnanir innan ríkisins gæfu út skýrslur um framkvæmdir sínar. Mér er nú reyndar ekki kunnugt um það, að nokkur opinber stofnun gefi út slíkar skýrslur um störf sín, nema ef hæstv. ráðh. skyldi hér eiga við minningarrit vitamálanna, og er þá ólíku saman að jafna, ef þessi bók stj. er sem henni hefir verið lýst, og ég hefi enga ástæðu til að efast um, að rétt sé. Efast ég og ekki um það, að vitamálastjóri hafi haft leyfi stj. til að gefa út þetta rit, en mér er hinsvegar ekki kunnugt um, að yfirboðarar landsstj., Alþingi, hafi gefið stj. heimild til að gefa út nokkra slíka bók sem þá, er hæstv. ráðh. drap á. Ef hæstv. ráðh. hefir tekið fé ríkisins og eytt því heimildarlaust í þessu skyni, er því ekki ofmælt, þó að sagt sé, að stj. hafi gripið það úr ríkisfjárhirzlunni á óleyfilegan hátt, með þeim hætti, sem er talinn hegningarverður, ef það er gert í almennum viðskiptum. — Annars er það merkilegt, hvað núv. stj. virðist haldin megnri ástríðu til að gefa út bækur á ríkissjóðs kostnað. Á síðasta þingi var einni slíkri bók útbýtt, þar sem var heljarmikið rit um framkvæmdir eins af kaupfélögum landsins. Og þriðja framsóknarbiblían er til prentuð, þó að hún sé að mestu hulin undir yfirborðinu, „bláa bókin“ svokallaða, sem fyrrv. hæstv. dómsmrh. á sínum tíma hampaði svo mjög framan í þingheim. Allar þessar bækur hefir stj. látið prenta, án þess að þingið hafi gefið nokkra heimild til þess, og þó að þetta sé gert til að draga fram hlut núv. stj., hljóta þó stuðningsmenn stj. að sjá, hve hér er um óskaplegt fordæmi að ræða,

þar sem stj. leyfir sér að gefa út hvert ritið á fætur öðru, án þess að fram komi nokkur ósk í þá átt frá landsmönnum, eða þingið hafi að nokkru leyti óskað eftir slíku. —

Það hefir verið skýrt svo frá, að þetta umrædda rit hafi aðeins verið sent út um sveitir landsins, en ekki í kaupstaðina, en ég get upplýst það, að mér er kunnugt um, að bókin hefir komizt í nokkrar hendur í Vestmannaeyjum, þ. e. a. s. verið send þeim mönnum þar, sem fylgja stj. að málum. Sjálfur hefi ég ekki séð þessa bók, og því fer fjarri, að mig langi til að sjá hana.

Þá hefir verið minnzt á það, að hér skuli vera lagt fram nýtt fjárlagafrv., án þess að því fylgi nokkur grg. um fjárhag ríkisins, svo sem venja hefir verið. Vil ég taka undir þá áskorun til hæstv. fjmrh., að hann brjóti ekki þessa venju, heldur gefi þinginu yfirlit yfir fjárhag ríkisins, eins og honum nú er komið. Það hefir flogið fyrir, að stj. hafi orðið að taka bráðabirgðalán og herða á gjaldheimtumönnum ríkisins úti um land vegna fjárskorts, og væri gott að fá vitneskju um, hvað hæft er í þessu. Ég fæ ekki heldur séð, hvaða ástæða getur verið til þess fyrir hæstv. fjmrh. að taka þm. það illa upp, þó að þeir vilji fá að vita um þetta. Það virðist vera óþarfi að vera að dylja þingið einhvers í þessu efni, því að það hlýtur allt að koma í ljós, þó að síðar verði. Og hinsvegar er það fyrsta skilyrðið til þess, að unnt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir á krepputímum, að hægt sé að horfast í augu við sannleikann. Það er því hreint og beint skylda stj. að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að þingið fái sem bezta og gleggsta mynd af ástandinu í landinu eins og það er.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil taka það fram, að dylgjur hv. þm. Vestm. um það, að ríkissjóður hafi átt við alveg sérstaka örðugleika að stríða undanfarið, eiga við engin rök að styðjast. Ég get tekið undir það með hv. þm., að þurfa muni vaskleg átök til að ráða fram úr þeim vandræðum, sem nú steðja að okkur sem öðrum þjóðum, en ég hefi hinsvegar enga trú á því, að umr. sem þessar verði til að greiða fram úr nokkrum vandkvæðum.

Magnús Guðmundsson: Það lá engin áreitni í fyrirspurn minni til hæstv. fjmrh., og var því óþarfi af honum að taka henni svo illa, en ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort það nægi, að ég sendi honum fyrirspurn mína í venjulegu bréfi, eða hvort ég eigi að kaupa á því ábyrgð (**TrÞ:** Það nægir venjulegt bréf). Jæja. Það er gott. Ég mun þá sjá til, að hæstv. ráðh. fái það.

Haraldur Guðmundsson: Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort ekki verður notuð ný mælendaskrá við framhald umr., þar sem gert er ráð fyrir, að eldhúsumr. fari þá fram.

Forseti (JörB): Ég geng út frá því, að ræður þær, sem nú hafa verið haldnar, verði skoðaðar sem athugasemdir, og ný mælendaskrá tekin upp við framhald umr., en e. t. v. mun réttast að bera þetta undir d., þegar þar að kemur.

Ásgeir Ásgeirsson: Vegna þess, að drepið hefir verið á útvarp í sambandi við þessar umr., vil ég benda á það, að samkv. reglum um útvarp frá Alþingi er gert ráð fyrir nýjum umr. við útvörpun „eldhúsdagsins“, og verða því þessar umr., sem hér hafa farið fram í dag, að skoðast sem aukalegar.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 18 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 12. fundi í Nd., 25. júlí, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1, 87, n. 98).

Frsm. (Hannes Jónsson): Fyrir hönd fjvn. hefi ég ekki annað að segja að þessu sinni en að óska, að frv. verði vísað til 2. umr., að lokinni þessari umr.

Magnús Guðmundsson: Það hefir orðið að samkomulagi milli Sjálfstæðisflokksins og hæstv. stj. að fresta eldhúsdagsumr. til 3. umr., þannig að við þá umr. hafi flokkurinn fullan rétt til þeirra umræðna. Með tilliti til þess skal ég ekki

fara fleiri orðum um þetta mál nú, en þó vil ég geta þess, að ég hafði búizt við, að hv. frsm. fjvn. myndi gefa dálitla skýringu viðvíkjandi hag ríkissjóðs. En ég vil þá vona, að hann geri það í byrjun ræðu sinnar við 2. umr.

Héðinn Valdimarsson: Við höfum líka fallizt á það, jafnaðarmenn, að fresta eldhúsdagsumr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 27. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, 87, n. 98 og 126, 118, 123).

Frsm. (Hannes Jónsson): Ég get lofað einu, og það er að vera fáorður um fjárlagafrv. að þessu sinni.

Fjárlagafrv. það, sem lagt var fyrir vetrarþingið í ár, var allrækilega athugað af nefndinni þá. Sérstaklega hafði n. lagt áherzlu á að koma fjárlagafrv. í sem bezt samræmi við undanfarandi reynslu um gjöld ríkisins og farið mjög varlega í áætlun á tekjunum. Niðurstaðan af tillögum n. varð sú, að ýmsir gjaldaliðir hækkuðu um rúm 550 þús. kr., en þar á móti kom lækkun á nokkrum gjaldaliðum, sem nam 155.900 kr., og var mestur hluti þess, eða 150 þús., á kostnað vegna berklavarna. Raunveruleg hækkun gjalda varð því um 400 þús. kr., en ýmsir tekjuliðir voru hækkaðir um 350 þús. kr.

Þessar brtt. hefir hæstv. stj. tekið upp í fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir, og er frv. því óvenjulega vel undirbúið í hendur n. og tryggilegar gengið frá áætlun útgjalda en venja er til.

Ef ekki gefst sérstakt tilefni til, mun ég ekki fara nánar út í þær breyt., sem orðið hafa á fjárlagafrv samkv. tillögum n. í vetur, heldur vísa til nál. á þskj. 340 um frekari skýringar.

Vegna þess, að n. gat þannig byggt á störfum fjvn. í vetur að svo miklu leyti sem þeim var lokið, eða það, sem þau náðu, hefir henni tekizt að skila áliti á þessum fáu dögum síðan þingið hófst. Það, sem n. hefir sérstaklega lagt áherzlu á, var að athuga, hvað mikið hún treysti sér til að setja inn í frv. af fjárveitingum til ýmsra verklegra framkvæmda, en áður en ég vík að því, vil ég gefa nokkrar upplýsingar um afkomu ríkisins s. l. ár og tekjuvonir þessa árs.

Samkv. skýrslu fjmrh. til þingsins í vetur var gert ráð fyrir um 80 þús. kr. tekjuafgangi. Þetta hefir breytzt allmikið síðan, svo að nú er tekjuhalli ársins um 1 millj. kr. Stafar þessi mikla breyt. af því, að um ½ millj. kr. fyrir unnar framkvæmdir, sem gert var ráð fyrir, að yfirfærðust á þetta ár, hafa verið teknar með gjöldum ársins 1930. Aðrar breyt. á áætl. fjmrh. hafa orðið þær, að tekjurnar hafa reynzt rúml. 200 þús. kr. minni en ráðgert var, og stafar það að nokkru af óinnheimtum tekjum, sem koma til reiknings á þessu ári. Auk þess hafa gjöldin orðið nokkru meiri en gert var ráð fyrir, og mun það stafa mikið af útgjöldum, sem á hafa fallið hjá innheimtumönnum ríkisins, og þeir hafa dregið frá tekjunum þegar þeir gerðu upp. Þessi upphæð nemur rúml. 300 þús. kr. Verri afkoma ríkisins 1930 nemur því um ½ millj. kr. frá því, sem gert var ráð fyrir í skýrslu fjmrh. í vetur.

Það sem liðið er af þessu ári má heita sæmilegt með tilliti til tekjuöflunar, miðað við sama tíma á fyrra ári.

Tekjur til júníloka hafa orðið svipaðar og næsta ár á undan á sama tíma. Þó getur hér munað einhverju og er ekki svo gott að segja um það enn, því enn eru óinnkomnar tekjur úr 13 umdæmum fyrir síðasta mánuð, þ. á m. frá Akureyri, Ísafirði og úr S.-M. En aftur á móti var á sama tíma í fyrra ókomið frá Ísafirði allan fyrri ársheimming og úr Vestmannaeyjum fyrir 2 mánuði.

Það sem af er þessu ári sýnist því gefa sæmilegar vonir um tekjur ríkisins, en hv. þm. mega ekki gleyma því, að óséð er enn um afkomu þess hluta ársins, sem mestur hluti teknanna kemur inn á, og þingið má ekki tefla mjög djarft í von um, að þær tekjur haldist, því þar kemur svo mjög til greina afkoma atvinnuveganna, sem nú sýnast eiga erfitt uppdráttar.

Þrátt fyrir það, að mönnum hafa þótt

framkvæmdirnar miklar á undanförnum árum, svo miklar, að sumum sýnist keyra fram úr öllu hófi, berast óskir um auknar framkvæmdir hvaðanæfa að. Það er eins og þessar miklu framkvæmdir hafi vakið menn til meðvitundar um það, hvað mikið er ógert og hvað þyrfti að gera. Og þeir, sem með stjórnmál landsins fara, verða að finna ráð til þess að fullnægja þessari framfaraþörf þjóðarinnar; það verður ekki á móti því staðið, og er ekki heldur rétt. Við verðum að taka á okkur erfiðleikana við það að taka við ónumdu landi, eins og segja má, að þessi kynslóð hafi gert, og við verðum að halda áfram að byggja upp og rækta landið. Við verðum að gera það af því, að þjóðin er farin að sjá og skilja, að við kyrrstöðu í þeim efnum getur ekki lengur setið.

En þó við sjáum þörfina til aukinna framkvæmda, verður að sníða þær við getu þjóðarinnar á hverjum tíma. Það má að vísu lengi um það deila, hvað óhætt sé að treysta á tekjur ríkissjóðs; sérstaklega er erfitt að gera sér grein fyrir, hvað þær muni reynast það ár, sem fjárlagafrv. nær yfir. Í þetta sinn er alveg sérstök ástæða til að gera sér ekki of bjartar vonir um afkomu næstu ára, þegar fjárhagskreppan herðir að á öllum sviðum.

N. þorir því ekki í þetta sinn að fara lengra í till. sínum um fjárveitingar til ýmra verklegra framkvæmda (brúa, síma, vega og hafnarbóta) en sem nemur 540 þús. kr., en ýmsar beiðnir um smærri fjárveitingar mun n. athuga nánar til 3. umr.

Með þessum till. fjvn. verður fjárlagafrv. með rúml. 400 þús. kr. tekjuhalla, ef till. n. verða samþ. En svo verður allt það, sem kynni að verða bætt við till. n., til að auka á tekjuhallann. Nú hefir n. ekki þótt ráðlegt að bæta við hækkun teknanna meira en um ½ millj. kr. og er því sjáanlegt, að varlega verður að fara í aukningu gjalda fram yfir það, sem n. leggur til.

Nú munu ýmsir segja, að þessi áætlun fjvn. sé ekki annað en ágizkun ein, og að tekjurnar muni reynast miklu meiri. En þótt svo yrði, þá verða menn að gæta þess, að ekki er tekið með í áætluninni fjárlagagreiðslur samkv. sérstökum lögum og heimildum í fjárl., sem oft hafa reynzt allháir útgjaldaliðir.

Ég skal svo víkja nokkrum orðum að einstökum brtt. n. Ég skal þá fyrst geta þess, að hún leggur til, að fjárveitingin til einkasíma í sveitum hækki úr 30 þús. upp í 50 þús. kr. Alstaðar að hafa borizt beiðnir um einkasíma. Einkasímalögin nýju gera ráð fyrir, að ríkissjóður greiði að nokkrum hluta kostnað við lagningu einkasíma í sveitum, og er alstaðar kallað að um fjárveitingar samkv. þeim, og álítur landssímastjóri, að það þyrfti að veita 100 þús. kr. á þessum lið til að fullnægja eftirspurninni. En þar sem fjvn. sér sér ekki fært annað heldur en halda aftur af þessum framkvæmdum að þessu sinni, vildi hún ekki leggja til að veita meira til þeirra en 50 þús. kr., en minna gátum við ekki haft það.

Þá hefir n. lagt til, að til lagningar nýrra síma verði varið 70 þús. kr. Það kann nú að sýnast, að þetta séu ekki rétt hlutföll, miðað við fjárframlög til einkasíma. En n. vill sérstaklega styðja viðleitni sveitanna, sem sjálfar leggja fram fé í þessu skyni. Og þar sem miklir erfiðleikar steðja nú að, og sveitirnar sækja samt fast að leggja fram fé til að komast í betra samband við umheiminn, þá sjáum við okkur ekki annað fært en að styðja þá sjálfsbjargarviðleitni þeirra.

Þessar nýju símalínur, sem fjvn. ætlast til, að verði lagðar, eru þær símalínur, sem á árinu 1930, samkv. till. landssímastjóra hafði verið ætlazt til, að lagðar yrðu, en hafa orðið útundan fram að þessu. Þessar 70 þús. kr. munu nú ekki hrökkva til að klára þessar línur, og verður það þá að fara eftir áliti landssímastjóra og atvikum, hvað af þessum línum verða lagðar.

N. hefir gert brtt. við 10 gr. fjárlagafrv., við fjárveitingu til utanríkismála. Það er eiginlega leiðrétting, því það, sem farið er fram á að breyta, er ekki annað en villa. Því er þannig háttað, að í yfirstandandi fjárl. er, að ég held í fyrsta sinni, færður gengisviðauki á fjárveitingar til utanríkismála sem sérstakur liður. Áður hafði þessi upphæð verið greidd í dönskum kr. jafnmörgum og veitt var í lögunum. Af því leiddi, að

gengismunurinn varð umframgreiðsla, sem veita varð aukafjárveitingar fyrir á-samt öðrum upphæðum á gengisreikningi. Nú þótti sjálfsagt að færa þetta þannig, að heimild væri fyrir greiðslu á þessu í fjárlögum, og var því bætt við sérstökum lið til utanríkismála, sem hét gengismunur. Nú þótti fjvn. í vetur réttara að færa gengismuninn á hvern einstakan lið, þar sem hann ætti heima.

Hæstv. fjmrh. hefir tekið þetta til athugunar við samningu nýja fjárlagafrv., en jafnframt í ógáti fært gengismuninn sem sérstakan lið, svo að hann er tvíreiknaður. Leggjum við því til, að þetta verði leiðrétt.

Þá koma framkvæmdir til nýrra þjóðvega, sem nema um 150 þús. kr. Ég finn nú ekki ástæðu til að fjölyrða um hvern einstakan veg, sem lagt er til, að fái fé. Þeir eru samtals um tíu. N. hafði til hliðsjónar álit vegamálastjóra við úthlutun þessa fjár, og mun hún vera í aðalatriðum samhlj. till. hans.

Til viðhalds og umbóta vega hefir n. lagt til, að verði hækkað úr 200 þús. upp í 400 þús. kr. Og til brúargerða leggur n. til, að verði varið 50 þús. kr. Það hefir ekki verið venja að telja upp ár þær, er brúa ætti, en vegamálastjóri og stj. hafa ráðið því í hvert skipti. Þetta er lítil upphæð nú, og n. ætlast til, að henni verði varið til þeirra brúa á hinum nýju þjóðvegum, sem þegar er hin mesta nauðsyn á, og eftir upplýsingum stj. er aðeins um smærri brýr að ræða.

Þá hefir n. lagt til að veita til hafnargerðar á Akranesi 50 þús kr. Þarna er búið að byggja hafnargarð fyrir um 120 þús. kr., sem Akranes hefir sjálft lagt fé til. Þessi fjárveiting ætlast n. til að verði veitt í þeim hlutföllum, sem ákveðin verða með l. um hafnargerð á Akranesi, sem líklegt má telja, að afgr. verði frá þessu þingi eða á næsta þingi í vetur. En þar sem engin lög voru til um byggingu þessarar hafnar og engin ákvæði um hlutfallsgreiðslu frá ríkissjóði, þá gat n. ekki heldur verið að setja það inn hér.

Þá hefir n. lagt til, að varið verði til kennslu í söng við háskólann 1000 kr. Í frv. stendur 500 kr., en hefir áður verið 1000 kr., og taldi n., að með minna væri ekki hægt að komast af. Og þar sem um ekki meiri upphæð var að ræða, en talsvert að vinna í aðra hönd, gat n. fallizt á að taka þetta upp.

Að öðru leyti eru till. n. eiginlega ekki annað en leiðréttingar á villum, sem slæðzt hafa inn í fjárlagafrv.

Ég get þá látið þetta nægja að sinni. Um brtt. einstakra hv. þm. mun ég ekki fjölyrða nú, af því að enn hefir ekki verið talað fyrir þeim. Brtt. um tekjur ríkissjóðs vildi ég gjarnan óska, að flm. taki aftur til 3. umr., af því að n. hafði hugsað sér að athuga tekjuliðina nákvæmlega til 3. umr.

Magnús Jónsson: Hv. þm. munu hafa tekið eftir því, að við hv. þm. Borgf., sem báðir erum í fjvn., flytjum hér nokkrar till. saman. Við tókum þann kost, af því að við vildum ógjarnan kljúfa n., þó að það hefði ekki verið ástæðulaust, fyrir utan nokkurn skoðanamun um fleiri atriði.

Okkur hefir m. a. greint á um form fjárlaganna. Eins og kunnugt er, var nokkrum aths. hreyft í vetur um hið nýupptekna form fjárlaganna. Við, sem hreyfðum þá andmælum, höfum ekki skipt neitt um skoðun síðan. Það finnst mér mjög athugavert út af fyrir sig að þurfa nokkuð að breyta um í þessu efni, vegna þess að það ruglar samanburð við það, sem áður hefir verið. Reikningsglöggir menn geta að vísu fært fjárlögin og landsreikningana í þann búning, að samanburður fáist sæmilegur, en allur almenningur, sem þó þarf að fylgjast með þessum efnum, er ekki fær um að gera það. M. a. er heildarupphæð fjárlaganna talsvert lægri en áður, og gætu menn því í fljótu bragði haldið, að sköttum væri létt af og dregið úr útgjöldum, sem þó er alls ekki. Þetta stafar sérstaklega af því, að ýmsar stofnanir ríkissjóðs eru nú færðar aðeins með nettóupphæð, þannig að t. d. póstur og sími, sem áður var fært bæði með tekju- og gjaldaliðum, er nú aðeins fært með nettóupphæð. Sumar stofnanir lenda ýmist tekjumegin eða gjaldamegin í frv., sumar oftast tekjumegin, sumar oftast gjaldamegin. Allt þetta veldur því, að við lauslega athugun — eins og margir gefa þessum málum — fæst minna samræmi og lakara yfirlit

yfir reksturinn. Ef svo bera á fjárlögin saman við landsreikninginn, getur ruglingurinn orðið enn meiri. Þær stofnanir, sem lenda tekjumegin í fjárlögunum, verða e. t. v. gjaldamegin á landsreikningi, og yfirlitið verður því alls ekki ljóst.

Eins gerir það yfirlitið óljósara, að upphæðir í fjárlögunum eru tvenns konar. Sumar eru í raun og veru fjárveitingar, aðrar aðeins sundurliðun, en koma ekki til, þegar upphæðir eru lagðar saman. Þetta finnst mér í rauninni óeðlilegt og ekkert unnið við það. Það er alveg eins skýrt að telja gjaldamegin gjöld og tekjumegin tekjur, og ekkert er einfaldara en draga minni upphæðina frá þeirri stærri til að sjá útkomuna.

Fyrningargjald af stofnunum og eignum ríkissjóðs finnst okkur einnig ákaflega óeðlilegt. Við það virðist náttúrlega reksturinn allur nokkru dýrari, þar sem þessar tilbúnu upphæðir eru alstaðar tilgreindar. Í þessu frv. eru þær hátt á 4. hundrað þús. kr. En þessi kostnaður er alls ekki greiddur.

Ég er ekki svo mikill kunnáttumaður í bókfærslu, að ég þori að bera á móti því að þetta sé bókfærslulega verjandi og rétt. En það er alltaf dálítið óeðlilegt að vera að flagga á reikningum með upphæðum, sem alls ekki eru til, en auðvitað er hægt að leika sér með þessar upphæðir og láta þær skipta mörgum milljónum.

Náttúrlega er ýmislegt fleira, sem mætti tilgreina nú; en ég geri það ekki samt sem áður, af því að till. liggja ekki fyrir um það, og n. hefir ekki tekið um það neina fullnaðarákvörðun. Og hinsvegar er von, að menn skirrist við að leggja á sig vinnu og láta prenta till., svo framarlega sem engar líkur eru til, að þær verði samþ.

Þá vil ég minnast á nokkrar till. á þskj. 118. Við hv. þm. Borgf. förum fram á, að bætt verði í 7. gr. nýjum lið, 4. lið, 90 þús. kr. til vaxtaborgunar af erlendum lánum. Þetta er sú 1½ milljón, sem tekin var hjá Hambrosbanka og ekki hafa verið áætlaðir vextir af, af því að það hangir í því orðalagi að heita bráðabirgðalán. Við kærðum okkur ekki um að tilgreina, hvaða lán þetta væri, heldur aðeins, að það væri erlent lán, sem svarar til 1½ millj. kr. með 6% vöxtum. Svo framarlega sem verður að greiða þessa upphæð á fjárhagstímabilinu, þá er það ekki annað en að blekkja sjálfan sig að taka hana ekki í fjárlög. Hér er því ekki um nýja fjárveitingu að ræða, heldur aðeins haldið við þá stefnu, sem annars er mikil áherzla lögð á, að gera fjárlögin sem réttasta mynd af því, sem landsreikningurinn muni á sínum tíma verða.

Næsta till. frá okkur, XX., er um aukna fjárveitingu til Fiskifélagsins. Við leggjum til, að hún verði aukin úr 80 þús. kr. upp í 85 þús. kr. Það lá fyrir erindi frá forseta Fiskifélagsins um væntanleg útgjöld félagsins, og eins og kunnugt er, verður atvmrh. að samþ. áætlun Fiskifélagsins, og má þess vegna segja, að hún fái nokkurskonar opinbera staðfestingu, og þá er frekari skuldbinding til að fara eftir henni. Forseti Fiskifélagsins mun hafa talað við n. um þetta og sagt, að minni upphæð en þessi mundi alls ekki nægja því, annars lenti það bara á einhverjum sjóði félagsins. Þetta tillag var að vísu hækkað nokkuð fyrirfram, en við álitum réttara að taka þá upphæð, sem nærri því virtist, sem greitt verður á þessa liði.

Þá er XXIII. till. Það lá fyrir erindi frá Kvenfélagasambandi Íslands um allmikinn styrk til starfsemi þess, talsvert hærri en styrk þann, sem við nú tökum upp, en við vildum ekki, að þessi starfsemi félagsins legðist niður, og leggjum því til, að konum landsins sé veitt þessi úrlausn. Það má vafalaust segja, að það sé erfitt fyrir þenna félagsskap að koma fyrirætlunum sínum fram, en okkur þótti rétt til að byrja með, að þessi félagsskapur sýndi, hvað mikinn þrótt hann hefði nú, en við teldum illa farið, ef þessi starfsemi félli niður.

Þá er XXVIII. till., sem er um það, að styrkurinn til Stórstúkunnar hækki úr 8 þús. kr. upp í 12 þús. kr. Þessi styrkbeiðni til Stórstúkunnar á erfiða sögu. Þessi styrkur hefir verið hækkaður hvað eftir annað, en síðan jafnan færður niður aftur. Stórstúkan skrifaði Alþingi og fór fram á 15 þús. kr. til starfs síns, og nú berum við fram hækkun til hennar, þannig að hún fái 12 þús. kr. Það hefir verið borið fram á móti þessum styrk, að það væri ekki rétt að veita

styrk til þessarar starfsemi í bannlandi. Það getur verið, að þetta hafi haft við eitthvað að styðjast, meðan hér var algert bann, en það er öðru máli að gegna, þegar vínsala er leyfð eins og hér er nú. Ég hygg, að landsreikningurinn sýni m. a., að hér sé ekki svo lítil þörf fyrir bindindisstarfsemi, sem er mjög nauðsynleg og því full ástæða til, að Alþingi veiti Stórstúkunni styrk til starfsemi sinnar.

Loks er XXXII. till., sem við hv. þm. Borgf. berum fram, sem er í raun og veru mesta grundvallaratriðið af þeim till., sem bornar hafa verið fram. Við minntumst á hana í n., en meiri hl. n. var ófáanlegur til að taka hana upp, af hvaða ástæðum sem það var. Ég get annars ekki skilið, að nokkur þm. skuli geta verið á móti því, að Alþingi sé áskilinn óskoraður réttur til fjárveitinga. Annað er hér ekki farið fram á. Það á að koma ný grein í fjárlögin, sem tekur það fram, að allar gjaldaheimildirnar séu hámarksheimildir, svo framarlega sem ekki sé til önnur heimild, sem leyfir að greiða hærri upphæð.

Eins og hv. þm. er kunnugt, þarf ekki annað en að bera saman fjárlög síðustu ára og landsreikninga til að sjá, að umframgreiðslur fram yfir fjárlög eru miklar.

Hér er um tvo flokka að ræða. Annar flokkurinn eru þær greiðslur, sem fram skulu fara samkv. lögum eða konungsúrskurði og öðrum slíkum heimildum. Mjög skýr dæmi koma fram í þessu efni 1920 og 1921. Þá voru sett ný launalög án þess að taka tillit til fjárlaganna. Menn áætluðu líka, að dýrtíðaruppbót, sem þar var ákveðin, mundi verða tiltölulega lítil upphæð. En það fór svo, að öll launaupphæðin reiknaðist að verða miklu meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Menn gerðu ráð fyrir, að þegar stríðinu lauk, mundi allt lækka skyndilega, og því var upphæðin áætluð svo lág, en reynslan varð sú, að dýrtíðin fór upp úr öllu valdi, svo að það varð að greiða miklu meira en þá lögboðnu upphæð.

Hinn flokkurinn eru þau gjöld, sem stj., sem hefir á hendi framkvæmd ríkisbúskaparins, tekur í sínar hendur. Nú fer hún þar langt fram úr því, sem heimild er til, þó að hún eigi þar ekkert að gera nema framkvæma vilja Alþingis. Þetta hefir tíðkazt, að ég hygg, nokkuð lengi, Nú er hér óðagot á öllu og naumur tími til að vinna nokkurt ærlegt verk, og ég hefi þess vegna ekki haft tíma til að taka þetta upp og sýna fram á ár frá ári, hvað stj. hefir gengið langt fram úr heimildum þingins í þessu efni.

Alþingi er auðvitað sá eini rétti aðili, sem á að veita fé úr ríkissjóði. Þess vegna verður þingið að kappkosta að fara svo nálægt áætlunum lögboðinna gjalda sem mögulegt er. Það geta auðvitað komið óvænt atvik, t. d. stórsóttir, sem berast til landsins, eða eitthvað þesshátar, sem enginn getur séð fyrir, og hafa í för með sér mikil útgjöld fyrir ríkissjóð.

Alþingi getur það eitt gert við þessum lið að vanda allar áætlanir sem allra bezt. En að því er snertir hinn liðinn, þá held ég, að reynsla síðustu ára hafi gefið þar svo sterka áminningu, að það er ómögulegt, svo framarlega sem þingið vill í þessu halda rétti sínum fyrir stj., annað en að gera alvarlegar ráðstafanir til að halda þessu æðsta valdi í sínum höndum, fjárveitingavaldinu. Það er enginn vafi, að þegar þingmenn fá umboð kjósenda, þá er þeim fyrst og fremst falið það, eins og á líka að vera skylda hvers þm. að rækja fyrst og fremst, og það er að fara rétt með fjárhaginn. Hvað stoðar það, þó að sé verið að reyna að hugsa um að spara, þegar fjárlagafrv. er hér til meðferðar og fjvn. er að hnitmiða og hnitmiða og skera niður 500—1000 kr. fjárstyrki, ef þeir, sem eiga að framkvæma vilja þingsins, skipta sér ekkert af því, hvað Alþingi vill, en fara eftir eigin höfði að meira eða minna leyti?

Reynsla undanfarinna ára sýnir, að stj., sem átti eingöngu að framkvæma vilja þingsins í þessu afarmikilsverða atriði, hefir tekið sér þar ákaflega mikið vald, og hefir hún sjálf gefið út skýrslu um það, hina merku bók „Verkin tala“, þar sem m. a. þau verk tala, að stj. hefir að miklu leyti, stundum að hálfu leyti og stundum að meira en hálfu leyti, tekið í sínar hendur og úr höndum Alþingis valdið til að veita fé til eins og annars. Ég býst við, að með þessa bók í höndum mætti koma með býsna margar upphæðir, sem sýna þetta og sanna. T. d. árið

1928 hefir stj. veitt umfram heimildir 356608 kr. til viðhalds og umbóta á þjóðvegum og til sýsluvega og bryggjugerða. Árið 1929 hefir hún veitt til nýrra vega, viðhalds og umbóta og til brúargerða 625786 kr. umfram heimildir. Heimildin var rúmlega 929 þús., og þegar umframgreiðslurnar eru 625 þús., er það nokkuð mikið vald, sem stj. hefir tekið sér þar. Á sumum liðum er það jafnvel svo, að stj. hefir þar haft meira fjárveitingavald en þingið. 1930 hefir þetta þó orðið mest, því að þar hefir umframeyðslan, virðist mér, orðið yfir 100%, þannig að stj. hefir tekið sér meira fjárveitingavald en þingið sjálft hefir haft.

Það er kunnugt, að samkv. 37. gr. stjórnarskrárinnar má ekki greiða fé úr ríkissjóði nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum, og ég býst við því, að hæstv. stj. ætli að skjóta sér undir það, að til þess, sem ekki er heimilt að greiða eftir fjárlögum, ætli hún að fá heimild í fjáraukalögum. En allir sjá, hvað heilbrigða braut er verið að ganga út á, ef stj. ætlar sér að neyta allra bragða til þess að koma fram sínum vilja. Það er því að öllu leyti heiðarlegt, að Alþingi segi stj. hreinskilningslega fyrirfram, úr hverju hún hefir að spila, og leyfi henni ekki að fara þar fram úr. Það er vitaskuld, að margt eða a. m. k. sumt, af því, sem hæstv. stj. hefir verið að framkvæma, er þarft og gott, eins og t. d. vegalagningar, en ég býst við því, að Alþingi hafi vitað það, þegar það sat yfir þessum málum og áætlaði þessa upphæð til þeirra, að það myndi vera þess umkomið að ráðstafa þeim tekjuafgangi, sem yrði vegna aukinna tekna ríkisins, og ég tel það sjálfsagt, að það sé þingið, sem eigi að ráðstafa slíku fé, en ekki stj.

En það er ekki aðeins, að það hafi verið eyðsla umfram, þannig að hæstv. stj. hafi leyft sér að veita 200 þús. kr. þar sem 100 þús. höfðu verið ákveðnar, heldur hefir hún einnig leyft sér að færa þetta til á ýmsan hátt. Það kemur jafnvel stundum fyrir hjá hæstv. stj., að vegur er byggður fyrir þrefalt hærri upphæð en ætlazt var til, og svo aftur annarsstaðar hafa ekki verið notaðar þær upphæðir, sem veittar voru. Og þá kastar nú fyrst tólfunum þegar sumsstaðar eru ekki notaðar veittar heimildir, en á öðrum stöðum aukið við gífurlegum fjárveitingum. Það er líka hægt að segja, að það sé ekki einungis til verklegra framkvæmda, sem hæstv. stj. hefir leyft sér að greiða umfram. Það má nefna lítið dæmi, ekki af því að það skipti neinu, hvað fjárhæðirnar snertir, heldur aðeins til þess að sýna hugsunarhátt stj. Það eru styrkir, sem veittir eru til þess að senda ýmsa menn utan, t. d. til þess að sitja þing o. fl. o. fl. Upphæð þá, sem til þessa var veitt, hefir stj. tvö- og þrefaldað alveg eins og henni hefir sýnzt.

Þá má nefna kostnaðinn til ýmiskonar löggæzlu. Ef stj. álítur það nauðsynlegt að verja svona miklu fé til löggæzlu, þá væri henni sennilega mjög auðvelt að fá heimild hjá þinginu fyrir þessu fé, og það, að hún leitar ekki slíkrar heimildar, sýnir ljóslega, hve hún fyrirlítur þingviljann. Þá hefir stj., eins og við vitum, tekið sumt algerlega upp frá eigin brjósti, og vil ég þá nefna sem dæmi bókaútgáfuna. Það að gefa út stórar og dýrar bækur án minnstu heimildar á ríkissjóðs kostnað, gerir ekki nema hinn rangláti og illi ráðsmaður.

Ég skal svo ekki fara fyllri orðum um þetta, þar sem ég ætla ekki að fara að gera neinn eldhúsdag, en það er ómögulegt annað en að láta þetta framferði gjalda þess, sem það hefir unnið til, og þetta framferði hefir beinlínis knúið okkur til þess að bera fram slíka till. sem þá, er hér er nú fram komin, og ég á ennþá eftir að sjá gild rök á móti henni og sömuleiðis á ég eftir að sjá þá, sem treysta sér til þess að greiða atkv. á móti því, að farið verði eftir fjárlögunum. Það má ef til vill segja, að þetta sé dauður bókstafur, en ákvæði, sem hafa verið í lögum svo og svo lengi og verið hafa einungis dauður bókstafur, fá nokkurskonar aukinn kraft við það að verða endurnýjuð. Það myndi skapa aðhald að sjá eindreginn vilja þingsins, eins og kæmi fram í slíkri samþykkt. Um framkvæmd þessarar till. get ég vel búizt við því, að hún gæti orðið örðugleikum bundin. Við veltum því vandlega fyrir okkur, hvað till. eins og þessi færi fram á, sem ómögulegt væri, og við gátum ekki fundið neitt. Það mætti t. d.

nefna það, að stundum þykir heppilegra, að vegarspotti sé framlengdur til þess að ná saman við annan veg, og það getur vel verið, og ekki ber það vott um annað en samvizkusemi að framkvæma jafnvel ekki svo lítið án heimildar. Það var sagt um Epaminondas, að hann hefði ekki einu sinni viljað skrökva í gamni, og það ber vott um samvizkusemi, ef stj. vildi fara svo vel með heimildirnar. En á hinn bóginn er aldrei hægt að ætla sér að gera ráð fyrir öllum möguleikum, sem lífið getur komið með, og þess vegna setjum við einskonar öryggis-„ventil" á till., sem heimilar að fara fram úr ákvæðum hennar þar sem óvænt og nauðsynleg atvik ber að höndum; maður getur hugsað sér, að það komi eldgos eða einskonar móðuharðindi, sem geta gefið stj. heimild til að veita stórfé úr ríkissjóði til þess að létta af neyðinni í bráð. Ég býst ekki við, að nokkur stj. væri svo ístöðulítil, að hún myndi ekki gera slíkt í slíkum tilfellum, og hún yrði þá felld á því, ef Alþingi væri svo illa skipað, að það áliti slíkt hegningarvert. En við gerum ráð fyrir slíkum tilfellum með ákvæðum, sem við höfum sett í till. um það, að fjártökur úr ríkissjóði án heimildar þings skuli vera leyfilegar í sérstökum tilfellum, þegar bersýnileg nauðsyn er fyrir hendi. Einnig skal eftir till. heimilt að greiða, ef nauðsynlega þarf, meira en í lögunum stendur, t. d. nauðsynleg laun. Ég skal taka lítið dæmi, utanför ráðherra. Það er ekki lögboðið gjald, og ráðh. verður að eiga um það við sjálfan sig, hvenær hann telur nauðsyn til þess að fara utan og setja þá í svigum aftan við upphæðina, að hún sé áætluð. Og þesskonar liði verður að fela stj. að fara vel með; en ég sé samt ekkert athugavert við það út af fyrir sig, en með þessu er lýst yfir, að fjárlögin séu annars haldin út í yztu æsar eins og önnur lög.

Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Samgmn. leggur til, að styrkur til flóabátaferða sé hækkaður um 9 þús. kr. frá því sem stj. áætlar, og verður hann þá 2 þús. kr. lægri en í fjárl. 1931. Það er samt ekki svo, að það sé ekki þörf fyrir meiri hækkun. Eins og hv. þdm. er kunnugt, eiga héruð þau, sem njóta flóabátanna, afarerfiða afkomu með rekstur þeirra, og það sem verst er, er, að í sumum tilfellum er þessi farkostur ónógur og alstaðar ófullkominn. Það er svo t. d. um Djúpbátinn, að hann er nú þegar ónýtur, en héraðið og þeir menn, sem lagt hafa fé til bátsins, hafa nú ekki efni á að leggja fram nauðsynlegt fé til þess að fá nýjan bát, og það er enn með öllu óráðið, hvað verður nú með haustinu um þær ferðir, sem þessi bátur hefir annazt. Hið sama má segja um bátinn á norðanverðum Breiðafirði. Hann er nú sem stendur í afarmikilli fjárþröng. Þeir menn, sem að honum standa, eru alveg að gefast upp með fjárframlög til hans. N. hefir ekki orðið sammála um að koma með neinar till. til þess að bæta úr þessu, en leggur til, að styrkur til þessara 2ja báta verði hækkaður. Hinsvegar leggur n. til, að lækkaður verði styrkurinn til Borgarnessbátsins að nokkrum mun. Eins og menn muna, fór þessi bátur 10 aukaferðir til Breiðafjarðar og fékk fyrir það 7—8 þús. kr. styrk. Nú er ekki eins mikil nauðsyn á þessum ferðum og áður vegna þess, að Gullfoss og Esja fara þangað fleiri ferðir en áður og Súðin nokkrar. Telur n., að styrkur til þessara ferða geti lækkað um 3 þús. kr. Annars er það lítið, sem hægt er að lækka þessa styrki yfirleitt. Vegna Súðarinnar mætti ef til vill lækka styrkinn til Hornafjarðarbátsins, þar sem hún tekur þar allan haustflutning, en það er nú svo, að á þessum stað er höfn ótrygg, og Súðin hefir ekki alltaf getað komið þar og hefir orðið að flytja afurðirnar á bátum til Fáskrúðsfjarðar. Um Eyjafjarðarbátinn höfum við lagt það til, að hann fái 1000 kr. lægri styrk en áður hefir verið, vegna þess, að Esja hefir margar viðkomur á Raufarhöfn, Skálum og Kópaskeri, og er þess vegna ekki nauðsyn á eins mörgum ferðum þangað, þótt hinsvegar sé þörf á einhverjum. Ferðir þessar er okkur sagt, að hafi orðið ærið þungar byrðar fyrir útgerð bátsins. Þetta eru langar ferðir og erfiðar, um mjög langa sjóleið að fara. — Það hefir brostið á, eins og svo oft áður, að fyrir lægju rekstrarreikningar og skýrslur um störf þessara báta. Það eru einungis 3 félög, Djúpbáturinn, Hvalfjarðarbáturinn og Flateyjarbáturinn,

sem sent hafa áætlanir, reikninga og farmgjaldsskrár, en annars fást aldrei neinar skýrslur, og er það undarlegt, að menn skuli ekki gefa upp reikninga, þegar þeir njóta styrks af opinberu fé. Það er hvað eftir annað farið fram á það af samgmn. að fá þessi plögg, og jafnvel gengið svo langt, að n. hefir skorað á ríkisstj. að greiða ekki styrkinn nema þetta fáist.

Ég vildi óska þess fyrir hönd n., að þeir hv. þdm., sem aðstöðu hafa til þess að útvega þessar skýrslur, geri það í framtíðinni. — Ég er alveg sannfærður um það, að ríkissjóður verður innan skamms að hlaupa undir bagga til þess að kaupa nýjan farkost á Ísafjarðardjúp og létta skuldabagganum af Flateyjarbátnum. Annars er það nú svo, að þetta eru einu samgöngurnar, sem menn hafa innan þessara héraða. Á þessum stöðum eru engir vegir, svo að menn geti notað til flutninga, og það er með öllu óhugsandi, að flutningar geti í náinni framtíð farið fram á landi, og það, sem ríkisvaldið getur gert, er að búa vel að farkostum þessara héraða. Ég vænti þess, að d. samþ. till. n., því að þeim er svo í hóf stillt, að ekki hefði verið að nauðsynjalausu, þótt n. hefði borið fram 50—60 þús. kr. aukin útgjöld til þessara báta.

Þá á ég sjálfur eina brtt. á þskj. 123. Það er gamall kunningi hér í þessari hv. d., fjárveiting til þess að leggja símalínu frá Sandeyri að Stað í Grunnavík. Menn þreytast nú á því að koma með eins sjálfsagðar beiðnir þing eftir þing, þegar þær eru alltaf felldar. En minna vil ég hv. dm. á það, að ennþá eru 2 hreppar í Norður-Ísafjarðarsýslu símalausir, þótt í öðrum þeirra sé að vísu loftskeytastöð, sem veitir ofur litla úrlausn, en ekki til neinna verulegra bóta. Þessi símalína hefir verið í símalögum síðan 1913, og þegar lagður var sími til Patreksfjarðar, var sú lína hin síðasta, sem var jafngömul þessari. En það hafa verið lagðar símalínur síðan fyrir hundruð þúsunda, sem ekki hafa staðið í símalögunum. Það geta allir getið þess nærri, hve þetta er erfitt, og það ekki síst þegar það er athugað, að þessir hreppar munu vera hinir víðlendustu á landinu og erfiðir yfirferðar. Landssímastjóri hafði lofað að gefa meðmæli til að lína þessi yrði lögð strax og búið væri að ljúka við suðurlandslínuna, frá Vík í Mýrdal og austur til Hornafjarðar. En þetta hefir fallið undan í hans till. til fjvn. í vetur, en hann er nú veikur og ekki hægt að ná til hans til umsagnar, en það er til umsögn frá honum frá 1928, þar sem hann telur sjálfsagt, að þessi lína verði lögð sem fyrst. Ég vænti því, að hv. d. geti fallizt á að samþ. þetta. — Ég vil bæta því við, að ég sé mér ekki annað fært við 3. umr. fjárlaganna en að koma fram með till. um styrk til bænda í Norður-Ísafjarðarsýslu og víðar á Vestfjörðum til fóðurbætiskaupa. Ég vil aðeins minna á þetta og biðja fjvn. að hafa það í huga, þegar sú beiðni kemur fram, að sumsstaðar stendur svo á, að grasspretta er svo lítil, að bændurnir gera ekki ráð fyrir að fá nema $\frac{1}{5}$ hluta af töðu í sumum hreppum og þar sem bezt er sprettan aðeins helming. Menn geta því séð, hvernig ástatt er hjá þessum mönnum. Ég vænti þess, að fjvn. skrifi þetta bak við eyrað unz till. þessa efnis kemur fram við 3. umr.

Haraldur Guðmundsson: Ég veit ekki, hvort nokkra þýðingu hefir að tala hér fyrir brtt., sem ég ásamt hv. þm. Ísaf. (VJ) og hv. 3. þm. Reykv. (HV) flyt á þskj. 118. Eftir þeirri afgreiðslu sem frv. stj. hefir fengið hjá fjvn., virðist mér sem vera muni bezta samkomulag milli flokkanna, Íhalds- og Framsóknarflokksins, sem annars hafa viljað láta líta svo út sem þeir væru algerðir andstöðuflokkar. Um það virðast þeir þó sammála, að einmitt þegar verst lætur í ári, þá eigi ríkissjóður ekki að veita mönnum atvinnu. Ég segi þess vegna, að ég veit ekki, hvort það þýðir að fara að tala fyrir þessum till., því að þær ganga í gagnstæða átt við till. flokkanna beggja í þessum efnum. Ég mun þó fara um þær nokkrum orðum og ætla þá að ganga á röðina á þeim till., sem við eigum á þskj. 118.

Fyrsta till. okkar er við 2. gr., 9. lið, um það, að skólagjöld falli niður. Þessi gjöld eru áætluð 15—20 þús. kr., og þar sem þessi upphæð er svo lág, munar ríkissjóð hvorki til né frá um hana, en

skólagjöldin við þessa skóla, sem upp eru taldir, nema á ári 150 kr. á hvern nemanda, og þykir mér það mikill skattur til viðbótar því, að nemendur þurfa að vera frá vinnu allan skólatímann og leggja mikið fé í bækur. Við leggjum því til, að þessi liður verði felldur niður, og aths., sem fylgir þar síðar gjaldamegin í 14. gr., falli einnig niður. Annars skal ég geta þess, að ef líklegra væri til samkomulags, þá myndum við geta fallizt á að láta skólagjöldin aðeins falla niður hjá þeim, sem efnalitlir eru, og kæmi þá til greina visst efnahagstakmark; yrði þá miðað við efnahag nemendanna sjálfra eða aðstandenda þeirra. Þá er við 3. gr. lagt til, að tekjur pósts séu áætlaðar 25 þús. kr. hærri en þær eru í frv., eða 575 þúsund krónur, og tekjur af síma 1 millj. 900 þúsund krónur í stað 1 millj. 800 þús. kr. Þessar breyt. eru gerðar í samráði við þá menn, sem kunnugir eru þessum efnum, og með tilliti til þess, sem tekjurnar hafa orðið, en reynslan hefir sýnt, að tekjur þessara stofnana fara vaxandi ár frá ári.

Hv. frsm. fjvn. hefir nú skýrt frá því, að hann óski þess, að till. þessar verði látnar bíða til 3. umr., og muni þær þá verða teknar sérstaklega til umr. af fjvn.; má ekki minna vera en að ég verði við þessari bón, ef hv. fjvn. kynni þá að verða eitthvað skárri viðureignar.

Þá er það gjaldahliðin. Þar leggjum við til, að til nýrra símalagninga verði varið 117 þús. kr., og fylgir sundurliðun á því, á hvaða svæðum sími skuli lagður. Það hefir áður verið svo, að Alþingi hefir að minnstu haft íhlutunarvald um það, en það virðist ekki nema réttmætt og sjálfsagt, að beint sé ákveðið í fjárlögum, til hvaða símalagninga fénu skuli varið, enda er það í samræmi við þá stefnu að halda fjárveitingavaldinu í höndum þingsins.

Um víneinkasöluna get ég sleppt að ræða að svo komnu máli, því að hv. n. hefir farið fram á, að sú till. yrði tekin aftur til 3. umr.

Þá leggjum við til, að 8. gr. orðist svo: Borðfé konungs kr. 60000. Þetta er í fullu samræmi við íslenzk lög, því að þar er ákveðið, að konungsmatan skuli vera 60 þús. kr., en sú venja hefir síðan verið tekin upp að greiða féð í dönskum krónum, þannig að konungur hefir fengið 73 þús. ísl. kr., en þetta leggjum við til, að verði fellt niður.

Þá kem ég að brtt. við 13. gr., þar sem við þremenningarnir förum fram á framlög nokkur til nýrra akvega. Það er nú svo, að brtt. þessar eru flestar gamlir kunningjar í þessari hv. d., og að ýmsum þessara vega hefir verið unnið undanfarið, þannig að óhjákvæmilegt er að halda þeim áfram, ef því fé á ekki að kasta á glæ, sem varið hefir verið til þessara framkvæmda á síðustu árum. Undantekningar frá þessu eru þó vegurinn yfir Fjarðarheiði og Breiðadalsheiðarvegur. Til þessara vega leggjum við til, að veittar verði 60 þús. kr., 30 þús. til hvors. Um Breiðadalsheiðarveginn er það að segja, að hann myndi tengja Önundarfjörð og Dýrafjörð við Ísafjarðarkaupstað, en eins og sakir standa, eru firðir þessir mjög einangraðir og illa settir með samgöngur. Ég er satt að segja hissa á því, hversu erfiðlega hefir gengið að fá veg þenna tekinn upp í þjóðvegatölu, svo sjálfsagt sem það þó virðist. Ég sé, að hv. þm. V.-Ísf. hefir tekið upp samskonar till. og þessa nú á þessu þingi, svo að ég vona, að nú muni blása byrlegar fyrir máli þessu en undanfarið.

Eins og hv. þdm. mun kunnugt, er nú orðið alllangt síðan fyrst var farið að tala um Fjarðarheiðarveginn og áætla þann kostnað, sem honum væri samfara. Nú er áætlað, að gera megi bílfæran sumarveg fyrir 90 þús. kr., þannig að þetta yrði þá fyrsta fjárveiting af þremur.

Nú er svo komið, að telja má bílfæran veg frá Reykjavík til Húsavíkur, og ef vegur er ruddur yfir Reykjaheiði, sem mun kosta um 15 þús. kr., þá er vegurinn kominn til Axarfjarðar og austur fyrir Jökulsárbrú. Þaðan er hægt að komast í bíl að Grímsstöðum og þaðan að Möðrudal, með því að laga veginn lítilsháttar. Sama er að segja um veginn frá Möðrudal að Skjöldólfsstöðum á Jökuldal, hann myndi ekki hafa ýkja mikinn kostnað í för með sér. En um Jökuldalinn frá Skjöldólfsstöðum að brúnni á Jökulsá þarf að leggja nýjan veg. Og er þá óslitinn bílvegur kominn frá Reykja-

vík til Reyðarfjarðar haustið 1932, ef till. okkar verða samþ. Vil ég vona, að hv. d. láti mál þetta ná fram að ganga.

Í fjárlagafrv. í vetur voru framlög til viðhalds vega ákveðin 200 þús. kr. Í samráði við vegamálastjóra lagði ég til, að þau væru hækkuð upp í 500 þús. kr. Nú sé ég, að þessi upphæð hefir verði sett 400 þús. kr. í till. fjvn., líka í samráði við vegamálastjóra, segir nefndin, þannig að hann virðist hafa slegið af kröfunum og rifað seglin. Í þessu sambandi þykir mér rétt að drepa á það furðulega fyrirbæri, að nú er verið að bera fram fjölda frv. um nýja þjóðvegi og nýjar brýr. Einmitt á þessu ári, þegar dregið er að ¾ hlutum úr verklegum framkvæmdum öllum, er gripið til þess að koma fram með frv., sem ákveða, að svo og svo margar brýr skuli byggðar og svo og svo margir vegir lagðir, þótt fyrirsjáanlegt sé, að þar sé engin alvara á bak við, og ekki verði af því næsta mannsaldurinn, ef svo á að klípa naumt framlög til nýbygginga vega og brúa sem gert er í frv. Nú þegar allt á að skera niður, og neyðin ber að dyrum, er þetta gert til að friða sálir auðtrúa manna, en hversu notadrjúgt og affarasælt það verður, skal ósagt látið.

Þá kem ég að IX.brtt., við 13. gr. C. VII. Þar er farið fram á, í a-lið till. að 96 þús. kr. verði varið til lendingarbóta á ýmsum stöðum, og taki ríkið þátt í allt að ⅓ kostnaðar gegn því, að hlutaðeigandi héruð leggi fram ⅔ og hafi fé fyrir hendi, en atvmrh. samþ. kostnaðaráætlunina. Þeir staðir, sem þar er um að ræða, eru: Keflavík, Húsavík, Hvammstangi, Hnífsdalur, Vopnafjörður, Sauðárkrókur og Vatnsleysustrandarhreppur, og fylgir sundurliðun á því, hversu mikið fé skuli fara til hvers þeirra. Um þessar fjárveitingar er það að segja, að þær eru áframhald af styrk, sem áður hefir verið veittur þessum héruðum af Alþingi, og þar sem það hefir hvatt þau til þess að hefja verkið, virðist öll sanngirni mæla með því, að áfram verði haldið, svo að það verk, sem þegar er unnið, fari ekki til ónýtis, og héruðin séu göbbuð. Þess er og að gæta, að íbúar þessara héraða hafa lagt sér þunga bagga á herðar til þess að koma verkinu í framkvæmd, og þeir mega ekki við því, að Alþingi hlaupi nú undan byrðinni, sem þessir menn hafa reiknað með, að það tæki á sig.

Í b.-lið IX. brtt. er farið fram á það, að veittar verði 30 þús. kr. til sjóvarnargarðs í Ólafsvík, án þess að heimta framlag á móti. Um þetta mannvirki er það að segja, að enn er eftir að ganga frá enda garðsins, og verði það eigi gert, er ekkert líklegra en að það verkið fari algerlega til ónýtis.

Þá er c.-liðurinn, sem er þess efnis, að varið verði 6000 kr. til brimbrjótsins á Skálum. Fjöldi verkamanna, sem við hann hafa unnið, hafa ekki ennþá fengið goldið kaup sitt, sökum þess, að þeir vita ekki, hvert þeir eiga að snúa sér. Vitamálastjóri hafði, eins og mönnum mun kunnugt, umsjón með verkinu, en hann vísar frá sér og neitar um greiðslu á kaupinu, og sú nefnd, sem fyrir verkinu stóð, segist enga ábyrgð bera á slíku, og sömu svörin fá þessir menn hjá hreppnum. Þessi ógreiddu vinnulaun munu nema 5—6000 kr., og virðist ríkinu bera skylda til að sjá um, að þessir verkamenn fái kaup sitt goldið að fullu.

Þá vil ég næst víkja að 2. lið brtt. Þar er farið fram á, að ríkissjóður greiði 48 þús. kr. til hafnargerðar á Akranesi. Þessi upphæð er ákveðin svo vegna þess, að við flm. viljum, að Alþingi slái því föstu, að framlag ríkissjóðs til þessara mannvirkja skuli nema ⅖ kostnaðar, en hlutaðeigandi héraðs ⅗. Akurnesingar hafa lagt fram 120 þús. kr.

Þá kem ég að brtt. XI., sem fer fram á, að reistir verði tveir nýir vitar, Óshólaviti og Sauðanesviti, og er það í samræmi við brtt. frá hv. þm. Vestm. og hv. þm. N.-Ísf.

Þá er 2. liður XI. brtt. um útvarpið, að í stað 200 þús. kr. komi 250 þús. kr. Um hana læt ég biða að tala þar til till. n. um breytingar á tekjunum liggja fyrir. En að því er snertir tilfærslu milli greina vil ég geta þess, að mér finnst það form, sem nú er á fjárlögunum mun greinilegra en áður, að ýmsu leyti. En ég fæ ekki skilið, hvers vegna útvarpið er sett þar sem það er, þ. e. gjaldamegin. Mér virðist engin ástæða til að greina svo á milli ríkisfyrirtækja, að setja sum á 3 gr., en önnur á 13. gr. Mér virðist réttara, að öll þessi fyrirtæki án tillits til þess, hvort áætlað

er, að þau gefi af sér tekjur eða hafi tap í för með sér, séu sett á einu og sömu gr. Þetta er að vísu fyrirkomulagsatriði, en mér finnst rétt að færa þetta þannig, þar sem hér er aðeins um áætlun að ræða, sem hlýtur að breytast til beggja vona. Brtt. er í samræmi við þetta og vill láta eitt yfir öll fyrirtækin ganga.

Ég vil geta þess, að í 4. lið þessarar brtt., þar sem talað er um framlag til byggingar gagnfræðaskóla í Reykjavík, hefir komizt inn misprentun. Þar stendur 50 þús. kr., en á að vera 90 þús. kr. Þetta vona ég, að hæstv. forseti vilji taka til greina, og ennfremur, að í b-lið, þar sem talað er um framlag til byggingar gagnfræðaskóla í kaupstöðum stendur 40 þús. kr., en á að vera 100 þús. kr. Þetta vænti ég, að hæstv. forseti vilji einnig taka til greina. — Um þessa breytingartillögu er í sjálfu sér ekki margt að segja. Þeir, sem kunnugir eru atburðum síðustu ára, vita, að stórar og vandaðar byggingar hafa risið upp t. d. á Laugum, Laugarvatni, Reykjum og Reykholti, og munu þær til samans kosta talsvert hátt á 2. milljón kr. Það er því ærið misrétti í því, ef það er borið saman við bæina, sem aðeins hefir verið varið til fáeinum þúsundum í svipuðu augnamiði. Hér er því farið fram á, að til gagnfræðaskóla í kaupstöðum séu nú lagðar fram 190 þús. kr. úr ríkissjóði, en bæirnir eiga að greiða ⅗ á móti, og verður þá fyrir hendi um ½ millj. til þessara framkvæmda. Þá er ennfremur lagt til, að styrkur til byggingar húsmæðraskóla sé hækkaður um 10 þús. kr., til byggingar á Ísafirði. Það hefir áður verið flutt hér í þessari hv. d., svo að óþarfi er að eyða mörgum orðum að því nú.

Þá er XIX. brtt., þar sem við förum fram á, að ríkissjóður leggi fram 300 þús. kr. til atvinnubóta til sveitar- og bæjarfélaga, þegar minnst er um atvinnu, og sé það ⅓ kostnaðar gegn tvöföldu framlagi frá hlutaðeigandi héraði.

Það er nú komið svo, að á hverju ári er í kaupstöðum meira og minna atvinnuleysi, og oft er það svo mikið, að óhjákvæmilegt er, að hið opinbera hlaupi undir bagga. Þetta er ástand, sem er alvanalegt og alveg óskylt þeirri kreppu, sem nú stendur yfir. Þess vegna álítum við flm. rétt, að jafnan sé ákveðin í fjárlögum upphæð, sem varið skal í þessu augnamiði, þannig að mönnum gefist kostur á því að afla sér atvinnu í stað þess að neyðast til þess að sækja um fátækrastyrk.

Nú sé ég, að hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. flytja till. um að ríkissjóður leggi 500 þús. kr. fram til atvinnubóta. Mér skilst, að þessi till. sé flutt með tilliti til kreppunnar sérstaklega og mun því að sjálfsögðu greiða henni atkv. líka.

Loks er hér XXXI. brtt., frá okkur þremenningunum. Það eru þrír nýir liðir. Fyrsti liður fer fram á, að ábyrgzt verði allt að 600 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til rafvirkjunar gegn þeim tryggingum, er ríkisstj. metur gildar.

Það er nú svo með þessa virkjun, að á þingi 1929 var sú heimild veitt ríkisstj., að ábyrgjast allt að 450 þús. kr. til hennar. Síðan hefir sú breyting orðið á, að ákveðið hefir verið að hafa virkjunina nokkru stærri en upphaflega var ætlað, og þess vegna er nú farið fram á 600 þús. kr. ábyrgð. Þar sem hér er í raun inni aðeins um framlengingu að ræða, vona ég, að þessi till. nái samþykki.

Þá er b.-liðurinn, að gengið verði í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum, allt að ⅘ kaupverðs skipanna, fullbúnum til fiskveiða, samtals allt að 100 þús. kr., og skal lánið tryggt með sjálfsskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og 1. veðrétti í skipunum. Til frekari tryggingar fyrir ríkið er það einnig gert að skilyrði, að forstöðumaður og annar endurskoðandi skulu samþ. af ríkisstj.

Ég geri ráð fyrir, að félaginu reynist auðvelt að fá skip, sem bezt hentar, hér innanlands, svo að þá er sú mótbára brott fallin, að um ábyrgð gagnvart útlöndum sé að ræða. Sú upphæð, sem farið er fram á, er auk þess sáralítil, þannig að ég vona, að hv. d. sjái sér fært að samþ. þetta.

C.-liður till. gengur í þá átt, að ríkið skuli ábyrgjast lán til Síldareinkasölu Íslands, og skal lán þetta endurgreiðast

að fullu áður en nokkrum síldareiganda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaðar, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgðin skal gilda til ársloka 1932 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar nemi á hverjum tíma samtals 1 millj. kr.

Í núg. fjárl. er ákveðin ½ millj. kr. ábyrgð handa einkasölunni, en það hefir sýnt sig að er hvergi nærri nóg. Þess vegna höfum við lagt til, að upphæðin verði hækkuð, en til frekari tryggingar sett inn það ákvæði, að lánið skuli að fullu goldið áður en síldareigendur hafa fengið greiddar 18 kr. á tunnu, og virðist það nægilegt öryggi þess, að ríkissjóður hefir ekkert á hættu vegna þessa.

Þá liggja ekki fyrir fleiri till. frá okkur þremenningunum, en ég vildi minnast lítið eitt á till. hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Borgf. sem er XXXII. í röðinni. Ég tel sjálfsagt, að hv. d. samþ. þessa till. Slíka tillögu er tæplega hægt að fella. Reynsla undanfarinna ára, umframeyðsla hæstv. stj., hefir gefið svo ríkt tilefni. En hinsvegar er ég ekki viss um, að þótt þessi till. verði samþ., þá sé fengin nokkur trygging umfram það, sem nú er, fyrir því, að stj. eyði ekki fé umfram fjárlög. Ein grein fjárlaga hindrar stj. engu meira, sízt meira en ákvæði almennra laga og sjálfrar stjórnarskrárinnar, sem bannar þetta alveg.

Að lokum vil ég segja það um till. okkar þremenninganna, að þær eru bornar fram með það fyrir augum að slá því föstu, hvað normalt eigi að framkvæma, en þar er ekki tekið sérstakt tillit til þess bága ástands, sem nú ríkir í landinu. Um ráðstafanir vegna kreppunnar flytjum við sérstakt frv. Við gerum í till. ráð fyrir því einu, að framkvæmdir verði þær sömu og áður, og í samræmi við það hækkum við gjaldaliðina samtals um 1200 þús. kr. frá því, sem hæstv. stj. hefir lagt til. Ef athuguð er tekjuáætlunin, þá er það bersýnilegt, að í henni er ekkert vit. Hún er a. m. k. þessum 1200 þús. kr. og lág.

Magnús Guðmundsson: Ég á hér tvær brtt. á þskj. 118, en ég vil taka það fram viðvíkjandi VI. brtt. þar og bið hæstv. forseta að taka eftir því, að hún er tekin aftur til 3. umr., svo að það er ekki nema XXIX. brtt., sem ég flyt nú, og er hún um það að veita Ólafi Stephensen 600 kr. hækkun á eftirlaun hans. Það hefir verið siður, að Alþingi bætti eftirlaun presta þannig, að þau yrðu 1000 kr. á ári. Nú er það svo með þennan prest, að það er ekki búið að reikna út hans eftirlaun, en eftir þeim árafjölda, sem hann hefir verið þjónandi prestur, geri ég ráð fyrir, að eftirlaun hans verði um 400 kr. á ári. Þó að þetta verði samþ., þá er hann ekkert betur settur en aðrir prestar, sem látið hafa af embætti. Um hann hefir ekkert gerzt annað en það, að hann hefir verið settur af embætti, en svo fengið dóm fyrir því, að hann ætti kröfu til lögmæltra eftirlauna. Ég veit, að þótt hann hefði ekki verið sviptur embætti, þá hefði þessi beiðni komið fyrir þingið, en aðeins einu eða tveimur árum síðar. Hann hefði ekki getað verið miklu lengur í embætti, því að nú er hann kominn fast að sjötugu. Ég vil leiða athygli að þessu til þess að sýna, að þessi till. er ekki í neinu beinu sambandi við það, að þessi maður var sviptur embætti, heldur er hún fram komin til þess að setja hann á sama bekk og aðra presta landsins, sem látið hafa af embætti.

Mitt nafn stendur við eina brtt. enn, en um hana ræði ég ekki. Hv. samþm. minn mælir með henni.

Ég þarf þá ekki að tefja tímann lengur í þetta skipti.

Steingrímur Steinþórsson [óyfirl.]: Ég á hér tvær litlar brtt. og vil með örfáum orðum minnast á þær. Þær eru á þskj. 118. Aðra þeirra, XIII. till., flyt ég ásamt hv. samþm. mínum, og er hún um að veita 1000 kr. til Hóladómkirkju. Það hefir verið svo nokkrum sinnum áður, að þessi fjárhæð, 1000 kr., hefir verið veitt til dómkirkjunnar á Hólum. Því er þannig varið, eins og margir hv. þm. munu vita, að á sínum tíma var Hóladómkirkja rúin að flestu, sem hægt var að taka úr henni. Sumt eyðilagðist, en sumt var flutt á Þjóðminjasafnið í Reykjavík. Á seinni árum hafa verið gerðar tilraunir til að bæta úr þessu og

færa kirkjuna aftur í sinn forna búning. Fornminjavörður varði þeirri fjárhæð, sem til þess var veitt, til þess að koma henni í það ástand, sem hún var í áður. Það er búið að setja aftur í kirkjuna allmikið af því forna tréverki, sem er eitt aðalfornskraut hennar, en mikið er eftir ennþá.

Við flm. till. förum nú fram á, að þessi litla upphæð verði veitt nú, til þess að megi halda áfram við þetta starf. Þetta er metnaðarmál fyrir alla þjóðrækna menn, að kirkjan geti verið sem næst því, sem hún var í upphafi. Með því að veita svona litlar upphæðir í einu, er hægt að vinna að þessu smátt og smátt, án þess að ríkissjóð muni mikið um það. Ég vona því, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. þetta fjárframlag til Hóladómkirkju. Ég vil einnig geta þess í þessu sambandi, að okkur þm. Skagf. hefir borizt orðsending frá prestastefnu í Hólastifti, sem haldin var fyrir skömmu, og þar var þess óskað, að einhver fjárhæð yrði veitt til að færa Hólakirkju í það ástand, sem hún var í áður. Það er metnaðarmál allrar þjóðarinnar, að þessi kirkja geymist lengi sem forngripur á þessum stað, sem svo margar sögulegar minningar eru tengdar við.

Ég á hér aðra brtt. ásamt hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Dal. Hún er um það, að styrkurinn til Íþróttasambands Íslands, 4 þús. kr., verði hækkaður upp í 6 þús. kr. Þetta er gert með hliðsjón fyrst og fremst af því, að það hafi sama styrk og Ungmennasambandið. Þessar tvær hreyfingar eru hliðstæðar og einhverjar þær merkustu fyrir unga fólkið. Fátt er meira til þjóðþrifa en að auka og efla íþróttirnar, og vænti ég því, að hv. d. ljái því fylgi að hækka þenna styrk um 2 þús. kr. Við álítum, að þótt þröngt sé í búi hjá ríkissjóði nú, þá sjái Alþingi sér fært að veita þennan styrk, því að því fé væri áreiðanlega vel varið.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Ég er meðflm. með hv. samþm. mínum um að hækka framlagið til fjallvega, með það fyrir augum, að nokkuð af því fari til fjallvegarins yfir Laxárdalsheiði í Skagafirði, en það hefir orðið **að samkomulagi að taka það aftur til 3. umr.**

Jóhann Jósefsson: Ég ætlaði ekki að taka til máls fyrr en seinna í dag, en úr því að enginn varð til að kveðja sér hljóðs og mér sýndist hæstv. forseti hinsvegar þess albúinn að slíta umr., þá vildi ég nota þennan tíma, sem eftir er fram til kl. 4.

Þá vil ég fyrst lýsa yfir því, að okkur þótti kynlegt, ýmsum þm. hér, að það var ekki hægt að sjá á frv. því, sem hér liggur fyrir, eða á till. hv. fjvn., að neitt fé eigi að leggja fram til byggingar nýrra vita, en eins og kunnugt er, þá er langt frá því, að vitabyggingar séu komnar í það horf, að forsvaranlegt megi teljast ennþá sem komið er að láta nokkurt fjárlagatímabil líða svo, að ekkert sé lagt fram til vitamála. Á hinn bóginn er vitagjaldið, sem fer í ríkissjóð, svo hátt, að það er bæði full skylda og mikil þörf að nota a. m. k. nokkuð af því á hverju ári til byggingar vita. (**Frsm.**: Við ætlum að athuga það til 3. umr. Mér gleymdist að taka það fram í framsöguræðunni). Það er vel farið, að svo er, en ég vil samt skýra frá því, hvers vegna þessi brtt. er fram komin, sem ég flyt á þskj. 118, VIII. lið. ásamt hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. N.-Ísf. Brtt. fer fram á, að lagt sé fé fram til byggingar nýrra vita. Vitamálastjóri hefir lagt sérstaka áherzlu á, að nú liggi mest á að reisa þá vita, sem taldir eru upp í till., Sauðanesvita við Siglufjörð, radióvita á Gelti við Súgandafjörð og Óshólavitann. Um Sauðanesvita og Óshólavita vil ég geta þess, að hv. þm. Seyðf. og tveir flokksbræður hans hafa komið fram með samskonar till. að því er snertir þessa tvo vita, en ekki tekið með radióvitann á Gelti. Eftir áætlun vitamálastjóra kosta þessir vitar 177 þús. kr., og þegar þess er gætt, að samkv. opinberum skýrslum var vitagjaldið fyrir árið 1929 473 þús. kr., virðist hóflega farið af stað, þó að ætlazt sé til, að tæplega 200 þús. kr. séu lagðar fram til vitabygginga á hinum bráðnauðsynlegustu stöðum. Hér er um þá staði að ræða, þar sem mikil útgerð er nærri, svo sem Siglufjörð og Ísafjarðardjúp. Þetta er því hið mesta nauðsynjamál, en þar sem hv. frsm fjvn. hefir lýst yfir því, að þetta muni verða athugað í n. til 3. umr., getur vel komið til mála, að

við flm. till. tökum hana aftur, svo að n. gæti athugað málið til 3. umr., og okkur gefist tækifæri til að tala um það við hv. frsm.

Þá hefi ég borið fram ásamt hv. þm. Seyðf. brtt. á þskj. 118, XV, um að Þórhalli Þorgilssyni kennara verði veittar 3000 kr. til að gefa út kennslubækur í spönsku og ítölsku. Þórhallur Þorgilsson er mjög efnilegur málfræðingur. Hann hefir þessar kennslubækur fullbúnar til prentunar, en vantar fé til útgáfunnar, en hann er sjálfur fátækur og hefir því ekki efni á að standa straum af útgáfukostnaðinum Hann hefir sent erindi um þetta til fjvn., en hún virðist ekki hafa séð sér fært að sinna því, þó að undarlegt sé, að hv. n. skuli ekki álíta það svo mikils virði að fá kennslubækur til notkunar handa Íslendingum til að læra rómönsk mál, þegar þess er gætt, að hún virðist ekkert hafa að athuga við ýmsa miður þarfa rithöfundastyrki, sem standa í fjárlagafrv.

Ég skal ekki fara út í samanburð um þessi ritverk, en því vil ég halda fram, að það er nauðsynlegra, að þjóðin fái góða kennslubók í máli þeirra þjóða, sem við seljum mest af fiski okkar, en að kosta útgáfu ýmissa þeirra bóka, sem nú eru gefnar út á þessu ári fyrir beinan styrk úr ríkissjóði eða þá styrk úr Menningarsjóði.

Öllum ber saman um það, að til þess að viðhalda tryggu verzlunarsambandi við önnur lönd, þarf jafnlítil þjóð og við að hafa nokkra kynningu af högum og háttum þeirra þjóða. Því er svo varið, að við eigum langmest af afkomu okkar undir verzlunarsambandinu við Suðurlönd, sérstaklega við Spán. Það er því nauðsynlegt að halda við sambandinu milli landanna, en til þess að það sé hægt, er nauðsynlegt, að okkar ungu verzlunarmenn kunni mál þeirrar þjóðar, því að við getum ekki ætlazt til þess, þar sem við erum aðeins 100 þús., en hér er um milljónaþjóð að ræða, að þeir fari að læra okkar mál, svo að nokkru nemi. Þessar 3 þús., sem hér er farið fram á, að veittar séu til að gefa út handhæga kennslubók í spönsku og ítölsku, gætu beinlínis margborgað sig fyrir landið. Það er ekki hægt að sýna það með tölum, og þess þarf ekki heldur. Það vita allir, að það er bráðnauðsynlegt að kunna tungu þeirra þjóða, sem við verzlum mest við. Það er alltaf að sýna sig betur og betur, hversu miklu meiri nauðsyn er til þess, að verzlunarmenn okkar snúi athygli sinni að þeim, sem kaupa af okkur afurðir en þeim, sem selja okkur vörur. Hér hafa menn engan frið fyrir allskonar tilboðum á allra handa varningi frá ýmsum löndum, bæði gagnlegum vörum og ógagnlegum. En hinu snúa of fáir athygli sinni að, að vinna að því að koma framleiðsluvörum landsins til þeirra, sem geta notað þær og vilja af okkur kaupa.

Ég hefi heyrt þá mótbáru á móti þessari fjárveitingu, að Íslendingar hefði aðgang að dönskum kennslubókum í suðurlandamálum. Það er að vísu rétt, að þeir, sem kunna dönsku, geta notfært sér þær bækur, en þó að ég sé því ekki mikið kunnugur, hvernig mál eru lærð á skólavísu, þá þykist ég mega fullyrða, að það er miklu auðveldara að læra málin, ef kennslubækurnar eru á móðurmáli manns. Svo á það líka að vera metnaðarmál Íslendingum, að geta lært önnur mál án þess að þurfa að fá til þess danskar eða aðrar erlendar kennslubækur.

Ef forseti óskar eftir, þá get ég látið hér staðar numið nú og lokið við ræðu mína við framhald fundarins.

Ég vildi aðeins í bili bæta því við upplýsingar þær, sem ég gaf viðvíkjandi Þórhalli Þorgilssyni, að hann hefir undanfarna vetur haft nemendur í þessum málum, veturinn 1929—30 hafði hann 20 nem., en 1930—1931 hafði hann 30 nem. í spönsku og ítölsku. Það er álit þeirra manna, sem til þekkja, að hann sé mjög vel að sér í þessum málum og að kennslubækur hans muni vera mjög góðar og hagkvæmar. Þar er tekið tillit til hinna nýjustu aðferða við samningu slíkra bóka.

Ég vonast til þess, að hv. þdm. sýni stuðning sinn á nauðsyninni fyrir Íslendinga að læra spönsku og ítölsku á þann hátt, að þeir greiði götu þess, að kennslubækur verði gefnar út í þessum málum.

Þá vildi ég minnast á XXV. brtt., þar sem ég fer fram á, að þingið styrki enn-

þá lagning ræktunarvegar í Vestmannaeyjum gegn venjulegu framlagi úr bæjarsjóði Vestmannaeyja.

Fyrir nokkrum árum var Sigurður búnaðarmálastjóri sendur til Eyja til þess að athuga ræktunarmöguleika, og eftir það komst slíkur skriður á ræktunina, að hin svokallaða Hagajörð er útmæld og tekin til ræktunar, svo að það má segja, að fé það, sem þingið hefir lagt af mörkum, hafi borið góðan ávöxt. En það er ómögulegt að hagnýta landið, nema vegur verði lagður. Eftir að vegur var lagður, hefir Ofanleitishraun verið mælt út. Þegar lausagrjótið hefir verið tekið burtu, fást þar ágætir blettir, og er nú búið að setja upp langar girðingar og sumpart hlaða þær úr grjóti, og er hraungrjótið tilvalið til þess. En það, sem á vantar, er, að fullgerður verði vegurinn gegnum hraunið. Þingið hefir veitt styrk til þessa áður, og er nú farið fram á, að veittar verði 1200 kr. til að halda áfram ræktunarveginum.

Það er kunnugt, að Vestmannaeyjar eru stærsta þjóðjörðin, sem landið á, og síðan ræktunarframkvæmdir hófust þar, hefir afgjald lóðanna stórlega hækkað. Ég get bent á, að 1923 náði afgjaldið ekki 10 þús. kr., en nú nær það 20 þús. kr., en auðvitað breytist það nokkuð frá ári til árs eftir verðlagsskrá. En þessar tölur sýna, að það hefir á skömmum tíma tvöfaldazt. Hinar fjölmörgu útmælingar til nýrrar ræktunar eiga sinn þátt í hækkuninni. Það er orðið svo margt fólk í Eyjum, að ekki er hægt að láta svo að kalla nokkurn blett þar óræktaðan. Ég vonast til, að hv. d. samþ. þessa upphæð vegna þess, að hún beinlínis eykur tekjur ríkissjóðs er frá líður.

Ég hefi minnzt á till. þær, sem ég er fyrsti flm. að, og mun láta hér að mestu staðar numið um þær. Ég ætla aðeins að minnast á tillögu, sem ég og hv. 2. þm. Reykv. flytjum um allmikil fjárframlög til atvinnubóta í kaupstöðum. Vegna þess, að hv. 2. þm. Reykv. er líka flm. till. og mun gera hana að sérstöku umræðuefni, þá mun ég ekki frekar fara út í það mál. Ég vil aðeins geta þess, að við teljum nauðsyn á, að gerðar séu ráðstafanir til að mæta atvinnuleysi, sem yfir vofir í kaupstöðum og víðar. Ég býst við, að seinna gefist tækifæri til að koma nánar inn á þetta mál.

Bjarni Ásgeirsson: Ég á tvær brtt. við fjárlagafrv. Sú fyrri er um fjárveiting til Björns Þórólfssonar til þess að semja skrá um skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái Þjóðskjalasafnið afrit af skránni. Eins og kunnugt er, hefir Björn notið 1500 kr. styrks til þessa. Hann sótti upphaflega um 2500 kr., en styrkurinn var færður niður í 1500 kr. Vegna þess, að dregið var úr styrknum, hefir Björn ekki getað lagt eins mikla vinnu í það og ella og því hefir dregizt að ljúka við verkið. En það er mikill fjöldi af skjölum, sem eru markverð fyrir menningarsögu Íslands, sem Björn hefir fundið. Starfið er svo langt komið, að það er nauðsynlegt að ljúka því sem fyrst, sem hann líka hefir lofað fyrir styrk þann, sem hér er farið fram á. — Annars má benda á það, að Björn er alls góðs maklegur fyrir störf sín í þágu ísl. fræða. Má m. a. minnast á, að hann hefir haft með höndum rannsóknir á rímunum og kemur bráðlega út um það bók, sem kunnugir telja, að verða muni stórmerk. Hann var frumkvöðull að því, að Norðmenn lofuðu að veita Íslendingum ókeypis samrit af öllum skjölum, sem þar eru geymd. Ég vil því mæla hið bezta með, að honum verði veittur þessi lokastyrkur.

Önnur brtt., sem ég á með öðrum hv. þm., er, að veittar verði 2000 kr. til Skáksambands Íslands. Ég býst ekki við, að þessi styrkur sé neitt vel séður, þar sem atvinnuvegirnir eru í svo miklu öngþveiti. En ég vil minnast á það, að maðurinn lifir ekki á einu saman brauði, þó að það sé hið nauðsynlegasta. Og alveg eins og það er víst, að sú kreppa, sem gengur nú yfir hér, gengur yfir öll lönd — og er hér gestur utan úr heimi — er það, að íslenzka þjóðin verður að njóta samúðar frá öðrum löndum í baráttu sinni fyrir lífinu, en það getur hún því aðeins, að hún geti sýnt, hvað í henni býr af gáfum og dugnaði. En ástæðurnar til að sýna það eru erfiðar. En á nokkrum sviðum getur hún sýnt það og það er þá helzt á hinum andlegu sviðum. Eitt af þeim fáu sviðum, sem Íslendingar geta

sýnt sig á, er nú einmitt tafllistin, því að þar koma vitsmunirnir til greina fremur en höfðatalan. Ísl. hafa sýnt erlendis, að þeir eru góðir taflmenn og hafa skapað þjóðinni samúð og álit. Ég get talið nokkur dæmi þessu til sönnunar. Efnt hefir verið til kappskáka milli Ísl. og Dana með þeim árangri, að Ísl. sigruð með 1½ : ½. Einnig hafa Ísl. unnið Norðmenn með 1½ : ½. Á heimstaflmóti erlendis gátu Ísl. sér hinn bezta orðstí eftir blaðaummælum að dæma. Því til sönnunar skal ég geta þess, að sá Íslendingur, sem hafði flesta vinninga, vann 7½ skákir af 17. Til samanburðar má geta þess, að Karl Bendtsen hafði ekki nema 8 af 16, og hinn heimsfrægi Englendingur Sir Thompson hafði 5½ af 12. Þetta sýnir, að Íslendingar standa nokkurnveginn á sporði öðrum þjóðum í þessari íþrótt, þótt aðstaðan sé miklu örðugri. Hinir ísl. taflmenn eru flestir fátækir daglaunamenn og iðnaðarmenn og geta því ekki varið miklum tíma til æfinga. En þarna mættu margir hinir merkustu taflmenn frá ýmsum þjóðum, sem ekki gera annað en tefla, og sýnir þetta því vel, hverjir vitsmunamenn Ísl. eru. Það er sómi fyrir Íslendinga að sýna sig þar, sem þeir standa jafnfætis öðrum þjóðum. Ég vildi því mælast til, að Alþingi sjái sér fært að sjá af þessari litlu upphæð til Skáksambandsins.

Einar Arnórsson: Ég á ásamt hv. þm. Vestm. eina till. við 16. gr. fjárlaganna, þar sem er farið fram á nokkuð mikla fjárveitingu. En áður en ég vík nánar að henni, þykir mér hlýða að gera grein fyrir því, að hún er ekki borin fram út í bláinn. Ég ætla að reyna að sýna fram á, að það sé kostur á að veita fé og þörf á því. Viðvíkjandi fyrra atriðinu vil ég taka það fram, að tekjuáætlun hæstv. stj. virðist vera mjög gætileg. Á fyrri tímum var það ein af hinum æðstu fjármáladyggðum, að áætla tekjurnar varlega. Þetta var venja þá, en það var tekið fram, að ef tekjurnar yrðu meiri, þá ætti afgangurinn að renna í Viðlagasjóð. Það var því ákveðið, að tekjuafgangnum skyldi ekki eyða. Þessari gömlu dyggð, að áætla tekjurnar varlega, hefir verið haldið. En hinni dyggðinni, að eyða ekki meiru en fjárlög heimila, hefir ekki verið haldið jafnvel í seinni tíð.

Með því að áætla tekjur fyrir neðan það, sem þær eru líklegar til að verða, er í raun og veru stefnt að því að flytja fjárveitingavaldið frá Alþingi til stjórnarinnar, eins og reyndin hefir orðið á seinustu árunum. Ástæðan fyrir þessari varlegu áætlun teknanna er því í raun og veru ekki dyggð. Það má búast við því, að fénu verði samt eytt, að svo miklu leyti sem það kann að verða meira en áætlað er. Þetta er því nú ekki slíkur búhnykkur sem fyrr.

Ef tekjuáætlunin er borin saman við síðustu skýrslu, sem ég hefi, en það er landsreikningurinn 1929, þá er mikill munur á. Ég hefi talið saman, að aðaltekjuliðirnir er áætlaðir nær 3 millj. kr. lægri en það, sem inn kom 1929. Margir af liðunum eru svo lágt áætlaðir, að þeir hljóta að fara fram yfir áætlunina En þó eru margir tekjuliðirnir, sem í raun og veru má telja áreiðanlega, og því er ekki ástæða til að áætla þá stórum lægra en það, sem galzt inn á þá 1929. Aftur á móti eru aðrir, sem sjáanlega verða lægri en reyndin varð 1929.

Ég ætla að nefna nokkur atriði í tekjuáætlun hæstv. stj. Aukatekjurnar reyndust 1929 610 þús. kr., en eru nú áætlaðar 500 þús. kr., en ég sé enga ástæðu til að ætla, að tekjur verði verulega lægri á þeim lið.

Ekki er ástæða til að ætla, að skipaferðir minnki að ráði hér við land. Þá sé ég ekki ástæðu til að ætla, að stimpilgjöld lækki og sama má segja um ýmsa aðra liði. Það er ekki heldur líklegt, að fólk neyti minna kaffis eða tóbaks 1932 heldur en 1929, nema því aðeins, að um neyðarástand verði að ræða eða takmarkanir verði gerðar á innflutningi þessara vörutegunda. — Vörutollur reyndist 2 millj. 50 þús. kr. 1929, en er nú áætlaður 1 millj. 450 þús. kr., og er því gert ráð fyrir honum 600 þús. kr. lægri en þá. Verðtollur gaf þá ca. 2 millj. 270 þús. kr., en er nú áætlaður 20 þús. kr. lægri. Og svona mætti lengi telja.

Símatekjur eru áætlaðar svipaðar og 1929. En eftir því sem fleiri símar eru lagðir og símakerfið verður fullkomnara, geri ég ráð fyrir því, að þær tekj-

ur aukist. — Ágóði af ríkisprentsmiðjunni er áætlaður 40 þús. kr., en það hefi ég frá manni, sem um það á að vera kunnugt, að síðastl. ár hafi hún gefið 80 þús. kr. í arð. Er nokkur ástæða til þess að ætla, að hún gefi nú helmingi minna af sér en síðastl. ár? — Ágóði af víneinkasölunni var 1929 1 millj. 25 þús. kr., en nú er ágóði af henni áætlaður 650 þús. kr. Það væri að vísu mjög æskilegt, að Íslendingar neyttu minna víns 1932 en þeir gerðu 1929, en ég efast um, að raunin verði sú.

Þegar ég lít yfir tekjuáætlun fjárlaganna, þá þykir mér líklegt, að tekjur verði stórum meiri en áætlað er, þótt ekki sé ef til vill rétt að vera svo bjartsýnn að álíta, að þær verði 3 millj. meiri, þótt svo yrði 1929. Hæstv. stj. hefir í frv. ekki viljað eða ekki þorað að stinga upp á miklum fjárveitingum til verklegra framkvæmda. Ef hún hefir trúað því, að tekjuáætlun hennar sé rétt, þá er hún ákaflega svartsýn á ástandið, og á þeirri svartsýni hennar byggist það, að hún hefir ekki séð neina möguleika til verklegra framkvæmda. — En nú er þannig um sumar verklegar framkvæmdir, að þær mega alls ekki bíða. Vegir margir hafa verið lagðir síðasta kjörtímabil, skólar reistir og brýr byggðar. En það er ekki nóg að leggja fé í að reisa mannvirki, það þarf líka að halda þeim við, — þótt talið sé, að vegir séu svona og svona víða bílfærir, þá eru þeir það í raun og veru ekki, heldur eru þeir í hinu hörmulegasta ástandi. Sumpart kemur það til af því, að þeir voru ekki í öndverðu byggðir með nútímafarartæki fyrir augum. En jafnvel þeir, sem lagðir hafa verið á síðustu árum, eru ekki heldur lagðir sem skyldi. Sumpart eru vegirnir svo ómögulegir sem þeir eru fyrir þá sök, að þeim er ekki nægilega haldið við. Þarf ekki annað, til að sannfærast um að svo sé, en að fara um vegina hér í nágrenninu, sem mest eru notaðir. — Þær 200 þús. kr., sem áætlaðar eru til vegaviðhalds, að viðbættum bifreiðaskattinum, munu því alls eigi nægja til þeirra hluta. Jafnvel þótt brtt. fjvn. um 400 þús. kr. veitingu nái fram að ganga, þá er sú upphæð ekki nægileg til þess viðhalds, svo að viðunanlegt sé. Vegamálastjóri hefir talið 500 þús. kr. það minnsta til nauðsynlegs viðhalds. Þá er það þó 100 þús. kr. lægra en talið er nauðsynlegt af þeim manni, sem mesta þekkingu hefir á þessum málum.

Þær brtt., sem bornar eru fram við þessa umr. til hækkunar á gjaldahlið fjárlagafrv., nema 2 millj. 200 þús. kr. En þar í er ekki talin 300 þús. kr. brtt., sem þrír hv. þm. hafa borið fram og gengur í líka átt og okkar brtt. Fyrsti flm. hennar lýsti yfir því, að hann tæki hana aftur, ef okkar næði fram að ganga.

Nú dettur mér ekki í hug, að allar þær brtt., sem miða að auknum framkvæmdum, nái fram að ganga, en þótt svo væri, þá væru samt afgangs 800 þús. kr., ef gert væri ráð fyrir sömu tekjum og 1929.

En nú er einn liður í fjárlögunum, sem er algert nýmæli. Það er til fyrningar á fasteignum ríkisins. Til þess eru áætlaðar 350 þús. kr.

Nú er það svo, að einstaklingar og félög reikna fyrningargjald, þegar talið er fram til skatts. Þetta er vitanlega alveg rétt bókhaldslega. Þeir þykjast leggja ákveðnar upphæðir í fyrningarsjóð, en þá þýðir það það, að þær upphæðir eru ekki útborgaðar t. d. til hluthafa. En þær eru ekki lagðar í sparisjóðsbók og geymdar þannig, heldur eru þær notaðar til viðbótar rekstrarfé fyrirtækisins næsta ár.

Þannig mun einnig verða með þessa upphæð í fjárlögunum. Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta fé verði lagt í bankabók, heldur verði það tekið til rekstrar á næsta ári, eins og myndi vera gert hjá félögum og einstaklingum. (MG: Er ekki upphæðin færð til baka?). Jú, hún er færð til baka í sjóðsreikningnum, en í rekstraráætlun (þ. e. í gjaldahlið fjárlagafrv.) er hún talin með gjöldum, eins og einstaklingar gera í sínum rekstri.

Þá vík ég að brtt., sem við höfum borið fram við 16. gr. fjárlaganna. Það ber víst enginn brigður á það, að allmikið atvinnuleysi vofi yfir með komandi hausti og sé jafnvel byrjað nú þegar. Og ég geri ekki ráð fyrir, að við séum svo bjartsýnir, að við gerum ekki ráð fyrir, að atvinnuleysið verði samt sem áður enn meira á næsta ári. Þetta mikla böl, sem aðrar þjóðir hafa haft við að stríða, er nú byrjað hér. Það byrjaði í raun og veru í fyrra, en er nú orðið ennþá verra

og útlit fyrir, að það fari versnandi. Og fari svo, að hið opinbera dragi mjög úr framkvæmdum, þá verður atvinnuleysið því tilfinnanlegra. Aðrar þjóðir hafa gert ýmsar ráðstafanir til bjargar í þessum efnum, svo sem með sjóðsstofnunum, sem gripið er til, þegar atvinnuleysi ber að höndum, og atvinnuleysisstyrkjum af hálfu ríkisins. En við eigum ekkert af slíku. Við eigum ekkert annað til að vísa þeim á, sem við atvinnuleysi hafa að búa, en þetta eina: að leita á náðir sveitar- eða bæjarstjórna. Það er eina úrræðið, sem löggjöfin vísar okkur á. En það er neyðarúrræði, því að fyrst og fremst er það, að þágu sveitarstyrks er, eða getur verið, samfara réttindamissir. Og það er hart aðgöngu að missa mannréttindi sín fyrir það, að geta ekki fengið að vinna. Þegar þannig verður alls ekki sagt, að það sé mannanna sök sjálfra, þótt þeir séu bjargarlausir, þá getur ekki á neinn hátt talizt réttmætt, að þeir fyrirgeri mannréttindum fyrir það.

Í sambandi við þetta tel ég rétt að minnast á það, að aðrar þjóðir hafa sett ýmsar reglur um innflutning og vist erlendra verkamanna. Við eigum lög frá 1920 um eftirlit með innflutningi útlendinga, og með lögum frá 1927 er bannað að ráða erlent verkafólk til vinnu hér á landi, nema með vissum undantekningum. Ef menn vilja flytja verkafólk inn í stórum stíl, verður að leita leyfis stjórnarinnar, svo sem t. d. var með norsku verkamennina, sem komu til vinnu að síldarbræðslunni í Krossanesi. En hitt er algerlega óhæft, svo sem hér hefir verið, að fólk komi hingað frá ýmsum löndum og taki sér hér bólfestu án nokkurs leyfis eða eftirlits. Vil ég leyfa mér að skjóta því til hæstv. stj., að hún beiti þessum tvennum lögum meira en gert hefir verið. Því að auðsætt er, að ef útlendingar koma hingað og ráða sig til vinnu, sem innlendir menn geta af höndum leyst, þá gerir það ástandið ennþá verra. Í Englandi eru t. d. ákvæði um það, að enginn útlendingur fái atvinnu við nokkur störf, og bannað er mönnum því meira að segja að taka útlenda stúlku fyrir kaup í hús sitt. Hér er eitthvað annað. Ég veit ekki betur en að hér séu menn algerlega sjálfráðir að því að taka útlenda menn í þjónustu sína, og útlendingar alveg sjálfráðir að því að koma hingað í atvinnuleit. Að vísu er það svo, að í húsaleigufrv. því, sem hæstv. forseti þessarar deildar ber fram, er sagt, að utanbæjarmenn geti ekki fengið leigt hér í bæ, og af því má draga þá ályktun, að það nái einnig til útlendinga. En ákvæðin ná ekki nema til Reykjavíkur. En ef það á að meina samlöndum vorum að fá leigt hér, því þá ekki að banna innflutning erlends verkafólks, meðan sakir standa eins og nú er.

Mikið af tekjum ríkissjóðs eru fengnar með hinum svonefndu óbeinu sköttum eða tollum. Þessa tolla borga allir jafnt, sem hinar tolluðu vörur þurfa að kaupa, fátækir jafnt sem ríkir. Tollar eru háir á ýmsum nauðsynjavörum, sem menn komast ekki hjá að kaupa. Kaffi verður t. d. að teljast nauðsynjavara og tóbak jafnvel líka. Frá mínu sjónarmiði er það því ekki fráleitt, að ríkið hlaupi undir bagga, þegar neyðin ber að dyrum, og leggi fram fjárupphæðir og hjálpi um vinnu þeim, sem vinnu þurfa að fá.

Mér dettur ekki í hug, þótt samþ. verði brtt. sú, sem hv. þm. Seyðf. og flokksbræður hans bera fram, að bætt verði til hlítar út atvinnuleysisvandræðunum. Hitt veit ég, að ef okkar till. verður samþ., þá verður það mjög mikill léttir sveitar- og bæjarfélögum þeim, sem í hlut eiga. Þótt Alþingi samþykki okkar till., þá er það víst, að sveitar- og bæjarfélögin munu leggja mikið fé fram á móti. Um þessi mál verður að vera samvinna milli ríkis og bæjarfélaga. Mér dettur ekki í hug að neita því, að erfitt verði að koma fyrir því fé, sem hér um ræðir. En okkur þótti það heppilegasta fyrirkomulagið, að stj. ákveði, hvert féð fari, eftir skýrslum, sem fyrir liggja. Það á ekki að vera vandkvæðum bundið að fá skýrslur yfir atvinnulausa menn. Hinsvegar getur stj. ekki ákveðið, hvort Pétur eða Páll á að fá vinnuna, heldur þeir, sem bezt þekkja til á hverjum stað. Þess vegna leggjum við til, að bæjarstjórnir ráði því í samráði við verklýðsfélögin á staðnum, hverjir vinnuna fá. Það geta verið í tölu atvinnulausra verkamanna einhverjir svo stæðir, að þeir hafi samt nægilegt fyrir sig að leggja. En það er engin von til þess,

að stj. geti sagt, hverjir eru maklegastir. Sömuleiðis er sjálfsagt, að sömu stjórnarvöld ráði um það, hvað vinna skuli. Það er margt ógert, bæði sem ríki og bæjarfélög þurfa að láta gera, og verður þess vegna heppilegast, að ríkisstj. ákveði, hvað vinna skuli í samráði við hlutaðeigandi sveitar- og bæjarstjórnir.

Ég held, að ég þurfi ekki að svo komnu að fara fleiri orðum um þetta mál. Það vefengir enginn nauðsynina á atvinnubótunum. Hitt má e. t. v. segja, að ríkissjóði beri ekki lögskylda til að sjá fyrir þeim, sem í nauðum eru staddir sökum atvinnuleysis, heldur sé það sveitarsjóðanna að taka við þeim, og sömuleiðis, að ríkissjóður hafi ekki efni á þessu. En við nánari athugun býst ég við, að hvorugt verði svo þungt á metunum, að það vegi á móti hinni brýnu nauðsyn, og vænti ég því, að hv. þdm. muni greiða þessari brtt. okkar atkv.

Jón Ólafsson: Ásamt hv. samþm. mínum hefi ég borið fram 3 brtt. á þskj. 118. En það hefir orðið að samkomulagi að draga til baka 2 þeirra, lið IV. og XXIV., og er það þá aðeins ein, sem við leggjum undir dóm hv. þdm., og þar sem hér er um að ræða hið mesta nauðsynjamál, sandgræðsluna, þá vonum við að hv. þdm. taki til athugunar og sjái, hvílíka nauðsyn hér er um að ræða. Þessi starfsemi er ein af hinum stóru og góðu framkvæmdum, sem seinni tíminn hefir byrjað á til að koma landinu í það horf, sem áður var.

Nú eru hér á landi 25 sandgræðslustöðvar, sem kostaðar eru af ríkinu. En það er þörf á miklu fleiri stöðvum. Við, sem komnir erum töluvert til aldurs, vitum það, að ef þessu hefði fyrr verið gefnar gætur, og áður hefði verið byrjað á þessum framkvæmdum, þá hefðum við sloppið við fjárútlát, að miklum mun, en sem ekki dugar nú um að sakast. Eins og nú er komið landskemmdum af uppblæstri, er fjárframlag það, sem hér er farið fram á, smámunir á móts við þörfina. Það var byrjað á sandgræðslunni þar sem þegar var blásið, en það er nauðsynlegt að græða upp landið á byrjunarstigi, og fyrirbyggja þar með stórar landskemmdir, en til þess er þing og stj. allt of aðgætin með fjárframlög. Nú hefir stj. og hv. fjvn. verið því samþykk, að þessi styrkur yrði færður úr 40 þús. kr. niður í 25 þús. kr., 1000 kr. á hverja sandgræðslustöð. Það hlýtur öllum, sem vit hafa á og um þetta hafa hugsað, að vera ljóst, að þetta er allt of lítill styrkur, ef nokkurt gagn á að vera að. Ég vona það, að þegar menn hafa litið á þetta þessum augum, láti þeir sig ekki um muna, þótt þeir annars vilji spara, að hækka þenna styrk, sem nauðsynlegt er að sé svona hár, þar sem um er að ræða að bjarga því, sem annars liggur undir eyðileggingu. Hversu illa sem ástatt er um fjárhaginn, þá má það ekki gleymast, að ekki má spara á þann hátt, að stórtjón verði af. Af því að ég veit, að margir af hv. þdm. eiga við eitthvað slíkt að búa, þá vona ég, að þeir líti á þetta sömu augum og ég, að ekki megi draga úr þessum styrk, enda held ég, að óhætt sé að segja það, að þar sem starf eins og þetta krefst starfsmanna, þá sé það tap að kosta starfsmenn og láta þá ekkert hafa að gera. — Þá hefi ég flutt hér eina brtt. á sama þskj., um að hækkað sé tillag til heimilisiðnaðarfélagsins upp í halla þann, sem félagið varð fyrir á iðnaðarlandssýningunni 1930. Þetta félag réðist í það stórvirki að halda landssýningu á heimilisiðnaði. Og það var svo sem fyrirfram vitað, að kostnaðurinn myndi verða mikill, enda reyndist svo, að einmitt kostnaðurinn varð fyllilega eins mikill og gert hafði verið ráð fyrir, en tekjurnar aftur á móti rýrari en búizt hafði verið við. En ég held, að konur, er gengust fyrir slíku sem þessu, eigi ekki skilið að verða fyrir halla af þessum ástæðum fyrir þann áhuga, sem þær hafa sýnt. Menn eiga yfirleitt ekki kost á að kynnast því, hvað mikill hagleikur býr í landinu, nema með því að halda sýningar. Bæði útlendir og innlendir menn, sem sýninguna skoðuðu, dáðust mjög að þeim hagleik, sem þar kom fram. Þess vegna megum við ekki láta þá, sem þennan áhuga sýndu og komu þessu af stað, greiða hallann, þar sem við höfum haft bæði gagn og heiður af þessari sýningu. Eftir því sem mér er kunnugt, þá er rekstrarhallinn 5 þús. kr.; þar af hefir fjvn. tekið upp í hallann 2 þús. kr. En

það mun vera í eignum eitthvað ofurlítið, sem búizt er við að seljist, en það kemur aldrei til að verða nægilegt til þess að greiða það, sem á vantar, þó að félagið fái 3500 kr. Þess vegna hefi ég lagt til, að þessi styrkur yrði hækkaður úr 2 þús. upp í 3500 kr. og til vara 3000 kr. Ég held, að við megum ekki við því, með því að lítilsvirða slíkan áhuga, sem hér hefir komið fram, að bæla niður og draga úr þeim kjarki, sem þeir, sem að þessari sýningu stóðu, hafa sýnt, með því að daufheyrast við þessari sjálfsögðu og réttmætu kröfu.

Lárus Helgason: Ég á hér eina brtt. við 13. gr. fjárl. Þó það virðist vera hækkun, þá er það í raun og veru aðeins leiðrétting. Undanfarin ár hefir báturinn Skaftfellingur notið 24 þús. kr. styrks úr ríkissjóði. En í fjárlagafrv. fyrir 1932 hefir stj. ákveðið styrk þennan 20 þús. kr. Hvernig þetta hefir slæðzt inn, er mér ekki kunnugt, en rök til þess hljóta að vera lítil. Á þessum sama tíma hafa útgjöld til strandferða aukizt mjög, þar sem nýtt skip er komið til sögunnar. En þess ber að gæta, að strandferðir hafa ekkert batnað hjá Skaftfellingum. Stærri skip geta aldrei komizt á þessar stöðvar, sem bátnum er ætlað að fara um. Um leið og fjárveitingar aukast mjög til strandferða, á að draga úr þeim á þessu svæði. Þetta hlýtur að stafa af einhverjum misskilningi, sem verður að færa í lag. Það er hægt að sýna og sanna, hvernig fjárhagur þessa báts er. Árið sem leið, sem er eitt bezta árið, sem báturinn hefir verið rekinn, var rekstrarhalli á 7. hundrað króna, og þó hafði hann þá 24 þús. kr. styrk. Ef ekki verða veittar nema 20 þús. kr. nú, verður rekstrarhallinn hátt á 5. þús. kr., þó að rekstur bátsins gangi vel. Fé, sem stendur í bátnum, er að mestu safnað saman á því svæði, sem hann vinnur fyrir, sem sé hlutafé. Af þessu fé hefir í mörg ár ekki verið borgaður eyrir í vexti. Þetta hlutafé er ekki nær þess virði, sem það hefir verið talið, því að báturinn hlýtur að vera orðinn minna virði nú en hann var fyrir 10 árum, þó að á hverju ári sé varið nokkru fé honum til viðhalds. Og vitanlega lækka slík skip alltaf í verði, en hækka ekki; þau slitna eins og allt annað. Þar til fyrir 2 árum var þessi bátur styrktur með öðrum flóa- og fjarðabátum. Því var breytt 1929, því að það var bert, að hér var og er ekki um að ræða neina flóa eða firði, heldur stóran kafla af suðurströnd landsins, þar sem um enga höfn eða fjörð er að ræða. Ég held, að ekki sé þörf fyrir mig að eyða löngum tíma í að tala um þessa leiðréttingu, því að hér er ekki um neina hækkun að ræða úr því, sem verið hefir undanfarin ár. Það hefði verið þörf, eins og reikningarnir sanna, að hækka styrkinn, en af því að það verður að halda á öllu sparlega, þá hefi ég ekki farið fram á það að þessu sinni, heldur aðeins, að fjárupphæðin haldi sér, en að lækka hana getur ekki komið til mála. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessa leiðréttingu. Ég vænti þess, að hv. dm. sjái, að hér er um sjálfsagt mál að ræða. Ef einhver dm. kunna að efast um, að hér sé rétt frá skýrt, þá hefi ég reikninginn í höndum fyrir síðastl. ár, og hann ber það með sér, hvort ég hefi ekki skýrt rétt frá.

Bergur Jónsson: Ég á ekki sjálfur nema eina brtt. við fjárlögin, en ég er meðflm. að 2 öðrum, ásamt hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Reykv., og hefir aðalflm. gert grein fyrir þeirri till., að Skáksambandi Íslands verði veittur 2 þús. kr. styrkur. Ég hefi því ekki ástæðu til að fara lengra út í það. Eins og kunnugt er, flytur samgmn. brtt. um að lækka styrk til flóabáta úr 50 þús. upp í 89 þús. Frsm. n., hv. þm. N.-Ísf., hefir gert grein fyrir þessari till., svo að ég þarf ekki að gera það almennt, en ég vildi geta þess, að þarna er um að ræða 2 þús. kr. lækkun frá því, sem veitt var á yfirstandandi ári. Ég vildi gera nánari grein fyrir því, að til eins bátafélagsins, sem styrkur er ætlaður til, h/f Breiðafjarðarbátsins Norðra, hefir n. lagt til, að styrkurinn yrði hækkaður um 1000 kr. og frsm. n. gerði grein fyrir þeirri hækkun að nokkru leyti. Hann benti á, að þarna norðanvert Breiðafjarðar stendur nokkuð sérstaklega á, m. a. er ekki hægt að bæta úr samgönguleysinu með vegagerðum, og stendur að því leyti eins á og við Ísa-

fjarðardjúp. Landið er ákaflega vogskorið og fjöllótt og því sérstaklega illt yfirferðar á landi. Ýmsar aðrar ástæður eru til að styrkja þennan bát frekar en aðra, t. d. eru héruðin, sem að bátnum standa, mjög fámenn og fátæk og sýslufélagið eitthvert hið minnsta á landinu, um 900 íbúar, og mjög magnlítið fjárhagslega og hefir beðið mikinn hnekki af því, að Flateyjarhreppur, stærsti og fjölmennasti hreppurinn, stendur mjög illa fjárhagslega síðan aðalatvinnurekandinn þar varð gjaldþrota. Samt hafa þessir fátæku hreppar með frjálsum framlögum ráðizt í að kaupa dýran vélbát, sem tvisvar sinnum hefir orðið að kaupa nýja vél í, og náð saman um 40 þús. kr. í bátinn, sem er tiltölulega mjög mikið, þegar miðað er við gjaldþol fólksins þar um slóðir. Það má í raun og veru segja, að hér sé um hreint Grettistak að ræða af svo fámennu héraði. Auk þess er rétt að geta þess, að ekki er hægt að bæta úr samgönguleysinu þarna með strandferðaskipunum eins og víðast annarsstaðar, þar sem flóabátar eru. Svæðið, sem bátnum er ætlað að fara um, hefir aldrei verið mælt upp, og þar að auki er það illa lagað, strjált á milli bæja og svo vogskorið, að ég býst ekki við, að talið verði ráðlegt að senda þangað hafskip. En fjárhagur félagsins er svo erfiður, að ég efast um, að þessi litla hækkun, sem vonandi fæst, verði nægileg til þess að félagið komist af.

Fjvn. leggur til, að veittar verði 70 þús. kr. til nýrra símalagninga. Frsm. n. gat þess í framsöguræðu sinni, að í nál. fjvn. 1930 voru taldar upp nokkrar símalínur, sem samkv. till. landssímastjóra skyldu ganga fyrir öðrum. M. a. eru þar 2 línur úr Vestur-Barðastrandarsýslu, línurnar frá Bíldudal til Selárdals, og frá Kvígindisdal til Breiðavíkur. Um báðar þessar línur er það að segja, að þær eru löngu komnar í símalög. Árið 1919 var línan frá Patreksfirði til Saurbæjar sett í símalög. Í till. landssímastjóra, þeim sem áður getur, er sleppt línunni frá Hvalsskeri við Patreksfjörð til Saurbæjar. Ég skil ekki, hvernig á þessu stendur, en sennilega hefir fjvn. ekki áttað sig á því. Síðar, 1929, voru teknar upp í símalög aftur línurnar frá Bíldudal til Selárdals og frá Kvígindisdal til Breiðavíkur. Það lítur helzt út fyrir, að löggjafarvaldið hafi þá ekki vitað, að önnur línan var áður komin í símalög. Ég tel bæði af ummælum hv. frsm. fjvn. og nál. 1930, að beinlínis sé skylda að láta þessar línur ganga fyrir öðrum, sem gerðar verða á næsta ári. Í raun og veru hefði átt að gera þær í ár. — Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að flytja eina brtt., X., á þskj. 118, um það, að útgerðarfélaginu á Vatnsleysuströnd verði veittar 8500 kr. til lendingarbóta gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá. Þetta félag var stofnað í júní 1930 og er samvinnufélag. Eigendur félagsins eru allir þeir sjómenn, sem vinna við það, og einnig þeir menn, sem vinna í þágu þess á landi. Félagið á vélbát, sem er 20 smál. að stærð, og fékk það til þess stuðning Útvegsbankans. Til þess að geta starfrækt þenna bát hefir félagið orðið að láta byggja stóra bryggju, sem er að lengd 100 m. En auk þess er fyrirsjáanlegt, að það þarf að byggja varnargarð, sem áætlað er, að þurfi að vera 27 m. að lengd. Félagið getur ekki af eigin rammleik staðizt þann kostnað, sem af þessu leiðir og hefir þess vegna leyft sér að leita til Alþingis um það, að því verði veittur þessi lítilmótlegi styrkur til lendingarbóta, sem er 8500 kr. Ég sé ekki, að það hafi mikla þýðingu að skýra hv. d. nánar frá aðdraganda þessa máls og fjárhagsástæðum félagsins. Það er eins og aðrir nýgræðingar, sem hafa mætt yfirstandandi kreppu, illa stætt, og þar sem þetta félag skipa eingöngu fátækir sjómenn og daglaunamenn, er því lífsskilyrði að fá þenna styrk.

Ég skal geta þess, að félagið hefir þegar látið byggja bryggjuna, sem kostað hefir nokkuð yfir 14 þús. kr. Bryggjan hefir verið metin af 2 óvilhöllum mönnum, þeim Sigurgeiri Gíslasyni verkstjóra og Ásgeiri byggingarmeistara í Hafnarfirði, á 12800 kr. Jafnvel þó að þetta mat sé lagt til grundvallar, þá er fyrirsjáanlegt, að styrkurinn, sem farið er fram á, nemur ekki hálfu kostnaðarverði þeirra mannvirkja, sem félagið þarf að láta vinna. Ég vona, að hv. d. líti með sanngirni á aðstöðu þessa máls, og sjái sér

fært að samþ. till, og í því trausti læt ég lokið máli mínu.

Sveinn Ólafsson: Ég á enga brtt. við fjárlagafrv. að þessu sinni og gæti þess vegna komizt hjá að taka til máls, en ég kemst ekki hjá því að greiða atkv. um till., sem fyrir liggja, og þess vegna finnst mér ég verði að fara nokkrum orðum um ýmsar þeirra. Sumar brtt., sem fyrir liggja, hafa minnt mig á gamalt orðtæki, sem segir, að hægra sé að kenna heilræðin en halda þau. Undanfarið hefir ekki allsjaldan verið átalið, hvað freklega opinbert fé hafi verið notað síðari árin og þar með hvöt veitt til þess að fara nú varlegar. En mér finnst, að sitt hvað af því, sem fram hefir komið í brtt., bendi til þess, að slíkum aðvörunum fylgi ekki mikil alvara hjá till.mönnum. Auðvitað er það rétt, að sumar af þessum till. hafa verið teknar aftur til 3. umr. En væntanlega koma þær þá fram í svipaðri mynd og þær liggja fyrir nú. Ég skal ekki elta ólar um þær, sem teknar hafa verið aftur. Mér finnst það ekki eiga við að þessu sinni, en ég ætla lítillega að drepa á fáeinar af þeim, sem nú eiga að koma undir atkv.

Þegar ég lít yfir till. í heild, er það bert, að yfirleitt lýtur meiri hl. þeirra að því að bæta úr atvinnuskortinum, beint eða óbeint, og skapa skilyrði fyrir betri afkomu vinnandi manna.

Ég kannast við, að þetta sé rétt og eðlilegt, en ég verð að segja, að mér finnst, er svo stendur á, að grípa þarf til stórfelldra fjárveitinga í þessu skyni í slíkri kreppu, sem nú er, þá verði líka að binda þær því skilyrði, að eitthvað gagnlegt, eitthvað sýnilega arðvænlegt, verði unnið fyrir þær.

Að því er kemur til till. hv. fjvn., þá er þetta gert. Hún leggur til, að fénu verði varið til ákveðinna framkvæmda, svo sem vega, brúa og síma, um 700 þús. kr. Þessar framkvæmdir, sem reyndar eru oft óarðbærar, eru fyrst og fremst til þess að skapa atvinnu, og er það auðvitað gott og blessað, ef fjárhagurinn leyfir slíkt, en nú vita allir, að fjárhagurinn er mjög þröngur.

Hinsvegar liggja líka fyrir till. frá einstökum þm. um allmiklar fjárveitingar til atvinnubóta, án þess að tekið sé fram, til hvers eigi að nota þær. Einkanlega á þetta við till. hv. þm. Seyðf. og flokksbræðra hans, og ennfremur till. hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. Reykv. Verði þessar till. samþ., sem fara fram á upphæðir, er nema um 800 þús. kr., þá nemur upphæðin til atvinnubóta samtals um 1½ millj. kr., og hæfir ekki í harðæri að eyða því í óarðbær fyrirtæki.

Hefði ég átt að bera fram slíkar till. sem þessar, hefði mér þótt tilhlýðilegt að ráðstafa því í till., hvernig farið skyldi með féð, og ákveðið, til hvers ætti að nota það.

Hér á landi er svo ástatt í fámenninu, að aldrei ætti að vera um nokkurt atvinnuleysi að ræða. Það er hörmulegt, að í landi, þar sem eru þúsundir og aftur þúsundir ferkm. af óræktuðu og frjóu landi, skuli vera svo mikið atvinnuleysi, að talað sé um það eins og þjóðarböl. Það vita þó allir, að hér á landi geta fjórfalt fleiri menn lifað af landrækt en nú stunda hana og haft nóg fyrir sig að bera og óþrotlega atvinnu. Enginn, sem kynni hefir af landrækt, efast um það, að hún launar vel störf þeirra, sem stunda hana með fyrirhyggju.

Það er þess vegna að nokkru leyti sök atvinnulausu mannanna sjálfra, að þessi vá er fyrir dyrum. Og þess vegna er meiri ástæða að binda fjárveitingar til atvinnubóta sérstökum skilyrðum.

Vel mætti skilorðsbinda fjárveitingarnar á þann veg, að fyrir hvern tug þúsunda, sem veittar eru til atvinnubóta, væri ákveðin landspilda ræktuð að fullu. Mér fyrir mitt leyti þætti betta allra eðlilegasta aðferðin, því að önnur atvinna er ekki áreiðanlegri hér á landi en landræktin, og engin, sem varanlegra gildi hefir.

Útstreymi fólksins úr sveitunum er vissulega ekki stöðvað ennþá. Það heldur stöðugt áfram, jafnvel síðastliðið ár hefir borið talsvert á því og jafnvel álitleg jarðnæði látin í eyði. Ég á sjálfur talsvert óræktað land, og hefi þar að auki ráðstöfunarrétt á allmiklu af opinberu landi. Hefi ég þrásinnis gefið mönnum, sem voru að flytja sig á mölina, kost á góðu landi til ræktunar með mjög vægum kjörum. En venjulega hefir þetta samt enga áheyrn

fengið, nema ef landið hefir legið fast að bæjum eða kauptúnum.

Ég verð að biðja afsökunar á því að hafa tafið umr. með þessu innskoti, en mér fannst ég verða að taka það fram út af þessum atvinnubótatill., að sjálfsagt er, að fjárveitingar slíkar verði bundnar því skilyrði, að eitthvað varanlegt og verðmætt sjáist eftir, að framkvæmdum loknum.

Ég ætla ekki að fara að tala um hverja einstaka till. af þeim, sem fyrir liggja. Þær eru að sjálfsögðu misjafnlega þarflegar, en atkv. mitt mun sýna, hvern hug ég ber til þeirra. Samt verð ég áður lýkur að hrella minn ágæta sessunaut (EA) með því að segja undir eins, að ég mun greiða atkv. á móti fjárveitingu til Skáksambands Íslands, eins þótt hv. þm. kunni að líta á fjárveitingu þá eins og vísi til atvinnubóta eða bjargráða í hallærinu. (**EA**: Ekki eru nú allar fjárveitingar dýrtíðarráðstafanir). Eins er með ýmsa persónustyrki. Mér finnst ekki ára svo, að ástæða sé til þess að ýta undir þá, og mun ég því einnig greiða atkv. móti þeim.

Að svo mæltu ætla ég ekki að tefja tímann lengur. Ég hafði að vísu hugsað mér að fara nokkrum fleiri orðum um ýmsar till., en þar sem nú er svo framorðið dags, ætla ég að sleppa því.

Jóhann Jósefsson: Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvort tilætlunin sé að halda umr. áfram til miðnættis, og hvort hann álítur ekki, að réttara væri að fresta umr. til morguns, og gefa fjvn. tækifæri til þess að athuga till. gaumgæfilega.

Forseti (JörB): Ég tel æskilegt, að umr. verði lokið í nótt, en atkvgr. frestað til morguns. En ég tel sjálfsagt að gefa svo sem klt. hlé, svo að fjvn. geti athugað till. Annars hafa nú allflestir þm. talað fyrir brtt. sínum, svo að ég sé ekki þörf á að fresta umr.

Jóhann Jósefsson: Þó að fjvn. sé ætlað klt. hlé til athugunar, þá finnst mér það allt of flaustursleg afgreiðsla. Mér finnst engin þörf að hraða störfum þingsins svo mjög. Hér liggja nú mörg erindi frammi, og þarf að athuga þau gaumgæfilega. — Afgreiðslu fjárlaganna hefir verið hraðað óvenju mikið í þetta sinn, svo að bæði ég og aðrir, sem ætluðu að snúa sér til fjvn., urðu of seinir. Hún var búin að skila áliti fyrr en nokkurn varði. Mér virðist hæstv. forseti allt of hraðfara í þessu máli. Og það hlýtur að verða krafa okkar allra, sem hér eigum brtt., að þær verði athugaðar gaumgæfilega. Ég felli mig ekki við slík vinnubrögð, sem hér virðist eiga að viðhafa, og leyfi mér að mótmæla þeim.

Forseti (JörB): Hv. fjvn. hefir þegar gert sér grein fyrir þessum till., enda hafa hv. nm. enga athugasemd gert við þessa afgreiðslu. En fyrst koma fram ákveðin mótmæli, er bezt að slá engu föstu undir eins, heldur sjá, hvað tíminn endist.

Haraldur Guðmundsson: Ég ætla aðeins að segja fáein orð út af starfsháttum þingsins. Það hefir verið venja, að brtt. gangi til n. áður en umr. er lokið. (**Forseti**: Þær eiga líka að gera það nú). Ég hygg, að langréttast sé að fresta umr. Það eru í meira lagi einkennileg vinnubrögð, að láta þm. tala sig dauða, áður en fjvn. lætur í ljós álit sitt.

Einar Arnórsson: Ég er alveg sammála hv. þm. Seyðf. og hv. þm. Vestm. um það, að verði farið að fresta fundi nú um klt., verður svo á kvöldið liðið, þegar taka skal til aftur, að ekki tekur því að halda fundi áfram þá.

Mér sýnist vinningurinn yrði lítill, því að hv. þm. koma þá á morgun allir syfjaðir og óvitrari en þeir eru vanir að vera, og síðari villan yrði verri en sú fyrri!

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Ég held, að hv. þm. séu allt of kvíðandi fyrir komandi degi. — Ég flyt 3 brtt. við fjárlögin að þessu sinni og ætla að fara um þær fáeinum orðum.

1. brtt. er á þskj. 118, XVIII, um að Páli Guðmundssyni, bónda á Baugsstöðum, verði veittar 1500 kr. til þess að byggja sjóvarnargarð og gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sandfok. Staðhættir eru þannig, að lágt, flatt land tekur við af sjónum, og í ókyrrð berst grjót og

sandur upp á gróðurlendið. Þetta ágerist með ári hverju, og er landinu, sem mjög er nytjaríkt, auðn búin, ef þessu fær að fara fram. Þetta er ekki einungis skemmd á Baugsstaðalandi, heldur líka á nærliggjandi jörðum. Þar sem stór landspilda er nú í mikilli hættu, hefir bóndinn á Baugsstöðum ráðizt í að láta gera langan sjóvarnargarð. En þetta er talsvert dýrt fyrirtæki og ofvaxið einum manni. Hann hefir farið fram á lítilsháttar styrk af fé því, sem veitt er til sandgræðslu, en fékk daufar undirtektir hjá forráðamönnum þess, sem töldu þetta ekki beinlínis heyra undir sína starfsemi. En það er augljóst, að ekki er síður þörf á að hefta spillingu landsins þarna en víða annarsstaðar. Vona ég því, að hv. þdm. taki þessu máli vel.

2. brtt. er á sama þskj., XXVI., og er þar farið fram á, að veittar séu 5000 kr. til dýpkunar á innsigling leiðarinnar á Stokkseyrarsundi. Eins og kunnugt er, eru hafnleysur miklar á suðurströnd landsins, verstar eru þær á Eyrarbakka og Stokkseyri, og svo, að í ókyrrð brýtur þar á höfninni. Á síðari árum hafa verið gerðar nokkrar umbætur á Stokkseyrarhöfn, sprengdar klappir úr innsiglingu o. fl., og hefir komið í ljós, að það er til mikilla bóta. Samt eru grynningar á þessari leið, sem brýtur á, ef mikil ókyrrð er. Menn telja, að hægt sé að ráða bót á þessu, með ekki mjög miklum tilkostnaði.

Ég held, að það hafi verið næstliðinn vetur, að óveður skall á og voru menn á sjó bæði frá Stokkseyri og Eyrarbakka. Stokkseyringar komust í höfn heilu og höldnu, og þökkuðu líf sitt lendingarbótunum, en þó var mjög erfitt að lenda. Eyrbekkingar hleyptu aftur á móti til Vestmannaeyja, því að þeir trúðu ekki því, að svo miklar umbætur væru orðnar á Stokkseyrarhöfn, sem raun bar vitni.

3. brtt. er á sama þskj., XXX. Þar er lagt til, að Ólafur Guðmundsson, fyrrum ferjumaður á Þjórsá, fái 300 kr. lífeyri. Þessi maður er hinn merkasti í hvívetna og kunnur mörgum eldri mönnum fyrir dáðríkt æfistarf, prýðilega af hendi leyst. Hann stundaði ferjustarf við Þjórsá að Sandhólaferju frá því á unga aldri og þar til Þjórsá var brúuð. Umferð var þarna mikil og oft hættulegt að ferja. Sagt var, að dagur hefði ráðið að vetri, en sól að sumri, tímanum, sem ferjað var á.

Ólafur var hreystimenni mikið, og ganga ýmsar sagnir um afl hans, ætíð var hann kátur og hjálpsamur; sagt er, að þegar mikið lá á, hafi hann oft tekið klyfjar sína í hvora hönd, og látið upp, og er það ekki á færi annara en þeirra, sem vel eru hraustir.

Hann vann svo ósleitilega, að þegar brúin kom á Þjórsá, var heilsan biluð, hann hafði lítið borið úr býtum og var um margra ára skeið svo heilsuveill, að hann gat ekki unnið sér lífsviðurværi.

Eftir allmörg ár batnaði honum svo, að hann fór að geta unnið aftur. Stundaði hann þá sjóróðra á Stokkseyri og í Þorlákshöfn. Sú trú lá á, að þeim vegnaði betur, sem gæfi honum kost á skiprúmi, og sýnir það sem annað, hvernig hann naut hylli allra og vináttu.

Maður þessi er hinn mesti skýrleiksmaður og fróður vel og hefir gengið svo rösklega til verks og gert svo mörgum manni gott og gagn um dagana, að ég teldi vel farið, að Alþingi sýndi honum nokkurn viðurkenningarvott fyrir ósérplægni hans og drengskap, nú þegar heilsa hans er að þrotum komin. Ég veit vel, að 300 kr. eru dálítil fjárhæð, en ég þykist vita, að hv. d. sé þeim drengjum skipuð, að þeir telji þessar krónur ekki eftir, þegar svo stendur á sem hér.

Forseti (JörB): Þar sem senn er komið miðnætti, þykir mér rétt, að hv. dm. skeri úr með atkvgr., hvort fundi skuli haldið áfram. Ég hafði hugsað mér, ef hv. dm. gætu á það fallizt, að hv. frsm. fjvn. talaði nú, en hann gerir ráð fyrir að tala stutt, og síðan yrði fundi slitið. En ég vil eigi að síður bera það undir deildina.

ATKVGR.

Till. forseta var samþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, IngB, JörB.

nei: MG, MJ, ÓTh, VJ, EA, GÍ, HJ, HG, JJós.

Fimm þm. (JAJ, JónasÞ, LH, HStef, HV) fjarstaddir.

Frsm. (Hannes Jónsson): Það er gengið allhastarlega til verks nú, þar sem fjvn. hefir ekki haft nema rúman hálftíma til þess að úrskurða um þær brtt., sem fyrir liggja, og er það þó sannarlega ekkert smáræði, því að það er hvorki meira né minna en rúmlega 1½ milljón, sem farið er fram á, að bætt verði við útgjöld ríkisins fram yfir það, sem n. hefir áður lagt til. Það er vitanlegt, að um fjölda af þessum till. er hægt margt gott að segja, því að hér er yfirleitt um nauðsynlegar framkvæmdir að ræða eða styrki til nauðsynjaverka. N. hefir þó farið lauslega yfir þessar till., en í mörgum einstökum atriðum eru nm. óbundnir í atkvgr.

Ég ætla að taka þessar brtt. eins og þær liggja hér fyrir og byrja á þskj. 118. Þá er fyrst brtt. um niðurfelling á skólagjöldum. Þessi brtt. hefir verið flutt hér á þinginu áður, og alltaf verið felld, og leggur meiri hl. fjvn. til, að hún verði einnig felld nú. Einn hv. nm. hefir þó óbundið atkv. um þetta.

Um annan lið þessarar brtt., um hækkun á ýmsum tekjuliðum fjárlagafrv., hefir því verið lýst yfir af flm., að þeir taki hann aftur til 3. umr. Þá er í sömu brtt. farið fram á fjárframlög til símalína, 117 þús. kr. N. hefir þegar tekið ákvörðun um fé til símalína og leggur því á móti þessari till.

2. liður d. sömu brtt. um 100 þús. kr. hækkun á tekjuáætlun Víneinkasölunnar, hefir verið tekinn aftur til 3. umr., og þarf ég því ekki að tala um hann.

Þá er brtt. II. um vexti af erlendu láni, 90 þús. kr. N. hafði vænzt þess, að hv. flm. tækju brtt. þessa aftur til 3. umr., vegna þess að ég hygg, að það gæti orðið að samkomulagi, að þessi liður héldist, en breytt yrði fyrirsögn hans. Það er vitanlegt, að það hefir alltaf þurft að greiða töluvert af vöxtum, sem ekki hefir verið áætlað til í fjárlögum. Þannig hefir aldrei verið áætlað fyrir vöxtum af lausum skuldum ríkisins eða vöxtum af skyndilánum, sem tekin eru vegna rekstrarins, því mikill meiri hl. teknanna inn heimtist ekki fyrr en seinni hluta ársins. Ég verð því að telja rétt, að tekin yrði upp sú regla, að veita í fjárlögum nokkra upphæð í þessu skyni, þó að hinsvegar verði ekki sagt með neinni vissu svo löngu fyrirfram, hve mikið þurfi að nota af þeirri fjárveitingu.

Þá er brtt. III. 1. liður, um borðfé konungs, að greiddar verði aðeins 60 þús. kr. í þessu skyni. Það er vitanlegt, að það hefir alltaf verið venja að greiða þessa upphæð í d. kr., og get ég ekki séð, að hægt sé að ganga á móti þeirri venju. Annars hefir n. óbundnar hendur um málið, en meiri hl. hennar leggur þó á móti þessari brtt.

Þá kemur 2. liður sömu brtt. um fjárframlög til nýrra akvega. N. hefir áður tekið ákvörðun um það, til hvaða akvega skuli veitt, og leggur til, að liðurinn verði felldur.

Þá er 3. liður sömu brtt., stafl. a., um viðhald og umbætur. Í sambandi við þessa brtt. vil ég taka það fram, að það er ekki rétt hjá hv. flm., að vegamálastjóri hefði ætlazt til þess, að þessi liður yrði færður upp í 500 þús. kr. Vegamálastjóri sagði aðeins, að það þyrfti 500 þús. kr. til alls, en nokkur hluti þess fjár er á öðrum lið, til slitlags á akvegum, 80 þús. kr., sem ætla má, að verði 100 þús. kr. N. ákvað að hækka fjárveitinguna til viðhalds og umbóta upp í 400 þús. kr. og er þá 500 þús. kr. náð. Þykir mér því líklegt, að hv. flm. taki brtt. þessa aftur, þar sem hún er fram komin vegna misskilnings.

Þá er sami liður, stafl. b., um brúargerðir. N. mun halda við þá ákvörðun, sem hún hefir tekið um fjárframlög til brúargerða og leggur því til, að brtt. verði felld.

Brtt. IV., um 75 þús. kr. framlag til brúargerða á Þverá í Rangárvallasýslu, hefir verið tekin aftur til 3. umr., og skal ég því ekki tala um hana.

Þá er brtt. V., um aukið framlag til fjallvega. N. hefir tekið ákvörðun um þetta atriði og leggur til, að brtt. verði felld. Ég hygg líka, að þær ástæður, sem hv. flm. færði fyrir till., séu ekki allskostar réttar. Hann sagði, að vegamálastjóri hefði ætlazt til þess, að vegurinn yfir Reykjaheiði yrði gerður bílfær í sumar. Það er að vísu unnið að veginum í sumar, en það er gert fyrir samskotafé, en ekki í samráði við vegamálastjóra.

Brtt. VI. við sama lið hefir verið tekin aftur til 3. umr.

Þá er brtt. VII. um aukið fjárframlag til Skaftfellings. Það er sjálfsagt nauðsynlegt að styrkja þenna bát vel, en vegna þess að allt þarf að skera við neglur sér á þessum erfiðu tímum, geta sumir úr n. ekki lagt til, að þessi brtt. verði samþ., en n. hefir þó óbundnar hendur í málinu.

Brtt. VIII. hefir verið tekin aftur til 3. umr., og skal ég því ekki fjölyrða um hana.

Þá kemur brtt. IX. 1. tölul. a., um aukið fjárframlag til bryggjugerða og lendingarbóta. N. hefir fallizt á áætlun fjárlagafrv. og leggur til, að þessi till. verði felld. Þá er b.-liður, um framlag til sjóvarnargarðs í Ólafsvík, 30 þús. kr. Það er um þetta mannvirki að segja, eins og svo mörg önnur, að það væri að sjálfsögðu gagnlegt að veita til þess, ef hægt væri, en meiri hl. n. getur þó ekki mælt með því, að þessi till. verði samþ. Hér er líka ekki ætlazt til þess, að hlutaðeigendur leggi neitt á móti, eins og þó ætti að vera. Hið sama er að segja um framlag til brimbrjótsins á Skálum. Sumir úr n. eru á móti því, að það verði samþ., en um báða þessa liði hefir n. þó óbundnar hendur. Þá er c.-liðurinn, um 6000 kr. fjárveitingu til breikkunar á Snepilrás. N. hefir ekki séð sér fært að leggja til, að þetta fé verði veitt.

Þá er 2. tölul. IX. brtt., um 48 þús. kr. til hafnargerðar á Akranesi. Þarf ekki að fjölyrða um þennan lið, þar sem n. hefir sjálf lagt til, að 50 þús. kr. verði veittar í þessu skyni. Skildist mér á hv. frsm., að hann legði ekkert kapp á, hver till. næði frekar fram að ganga.

Þá er X. brtt. um 85 þús. kr. til Útgerðarfélags Vatnsleysustrandar, til lendingarbóta. Um þetta er það að segja, að hér er eflaust um mjög nauðsynlegt mál að ræða. En hér eru höfð önnur hlutföll en vant er í fjárframlögum til slíkra mannvirkja, og telur n. ekki rétt að breyta til í þessu eina tilfelli. Annars hafa einstakir nm. óbundnar hendur í málinu. Ég vildi mælast til þess, að hv. flm. tæki brtt. þessa aftur til 3. umr., og gæti n. þá athugað betur, hvort fært sé að leggja með henni, því að hér er um nauðsynlegt mál að ræða.

Þá er XI. brtt. 1. og 2. tölul. hennar hafa verið teknir aftur. Þá er tölul. 3., að aths. um skólagjöld skuli falla niður. Í samræmi við það, sem ég sagði áður um skólagjöldin, getur n. ekki lagt með því, að þessi liður verði samþ. Þá er till. á sama lið um hækkun á framlagi til barnaskólabygginga utan kaupstaða úr 20 þús. kr. í 30 þús. kr. N. hefir orðið sammála um að mæla ekki með þessari till. Sama er að segja um 4. liðinn, a. og b., um byggingar gagnfræðaskóla, alls 90 þús. kr. framlag, og ennfremur um 5. lið sömu brtt., um aukinn byggingarstyrk til húsmæðraskóla og aukið framlag til kvenfélagsins Óskar á Ísafirði. N. hefir ekki fallizt á þessar brtt.

Þegar rætt er um fjárframlög til bygginga, þá verður að gæta þess, að þar er ekki svo mjög um atvinnubætur að ræða. Sé þörf á að hefja atvinnubætur, þá ber að verja fénu til þeirra fyrirtækja, sem mesta vinnu gefa, en fresta heldur að veita fé til þeirra, sem þarfnast mikilla innkaupa á efni. Vænti ég því, að hv. flm. taki þessu vel, því að þá eru meiri líkur til þess, að þeir geti fengið fjárframlög til atvinnubóta, en það munu hv. flm. bera mest fyrir brjósti.

Þá er XII. brtt., um 2000 kr. hækkun á framlagi til Íþróttasambands Íslands. Þessi till. skiptir auðvitað ekki miklu máli. En nokkur hluti n. getur þó ekki lagt með því, að till. þessi nái fram að ganga, þar sem n. vill yfirleitt berjast á móti auknum fjárframlögum svo mjög sem hægt er. Sama máli gegnir um brtt. XIII. um 1000 kr. til Hóladómkirkju, en eins og ég hefi sagt, þá hefir n. óbundnar hendur um báðar þessar till.

Enn gegnir sama máli um XIV. brtt. um 1500 kr. til Björns K. Þórólfssonar magisters til að semja skrá um skjöl, er Ísland varða. Björn hefir fengið styrk þennan á 3. ár, en vantar enn nokkuð á að hafa lokið starfinu. Er verk þetta sjálfsagt gott og þarft, en meiri hl. n. vill þó ekki leggja með því, að brtt. þessi verði samþ.

Með XV. brtt., um 3000 kr. styrk til Þórhalls Þorgilssonar til þess að gefa út kennslubækur í rómönskum málum, getur n. ekki mælt. Vill hún þó á engan hátt efast um hæfileika þessa manns til starfsins, en álítur, að þörfin á þessu verki sé

ekki svo brýn eða aðkallandi, að fært sé að samþ. slíka veitingu nú. Sama er að segja um XVI. brtt., um styrk til Skáksambands Íslands. Verkefni Skáksambandsins er auðvitað gott og göfugt og á það styrk skilið, en n. vill skera niður alla þá kostnaðarliði, sem hægt er að komast hjá, og getur því ekki lagt með því, að till. verði samþ.

Þá kemur XVII. brtt., um aukið framlag til sandgræðslu. Það er vitanlegt, að allar líkur eru til þess að þetta starf beri góðan árangur. En á hitt ber að líta, að það sem unnið hefir verið, liggur mestmegnis í hinum kostnaðarsömu girðingum, sem eru undirstaða undir frekara sandgræðslustarfi. Er því hægt að halda verkinu áfram með fullum árangri, þótt fjárveitingin til þess sé ekki hækkuð. N. hefir því ekki getað orðið sammála um að mæla með þessari till., og hafa einstakir nm. óbundið atkv. um hana.

Þá er brtt. XVIII. um 1500 kr. styrk til Páls Guðmundssonar á Baugsstöðum til varnar skemmdum á jörð hans. N. getur ekki mælt með þessari brtt., m. a. af því, að hér er um fjárveitingu til einstaks manns að ræða. Slíkt hefir ekki átt sér stað fyrr, og er hætt við, að fleiri kæmu á eftir, ef haldið væri út á þá braut. Væri þá framkvæmd þessara mála komin úr höndum sandgræðslustjóra og ríkisstj.

Þá er XIX. brtt. Meiri hl. n. leggur á móti henni, en einstakir nm. hafa um hana óbundið atkv. Annars hafa komið fram margar og mismunandi till. um fjárframlög til atvinnubóta. Með XXVII. brtt. er farið fram á 500 þús. kr. framlag til þessara hluta. Í þessari brtt. (XIX.) er aftur ætlazt til, að ríkið leggi fram 300 þús. kr. í þessu skyni, en sveitar- og bæjarfélög tvöfalda þá upphæð í sama skyni, en í XXVII. brtt. er ekki gert ráð fyrir, að héruðin leggi neitt á móti. Þá verð ég að segja það, að ég kann betur við hugmynd þá, sem felst í brtt. XIX. — Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri slæmt að taka fjárveitingavaldið úr höndum þingsins. Ég vil þá spyrja: Er ekki einmitt með þessu verið að taka fjárveitingavaldið úr höndum þingsins? Hér er farið fram á, að veitt sé fé til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum, án þess að ríkissjóður eigi að hafa nokkurn íhlutunarrétt um, hvernig fénu er varið. Það gæti þó áreiðanlega komið fyrir, t. d. hér í Reykjavík, að þessu fé yrði varið til framkvæmda, sem ríkissjóður kærði sig ekkert um. Ríkissjóður á því að sleppa algerlega tökum á þessu fé. Það er aðeins eitt, sem er fastákveðið í brtt.: Þessar 500 þús. kr. eiga eingöngu að fara til kaupstaða og kauptúna, ekki einn eyrir af þeim má ganga til sveitanna.

Þá er XX. brtt., um aukna fjárveitingu til Fiskifélagsins. Einstakir nm. hafa óbundið atkv. um þessa till., en meiri hl. n. leggur til, að fjárveiting sú, sem áætluð er í fjárlagafrv., verði látin haldast.

Þá er XXI. brtt., um 4000 kr. hækkun á launauppbót yfirfiskimatsmanna. N. leggur til, að þessi brtt. verði felld.

Þá kemur brtt. XXII., um hækkun á greiðslu til landssýningarnefndar upp í halla af sýningunni. Sú fjárhæð, sem í fjárlagafrv. stendur, er nú tekin upp í það samkv. till. n. í vetur. Það má deila um það, hve mikinn þátt ríkið eigi að taka í þessum kostnaði. Á það má benda, að sýning þessi var ekki haldin eftir ósk alþingishátíðarn., sem sérstaklega hefði átt að hafa hönd í bagga með slíkri sýningu. N. hefir óbundnar hendur um þessa till.

Um XXIII. brtt., 4000 kr. styrk til Kvenfélagasambands Íslands, hefir n. einnig óbundnar hendur. Hefir samband þetta sjálfsagt gott og nytsamt starf með höndum, sem vert væri að styrkja, en sumir úr n. líta þó svo á, að það geti beðið betri tíma.

Brtt. XXIV. hefir verið tekin aftur til 3. umr., og get ég því leitt hana hjá mér.

Þá er brtt. XXV., um framlag til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, gegn ⅓ úr bæjarsjóði þar, 12 þús. kr. Þetta fyrirtæki hefir áður verið styrkt og er það sjálfsagt gott og nauðsynlegt, en sumir líta þó svo á, að þörfin fyrir það sé ekki aðkallandi, nema ef hér er um atvinnubætur að ræða. Telja sumir nm. gott að hafa þetta sem heimildarákvæði í fjárlögum, ef fé verður veitt til atvinnubóta. N. hefir óbundnar hendur um þessa brtt.

Þá kemur brtt. XXVI., um framlag til dýpkunar á Stokkseyrarsundi, 5000 kr. N. vill ekki leggja til, að þessi till. verði

samþ. Hér er ekki hægt að segja, að um ónauðsynlegan hlut sé að ræða, en n. álítur, að þetta geti beðið betri tíma frekar en ýmislegt annað. Um XXVII. brtt. var ég búinn að tala í sambandi við aðra brtt. Meiri hl. n. leggur því til, að þessi brtt. verði felld, en annars hefir einn nm. óbundið atkv. um hana.

XXVIII. brtt., um 4000 kr. aukið framlag til Stórstúkunnar, hefir n. óbundið atkv. um.

Um XXIX. brtt., um eftirlaun til Ólafs Stephensens, er það að segja, að ég vil mælast til þess, að hv. flm. vilji taka hana aftur til 3. umr., svo að n. geti talað við biskup um málið.

XXX. brtt., um 300 kr. til Ólafs Guðmundssonar fyrrum ferjumanns, tekur ekki að ræða um hér, því um hana hefir n. óbundið atkv.

XXXI. brtt. er víst tekin aftur til 3. umr., en ef svo er ekki, hefi ég ekkert um hana að segja frá n.

XXXII. brtt. hefir n. óbundin atkv. um.

XXXIII. brtt. er um það að bæta við nýrri gr. í fjárl., sem á að vera heimild gegn því að veita meira fé úr ríkissjóði en stendur í fjárlögum. Þó eru talin 3 frábrigði frá þessu í gr., en hræddur er ég um, að erfitt sé að telja öll frábrigði, ef koma á því skipulagi á, að ekkert verði greitt úr ríkissjóði nema fjárlög heimili. N. hefir óbundið atkv. um þessa brtt.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 123.

I. brtt. er um nýjar símalínur. N. hefir þegar tekið ákvörðun um þetta atriði og leggur því til, að þessi brtt. verði felld. N. játar, að þessi símalína frá Sandeyri að Stað í Grunnavík, eins og svo fjölmargar aðrar, eigi fullkomlega rétt á sér, og væri ánægjulegt að geta veitt þetta fé til hennar, en n. getur ekki treyst heppninni svo vel, að alltaf fáist nóg fé til allra framkvæmda.

II. brtt. er um 30 þús. kr. framlag til Breiðadalsheiðarvegar. N. hafði vonazt eftir því, að hv. flm. tæki þessa till. aftur, svo n. gæti athugað, hvort hægt væri að veita meira til vega en gert hefir verið. En ég skal játa, að ég hefi litla von um það. Ég álít, að vegirnir eigi að sitja fyrir öðrum framkvæmdum sökum þess, hve mikla atvinnu þeir veita.

III. brtt. er frá hv. samgmn., og það er ekki venja, að fjvn. hafi mikið um þær till. að segja. Samgmn. hefir ekki séð sér fært að fara fram á minna, og fjvn. sér heldur ekki fært að draga úr þessum kostnaði.

Ég held, að ég hafi þá minnzt á þær brtt., sem fyrir liggja. Það sjá allir, að þessi grg. um afstöðu n. er bæði stutt og ófullkomin, en þess verður að gæta, að hún hafði ekki nema ½ klst. til þess að úrskurða um þessi efni.

N. sá það líka fyrirfram, að hún gat ekki mælt með auknum útgjöldum. Þau auknu útgjöld, sem yrðu vegna hennar tilmæla, geta því ekki komið fram fyrri en við 3. umr. Ég vil því ráðleggja þeim þm., sem bera till. sínar fyrir brjósti, að taka þær aftur til 3. umr. Þó vil ég enga tálvon gefa. Þetta gildir og sérstaklega um till. um verklegar framkvæmdir, sem auka atvinnu í landinu.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, 87, n. 98 og 126, 118, 123, 131).

Einar Arnórsson: Ég ætla að leyfa mér að svara nokkru athugasemdum þeim, er fram hafa komið gegn brtt. þeirri, sem ég og hv. þm. Vestm. flytjum saman, og er XXVII. brtt. á þskj. 118.

Hv. frsm. fjvn. sagði, að það hefði verið meginreglan, að veita ekki fjárhæðir, sem hægt væri að komast af án, nema til framkvæmda. En n. hefir ekki fylgt þessari meginreglu út í æsar. Hún hefir ekki komið með brtt. um að fella þá liði niður í fjárlagafrv. stj., þar sem tvímælis gæti orkað um nauðsynina.

En annars er það yfirleitt mikið álitamál, hvers hægt er að komast af án, hvað er nauðsynlegt og hvað ekki. Það má jafnvel segja, að hægt hefði verið að komast af án þess að leggja þenna eða hinn veg. Og það eru enn önnur atriði, sem sama máli gegnir um: Það má segja, að unnt hefði verið að komast af án þeirra. En það er svo um þau, sum þeirra, að það er ekki hægt, ef Íslendingar eiga að teljast með siðuðum þjóðum og taka þátt í ýmsum þeim hreyfingum, sem siðaðar þjóðir taka þátt í. Við veitum fé til vís-

inda, lista og bókmennta. Það líta margir svo á, að raunar megi komast af án þess. En ég og ýmsir aðrir teljum, að svo sé ekki, ef Íslendingar eiga að teljast til siðaðra þjóða. Mér virðist sem sagt fjvn. sjálf ekki hafa fylgt þessari reglu sinni. Tökum t. d. styrkinn til Skáksambands Íslands. Einhverjir verða væntanlega til þess að greiða atkv. með þeirri till., og ég er þeim samdóma og geri það sjálfur. En það er sama að segja um þessa till. hv. þm. Mýr. eins og styrkinn til Íþróttasambandsins. Íþróttir eru bæði þjóðlegt mál og alþjóðlegt, og sama er að segja um skákíþróttina. Annars ætla ég ekki að fara að bæta neitt um framsögu hv. þm. Mýr. Þess þarf ekki með, hún var svo góð. Hinsvegar vildi ég gjarnan víkja nokkrum orðum að andmælum þeim, sem fram hafa komið gegn brtt. minni.

Hv. sessunautur minn (SvÓ) hafði talsvert horn í síðu till. og þó ekki beinlínis af illgirni. Hann taldi það einkum til andmæla, að þessu fé, sem varið skyldi til atvinnubóta, væri ekki nánar ráðstafað. Ég veit nú eiginlega ekki, hvernig á að skilja þetta. Hv. þm. ætlast víst ekki til, að telja eigi hér upp hvar skuli vinna og hvað. Það er ekki heldur gert í skattafrv. því, sem hér hefir legið fyrir og einnig miðar til atvinnubóta. Ég gerði ráð fyrir, að hæstv. stj. í samráði við sveitarfélög og bæjarstjórnir myndi ákveða það.

Hv. sessunautur minn vildi láta styrkinn ganga að mestu til jarðabóta. Ég hefi síður en svo á móti því, að landið sé ræktað, það er öðru nær. En ég vil gera meira en það eitt að auka flatarmál hins ræktaða lands. Það er alveg jafnnauðsynlegt að byggja vegi og halda þeim við og ýmislegt annað. Því að aukning flatarmáls hins ræktaða lands getur því aðeins borið sig, að markaður sé fyrir vöruna, sem framleidd er.

Þá talaði hv. þm. um, að binda bæri slíkar fjárveitingar þeim skilyrðum, að fénu væri veitt í arðfyrirtæki. Ég vil taka það fram, að ég tel allt það arðvænleg fyrirtæki, sem orðið geta landinu í heild og íbúum þess að gagni í lífsbaráttunni, t. d. endurbætur á samgöngum, í þessu sambandi. Ef ekki bæri annað á milli en það eitt, hvað gera skyldi, þá væri enginn ágreiningur milli mín og hv. sessunautar míns. En svo er nú ekki. Hann ræddi allmikið um það, að það væri mjög sök atvinnuleysingjanna, hvernig komið væri fyrir þeim. Það má að nokkru segja, að svo sé. En ef þaksteinn fellur í höfuðið á hv. 1. þm. S.-M. þar sem hann gengur á götu, þá má með sama rétti segja, að það sé hans sök. Steinninn er dauður og blindur, en hv. sessunautur minn lifandi maður, sem hefir bakað sér þetta með því að ganga á götunni.

Annars má ekki hugsa þannig. Þó að ógæfa einhvers manns sé sjálfskaparvíti, þá neitum við honum samt ekki um alla hjálp. Þjóðfélagið telur skyldu sína að hjálpa þegar svo stendur á.

Hv. frsm. fjvn. hélt því fram, að það væri ósamræmi milli þess, er ég hafði sagt um það, að fjárveitingavaldið ætti að vera í höndum þingsins, og þessarar till. minnar. En þetta er misskilningur. Till. mín víkur að því, að beint skuli ákveðið, að stj. borgi ákveðna upphæð samkv. fyrirmælum þingsins. Mér virðist það vera í beinu samræmi við það, sem ég sagði áður um fjárveitingavald Alþingis.

Þá sagði hv. frsm. fjvn. enn, að samkv. till. mætti ekki verja þessu fé til atvinnubóta í sveitum. Í þeirri merkingu, sem talað er um atvinnubætur hér, geri ég ekki ráð fyrir, að sveitirnar þurfi atvinnubóta. Þær þurfa ekki styrk af því að þar hafi menn ekki nóg að gera. Þær þurfa styrk til alls annars, t. d. ef heyskapur gengur illa í sumar, þurfa þær e. t. v. styrk til fóðurkaupa.

Annars hefir einn hv. þm., 1. þm. Skagf., látið svo um mælt, að sveitirnar myndu bjarga sér. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi þekkingu á því, og vil því ekki draga það í efa. Hefi ég þá að því er ég held drepið á aðalmótbárurnar og sé ekki ástæðu til þess að lengja umr. frekara.

Haraldur Guðmundsson: Ég á hér brtt. á þskj. 131. Hún er þess efnis, að Ólafi Sveinssyni, fyrrv. vitaverði á Reykjanesi, verði greiddar 2000 kr. fyrir verk, sem hann hefir látið vinna á Reykjanesi, og ekki fengið greitt þegar hann fór. Ég ætla hér ekki að fara að rekja viðskipti

vitamálastjóra og hans. Ég vil aðeins minna á það, að hann var stórkostlegur athafnamaður, bæði um jarðabætur og aðrar framkvæmdir. Auk þess byggði hann þar sundlaug fyrir eigið fé, sem notuð hefir verið af fjölda manna. Annars verð ég að álíta, að ástæðurnar fyrir því, að þessi maður var sviptur stöðu sinni, hafi verið svo ófullnægjandi, að það geti ekki talizt meira en sanngjörn lokauppbót til hans af ríkisins hálfu, þó að honum yrði greitt það, sem hér er farið fram á.

Út af ummælum hv. frsm. fjvn. hefi ég fátt eitt að segja. Þau eru eins og við mátti búast úr þeirri átt. N. fellst ekki á neitt annað en það að fella, fella allar till. um auknar verklegar framkvæmdir. Þetta sannar það, sem ég hefi áður sagt í þessari hv. d. Þessir menn og n. öll virðist starblind á það ástand, sem nú ríkir í landinu og framundan er. Þessi framkoma verður ekki á annan hátt skilin en þann, ef þeir þá ekki vitandi vits vilja spilla lífskjörum og hag landsmanna á komandi árum.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég á hér aðeins 2 brtt., og hefir hv. 1. þm. Skagf. gert grein fyrir annari, þeirri, að ekki verði færður niður styrkur til Íþróttasambands Íslands. Ég taldi ekki heppilegt að fella burt þennan styrk eða færa niður, nú þegar nauðsyn ber til þess að efla íþróttalífið, ekki sízt í kaupstöðunum. Það er augljóst, að margir menn verða ekki með öðru móti betur varðir fyrir þeim hættum, sem þar steðja að, en með iðkun íþrótta. Og Íþróttasambandið hefir sýnt sig að vera svo góð stofnun, að því er vel trúandi til þess að fara með þetta fé.[1])

Sveinbjörn Högnason: Hv. fjvn. hefir ekki séð sér fært að mæla með brtt. á þskj. 118 XVII, sem borin er fram af okkur hv. 1. þm. Rang., þar sem farið er fram á það, að sandgræðslan fái að halda þeim styrk óbreyttum, sem hún hafði í síðustu fjárlögum. Ég vona, og tel jafnvel víst, að sú afstaða hv. n. stafi fyrst og fremst af því, hve takmarkaðan tíma hún hafði til að yfirvega og meta mál þau, sem brtt. fjalla um, en ekki af því, að henni sé ósárast um, að hér sé dregið úr á sviði ræktunarmála. Ég veit, að hv. fjvn. er svo kunnugt um það, hvaða verk hér er verið að vinna, og hver nauðsyn þess er, ekki aðeins í Rangárvallasýslu, heldur og mjög víða annarsstaðar á landinu. Mér kemur það því allmjög á óvart, að hv. fjvn. hefir ekki viljað veita máli þessu óskiptan stuðning sinn. — Í fjárlagafrv. hæstv. stj. eins og það er lagt fyrir hv. d., og hv. fjvn. hefir fallizt á með óverulegum breytingum, er hvergi sjáanlegt, að dregið sé úr fjárveitingum til annara ræktunarmála frá því, sem áður hefir verið. Sandgræðslan ein mætir þessari óbliðu meðferð, að það á að svipta hana fullum þriðja hluta þeirrar fjárveitingar, sem hún hefir áður haft. Orsakir til þessa geta vart verið margar, og því síður hygg ég þær veigamiklar, ef krufðar eru til mergjar. Hér getur vart verið um að ræða nema eitt af þrennu, sem orsök þessarar lækkunar. Í fyrsta lagi, að þörfin á þessu sviði sé nú orðin minni en verið hefir. Í öðru lagi, að árangur þessarar starfsemi sé lakari en í öðrum ræktunarefnum, sem fé er til veitt. Og í þriðja lagi, að útlit fjárhags ríkissjóðs sé nú svo framundan, að jafnvel hin nauðsynlegustu verk og átök til að nema og rækta landið verði nú að sæta því, að seglin séu að einhverju leyti saman dregin. Fyrstu ástæðuna, um þverrandi þörf sandgræðslunnar, þarf ekki að ræða hér. Hv. þdm. er svo kunnugt um auðnir þær, sem fyrir eru í byggðum landsins, og hversu þær herja stöðugt á hið gróna land umhverfis, sé þar ekki stöðugt haldið áfram að verjast gegn þeim. Það er því ekki með öllu rétt athugað eða ályktað hjá hv. frsm., að það, sem gert hafi verið á þessu sviði, geti haldið áfram að bera fullan árangur, þótt fjárveiting til þess sé lækkuð. Það er öllum vitanlegt, að ef ekki er stöðugt sótt á til varnar, þá eyðir sandfokið smátt og smátt jafnvel því, sem þegar er búið að gera. Þar er tæpast um það að ræða enn sem komið er, að hægt sé að halda „status quo“ — eða í horfi, ef undanhald verður í aðstöðu hins opinbera. Þá er

1) Vantar niðurlag hjá þingskrifara. — Á. Á.

önnur ástæðan, sem til greina gæti komið, að árangurinn sé hér minni en á öðrum sviðum ræktunarmálanna. En þessum málum eru víst allir hv. þdm. svo kunnugir, að þeir vita, að óvíða hefir einmitt svo vel áunnizt sem á þessu sviði, í samanburði við þær litlu fjárhæðir, sem til þess hafa farið. Alstaðar að heita má hefir á fáum árum orðið sá árangur, sem hinir bjartsýnustu höfðu tæpast gert sér vonir um, og ég efast um, að annað sé vinsælla og njóti jafn almenns trausts, af þeim framkvæmdum, sem ríkið styrkir. Svo gersamlega er nú upprætt sú vantrú, sem margir báru til þessa í fyrstu. Þá er þriðja hugsanlega mótbáran, sem sennilega er á mestum rökum reist, að fjárhagsútlit ríkisins sé svo vegna fjármálakreppunnar, sem nú ríður yfir, ekki aðeins hér hjá oss, heldur og um allan heim, að það verði að ganga mörgu nærri og skera meir við neglur sér en ljúft þykir. Vegna þessarar ástæðu og varfærni hinna ráðandi manna veit ég líka, að þetta er svo komið inn í fjárlagafrv. hæstv. stj. En þegar svo stendur á sem nú, þá er að minni hyggju sjálfsagt að bera fyrr niður með lækkun á öðrum sviðum, þar sem allt getur haldizt í horfi yfir kreppuna, þótt rifuð séu seglin. Svo er t. d. um styrki til háttlaunaðra embættismanna og annara, sem sjálfsagt munu lifa af og lifa vel, þótt við þá verði lækkað á meðan útlit er slíkt um fjárhaginn. — Ég mun við 3. umr. sýna viðleitni til að fá einhverju breytt, ef sandgræðslan fær nú að halda því, sem hún hefir áður haft. Og ég geri það einnig til að sýna það, að það er ekki vegna neinna tilhneiginga til eyðslusemi á opinberu fé, að ég legg kapp á að fá þetta fram. Það er ekki vegna þess, að mér sé ekki fyllilega ljóst, að varlega ber að fara á slíkum tímum sem framundan virðast vera, heldur vegna þess, að ég álít, að margt eigi að sæta meðferð slíkra ráðstafana, áður en að sandgræðslunni kemur, og að í síðustu lög eigi að draga þar saman seglin, sem ekki er hægt að halda í horfi því, sem unnið er, með lækkun, og þar sem útgjöldin hljóta að aukast með hverju ári til þess, sem gera þarf, ef undanhald kemur, þótt ekki sé nema um stundarsakir. — Ég leyfi mér því að vænta þess, að hv. d. ljái þessari brtt. okkar stuðning sinn við atkvgr.

Jóhann Jósefsson: Hv. frsm. fjvn. hélt hér rúmlega klukkutíma ræðu í gær til þess að skýra frá, hvað fjvn. hefði gert á hálftíma við allar þær till., sem lágu fyrir frá einstökum þm. Mér finnst það stappa nærri lítilsvirðingu á þeim till., sem einstakir þm. koma fram með, þegar fjvn. gefur sér ekki meiri tíma til að athuga þær en einn hálftíma, og það um hánótt. Nú leiðir það af sjálfu sér, að þessi athugun er ekki nema málamyndakák, það er gefinn hlutur. Ástæðurnar, sem hv. frsm. kom með, voru alltaf þær sömu, „að á þessum tímum, þegar allt þyrfti að skera við neglur sér, sæi nefndin sér ekki fært að sinna þessu og þessu, þó að það gæti verið nauðsynlegt". Það hefir mikið verið talað um það hér á þingi í sambandi við fjárlögin að skera allt við neglur sér. Ég hefi einu sinni bent á það áður, og ég held, að ég verði að gera það aftur, hversu hún er brosleg í raun og veru þessi afgreiðsla fjárlaganna hér á þingi, ef hún væri þá ekki fremur sorgleg en brosleg. Það er setið hér með sveittan skallann við að semja fjárlögin og fjvn. lætur frsm. sína hrekja hverja nauðsynjatill. á fætur annari á þeim grundvelli, að það sé ofvaxið fjárhag ríkissjóðs.

Tekjur margra undanfarinna ára hafa verið áætlaðar svo lágt, að þær hafa farið mörgum millj. fram úr áætlun. Þetta er gert ár eftir ár, þó að reynslan sýni, að stj. hefir fengið margar millj. til umráða, sem þingið hefir ekki mælt fyrir um hvernig nota skyldi. Og þessar mörgu millj., t. d. á síðasta kjörtímabili 15 millj., umfram fjárlögin, notar stjórnin eftir eigin geðþótta, og öllum er kunnugt um, hvernig þeir peningar hafa verið notaðir. Það var með minar till. eins og annara, að þær sættu svipaðri meðferð hjá nefndinni. Ég skal fyrst minnast á styrk til útgáfu kennslubókar í spönsku og ítölsku. N. vildi ekki veita styrk til að gefa út kennslubækur í suðurlandamálum, en færði engin rök önnur en þau, að hér þyrfti að spara. Ég hygg, að það hafi verið gefnar út bækur á ríkisins kostnað undanfarið, sem reynzt hafa þjóðinni til minni þarfa heldur en

þó að n. hefði séð sér fært að leggja með því, að þessi styrkur yrði veittur. Það má verja tugum þús. til að gefa út grobbrit fyrir Framsóknarflokkinn án allra heimilda, og það má verja tugum þús. til auglýsingarits fyrir kaupfélag eitt á landinu. En það má ekki verja 3 þús. kr. í að gefa út kennslubækur í málum þeirra landa, sem taka við útflutningsvöru landsmanna. Má vera, að einhverjir kunni að gefa þessu framsóknarnafn. En þetta kalla ég hið rammasta afturhald. Um styrkinn til vegalagningar í Vestmannaeyjum hafði hv. frsm. nokkurn formála. Ég átti ekki gott með að átta mig á, hvað hann átti við. Hv. frsm. sagði, að n. væri ekki frá því að veita þessar 12 þús., ef það væri meiningin að hafa veginn til atvinnubóta. Það getur hv. n. sagt sér sjálf, að vegalagningin verður til atvinnubóta. Vonast ég til, að við Vestmannaeyingar, sem erum stærstu landsetar ríkissjóðs og gjöldum mest jarðarafgjald til hans, fáum þá áheyrn, að okkur verði veittar þessar 12 þús. kr. Ég get ekki skilið annað en að nefndin geti fallizt á að verða við þessari sjálfsögðu till. Hvað snertir till. sjútvn. hafði frsm. þann formála, að n. legði á móti því, að þessar till. væru samþ. Það var um launauppbót til yfirfiskimatsmanna. Okkur fannst í sjútvn., að við yrðum að bæta kjör þeirra, því þau eru mjög vesöl, en fjvn. felldi till., án þess að færa nokkur rök fyrir því. Þetta hlýtur að stafa af misskilningi hjá n. Ég fæ ekki skilið, að þeir menn, sem fyrir skemmstu hafa samþ. lagafrv. um ýmislega hækkun á launum, t. d. á launum fræðslumálastjóra og að verja 15 þús. kr. til hinna svonefndu kennsluprófasta, vilji ekki samþ. hækkun til þessara manna. Þessir sömu menn ákveða launakjör útvarpsstjóra, sem eru 9300 kr. Yfirstjórn útvarpsins kostar nær 19 þús. kr. Þetta hefir fjvn. samþ. (PO: Þetta hefir stjórnin samþ.). N. hefir sett samþykki sitt á það, eða a. m. k. samþ. það með þögninni. Þessir sömu menn leggja til, að lítilsháttar launauppbót yfirfiskimatsmanna sé strádrepin. Laun þeirra eru mjög lág, svo lág, að þingið hefir á hverju ári ákveðið þeim uppbót, en nú sér fjvn. ekki nein úrræði til að samþ. þessa litlu fjárupphæð. Starf þessara manna er að engu óþarfara eða minna áríðandi en starfið við hið svokallaða „hlutlausa“ útvarp. En þar mun víst þurfa að ætla eitthvað fyrir „hlutleysinu“.

Ég vildi svo leyfa mér að minnast á brtt., sem ég og hv. 2. þm. Reykv. flytjum. Hv. meðflm. minn hefir hrakið það, sem hv. frsm. fjvn. kom fram með á móti brtt. okkar um að verja ½ millj. kr. til atvinnubóta. Hv. frsm. vildi halda því fram, að hér væri verið að stofna til atvinnubóta í kaupstöðunum, en ekki í sveitunum. En það er öllum vitanlegt, að atvinnubætur í kaupstöðum hafa sín áhrif á nærliggjandi sveitir. Allir hljóta að sjá, að það er staðleysa ein, sem hv. frsm. fór með, að við værum að draga fjárveitingavaldið úr höndum Alþingis og færa það í hendur sveitanna. Till. fer fram á, að sveitar- og bæjarstjórnir skuli láta uppi álit sitt um það, hvaða verk skuli unnin. Hér er ekki verið að draga vald úr höndum Alþingis. En vitanlega verða ýmisleg af þeim verkum, sem unnin eru af framlagi ríkissjóðs, unnin í samráði við sveitar- og bæjarstjórnir. Hv. 1. þm. S.-M. gerði að umræðuefni þessar till. okkar hv. 2. þm. Reykv. og lét svo um mælt, að honum virtist ekki, að varhygðin ætti djúpar rætur hjá hv. þm. Það getur verið, að hv. 1. þm. S.-M. álíti, að við flm. þessarar brtt. fari hér of gálauslega að ráði okkar. Ég vildi því mega færa fram varnir fyrir því, að ég hefi gerzt meðflm. að þessari till. Ég vil í fyrsta lagi taka fram, að mér er ljóst, að við hér á Íslandi munum ekki geta komizt af án þess að gera einhverjar þær ráðstafanir, sem miða að því að halda uppi atvinnu eða réttara sagt fleyta fram fólkinu á erfiðum tímum.

Það er öllum vitanlegt, að atvinnuleysið liggur sem martröð jafnt á hinum smærri sem stærri þjóðum. Það er ennfremur vitanlegt, að þær leiðir, sem hinar ýmsu þjóðir hafa farið til að reyna að ráða bót á böli atvinnuleysisins, hafa reynzt torfærar, t. d. atvinnuleysisstyrkirnir, sem Englendingar og Þjóðverjar greiða þeim, sem atvinnulausir eru og verða að fá hjálp sér til lífsframfæris. Er

sú leið bæði hættuleg fjárhag hins opinbera og um leið ófrjósöm fyrir atvinnuvegina, og því ólíkt betra að fara þá leið, sem við hv. 2. þm. Reykv. stingum upp á, að ríkið verji ákveðinni fúlgu fjár til að vinna þörf verk og leggi þannig atvinnulausum mönnum lið til að færa fram lífið yfir þetta örðugleikatímabil. Er því fremur rétt að hallast að þessari leið, þar sem svo er ástatt hér á landi, að við eigum óunnin verkefni á hverju strái, svo að hvorki ríkið né einstök sveitar- og bæjarfélög þurfa að vera í vandræðum með, hvaða verk skuli vinna. Vil ég skjóta því fram hér í sambandi við það, sem hv. frsm. n. sagði út af till. okkar hv. 2. þm. Reykv., að því fer fjarri, að till. útiloki sveitirnar, eins og hv. frsm. vildi vera láta, því að eins og ég hefi áður tekið fram, kemur þetta líka að notum fyrir sveitirnar. Þá vil ég og í þessu sambandi minna á það, að með jarðræktarlögunum eru sveitabúum tryggðar nokkurskonar atvinnubætur nú þegar með l. — Það er ef til vill rétt að drepa nokkrum orðum í þessu sambandi á þá uppástungu hv. 1. þm. S.-M., að atvinnulausir menn taki sig upp og fari að yrkja jörðina, þar sem nóg væri til af óyrktu landi. Má það að vísu með fullum sanni segja, að nóg er hér landið til að yrkja, en sá, sem ekkert hefir fyrir sig að leggja í þessu skyni, hvorki bú né bústofn, en verður að gera það upp á væntanlegan styrk, er undir lok liðinn úr hungri löngu áður en hann fer að njóta jarðargróðans af ræktun sinni. Það er því allt annað en frjótt að segja við atvinnulausa verkamenn: Hverfið þið nú af eyrinni upp í sveitirnar og dragið fram lífið þar, til þess aftur að hverfa til eyrarinnar, þegar atvinna býðst þar af nýju. — Í Ed. hefir nýlega verið felld þáltill. þess efnis að skora á stj. að hlutast til um, að veðdeildin taki til starfa aftur. Lokun veðdeildarinnar hefir komið kyrkingu í alla atvinnu við húsabyggingar nú. Í tíð þeirrar stj., sem Íhaldsflokkurinn studdi að málum, var veðdeildin reist úr rústum. Var tekið lán í því skyni, gengi bréfanna hækkaði, og færðist við þetta nýtt líf í allar húsabyggingar. Nú hefir þessu hrakað aftur, og stj. hefir ekki notað þá heimild, sem hún hefir í l. frá 1928, til þess að koma veðdeildinni aftur á fót. En þetta hefir m. a. orðið til þess að auka atvinnuleysið í landinu. Get ég fullvissað hv. 1. þm. S.-M. um það, að það er með fullri vitund um ábyrgð mína, að ég hefi gerzt flm. þessarar till., og hefi ég ekki hvað sízt gert það vegna þess, að mér er ljóst, hve viðhorfið fyrir atvinnuvegina um sölu afurðanna er illt — já, verra en nokkru sinni áður. Ég segi ekki, að hv. fjvn. hafi ekki komið auga á eitthvað misbrestasamt í þessu efni, en hinsvegar efast ég um, að þeir, sem bera okkur, sem viljum reyna að ráða nokkra bót á hinu yfirvofandi atvinnuleysi, varhygðarleysi á brýn, hafi gert sér ljóst, hvað kann af þessu ástandi að leiða, ef ekki er við því gert. Ég vil því biðja hv. 1. þm. S.-M. að vera ekki að bera mér á brýn varhygðarleysi í fjármálum út af þessu. Annars kemur mér það undarlega fyrir sjónir, þegar þm., sem horft hafa upp á það í 3 ár, að 15 millj. kr. hefir verið varið í ýmislegar sumpart óþarfar framkvæmdir, án þess að hreyfa hönd né fót til að reyna að hindra það, fara að bera öðrum varhygðarleysi í fjármálum á brýn, þó að fram komi nokkuð djarfar till. til að ráða bót á atvinnuleysinu, ekki sízt þegar tekið er tillit til þess, að tekjurnar eru of lágt áætlaðar samkv. fjárlagafrv. Þeir, sem standa að óhófseyðslu undanfarinna ára, ýmist með orðum eða þögninni, og hafa látið „vottana leggja skikkjurnar að fótum sínum", meðan stj. eyddi millj. kr. í meiri og minni óþarfafyrirtæki, — ég vil, að þeir menn séu ekki að brígzla öðrum um varhygðarleysi í fjármálum. Andvaraleysið og varhygðarleysið í þessum efnum á heima í þeirra hóp sjálfra, en ekki hjá öðrum. Ég er mér þess meðvitandi, að það liggur fyrir Alþingi, ef ekki nú, þá á nálægum tíma, að gera út um það, hvort það vill láta atvinnulaust verkafólk fá framfærslu sína án vinnu, annaðhvort beint úr ríkissjóði eða þá óbeint í gegnum bæjar- og sveitarfélög, fremur heldur en að ráða bót á atvinnuleysinu og veita fólkinu tækifæri til að vinna, og það er af vitundinni um þetta, að ég hefi gerzt meðflm. að till. um ½ millj. kr. framlag úr ríkissjóði til atvinnubóta, af því að ég hallast að stefnu þeirra manna, sem vilja gefa fólkinu

tækifæri til að vinna fyrir brauði sínu, en ekki neyða það til að fara á sveitina og þannig verða styrkþegar landssjóðs. Mér virðist að vísu allt benda til þess, að þessi till. okkar verði felld, en ég vil láta hv. þd. vita það, að þar með er ekki endir bundinn á þetta mál. Það er óleystur enn sá hnútur, sem hér er á riðinn.

Jónas Þorbergsson: Ég er ekki riðinn við nema eina brtt. við þessa umr. fjárl., brtt. XII. á þskj. 118, en ég sé enga ástæðu til að fara að fjölyrða nú um þá till., því að meðflm. mínir hafa þegar talað fyrir henni, og báðir vel og röggsamlega. Aðeins vildi ég láta þá ósk í ljósi, að hv. d. sæi sér fært að fallast á, að ekki verði klipið af styrknum til Íþróttasambands Íslands.

En ég vildi hinsvegar drepa nokkuð á brtt. XI. á þessu sama þskj., frá hv. þm. Seyðf. og samherjum hans, þar sem m. a. er gert ráð fyrir að hækka væntanlegar tekjur útvarpsins um 50 þús. kr. — Þær till., sem hér hafa komið fram á þinginu viðvíkjandi útvarpinu, eru furðu margar, þegar litið er til þess, að þessi stofnun hjá okkur er að kalla má enn í vöggu, og því ekki fengin full reynsla um það, hvernig því muni vegna með því skipulagi, sem því hefir verið búið. Virðist því svo sem það hefði mátt bíða enn um stund að koma með brtt. um skipun útvarpsins. Þessar till., sem fram hafa komið um útvarpið, hníga aðallega í tvær áttir; annarsvegar til að rýra tekjustofna útvarpsins, og hinsvegar til að áætla því hærri tekjur af hinum rýrðu tekjustofnum. Þessi till. um að hækka tekjuáætlun útvarpsins um 50 þús. kr. mun gera ráð fyrir, að útvarpinu bætist 1500 fleiri notendur á árinu heldur en stj. útvarpsins þorði að gera sér vonir um. Og hygg ég, að ekki sé varlegt að byggja á þessu, eins og lítur út um árferði. Hinsvegar vil ég leyfa mér að benda á, að í tekjuáætlun þeirri, sem stj. útvarpsins sendi ríkisstj. og hæstv. ríkisstj. fór eftir við samningu fjárlagafrv., var gert ráð fyrir, að útvarpið mundi fá sérstakar tekjur fyrir að senda veðurskeyti til útlanda, en nú hefir það komið í ljós, að ekki verður unnt að senda þessi skeyti gegnum útvarpið, nema með verulegum breytingum á stöðinni, bylgjulengd hennar eða tækjum að öðru leyti, og fellur því þessi tekjuliður útvarpsins niður, enda þótt tekjuáætlun útvarpsins eftir frv. sé miðuð við, að hann sé fyrir hendi. Ég álít því, að það sé mjög óvarlegt að gera ráð fyrir þessari hækkun á tekjum útvarpsins, jafnvel þó að útvarpsnotendum kynni að fjölga eitthvað á árinu, eins og vonandi er, og vildi ég því mælast til þess við hv. flm. þessarar till., að þeir tækju till. aftur, svo að hægt væri að athuga þetta frekar til 3. umr. Sjái þeir sér ekki fært að verða við þeim tilmælum, vildi ég skora á hv. d. að fella till.

Ég hefi ekki fleira að segja í sambandi við þær till., sem fyrir liggja, en ég get þó varla setzt niður, án þess að beina áður nokkrum orðum til hv. þm. Vestm., sem hélt hér allmikla eldhúsdagsræðu með ekki litlum rosta. Og af því að þessi hv. þm. beindi orðum sínum aðallega að mér, held ég, að ég verði að segja við hann nokkur orð til endurgjalds. — Viðvíkjandi útvarpsstjóralaununum, sem orðið hafa þyrnir í augum hv. þm. Vestm. eins og fl. fyrr og síðar, vil ég aðeins segja það, að þessi laun voru ákveðin í till. þeirrar n., sem falið var að undirbúa útvarpsmálið, og ríkisstj. byggði á till. n. um upphæð launanna, þegar dýrtíðaruppbótin er frá skilin. Þó að það kunni að líta svo út sem þessi laun stingi í stúf við laun starfsmanna ríkisins við aðrar hliðstæðar stofnanir, þá er það alls ekki svo í raun og veru, því að þeir fá uppbót hjá stofnununum sjálfum, sem samsvarar því, sem öðrum embættismönnum er bætt upp með dýrtíðaruppbótinni.

Mér þykir það koma úr hörðustu átt, þegar hv. þm. Vestm. er að fleygja hér fram dylgjum um „svokallað hlutleysi útvarpsins“, eins og hann komst að orði. Ef hv. þm. vill halda því fram í alvöru, að hlutleysis sé ekki fyllilega gætt við útvarpið, verður hann að sætta sig við að verða krafinn sannana í þessu efni. Honum mun alls ekki leyfast að vaða uppi með dylgjur í þessa átt (JJós: Sei, sei! Þetta getur nú ekki kallazt rosti!). Hv. þm. Vestm. má ekki kippa sér upp við það, þó að starfsmenn ríkisins sætti sig

ekki við, að þeim sé borið á brýn, að þeir gæti ekki skyldu sinnar. Eins og ég sagði áðan, þykir mér sem þessar aðdróttanir komi úr hörðustu átt, þar sem þær koma frá hv. þm. Vestm., því að þó að hann sjálfur hafi ekki orðið neitt brotlegur í þessu efni, þá get ég skýrt frá því, að einu örðugleikarnir um gæzlu fullkomins hlutleysis við útvarpið hafa stafað frá flokksmönnum hv. þm., sem hafa viljað nota sér þetta menningartæki í pólitisku augnamiði. Hefir m. a. orðið að gera sérstakar ráðstafanir vegna þessarar viðleitni flokksmanna hv. þm. Þykir mér hlýða að segja frá því í þessu sambandi, að nýlega var hér á ferð séra Jónmundur Halldórsson, prestur í Grunnavík, og kvartaði hann mjög yfir því, að hætt hefði verið að senda talskeyti til þeirra staða á landinu, sem engan síma hafa. Loftskeytastöðin hafði þessa útsendingu með höndum, en því varð að hætta síðastl. vor, vegna þess að einn af flokksmönnum hv. þm. Vestm. misnotaði talskeytin með því að senda pólitiskar fréttir út um landið. (MG: Hver var sá flokksmaður?). Ég nefni engin nöfn í þessu sambandi, enda gerist þess ekki þörf. (PO: Þetta er dylgjur). Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að hætta varð útsendingu talskeytanna af þessum ástæðum. Er hægt að leggja fram vottorð um það frá landssímastjóra, ef með þarf. (PO: Því ekki að segja það hreint út? Hver var þetta af flokksmönnum hv. þm. Vestm.?) Það skiptir engu máli í þessu sambandi, eins og ég áður sagði, en ég vil segja hv. þm. Borgf. það, að saga íhaldsmanna í útvarpsmálunum, og ekki sízt að því er snertir hlutleysi í þeim efnum, er með þeim hætti, að enginn þarf að verða orðlaus undir ádeilum frá þeirra hálfu. Orðlengi ég þetta svo ekki frekar, enda býst ég við, að síðar gefist tækifæri til að koma nánar inn á þetta mál.

Sveinn Ólafsson: Hv. þm. Vestm. gaf mér tilefni til að kveðja mér hljóðs. Að vísu veik hv. 2. þm. Reykv. lítillega að því, sem ég sagði hér í gær, en hann gerði það svo góðlátlega, að ég hafði ekki hugsað mér að taka upp andmæli. Hinsvegar virtist mér, þegar hv. þm. Vestm. fór að tala, eins og hann hefði vaknað við vondan draum á eldhúsdagsmorgni og úfinn í skapi. Svo mikið var hv. þm. niðri fyrir, og æ því þyngra varð honum, sem lengra leið á ræðu hans. Tel ég víst, að hin andlega líðan þm. sé ekki góð, heldur eins og þess, sem orðið hefir fyrir einhverskonar illri aðsókn og andvökum.

Skal ég þá víkja aftur að því, sem ég átaldi í ræðu minni í gær og beindi fyrst og fremst til hv. flm. till. á þskj. 118, XXVII., um 500 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum. Ég átaldi ekki hv. flm. þessarar till. fyrir gáleysi í fjármálum, eins og hv. þm. Vestm. gaf í skyn, að ég hefði gert, heldur benti ég á það, að mér þætti viðeigandi, þegar um slíkar till. sem þessar er að ræða, að trygging væri heimtuð fyrir því, að fénu yrði varið til framkvæmda, sem bæru ávöxt á ókomnum tíma, en ekki til framkvæmda, sem gagnslitlar væru eða rentuðu sig seint eða aldrei. Þessa finnst mér þurfa að gæta, þegar svo stendur á sem nú.

Ég mun hafa látið orð falla eitthvað á þá leið, að atvinnuleysið væri sjálfsköpuð víti þeirra, sem nú þurfa að leita til ríkisins um hjálp út úr ógöngunum. Ég stend við þetta. Það eru mörgum sjálfsköpuð víti, að svo er komið sem komið er, þó að hinsvegar allir hafi ekki verið sjálfráðir þessara hluta. Þeir, sem fyrir áratugum fluttu frá öruggum atvinnuháttum sveitanna á mölina, eru nú flestir komnir undir græna torfu, en niðjarnir súpa seyðið af ráðabreytni feðra sinna, eins og svo oft áður, og er slíkt vorkunnarmál.

Það er í þessu sambandi margt að gera fyrir Alþingi og allan almenning þessa lands. Ég hygg, að ennþá hafi ekki verið tekið réttum tökum á þessu máli, þessum þjóðflutningum, ef svo mætti að orði kveða, og viðhorfi þeirra til ókomins tíma. Ég þóttist því hafa gilda ástæðu til þess að benda einmitt á jarðræktina sem það sjálfsagðasta og eðlilegasta starf, sem tekið yrði upp þegar svona stæði á, og féföngin tekin úr ríkissjóði. Nú vita það allir, að 1 ha. af sæmilega ræktuðu landi getur veitt einstaklingi allar nauðþurftir og það ríkulega, og það er á færi

margra manna, sem nú búa við stopula atvinnu í bæjum og verstöðvum, að vinna fyrir sér og sínum með þessum hætti. Það er ómögulegt að segja annað en að fólkið hafi farið gálauslega að á undanförnum árum með því að hlaupa frá þeim þrautreyndu og tryggari atvinnuháttum og varpa framtíðarvonum á glæ eða svipula sjávargjöf. Mér þykir rétt að geta þess í þessu sambandi, að ég las nýlega fréttabréf, sem stóð í einu af tímaritum landsins. Fréttabréf þetta var úr Þingeyjarsýslu, og í því var m. a. þess getið, að 4—5 sveitaheimili í sýslunni væru algerlega kvenmannslaus að vetrinum, það væri ómögulegt að fá kvenfólk til heimilisverka, aðeins karlmenn væru á heimilum þessum, og yrðu þeir að inna af hendi öll heimilisstörf. Þetta er aðeins lítið sýnishorn öfugstreymisins og glapstiganna, sem fólkið gengur í misskilinni gæfuleit. Ég þekki mörg heimili, sem eiga í afarmiklum erfiðleikum vegna fólksfæðar á vetrum. Og jafnvel þó að fólk hafi ekki skortað í sveitum á sumrum, þá hefir það horfið á haustin, og þá einkum til Reykjavíkur og hinna stærri kaupstaða, þar sem sumarfeng öllum er eytt, oft mjög til lítilla þrifa eða menningarauka. Fyrir því held ég, að það sé mjög gild ástæða til þess, þegar á að fara að veita fé úr ríkissjóði til framfærslu, bjargar og atvinnu fólki þessu, að skilorðsbinda fjárveitingarnar og tryggja það, að vinnan geti komið að varanlegum notum. Það er að vísu svo, að hv. flm. till. á þskj. 118, um ½ millj. kr. til atvinnubóta, gera ráð fyrir því, að sveitarstjórnarvöld og aðrir, sem hlut eiga að máli, geri till. um meðferð fjárins. Það er þó spor í áttina. En hugsum oss, að einhverjum þessum stjórnarvöldum hugkvæmdist að verja fénu til leikhússbyggingar, til þess að koma upp spilabanka eða einhverri slíkri stofnun, þá væri jafnvel hefndargjöf veitt. Ég get þó vel ímyndað mér, að slíku yrði af mörgum bæjarbúum tekið þakksamlega, en ávöxtur þvílíkra framkvæmda mundi bæði torfundinn og hæpinn. Ég hverf ekki frá því, að þegar svona stendur á, þá er hreint og beint skylt að gera ráðstafanir til þess, að fénu verði vel varið og arðvænlega fyrir þjóðfélagið. Í því efni stendur landræktin næst, og hún hefir, flestum störfum fremur, uppeldisleg og gefandi áhrif á hina yngri kynslóð, sem nú eyðir oft beztu árum æfinnar í stefnulaust slangur á mölinni, sér til óþurftar og föðurlandinu til lítilla nytja. Af því að ennþá er nokkur tími til þess er eldhúsdagur rennur upp, þá ætla ég ekki lengra út í þetta að sinni; ég þykist vita, að hv. þm. Vestm. o. fl. fái tækifæri til þess að ræða um mál eins og þetta á eldhúsdaginn, og þá getur verið, að tilefni gefist fyrir mig til þess að bæta nokkru við það, sem ég hefi nú þegar sagt.

Jón Auðunn Jónsson: Það var sérstaklega út af orðum hv. þm. Dal., að ég kvaddi mér hljóðs að þessu sinni. Hann segir, að samþm. hv. þm. Vestm. (**JónasÞ:** Ég sagði samflokksmenn), — hv. þm. sagði samþingismenn hv. þm. Vestm. — hefðu reynt að misnota útvarpið og sagði, að presturinn í Grunnavík hefði kvartað undan því, að ekki fengist útvarpað talskeytum, og það væri af þeim orsökum, að við hefðum misnotað fréttaskeytin, sem við hefðum sent, og þess vegna yrðu menn nú að búa við það, að talskeytum fengist ekki útvarpað. Nú er það vitanlegt, að það þurfti ekki að stöðva allar talskeytasendingar, þótt einhverntíma hefði það komið fyrir, að sent hefði verið allharðort fréttaskeyti. Það væri sama og ef maður hefði í tali almennt farið hörðum orðum um andstæðing sinn, og þá mættu menn ekki tala lengur, ekki einu sinni um önnur efni! Nú veit hv. þm. Dal. það vel, að það er ekki af þeim orsökum, að við flokksmenn hv. þm. Vestm. höfum á neinn hátt misnotað útvarpið, að þessum skeytasendingum var hætt. En hitt er dálítið hlægilegt, þegar þessi hv. þm. segir, að hann láti ekki væna sig um hlutdrægni, maður, sem látinn var fara frá blaðamennsku við eitt allra mesta sorpblað landsins vegna þess, hve mikla hlutdrægni hann sýndi þar. Og það má nærri geta, að maðurinn er ekki vandur að meðölum, þegar hann sýndi yfirmönnum sínum svo mikla hlutdrægni. Og þegar svo langt var gengið, að hann gat ekki hangið við þetta blaðamennskustarf lengur, þá kemur hið und-

arlega fyrir, þessi sami maður er gerður að útvarpsstj., honum er veitt þetta starf, af því að hann hefir sýnt, að hann er ekki vegna hlutdrægni sinnar fær um að gegna blaðamennskustarfinu, og þess vegna þurfti nauðsynlega að koma honum frá því.

Ég hygg, að hv. þdm. muni hafa skilið það svo, að ég sem þm. N.-Ísf. sé eitthvað riðinn við þetta mál, þar sem bent er á, að prestur úr mínu kjördæmi hafi kvartað undan þessu. Þess vegna skora ég á hv. þm. Dal. að segja, hvenær ég hefi misnotað útvarpsskeyti eða loftskeyti.

Steingrímur Steinþórsson [óyfirl.]: Það er fullt útlit fyrir, að sumum hv. þdm. sé orðin þörf á eldhúsdegi og því líklega ekki rétt að kynda að þeim glóðum nú, þar sem sennilega gefst tækifæri til þess síðar.

Þau fáu orð, sem ég mun segja að þessu sinni, eru út af einni till. á þskj. 118, frá þeim hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. Reykv.

Ég vil fyrst benda á það, að fleiri till. hafa komið fram um þetta mál, þótt þær séu ekki við fjárlögin, sem hér eru nú til umr., og þær hafa meira að segja komið fram löngu á undan þessum, sem nú eru hér fram komnar. Það lágu fyrir till. frá mér og hv. þm. Dal. um sérstakan tekju- og eignarskatt til atvinnubóta. Ég vildi aðeins minna á þetta, og ég veit, að hv. þdm. eru kunnugt, að hér er ekki um neina nýjung að ræða, þótt þessi till. komi fram um það að verja þurfi fé til atvinnubóta, en nú er aðeins um það að velja, hvor leiðin, sú, sem við hv. þm. Dal. og ég bendum á, eða flm. hinnar till., sé heppilegri. Ég hýst við því, að veitast muni tóm til þess að ræða frv. okkar hv. þm. Dal., þegar það kemur til 2. umr., og ég ætla því ekki sérstaklega að gera það að umr.-efni að sinni. Mér virðist það dálítið einkennilegt, að hv. þm. Vestm. skyldi leggja svo mikla áherzlu á það andvaraleysi, sem lýsti sér hjá stjórnarliðinu hér í d., sem hann svo nefndi, um þetta mikilvæga atriði. En mér virðist nú í raun og veru, að meira andvaraleysi lýsi sér í því hjá hv. flm. að bera fram jafnmikla upphæð og farið er fram á í frv. þeirra, eða um ½ millj. kr., án þess að líkur séu fyrir því, að fjárhagur ríkisins á næsta ári þoli þau útgjöld. Það kalla ég andvaraleysi að bera fram slíkar kröfur, þar sem ekki er á neinn hátt reynt að fá tekjur til þess að greiða þetta. Þetta vildi ég benda á, og ég vona, að margir hv. þdm. hafi þá ábyrgðartilfinningu, að þeir álíti, að fara verði eitthvað svipað að og við hv. þm. Dal. höfum stefnt að. Við erum fúsir til þess að koma á móti þeim, sem vilja leggja meira fé til þessa. Ég get bent á, að hægt er að fara aðrar leiðir til atvinnubóta; t. d. er í raun og veru vel tiltækilegt og í samræmi við þau mál, sem hér hafa verið til umr., að fá fé inn til framkvæmdanna með því að leggja skatt á „lúxus"-íbúðir. Við, sem úti á landinu búum, erum því vel kunnugir, hve allur almenningur á við ill húsakynni að búa, og við sjáum líka hér í Reykjavík heilar hallir, þar sem aðeins ein fjölskylda á heima, og það eru þeir, sem í þessum húsum búa, sem hljóta að geta þrengt að sér og látið fleiri fá húsrúm, eða að þeir verða að greiða fé fyrir að geta notið þeirra þæginda, sem slík húsakynni veita. Ég skal glaður styðja till. frá hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. um hækkun á till. okkar hv. þm. Dal. með einhverri slíkri ráðstöfun. Ég bendi aðeins á þetta til þess að sýna, að hægt er að fara ýmsar leiðir í þessu máli, en það er ábyrgðarleysi að fleygja fram slíkum till. sem till. hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm., án þess að koma með tekjur á móti þeim gjöldum, sem þær hafa í för með sér. Ég sagði það áðan, að ég ætlaði ekki að fara í eldhúsið, en ég get þó ekki annað en drepið á það, sem hv. þm. Vestm. talaði um það, að stj. hefði látið millj. hverfa á undanförnum árum. Hv. þm. lét sér sæma að kasta þessu fram án þess að gera frekari grein fyrir því, á hvern hátt milljónirnar hefðu horfið. Hv. þm. gat aðeins um smálið, þar sem illa hefði verið varið fé, en ekki gat þar nú verið um milljónir að ræða. Ef hann á við féð til landbúnaðarins, þá er það sama hugmyndin sem þar kemur fram og komið hefir fram í dagblöðum Reykjavíkur, að landbúnaðurinn sé fyrirtæki, sem ekki eigi að leggja fé í, sökum þess, að það borgi

sig alls ekki. En það er einkennilegt, að fulltrúar sjávarútvegsins í þessari d. skuli geta verið að tala um varhygðarleysi, því að hjá þeim kemst ábyrgðarleysið í fjármálum á hæsta stig, og allir vita, að það er sá atvinnuvegur, sem þeir eru fulltrúar fyrir, sem þjóðin hefir stunið undir fjárútlátum til nú hin síðustu árin.

Þá sagði hv. þm. Vestm., að jarðræktarstyrkurinn væri einskonar atvinnuleysisstyrkur, sem bændum væri veittur. Ég vil algerlega mótmæla þessu. Jarðræktarstyrkurinn er að öllu leyti réttmætur vegna þess, að þegar farið var að verja fé til atvinnurekstrar, þá tókst svo slysalega til, að einungis var varið til sjávarútvegsins, en landbúnaðurinn fékk ekkert, og að lokum, þegar vaknaður er skilningur hjá þjóð og þingi fyrir þörf landbúnaðarins, þá er orðið svo mikið bil á milli þessara tveggja atvinnuvega, að ekki verður hjá því komizt að verja sérstaklega fé til landbúnaðarins, og á þann hátt ber að líta á jarðræktarstyrkinn. Mér þykir undarlega við bregða, ef bændur þeir, sem telja sig til flokks hv. þm. Vestm., rísa ekki upp og mótmæla annari eins firru og þessari, sem hann hélt fram.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að tala meira um þetta að sinni, en vil endurtaka það, að þessi till. hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. Reykv. fer ekki fram á nein bjargráð, hún er firra, sem kastað er fram án athugunar.

Jónas Þorbergsson: Ég hefi ekki ástæðu til langrar ræðu; ég ætla aðeins að leiðrétta misskilning hv. þm. N.-Ísf., þar sem hann kvað mig hafa sagt í ræðu, að samþingismenn hv. þm. Vestm. hefðu gert tilraun til þess að misnota útvarpið í pólitiskum tilgangi. Ef. hv. þm. hefir heyrzt þetta, þá er það algerlega rangt, því að ég hefi aldrei sagt þetta og því síður meint það, ég sagði samflokksmenn hv. þm. Vestm., og ég byggði það á efni talskeytis þess, sem um var verið að ræða og ótvírætt vitnaði um upprunann. Það hefir snert hv. þm. N.-Ísf. sérstaklega vegna þess, að skeytið var sent í hans kjördæmi. Skeyti þetta vakti hvarvetna hina mestu furðu og varð, eins og ég tók fram áðan, orsök þess, að ríkisstj. varð að banna að senda talskeyti gegnum útvarpsstöðina í Reykjavík. Það er ekki í fyrsta sinn, sem kjósendum hv. þm. N.-Ísf. hefir þótt ástæða til þess að beita nokkuð óvenjulegum aðferðum til þess að styðja að kosningu hans, og ég geri ráð fyrir því, að meðan hv. þm. er í framboði, muni við allar kosningar hans gerast ýms furðuleg atvik.

Jón Auðunn Jónsson: Það er náttúrlega gott, að hv. þm. Dal. vill nú fara að draga saman seglin. Í fyrra skiptið talaði hann um samþingismenn, en í síðara skiptið um samflokksmenn.

Hv. þm. talaði um orsökina til þess, að hætt var útvörpun talskeyta, og sagði að hún hefði verið sú, að maður í Norður-Ísafjarðarsýslu hefði einu sinni sent pólitiskt fréttaskeyti gegnum útvarpið. Það má vel vera, að eitt slíkt skeyti hafi verið sent, en þrátt fyrir það sjá þó allir, hve mikil fjarstæða það er af ríkisstj. að rjúka til og banna að útvarpa almennum skeytum, eins og t. d. skeytum um læknisvitjanir, sem send hafa verið til Reykjavíkur til útvörpunar þaðan; og þessar skeytasendingar eru afaráríðandi t. d. í N.-Ísafjarðarsýslu, þar sem tveir hreppar eru án símasambands. Tilgangurinn með þessu banni getur ekki verið annar en ákveðið pólitiskt augnamið, og mér þykir gaman að sjá, þegar þáltill. mín kemur til atkv. hér í þinginu, hvort menn vilja yfirleitt taka fyrir munn þeirra, sem verst eiga með samgöngur, þótt stj. hafi nú gert það. Það, sem hv. þm. talaði um kosningu mína, má hann auðvitað blygðast sín fyrir eins og flest annað, sem hann hefir sagt, því að það er víst, að kjósendur mínir eru yfirleitt stórum mætari menn en hv. þm. Dal., bæði til orða og verka.

Jónas Þorbergsson: Það er aðeins til þess að hnekkja staðhæfingum hv. þm. N.-Ísf. um það, að á gerræðisfullan hátt og að ástæðulausu hafi verið hætt við talskeytasendingar loftskeytastöðvarinnar. Ég verð með örfáum orðum að segja gang þessa máls, úr því að hv. þm. varpar fram slíkum ásökunum.

Þessi skeyti voru, eins og mönnum er kunnugt, send í gegnum loftskeytastöðina í Reykjavík og á vegum landssímans. Nú er tvennskonar útvarp í landinu, þannig að þegar þessum skeytum er varpað út, hafa ekki allir útvarpsnotendur fulla vitneskju um, hvaðan þau koma, hvort heldur frá loftskeytastöðinni eða útvarpstöðinni. Þess vegna gerði ég fyrirspurn um það, hvernig á því stæði, að verið væri að senda pólitisk fréttaskeyti í talskeytaformi út um land. Og þegar málið var tekið til athugunar af hæstv. stj., þá gaf landssímastj. þær upplýsingar, að hann gæti ekki samkv. embættisskyldu sinni látið hindra útvörpun þeirra skeyta, sem stöðinni bærust, og yrði að láta útvarpa þeim öllum, hvernig sem þau væru, athugasemdalaust. Þetta er vitanlega rétt álit landssímastjóra, og niðurstaðan varð sú, að landssímastj. óskaði eftir, að hann yrði losaður við að senda þessi skeyti. Ríkisstj. féllst á það af þessum ástæðum og tók fyrir skeytasendingarnar þá þegar, eins og hæstv. forsrh. mun geta borið vitni um, ef hv. dm. vilja bera brigður á þessa frásögn.

Frsm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Það hefir komið fram hjá sumum hv. þdm., að óhætt sé að auka útgjöld ríkissjóðs vegna hinna háu tekna, sem orðið hafi á árunum 1929—30.

Ég gat um það í fyrstu ræðu minni, að tekjurnar hefðu á þessu ári reynzt nokkuð svipaðar og framan af árinu 1930. En af þessu er þó ekki hægt að draga þá ályktun, að það, sem eftir er ársins, muni gefa jafnháar tekjur og seinni hluti ársins 1930. Og enn síður má draga af þessu þá ályktun, að tekjur ársins 1932 muni verða svipaðar sem tekjur undanfarinna ára. Það er því óhyggilegt af þinginu að taka tekjur áranna 1929—30 til fyrirmyndar, þegar ákveðin eru útgjöld ársins 1932. Því að ef það er rétt, sem alþjóð virðist trúa, að nú séu örðugir tímar fram undan, þá hljóta tekjur ríkisins að fara minnkandi eftir því sem meira herðir að. Það má sem dæmi benda á svo stóra tekjuliði sem verð- og vörutoll. Eftir því sem meira þrengir að, hljóta þessir tekjustofnar að lækka til muna. Hið sama er að segja um tekju- og eignarskatt, þeir munu minnka gífurlega við aukna kreppu. Eftir því sem atvinnuleysi eykst í landinu og kaupgeta almennings minnkar, þá hlýtur innflutningur stórum að minnka, og mest minnkar innflutningur þeirra vörutegunda, sem mest hafa gefið í ríkissjóð. Það er þetta, sem hv. dm. verða að hafa hugfast, þegar þeir nú ákveða útgjaldaliði fjárlaganna. Hinsvegar er það rétt hjá hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. o. fl., sem um þetta hafa fjallað, að nauðsyn er til þess, að einhverjar ráðstafanir séu gerðar til þess að bæta úr og koma í veg fyrir atvinnubrest. En það er bara spursmálið, hvort þetta er gert á réttan hátt með þeirri brtt., sem fyrir liggur. Ég held, að það verði ekki komizt hjá því, að saman verði að fara styrkur frá ríkissjóði og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélögum, en hér er ekki gert ráð fyrir styrk frá öðrum en ríkinu.

Í till. jafnaðarmanna var þó tilætlunin sú, að hlutaðeigandi héruð legðu fram sinn hluta, og það virðist ekki nema sjálfsagt, að þau taki á sig töluverðan þunga í þessu augnamiði.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. tók fram, að þetta væri í samræmi við hans skoðun, að þingið ætti að ákveða, til hvers fénu væri varið, þá vil ég vekja athygli á því, að undanfarið hefir stjórnin hlotið þyngstu ásakanirnar fyrir þær umframgreiðslur, sem hún hefir innt af hendi, en ekki hitt, til hvers þeim hefir verið varið. Úr því að svo er, þá skil ég ekki, hvers vegna ætti nú að fara að setja slík ákvæði inn í lögin, þar sem það er vitanlega, að nú er það bæði vilji þings og þjóðar, að fé verði veitt til atvinnubóta, en hvar framkvæmdirnar verði unnar, skiptir minna máli. Þá ber einnig að gæta þess, að með slíkri fjárveitingu sem þessari hlyti að koma fram ósamræmi milli hinna einstöku framkvæmda í hinum ýmsu héruðum, því að með þessari brtt. er tilætlunin sú, að þau héruð, sem nú verða framkvæmdanna aðnjótandi, leggi ekkert að mörkum til þeirra, en áður hefir það beint verið skilyrði fyrir ríkissjóðsstyrk, að þau tækju á sig sína byrði.

Ég vil ennfremur benda á það, að ef líkindi eru til, að hér í Reykjavík verði

mikill atvinnubrestur, þá eru einnig allar líkur á því, að hið sama verði uppi á teningnum í ýmsum héruðum og kauptúnum á landinu, því að einmitt hingað hefir fjöldi manns sótt atvinnu sína á togara eða mótorbáta. Þar sem svo sú yrði raunin á, að nauðsynlegt reyndist að afstýra atvinnuleysi, þá er það auðsætt, að hin ýmsu héruð myndu fús til að leggja nokkurt fé fram í því augnamiði, og þá myndu framkvæmdirnar verða mun meiri en ef ríkið á eitt að sjá mönnum fyrir atvinnu.

Þessum orðum mínum til sönnunar skal ég geta þess, að eftir till. jafnaðarmanna ætti að verja 900 þús. kr. til framkvæmda, en hér ekki nema 500 þús. kr. Þess vegna undrar það mig, að hv. Alþýðuflokksmenn skuli vera svo fúsir á að taka aftur sínar till.

Annars virtist mér hv. 2. þm. Reykv. helzt til bjartsýnn á hag ríkissjóðs. Færði hann fram m. a., að áætlaðar væru 380 þús. kr. í fyrningu og virtist reikna með því sem handbæru fé, en þeir peningar eru ekki handbærir og ekki er hægt að nota þá bæði til verklegra framkvæmda og þeirrar greiðslu.

Hv. þm. Vestm. var allharðorður í garð n. fyrir þá afgreiðslu, sem hún hefir veitt brtt. hv. þdm., en það liggur í hlutarins eðli, að þar sem ég hafði aðeins hálftíma starf hennar að bakhjarli, átti ég ekki auðvelt með að rökstyðja till. hennar viðvíkjandi einstökum brtt. og gefa eins góðar upplýsingar og skyldi. En ég hélt, að ég hefði tekið það nægilega skýrt fram, og að það myndi nægja, að nú er ástandið í landinu svo alvarlegt og útlitið þannig, að ekki er vogandi að tefla á tvær hættur með útgjöld ríkisins, og því verður að skera niður allar þær brtt., sem ganga í þá átt, jafnvel þótt finna megi eldri fjárlagagreiðslur til samanburðar eða ónauðsynlegri en þær, sem hér er farið fram á. Það getur ekki verið réttur mælikvarði á hvað nú eigi að gera, hvað menn hafa leyft sér áður, eða hvað stj. hefir látið miklar umframgreiðslur af hendi án samþykkis Alþingis, og því þykist ég ekki hafa beitt hann ósanngirni, þótt ég teldi brtt. hans góðar og þarfar, en enga ástæðu til að samþ. þær eins og sakir standa.

Hitt tel ég nauðsynlegt, að afgreiða till., sem gengur í þá átt að heimila ríkisstj. ákveðna fjárhæð, sem varið skal til atvinnubóta, en ég álít það ekki rétt að binda hendur hennar með ákveðnu skilyrði, sem sett yrði í fjárlögin og bönnuðu henni að verja fénu nema til einhvers ákveðins starfs. Ennfremur lít ég svo á, að nauðsynlegt skilyrði fyrir slíkum fjárveitingum sé það, að bæjar- og sveitarfélög greiði af hendi sitt framlag, ef nokkuð á að ávinnast til þess að bætt verði úr þeim hörmungum, sem leiða af atvinnuleysinu.

Í sambandi við þetta vil ég taka það fram, að jarðræktarstyrkurinn er ekkert annað en styrkur til atvinnubóta, en þar verður að koma fé á móti frá þeim, sem hans njóta, og því virðist sjálfsagt að láta eitt og hið sama gilda um sveitirnar og bæina.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði í gær um form fjárlagafrv. og taldi það galla á því, að ekki væri hægt nema fyrir reikningsglögga menn að fá réttan samanburð á niðurstöðum útgjalda ríkisins miðað við eldra formið. Nú verð ég að segja, að ef það eitt ætti að standa fyrir endurbótum, þá myndi seint verða breytt um, þótt sitthvað væri að athuga við formið, og þá er mér einnig nær að halda það, að sú endurbót, sem gerð var árið 1924 hefði aldrei verið gerð, ef um það eitt hefði verið hugsað.

Það verður óhjákvæmilega að gera gangskör að því að gera formið ljóst og skipulegt, og því lengur sem reiðileysið er því seinna kemst þetta á réttan kjöl sökum aukinna erfiðleika við að kippa því í lag. Hitt skal ég fúslega viðurkenna, að það er ýmislegt í þessu nýja formi, sem er mjög gallað og þarf að leiðrétta, en allt slíkt stendur til bóta, og ekki er við því að búast, að öllu sé náð í einu. Hv. þm. minntist á, að það væri t. d. harla óviðkunnanlegt, að allar stofnanir ríkisins væru ekki í einni og sömu grein, án tillits til þess, hver afkoman væri, og lentu þær því ýmist tekju- eða gjaldamegin. Ég vil benda á, eins og hv. þm. Seyðf. mun hafa gert, að mér finnst réttast, að þær væru allar settar í 3. gr. En eins og ég hefi bent á, stendur þetta til bóta og verður efalaust breytt.

Um fyrninguna er það eitt að segja, að hún er ekki annað en bókfærslulegt atriði, sem á að sýna, hvað hinn raunverulegi kostnaður við ríkisbúskapinn er mikill. Þetta gera öll einstök fyrirtæki, og því virðist jafnsjálfsagt, að ríkið geri það til þess að rétt bókfærsluleg niðurstaða verði fengin.

Ég þykist nú hafa svarað öllum þeim aðfinnslum, sem hv. þdm. hafa komið fram með, en til þess að tefja ekki tímann lengur, ætla ég ekki að víkja að einstökum brtt., sem fram hafa verið bornar.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég skal fyrst geta þess, að eftir samtali við hv. frsm. fjvn. höfum við flm. II. brtt. á þskj. 118, um 90 þús. kr. erlent lán, tekið aftur þá till. til 3. umr., svo að hægt verði að taka hana til nánari íhugunar eða koma með hana aftur í annari mynd. Ég gat ekki hlýtt á ræðu hv. frsm. í gærkveldi, en ég hefi heyrt, að hann hafi litlum andmælum hreyft gagnvart till. okkar hv. þm. Borgf. undir XXXII. Hann mun að vísu hafa sagt, að það þyrfti máske í einstökum liðum að greiða nokkurt fé umfram áætlun, og því þyrfti sérstakan fyrirvara gegn því, og við flm. höfum einmitt gert ráð fyrir slíku, er við segjum: „nema um óvænta og bersýnilega nauðsyn sé að ræða". Um þetta atriði álít ég okkur því sammála. Við könnumst við, að alltaf getur eitthvað brugðið út af í einstökum liðum, svo að stj. neyðist til að greiða meira fé en áætlað hefir verið, og við göngum inn á það svo fremi það sé bersýnilega nauðsynlegt, en annars ekki. Af því að hv. frsm. fór svona vægt út í þessa till., skal ég ekki fjölyrða miklu frekar um hana, en vil þó aðeins geta þess, að ég trúi ekki öðru en að hv. þdm. geti greitt henni atkv. sitt, enda styður það mig í þeirri trú, að ábyrgðin gagnvart kjósendunum hlýtur að gera sitt til, að þeir rísi ekki gegn till., því að fyrst og fremst eru þeir kosnir með það fyrir augum, að þeir gæti hags og fjármuna ríkisins.

Því hefir verið hreyft hér í deildinni, að fjárlögin mætti afgr. tekjuhallalaus, þótt þær brtt., sem fyrir liggja, yrðu samþ. Hv. frsm. gat þess fyrir nefndarinnar hönd, að á því myndi enginn möguleiki, en ég vil lýsa yfir því, að n. hefir enga afstöðu tekið til þess máls, eins og sjá má af því, að hún hefir ekki afgr. neinn tekjubálk.

Ef sú till. yrði samþ., sem gengur í þá átt að binda hendur stj., þá myndi ég óhræddur við að láta hana fá nokkurt fé í hendur umfram það, sem áætlað hefir verið, en ef svo verður ekki, þá sé ég ekki annað en að Alþ. verði að taka upp þann sið, að áætla tekjurnar eins og líklegt er, að þær verði, en hverfi frá þeirri eldri reglu, sem gilt hefir í þessu efni, að áætla tekjurnar þær lægstu, sem hægt hefir verið að búast við, að þær gætu orðið. Þess vegna hefi ég viljað, að n. frestaði frekari aðgerðum þar til útséð væri um, hvaða afgreiðslu þessi brtt. fengi. Ef að á að láta stj. haldast sú sóun uppi, sem hún hefir gert sig seka í til þessa, þá vil ég heldur, að Alþ. búi svo um hnútana, að stj. verði frekar neydd til að draga úr útgjöldum en auka þau fram úr því, sem þinginu hefir þóknazt.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að brtt. XXVII. Ég er ekki vel ánægður með form hennar, þótt ég telji það réttara að áætla í fjárlögum ákveðna upphæð til atvinnubóta heldur en að skella fram frv. um tekjuauka í því augnamiði, eins og sumir hv. þdm. virðast hallast að. Ég vil hafa einhvern hemil á óskunum eftir fénu, og ég álít, að því verði bezt náð með því að ákveða, að hlutaðeigandi héruð skuli leggja eitthvert fé á móti ríkissjóðsframlaginu, þannig að þau sýni, að þau hafi fulla þörf fyrir féð og vilji leggja eitthvað á sig til þess að létta af atvinnuleysinu. Ég myndi heldur kjósa, að ákveðið væri, til hvers fénu skyldi varið, en till. stendur til bóta, þótt hún yrði samþ. nú.

Ég skal ekki fara að ræða mikið við hv. frsm. um form fjárlaganna. Mér þótti vænt um að heyra það, að hann viðurkenndi, að gallar væru á því, eins og t. d. það, að stofnanir ríkisins væru þar á víð og dreif, en ættu að vera í einni og sömu grein. Það virðist líka harla óeðlilegt, að stofnanirnar séu færðar ýmist í gjaldaeða tekjubálk, því að slíkt fyrirkomulag er þungt og erfitt við að eiga. Ef áætlað er með nettóupphæð einni, þá er líka óeðlilegt að hafa þetta svona, hvort sem

tekjur eru af fyrirtækinu eða ekki, og þá hygg ég, að hentara væri að hafa gamla formið.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að gera að umtalsefni ræður hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. Skagf., en það er freistandi að minnast á þessa nýju fjármálaspeki hv. 1. þm. Skagf. Hann sýnist glöggur á það, hvar hægt sé að finna nýja skattstofna fyrir ríkið. M. a. sagði hann, að hægt væri að leggja skatt á „luxus"-íbúðir. Hann sagði, að hér væru margir menn, sem byggju í fínum „villum" og hér væri því hægt að ná allmiklu fé í ríkissjóð. Ég veit nú ekki, hvort menn eru færari um að greiða fé í ríkissjóð, þó að þeir búi í dýru húsnæði. Ég held þvert á móti, að þeir, sem það dýra húsnæði hafa, eigi oft erfiðara með að greiða ríkissjóði skatta en þeir, sem minna hafa húsnæðið, því að það góða húsnæði er svo dýrt, að það er örðugt fyrir þá að greiða ríkissjóði háa skatta þar ofan á.

Þá vildi hv. þm. ekki ganga inn á það, að til landbúnaðarins hefði verið veitt of mikið fé. Hann sagðist ekki vilja taka undir með þeim blöðum, sem hefðu kallað landbúnaðinn deyjandi atvinnuveg. En sannleikurinn er sá, að þetta hefir enginn gert. Það er ekkert nema staðlaust fleipur, þegar verið er að bera það fram, að hér sé ágreiningur um það fé. Það, sem deilt er um, er það, að stj. tekur valdið af Alþingi, leyfir sér að veita meira fé en henni er leyft. Það kvartar enginn undan því út af fyrir sig, þó að mikið fé sé veitt til jarðræktar eða til vega, brúa, vita eða síma, heldur kvarta menn undan því, að stj. tekur sér vald til að veita stundum eins mikið og stundum miklu meira en henni er leyft. En þó tekur út yfir, þegar hún hefir leyft sér að draga úr eða jafnvel fella alveg niður aðrar fjárveitingar, eftir því sem henni hefir boðið við að horfa. Það er alveg eins og hún hafi verið beinlínis að verzla þar, verið að kaupa einhver viss kjördæmi með því að veita fé á þennan hátt.

Hv. þm. var að tala um Reykjavík. Hann virðist vera vel þjálfaður í því frá kosningafundunum í vor að ala á þessum kala. Hann sagði, að í Reykjavík væri mest varúðarleysi. Það væri gaman að vita, hvað hann á við. Er það kannske fjármálastjórn Reykjavíkurbæjar? Ef svo er, þá er það alls ekki rétt, því að fjármálum Reykjavíkur hefir verið stjórnað af hinni mestu varúð, og hagur bæjarins í þeim efnum er ágætur, ekkert líkur því, sem hagur ríkisins er. Það hefir mikið verið framkvæmt, en þó ekki verið lagt út í nema arðvænleg fyrirtæki, svo að bærinn hefir þar ekki þurft að bera neinn kostnað. En ég býst nú fremur við, að hv. þm. hafi átt við það, sem svo oft hefir verið sagt, að einstaklingarnir væru óspilunarsamir, hvað þeir eyddu miklu fé og hvað bankarnir tækju háa vexti, sem væri að kenna ábyrgðarleysi ákveðinna fjármálamanna, auðvitað helzt í Reykjavík. En það er einkennnilegt, að þessi sami hv. þm. var nýlega að tala um — og lagði mikla áherzlu á — þennan mikla auð í Reykjavík. Þetta er líka kunnugt úr ræðu hans, þegar hann var að tala um, að leggja mætti skatt á menn fyrir það, hve miklar og dýrar íbúðir þeir hefðu. Hann var þarna á sama augnablikinu að tala um þessa miklu óspilunarsemi og allan þennan mikla þjóðarauð, sem hann sagði, að hefði sogazt til Reykjavíkur. Ég veit ekki, hvað hann hefir átt við með þessum þjóðarauð. Þjóðarauður er nú fyrst og fremst landið sjálft. Ekki hefir Reykjavík þó sogað landið sjálft í sig. Það er til eins og áður, og er miklu verðmætara en það var. Sá þjóðarauður er því meiri sem meira hefir verið unnið. Þessi þjóðarauður hefir því vaxið að miklu leyti fyrir peninga úr Reykjavík, fyrir það, að Reykjavík hefir haft þessa gjaldgetu. Þess vegna hefir verið hægt að leggja fram jarðræktarstyrkinn og fé úr byggingar- og landnámssjóði meira en áður var. Ekki hefir búfjárstofninn minnkað. Hann er þjóðarauður. Ekki hefir Reykjavík verið nein blóðsuga þar. Reykjavík kaupir nú afurðir bændanna dýrum dómum. Hún hefir sogað þær til sín þannig, að hún hefir greitt fyrir þær ríflegt verð, svo að þær sveitir, sem bezt hafa notið markaðarins í Reykjavík, eru nú stærstu landbúnaðarsveitir landsins, þó að þær hafi áður verið fátækar og litlar. Þessir Reykvíkingar, sem hafa skapað þennan auð í sveitunum, eru þessir í alla staði ómögulegu menn, sem eiga að

vera að setja alla þjóðina á höfuðið, eins og bóndi á Austurlandi sagði nýlega á fundi, sem ég var á, að Reykjavík væri sú blóðsuga, sem sygi merg og blóð úr allri þjóðinni.

Þá vildi hv. þm. ekki kannast við, að það fé, sem færi til landbúnaðarins, væri atvinnubótastyrkur, t. d. jarðræktarstyrkurinn. Ég veit eiginlega ekki, hvað það er, sem hann kallar þá atvinnubótastyrk. Mér virðist, að allt það fé, sem fer til einhverra verklegra framkvæmda, sé atvinnubótastyrkur, alveg eins, þó að bændur vinni að þeim framkvæmdum sjálfir. Þeir fá sitt kaup með því að bæta afkomu sína, þegar þeir rækta jörðina. Þeir borga sér ekki kaup eins og verkamönnum er borgað það, en þeir fá kaup sitt með bættri afkomu sinni. En þetta er engin ölmusa, og ég vil engan slíkan atvinnubótastyrk nema þá handa þeim, sem sveitar- og bæjarfélög verða að sjá fyrir, af því að þeir hafa ekki sjálfir getað séð fyrir sér og skylduliði sínu.

Annars eiga allir þessir styrkir og þetta fé að ganga til þarflegra hluta. En ég get ekki skilið, hvers vegna þessi hv. þm. kvartar undan því, að atvinnubótastyrkur skuli ekki vera veittur sveitunum. Hann grobbaði af því, að bændurnir gætu þó, guði sé lof, komizt af án þess að fá hjálp.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að minnast á ræðu hv. þm. Dal., af því að hann er ekki við. Ég ætla ekki að víta hann fyrir hlutdrægni í sinni embættisfærslu. Ég er sjálfur fremur ókunnur útvarpinu, af því ég hefi ekki viðtæki, en mér fannst hann ásaka sjálfan sig um leið og hann afsakaði sig, þegar hann var að ásaka sjálfstæðismenn. Hann sagði, að flokksbræður hv. þm. Vestm. hefðu misbeitt útvarpinu þannig, að það hefði orðið að taka í taumana. Hann hefði ekki átt að minnast á þetta, þar sem aðgerðir, sem komu út af þessu, sýna, hvað vel var vakað yfir því, að útvarpið kæmi ekki með neitt, sem væri ákveðnum flokki til hnjóðs. Ég veit ekki betur en að meðan skeytum var útvarpað frá stöðinni á Melunum, hafi verið leyfilegt að útvarpa hverju sem var, jafnvel þó að það væri eitthvað pólitískt. T. d. ef ég á heima norður í landi, má þá kunningi minn í Reykjavík ekki láta mig vita um það, sem þar gerist? Það er auðvitað borgað fyrir skeytið, og engin lög banna að senda það. En af því sagt var frá fundum sjálfstæðismanna, þá var sett ákvörðun um það, hverju mætti ekki útvarpa, t. d. greinargerðum fyrir till., af því að einu sinni var símuð grg. fyrir till., sem samþ. var á fundi sjálfstæðismanna í Hafnarfirði. Þess vegna mátti ekki útvarpa grg. af pólitískum fundum. Þannig eru varðhundar, — ég legg enga sérstaka áherzlu á orðið hundur, — sem gæta þess, að engu skuli útvarpað, sem getur verið til hnjóðs a. m. k. valdhöfunum.

Þá er eitt atvik, sem ég veit, að mörgum þótti einkennilegt. Kaupsýslumaður nokkur, sem orðið hafði fyrir miklu óláni, var dæmdur í hæstarétti. Hann stóð nærri einum fyrrv. þm. Sjálfstæðisflokksins og var mikill vinur margra manna úr þeim flokki. A. m. k. hefir einhver sjálfstæðislykt þótt vera af honum, því að haldið þið ekki, að dómurinn hafi verið lesinn upp í útvarpið. En það voru ekki lesnir upp ómerkingardómar um ýmis stóryrði Tímamanna. Nei, þá var ekki verið að lesa upp.

Annars er þetta enginn eldhúsdagur um útvarpið, en fyrst farið er að minnast á þetta, þá vil ég benda á fréttina, sem kunngerð var í útvarpinu um stúdenta, sem fóru austur á Þingvöll til að halda upp á stúdentsafmæli sitt. Þá kom frétt í útvarpinu um, að þeir hefðu verið fullir og sýnt af sér óspektir. Ég þekki nú þetta sjálfur frá námsárum mínum. Þá bragðaði enginn vín af stúdentunum, en allir létu eins og þeir væru blindfullir, gengu um göturnar með söng og hávaða og vöktu menn af svefni. Það var ekki af því, að þeir væru drukknir, en allir voru svo glaðir yfir því að hafa lokið af þessu námi. Það er blátt áfram skammarlegt, að menn skuli leyfa sér að útvarpa fregnum um annað eins og það, að þessi hópur ungra manna hafi verið drukkinn á Þingvöllum.

Annars er vel til fallið, ef dæma á um útvarpið, að minna á, hver afskipti það hefir haft af Alþingi. Öll saga útvarpsins á þingi er ein óslitin raunasaga að

þessu leyti. En af því þetta mál er ekki viðkomandi fjárlögunum, því máli, sem hér liggur fyrir, þá fer ég ekki frekar út í það nú, en mér fannst ég ekki geta setið hjá þessum eldhúsumræðum, sem hv. þm. voru að henda hér um salinn.

Einar Arnórsson: Hv. frsm. fjvn. furðaði sig á því, að Alþýðuflokksmenn skyldu hafa lýst yfir því, að þeir aðhylltust brtt. mína og hv. þm. Vestm. Ég furða mig ekkert á því, vegna þess, að okkar till. gengur lengra en þeirra. Þeir eru ekki svo skyni skroppnir, að þeir viti ekki, að þótt okkar till. verði samþ., þá er mikið atvinnuleysi samt í ýmsum stöðum hér á landi, svo að sveitar- og bæjarfélög yrðu að leggja fram miklu meira fé en kæmi í hlut hvers þessara aðilja af ríkisfé. Þetta er okkur flm. ljóst, og þess vegna bundum við ekki till. okkar neinu skilyrði um framlag frá þessum hlutaðeigendum. Við vissum, að það væri óhjákvæmilegt, ef atvinnuleysi yrði mikið, að bæjar- og sveitarfélög legðu fram fé og e. t. v. langtum meira en hér er farið fram á. Þeir hv. þm., sem mæla á móti till. og þ. á m. hv. frsm. tala um, að óvarlegt sé að fara fram á svo mikla fjárhæð sem þessa, án þess að við komum fram með till. um tilsvarandi tekjuaukningu. En ég hefi bent bæði honum og hv. 1. þm. Skagf. á með tölum, sem ennþá hafa ekki verið hraktar, að tekjuáætlun fjárlaganna á nokkrum liðum er 3 millj. kr. lægri en það, sem kom inn á þessa liði árið 1929.

Ég gat þess að vísu, að nokkrir af þessum liðum eru öðruvísi nú, sérstaklega verðtollurinn og vörutollurinn, og ég tók ekki útflutningsgjaldið, en þar er samt lægri áætlun en það nam þetta síðasta ár; hinsvegar eru flestir af þessum liðum þannig, að með núv. þjóðskipulagi geta þeir ekki lækkað mikið frá því, sem þeir voru árið 1929. Hv. frsm. hefir ekki rengt þessar tölur mínar. Sú tala, sem hann getur fært fram um hækkun gjalda, stendur heima við það, sem ég fann út, en það var samt svo, að þær tekjur, sem inn hafa komið á þessa liði árið 1929, eru 8 hundr. þús. kr. hærri en þarf til að fullnægja útgjaldatill. frá hv. fjvn. og þm. Ég get ekki horfið frá því, sem ég sagði, að það væri alls ekki rétt að áætla tekjurnar miklu lægri en þær hljóta að verða.

Svo kom hv. frsm. með þá hugsun, að það væri skynsamlegra að hafa ákvörðunina þannig í fjárlögunum, að ríkisstj. væri heimilt að veita fé til atvinnubóta eftir þörfum. Ef okkar till. er óvarleg, þá er þessi till. það ekki síður, því að það gæti því miður farið svo, að það þyrfti að fara langt fram úr þessari upphæð, sem við förum fram á hér. Ég bendi aðeins á þetta til þess að sýna það, að hv. frsm. er ekki gætnari í þessu máli en við hinir, og að hann getur jafnvel hugsað sér að fara lengra en við höfum lagt til.

Ég má víst ekki hafa þetta nema stutta aths., en ég verð aðeins að minnast á það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að í þessari till. væri betur ákveðið, hvaða verk skyldi vinna. Ég skal fallast á, að það væri gott, ef það væri hægt, en ég er hræddur um, að þótt það væri gert, þá væri það varla hægt nema með svo almennum orðum, að lítið gagn væri í því, þegar ætti að framkvæma till.

Mig furðar á því, að hv. frsm. skuli ekki hafa látið sér skiljast, að þegar sett eru ákvæði um tiltekna upphæð í fjárlög, sem stj. má eyða, þó að ekki sé ákveðið, til hvaða framkvæmda eigi að nota það fé, þá er munur á því og að eyða fé til einhverra framkvæmda, þegar engin heimild er fyrir því í fjárlögum. Það er t. d. munur, hvort lagður er vegur fyrir eitthvað af þessu fé, sem um ræðir í XXVII. brtt., eða að unnið væri eitthvert verk, sem alls engin fjárveiting er fyrir. Og þó að Alþingi feli ríkisstj. að ráðstafa einhverri fjárhæð, án þess að tiltaka nákvæmlega, hvað skuli vinna fyrir hana, þá er ekki hægt að segja, að stj. brjóti vilja þingsins, þó að hún noti það fé. Þingið er þá búið að leyfa það. En ef engin heimild er fyrir því fé, sem varið er til verksins, þá er gert meira en Alþingi hefir leyft.

Jóhann Jósefsson: Hv. 1. þm. S.-M. hélt, að ég hefði orðið fyrir aðsókn í nótt, og að ég hefði þess vegna verið umsvifameiri en ella, þegar í deildina kom. Ég held, að þau áhrif, sem ég varð fyrir af ákveðnum ummælum þessa ágæta og virðulega þm., geti ekki á þessu stigi

málsins talizt aðsókn, því að þessi hv. þm. er, eins og vitanlegt er, ekki á því tilverustigi, að áhrif frá honum geti nefnzt því nafni. Nei, það sem vakti mig til umhugsunar um ástandið í heild sinni, var það, sem ég hefi áður drepið á, að þessi ágæti þm. er að bera mér gáleysi á brýn að þarflausu. Það getur verið, að það sé rétt hjá hv. 1. þm. S.-M., að það fólk, sem atvinnulaust er á ýmsum tímum, eigi sjálft nokkra sök á því, kannske bæði fólkið sjálft og þeir, sem eru forráðamenn þess í kaupkröfum o. s. frv. Ég skal ekki deila um það, það skiptir ekki miklu máli hér. Það sem um er að ræða, er að gera ráðstafanir til að bjarga mönnum úr neyð og vandræðum. Ég sé ekki, að það þýði mikið að leggja það fyrst og fremst niður fyrir sér, hvort fólkið á sjálft sök á þessum vandræðum.

Hv. frsm. og hv. 1. þm. Skagf. ber ekki saman um, hvernig líta eigi á jarðræktarstyrkinn, sem bændur fá samkv. jarðræktarlögunum. Hv. frsm. viðurkenndi, að það mætti með nokkrum rétti telja þetta styrk til atvinnubóta. Því verður ekki neitað, að jarðræktarstyrkurinn er til bóta atvinnu á þeim stað, sem hann er veittur. Þetta, sem ég benti á, kom hv. 1. þm. Skagf. til að rjúka upp með skammir um sjávarútveginn. Ég ætla nú ekki að stofna til metings í þessu. Ég veit ekki, hvað hv. 1. þm. Skagf. á að baki sér af afrekum á atvinnumálasviðinu. Ég trúi, að hann sé kennari við bændaskólann fyrir norðan, en nú gerði hann sig að dómara yfir atvinnuvegunum. En það var ekki annað en það, sem hann og hans nótar kunna á fingrum sér. Þar var sami gusturinn til sjávarútvegsins, sami rógurinn og dylgjurnar sem Tíminn alltaf flytur. Það var ekkert frumlegt í því, sem hv. þm. sagði. Ég get bent á það, að sjávarútvegsmenn hafa staðið fast við hlið bænda í vandræðum þeirra. Það er því ástæðulaust fyrir okkur, sem rekum atvinnu við sjóinn að taka þegjandi við slíkum gusum. Það er svo með hv. þm. eins og hið fornkveðna segir, að „þeir tala mest um Ólaf kóng, sem hvorki hafa heyrt hann né séð". Þeir, sem sita við jötuna, geta kastað grjóti til þeirra, sem vilja styðja sjávarútveginn. Þeim er það óhætt, þeir fá fóðrið sitt fyrir því.

Ég á nú aðeins eftir að beina fáeinum orðum að hv. frsm. fjvn. Hv. frsm. virðist líta svo á, að ég og hv. 2. þm. Reykv. viljum undanskilja sveitar- og bæjarfélög frá framlögum til atvinnubóta. En eins og hv. 2. þm. Reykv. hefir tekið fram, þá er okkur ljóst, að hér er ekki að ræða um annað en aukalega fjárveitingu, vegna sérstakra vandræða. Það er ljóst, að bæjarsjóður verður að leggja fé til verklegra framkvæmda engu að síður. Það hefði eflaust fengið betra hljóð, að fé yrði veitt gegn framlagi úr bæjarsjóði. En þetta álít ég ekki hægt að ákveða, því að þá myndu sum bæjarfélög e. t. v. alveg fara á mis við styrkinn. En við álítum ekki, að það eigi að undanskilja bæjarfélög undan neinni kvöð.

Ég var nærri því búinn að gleyma hv. þm. Dal. Það er með hann eins og karlinn, sem kom frá Ameríku og sagði, að ekki mætti nefna þar „strike" svo að allir legðu ekki niður vinnu. Eins er með hv. þm. Dal. Það má ekki nefna útvarpið svo að hann umhverfist ekki. Mér þykir leitt, ef ég hefi misboðið þessum háa embættismanni. Hv. þm. lét á sér skilja, að þessir embættis- og starfsmenn þyldu ekki, að fundið væri að störfum þeirra. Hv. þm. ætti að muna eftir hinni stóru fyrirmynd, fyrrv. dómsmrh. Hann hefir ekki haft annað frekar fyrir stafni á þingi en ráðast á fjarstadda embættismenn, eins og t. d. dómara hæstaréttar. Það er því ekki leiðum að líkjast. En ég sagði nú aðeins, að „hlutleysið" hefði víst ekki kostað ríkið lítið. En það, hvernig hv. þm. Dal. bregzt við ummælum mínum, sýnir, hve hlutleysið er gæsalappað í huga hans.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 118,I.1 felld með 19 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já: EA, HG, HV, MJ, ÓTh, VJ, ÁÁ, BJ, JörB.

nei: BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 118,I.2.a—b teknar aftur.

— 87,1 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 123,I.a—b teknar aftur.

Brtt. 87,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 118,I.2.c.1 felld með 23 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, EA, HG, HV.
nei: LH, MG, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, JörB.
MJ*) greiddi ekki atkv.

Haraldur Guðmundsson: Ég óska nafnakalls um brtt. 118, I. c. 2.

Forseti (JörB): Má ekki sleppa nafnakalli í þetta sinn? Hv. þm. Seyðf. er þegar búinn að sjá, hver afdrif þessar brtt. fá, og finnst mér það aðeins tímaeyðsla að vera að viðhafa nafnakall um fleiri.

Haraldur Guðmundsson: Ég óska hér með nafnakalls um brtt. á þskj. 118, I. c. 2.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Slík beiðni þarf að vera skrifleg og vera komin í hendur forseta áður en atkvgr. hefst. Hún þarf að vera undirrituð af 6 þm.

Héðinn Valdimarsson: Ég skil ekki, hvað hæstv. forsrh. meinar með þessum orðum sínum. Hann veit fullvel, að það hefir hingað til verið venja, að viðhaft sé nafnakall, þó að bara einn þm. hafi óskað þess, og það munnlega. Mér þykir undarlegt, ef fara á að breyta út af þeirri reglu nú. Ég ætla að biðja hæstv. forseta að bíða með atkvgr. þar til við höfum fengið tíma til þess að skrifa beiðnina.

Forseti (JörB): Jú, ég skal gjarnan hinkra við með atkvgr., svo að hv. þm. fái tíma til að skrifa beiðnina.

Forseti (JörB): Hér eru aðeins 3 nöfn. Til þess, að beiðnin nái fram að ganga gegn vilja forseta, þurfa a. m. k. 6. þm. að skrifa undir.

*) Með svofelldri grg: Það er ekki sökum þess, að ég sé ósamþykkur þessum fjárveitingum, en þar sem fjvn. hefir lagt til, að ákveðin upphæð skyldi veitt til þessara framkvæmda, og ólíklegt, að hægt sé að veita meira, mun ég sitja hjá við atkvgr. um allar þessar brtt.

Héðinn Valdimarsson: Ég ætla þá að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort hann ætli hér eftir aldrei að leyfa nafnakall, nema 6 þm. komi með skriflega áskorun um það.

Forseti (JörB): Jú, ég mun gera það eftir sem áður.

Héðinn Valdimarsson: Eftir því, sem mér virðist af þessu svari forseta — **(Forseti:** Umr. er lokið, og verður gengið til atkv.) á nú að fara að nota sérstaka paragrafa á okkur jafnaðarmennina, fyrst aðrir fá nafnakall, ef 1 maður æskir þess, en við ekki, þó að við 3 berum fram skriflega áskorun þess efnis.

Forseti (JörB): Hv. þm. þarf ekki að láta svona. Hann veit það vel, að ég hefi oft orðið við beiðni bæði hans og annara um nafnakall, án þess að fylgja slíkum formsatriðum. En ég minnist þess ekki, að önnur eins till. og þessi hafi komið fram hér, alla þá tíð, sem ég hefi setið á þingi. — Ég vona, að hv. þm. hafi heyrt, að ég sagði, að umr. væri lokið.

Haraldur Guðmundsson: Ég skil ósköp vel, hvers vegna hæstv. forseti vill ekki nafnakall. Honum er ekki um að láta það sannast á samherja sína úr sveitakjördæmunum, að þeir greiði atkv. á móti framkvæmdum í kjördæmum sínum.

Forseti (JörB): Umr. um þetta mál er lokið.

Héðinn Valdimarsson: Ég geri ráð fyrir, að mér sé heimilt að gera aths. eins og hverjum öðrum. Vill forseti þá ekki svara því strax, um hvaða till. verður nafnakall, af þeim sem eftir eru.

Forseti (JörB): Ég get orðið við tilmælum hv. 3. þm. Reykv. að svara þessu strax. Ég mun alls ekki leyfa nafnakall við hverja smábrtt. eins og þær, sem hér er farið fram á.

Haraldur Guðmundsson: Ég ætla að leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvort 18000 kr. sé svo smávægileg upphæð, að ekki megi biðja um nafnakall um hana.

Ég ætla ekki að setjast niður fyrr en ég fæ svar, því að annars gæti hæstv. forseta dottið í hug að neita mér um orðið. Ég krefst svars hæstv. forseta samstundis. Er 18000 kr. till. of smávægileg, til þess að fáist nafnakall um hana. Já eða nei!

Forseti (JörB): Hv. þm. Seyðf. er enginn stjórnarherra hér á Alþ. og hann verður að haga sér eins og þingvenja er. (**HG:** Ég óska svars). Hv. þm. hljóta að sjá, að ef ætti að fara að hafa nafnakall um allar brtt., mundi það ganga langt fram á nótt. Er ekki enn þá meiningin hjá hv. þm. að krefjast nafnakalls um allar brtt. við 2. umr. fjárlaganna?

Héðinn Valdimarsson: Jú, auðvitað höldum við fast fram okkar fyrri till. En þar sem við erum ekki nógu margir til þess að knýja það í gegn, er það á valdi forseta, hvaða till. honum finnst svo mikilvægar, að honum þyki ástæða til þess að hafa nafnakall um þær.

Forseti (JörB): Ég sé enga ástæðu til að hafa nafnakall um þessa sérstöku till.

Brtt. 118,I.2.c.2 felld með 14 : 3 atkv.

Haraldur Guðmundsson: Ég óska nafnakalls um næstu brtt. (118,I.2.c.3).

Forseti (JörB): Mér dettur ekki í hug að hafa nafnakall um þessa till. heldur.

Brtt. 118,I.2.c.3 felld með 16 : 4 atkv.
— 118,I.2.c.4 felld með 14 : 3 atkv.

Héðinn Valdimarsson: Brtt. 118,I.2.c.5 er um 15000 kr. fjárveitingu til símalínu frá Torfastöðum að Geysi, svo að varla er von, að hæstv. forseti vilji leyfa nafnakall um hana.

Forseti (JörB): Af því að þessu er beint til mín persónulega, skal ég leyfa nafnakall um þessa till.

Brtt. 118,I.2.c.5 felld með 23 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HV, VJ, EA.
nei: GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, JörB.
MJ greiddi ekki atkv.
Brtt. 118,I.2.c.6 felld með 16 : 3 atkv.
— 118,I.2.c.7 felld með 16 : 4 atkv.
— 118,I.2.d tekin aftur.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 118,II tekin aftur.
7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 118,III.1 felld með 20 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, EA, HG, HV, JAJ, PO, SvbH, JörB.
nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, StgrS.
8. gr. samþ. með 18 : 5 atkv.
9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 87,3 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 118,III.2.1 felld með 19 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, MG, ÓTh, VJ.
nei: BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JÓl, JónasÞ, LH, MJ, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, JörB.
Brtt. 118,III.2.2 felld með 18 : 5 atkv.
— 118,III.2.3 felld með 15 : 6 atkv.
— 118,III.2.4 felld með 16 : 6 atkv.
— 118,III.2.5 felld með 16 : 6 atkv.
— 118,III.2.6 felld með 15 : 5 atkv.
— 118,III.2.7 felld með 15 : 5 atkv.
— 118,III.2.8 felld með 15 : 5 atkv.
— 118,III.2.9 felld með 16 : 5 atkv.
— 118,III.2.10 felld með 15 : 6 atkv.
— 118,III.2.11 felld með 14 : 5 atkv.
— 118,III.2.12 felld með 14 : 5 atkv.
— 118,III.2.13 felld með 14 : 7 atkv.
— 118,III.2.14 felld með 15 : 6 atkv.
— 118,III.2.15 felld með 17 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EA, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, VJ.
nei: BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, JörB.
PO greiddi ekki atkv.

Brtt. 118.III.2.16 felld með 20 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, VJ, EA, HG, HV, JJós, JAJ.
nei: LH, MG, MJ,PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JÓl, JónasÞ, JörB.
GÍ greiddi ekki atkv.
Brtt. 87,A.4.a.1—10 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 123,II tekin aftur.
— 118,III.3.a felld með 19 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, EA, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, ÓTh.
nei: ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, MG, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, JörB.
MJ greiddi ekki atkv.
Brtt. 87,4.A.b samþ. með 24 shlj. atkv.
— 118,3.b felld með 15 : 4 atkv.
— 87,4.B samþ. með 23 shlj. atkv.
— 118,IV tekin aftur.
— 118, V felld með 14 : 8 atkv.
— 118,VI.a—b teknar aftur.
— 118,VII samþ. með 16 shlj. atkv.
— 123,III samþ. með 20 shlj. atkv.
— 118,VIII.a—c teknar aftur.
— 87,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 131,a—b felldar með 14 : 9 atkv.
— 118,IX.1.a.1 felld með 19 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, EA, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, ÓTh.
nei: PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, MJ, JörB.
Brtt. 118,IX.1.a.2 felld með 14 : 4 atkv.

Frsm. (Hannes Jónsson): Ég vil benda á það hvað snertir tvo liði á þessu þskj. (IX.1.a.3—4), að stj. hefir tekið upp í frv. 20 þús. kr. veitingu til bryggjugerða, og leggur n. til, að þessum 20 þús. kr. verði varið til bryggjugerða einmitt á þessum stöðum, Hvammstanga og Hnífsdal. Virðist því ekki ástæða til að fara að bera þessar till. upp, og vildi ég skora á hv. flm. að taka þær aftur.

Forseti (JörB): Það kemur ekki málinu við, hvað fjvn. kann að segja um þetta í nál. sínu, fyrst ekki liggja fyrir um það beinar till frá n., og verða því þessar till. bornir upp.

Haraldur Guðmundsson: Ég vildi benda á það, að samræmisins vegna færi bezt á því, að þessar till. yrðu felldar og síðan samþ. aðrar, sem ganga í sömu átt. Þætti mér fara bezt á því eftir annari afgreiðslu fjárl. að þessu sinni, sbr. það, að hér var áðan felld till. um 10 þús. kr. veitingu til Vaðlaheiðarvegar og síðan samþ. að veita 15 þús. kr. til sama vegar, og ennfremur það, að einnig var felld 10 þús. kr. fjárveiting til Þistilfjarðarvegar og síðan samþ. að veita sömu upphæð til sama vegar. Mun þessi beiting þingskapa einsdæmi í allri þingsögunni.

Brtt. 118,IX.1.a.3 felld með 15 : 5 atkv.

Héðinn Valdimarsson: Mér skilst það af þessari atkvgr., að það sé ekki vilji þingsins, að fé verði veitt til þessarar nauðsynlegu bryggjugerðar á Hvammstanga.

Brtt. 118,IX.1.a.4 felld með 15:9 atkv.
— 118,IX.1.a.5 felld með 14:6 atkv.
— 118,IX.1.a.6 felld með 15:8 atkv.
— 118,IX.1.a.7 felld með 15:6 atkv.
— 118,IX.1.b felld með 14:7 atkv.
— 118,IX.1.c felld með 14:5 atkv.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil benda á það, að þessi till. snertir kjördæmi hæstv. forseta, og samkv. upptekinni reglu vænti ég því þess, að hæstv. forseti láti fara fram nafnakall um till. (Forseti: Ég sé enga ástæðu til þess).

Brtt. 118,IX.1.d felld með 16:4 atkv.
— 118,IX.2 tekin aftur.
— 118,X tekin aftur.
— 118,XI.1.a felld með 21:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, EA, HG, HV, JJós, JAJ.
nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JÓl, JónasÞ, LH, MG, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, JörB.
MJ greiddi ekki atkv.
Brtt. 118,XI.1.b. felld með 17:3 atkv.
— 18,XI.2.a tekin aftur.

Forseti (JörB): Þá kemur brtt. 118, XI.2.b, og hefir þess verið óskað, að flm. tækju till. þessa aftur.

Haraldur Guðmundsson: Ég get ekki fallizt á að taka till. aftur. Eins og ég benti á við 1. umr. fjárl., tel ég eðlilegast, að öll ríkisfyrirtæki séu færð undir einn og sama lið í fjárl., hvort sem halli er áætlaður á þeim eða ekki, og tel því rétt, að þetta komi strax til atkvgr., svo að d. geti gefið sinn úrskurð um það nú þegar. Ég vildi og fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann léti fara fram nafnakall um till.

Brtt. 118,XI.2.b samþ. með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HV, JAJ, JónasÞ, StgrS, VJ, ÁÁ, BJ, BÁ, GÍ, HStef, HJ, JörB.
nei: IngB, JJós, JÓl, LH, MG, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, EA.
MJ, ÓTh, SvbH, BSt, BKr greiddu ekki atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 87,6 samþ. með 19:3 atkv.
— 118,XI.3 tekin aftur.
— 118,XI.4 samþ. með 15:7 atkv.
— 118,XI.5.a felld með 15:4 atkv.
— 118,XI.5.b felld með 14:4 atkv.
— 118,XI.6.a—b felld með 15:7 atkv.
— 87,7 samþ. án atkvgr.
— 118,XII samþ. með 21 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 118,XIII samþ. með 15:11 atkv.
— 118,XIV samþ. með 15:7 atkv.
— 118,XV felld með 14:11 atkv.
— 118,XVI samþ. með 16:4 atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 118,XVII samþ. með 15:12 atkv.
— 118,XVIII tekin aftur.
— 118,XIX felld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, EA, HG, HV, JJós, JAJ.
nei: ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, JörB.
GÍ, ÓTh greiddu ekki atkv.
Brtt. 118,XX felld með 14:12 atkv.
— 118,XXI tekin aftur.
— 118,XXII (aðaltill.) felld með 14:7 atkv.
— 118,XXII (varatill.) felld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EA, GÍ, HG, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, JörB.
nei: BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, HV, IngB, JónasÞ, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ.
Brtt. 118,XXIII felld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, PO.
nei: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, JörB.
BJ,BÁ greiddu ekki atkv.
Brtt. 118,XXIV tekin aftur.
— 118,XXV samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, VJ, BÁ, EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ.
nei: JónasÞ, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BKr, HStef, HJ, IngB, JörB.
BSt greiddi ekki atkv.
Brtt. 118,XXVI tekin aftur.
— 118,XXVII.a—c felld með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MJ, ÓTh, VJ, EA.
nei: IngB, JónasÞ, LH, MG, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, JörB.

16. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 118,XXVIII felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EA, GÍ, HG, JJós, JÓl, MG, MJ, PO, VJ.
nei: BSt, BÁ, BKr, HJ, HV, IngB, JAJ, JónasÞ, LH, ÓTh, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, JörB.
Einn þm. (HStef) fjarstaddur.

17. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 118,XXIX tekin aftur.
— 87,8—9 samþ. án atkvgr.
— 118,XXX samþ. með 23 shlj. atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

19. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

20.—21. gr., með þeim breytingum, sem á eru orðnar samkv. atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 19 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Brtt. XXXI. a—b hafa verið teknar aftur til 3. umr. Ef hv. n. vill athuga c-lið þrtt. nánar, þá

erum við flm. tilleiðanlegir að taka þennan lið einnig aftur til 3. umr.

Forseti (JörB): Mér skilst á hv. n., að hún vilji taka þennan lið til athugunar, og eru þá allar brtt. undir XXXI. lið teknar aftur til 3. umr. og 22. gr. borin óbreytt undir atkv.

22. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 118,XXXII felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EA, GÍ, HStef, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PO, VJ.
nei: BKr, HJ, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, JörB.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 30. júlí, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JörB): Ég vil láta þess getið, að ráðgert hefir verið, að fjárlagafrv. verði tekið til 3. umr. næstk. mánudag, 3. ágúst, og væri æskilegt, að hv. þdm. skiluðu brtt. sínum það tímanlega til skrifstofunnar, að þær þurfi ekki að sæta afbrigðum.

Magnús Guðmundsson: Ég vil leiða athygli að því, að það er ómögulegt að koma fram með brtt. fyrr en maður veit um till. fjvn.

Magnús Jónsson: Ég er einn af þeim, sem eru í fjvn., og kemur það mér undarlega fyrir sjónir, að rétt í því að n. er að byrja að líta á frv. eftir 2. umr., þá er 3. umr. tilkynnt. Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir því, að 3. umr. skuli eiga að fara fram áður en fjvn. hefir fengið tækifæri til að athuga frv.

Forseti (JörB): Auðvitað verður að haga þessu eftir ástæðum. En annars geta hv. þdm. fengið að sjá till. í skrifstofunni. Þetta var fremur til ábendingar um að hraða afgreiðslu fjárl. en til þess að reka á eftir n.

Pétur Ottesen: Ég vil spyrja, hvort þetta hefir verið borið undir fjvn. Ég veit ekki til þess, að þetta hafi komið til tals í nefndinni. (**HV:** Hver ræður þessu?).

Forseti (JörB): Ég hefi ekki haft tækifæri til að bera þetta undir fjvn. sérstaklega. En hjá hv. form. n. fékk ég að vita, að það gæti ekki komið til umr. á laugardag, en það væru líkur til þess, að það gæti komið fyrir deildina á mánudaginn.

Á 20. fundi í Nd., 4. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 142, 183, 194, 202).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 194 og 202. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Eins og hv. dm. sjá, liggur nú mikið fyrir af brtt. bæði frá fjvn. og einstökum hv. dm.

Þær breytingar, sem fjvn. gerir á áætlun fjárlagafrv. tekjumegin, eru allverulegar. N. leggur til, að tekjuáætl. hækki alls um 860 þús. kr. Með þessu móti eru tekjur ríkissjóðs orðnar hærri í fjárlagafrv. en þær hafa verið nokkurntíma fyrr í meðferð þingsins. Ég býst því við, að ýmsir hv. þdm. muni telja, að teflt sé á tæpt vað hvað þessar áætlanir snertir. En einmitt vegna þess vill n. vænta, að hv. þdm. sé það ljóst, að þeir verði að fara varlegar nú í áttina til aukinna útgjalda heldur en oft áður hefir verið gert.

Brtt. þær, sem fjvn. ber fram við tekjuáætlun fjárlagafrv., eru þessar:

Við 2. gr. 1., að fasteignaskatturinn sé hækkaður um 50 þús. kr. Þessi skattur hefir á undanförnum árum reynzt töluvert hærri heldur en hann hefir verið áætlaður í fjárlagafrv., og þykir n. því líklegt, að þessi áætlun muni standast. Fasteignaskatturinn fer hækkandi um þessi áramót, vegna þess að eignir hækka í verði samkv. nýja fasteignamatinu.

Þá er brtt. við 2. gr. 2., að tekju- og eignarskattur verði einnig hækkaður um 50 þús. kr. Þessi liður er mjög óáreiðanlegur, sérstaklega í því árferði, sem nú er. Eignarskatturinn mun líklega halda sér nokkurn veginn að vísu, en tekjuskatturinn mun eflaust verða hærri en á undanförnum árum. Með þessari áætlun fjvn. er farið að sverfa mjög nærri því, sem

verið hefir á sumum árum áður, og er því ekki hægt að fullyrða, að áætlunin muni standast.

Þá áætlar n. aukatekjur 70 þús. kr. hærri en áður var áætlað í fjárlagafrv. Ég geri ráð fyrir, að þessi áætlun sé nokkurn veginn örugg. En þegar farið er svona hátt, þá er ekki heldur hægt að búast við, að þessi liður muni fara neitt verulega fram úr áætlun.

Þá er vitagjaldið hækkað um 50 þús. kr. Þessar tekjur hafa farið vaxandi á undanförnum árum og eru orðnar allöruggur tekjustofn. N. vonast eftir, að þessi áætlun sé nokkuð örugg, og leggur því til þessa hækkun á þessum lið.

Bifreiðaskatturinn hefir reynzt á undanförnum árum nokkuð mikið hærri en hann er nú áætlaður í fjárl. þessa árs, og leggur því n. til, að hann verði hækkaður um 20 þús. kr. Það má búast við, að hann verði nokkuð tryggur tekjustofn, og ætlar n., að það sé óhætt að hækka hann um þetta.

Um útflutningsgjald er það að segja, að meðaltal síðustu fjögra ára hefir verið 1 millj. 200 þús. kr., en n. leggur til, að þessi tekjuliður verði hækkaður um 50 þús. kr. Ég skal geta þess strax, að þetta er ef til vill ein af þeim áætlunum, sem n. hefir gengið óþarflega langt í að hækka. Og hún hefir að minnsta kosti gengið svo langt, að það má telja nokkurn veginn víst, að þessi tekjustofn fari ekki fram úr því, sem n. hefir áætlað hann. Og þá er náttúrlega of langt gengið af Alþ., ef það eru engar líkur fyrir því, að tekjurnar fari fram úr því, sem þær eru áætlaðar í fjárl.

Þá er það áfengisskatturinn; hann hefir n. lagt til, að verði hækkaður um 50 þús. kr. Þessi tekjustofn má teljast nokkuð tryggur, og hygg ég, að hann sé sæmilega gætilega áætlaður, þó hann verði hækkaður um þetta.

Tóbaksskatturinn hefir reynzt nokkuð öruggur tekjustofn, og 50 þús. kr. hækkun á honum, sem n. leggur til, mun vera nokkuð nærri sanni; hann hefir farið heldur hækkandi undanfarin ár. Sömuleiðis leggur nefndin til, að kaffi- og sykurtollurinn verði hækkaður um 100 þús. kr. Það er sama að segja um hann og tóbakstollinn, að hann hefir verið fastur tekjustofn og farið hækkandi, svo að á næsta ári er óhætt að búast við, að þessi áætlun muni geta staðizt.

Annað aðflutningsgjald hefir n. lagt til, að yrði hækkað um 20 þús. kr. Hér hefir ekki verið um stórfelldan tekjustofn að ræða, og ekki gott að segja, hvað þetta gjald muni nema miklu, en n. hyggur, að þetta muni láta nærri lagi.

Vörutollurinn hefir orðið mjög mikið hærri en hann er nú áætlaður í fjárl. þessa árs. En á það er að líta, að hann er mjög breytilegur tekjustofn, því það fer alveg eftir afkomu atvinnuveganna í landinu, hversu mikill hann verður. Það má því gera ráð fyrir, að hann verði mjög ótryggur tekjustofn á næstu árum, með því útliti, sem fram undan er fyrir atvinnuvegina, og virðist því ekki gerandi að fara við áætlun hans eftir reynslu undanfarandi góðæra. N. leggur þó til, að þessi tekjuliður verði hækkaður um 100 þús. kr.

Það má segja sama um verð- og vörutollinn, að sá tekjustofn er mjög óviss. Hann hefir gefið undanfarandi tvö ár að meðaltali 2 millj. og 300 þús. kr., en meðaltal síðustu fjögra ára hefir verið 1 millj. og 800 þús. kr. Þessi tollur er einn af allra óvinsæluustu tekjustofnum ríkissjóðs, og er náttúrlega háður innflutningnum. Þó álítur n., að óhætt sé að áætla, að hann muni gefa meira af sér, en nú stendur í fjárl., að dæma eftir reynslunni á liðnum árum, og leggur n. því til, að hann verði hækkaður um 100 þús. kr.

Þá kemur gjald af sætindagerð. Þessi tekjustofn hefir farið vaxandi og virðist vera nokkuð tryggur. N. leggur til, að hann verði hækkaður um 50 þús. kr. eða tvöfaldaður frá því, sem nú er. Þessi lága áætlun hefir staðið í fjárl. undanfarið og hefir ekki verið færð í samræmi við undanfarandi reynslu. N. álítur, að þrátt fyrir þessa hækkun sé hann sæmilega gætilega áætlaður og leggur til, að hann verði hækkaður í 100 þús. kr.

Þá er það rekstrarhagnaður póstsjóðs. N. leggur til, að hann verði hækkaður nokkuð. Meðaltal síðustu fjögra ára, hefir verið um 610 þús. kr. tekjur, og n. leggur til, að tekjurnar verði áætlaðar um 600 þús. kr. Þær hafa farið stöðugt

vaxandi á undanförnum árum, svo að úr 500 þús. kr., sem þær voru árið 1927, hafa þær hækkað í 710 þús. kr. á árinu 1930. Það má því álíta, að það sé sæmilega trygg áætlun, þó að þær verði hækkaðar um 50 þús. kr. eins og n. leggur til.

Sömuleiðis er það að segja um rekstrarhagnað Víneinkasölunnar, að hann hefir verið að meðaltali síðustu fjögur árin um 810 þús. kr., og þó miklu meiri 2 síðustu árin. N. telur því öruggt, að þessi tekjustofn gefi af sér 50 þús. kr. meira en hér er áætlað og gerir því þá brtt., að hann verði hækkaður um þá upphæð.

Menn hafa nú heyrt af því, sem ég hefi sagt, að fjvn. hefir gengið nokkuð langt í till. sínum um hækkun tekjuáætlunarinnar. Þessi óvenjulega hækkun, sem n. hefir gengið lengra í en nokkru sinni áður, er í samræmi við þá stefnu n. að komast sem næst réttu lagi í áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs. Þetta er nauðsynlegt til þess, að þingið geti gert sér það ljóst, hverju það getur varið til útgjalda úr ríkissjóði, og hvað hv. d. má bjóða sér að bera fram af till. til aukinna útgjalda, fram yfir það, sem n. leggur til.

Nú hafa útgjöldin hjá n. vaxið um h. u. b. 860 þús. kr., og er meiri hl. þess til aukinna verklegra framkvæmda. Það, sem n., bæði við 2. og 3. umr., hefir lagt til, að unnið væri að verklegum framkvæmdum, nemur rúmlega 700 þús. kr. Það er því ómögulegt að segja, að n. hafi verið smátæk í till. sínum um, hvað verja skyldi miklu fé til þessara framkvæmda. Og það má því ætla, að hv. þdm. muni vel líka till. n. og láta við það sitja, sem hún hefir lagt til í því efni, en ekki fara að bæta stórkostlega við þær eða, ef þeim sýnist ekki stefna n. í fjárveitingum rétt eða heppileg, að þeir þá leggi til, að eitthvað verði fellt niður af því, sem hún hefir lagt til, og annað tekið upp í staðinn, sem þeir álitu réttara eða heppilegra.

Nú hafa hv. þdm. borið fram allmargar brtt. við þessa umr., sem samtals nema á þriðja hundrað þús. kr. Og ef þær eiga allar að koma ofan á útgjaldatill. n., þá er það auðvitað, að tekjuáætlunin hrekkur ekki til að fullnægja þeim öllum. Og þá er komið að því, að það er sjáanlegt, að tekjur ríkissjóðs hrykkju ekki fyrir útgjöldunum, svo að fram kæmi rekstrarhalli. Og þá mætti búast við, að tekjur næstu ára færu mest í það að koma af þessum rekstrarhalla á ríkisbúskapnum.

Ég skal þá fara nokkrum orðum um einstakar útgjaldatill. n., og er þá fyrst brtt. IV, á þskj. 183. Þetta er aðeins áætlunaratriði um aðra vexti en af föstum lánum ríkissjóðs. Það er vitanlegt, að ríkissjóður þarf að borga aðra vexti en af föstum lánum, en til þess hefir aldrei neitt verið áætlað í fjárl. Þetta er ákaflega ógætileg aðferð, og er það stefna n. að laga þetta. N. telur sjálfsagt hér, eins og í öllum öðrum áætlunum sínum, að komast að því réttasta, sem unnt er, um útgjöldin. N. leggur því til, að bætt verði við nýjum lið: „Aðrir vextir 90000 kr.“ Þetta er auðvitað að nokkru leyti út í bláinn, því að það er náttúrlega ekki hægt að segja, ekki einu sinni nokkurnveginn nákvæmlega, hvað þessi útgjöld verða há. En það er ekki ósennilegt, að þau verði ekki minni en hér er farið fram á, að veitt verði í þessu augnamiði.

Þá er það brtt. VI, frá fjvn., um læknisvitjanastyrk. Það er styrkur, sem veittur er til einstakra sveita, sem langt eða erfitt eiga til læknis, til þess að létta mönnum þann kostnað, sem af læknisvitjunum þar leiðir, og er lagt til, að hann verði hækkaður um 300 kr., sem gangi til Nauteyrarhrepps. Þetta er sem stendur læknislaust hérað, og er lagt til, að þetta sé veitt með því skilyrði, að það sé aðeins meðan héraðið er læknislaust. Það hefir verið veittur slíkur styrkur til annara héraða, og er ekki nema rétt og sjálfsagt, að eins sé gert hér. Héraðið er afskekkt og erfitt að vitja þaðan læknis til Ísafjarðar, en enginn læknir nær.

Þá er það brtt. VIII, á sama þskj., nýr liður, til Halldórs Arnórssonar 3000 kr., til að kynna sé nýjungar í gervilimagerð erlendis og til verkfærakaupa. N. var að vísu klofin um þetta atriði, en meiri hl. leggur til, að þessi styrkur verði veittur. Það mætti náttúrlega margt segja til meðmæla þessari fjárv., svo sem um nauðsynina á því að afla gerfilima innanlands, þar sem það eru margir, sem

þurfa á þeim að halda, en miklu kostnaðarminna að fá þá smíðaða hér en að sigla til að fá þá.

Þá er brtt. á sama þskj. undir XI, nýir liðir: Til Jökulsárhlíðarvegar 8000 kr. og til þjóðvegar í Geithellnahreppi 5000 kr. Það var gert ráð fyrir í fjárl. þessa árs, að Jökulsárhlíðarveginum yrði unnið að í ár, en að því er ég hygg, hafa þær framkvæmdir verið látnar falla niður. Þetta er því að nokkru leyti endurveiting, og leggur n. því til, að á næsta ári verði varið þessum 8000 kr. Um þenna þjóðvegaspotta í Geithellnahreppi hefir n. ekki annað segja en það, að það liggja fyrir mjög sterkar óskir um, að þarna verði unnið eitthvað á næsta ári. Og þar sem lítið er ætlað til þjóðvega á Austurlandi í fjárlagafrv., telur n. rétt að láta þessa fjárv. ganga til vegagerðar þarna austurfrá.

Þá hefir n. lagt til með XIV. brtt., að veittar verði til brúargerða 62 þús. kr. meira en nú er í frv., eða alls 112 þús. kr., með þeirri aths., að þessari viðbót verði varið til undirbúnings brúargerð á Þverá á Rangárvöllum, ef fé er fyrir hendi. Ég þarf ekki að mæla sérstaklega fyrir þessari till.; það hefir verið gert áður, og öllum hv. þdm. mun vera kunnugt um þá brýnu nauðsyn, sem á því er, að ráða bót á samgönguhömlunum, sem Rangárvallasýsla og næstu sýslurnar þar fyrir austan eiga við að búa. En þar sem er um svo stóra upphæð að ræða til einnar brúar, þá fannst n. rétt að setja þá aths. við liðinn, að upphæðin yrði ekki veitt nema tekjur hrykkju fyrir þeim greiðslum öðrum, sem áætlaðar eru í fjárlagafrv.

Þá hefir n. lagt til með XVI. brtt. á sama þskj., að fjallvegafé verði hækkað úr 15 þús. kr. í 25 þús. kr. Þessi fjárv. hefir undanfarið verið 25 þús. kr., og hafði stj., er hún samdi fjárlagafrv., lækkað hana úr 25 þús. kr. í 15 þús. kr. Nú veit n., að af fjallvegafénu verður varið á þessu ári talsvert miklum hluta til áframhalds á Svalbarðseyrarvegi á Vaðlaheiði, sem nauðsynlegt er að koma í samband við Vaðlaheiðarveg. Auk þess hafa legið fyrir fjárbeiðnir til ýmsra fjallvega, m. a. til vegar á Laxárdalsheiði 10 þús. kr. og til vegar yfir Skersheiði 5000 kr. N. sér ekki, að það sé mögulegt að sinna öllum þessum fjárbeiðnum að þessu sinni, en vill leggja til, að fjárv. til fjallvega verði hin sama og undanfarin ár. En það mun mega telja víst, að af þessu fé verði ekki hægt að fullnægja öllum kröfum um fjárframlög til þessara vegagerða, sérstaklega ekki þeim, sem hæst fara, eins og t. d. 10 þús. kr. til Laxárdalsheiðarvegar, því það yrði þá Laxárdalsheiði ein, sem fengi ⅖ hluta af öllu því fé, sem verja á til fjallvega. En þetta verður auðvitað að fara eftir þörf og nauðsyn á hverjum stað, og n. sér sér ekki fært að binda ákveðnar upphæðir við einstaka staði, en vill leggja það á vald vegamálastj., sem veit bezt, hvar þörfin er mest, hvar unnið sé fyrir þetta fé. N. hefir ekki séð sér fært að fara lengra í þessum fjárv. en undanfarið, og leggur því til, að veitt verði sama upphæð til fjallvega og verið hefir.

Þá er það brtt. XXII, á sama þskj. Það er til þess að reisa nýja vita. N. hefir ekki áður gert neinar till. um vitabyggingar, og hefði viljað vera ríkari á roðum sínum til þeirra en hún hefir verið að þessu sinni, en hefir ekki séð sér fært að leggja til, að meiru verði varið til þeirra nú en 65 þús. kr. N. hefir ekki gert neinar till. um, hvaða vitar skuli reistir fyrir þetta fé. Hún telur sjálfsagt, að vitamálastjóri og stjórnin sé látin skera úr um það, hvar sé mest þörf fyrir vita, og álítur, að þeim megi treysta til að ráða bezt fram úr því.

Þá er það brtt. XXVII, um fjárv. til bryggjugerða og lendingarbóta. N. leggur til, að sú fjárv. verði hækkuð úr 20 þús. kr. í 32500 kr., og er það af því, að n. hafði í huga, þegar hún lagði til þessa auknu fjárv., endurveiting á fé til bryggju á Vopnafirði, sem er fyrsta fjárv., 8500 kr., og til bryggju á Vatnsleysuströnd 4000 kr.

Hér lá fyrir við 2. umr. ósk um fjárv. til bryggju á Vatnsleysuströnd, og var beðið um 8500 kr. N. hefir fengið að vita — eða það er ekki hægt að sjá annað af því, sem fyrir liggur um þær framkvæmdir — að til þessarar bryggjugerðar hafi verið varið um 12 þús. kr., og eftir þeirri reglu, sem fylgt hefir verið um fjárv. til bryggjugerða, ættu 4000 kr. af þessari

upphæð að koma frá ríkinu. Þessi upphæð leggur n. til, að verði veitt í þessum fjárl.

Þá er það brtt. undir XXIX. Það er nýr liður, til útgáfu rits um leiðbeiningar á siglingaleiðum við Ísland. Vitamálastjóri hefir lagt mikla áherzlu á að fá fjárv. til að gefa þetta rit út. N. sér og viðurkennir nauðsynina á því, að slíkt rit verði gefið út á íslenzku, og vitamálastjóri álítur, að það muni borga sig bráðlega með útsöluverðinu, því það muni verða mikið keypt.

Þá er brtt. XXXVI; hún er við 15. gr. 18, til Leikfélags Reykjavíkur, að bætt sé við athugasemdina: „Enda leyfi það, að útvarpað sé án endurgjalds síðustu sýningu hvers leiks". Þessi brtt. frá n. er borin fram samkv. ósk frá útvarpsráðinu, og n. gat fallizt á, að hér væri um réttmætar óskir að ræða frá þess hálfu og aths. var samþ. í n.

Þá er brtt. XLVI; það er nýr liður, til Fiskifélagsins, til þess að annast birtingu útvarpaðra veðurfregna í verstöðvum landsins, 5000 kr. Það stendur í þskj. 50000 kr., en á að vera 5000 kr. Þetta er gert vegna þess, að það er í ráði, að breyt. verði gerð á tilkynningum um veðurfregnir. Landssíminn hefir, sem kunnugt er, haft þetta á hendi, en nú telur landssímastjóri það heppilegt að losa símann við þetta, því landssíminn hafi eytt of miklum tíma í þetta frá öðrum störfum. Nú er svo til ætlazt, að veðurfregnunum verði framvegis útvarpað, en þá þarf að sjá um, að tilkynningar um veðurfregnir séu birtar í verstöðvunum og annarsstaðar þar, sem þörf er á, úti um landið. Það verkefni hefir síminn haft með höndum, með því að birta veðurfregnir á ýmsum landssímastöðvum. En þar sem hér á að taka upp nýja tilhögun í þessu, þarf að fá nýja menn til að annast þessar tilkynningar, og er það álitið bezt komið í höndum Fiskifélagsins. En það hefir náttúrlega nokkurn kostnað í för með sér. En landssímastjóri álítur, að það muni borga sig fyrir ríkissjóð, því tekjur símans muni aukast meira en þessum kostnaði nemur.

Þá er brtt. LII, í 3 liðum. Sá fyrsti er til Elliheimilisins Grundar í Reykjavík. 5000 kr. byggingarstyrkur. Fyrir n. lá beiðni um miklu hærri upphæð, sem hún sá sér ekki fært að verða við, en n. gat fallizt á, eða meiri hl. hennar, að 5000 kr. yrðu veittar í þessu skyni. Þá eru 2 brtt., sem koma af sjálfu sér, við 18. gr. II. c. 10 (til Einars Jónssonar), að liðurinn falli niður, því að maðurinn er dáinn. Hin er við 18. gr. c. 13, um að veita Magnúsi prófasti Bjarnarsyni 355 kr. styrk. Þetta er samkv. venju um styrki til uppgjafapresta, og sér n. ekki ástæðu til annars en að þessi prestur fái að njóta sama styrks og aðrir uppgjafaprestar.

Þá er brtt. LVI. 1, við 18. gr. II. f. 18, um að liðurinn falli niður. Þetta er leiðrétting á sama hátt og brtt. LII. 2; maðurinn er dáinn. Þá er brtt. LVI. 2, um að veita Hedvig Blöndal, ekkju Óla Blöndals póstritara, 300 kr. á ári, auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð, alls 600 kr. Þetta er samkv. viðtekinni venju um styrki til ekkna póstmanna. Brtt. LVI. 3, við 18. gr. II. i. 6 (Oddný Guðmundsdóttir), um að liðurinn falli burt, er leiðrétting, því að hún er dáin.

Þá er brtt. merkt LX við 18. gr. II.i.59: 1. a. til Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlendar Zakaríassonar 300 kr.; b. til Sigríðar Pálsdóttur, ekkju Gunnlaugs Indriðasonar 400 kr. Sér n. ekki ástæðu til annars en að veita þessum tveim ekkjum fé þetta.

Óviss útgjöld hafa verið hækkuð úr 100 þús. kr. upp í 150 þús. Þessi liður hefir í fjárlagafrv. alltaf verið áætlaður 100 þús. kr. síðan 1922, en hefir í reyndinni farið langt fram úr því, að meðaltali 250 þús. kr. á ári. Nær það því auðsjáanlega engri átt að áætla hér aðeins 100 þús. kr. Má þó gera ráð fyrir nokkrum létti á þessari grein í endurgreiddum tollum o. s. frv. N. leggur því til, að þessi liður verði áætlaður 150 þús. kr.

Þá eru nokkur heimildarákvæði, sem n. leggur til, að bætt verði inn í 22. gr. á sama þskj.: 1. Við 22. gr. I. (Eimskipafélagið) a. fyrir „85000" kemur: 150000; b. aftan við liðinn bætist: „Enda veitist ríkisstjórninni aðstaða til athugunar og íhlutunar um rekstur þess".

Eimskipafélagið hefir, eins og öllum hv. þm. mun kunnugt, átt erfitt uppdráttar síðastl. ár og orðið fyrir talsverðum tekjuhalla. Má slíkt ekki eiga sér stað til

lengdar, og vill n. því leggja til, að hlaupið verði undir bagga með því. Hinsvegar ætlast n. til, að Eimskipafél. sjálft geri allt það, er verða má til sparnaðar, og skili heilbrigðari rekstrarafkomu fyrir næsta ár en áður. Hvort það tekst, verður reynslan að skera úr, en n. sýnist ekki mega lengur við svo búið standa.
2. Við 22. gr. IV. nýr liður, um að ábyrgjast lán til Síldareinkasölu Íslands. Skulu þau lán endurgreiðast að fullu áður en nokkrum síldareiganda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1932 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samt. 500 þús. kr.

Við 2. umr. lá fyrir brtt. um það, að ríkið ábyrgðist 1 millj. kr., en nú er ábyrgðin ½ millj., og virðist n. nóg, að það verði eins hér eftir. — Hefi ég þá farið nokkuð fljótt yfir brtt. þessar, eins og þær hafa komið fram frá n. hálfu, og vona ég, að hv. þm. sjái, að sumir tekjuliðir eru varlega áætlaðir með það fyrir augum, að ætla sæmilega fyrir útgjöldum ríkissjóðs. Er samt sem áður nóg pláss fyrir tekjuauka, því að óhjákvæmilegt er, að láðst hafi að áætla ýmsa útgjaldaliði nógu hátt. Eru miklar líkur til, að sumir liðir, eins og fjárframlög til sýsluvega, fari fram úr áætlun, sérstaklega, ef kröfum þjóðarinnar á þessu sviði ætti að verða fullnægt, því að þær eru nú orðnar svo miklar, að áætlað fé yrði allt of lítið. Vil ég láta þá ósk mína í ljós, að hv. þdm. verði nokkru varkárari í afgr. fjárl. en sumar till., er fyrir liggja, gefa tilefni til að ætla. Vona ég, að þeir finni til ábyrgðar þeirrar, er á þeim hvílir um afgr. fjárl. Má vel vera, að fjvn. hafi ekki tekizt sem skyldi að áætla fyrir öllum þeim framkvæmdum, sem nauðsynlegar eru, en ef eitthvað vantar, þá verður að fella niður aðra liði, sem minnu varða, til jafnaðar. Fjvn. varð að gera till. um, hvernig verja skyldi fé því, er hún taldi líklegt, að kæmi í ríkissjóð, með þeim tekjuliðum, sem nú eru til. Hefir hún reynt að láta féð renna til þeirra framkvæmda, sem líklegastar væru til þjóðnytja. E. t. v. má eitthvað finna að ýmsum smærri till., en þá má á það benda, að fleirum hefir stundum skjátlazt.

Magnús Guðmundsson: Ég vil leyfa mér að mæla með nokkrum brtt. mínum, þó að mér skiljist sem ekki muni blása byrlega fyrir þeim, eftir þeim upplýsingum hv. þm. V.-Húnv., að fjvn. hafi þegar ráðstafað öllu fé, sem til er.

Við 2. umr. flutti ég brtt. og fór þar fram á eftirlaun handa Ólafi Stephensen. Fór ég fram á, að fjvn. athugaði málið og tæki það til 3. umr. Undrar mig það, að hún hefir ekki gert þetta. Vona ég, að hv. fjvn. leggist ekki á móti þessum litla styrk — 550 kr. — til þessa fátæka, gamla prests. Hefi ég frétt, að hv. n. hafi haft það út á till. mína að setja, að ég hafi ekki komið með beiðni frá biskupi, en ég vona, að prestur verði ekki látinn gjalda þess, að mér hefir láðst að fara til biskups í þessum erindum.

Þá er 2. brtt., sem ég bar fram ásamt hv. þm. Borgf. þess efnis, að ríkið kaupi hús sýslumannsins í Borgarnesi með þeim skilmálum, sem stj. og sýslumanni kemur saman um. Hér stendur svo á, að í nóv. 1920 brann hús sýslumanns og allir innanhúsmunir hans, skjöl og munir tilheyrandi embættinu og póstafgreiðslunni, sem hann hafði þá á hendi. Á þingi 1921 var ákveðið að veita honum 60 þús. kr. lán til að byggja yfir sig og póstafgreiðsluna. Byggði hann stærra en þurfti vegna sýslumannsembættisins, til þess að póstafgreiðsan gæti verið þar líka, og var lánið veitt með tilliti til þess. En nú er búið að taka af honum póstafgreiðsluna, svo að það er orðið of dýrt fyrir hann að búa þarna. Fer hann nú fram á það, að ríkið kaupi af sér húsið, og myndi hann þó að sjálfsögðu leigja þarna áfram. Sýslumaður getur ekki með þeim launum, sem hann hefir, staðið straum af vöxtum og afborgunum þessa stóra láns. Vona ég því, að hv. fjvn. og hv. dm. amist ekki við því, sem hér er farið fram á. Myndi þetta ekki leiða af sér tilfinnanleg útgjöld fyrir ríkissjóð, en talsvert myndi hinsvegar koma upp í þau í leigugreiðslu frá sýslumanni.

Fleiri brtt. held ég ekki, að ég eigi hér, sem þörf er á að mæla fyrir sérstaklega. En út af því, sem hv. frsm. sagði um hækkun á fjallvegafénu, vil ég leyfa mér að ganga út frá, að af því fé verði veitt til Laxárdalsheiðarvegar í Skagafirði, að minnsta kosti hlutfallslega við það fé, sem fer til hins fjallvegarins, sem hann nefndi. (HJ: Það þarf ekki að reikna þetta í hlutfallalíkingum). Ekki í hlutfallalíkingum, en í hlutföllum. Við 2. umr. var farið fram á það við okkur þm. Skagf., að við tækjum aftur till., er við fluttum þá, um fjárframlag til Laxárdalsheiðarvegarins, til þess að hv. fjvn. gæti athugað málið. Nú hefir n. flutt till. um að hækka framlagið til fjallvega. Höfum við því fulla heimild til þess að ganga út frá því, að talsverður hluti hækkunarinnar gangi til þeirra vegagerða, sem við nefndum í till. okkar. (HJ: Nefndin ætlast til þess). Það er gott að fá skýlausa viðurkenningu um þetta frá hv. frsm.

Í nál. hv. fjvn. í fyrra, um fjárl. þessa árs, var það tekið fram, að af fé því, sem þá var veitt til símalagninga, skyldi taka fé til símalínu frá Víðimýri að Goðdölum í Skagafirði. En þessi símalína verður ekki lögð í ár. Þetta vil ég harðlega átelja, því að það er algerlega óheimilt hæstv. stj. að virða þannig að vettugi fjárveitingar þingsins. Væri ekkert við þessu að segja, ef féð væri ekki látið renna annað, en þá þykir mér skörin fara að færast upp í bekkinn, þegar stj. tekur það upp hjá sjálfri sér að láta vinna hitt og annað fyrir þetta sama fé. Og það virðist sem hv. fjvn. álíti þetta rétt og sjálfsagt. Skil ég ekki, hvers vegna fjvn. er að jafna niður fjárveitingum á héruðin, ef stj. fer alls ekki eftir því.

Ég hjó eftir því hjá hv. frsm., að hann sagði, að Eimskipafél. yrði að spara eins og unnt væri. Hefi ég sízt á móti því, að Eimskipafél. spari, enda er mér ekki kunnugt um neina sérstaka eyðslu Eimskipafélagsins. En einn er þó sá liður, sem Eimskipafél. má alls ekki spara á, en það eru viðkomur á smáhöfnum úti um landið. Er það að sönnu dýrt fyrir félagið að halda uppi strandferðum, en mjög mikið undir því komið, að smáhafnir fari ekki á mis við viðkomur skipanna. Að vísu myndi Eimskipafél. geta sýnt betri afkomu, með því að fella niður viðkomur á smáhöfnum, en það myndi koma því harðara niður á íbúum hlutaðeigandi héraða. Vörur, sem flytja þyrfti milli skipa, hlytu að verða héraðsbúum miklu dýrari.

Þá verð ég að víkja ofurlítið að hækkunartill. hv. fjvn. á tekjubálkinum. Sé ég, að n. ætlar að hækka tekjuáætlun um allt að 1 millj. kr. Verð ég að segja, að ef þetta er óhætt, þá hlýtur að verða mikill tekjuafgangur á þessu ári. Allir hljóta að viðurkenna, að kreppan mun koma harðar niður á ríkissjóði næsta ár en í ár, eins og sést á því, sem hv. frsm. upplýsti, að tekjur ríkissjóðs hafi fram að 1. júlí þ. á. verið þær sömu og 1930, sem var bezta tekjuár, sem nokkru sinni hefir komið yfir Ísland. Er af þessu ljóst, að kreppan hefir ekki komið neitt við ríkissjóð fram að 1. júlí í sumar. Hlýtur að verða mikill afgangur tekna á þessu ári, ef áætlun fjvn. stenzt. Hvort svo verður, fullyrði ég ekkert um, en mér virðist sem flest bendi til þess, að afgangurinn verði ekki eins mikill og við hefði mátt búast, af því að ríkissjóður hefir orðið að taka ½ millj. kr. lán í júlí þ. á. til þess að standast daglega útgjöld. Datt mér í hug, að þetta gæti ef til vill stafað af því, að búið væri að borga svo mikið af gjöldum yfirstandandi árs, og beiddist ég þess því af hæstv. fjmrh., að hann léti mér í té yfirlit um tekjur og gjöld þessa árs. Hefi ég nú fengið þetta yfirlit, og samkv. því hafa gjöld ríkissjóðs þessa 6 mánuði, sem liðnir eru af árinu, numið rúmum 6 millj. kr., en tekjurnar hinsvegar um 4½ millj. kr. Mismunurinn hefði átt að vera greiddur til bráðabirgða úr sjóði ríkisins, en sjóðseign ríkisins mun hafa verið um 5,7 millj. kr. í árslok 1929. Nú hefir hv. frsm. n. upplýst það, að orðið hafi 1 millj. kr. halli á ríkisbúskapnum árið 1930, og leiðir af því, að því er mér skilst, að sjóðseign ríkisins hafi átt að nema um 4,7 millj. kr. í árslok 1930. Þessa sjóðseign hlýtur stj. að hafa haft til meðferðar fyrri hl. þessa árs, því að þótt peningarnir hafi ekki allir verið komnir inn 1. jan. 1930, þá hafa þeir hlotið að koma inn smátt og smátt á árinu, og 1. júlí hefði

þetta allt átt að vera komið inn eða svo til. Að þessu athuguðu verð ég að segja það, að mér kemur það spánskt fyrir, að ekki skuli vera nóg fé í sjóði til að standast dagleg útgjöld ríkisins, heldur skuli nú þurfa að taka bráðabirgðalán í því skyni. Nú veit ég að vísu, að júlímán. er einn mesti gjaldamánuður ríkissjóðs, en þó að gert væri ráð fyrir 2 millj. kr. gjöldum þenna mánuð eða helmingi meiru en orðið hefir til jafnaðar hina mánuði ársins, eftir því sem hæstv. stj. hefir gefið upp, ætti samt að vera eftir mikið fé í sjóði ríkisins. Að eigi skuli hafa verið nóg fé í sjóði fyrir útgjöldum ríkisins, get ég ekki skýrt fyrir mér nema á tvo vegu: Annaðhvort að gjöld ársins 1930 hafi verið meiri en upp hefir verið gefið og tekjuhalli ársins því meiri en talið hefir verið, eða þá að vantalin eru enn gjöld fyrri hluta ársins 1931. Hvort fremur er af þessu tvennu, skal ég ekkert segja um. Má og vel vera, að hvorutveggja sé til að dreifa. Ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. n. hafi athugað þetta, og vænti því þess, að hann gefi þær skýringar, sem hann hefir á þessu að gefa.

Ég læt svo úttalað um þetta mál að sinni. Ég geri ráð fyrir, að hv. samþm. minn muni mæla með þeirri till., sem ég hefi flutt með honum, (183, XXVIII), og ennfremur, að hv. þm. V.-Sk. muni tala fyrir þeirri brtt., sem ég flyt með honum (183, LXI), og get ég því látið lokið máli mínu að þessu sinni.

Jón Auðunn Jónsson: Ég ber enn fram nokkrar brtt. við þessa umr. fjárl., sem ég þarf að mæla nokkur orð fyrir. Er þar þá fyrst brtt. III, á þskj. 183, um að veittar verði 12 þús. kr. til síma frá Sandeyri að Stað í Grunnavík af fé því, sem ætlað er til símalagninga á þessu ári. Tók ég þessa till. aftur við 2. umr. fjárl. samkv. beiðni hv. fjvn. og hefði því vænzt þess, að n. hefði eitthvað um till. sagt, en svo hefir nú ekki orðið. Ég kann ekki við að vera nú að endurtaka þau rök, sem ég færði fram fyrir till. við 2. umr., en vil aðeins minna á það, að þessi símalína um norðurhreppi Ísafjarðarsýslu var ákveðin þegar árið 1913 í símalögunum, en síðan hefir ótal nýjum línum verið bætt í símalögin og auk þess verið lagðar margar nýjar símalínur fyrir hundruð þúsunda kr. utan við fjárl., og þessi lína samt alltaf orðið útundan. Ég vænti því þess, að hv. n. sjái sér fært að mæla með þessari till., þegar hún athugar þetta, og að hv. d. geti fallizt á að samþ. þessa sanngjörnu till.

Næsta till. mín er á sama þskj., 183, V, og fjallar um 300 kr. læknisvitjanastyrk til Nauteyrarhrepps. Hefir hv. fjvn. einnig gert till. þessa efnis, en bætt þeirri aths. við, að hreppurinn skuli því aðeins njóta þessa styrks, að héraðið sé læknislaust. Eins og stendur þjónar þarna settur læknir, en allar líkur benda til þess, að svo verði ekki nema 2—2½ mánuð enn, en jafnvel þó að þarna sæti fastur læknir, er svo erfitt til hans að sækja fyrir íbúa hreppsins, að þeir eru litlu betur settir en þó að héraðið væri læknislaust. Það stendur því eins á fyrir þessum hreppi og þeim öðrum hreppum, er njóta þessa styrks, og leyfi ég mér því að vænta þess, að hv. fjvn. geti fallizt á að hverfa frá aths. sinni við till., og mundi ég þá taka þessa till. mína aftur.

Eins og ég drap á í framsöguræðu minni fyrir till. samgmn. við 2. umr. fjárl., ber bráðlega að því, að ríkissjóður þurfi að styrkja þau félög, sem halda uppi bátaferðum með flóum og fjörðum landsins, meira en verið hefir til þessa. Er þetta og strax komið á daginn, því að nú er Djúpbáturinn, sem annazt hefir ferðirnar um Ísafjarðardjúp, ónýtur, og þarf að fá nýtt skip í þessu skyni. Hefi ég ekki getað náð samgmn. saman, til þess að fá meðmæli hennar með þeirri till., sem ég hefi leyft mér að bera fram vegna þessa, 183, XXI, þar sem farið er fram á, að veittur verði 30 þús. kr. styrkur til kaupa á nýjum bát, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar frá. Er meiningin, að þessi nýi bátur fullnægi öllum þörfum um póst- og mannflutninga um Ísafjarðardjúp, en þangað leggja ekki önnur skip leið sína en Esja, sem kemur á Bolungarvík nokkrum sinnum á ári. Er því hin fyllsta nauðsyn á, að þessar samgöngur falli ekki niður, en þar er nú ekki annað fyrirsjáanlegt, því að félagið, sem haldið hefir þessum ferðum uppi, er nú að þrotum komið fjárhagslega, og tillög Ísafjarðar og Norður-Ísafjarðarsýslu upp

urin. Hefir félagið engin tök á að halda þessum samgöngum uppi áfram, ef því kemur ekki styrkur til þess frá ríkinu, a. m. k. ekki nema það fái þá ábyrgð fyrir láni í þessu skyni. Ég vil hinsvegar benda á það, að áður en Djúpbáturinn kom, þurfti póstsjóður að greiða árlega 10—12 þús. kr. til póstferða á þessum slóðum eingöngu. Auk þess er svo ástatt í Ísafjarðarsýslu, að þar verður ekki komið við ferðum eða flutningum á landi, nema þá aðeins á milli hreppa. Ég er því sannfærður um það, að ekki verður komizt hjá þessum aðgerðum að því er Djúpbátinn snertir, og reyndar líka að því er snertir bátinn, sem er í ferðum um norðanverðan Breiðafjörð, því að félagið, sem gerir hann út, er líkt statt, að öðru leyti en því, að sá bátur má teljast viðunandi eins og hann er. — Ef litið er til þess, hve Norður-Ísafjarðarsýsla lætur mikið af mörkum til ríkissjóðs, er þetta, sem hér er farið fram á, ekki nema lítið brot af þeirri upphæð, eða fyrir neðan 10% af því, sem sýslan borgar beint í ríkissjóð, og eru þá frá dregin þau útgjöld, sem ríkissjóður hefir vegna sýslunnar við starfrækslu á embættum þar o. s. frv. Ég þykist því fara hér hóflega í sakirnar, enda hefir það jafnan verið svo, að Norður-Ísafjarðarsýsla hefir greitt mikið í ríkissjóð, en lítið úr honum fengið í staðinn. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég telji það eftir, þó að Norður-Ísafjarðarsýsla borgi meira en aðrar sýslur í ríkissjóð í hlutfalli við það, sem ríkissjóður lætur sýslunni af mörkum. Ég álít það skyldu allra borgara þjóðfélagsins að sjá ríkissjóði fyrir nægilegum tekjum að sínum hluta, en hinsvegar má ríkissjóður þá ekki vera svo fastheldinn að synja hinum ýmsu landshlutum um styrki, sem þeim er nauðsynlegt að fá. En svo er um þann styrk, sem ég fer hér fram á, og vænti ég því þess, að hv. þd. sjái sér fært að samþ. þessa till.

Þá á ég till. XXIV, á þessu sama þskj., þar sem farið er fram á, að veittar verði 3750 kr. til viðgerðar á öldubrjótnum í Bolungarvík. Er þetta endurveiting. N. hefir orðið sammála um að veita þetta, enda virðist það hyggilegra að færa þessa veitingu yfir á næsta ár, þar sem ekkert hefir enn verið unnið að þessu, því að nú er orðið svo áliðið sumars, að þetta verk mundi ónýtast, ef farið væri að byrja á því nú, vegna þess, hve þarna er stórbrimasamt, þegar komið er fram yfir miðjan ágúst. Með því að færa þessa fjárveitingu yfir á næsta ár, eins og till. fer fram á, er það tryggt, að hægt verði að byrja á þessu verki næsta vor, og kemur þá fjárveitingin að fullum notum.

Sú hefir ekki verið venja mín að flytja till. um styrk til einstakra manna. Hefi ég sem margir aðrir fremur kosið að leggja eitthvað af mörkum sjálfur til þess að styðja efnilega unga menn til náms. Nú hefi ég samt orðið til þessa, þar sem ég fer fram á það, að Jóni Sigurðssyni verði veittar 1000 kr. til þess að nema nýjustu aðferðir til byggingar úr járnbentri steinsteypu (183, XXXIV). Þessi maður er hinn efnilegasti, námfús og atorkusamur og hefir hin beztu meðmæli. Hefir hann þegar verið að þessu námi í tvö ár, og þarf að dvelja ytra eitt ár enn til þess að fullnuma sig. Vænti ég þess, að hv. d. geti fallizt á að samþ. þessa till., því að okkur er ekki sízt þörf á sérmenntuðum mönnum í þessari grein, svo mjög sem steinsteypubyggingar fara í vöxt hér á landi.

Næsta till. mín er nokkuð óvanaleg (183, XLIII). Fer ég þar fram á, að búfjáreigendum í Norður-Ísafjarðarsýslu verði veittur 20 þús. kr. styrkur til fóðurbætiskaupa. Eins og ég hefi drepið á áður, verður mjög þröngt í búi þarna vestra í ár, eins og reyndar víðar á landinu, vegna hins mikla grasbrests, sem þar er. Hafði ég hálfvegis búizt við því, að hv. n. mundi gera einhverjar till. til úrbóta í þessu efni, en svo hefir þó ekki orðið. Er þó fyrirsjáanlegt, að mörgum bóndanum verður ókleift með öllu að komast yfir þau vandræði, sem af grasbrestinum leiða, án þess að þeim komi einhver styrkur af opinberu fé eða fái a. m. k. vaxtalaus lán. Það má að vísu benda á Bjargráðasjóð í þessu skyni, en ég lít svo á, að ekki sé rétt að grípa til hans í þessu tilfelli, því að það má búast við, að komið geti mörg vond ár í einu, og er því hyggilegra að geyma að taka af honum, en veita í þess stað nokkurn styrk til þeirra sýslna og hreppsfélaga, sem harðast hafa orðið úti af völdum grasbrests-

ins. Hefi ég fyrir nokkru símað oddvitunum í Norður-Ísafjarðarsýslu og beðið þá að safna upplýsingum um ástandið þar vestra. Svör þeirra hefi ég nú fengið og skal ég með leyfi hæstv. forseta leyfa mér að lesa þau hér upp

Oddvitinn í Eyrarhreppi símar á þessa leið: Töðumagn helmingi minna en síðastl. sumar.

Oddvitinn í Hólshreppi segir svo: Töðufengur í sumar 65,75% minni að meðaltali en í fyrra.

Oddviti Súðavíkurhrepps símar: Áætlaður töðufengur, fyrri sláttur, allt að 50% minni en 1930. Túnasláttur víðast byrjaður tveim vikum síðar en þá, svo að há verður sennilega talsvert minni.

Oddviti Nauteyrarhrepps símar: Áætla töðuna 80% minni.

Það er eftirtektarvert, að þetta er einhver stærsti landbúnaðarhreppur sýslunnar, sem svo illa hefir orðið úti.

Oddvitinn í Ögurhreppi símar svo: Eftir því sem séð verður, áætlast töðufengur í Ögurhreppi í sumar 65% minni en síðastl. ár.

Oddviti Reykjafjarðarhrepps símar: Töðufengur hér í hreppi áætlaður 75% minni en síðasta ár.

Oddviti Sléttuhrepps símar: Áætla töðufeng hér um 25% minni en í fyrra.

Oddviti Snæfjallahrepps símar: Áætla töðufeng hreppsins 50% minni en síðastl. ár.

Oddviti Grunnavíkurhrepps, sem staddur er hér í bænum, hefir tjáð mér, að töðufengur þar í hreppi muni verða um 50% minni en síðastl. ár.

Þegar þess er gætt, að útengjar eru mjög rýrar eða engar í Norður-Ísafjarðarsýslu, mega menn geta sér nærri, hvernig horfurnar þar eru. Ég veit til þess, að í sumum þeim hreppum hér á Suðurlandi, sem taldir eru að hafa orðið einna verst úti, er áætlað, að töðufengurinn verði 10—20% minni en í fyrra, en útengjar munu hér alstaðar í meðallagi eða betri. Það er því enginn samanburður á því, hvað þessir hreppar í Norður-Ísafjarðarsýslu hafa orðið verr úti. Ég geri ráð fyrir því, að þessum styrk, ef veittur verður, verði skipt niður á milli hreppana með tilliti til þess, hve mikinn skaða þeir hafa beðið vegna grasbrestsins, en það sjá allir, að styrkurinn á hvern einstakan hrepp kemur ekki til með að bæta mönnum þenna skaða nema sem svarar að fjórðungi. Þannig var töðufengur í Nauteyrarhreppi um 6000 hestar í fyrra, en verður nú ekki nema 1500 hestar, eftir því sem áætlað er. Engu að síður vænti ég þess fastlega, að hv. d. samþ. þessa till. mína.

Þá flyt ég till. um það (183, LV), að eftirlaun Cathincu Sigfússon verði hækkuð úr 400 kr. upp í 1000 kr., eða til vara 750 kr. Ég veit ekki, hvort hv. þd. eru kunnar ástæður þessarar heiðurskonu, en ég get skýrt frá því, að þau hjón voru efnalaus, þegar maður hennar féll frá, og mun það einkum hafa dregið til þess, hversu þau hafa hjálpað mörgum fátækum piltinum til mennta. Hafa svo sagt mér þeir menn, sem vel voru kunnugir þeim hjónum, að ekki lítill hluti af launum Jóhannesar sál. Sigfússonar yfirkennara hafi gengið til þessa. Þau hjón áttu engin börn, en settu alla getu sína í það að hjálpa fátækum námsmönnum áfram, enda munu þeir skipta tugum, sem þannig hafa orðið aðnjótandi hjálpar þessara heiðurshjóna. Er þá illa launað gott og göfugt starf, ef eftirlaun þessarar valinkunnu sæmdarkonu verða ekki hækkuð eins og ég fer fram á með þessari till.

Þá kem ég að síðustu brtt. á þessu þskj., 183, LXVII. Er sú till. mín í tveim liðum. Í fyrri lið till. fer ég fram á það, að endurnýjuð verði heimild fyrir stj. til að ábyrgjast lán fyrir Hólshrepp, til þess að koma upp raforkuveri, gegn endurábyrgð Norður-Ísafjarðarsýslu, sem þegar hefir samþ. að ábyrgjast lánið. Það liggja ekki fyrir neinar áætlanir um þessa virkjun nú, en eftir útreikningum Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra, sem gerðir voru 1929 og þá lágu hér frammi, er mjög álitlegt að virkja á þessum stað, sem hér er um að ræða. Hefir þegar verið varið 20 þús. kr. til undirbúnings virkjuninni, með því að leggja vegi, byggja stíflugarða o. fl. Vænti ég þess, að hv. þd. fallist á að samþ. þessa endurveitingu með tilliti til þessa. Síðari liður þessarar till. minnar fjallar um það, að stjórninni verði heimilað að ábyrgjast allt að 60 þús. kr. lán fyrir h/f

Djúpbátinn til bátskaupa, gegn ábyrgð Norður-Ísafjarðarsýslu og 1. veðrétti í bátnum. Eins og ég gat um áður í sambandi við till. um styrkveitingu til handa Djúpbátsfélaginu, er sá bátur, sem félagið hefir haft í förum, ónýtur, og verður því að kaupa nýjan bát til þess að halda þessum samgöngum uppi. Er þessi ríkisábyrgð nauðsynleg til þess að það geti tekizt. Ef þessarar ábyrgðar verður hinsvegar synjað, eru þessar samgöngur þar með úr sögunni, því að félagið getur ekki ráðizt í þessi bátakaup af eigin ramleik, og mundi þá t. d. póstsjóður verða að halda uppi póstferðum á þessum slóðum á eigin kostnað að öllu leyti. En ég vænti þess fastlega, að hv. d. sjái sér fært að verða við þessari beiðni, því að það má heita lífsnauðsyn fyrir alla þá, sem þarna búa, að þessar samgöngur leggist ekki niður. Ef svo illa færi, yrðu menn þar að breyta um búskaparlag og þessi héruð að fá landafurðir annarsstaðar frá en nú, sem mundi bæði verða óhentugra og dýrara. Hinsvegar gera örar samgöngur innan héraðsins það að verkum, að menn geta meira skiptzt á vörum sín á milli en ella og þannig losnað að miklum mun við að kaupa erlendar vörur. Þessi bátur, sem hér er um að ræða, hefir undanfarið farið flestar ferðir af þessum svokölluðu flóabátum. Á síðasta ári fór hann 114 ferðir innan Ísafjarðardjúps og nokkrar út fyrir það. Og í ár er áætlað, að báturinn fari 118 ferðir. Ég veit, að þeir hv. þm., sem þekkja til staðhátta þarna fyrir vestan, muni skilja nauðsyn þessa máls, og vænti þess fastlega, að d. samþ. þessa till. mína.

Halldór Stefánsson: Ég ætla ekki að fara að blanda mér inn í þær umr., sem hér hafa orðið um fjárlögin almennt, að þessu sinni, heldur vildi ég gera stuttlega grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt og prentaðar eru á þskj. 183. Verður þar fyrst fyrir mér brtt. X, þar sem ég fer fram á það, að veittar verði 5000 kr. til þjóðvegarins í Skeggjastaðaþinghá. Í till. vegamálastjóra, sem lágu fyrir síðasta þingi, var lagt til, að 5000 kr. yrðu veittar til nýlagningar vega um miðju sveitarinnar, en vegir eru þar mjög vondir. Þó að þetta sé ekki mikil upphæð, kemur hún þó að miklu gagni, því að þegar búið er að bæta veginn um miðsveitina, opnast þar með möguleikar fyrir sveitina til að komast í akvegasamband við kauptúnið í Höfn við Bakkafjörð. Hitt verður að bíða seinni tíma, að sveitin fái sæmilegt vegasamband til hinnar handarinnar, Þórshafnar. Því að á þeirri leið er yfir heiði að fara.

Þá verður næst fyrir brtt. undir XIX. lið. Þar er farið fram á hækkun á fjárveiting þeirri, sem veitt er til þess að halda við byggð og gisting á afskekktum stöðum fyrir ferðamenn. Hækkunin nemur 500 kr. Ætlazt er til, að þessar 500 kr. renni til ábúandans á Víðidal á Möðrudalsfjöllum. Fyrir síðasta þingi lá beiðni um þetta. Beiðni sú var studd af umsögn og meðmælum kunnugra manna. En raunar má það vera öllum ljóst, hvílík nauðsyn er að halda við byggð á almannaleiðum á heiðum uppi, þar sem óraleiðir eru á milli bæja. Getur það bjargað lífi manna í vetrarferðum. Það hefir áður verið veittur slíkur styrkur til bæjar, sem var á heiðinni, en nú er fallinn í auðn. Sá bær var á milli Möðrudals og Skjöldólfsstaða á Jökuldal, en þessi bær, Víðidalur, er á milli Grímsstaða á Hólsfjöllum og Möðrudals. Það er með öllu viðbúið, að bær þessi, sem nú æskir þessa litla styrks, leggist líka í auðn, ef ekkert er að gert. Það er skiljanlegt, að þegar örðugt reynist að halda jörðum í ábúð í sveitum landsins — eins og sumsstaðar er — þá sé það ekki síður erfitt að haldast við ábúð á heiðum uppi. Ég vil biðja hv. þdm. að athuga það, þegar þeir nú e. t. v. halda fjöreggi þessa bæjar milli handa sinna, hversu mikil viðbrigði það yrðu ferðamönnum, einkum í vetrarferðum, ef þessi bær legðist í auðn.

Þá á ég brtt. LXVIII, á sama þskj. Hún fer fram á, að J. Frímanni Jónssyni verði veitt 2500 kr. lán til þess að koma upp verkstæði til aðgerða á jarðyrkjuverkfærum, jarðyrkjuvélum, heyvinnuvélum og rafstöðvum, og til þess að koma upp nýjum rafstöðvum fyrir Fljótsdalshérað, gegn þeirri tryggingu, sem stj. metur gilda. Lánið sé vaxtalaust og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum. Það hefir legið fyrir í lestrarsal erindi

frá þessum manni. Er þar gerð ýtarleg grein fyrir því gagni, sem af því mætti verða, að íbúarnir í þessu með tilliti til samgangna afskekkta héraði gætu leitað aðgerða á rafstöðvum sínum og verkfærum innan héraðs. Í fjárl. fyrir árið 1928 var stj. heimilað að veita Bjarna Runólfssyni á Hólmi 5000 kr. lán til þess að koma upp rafstöðvum. Lán þetta var að öllu leyti með sömu kjörum og það lán, sem hér er farið fram á, nema það var til 20 ára, í stað þess, að þetta er einungis til 10 ára. Í fjárl. fyrir árið 1930 var stj. veitt heimild til þess að lána tveimur mönnum, Sigfúsi Vigfússyni og Guðmundi Einarssyni, 5000 kr. hvorum til þess að leiðbeina og aðstoða við rafstöðvabyggingar. Lán þessi áttu að vera með sömu vaxtakjörum og hin fyrrnefndu, en ekki nema til 15 ára. Nú er hér í þessari till. minni aðeins farið fram á helming þess fjár, sem getur um í þessum heimildum, er ég hefi nú nefnt, og þar að auki til miklu styttri tíma. Ég skal geta þess, að ætlazt var til, að annar þeirra manna, sem ég nefndi áðan, hefði verkstæði á Austurlandi, en hinn á Vesturlandi. Á Vesturlandi mun þetta verkstæði vera komið upp, en ekki hefir orðið af því, að þessi heimild væri notuð á Austurlandi. Hér er því í þessari till. minni að nokkru leyti aðeins um endurveitingu að ræða og það að standa við gefin loforð um að gera þessum afskekktu héruðum greiðara fyrir um aðgerðir á verkfærum sínum og vélum.

Þá verður loks fyrir brtt. LXIX, á sama þskj., við 22. gr. IV, nýr liður. Í till. þessari er farið fram á lán til Hjaltastaðahrepps í Norður-Múlasýslu, að upphæð 25 þús. kr. í 20 ár með 6% vöxtum, gegn ábyrgð sýslun. N.-M. Samskonar heimild var veitt í fjárl. fyrir árið 1930, en það reyndist oft stuttur tími fyrir hlutaðeigendur til þess að koma sér saman um skilyrðin fyrir því, að heimildin yrði notuð, og árið 1930 leið svo, að ekki komst á samkomulag. Nú mun samkomulag fengið milli þeirra, sem hlut eiga að máli, og því líklegt, að heimildin yrði nú notuð, ef hún yrði veitt. Hér er því eiginlega ekki um annað en endurveitingu að ræða, og tel ég það Alþingi lítt sæmandi að standa ekki við gefið loforð, þó að svo hafi tekizt til, að heimildin gat ekki orðið notuð á þeim tíma, sem ætlað var. Ég hefi tekið eftir því, að meðal brtt. á þskj. 183 eru nokkrar, sem eru sambærilegar við þessa, þótt það sé að vísu ekki að öllu leyti. Í till. þessum er farið fram á aðstoð ríkisins til handa hreppum, sem að einhverju leyti hafa orðið hart úti í straumhvörfum styrjaldaráranna, eða á annan hátt orðið hart úti, svo sem vegna fátækramála, og treysta sér ekki til að rísa undir þeim byrðum, sem á þá hafa hlaðizt. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um ástæður þær, sem liggja til grundvallar fyrir þessari till. minni. Það var gert allrækilega þegar þingið veitti þessa heimild árið 1929, og ég læt mér nægja að vísa til þess, sem þá var um þetta mál rætt.

Þá vil ég geta þess, að ég er viðriðinn brtt. á þskj. 194, um hækkun á rekstrarstyrk húsmæðraskólans á Hallormsstað. Ég mun þó ekki gera grein fyrir henni; aðalflm. hennar, hv. 1. þm. S.-M., mun gera það.

Lárus Helgason: Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 183, og vil ég segja um þær fáein orð. Það er þá fyrst brtt. undir tölul. XIII, við 13. gr., nýr liður. Þar er farið fram á 10 þús. kr. fjárframlag til Brunahraunsvegar. Því er þannig varið með þenna veg, að það er þegar búið að leggja hann út í mitt hraunið, en sá vegarspotti kemur, eins og gefur að skilja, að engu haldi, fyrr en búið er að ljúka við veginn alveg í gegnum hraunið. Vegamálastjóri segir, að fé það, sem þurfa muni til þess að ljúka veginum, sé um 10 þús. kr. Ég hefi nú hreyft þessu máli við hv. fjvn., en hún hefir ekki séð sér fært að taka þetta upp á arma sína. Ég get nú samt ekki séð, að sumir þeir liðir, sem nú eru í frv., eigi meiri rétt á sér en þessi mjög svo nauðsynlega fjárveiting. Vegur þessi er í þjóðleið, og meðan ekki er hægt að fullgera hann, þurfa ferðamenn að krækja langan veg, líklega röska klst. ferð, til þess að komast suður fyrir hraunið og á veginn aftur. Engum þeim, sem kunnugur er þessu máli, getur blandazt hugur um, að hér sé mjög mikil þörf skjótrar og góðrar aðgerðar. Og hefði verið nægur mannafli til, þegar

vegarspotti sá, sem nú er, var lagður, þá hefði veginum öllum verið lokið þá þegar. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, en ég vona, að öllum hv. dm. skiljist, að hér er verið að biðja um fé til þarfra framkvæmda og mjög aðkallandi.

Næsta brtt., sem ég á á þessu sama þskj., er merkt XV, einnig við 13. gr. frv. Till. þessi fer fram á 12 þús. kr. til brúargerðar á ána Skálm á Mýrdalssandi. Á Mýrdalssandi hagar svo til, að tvær ár falla um hann, sem einkum hindra umferðina. Önnur áin rennur vestast á sandinum, og heitir sú Múlakvísl. Hin áin, Skálm, rennur á að gizka 20 km. austar. Múlakvísl munu hv. þm. oft hafa heyrt nefnda. Það er jökulá, oft vatnsmikil og vond yfirferðar, og væri mikil þörf á að brúa hana, þó að ég hafi hugsað mér að fara ekki fram á það í þetta sinn, þar sem ekki er annað sýnna en að þröngt geti orðið í búi hjá ríkinu nú á næstu árum. Ég fer aðeins fram á að fá brú á ána Skálm, sem er fremur lítil, en eigi að síður til hins mesta farartálma. M. a. tekur hún fyrir alla bifreiðaumferð um sandinn, nema þegar hún er minnst á vorin. Ef brú fæst á þessa á, þá er bílvegur alla leið austan af Síðu og vestur að Múlakvísl. Mun þessi bílfæri vegur vera um 60 km. að lengd. Það kemur oft fyrir þegar áin er sem allra minnst, að brotizt er yfir hana með bifreiðar. Vilja þær þá festast í ánni, og eins og allir hljóta að sjá, þá eru þetta mjög hvimleið og erfið ferðalög. Með brú á þessa á væri stórt spor stigið í þá átt að greiða fyrir samgöngum austur um sveitirnar. Þótt Múlakvísl sé ekki brúuð, þá er hægt að komast yfir hana á ferju, og taka svo aðrar bifreiðir þar, ef menn vilja halda áfram austur á Síðu. Við Skálm er aftur á móti engin ferja né tæki til þess að komast yfir, þar sem hún rennur svo langt frá byggð.

Þá á ég 3. brtt., undir XLVII. lið. Efni hennar er hækkun á styrknum til Sambands ísl. heimilisiðnaðarfélaga, og er tekið fram, að laun Halldóru Bjarnadóttur skuli vera 3000 kr. Halldóra Bjarnadóttir er búin að vinna þessu landi meira gagn heldur en almennt gerist. Kona þessi hefir afarmikinn áhuga fyrir hverskonar iðnaði og öllu því, sem betur má fara. Hún hefir haft þetta starf sitt mjög lengi með höndum, en það er, eins og mönnum er kunnugt, mjög illa launað og hún efnalega illa stödd. Síðustu árin hafa laun hennar verið 1800 kr. á ári, eða sem svarar 150 kr. á mánuði. Það má telja víst, að hefði einhver karlmaður leyst annað eins verk af hendi og ungfrú Halldóra hefir gert, þá hefði ekki þótt sæma að greiða honum ekki nema 150 kr. á mánuði. Ég flyt þessa brtt. mína um 1200 kr. hækkun á styrk til sambandsins með það fyrir augum, að unnt verði að veita ungfrú Halldóru Bjarnadóttur sæmilegri laun en hún hefir nú. Vona ég, að Alþingi viðurkenni nú starf þessarar konu með því að samþ. þessa litlu hækkun.

Þá er 4. brtt., sem ég á, undir LXI. lið. Till. þessa flytja þeir með mér, hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. A.-Sk. Till. er um 10 þús. kr. skaðabætur til Vigfúsar Gunnarssonar að Flögu í Skaftártungu fyrir tjón það, sem hann beið, er hús hans brann til kaldra kola í desembermánuði í vetur sem leið. Bruni þessi orsakaðist af eldingu, sem sló niður í 4 metra fjarlægð frá bænum. Svo mikið var að þessari eldingu kveðið, að hún tætti í sundur átta símastaura á línunni. Barst eldingin svo í húsið um hánótt, er allir menn voru í fasta svefni. Fárviðri var á, og bjargaðist fólkið með naumindum út úr húsinu á nærklæðum einum saman. Brunnu þarna inni allir fjármunir hjónanna. Húsið, sem var nýbyggt, var aðeins vátryggt fyrir 10 þús. kr., eða líklega ekki nema fyrir helming þess, sem það var vert. Hér liggur fyrir skýrsla um það, sem inni brann, gefin eftir minni heimilisfólksins. Er auðsætt, að þar er farið mjög varlega í sakirnar, en samt sem áður er tjónið við brunann metið á 13 þús. kr. Býli þetta liggur í þjóðbraut. Þar var landssímastöð, og hefir það eflaust orsakað brunann, þar sem eldingin komst í húsið eftir símaleiðslunni. Er því ekki nema sanngjarnt, að landið taki einhvern þátt í þessu tilfinnanlega tjóni, sem hjónin að Flögu hafa orðið fyrir. Landssímastjóri hefir að vísu haft á móti því, að þetta fé verði greitt frá landssímanum. Telur hann, að ekki sé fullsannað, að bruninn hafi orsakazt af símaleiðslunni. Segir hann, að í húsið liggi aðrar raftaugar.

Það er rétt, að rafstöð er á bæ þessum, en þær leiðslur koma í bæinn úr allt annari átt, og auk þess er það fullsannað, að stöðin var ekki í gangi þessa nótt. Við flm. höfum viljað fara sem allra vægast í sakirnar, og því aðeins farið fram á tæpan helming þess fjár, sem ætlað er, að hjónin hafi tapað við þetta hörmulega atvik. Ég held, að ekki sé hægt að segja eins og landssímastj., að hér sé um hættulegt fordæmi að ræða, því að ég hefi átt tal við símaverkfræðing, sem tjáði mér, að þetta hafi ekki komið fyrir, að kviknað hafi í húsi af völdum símans, fyrr en nú. Þótt þetta kunni nú að koma fyrir á 25 ára fresti, þá er ekki hægt að segja, að hér sé um ljótt fordæmi að ræða. Hitt finnst mér öllu ljótara fordæmi, ef hið opinbera tekur nú ekki þátt í þessu tjóni, sem þessi maður hefir beðið, og léttir undir með honum með fjárveitingu. Ég þykist nú hafa farið nógu mörgum orðum um þessi fjárframlög í heild, en vil að endingu benda mönnum á, að ég hefi ekki lagt það í vana minn að bera fram brtt., nema um brýna nauðsyn hafi verið að ræða, og svo er það hér.

Bernharð Stefánsson: Ég flyt hér aðeins eina litla brtt., en við 2. umr. flutti ég enga, svo að varla verður um mig sagt, að ég hafi syndgað mikið við afgreiðslu þessara fjárlaga.

Brtt. mín er undir VI. lið á þskj. 194 og fer fram á það, að Halldór Kr. Jónsson, bóndi á Brekku í Svarfaðardal, fái 600 kr. styrk til dýralækninga. Þessi maður hefir stundað dýralækningar alla tíð frá því árið 1913. Ég veit ekki vel, hvernig námi hans var háttað, en hitt veit ég, að hann stundaði dýralækninganám, og dýralækningar hans hafa gefizt mjög vel. Hv. þdm. hafa annars átt kost á að kynna sér málið í skjölum, sem legið hafa frammi í lestrarsalnum, og eru þ. á m. meðmæli frá hreppstjóranum og hreppsnefndinni í Svarfaðardalshreppi og lækninum í því héraði. Starf þessa manns sem dýralæknis er nú orðið svo mikið, að hann getur ekki stundað bú jafnhliða, og get ég nefnt því til sönnunar, að á síðustu árum hefir hann verið sóttur í slíkum erindum 160—180 sinnum á ári, og hefir hann stundum orðið langt að fara. Er því auðsætt, að æðimikill tími fer í þetta. Því er nú komið svo, að hann hefir milli þess tvenns að velja, að hætta við dýralæknisstörfin eða hætta við búið, og hefir hann valið síðari kostinn sökum áskorana mikils fjölda manna, og þá einkum Svarfdælinga. Það er hinsvegar auðsætt, að til þess að geta fengizt við þenna starfa, verður maðurinn að hafa ofurlitla fasta þóknun, og hefir Svarfaðardalshr. gengið inn á að greiða honum 400 kr. á ári, gegn því, að hann gefi sig eingöngu við þessu, en það er vitanlega allt of lítið, og því fer ég hér fram á 600 kr. viðbótarstyrk honum til handa, enda munu 1000 kr. það minnsta, sem hann getur látið sér nægja. Ég vil einnig benda hv. þdm. á það, að hér er svo sem ekki um neitt einstakt eða óheyrilegt fordæmi að ræða. Því að annar maður hefir áður haft og hefir enn slíkan styrk í fjárlögum.

Ég ætla ekki að fara að ræða almennt um fjárlögin, en ég get þó ekki stillt mig um að drepa lítið eitt á XX. till. á þskj. 183, frá þeim hv. þm. Dal. og hv. þm. Ak., sem er þess efnis, að styrkurinn til flóabátaferða verði hækkaður um 2000 kr., og þykist ég vita, að ætlun þeirra sé sú, að fé þetta gangi til Eyjafjarðarbátsins. Ég ætla ekki að fara mikið út í þetta mál, því að ég geri ráð fyrir, að flm. tali fyrir því, en hinu vil ég lýsa yfir, að ég er þessu alveg samþykkur. Þótt ég léti kyrrt liggja við 2. umr., fannst mér það þó allundarlegt, að hv. samgmn. skyldi gera það að till. sinni, að styrkurinn væri hækkaður við tvo slíka báta, en lækkaður við þennan, því að vitanlega liggja engin þau rök fyrir, sem réttlætt geta þetta á nokkurn hátt.

Björn Kristjánsson: Ég á hér örfáar brtt., sem ég vildi gera nokkra grein fyrir, og verður þá fyrst fyrir mér brtt. XXIII. Hún fer fram á, að varið verði 2000 kr. til kaupa á vitavarðarbústað á Rifi á Melrakkasléttu.

Þetta mál horfir þannig við, að vitavörðurinn, sem þar hefir búið, var fyrir nokkru neyddur til að byggja sér íbúðarhús, en áður hafði hann búið í torfbæ, sem var orðinn svo lélegur, að hann var kominn að falli og lífshætta að búa í hon-

um öllu lengur. Því miður ráðgaðist hann ekki við vitamálastjóra áður en hann réðist í verk þetta, en taldi það hinsvegar víst, að vitamálastjórnin mundi kaupa húsið, er það væri fullgert. En er til vitamálastjóra kom, kvað hann sig vanta heimild til þess, nema fé fengist veitt í fjárlögunum. Hét hann að mæla með því. Áður var þarna vel byggilegt, því að skipströnd voru þar tíð og barst þá margt á land, sem ábúanda kom að notum og hann fékk fyrir lítið verð á uppboðum. Nú er ekki um neitt slíkt að ræða, því að síðan vitinn kom, eru ströndin úr sögunni, sem betur fer. Jörð sú, er hér um ræðir, er mjög ill til ábúðar, túnið er mjög lítið, fóðrar í mesta lagi 2 kýr og í óveðrum gengur sjór yfir það og ber með sér sand og möl, og gerir með því spjöll mikil. Landið þarna í kring hefir engin ræktunarskilyrði, en fjörubeit er dágóð, hinsvegar er hagabeit mjög langsótt og slægjur einnig.

Nú standa sakir þannig, að bóndinn situr uppi með dýrt hús og mikinn skuldabagga, því að hann varð að taka bráðabirgðalán til byggingarinnar. Er ekki annað sýnilegt en að hann flosni þarna upp, nema því aðeins að ríkissjóður hlaupi undir bagga og kaupi húsið fyrir eitthvert verð. Vitamálastjóri og hreppstjóri hafa sent meðmæli sín til þingsins og liggja þau hér fyrir. Húsið er virt á 13 þús. kr., en ég geri ráð fyrir, að ábúandinn mundi sætta sig við að selja það fyrir lægra verð. Hér er farið fram á, að ákveðið verði að greiða 2000 kr. sem fyrstu afborgun til þessa manns, en fjárveiting þessi haldi síðan áfram, þar til húsið er að fullu greitt. Ef núv. vitavörður verður að yfirgefa jörðina og vitavarðarstarfið, verður ríkið annaðhvort að kaupa þetta hús, eða þá að láta reisa nýtt handa þeim vitaverði, sem þarna kann að verða, og hygg ég, að það myndi reynast öllu dýrara, enda álít ég ekki rétt, að ríkið leiki þenna mann svo grátt, þar sem hann hefir þjónað vitavarðarstarfinu vel og dyggilega um langt skeið, eins og meðmæli vitamálastjóra votta.

Mér láðist að geta þess, að ég á hér VII. brtt. á sama þskj., um endurveitingu á fé til sjúkraskýlis á Þórshöfn, og skal sú upphæð nema 8000 kr. Ég ætla ekki að þreyta hv. þdm. með langri greinargerð um þetta mál, en vil aðeins gefa stutt yfirlit um gang þess. Þetta skýli var upphaflega reist samkv. tillögum landlæknis og eftir teikningum, er hann sendi. Hafði þingið ákveðið að greiða ⅓ kostnaðarins, en hann var áætlaður 12 þús. kr., en reyndist að vera miklu meiri, eða um 40 þús. kr. Nú liðu nokkur ár og var ekkert hreyft við málinu þar til árið 1927. Þá bar fyrrv. þm. N.-Þ., Benedikt Sveinsson, fram till. þess efnis, að ríkið skyldi taka á sínar herðar ¼ kostnaðarins, og var það samþ. Árið 1928, er Magnús heitinn Kristjánsson var orðinn fjmrh., áttu þeir Benedikt Sveinsson og Guðmundur Vilhjálmsson á Lóni tal við hann um málið, og hét hann að greiða þessa upphæð inn í viðlagasjóðslán, sem skýlið hafði fengið. Vissu forráðamenn skýlisins ekki annað en að svo hefði verið gert, fyrr en seint í vetur, að þeir fengu tilkynningu um það frá Búnaðarbankanum, að lán þetta væri ógreitt og yrði það að greiðast sem skjótast ásamt vöxtum og vaxtavöxtum. Um þetta átti ég svo tal við hæstv. fjármálaráðh. og taldi hann í fyrstu, að sjálfsagt væri að greiða þetta, enda myndi ekki þörf á samþykki þingsins, en síðar hallaðist hann að því, eftir nánari athugun, að rétt myndi að láta Alþingi taka ákvörðun um málið. Ég vona, að hv. þdm. samþ. þessa brtt., því að hér er ekki um venjulegt framlag eða ⅓ kostnaðar að ræða, heldur aðeins um ¼, og má það teljast farið vægt í sakirnar.

Þá kem ég að þriðju brtt. minni, sem er sú XXVI. á sama þskj., um að varið verði 4000 kr. til brimbrjótsins á Skálum. Hv. þm. Seyðf. hefir áður borið fram till., sem hefir gengið í sömu átt og þessi, en hún hefir verið hærri og ekki náð samþykki. Þessi brimbrjótur, sem hér um ræðir, var byggður árið 1930 og var verkinu stjórnað af vitamálastjóra. Kostnaður við verkið hafði verið áætlaður um 20 þús. kr., en reyndist yfir 30 þús. kr., og kom það mest til af því, að undirbúningur að verkinu hafði enginn verið gerður, þannig að þegar verkfræðingurinn, sem sendur var til að hafa umsjón með verkinu, kom norður, varð að sækja sandinn langa leið á skipum, og jók það

kostnaðinn úr hófi fram. Sumpart má nú máske segja, að þetta hafi verið að kenna þeirri nefnd, sem kosin var á Skálum og átti að hafa á hendi undirbúninginn, en sumpart vitamálastjórninni, sem sendi mann norður á þeim tíma, þegar ekkert var hægt að aðhafast vegna stórhríða, og án þess að kynna sér áður, hvort nægilegur undirbúningur hefði verið gerður. Nú er svo komið, að allir þeir, sem lofað hafa fjárframlögum, hafa innt sínar greiðslur af hendi, en þessi aukakostnaður, sem á féll, lendir einvörðungu á fátækum verkamönnum, sem nú standa uppi ráðþrota og vita ekki, hvert þeir eiga að snúa sér. Verkfræðingurinn gaf þeim ávísun á framkvæmdanefndina á Skálum, en af þeim mönnum, sem hana skipuðu, er ekkert að hafa, því að þeir eru allir bláfátækir, og því hafa verkamennirnir ennþá ekkert fengið, og kemur því þessi vangreiðsla niður þar sem síst skyldi. Í brtt. minni fer ég fram á upphæð, sem að vísu er 2 þús. kr. lægri en sú upphæð, sem verkamennirnir eiga útistandandi, en það geri ég af því, að ég er ekki vonlaus um, að hreppsnefndin og aðrir hlutaðeigendur fáist til að greiða það, sem á vantar, og verði þessu þannig kippt í lag.

Þá kem ég að till., sem ég hefi flutt ásamt hv. 4. þm. Reykv. og er sú XL. á þskj. 183. Till. fer fram á það, að Ólafi Marteinssyni verði veittar 1000 kr. til orðtöku og vísnasöfnunar, en til vara 800 kr. Svo er ástatt með þenna mann, að hann lauk prófi hér við háskólann árið 1928 og fór þá utan til að halda fyrirlestra við háskólann í Osló, og ef vel gengi, hafði hann fengið fyrirheit um það, að stofnað skyldi sérstakt embætti við háskólann handa honum. Þessi maður var álitinn mjög fær og naut mikils álits hjá þeim prófessorum, sem honum höfðu kennt, en svo vildi sá sorglegi atburður til, að hann fékk heilablóðfall og lá lengi milli heims og helju erlendis. Nú er hann kominn hingað til lands og hefir náð þeim bata, að hann er að dómi prófessoranna við háskólann fær um að vinna að undirbúningi orðabókarinnar, sem lengi hefir verið í smíðum, og vísnasöfnun, en af þeim á hann þegar safn mikið. Fimm kennarar við háskólann hafa sent þinginu áskorun um að veita manni þessum fé þetta, og vona ég, að hv. þdm. bregðist vel við, þegar um slíkan gáfumann er að ræða, sem meinleg örlög hafa leikið svo grátt. Prófessorarnir gera ráð fyrir, að þessi styrkveiting muni nægja til að þessi mæti maður komist yfir erfiðleikana, en ef honum er ekki veittur þessi styrkur, er ekki útlit fyrir annað en að hann fari á sveitina, því að hann er nú blásnauður að fé.

Guðbrandur Ísberg: Ég á hér eina litla brtt. við 13. gr., þar sem er farið fram á, að styrkur til flóabátaferða skuli hækka úr 89 þús. kr. upp í 91 þús. kr., en það er sú upphæð, sem veitt er í fjárlögum yfirstandandi árs til flóabáta. Við erum tveir um þessa till., ég og hv. þm. Dal. Við fluttum fyrst, hvor í sínu lagi, brtt. um 1000 kr. hækkun til flóabáta, ég til bátsins á Eyjafirði, en hann til bátsins á Breiðafirði, og svo slógum við okkur saman um að flytja þessa einu brtt. Við áttum hægt með það, vegna þess, að við erum báðir kunnugir á þessum stöðum og þekkjum nauðsyn héraðanna í þessu efni.

Um Eyjafjarðarbátinn vil ég fyrst taka það fram, að hann hefir verið rekinn með rekstrarhalla síðustu ár. Síðasta ár var rekstrarhallinn 3 þús. kr., og er þá ekki talin með nauðsynleg afskrift á bátnum. Sýnir það, hve erfiður þessi rekstur er, að mönnum þeim, er að bátnum standa, skuli virðast sá möguleiki svo fjarlægur, að hægt muni vera að leggja eitthvað til hliðar vegna fyrningar á skipinu, að þeir hirða eigi að taka fyrningu með á yfirlitsreikningi. Mætti sú upphæð þó naumast vera minni en 3 þús. kr., svo að raunverulegur rekstrarhalli er þá um 6 þús. kr. Félag það, er heldur bátnum úti, hefir farið fram á það við Alþingi, að þessi styrkur til félagsins verði hækkaður um 5 þús. kr. upp í 20 þús. kr., í líkingu við það, sem Djúpbáturinn á Ísafirði hefir nú, en samgmn. hefir ekki séð sér fært að taka þá beiðni til greina, heldur þótti ástæða til að lækka styrkinn úr 15 þús. kr. niður í 14 þús. kr. Það, sem hér er farið fram á, er því aðeins það, að styrkurinn sé látinn halda sér.

Nauðsyn þeirra ferða, sem Eyjafjarðarbáturinn annast, er mikil og auðsæ. Á

öllu svæðinu eru samgöngur á landi mjög erfiðar og á vetrum oft ómögulegar, svo að ef þessar ferðir legðust niður, yrðu sumar sveitir að vera án allra samgangna mikinn hluta ársins. Má þar sérstaklega benda á kauptúnið í Ólafsfirði, sem hefir á 6. hundrað íbúa, og sömuleiðis Dalvík, sem geta ekkert fengið flutt að eða frá nema sjóleiðis, vegna vegleysu á landi; og íbúar þessara o. fl. þorpa geta ekki notað sína eigin báta til flutninga á vetrum, því þeir verða vegna hafnleysis og brima að láta þá liggja á Akureyri eða Siglufirði vetrarmánuðina.

Ég nefni þessi þorp, Ólafsvík og Dalvík, af því að þar eru svo margir íbúar, en það mætti vel nefna aðra staði, þar sem er nærri því eins ástatt. En það mun hafa vakað fyrir samgmn., þegar þessi styrkur var lækkaður, að það mætti spara flóabátnum ferðir austur á bóginn til Húsavíkur og fleiri hafna, vegna þess að strandferðaskipin gætu annazt flutninga á þeim slóðum. En forstjóri félagsins hefir tjáð mér, að þó að þessar ferðir féllu niður, þá væri flóabáturinn lítið betur settur fyrir það, á meðan hann yrði að elta litlar hafnir, eins og t. d. Grímsey og Flatey, og fleiri hafnir þar austur frá, þar sem strandferðaskipin koma aldrei. Þó að ferðunum kynni að vera fækkað þarna, þá er full nauðsyn á að fjölga þeim vestur á bóginn, því að á margar hafnir þar koma strandferðaskipin næstum því aldrei. Það er víst, að íbúar héraðanna meðfram Eyjafirði, í Þingeyjarsýslu og Skagafirði austanverðum, munu ekki una því, að ferðir Eyjafjarðarbátsins verði lagðar niður. En búast má við, að svo verði, ef báturinn fær ekki aukinn styrk. Enda gat félagsstj. þess í styrkbeiðni sinni, að ef hún fengi ekki þann viðbótarstyrk, sem farið var fram á, þá yrði hún að leggja bátaferðirnar niður. Ég skal geta þess, að ég mæli hér ekki fyrir hönd stjórnar félagsins. Það getur vel verið, að félagið neyðist til að hætta störfum og leysist upp, þar sem það fékk ekki þann viðbótarstyrk, sem það fór fram á, til þess að geta látið Eyjafjarðarbátinn ganga áfram. En ef styrkurinn verður ekki lækkaður, þá eru líkur til, að félagið reyni að halda ferðunum áfram eitt ár til, í von um, að því takist að sýna Alþ. fram á og sanna nauðsyn þess að halda ferðunum áfram. Ég veit svo ekki, hvort ástæða er til að fjölyrða meira um þetta. Ég veit, að ýmsir af hv. þdm. þekkja svo vel nauðsyn þessa máls, að ég treysti þeim til að greiða atkv. með till. minni. Það eru aðeins 1000 kr., sem ætlazt er til, að greiddar séu til Eyjafjarðarbátsins, en hv. þm. Dal. mun tala fyrir hækkuninni til Breiðafjarðarbátsins.

Pétur Ottesen: Ég á nokkrar brtt. ásamt öðrum hv. þdm. við fjárlagafrv., en ég mun ekki minnast á nema þrjár af þeim. 1. brtt. er á þskj. 194, II, um 500 kr. hækkun til flóabátaferða, sem eiga að ganga til Hvalfjarðarbátsins. Ég hefi stílað till. með till. hv. þm. Ak. og hv. þm. Dal Hækkunin til flótabátaferðanna er því alls 2500 kr.

Ástæðan til þess, að ég fer fram á þessa hækkun, er sú, að þeir, sem búa við Hvalfjörð, hafa þegar tekið upp flutninga á rjóma og mjólk með þessum báti til Reykjavíkur. En til þess að þetta geti að liði orðið, þarf ferðum bátsins að fjölga frá því, sem nú er. En óhugsandi er, að samkomulag komist á um það, nema styrkurinn verði hækkaður.

Ég sendi samgmn. erindi um þetta í vetur og endurnýjaði það nú með bréfi. N. tók líklega í þetta í vetur, en í till. hennar nú er ekki sýndur litur á þessu. Og orsökin á breyt. hjá n. liggur í því, að því er mér er sagt, að í vor hefir verið ruddur vegur inn fyrir Hvalfjörð, svo að líkur eru til þess, að þar verði bílfært að sumarlagi þegar þurrviðri ganga. Á þessari leið eru 3 vatnsmiklar ár, sem strax og nokkuð rignir teppa umferðina. Eins og veginum er enn háttað inn fyrir Hvalfjörð, þrátt fyrir þessa aðgerð, þá kemur hann ekki að liði fyrir þá, sem við Hvalfjörð búa, til afurðaflutninga, svo neitt sé hægt á því að byggja. Eina úrlausnin fyrir þá í þessu efni er sú, að hægt sé að fjölga bátaferðunum, en til þess að það verði kleift, þarf styrkurinn að hækka. Mönnum er kunnugt, að það eru miklir örðugleikar á framleiðslu, og fara sveitirnar ekki varhluta af þeim örðugleikum. Það er þess vegna mjög mikils um vert, að greitt sé sem bezt fyrir því, að sá

markaður, sem til er í landinu fyrir sveitaafurðir, sé sem bezt notaður. Ég vænti því þess, að hv. d. taki vel í till. og sjái nauðsynina á að greiða úr fyrir þeim, sem hlut eiga að máli. Við atkvgr. verða greidd atkv. um allar 3 till. í einu, og er þannig á hagkvæman hátt og fyrirhafnarlítinn hægt að afgera þetta mál.

2. brtt., á þskj. 194, VIII, sem ég flyt ásamt hv. þm. Mýr., fer fram á það, að Kvenfélagasamband Mýra- og Borgarfjarðarsýslu fái 300 kr. styrk. Um alllangt skeið hafa kvenfélagasamböndin notið nokkurs styrks í fjárlögum, 450 kr. hvert. En þar sem þau kvenfélagasambönd taka yfir stærra svæði en það, sem hér um ræðir, þá höfum við ekki farið fram á hærri upphæð. Þessi kvenfélagasambönd hafa að aðalverki að vinna að menntun og menningarmálum kvenfólksins í landinu og sjá um húsmæðrafræðslu og stuðla að auknum heimilisiðnaði. En þetta allt saman hefir mikla þýðingu fyrir þjóðina. Innan þessa sambands eru 4 eða 5 kvenfélög, og er meiningin að halda héraðssýningu á nokkurra ára bili. M. ö. o.: verkefnið er hið sama og hinna kvenfélagasambandanna, sem þegar hafa fengið viðurkenningu Alþ. Ég vænti þess, að hv. d. líti sömu augum á þetta nú og áður hefir verið gert.

3. brtt., sem ég flyt ásamt hv. þm. Mýr., er um það, að Mjólkurfélagið Mjöll fái eftirgjöf á 15000 kr. láni úr Viðlagasjóði, sem það fékk fyrir nokkrum árum. Það er leiðinlegt verk að þurfa að fara fram á slíka eftirgjöf. En það var svo, að starfsemi félagsins var aðallega sú, að sjóða niður mjólk í landinu, og tilgangurinn var sá, að láta landsmenn nota markaðinn, sem til var í landinu. Og hér var mikið verk að vinna. Það er árlega flutt inn niðursoðin mjólk fyrir fleiri hundruð þús. kr. Þetta eru miklir peningar, og hefði verið mikið til vinnandi, að það hefði tekizt að vinna markaðinn. En það var svo með þenna félagsskap, að það voru miklir byrjunarerfiðleikar, og þetta kom hart niður á félaginu. Það var líka erfitt að fá menn með fagkunnáttu, og það komu í ljós nokkrar skemmdir á vélunum, sem ætlaðar voru til verksins. Og niðurstaðan varð sú, að það var starfað um nokkurt árabil, án þess að tilganginum væri náð. En það voru færðar sönnur á það, að það er auðvelt að sjóða niður mjólk hér og hægt að fullnægja markaðinum, sem til er í landinu, og fengin allmikil reynsla í þessu efni. Auk þess hefir félagið haft niðursuðu á kjöti með höndum og gert verðmætar afurðir eins og rýra kjötið, sem annars eru næstum því verðlausar. En erfiðleikarnir, sem félagið lenti í, hafa leitt til þess, að það hefir orðið að gefast upp. En nú hefir samkomulag komizt á við kaupfélag Borgfirðinga um að það keypti hús og áhöld verksmiðjunnar fyrir 60 þús. kr. En þrátt fyrir þetta kaupverð, munu skuldirnar vera um 30 þús. kr., og er allt hlutaféð, sem var 60 þús. kr., tapað. Nú standa því sakir þannig, að þeir menn, sem að standa, eru með 30 þús. kr. skuldabagga á herðum sér. Helmingur þeirrar skuldar eru þessar 15000 kr., sem félagið fékk að láni. Og það er sú upphæð, sem ég og hv. þm. Mýr. berum á bænarörmum hér á þinginu, samkv. ósk og beiðni þeirra, sem að standa.

Viðlagasjóður er nú að vísu runninn inn í Búnaðarbanka Íslands, en ég ætla, að það sé fullkomlega formleg leið, sem við förum, að Alþingi taki ákvörðun um, hvort félaginu skuli gefin eftir þessi upphæð. Svo sem kunnugt er, er þetta háð vilja Alþingis, og ég efast ekki um, að bankastjórar Búnaðarbankans verði við þessu, ef Alþingi samþykkir það. Kaupfélag Borgfirðinga hefir keypt verksmiðjuna í þeim tilgangi að byggja upp mjólkurvinnslustöð og halda áfram tilraunum á mjólkurniðursuðu, og hefir það fengið mann, sem verið hefir í útlöndum að afla sér þekkingar, og er ekki örvænt um, að tilganginum verði náð, og að þessi hugsun, að sjóða niður mjólk í landinu sjálfu, komist í framkvæmd með þeirri framþróun, að við gætum sparað mörg hundruð þús. kr., sem við nú borgum út úr landinu. Og það er ekki hægt að segja annað en að allar þær tilraunir, sem gerðar eru til að gera ísl. framleiðsluvöru nothæfa og fá stærri markað, eru virðingarverðar, hverjir sem að þeim standa. Ég vænti þess, að hv. d. fallist á að taka þátt í óhöppum, sem þarna hafa orðið og samþ. heimildina, sem hér

liggur fyrir. Það eru mörg fordæmi fyrir því, að slík lán hafa verið gefin eftir.

Ég ætla svo ekki að minnast á fleiri brtt., en enda með því að minnast á eina brtt. fjvn., sem hv. frsm. gerði að umtalsefni. Mér virtist það ekki koma fram hjá honum, sem fjvn. vildi einmitt, að kæmi fram. Till. fer í þá átt, að Fiskifélaginu verði veittar 5 þús. kr. til þess að standast kostnað af að birta veðurfregnir í verstöðvum landsins. Frsm. fjvn. gat þess, að landssíminn hefði haft með þetta að gera. Nú vill landssíminn losna við þetta og telur það fjárhagsvinning fyrir ríkið. Og meiningin er, að veðurfregnunum verði varpað út og Fiskifélagið taki það að sér. En það hefir ekki verið hægt að fá upplýsingar um, hvað kostnaður muni verða mikill. Hinsvegar var n. sammála um, að það væri rétt, að ríkið legði fram fé til þessa, því að það hefir mikla þýðingu fyrir atvinnuvegi landsins, að veðurfregnirnar berist sem víðast. En þessi upphæð styðst ekki við neitt, en er aðeins áætlunarupphæð og verður síðar ákveðin samkvæmt því, sem reynslan sýnir. Því má fyllilega treysta, að Fiskifélagið komist að sem beztum og hagkvæmustum kjörum og geri sitt til þess, að kostnaðurinn verði sem minnstur.

Bjarni Ásgeirsson: Ég á einn eða með öðrum hv. þdm. brtt., sem ég þarf að gera lítillega grein fyrir. Ég ætla þá fyrst að minnast á brtt. á þskj. 183, XXXVIII. Mitt hlutskipti verður hér að vera einn meðal þeirra manna, sem hneykslunum valda. Ég ber þar á bænarörmum fátækan og umkomulausan listamann, Ásgeir Bjarnþórsson að nafni. Hann hefir brotizt áfram gegnum erfiðleika og fjárhagsvandræði með lítilfjörlegum styrk aðstandenda sinna. En fyrir hæfileika sína og trú sína á þeim hæfileikum og skilning annara manna á þeim, hefir hann hlotið viðurkenningu þeirra, sem honum hafa kynnzt. En mér vitanlega hefir hann ekki orðið neins opinbers styrks aðnjótandi, eins og flestir aðrir, sem á undan honum hafa gengið þessa braut og samtímis. — Það liggja fyrir tvær beiðnir um styrk handa þessum manni. Önnur er frá honum sjálfum, um 2000 kr. styrk til Ítalíuferðar, til að ná þar frekari fullkomnun í list sinni, og einnig til heilsubótar. Hann varð fyrir þeirri raun að veikjast af berklum. Hann hefir að miklu yfirunnið þá, en þó ekki fullkomlega. Nú vill hann slá tvær flugur í einu höggi, fara sér til heilsubótar suður til Ítalíu og um leið að fullkomna sig í list sinni. Hin beiðnin er frá félagi íslenzkra listamanna og fer fram á 600 kr. Ég var svo hæverskur að taka lægri beiðnina. Ég veit, að einhver muni segja, að nóg sé annað við ríkissjóðinn að gera, en ég vona, að Alþ. verði ekki reiknað það til dómsáfellis, þótt það veiti þessa litlu upphæð til þessa manns, sem er einn í tölu þeirra, sem erfiðast eiga uppdráttar í þessu þjóðfélagi.

Þá á ég aðra tillögu á sama þskj., XLIV, og fer hún fram á 1500 kr. styrk til Hákonar Á. Bjarnasonar til lokanáms í skógrækt og sandgræðslu. Ég þykist ekki þurfa að fara mörgum orðum um þessa tillögu. Hákon hefir áður notið þessa sama styrks til að nema erlendis. Hann er stúdent frá 1926 og hefir síðan lagt stund á skógrækt og sandgræðslu í Kaupmannahöfn og hefir nú lokið mjög góðu prófi. En nú á hann eftir að stunda verklegt nám eitt ár í Svíþjóð. Það nám er mjög dýrt. Verklegar æfingar eru langar, og til þess að geta stundað þær, þarf að kaupa aðstoð dýrum dómum. Það er óhugsandi, að hægt sé að ljúka náminu fyrir minna en 3000 kr. danskar. Á undanförnum árum hefir hann safnað miklum skuldum og myndi ekki hafa haldið áfram námi, hefði hann ekki borið það traust til Alþ., að það veiti þennan styrk eins og að undanförnu.

Ég þarf ekki að brýna það fyrir Alþ., hve mikið verkefni liggur hér fyrir þessum unga manni, þar sem sandgræðsla og skógrækt eru hér enn á byrjunarstigi. Því fé er vel varið, sem varið er til þessara mála, en engu þó betur en því, sem varið er til að fullkomna menn til að standa fyrir verkinu og sjá um, að það sé af viti gert. Ég legg því mikla áherzlu á, að Alþ. sjái sóma sinn í því að veita þennan styrk eins og það hefir áður gert, og einkum þar sem þetta er lokastyrkur.

Þá á ég einnig enn aðra brtt. með hv. þm. Borgf., en hann hefir talað svo vel fyrir henni, að ég þarf þar engu við

að bæta. Vil aðeins mæla eindregið með því, að hv. þdm. taki henni vel.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég vil að þessu sinni minnast fyrst á brtt., sem ég á með hv. þm. Ísaf. um 15000 kr. framlag til vegar yfir Breiðadalsheiði. Þessar 15000 krónur er aðeins ¼ þess, sem þarf til að gera bílfæran veg milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar. Vona ég, að hv. þdm. sé kunnug nauðsyn þessa vegar og samþykki þessa fjárveitingu, þar sem við höfum fært beiðnina niður um helming.

Þá á ég hér till. með tveim öðrum á þskj. 183, XXX, um styrk til Önnu Bjarnardóttur frá Sauðafelli til utanfarar, til þess að kynna sér barnafræðslu og uppeldismál, að upphæð 1500 kr. Hún hefir haft skóla og kennt smábörnum ensku með ágætum árangri. En nú vill hún geta komizt utan til að kynna sér enn betur smábarnafræðslu. Í umsókninni er getið meðmæla frá ýmsum málsmetandi mönnum, svo sem Steingrími kennara Arasyni og Snæbirni Jónssyni skjalaþýðara og ennfremur frá enskri konu, Helen Lamb, sem oft hefir heimsótt hana og ber henni ágætan vitnisburð. Ennfremur fylgja beiðninni meðmæli frá menntamálaráðinu, sem telur fé mjög vel varið til að styrkja þessa konu.

Þá vil ég að lokum minnast á litla tillögu, sem fer fram á 200 kr. til gamals kennara, Sigurgarðs Sturlaugssonar. Hann er 65 ára að aldri og er farinn mjög að heilsu. Síðastl. 37 ár hefir hann verið meira og minna við barnafræðslu, en ekki á vegum skólanefnda og hefir því engin eftirlaun eða styrk úr lífeyrissjóði. Hefir sú verið venja að taka þá menn, sem þannig hefir verið ástatt um, í fjárlögin með 200 kr. styrk. Vona ég, að Alþ. sjái sér fært að veita þessum aldraða og heilsufarna kennara þennan lítilfjörlega styrk.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Ég er flm. að 2 till. með hv. þm. Seyðf. og hv. þm. Ísaf. Önnur fer fram á styrk til Sjómannafélags Reykjavíkur til að halda uppi sjómannastofu, en hin er um styrk til Alþýðusambands Íslands til að halda uppi ráðningarskrifstofu.

Sjómannafélag Reykjavíkur er eitt stærsta verklýðsfélagið á landinu, — telur um 1200 félaga. Innan félagsins eru allir hásetar á togurum og línuveiðurum og nær það einnig til sjómannanna í Hafnarfirði. Það hefir skrifstofu með föstum ráðsmanni. En það vill líka geta haldið uppi sjómannastofu, þar sem hægt er að veita upplýsingar um ýmislegt, sem sjómennina varðar, og þar sem gæti verið lesstofa, þar sem sjómenn gætu komið saman og átt athvarf, þegar þeir eru í landi, bæði þeir, sem ekki eiga heima hér í bænum, og einnig þeir, sem hér eru búsettir. Að vísu er önnur sjómannastofa hér í bænum, en hún er ekki á vegum sjómannafélagsins, en félagið sjálft óskar að geta haft sína stofu. En það sér sér ekki fært að koma því í framkvæmd, nema Alþ. veiti því styrk til þess. Við höfum því leyft okkur að fara fram á 10 þús. kr. í þessu augnamiði.

Ég þarf ekki að lýsa því, hverja aðbúð sjómennirnir hafa. Þeir eru úti á sjó mestan hluta ársins og veitir því ekki af, að eitthvað sé gert til þess að gera þeim vistlega dvölina þær fáu stundir, sem þeir eru í landi. — Í útlöndum geta þeir leitað til sjómannastofa, og vildu þeir gjarnan geta launað hinum útlendu stéttarbræðrum sínum það, þegar þeir koma hingað til lands.

Viðvíkjandi ráðningarskrifstofunni vil ég vísa til frv.

Hér vantar mjög tilfinnanlega ráðningarskrifstofu, sem hægt væri að leita til frá báðum hliðum, — atvinnurekendum og verkamönnum. Það er oft talað um, að erfitt sé að fá vinnufólk í sveitir, en ætla má, að það komi mikið til af því, að fólk veit ekki, hvert það á að snúa sér. En ekkert er eðlilegra en að verkamennirnir sjálfir haldi uppi skrifstofu, þar sem upplýsingar eru gefnar um það, hvar menn muni vera að fá og hvert vinnu er að leita. Nokkur hluti atvinnuleysis kemur að jafnaði til af því, að menn vita ekki, hvar vinnu er að fá, og þegar einhver er atvinnulaus innan síns kauptúns, þá er það oft svo, að hann veit ekki, hvort það þýðir að fara á aðra staði. Öll verklýðsfélög á landinu eru í Alþýðusambandinu og geta gefið upplýsingar í gegnum það. Við leggjum til, að veittar séu 8 þús. kr. til þessa fyrirtækis og er óhætt að

segja, að ef gagn yrði að þessu á annað borð, þá má ekki gera ráð fyrir því minna en 8 þús. kr. virði.

Haraldur Guðmundsson: Hv. frsm. fjvn. lauk ræðu sinni með því að skora á hv. þm. að sýna nú ábyrgðartilfinningu sína með því að samþ. ekki neinar till., sem færu fram á aukin útgjöld fram yfir það, sem hv. n. leggur til, svo að ekki verði tekjuhalli á fjárlögunum. Þessi hv. þm. er samflokksmaður hæstv. stj. Frv. er samið af stj. og hv. fjvn. hefir engar efnisbreyt. á því gert.

Á síðasta ári fékk þessi stj. til meðferðar 5 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga og skilar samt 1 millj. kr. tekjuhalla. Og svo kemur þessi hv. þm. fyrir hönd stjórnarinnar og skorar á hv. þm. að sýna nú ábyrgðartilfinningu sína. Við hv. frsm. vildi ég segja: „Skjóttu geiri þínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er". Fjárl. fyrir s.l. ár voru samin með svo mikilli „varúð", að tekjur fóru 5 millj. kr. yfir áætlun. Og þessu fé ráðstafaði ríkisstj. á þann veg, að enginn einasti eyrir er eftir, en reikningurinn sýnir 1 millj. kr. tekjuhalla. — Og nú brýnir hv. frsm. það fyrir þdm. að sýna nú ábyrgðartilfinningu sína með varúð í því að samþ. útgjaldaliði á fjárlagafrv. Ég vil segja, að slíkt gengur ósvífni næst.

Þetta fjárlagafrv., sem almennt gengur undir nafninu „sultarfjárlög", munu flestir ganga út frá, að verði samþ. að mestu eins og það kemur frá stjórninni, því að það mun vera fullkomið samkomulag milli Íhalds- og Framsóknarflokksins um þetta frv. Það hefir ekki komið fram hinn minnsti ágreiningur í hv. fjvn. Fulltrúar beggja flokkanna hafa fallizt þar í faðma.

Undanfarin 2 ár hefir verið varið úr ríkissjóði til verklegra framkvæmda yfir 4 millj. kr. á ári. Þegar nú atvinnuleysið er fram undan og meiri þörf en nokkru sinni áður á því, að eitthvað sé aðhafzt, hvað gerir þá hæstv. stj., flokkur hennar og Íhaldsflokkurinn að tillögum sínum um framkvæmd opinberra verka? Það er ekki fjarri lagi að gera sér ofurlitla grein fyrir því. Hefi ég því tekið upp þá liði, sem áætlaðir eru til verklegra framkvæmda í fjárlagafrv.

Samkv. 3. gr. frv. er áætlað

til síma	70	þús.
og styrkur til aukasíma	50	—
til vega	180	—
og styrkur til sýsluvega	120	—
til brúa	50	—
til fjallvega	15	—
til vita	20	—
til hafnargerðar á Akranesi	50	—
til skólabygginga utan kaupstaða	70	—
og í kaupstöðum	20	—
og ýmislegt samkv. 16. gr.	16	—

Samkvæmt þessu veitir ríkið því beint til verklegra framkvæmda .... 340 þús.
og sem styrk ..... 326 —

Alls veitir ríkissjóður því til verklegra framkvæmda heilar segi og skrifa 666 þús. kr. Einhvern pata hefir hv. n. haft af því, að það myndi ekki vera vel til fallið, þegar gætt er atvinnuleysisins, að skera svona niður allar verklegar framkvæmdir, og hefir því viljað gera ofurlitla bragarbót og lagt til, að bætt verði við þessa upphæð 160 þús. kr., svo að alls á að verja til verklegra framkvæmda á árinu 1932 liðlega 800 þús. krónum. En það er ekki ¼ þeirrar upphæðar, sem undanfarið hefir árlega verið veitt til þessara framkvæmda. Því nær allar verklegar framkvæmdir eru skornar niður á sama tíma og atvinnuþörfin er meiri en nokkru sinni áður. Þetta er skilningur þess flokks, sem völdin hefir, á ástandi því, sem nú er að hefjast.

Því hefir verið lýst yfir, að engin atvinnukreppa væri í sveitunum. Nú mætti draga af því þá ályktun, að mikill hluti þessara smávægilegu fjárveitinga yrði látinn ganga til framkvæmda í og í nánd við kaupstaðina, þar sem atvinnuleysið er mest. En það er nú eitthvað annað. Aðeins 70 þús. kr. eiga að fara til verklegra framkvæmda í kaupstöðum, 20 þús. kr. til skólabygginga og 50 þús. kr. til bryggjugerðar á Akranesi. Hitt fer allt í sveitirnar. Því ber að vísu ekki að neita, að nokkur atvinnubót verður að þeim framkvæmdum fyrir kaupstaðina, af því að verkamenn þaðan starfa að verkinu að einhverju leyti, en sveitamenn njóta þó meiri vinnu við framkvæmdir í sveitum.

En samhliða því, að þannig eru skorn-

ar niður verklegar framkvæmdir, þá eru aðrir liðir látnir óskertir standa, svo sem öll beinu og óbeinu framlögin til landbúnaðarins. Jarðabótastyrkur er áætlaður 540 þús. kr., til búnaðarfélaganna um 300 þús. kr. og til Búnaðarbankans 400 þús. kr. Þetta verður samtals um 1300 þús. kr., og er það heldur hærri upphæð en var í síðustu fjárlögum.

Ég get þegar lýst yfir því, að við Alþýðuflokksmenn munum greiða atkv. á móti fjárlagafrv. og það þótt brtt. þær, sem við höfum borið fram, nái fram að ganga. Við álítum það algerlega ósæmandi að afgreiða fjárlög eins og þessi eru, þegar athugað er, hvernig ástandið er.

Ég veit vel, að hv. þdm. ýmsir telja ekki hægt að afgreiða fjárlögin öðruvísi, vegna yfirstandandi fjárhagsörðugleika. En ég veit líka, að hv. þdm. mun það í minni, að í vetur bar ég fram till., þar sem farið var fram á 1700 þús. kr. til verklegra framkvæmda, og gerði ráð fyrir, að það myndi óhætt að hækka ýmsa tekjuliði um þessa upphæð samtals. En þá var fullyrt af fjvn., að þessi áætlun mín um tekjurnar næði ekki nokkurri átt. Það er því nokkuð kátbroslegt, að nú hefir hv. fjvn. tekið upp fulla $^{3}/_{4}$ af hækkunartillögum mínum við tekjuliðina, og hv. frsm. virtist ekki vera neitt feiminn við það, heldur sagði, að vel mætti ætla, að sumir tekjuliðir færu ennþá hærra, svo að sýnilega hefir n. nú fallizt á það, sem ég hélt fram í vetur um að tekjuáætlunin væri úr hófi lág. En munurinn er sá, að talsvert af þessum tekjuauka fer samkv. till. fjvn. í það að bæta í gloppur fyrrverandi stj. og telst til leiðréttingar, en aðeins lítill hluti gengur til verklegra framkvæmda. En ég get líka sagt það, að ég tel ekkert við það að athuga, þótt í árferði eins og nú er, kynni að verða svo sem 1 millj. kr. tekjuhalli, sízt þegar þess er gætt, að samkv. landsreikningnum 1929 á að hafa verið í sjóði um síðustu áramót fast að 5 millj. kr. Samkvæmt landsreikningnum 1929 var í sjóði í árslok 1929 5,7 millj., og þar sem tekjuhalli var síðastl. ár 1 millj., þá hefði átt að vera í sjóði um síðustu áramót 4,7 millj. Ég sé ekki, að neitt sé við því að segja, þótt gripið sé til þessa sjóðs í því árferði, sem nú er. Að vísu hygg ég, að ekki þurfi til þess að grípa, því að svo varlega eru enn áætlaðir tekjuliðirnir.

Brtt. okkar Alþýðuflokksmanna hafa allar verið felldar við 2. umr. Það sýnist því þýðingarlítið að vera að bera þær fram aftur, enda ekki aðrar fram bornar en þær, sem aftur voru teknar við 2. umr.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum að brtt. okkar jafnaðarmanna um 25000 kr. fjárframlag til Fjarðarheiðarvegarins. Það er óþarfi að fjölyrða um þessa till. Hún hefir legið fyrir Alþ. a. m. k. 3 síðustu þing, og hefir alltaf verið felld með litlum atkv.mun. Ef borin eru saman fjárframlög til vega og annara verklegra framkvæmda í hinum ýmsu fjórðungum landsins, er ekki nokkur vafi á því, að Austfirðir og Vestfirðir verða þar harðast úti. Og það er mjög ósanngjarnt að afskipta gersamlega einstök héruð, meðan er á annað borð veitt nokkuð í þessu skyni.

Þá er það XXV. brtt. á þskj. 183, um að veittar verði 5500 kr. til brimbrjótsins á Skálum á Langanesi. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. N.-Þ. geti fullkomlega upplýst nauðsyn þessa máls og geri það, þegar hann mælir fyrir brtt. XXVI. á sama þskj.

Um LXII. brtt. á sama þskj. sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða; vil aðeins mæla eindregið með henni og vonast til þess, að hv. þdm. sýni henni velvild.

Þá er það LXV. brtt. á sama þskj. Hún er í þrem liðum. Ég ætla að fara fáeinum orðum um hvern fyrir sig, og óska eftir, að þeir verði einnig bornir upp hver fyrir sig.

Um a-liðinn er engin ástæða að fjölyrða. Þessi ábyrgð, sem beðið er um, er afarnauðsynleg. Lánið er ætlað til byggingu rafstöðvar, sem sé svo sterk, að hún sjái ekki einungis Ísafjarðarkaupstað fyrir nægu rafmagni til ljóss, hita og suðu, heldur og einnig öllum Eyrarhreppi.

B-liðurinn er um ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði — fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum. Skilyrði ábyrgðarinnar eru þau sömu og fyrir ábyrgð ríkisstj. fyrir samvinnufélag Ísfirðinga. Ég ætla að upplýsa það strax, að hv. þdm. þurfa ekki að setja fyrir sig, að farið verði að flagga

með ríkisábyrgðinni utanlands, því að lánin yrðu öll tekin hér á landi.

Austfirðir eru allra héraða verst settir í atvinnulegu tilliti. Fiskveiðalöggjöfin, sem sumir halda svo mjög fram, hefir átt mikinn þátt í að skapa það vandræðaástand, er þar ríkir. Með henni eru útlendingar útilokaðir frá atvinnurekstri þar, og menn á staðnum ekki megnugir þess að halda honum uppi. Því nær allsstaðar á Austfjörðum, að Norðfirði einum undanteknum, eru enn notaðir samskonar bátar og veiðarfæri og á Suður- og Vesturlandi fyrir 15—20 árum.

Ef ábyrgðin yrði samþ., gætu a. m. k. Seyðfirðingar aflað sér nokkurra samskonar skipa og útgerðartækja og nú eru notuð annarsstaðar á landinu, og gert tilraun til þess að vita, hvort ómögulegt sé að reisa við sjávarútveginn á Austfjörðum. En synji þingið um þessa ábyrgð, virðist það alveg ætla að láta reka á reiðanum um afkomu manna austur þar. Því að það er gersamlega vonlaust, að sjávarútvegurinn beri sig með þeim tækjum, sem þar eru notuð á landi og sjó.

Till. undir c-lið fer fram á ríkisábyrgð fyrir síldareinkasöluna og er samhlj. till. fjvn., nr. LXIII, að öðru en því, að í okkar till. er farið fram á ábyrgð fyrir 1 millj. kr. láni, en í till. fjvn. aðeins fyrir 500 þús. kr. Samkv. skeyti, sem nýlega hefir borizt hingað, er síldareinkasalan ekki farin að borga síldveiðendum einn eyri fyrir síld þá, sem þeir hafa lagt inn í sumar. Farið hefir verið fram á, að síldareinkasalan greiddi 5 kr. af hverju máli, en fé hefir vantað. Þetta ætti að vera nóg til þess að sýna, hve brýna nauðsyn ber til þess að leysa vandræði þessara manna. Og ef ábyrgð ríkisins fæst, svo að síldareinkasalan gæti tekið nógu hátt lán, til þess að geta borgað út jafnóðum og síld kemur inn, væri að því mikil bót. Um áhættu fyrir ríkissjóð er ekki að tala í þessu sambandi, því að gert er ráð fyrir, að lánið verði greitt upp áður en eiganda er greitt meira en 18 kr. á tunnuna af saltsíld, en það mun svara til 5 kr. á tunnu af hrásíld. Svo að ekki er hægt að gera ráð fyrir, að síld verði í svo lágu verði, að nokkur hætta sé á því, að lánið verði ekki borgað upp.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ég ætla aðeins að endurtaka það, sem ég hefi sagt áður, að mér finnst ósæmandi að afgreiða fjárl. með því sniði, sem þau eru nú, og ég og minn flokkur munum greiða atkv. á móti frv.

Einar Arnórsson: Ég á tvær brtt. við þessa umr. fjárlaganna, og ætla ég að fylgja þeim með fáeinum orðum, þó að þær séu svo góðar, að þær mæli með sér sjálfar. Fyrri brtt. er sú XXX. á þskj. 183, og er þar farið fram á, að veittar verði 1500 kr. til aukakennara í þýzku við háskólann. Þessi till. er flutt samkv. beiðni háskólaráðs og heimspekideildar. Okkur ætti að vera í minni hin rausnarlega gjöf þýzka ríkisins á Alþingishátíðinni í fyrra. Og okkur ætti því að vera ljúft að sýna þýzku þjóðinni og menningu hennar nokkurn sóma. Hér er þýzkur maður, dr. Keil, sem mælir á íslenzku, og væri fáanlegur til þess að halda uppi hér við háskólann kennslu í þýzku og þýzkum fræðum, ef þessi styrkur fengist. Það væri sæmd fyrir háskólann að fá þangað þekktan vísindamann eins og dr. Keil, enda hefir hann eindregin meðmæli heimspekideildar og háskólaráðs.

Seinni brtt. er sú L. á sama þskj. Hún er eiginlega tvær till. Sú fyrri er um það, að veita Valgarði Thoroddsen 1200 kr. til þess að lúka námi í rafmagnsfræði í Þýzkalandi. Þessi ungi maður er kominn mjög nálægt prófi og er mjög gáfaður og efnilegur og af góðum ættum kominn. Ég get bent á, að samskonar styrkir hafa verið veittir árlega nú um nokkurt skeið, t. d. munu 3 slíkar styrkveitingar standa í þeim fjárl., sem nú gilda.

Í seinni liðnum er farið fram á, að Ingveldi Sigurðardóttur verði veittar 1000 kr. til að lúka námi í verzlunarfræði í Þýzkalandi, — þetta er ung stúlka, foreldrar hennar eru fátækir og eiga fyrir 15 börnum að sjá. Þau hafa nú komið 6 af þeim fram yfir fermingu, en 9 eru eftir. Svo að það er auðskilið, að þeim muni veitast erfitt að kosta þessa dóttur sína til náms erlendis, og því flyt ég þessa till. Vona ég, að hv. d. bregðist vel við.

Ég hjó eftir því í ræðu hv. frsm. fjvn., að n. hefði hækkað tekjuáætlunina um 860 þús. kr. Ég er því feginn, að n. skuli

hafa gert þessa bragarbót. Ég benti á það við 2. umr. fjárl., að tekjuáætlunin væri 3 millj. lægri en tekjur ríkisins hefðu reynzt 1929. Ég sé, að hv. n. hefir fallizt á ummæli mín um það að áætla tekjurnar nær því, sem þær eru í raun og veru. En þrátt fyrir þessa hækkun, finnst mér n. hafa verið nokkuð um of aðgætin. Ég er sannfærður um, að tekjurnar af mörgum liðum verða miklu hærri en áætlað er. — En ég þykist vita, hvernig í pottinn er búið í þessari hv. d. Það virðast vera samtök í Framsóknarflokknum, sem er stærsti flokkur þingsins og getur ráðið afgr. fjárlagafrv. í þessari d., að skera niður flestar fjárbeiðnir nema þær, sem koma frá hv. fjvn., og þar sem Framsókn virðist vera ákveðin í því að afgreiða frv. í þeirri mynd, sem það kom frá hv. fjvn., þá sé ég ekki til neins að vera að koma fram með till. um að hækka tekjuáætlunina eða útgjöldin. Mér skyldi ekki koma á óvart, þó að með þessu væri skilin eftir allrífleg fúlga, sem hæstv. stj. gæti farið með eftir vild. — Það má minna á í þessu sambandi, að fyrir skömmu var felld hér í hv. d. till., sem átti að vera nokkurskonar hemill á stj. um að greiða ekki óhæfilega úr ríkissj., þegar enginn stafur fyndist fyrir því í fjárl. Það er því algerlega á valdi meiri hl. þingsins og þeirrar stjórnar, er hann styður, hvernig því fé verður ráðstafað, sem afgangs kann að verða, þegar greiddar hafa verið þær fjárhæðir, sem ráðstafað er í fjárlögum. Stjórnarflokkurinn ætlast til þess, að stjórnin haldi að þessu leyti sama hætti sem Framsóknarstjórnin hafði 1927—1930.

Jónas Þorbergsson: Ég á þrjár brtt. á þskj. 183. Þá fyrstu flyt ég í félagi við hv. þm. Ak. og hefir hann gert grein fyrir henni að nokkru. Þessi till. er um hækkun styrks til flóabátaferða, og það, sem ég hafði aðallega í huga, var að hækkaður yrði styrkur til báts í Stykkishólmi, sem heldur uppi ferðum á Breiðafirði. Samgmn. hefir lagt til, að þessum bát yrði veittur 2000 kr. styrkur, en ég hefi fengið skýrslu frá útgerðarmönnum hans á þá leið, að þeir treysti sér ekki til þess að halda uppi ferðum, ef þeir fá ekki meiri styrk. Bátur þessi er nýlegur, vandaður eftir stærð, og er ætlað að halda uppi samgöngum milli Breiðafjarðareyja um Meðalfellsstrandir og auk þess til Búðardals og inn á Gilsfjörð, þegar ferðir strandferðaskipanna eru strjálastar. Strandferðir, sem ríkið heldur uppi, eru mjög litlar á þessum slóðum; þetta er því hið brýnasta nauðsynjamál, því að mikill hluti míns kjördæmis væri illa staddur, ef þessar bátsferðir legðust niður. Samgöngur eru víða afarerfiðar í Dalasýslu, t. d. á Fellsströnd, Klofningshreppi og Skarðsströnd. Þar eru engir akvegir, enginn sími lengra en í Sauðafell og engar strandferðir aðrar en þær, sem þessi bátur hefir haldið uppi.

Hv. fyrrv. þm. Dal. bar fram á síðasta þingi. till. um, að sími yrði lagður eftir þessari strandlengju, frá Staðarfelli að Skarði. Ég hefi hlífzt við því að bera þessa till. fram nú, vegna þess, hve fjárhagsástandið er erfitt, en ég vona, að ég verði látinn njóta þess, og hv. þdm. taki þessari till. vel. Þessar ferðir bæta einmitt að nokkru úr símaleysinu.

Þá er brtt. XXXIII, á sama þskj., þar sem farið er fram á, að fé það, sem ætlað er til þess að launa aukakennara við menntaskólann á Akureyri, verði hækkað úr 15 þús. kr. upp í 18 þús. kr. Ástæðan er sú, að skólameistari Akureyrarskólans hefir verið á hnotskóg eftir góðum söngkennara. Hann mun hafa fært það í tal við stjórnina síðastl. vetur, hvort hann mætti ráða tiltekinn mann til þessa starfa, Björgvin tónskáld Guðmundsson í Vesturheimi. Hann mun hafa fengið ádrátt um þetta hjá stjórninni, gegn því, að Akureyrarkaupstaður tæki að sér að launa kennarann að hálfu til söngkennslu við barnaskólann í kaupstaðnum. — Akureyrarbær tók undir eins vel í þetta, og nú fer skólameistari fram á, að þingið veiti það sem á vantar til þess að hægt sé að fá þennan ágæta mann að skólanum. Um Björgvin er óþarfi að fjölyrða. Hann er eitt af okkar beztu tónskáldum, brauzt ungur til Ameríku, og hefir þar áunnið sér virðingu og orðstí með dugnaði sínum og gáfum. T. d. kostuðu samlandar hans vestan hafs hann til sönglistarnáms í London, og lauk hann þar prófi með mjög góðri einkunn. Það

væri svo góður fengur skólanum og landinu öllu að fá hann heim, að ég þykist þess fullviss, að hv. þdm. taki vel í þessa tillögu.

3. brtt. er sú XLV. á sama þskj., og er þar farið fram á, að Eggert Magnússyni, bónda í Tjaldanesi í Dalasýslu, verði veittar 900 kr., og til vara 700 kr., til dýralækninga. Í fjárl. þeim, sem nú eru í gildi, er hliðstæð fjárveiting til Hólmgeirs Jenssonar, 900 kr., svo að þetta er ekkert nýtt, að fé sé veitt í þessu augnamiði. Eggert lærði dýralækningar hjá Magnúsi heitnum Einarssyni um 1 ár og hefir stundað þær síðan í Dalasýslu, Strandasýslu og víðar og verið mjög heppinn. Hv. fyrrv. þm. Dal. flutti þessa till. á síðasta þingi, en hún náði þá ekki fram að ganga. Vona ég, að henni farnist betur í þetta sinn.

Þorleifur Jónsson: Ég mun ekki eyða miklum tíma til að tala fyrir þeirri brtt., sem ég á hér á þskj. 183, LVII. Till. er um það að veita Guðríði Guðmundsdóttur ljósmóður 200 kr. styrk. Þessi kona hefir gegnt ljósmóðurstörfum í meira en 25 ár og er nú komin undir sjötugt, er að missa sjónina og verður því að hætta við ljósmóðurstörf. Þessi kona er fátæk ekkja. Hún er að vísu hjá börnum sínum, en þau eru einnig mjög fátæk. Hún væntir þess, að Alþingi líti á umsókn sína með velvild, og eins og kunnugt er, eru allmörg fordæmi fyrir því, að aldurhnignum ljósmæðrum, sem lengi hafa þjónað, séu veitt nokkur eftirlaun. Ég held, að í fjárlagafrv. séu um 25 ljósmæður, sem njóta eftirlauna á 18. gr., svo að það er engin furða, þó að fátæk og aldurhnigin kona leggi hér fram beiðni um að fá að njóta slíks hins sama.

Ég skal geta þess, að sumir vilja ekki, að ljósmæðrum séu veitt eftirlaun, nema þær hafi starfað í 30 ár, en ég vil benda á það, að á þingi 1930 var flutt af fjvn. till. um að veita tveimur ljósmæðrum eftirlaun, sem búnar voru að starfa í 20—30 ár, svo að þótt það hafi verið hugsunin upphaflega að veita ekki öðrum eftirlaun en þeim, sem búnar væru að starfa í 40—50 ár, þá hefir sú regla verið brotin, og Alþingi hefir orðið við tilmælum um að veita þenna styrk, jafnvel þó að þjónustutíminn hafi ekki verið orðinn svo langur.

Ég tel réttmætt að bera þessa till. fram, af því, að hér er um að ræða aldraða konu, sem lengi hefir gegnt ljósmóðurstörfum, og er því sambærileg við þær ljósmæður, sem hefir verið veittur slíkur styrkur í fjárlögum. Ég vænti því, að hv. d. geti séð sér fært að taka þessa till. mína til greina. Hér er ekki heldur nema um 200 kr. að ræða; það er sú lægsta styrkupphæð, sem ljósmæðrum er veitt. Það eru ekki nema þær svokölluðu „júbilljósmæður", sem þjónað hafa í 50 ár, sem fá hæstu eftirlaunin, 500 kr., hinar fá minna, og lágmarkið hefir verið 200 kr. Vænti ég því, þar sem svo mjög er stillt í hóf sem hér, að hv. d. sjái sér fært að taka þessa litlu upphæð til greina.

Þó að ég sé riðinn við eina brtt. aðra en þessa, þá sé ég ekki ástæðu til að minnast á hana, þar sem hv. þm. V.-Sk., sem er þar fyrstur á blaði, hefir talað ýtarlega um hana. Ég ætla ekki heldur að gera aðrar till. að umtalsefni, því að ég býst við, að hv. frsm. fjvn. muni að loknum umr. um þær skýra frá afstöðu n. til þeirra.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil aðeins geta þess til viðbótar um styrkinn til Jóns Sigurðssonar, að ég hefi leyft mér að hækka styrkupphæðina upp í 5 þús. kr., sbr. þskj. 202. Það var svo að heyra á n., að það væru margir fátækir námsmenn, sem þyrftu þessa styrks með, og n. ætlaði öðrum þessar 4 þús. kr. En svo stendur á með þenna mann, að auk þess sem hann stundar nám í byggingafræði og tekur fyrri hl. prófsins næsta vor, þá ætlar hann sérstaklega að stefna að því að læra að ákveða um styrkleika bygginga eftir samsetningu og eins það, sem er sérstaklega nauðsynlegt, að læra að rannsaka byggingarefni, því að eins og allir vita, þá er nauðsynlegt, að þeir, sem vinna að byggingum, kunni til verka við það og hafi þekkingu á að rannsaka byggingarefni allskonar, sem nota þarf í steinsteypu. Þetta nám stundar hann við háskólann í Darmstadt. Þar eru prófessorar, sem eru sérstaklega vel að sér í þessum fræðum. Þeir halda námsskeið

við háskólann, og þangað sækja fleiri þús. manna frá ýmsum löndum.

Þegar litið er til þess, að síðustu ár hefir verið byggt hér á landi fyrir 7—10 millj. kr., og mest úr steinsteypu, hljóta menn að sjá, hvílík nauðsyn okkur er að hafa völ á slíkri fagþekkingu. Þessi maður fékk styrk í þessu skyni í fyrra samkv. till. fjvn., og er mér óskiljanlegt, af hverju n. hefir ekki tekið styrkinn upp nú, því að þeirri ástæðu getur ekki verið til að dreifa, að pilturinn hafi ekki reynzt styrksins maklegur. Hinsvegar tók hann það fram við n. þá, að hann mundi ekki geta lokið þessu námi á skemmri tíma en 3 árum minnst, og gat þess jafnframt, að sér yrði ekki gagn að þessu námi, nema hann fengi lokið því, og væri sér því nauðsynlegt að halda styrknum framvegis. Ég endurtek það því, að ég fæ með engu móti skilið, af hverju n. hefir ekki lagt til, að styrkurinn verði veittur nú, og þykir mér þetta því undarlegra, þar sem engin slík fagþekking er til áður hér á landi. Má og benda á það, að til þessa háskóla sækja menn úr öllum löndum heims, t. d. frá Japan, Kína og Suður-Ameríku auk Norðurálfulandanna, enda er þessi háskóli talinn sérstaklega að hafa að miðla þekkingu á þessu sviði. Ég vænti þess því, að hv. n. sjái sér fært að mæla með þessari till., þegar hún hefir athugað þetta, og að hv. d. ljái till. fylgi sitt.

Sveinn Ólafsson: Það er, satt að segja, tæplega tilvinnandi að vera að tala hér yfir tómum stólum, en af því, að innan tíðar dregur að atkvgr., vildi ég drepa með nokkrum orðum á þá einu brtt., sem ég er aðalflm. að að þessu sinni. Till. er á þskj. 194, IV, við 14. gr. XVI. 2, og er meðflm. minn hv. 1. þm. N.-M. Till. er smávægileg, og býst ég við, að hv. þdm. muni ekki vaxa í augum að ljá henni fylgi sitt. Með henni er farið fram á, að í stað 5000 kr., sem ætlaðar eru í frv. til rekstrar húsmæðraskólans á Hallormsstað, komi 8000 kr., eða til vara 7000 kr.

Eins og flestum hv. þdm. er auðvitað kunnugt, tók þessi skóli til starfa síðastl. haust og hefir þannig ekki starfað nema einn vetur. Eru líkur til þess, að skólinn verði fullskipaður næsta vetur, en hann er ætlaður 30—40 nemendum. Þessi rekstrarstyrkur, sem skólanum er ætlaður samkv. fjárlagafrv., er of lágur, eins og allir hljóta að sjá, þótt skólinn e. t. v. geti flotið á honum í svip. Auk þess er á það að líta, að skólinn nýtur ekki sömu vilkjara sem aðrir skólar svipaðir, t. d. eins og húsmæðrafræðsludeild Laugaskólans getur notið vegna samvinnu við annan skóla. Á Laugum er sameiginlegt skólahús og heimavist fyrir karla og konur og sömu kennarar að mestu leyti kenna hvorumtveggja. Slíkan stuðning hefir skólinn á Hallormsstað ekki frá neinum öðrum skóla og er því nauðsynlegt að hækka styrkinn til hans verulega. Ég fer þá ekki fleiri orðum um þetta og læt ráðast, hvernig um þessa till. fer.

Ef hv. d. hefði verið fullskipuð, hefði ég séð ástæðu til að minnast með nokkrum orðum á þann svip, sem virðist vera að færast yfir fjárl. að þessu sinni og lýsir vonleysi um atvinnu og afkomu hjá þeim, sem við sjóinn búa. Auk þess mætti vel drepa á einstakar till. lítillega, sem lúta að miður þörfu efni. En þar sem svo fáir þm. eru viðstaddir, mun ég láta það að mestu niður falla. Þykir mér þó miður, að hv. þm. Seyðf. skuli ekki vera viðstaddur, því að ég hefði sérstaklega viljað víkja nokkrum orðum að ræðu hans. Þessi hv. þm. kom fram með þá einkennilegu kenningu, — og hefir henni þó reyndar skotið hér upp áður —, að því fé, sem samkv. fjárl. er ætlað til að bæta úr atvinnuskorti, ætti að verja til atvinnu í bæjunum. Út af þessu vildi ég segja það, eins og ég líka tók fram við 2. umr. fjárl., að þegar svo stendur á, að verið er að veita ríkisfé til að skapa atvinnu, þá finnst mér það benda á litla gerhygli í fjármálum að leggja til, að þessu fé sé fyrst og fremst varið til atvinnu í bæjunum, þar sem minnstar eru vonir um arðvænlegar framkvæmdir, en aðalvinnan utan vertíða er oftast vegagerð eða álíka arðlítið starf, sem ekkert verðmæti skapar, fyrr en þá eftir langan tíma, ef byggð helzt og þróast. Mér finnst, að verja ætti þessu fé til að skapa ný verðmæti, eins og t. d. að rækta óbrotið land, því að hin ræktaða jörð gefur alltaf eitthvað í aðra hönd þeim, sem að henni hlúa. Og það er

nú einu sinni ómótmælanlegt, að atvinnuleysið kreppir að okkur fyrst og fremst vegna þess, að fólkið heldur sig þar, sem bjargarvonin er minnst og árangur starfsins hæpnastur. Ég veit það að vísu, að þessi skoðun hv. þm. Seyðf. er ekki ný, eins og ég líka hefi tekið fram í öðru sambandi, því að svo má nú heita, að hún sé orðin rótgróinn fordómur hjá mörgum mönnum í bæjum og verstöðvum; en hinsvegar veit ég það líka, að til þess hlýtur að draga fyrr en varir, að hugsandi mönnum verði það ljóst, sem ég hefi bent á, að flóttinn úr sveitum að sjó leiðir til hættu og efnalegs ósjálfstæðis. En neyðin kennir naktri konu að spinna, segir máltækið forna, og hún verður líklega í þessum efnum bezti kennarinn.

Ég hefi þessi orð ekki fleiri. Nafn mitt er að vísu tengt við tvær till. aðrar, en ég ætla meðflm. mínum að mæla fyrir þeim. Skal ég svo ekki tefja tímann meira við þessa umr., nema mér gefist sérstakt tilefni til.

Steingrímur Steinþórsson [óyfirl.]: Nafn mitt er aðeins tengt við eina till. að þessu sinni, 183, XXVIII, þess efnis, að framlagið til bryggjugerða og lendingarbóta verði hækkað úr 20 þús. kr. upp í 30 þús. kr. Flyt ég þessa till. ásamt hv. samþm. mínum. Er sú tilætlun okkar, að þessi hækkun renni til lendingarbóta á Sauðárkróki. Hefir áður verið lagt nokkuð til þessa í fjárl., en nú er hin brýnasta þörf á, að þar sé við aukið, því að það er mjög bagaleg vöntun á sæmilegri lendingu á þessum stað, og er þessi vöntun því tilfinnanlegri sem um nokkra útgerð er þarna að ræða. Ég sé, að hv. fjvn. hefir nú borið fram till. um það, að tillagið til bryggjugerða og lendingarbóta verði hækkað úr 20 þús. kr., eins og það var ákveðið við 2. umr., upp í 32500 kr. (183, XXVII). Höfum við samþm. minn miðað okkar till. við upphæðina, eins og hún var í frv. við 2. umr., en að réttu lagi ætti hún að miðast við upphæðina, eins og hún verður samkv. till. fjvn., sem væntanlega verður samþ., og leyfi ég mér að vænta þess, að hæstv. forseti taki þetta til greina við atkvgr., því að eins og kom fram í ræðu hv. frsm. n., ætlast n. ekki til, að þessi hækkun gangi til lendingarbóta á Sauðárkróki. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, og það því síður sem svo fáir þm. eru viðstaddir. Er þetta hin nauðsynlegasta fjárveiting, því að þessum stað, sem liggur fyrir opnu hafi, ríður það á miklu, að hægt verði að gera þar sæmilegar lendingarbætur. Vænti ég því þess fastlega, að hv. d. samþ. þessa till., enda eru fáar fjárveitingar jafnarðvænlegar sem þessi og aðrar slíkar.

Að því er snertir aðrar brtt., mun ég sýna afstöðu mína til þeirra við atkvgr. Þó vildi ég drepa lítillega á till. frá hv. þm. Ak. og hv. þm. Dal., þess efnis, að framlagið til flóabátanna verði hækkað úr 89 þús. kr. upp í 91 þús. kr. (183, XX). Vil ég eindregið mæla með þessari till., einkum með því, að styrkurinn til Eyjafjarðarbátsins verði hækkaður um 1000 kr. Hefir hv. þm. Ak. bent á, hversu mikla þýðingu ferðir þess báts hafi fyrir Eyjafjörð, svo að þar hefi ég engu við að auka, en ég vildi hinsvegar leyfa mér að benda á, að þessar ferðir hafa engu minni þýðingu fyrir Skagafjörð, því að svo má heita sem þar sé ekki öðrum samgöngum til að dreifa. Eru þessar samgöngur hinar nauðsynlegustu fyrir héraðið, m. a. af því, að þær gera héraðinu kleift að hagnýta sér sumarmarkaðinn á Siglufirði fyrir afurðir sínar. Er mikið í húfi fyrir héraðið að missa ekki af þessum markaði, en hans er enginn kostur að njóta, ef þessar samgöngur leggjast niður. Ég vildi því eindregið mæla með þessari till. og vænti þess, að hún nái fram að ganga.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að flytja nokkrar brtt. við þessa umr. fjárl. og skal nú leyfa mér að fara um þær nokkrum orðum, þó að það hafi reyndar litla þýðingu, þar sem svo fáir þm. eru viðstaddir.

Vil ég fyrst víkja að brtt. XXXVII, á þskj. 183, þar sem ég hefi leyft mér að fara fram á, að ungum og efnilegum söngmanni, Einari Kristjánssyni að nafni, verði veittar 1200 kr. til framhalds söngnámi sínu erlendis. Þessi ungi maður hefir brotizt áfram í fátækt, fyrst við nám hérlendis, og hefir lokið hér stúdentsprófi. Sýnir það, að hann hefir góða hæfi-

leika til annars og fleira en söngs eingöngu. Hefir fátækur faðir hans lagt hart að sér, til þess að geta komið þessum unga syni sínum til mennta, og með þeim árangri, sem ég áður sagði. Bar þegar á því í skóla, að þessi ungi maður hafði óvenjulega fagra söngrödd, og samkv. ráðum og eindregnum tilmælum söngfróðra manna hér hefir hann dvalið einn vetur erlendis við framhaldsnám í söng, en hafði áður notið tilsagnar hins ágæta söngkennara Sigurðar Birkis. Hefir hann nú sótt um 1200 kr. styrk til þingsins, til þess að geta haldið áfram á listamannsbrautinni, sem hann virðist skapaður til að ganga, því að faðir hans er ekki þeim efnum búinn, eins og ég áður sagði, að hann geti kostað þenna efnilega son sinn af eigin rammleik. Þessi ungi maður hefir hin beztu meðmæli innlendra sem erlendra söngmenntamanna, sem telja hann hafa til að bera óvenjulega hæfileika á þessu sviði. Hirði ég ekki að greina frá þeim meðmælum hér, enda hafa hv. þdm. haft tækifæri til að kynna sér þau, og auk þess hafa þeir sjálfir heyrt þennan unga mann syngja, því að hann lofaði okkur þm. og mörgum bæjarbúum að heyra til sín, þegar alþingishátíðarkvikmynd frönsku stj. var sýnd hér á dögunum. Þó að þau 3 lög, sem hann söng þá, gætu ekki borið vitni öllu því, sem þessi ungi maður er fær um að inna af hendi í þessu efni, nægðu þau þó til að sýna það, hversu hann hefir óvenjulega fagra söngrödd. Þegar litið er til þess, hvílíka elju þessi ungi maður þegar hefir sýnt, þar sem hann hefir lokið stúdentsprófi, þrátt fyrir alla erfiðleika fátæktarinnar, að hann hefir brotizt utan til söngnáms fyrir áeggjan hérlendra kennara sinna í þeirri grein, og að heimsfrægir erlendir sönglistarmenn hvetja hann eindregið til að halda áfram á þessari braut, eins og líka engum kemur á óvart, sem hefir heyrt þennan unga listamann syngja, því að hann hefir ekki eingöngu óvenjulega fagra rödd, heldur líka þá sönghæfni, sem kemur fram í fullum skilning þeirra verkefna, sem hann flytur — þegar litið er til alls þessa, og hinsvegar á það, að þessi ungi maður fer ekki fram á meiri styrk sér til handa en svarar 100 kr. á mánuði við eins árs nám, verð ég að treysta því, að hv. þdm. telji ekki eftir þessa litlu upphæð til að styðja þennan unga og efnilega listamann áfram á braut sinni.

Þá hefi ég leyft mér að bera fram till. um það, að Gerðahrepp í Gullbringusýslu verði veittur 10 þús. kr. styrkur til þess að standast kostnað af fátækraframfærslu fyrir árið í ár (183, LI). Hefi ég leyft mér fyrir hönd oddvita þessa hrepps að skrifa hv. fjvn. þessarar d. um það, hvernig ástatt er fyrir þessum hreppi, og sé því ekki ástæðu til að hafa um þetta mörg orð hér í d. nú, þar sem einnig flestum hv. þm. er kunnugt frá fyrri umsóknum sama efnis, hvernig fjárhag þessa hrepps er komið. Ómagaframfærslan í þessum hreppi er komin upp í um 15 þús. kr. á ári, og er svo ástatt, að ómagarnir í hreppnum eru fleiri en þeir vinnandi menn, sem standa eiga undir gjöldunum. Í vor hefir verið jafnað niður á hreppsbúa um 13—14 þús. kr., en þar sem mikill atvinnubrestur hefir verið þar í sumar, er fyrirsjáanlegt, að ekki tekst að innheimta meira en svarar helmingi útsvaranna. Margir af ómögum hreppsins eru á framfæri utan hans, og ef hreppurinn getur ekki staðið í skilum í haust um greiðslur til þeirra sveitar- og bæjarfélaga, sem þeir dvelja í, fyrir framfæri þeirra, verða þeir sendir heim á sinn eigin hrepp og þar bíður þeirra ekki annað en sultur og seyra. Vænti ég þess því fastlega, að hv. þdm. líti á neyð þessara fátæklinga, sem hér eiga hlut að máli, og samþ. að veita þenna styrk, sem ég hefi hér farið fram á, því að þó að hann sé að vísu ekki óverulegur, er hann að sumu leyti ekki óvenjulegur.

Þá á ég XVIII. brtt. á þessu sama þskj. (183), þar sem ég fer fram á það, að veittur verði 2500 kr. styrkur til þess að fullgera akveg af sýsluveginum í Járngerðarstaðahverfi að Stað í Grindavík. Svo er mál með vexti, að oddvitinn í Grindavíkurhr., séra Brynjólfur Magnússon, hefir sent þinginu erindi, þar sem hann sýnir fram á það, að nauðsynlegt sé að leggja þenna veg af ýmsum ástæðum. Hefir hreppurinn þegar kostað 2800 kr. til þessarar vegarlagningar, og telur presturinn, að hægt muni að fullgera verkið fyrir 4 þús. kr. Nú hefir hreppurinn ekki fjár-

magn til að gera þetta af eigin rammleik og hefir því farið þess á leit, að Alþingi veiti 2500 kr. styrk til þess að leiða þetta verk til lykta. Hreppsbúum er hin mesta nauðsyn á að fá þenna veg, m. a. af því, að tæplega er hægt að bera lík til grafar, nema vegurinn verði lagður, því að þarna syðra er hvergi nægilega djúp mold, nema þar sem kirkjugarðurinn stendur nú, en þangað má heita ófært með líkbörur, eins og nú er. Hefi ég greint frá þessu af því, að presturinn leggur sérstaka áherzlu á þetta í áðurnefndu erindi sínu. Auk þessa þykir mér rétt að geta þess, að þarna syðra hefir verið stofnuð björgunardeild úr Slysavarnafélagi Íslands, útbúin með öllum nauðsynlegustu björgunartækjum, og er það álit form. þessarar björgunardeildar og eins skrifara Slysavarnafélagsins, að þessi tæki komi ekki að fullum notum, nema þessi vegur verði lagður. Þar sem þess vegna er hér um svo margþætta þörf að ræða, en hinsvegar óverulega fjárupphæð, vænti ég þess, að hv. d. taki vel í þessa málaleitun.

Mér þykir rétt að láta þess getið, að ég hefi ekki flutt við þessa umr. till., sem ég flutti við 2. umr., en tók þá aftur samkv. tilmælum fjvn., þess efnis, að veittar væru 8500 kr. til Útgerðarfélags Vatnsleysustrandar, til lendingarbóta þar. Hefir hv. frsm. n. skýrt frá því, að samvinnufélag sjómanna og verkamanna þar syðra muni fá 4000 kr. í þessu skyni af þeim 32500 kr., sem samkv. till. n. eiga að fara til bryggjugerða og lendingarbóta á næsta ári, og jafnframt lýst yfir því, að ef kostnaðurinn af þessu mannvirki færi fram yfir 12 þús. kr., ættu þessir aðiljar kröfu til uppbótar þessum styrk sem svaraði þriðjung alls kostnaðar af þessum framkvæmdum. Get ég eftir atvikum sætt mig við þetta og lét því niður falla þessa brtt. mína.

Þá kem ég að styrknum til Eimskipafélagsins. Vildi ég hafa sagt nokkur orð um hann, en þar sem svo fáir þm. eru viðstaddir, verða þau færri en ella hefði orðið. Hæstv. stj. hefir lagt það til, að styrkurinn væri bundinn því skilyrði, að stj. hefði heimild til að kaupa hlutabréf í félaginu sem svaraði styrknum, og nú hefir hv. fjvn. lagt til í ofanálag, að styrkurinn heimilaði ríkisstj. að hafa hönd í bagga með rekstri félagsins. Nær auðvitað engri átt að ganga inn á þessa braut. Það nær meira að segja engri átt að vera að tala um það hér á Alþingi, að Eimskipafélagið, sem er hlutafélag, fari að gefa út ný hlutabréf fyrir styrk, sem því er veittur sem nauðþurftarstyrkur, og útþynni þannig gildi hinna gömlu og upprunalegu hlutabréfa. — Að því er hitt atriðið snertir, að ríkisstj. hafi hönd í bagga með rekstri Eimskipafélagsins, vil ég segja það, að stj. félagsins og framkvæmdastj. skipa slíkir hæfileikamenn, sem hæstv. ríkisstj. auk þess hefir aðgang að, að það er með öllu óverjandi að setja slíkt skilyrði, og mundi af því leiða, að félagið væri álitið verr statt en það raunverulega er, af þeim mönnum, sem ókunnugir eru. Þætti mér nær sanni, að stj. gerði af þeim kunnugleika, sem hún sumpart hefir og sumpart á auðvelt með að afla sér, þær till. til breyt. á rekstri félagsins, sem sanngjarnar geta talizt, og ef þær næðu ekki fram að ganga, gæti komið til mála að fara að tala um að setja slíkt skilyrði. Fyrr er þess ekki þörf og mundi auk þess beinlínis verða skaðlegt fyrir félagið. Og þegar litið er til þess, hversu skammt er til næsta þings, virðist sem allir aðiljar ættu að geta sætt sig við þetta. Ég vildi því eindregið mæla með því, að brtt. hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Borgf. yrði samþ., en þeir leggja til, að framlagið verið ekki bundið öðru skilyrði en því, að nauðsyn reki til, að ríkið inni þetta af höndum. Þingið verður að varast allar þær ráðstafanir, sem geta orðið til þess að slíta sambandið milli ríkisins og Eimskipafélagsins eða til að rýra traust Eimskipafélagsins út á við sem inn á við.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég býst við, að það hlýði að mæla nokkur orð fyrir brtt. minum, þótt fáir þm. séu viðstaddir.

Ég á hér á þskj. 194 nokkrar till. ásamt hv. þm. Borgf. Tvær af þeim eru um efni, sem við fluttum einnig brtt. um við 2. umr. fjárl. Þá liði berum við nú fram aftur, aðeins með nokkru lægri upphæðum.

Fyrri liðurinn er undir VII, um styrk til Kvenfélagasambands Íslands. Við höf-

um fært þetta niður í sömu upphæð og því hefir verið ætlað áður og er nú í fjárlögum, aðeins 2 þús. kr. Þegar litið er á það, að Kvenfélagasambandið hefir sótt um allmiklar fjárhæðir, sem alls nema 85 þús. kr., þá verður ekki sagt, að við förum frekjulega í málin, þegar farið er fram á, að veittar séu 2000 kr. til þess. Það mætti virðast, að þessi litla fjárveiting væri þá heimska ein. En þess ber að gæta, að Kvenfélagasambandið hefir hugsað sér að vinna fyrir þessa háu upphæð margháttaða starfsemi, en þessar 2000 kr. myndu þó nægja til að halda við nokkrum vísi að þeirri starfsemi, sem sambandið hefir þegar tekið upp. Alþingi ætti því ekki að fella þenna styrk alveg niður og lama þannig þessa starfsemi, t. d. leiðbeining í garðrækt, sem er byrjuð og gæti áreiðanlega orðið til mikils gagns. Þótt þessi upphæð sé lítil, væri þó samþykkt hennar nokkurskonar vingjarnlegt augnaráð eða upphvatning frá Alþingi, er sýnir, að það vilji, að Kvenfélagasambandið haldi áfram sínu gagnlega starfi.

Annar liðurinn er um styrk til Stórstúkunnar. Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál, sem er borið fram á hverju þingi. Við 2. umr. var felld till. um að hækka styrkinn upp í 12 þús. kr., en nú berum við fram till. um 10 þús. kr. í óruggri vissu um, að það verði samþ., enda er það nauðsynlegt til þess að Stórstúkan geti haldið áfram sínu starfi.

Þá berum við fram brtt. III. á sama þskj., um að veita stúdentaráði háskólans sömu upphæð, 1200 kr., og það hefir í núgildandi fjárlögum, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu. Stúdentaráðið hefir haldið þessari skrifstofu uppi töluvert lengi. Hún var stofnuð 1920, að miklu leyti fyrir áhuga Lúðvígs Guðmundssonar skólastjóra, sem annaðist þetta starf með miklum dugnaði um nokkurra ára skeið. Það sýndi sig strax, að mikil þörf var á henni, og starf hennar hefir aukizt jafnt og þétt, síðan hún tók til starfa. Við henni tók svo Lárus Sigurbjörnsson, en nú hefir háskólaritarinn, Pétur Sigurðsson, tekizt starfið á hendur. Þetta hefir verið áhugastarf, sem menn hafa orðið að vinna fyrir ekkert eða sama og ekkert. En það getur ekki gengið til lengdar. Störfin eru að verða það umsvifamikil, að menn, sem eru við nám eða önnur störf, sem e. t. v. eru ekki einu sinni sæmilega launuð, geta ekki offrað kauplaust svo miklum tíma, sem starfið við upplýsingaskrifstofuna krefst nú. Starf skrifstofunnar er að veita þeim mörgu stúdentum, sem ætla til annara landa til náms, upplýsingar um, hvert þeir geti leitað til þess að nema hverja grein vísindanna, hvernig náminu sé hagað í ýmsum háskólum úti um heim, og gefa upplýsingar um námsefni, enda eru menn oft ekki ákveðnir í vali námsgreinar að stúdentsprófi loknu. Í þessu skyni hefir upplýsingaskrifstofan fengið mjög mikið af skólaskýrslum og lýsingum á námsferli í ýmsum háskólum, og stendur hún nú í sambandi við háskóla í allt að 20 löndum. Einnig hefir hún smám saman fengið handbækur, sem eru nokkuð dýrar, þar sem lýst er ýmsum námsefnum og hvernig kennslunni er hagað. Þessi skrifstofa hefir starfað við mikinn fjárskort og búið að mjög lélegum og ófullnægjandi húsakynnum, og hefir þetta orðið nokkuð í vegi fyrir því, að upplýsingaskrifstofan gæti rækt starf sitt vel og komið í lag þessu bókasafni sínu, sem mun vera um 2000 pésar.

Ef litið er á, hvort nokkurt verkefni sé fyrir slíka skrifstofu, má geta þess, að nú eru um 90 ísl. stúdentar við ýmiskonar nám við erlenda háskóla, alls í 11 löndum. Langflestir eru í Þýzkalandi, þar næst er Danmörk ennþá, þá kemur Frakkland, þá England, Bandaríkin, Noregur, Svíþjóð, Sviss, Austurríki, Spánn og Tjekkoslóvakía. Þessir stúdentar eru bæði frá Reykjavíkurskóla og Akureyrarskóla, þó eðlilega séu miklu fleiri frá Reykjavíkurskólanum. Það er fróðleg skýrsla, sem stúdentaráðið hefir sent hv. þdm.; hún sýnir, hvar stúdentar stunda nám og hvaða námsgreinir þeir hafa valið sér. Á síðustu árum hafa einnig bætzt við námsefni, sem ekki voru stunduð áður, og það er ekki sízt að þakka upplýsingaskrifstofunni. En auk þess, sem hún hefir reynt að leiðbeina stúdentum, sem fara til annara landa, hefir hún einnig útvegað fátækum stúdentum atvinnu og mörgum fæði fyrir að kenna börnum. Eins hefir upplýsingaskrifstofan staðið fyrir þeim fargjaldsívilnunum,

sem Eimskipafélagið hefir veitt stúdentum landa á milli.

Yfirleitt er óhætt að segja, að upplýsingaskrifstofan hefir svo margháttað og nytsamt starf með höndum, sem hefir verið unnið með svo mikilli ósérplægni, að Alþingi ætti ekki að fella niður þenna styrk, sem hér er farið fram á. Skrifstofan nýtur styrks úr sáttmálasjóði, eftir því sem háskólaráðið hefir talið sér fært að veita henni, en sá styrkur hrekkur ekki nándar nærri fyrir útgjöldunum. Vænti ég þess, að hv. d. viðurkenni þessa gagnlegu starfsemi og veiti þennan umbeðna styrk.

Þá er það till. ein, sem við berum fram saman, hv. þm. Borgf. og ég, á þessu sama þskj. VII, 2, um að Gagnfræðaskóli Reykvíkinga fái 3000 kr. styrk.

Þessi skóli var stofnaður í sambandi við það, að takmörkuð var tala þeirra, sem teknir voru inn í menntaskólann. Þá höfðu allmargir gengið undir inntökupróf og staðizt það. En þá var svo fyrirskipað, að ekki skyldi taka nema 25 nemendur í 1. bekk skólans, því að það þurfti að koma upp fatasnögum í skólanum, og auðvitað þurfa þeir að vera þar eins og nemendurnir. En af því að mörgum, sem vildu setja börn sín til mennta, var illa við, að þeim væri þannig bægt frá, réðust aðstandendur þessara barna ásamt fleiri áhugamönnum í það að koma upp sérstökum skóla í bænum af eigin rammleik, til þess að veita þessu sama námsfólki sömu kennslu í sömu greinum og við gagnfræðadeild menntaskólans og sjá, hvort ekki kynnu að leynast þarna góð námsmannaefni, þótt þau hefðu ekki fengið mjög háa einkunn til að byrja með. Þegar þetta spurðist, voru ýmsir fleiri, sem vildu koma börnum sínum í skólann, og þegar á fyrsta vetri varð tvísetinn bekkur.

Ég kynntist þessum skóla, þar sem ég kenndi í annari deildinni. Ég fann, að þar ríkti áhugi og góður andi, og framkoma nemendanna var einstaklega góð. Kennararnir voru yfirleitt vel valdir, enda ekki nema vanir menn til þess teknir. Nú hefir þessi skóli starfað í 3 ár og útskrifað sína fyrstu gagnfræðinga. Reynslan hefir orðið sú, að alltaf hefir verið tvísett í bekkjunum, deildirnar eru orðnar sex, og skólafólkið mun hafa verið í vetur 129 nemendur, svo að þetta er orðinn einn af stærstu skólum landsins. Þeirri reglu hefir verið haldið, að kenna sömu námsgreinir og í menntaskólanum, nema þýzka er kennd þeim, sem þess óska. Skólanum voru svo veitt prófréttindi í vor af hæstv. stj. Við prófið fór þannig, að 13 stóðust hið meira próf, sem veitir rétt til upptöku í lærdómsdeild menntaskólans. Til þess þarf að fá 5,67 stig í meðaleinkunn. En 16 stóðust prófið með lægri einkunninni, neðan við 5,67, en ofan við 3,75 stig.

Hvað sem menn annars segja um nauðsyn þessa skóla, þá er það ákaflega undarlegt, ef svona stór skóli, sem enginn hefir sagt neitt illt um eða kvartað undan með rökum, á að vera eina skólastofnunin á öllu landinu, sem ekki fær að njóta styrks af opinberu fé. Ef maður setur einhversstaðar upp skólaholu og segir unglingum til einn vetur, þá getur hann fengið styrk, ef hann fær ákveðna tölu nemenda. En þessi skóli með völdu kennaraliði, og þar sem svo mikil kennsla er veitt og nám stundað, ætti einn allra skóla á landinu að starfa styrklaus frá ríkinu.

Mér þótti ákaflega leiðinlegt, þó að það kæmi mér ekki alveg á óvart, að fjvn. skyldi ekki sinna eins sjálfsagðri beiðni og þessari. Ég hefi enga ástæðu heyrt á móti þessu máli aðra en þá, að einn nm. fór að minnast á skólastíl, þar sem hefði verið talað ógætilega um hæstv. stj. Það væri auðvitað gaman að vita, hvaða pædagogiskum reglum á að beita til þess að koma í veg fyrir, að nemandi í einhverjum skóla skrifi í gamni eða ungæðishætti stíl, þar sem farið er óviðurkvæmilegum orðum um heldri menn í þjóðfélaginu. Mann hlýtur að furða stórkostlega á því, að þessi stíll skuli hafa verið gerður að stóru pólitísku númeri hjá stórum landsmálaflokki, en síður á hinu, þó að stíllinn hafi verið skrifaður.

N. virtist að öðru leyti ekki vera óvinveitt þessum skóla, og það voru mér mikil vonbrigði, að hún skyldi ekki vilja flytja till. þessa. En hinsvegar vona ég, að Alþingi geri sér ekki þá hneisu, að fella fjárveitingu til þessa skóla.

Ef menn óttast mjög, að í þessum skóla

séu eintómir Reykvíkingar, og stundum er það eitt nægilegt banamein fyrir tillögur, þá er svo alls ekki, og skólastjórinn hefir sagt mér, að þangað komi fólk úr öllum landsfjórðungum, t. d. koma menn þangað frá Akureyrarskólanum, ungmenna- eða gagnfræðaskólanum á Ísafirði, í Vestmannaeyjum, og yfirleitt alstaðar að.

Þó að farið sé fram á 3000 kr. styrk, er það í rauninni hlægileg upphæð. Þetta er aðeins lítil viðurkenning þess, að menn viti, að skólinn sé til. Þessi sama upphæð var veitt, þegar skólinn var aðeins einn bekkur, og væri því rétt að fara fram á 6, 7 eða 8 þús. kr., þar sem hann hefir stækkað svo mjög síðan, en ekki kærði ég mig um að ganga svo langt, enda legg ég fullt eins mikið upp úr því að fá viðurkenninguna eins og að fá peningana. Bæjarstj. Reykjavíkur hefir styrkt skólann ríkulega með fjárframlögum. Á fyrsta ári lagði hún fram 7500 kr., á næsta ári 10000 kr. og á þriðja ári 15000 kr. úr bæjarsjóði. Þar fyrir utan hafa verið lögð há skólagjöld á nemendurna. Þeir borga nákvæmlega helmingi meira en í Gagnfræðaskólanum í Reykjavík.

Þá er það brtt. á þessu sama þskj., 194, XI, sem við flytjum saman, hv. þm. Borgf. og ég. Hún er stíluð sem brtt. við LXIII. brtt. á þskj. 183 frá fjvn., og er um heimildina til þess að greiða Eimskipafélaginu styrk, ef í nauðir rekur. N. var öll sammála um að hækka styrkheimildina úr 85 þús. upp í 150 þús. kr., en svo náði samkomulagið ekki lengra. Við lögðum sérstaka áherzlu á það, að fellt væri burtu það ákvæði, sem nú er reynt að koma inn, og var í fjárlagafrv. stj. bæði í vetur og nú, en ekki hefir áður staðið í fjárlögum, að stj. sé heimilað að kaupa hluti í Eimskipafélaginu og styrkja það á þann hátt. Þessi stefna hefir áður komið fram hér á þingi. Ég hefi þá tekið þátt í umr. um málið og vil ekki eyða tíma í að endurtaka röksemdir mínar gegn þessari aðferð. En það mega allir vita, að hlutafé, sem eingöngu er greitt til þess að það gangi í rekstrarkostnað, myndi heyra undir það, sem venjulega er kallað „svindil", og gengur ekki út á neitt annað en að úþynna hlutafé félagsins, þannig að hvert þúsund eða hundrað verði þeim mun minna virði. Þetta er góð aðferð fyrir þá, sem vilja, að Eimskipafél. verði hægt og hægt ríkiseign. Með þessum hætti verður hlutaféð lítils virði, en ríkið greiðir árlega vissa fjárfúlgu inn í rekstur félagsins, og að lokum myndu eigendurnir ekki kæra sig um að eiga þessi útþynntu hlutabréf, — og félagið er orðið þjóðnýtt. Það er ofur eðlilegt, að þingmenn Alþýðuflokksins hafi verið þessu hlynntir, en það sætir furðu, ef þm. annara flokka geta lagt þessu lið. Ef Alþingi vildi nota sér neyð Eimskipafélagsins til þess að eignast það, þá er hreinlegra að gera það með öðrum hætti en þessum, sem er ákaflega svindilkenndur.

Í fjárlagafrv. er þetta ekki annað en heimild, og það má vera, að óhætt væri að láta hana standa, því að stj. mundi ekki nota hana. En það er ekki vanvirðulaust að láta þetta standa í fjárl., þar sem hér er ekki um stofnfé að ræða, heldur rekstrarfé, sem verður greitt vegna þess, að tekjur félagsins hrökkva ekki fyrir gjöldum. Um hitt atriðið, að binda styrkinn til félagsins vissum skilyrðum, gat okkur ekki komið saman. Meiri hl. vildi setja rekstur og stjórn félagsins undir eftirlit ríkisstj. Í fyrstu fannst mér það ekkert fráleit hugsun, að félag, sem hefir svo háan styrk úr ríkissjóði, sé undir nokkru eftirliti af ríkisstj. hálfu. En því betur sem ég hugsaði um þetta, því óþarfari og skaðlegri fundust mér slík ákvæði. Þau eru óþörf vegna þess, að ef ríkisstj. vill, þá getur hún sett félaginu skilyrði um áætlanir, ferðir o. fl. og fengið það til þess að haga starfi sínu og siglingum á annan hátt en það gerir nú. Félagið verður þá auðvitað að gera allt sem stj. vill, til þess að fá þann árlega styrk úr ríkissjóði, sem því er brýn nauðsyn á að fá. Og þessar ráðstafanir eru skaðlegar, þar sem það er alveg augljóst mál, að slík íhlutun stjórnarvalda landsins myndi verða til þess að spilla trausti félagsins á allan hátt. Þetta eftirlit myndi ekki hvað sízt spilla fyrir félaginu hjá þeim aðiljum, sem það þarf allra mest að hækka í áliti hjá, nefnilega kaupsýslumönnum landsins, sem félagið annast flutninga fyrir o. s. frv.

Ég held, að Alþingi vinni móti sjálfu

sér, ef það setur félaginu þetta skilyrði. Það verður ekki til annars en að gera félagið enn meir styrkþurfa. Það væri líkt eins og ef hreppur, sem hefði margar fjölskyldur, sem berðust í bökkum, og vildi bæta úr ástandinu, geri svo einmitt ráðstafanir, sem leiddu til þess, að fjölskyldurnar yrðu óhjákvæmilega að fara á hreppinn. Auðvitað má segja, að það þurfi líka á hjálp landsins að halda til annara fyrirtækja og á öðrum sviðum, en starf Eimskipafélagsins er þó þannig vaxið, að annaðhvort verður að gera því kleift að halda áfram starfi sínu, eða þá að ríkið taki upp samskonar starfsemi og það hefir með höndum. Við hv. þm. Borgf. komumst því að þeirri niðurstöðu, að það myndi langheilbrigðast að binda ekki styrkinn til félagsins neinum skilyrðum, heldur hafa hann sem heimild í fjárl., ef félagið þyrfti á honum að halda.

Þá er lokið þeim till., er við flytjum saman, hv. þm. Borgf. og ég. Þá eru eftir tvær brtt., sem ég flyt einn, og skal ég gera nokkra grein fyrir þeim.

Fyrri brtt. er á þskj. 194, V. 1. tölul., um að Vísindafélagi Íslendinga verði greiddur 1000 kr. styrkur úr ríkissjóði. Þetta félag hefir, að því er ég held, aldrei haft neinn styrk í fjárlögum. Það var stofnað fyrir nokkrum árum fyrir forgöngu nokkurra háskólakennara, en er þó að engu leyti bundið við háskólann, heldur samanstendur það af kunnáttumönnum vorum í öllum þeim vísindagreinum, sem við á annað borð eigum kunnáttumenn í. Félagið heldur fundi, þar sem fluttir eru fyrirlestrar um vísindaleg efni. Ennfremur hvetur félagið unga menn til þess að gefa sig að ýmiskonar rannsóknum, og kemur svo ritgerðum þeirra í ýms erlend rit, sem fjalla um vísindaleg efni. Þannig hefir einn þessara manna rannsakað gosstöðvar, annar gróðurlíf í Hrísey, þriðji jökla o. s. frv. Félagið hefir gefið út átta rit á ýmsum tungumálum. Er útgáfa þeirra lítt arðvænleg, sem nærri má geta, þar sem sárafáir kaupa slík rit, en þau eru send ýmsum fræðistofnunum og háskólum út um allan heim, og verða þannig til þess, að erlendar þjóðir kynnast því, að eitthvað er þó unnið að vísindalegum málum hér á norðurhjaranum. En í staðinn fyrir þessi litlu rit okkar fær svo félagið mörg hinna merku og miklu rita stórþjóðanna, og hefir félagið þannig eignazt hið prýðilegast safn ýmiskonar vísindalegra sérfræðirita. Fer safn þetta vaxandi með ári hverju og er hið verðmætasta að öllu leyti.

Félagið hefir fleytt sér áfram með lítilfjörlegum styrkjum úr Menningarsjóði og Eggertssjóði, en bæði eru þeir ófullnægjandi og eingöngu bundnir við náttúruvísindi, svo að afleiðingin er sú, að hinar humanistísku greinar, málfræði, saga o. fl., hafa orðið útundan. Vilji Alþingi nú veita félaginu þenna lítilfjörlega og sanngjarna styrk, sem hér er farið fram á, þá verður félaginu þar með gert kleift að verja nokkru til þessara greina, sem hinir umræddu sjóðir ná ekki til.

Seinni brtt. er sömuleiðis á þskj. 194, V. tölul. 2, og fer fram á, að veittar verði 4000 kr. til tónlistarskólans. Það hefði nú ekki verið úr vegi að nota þá miklu kyrrð, sem ríkir hér í salnum, til þess að halda dálitinn fyrirlestur um þetta efni, meðan hv. þm. eru að horfa á, hvernig dr. Aljechin brytjar niður taflmennina okkar niðri í K.-R.-húsi, en af því að mig langar til þess að horfa á hann líka, þá ætla ég að stytta mál mitt.

Þegar ég man fyrst eftir, var tónlistarkunnátta hér á lágu stigi, og fáir, sem gáfu sig að þeirri list. Þegar hljóðfæri fóru svo að flytjast hingað að ráði, þá léku menn auðvitað á þau, en flestir án nokkurrar tilsagnar. Ég man eftir fiðluleikurum, sem þóttu góðir, og lært höfðu án tilsagnar, — því um annað var naumast að ræða —, en sannleikurinn var sá, að enginn var til, sem sagt gæti, hvort það væri mikil list eða ekki, sem verið var að fara með. Svo fóru einstaka menn að fara út til frekara náms, og er þeir komu aftur, þá sáu þeir, hve skammt við Íslendingar vorum komnir í þessum efnum. Þegar samgöngur urðu greiðari við önnur lönd, þá tóku líka að koma hingað erlendir tónlistarmenn við og við, og þeir sýndu okkur líka, hve langt við stóðum að baki öðrum þjóðum í þessari list. Og nú eru menn hættir að láta sér það nægja, að Íslendingar standi öðrum að baki, og farnir að gera kröfur til þess,

að hljóðfæraslátturr sé hér ekki lakari en í öðrum löndum.

Hljómsveit Reykjavíkur var stofnuð fyrir 6 árum og hefir starfað síðan. Starf hennar hefir verið óeigingjarnt áhugastarf og hefir ekkert gefið í aðra hönd. Meðlimir hennar hafa lagt á sig mikið starf til þess að læra þessa list og hafa æft saman stór tónverk með mikilli elju og þrautseigju. Höfðu þeir von um að geta smám saman elft hljómsveitina svo, að hún yrði í líkingu við hljómsveitir annara landa. Þá komu hingað þýzkir hljómlistarmenn, sem brutu ísinn og sýndu fram á það, að hljómlistarmenn okkar yrðu að byrja algerlega á undirstöðunni og læra í nokkur ár, ef þeir ættu að geta náð því marki, sem þeir höfðu sett sér. Og það var samróma álit manna, að eina ráðið til þess að komast á réttan grundvöll, væri það að stofna tónlistarskóla, sem gæti veitt allmörgum mönnum í einu fullnægjandi tilsögn í hljómlist. Þetta var reyndar mjög djarft fyrirtæki, en skólinn komst þó á laggirnar síðastl. haust fyrir fádæma áhuga nokkurra manna. Skólagjöld voru allhá, og þeir menn, sem að skólanum stóðu, lögðu á sig mjög há mánaðargjöld til þess að skólinn gæti starfað. Fyrir skólastjóra var valinn Páll Ísólfsson. Um fjörutíu nemendur gengu í skólann og hafa flestir þeirra tekið ótrúlega miklum framförum. Fyrir kennara voru valdir þrír útlendir hæfileikamenn. Skólinn hefir ekki starfað nema síðastl. vetur, eins og áður er sagt, en þriggja ára nám þarf til þess að nemendur hans verði fullnuma. En örðugleikarnir á því að halda skólanum áfram eru mjög miklir. Það er ætlunin, að skólanum verði hagað nokkuð öðruvísi næsta vetur, ef hann getur haldið áfram, að hann verði rekinn með meiri sparsemi og gefi sig eingöngu að kennslunni, en haldi ekki hljómleika fyrir útvarpið í jafnríkum mæli og síðastl. vetur. Þá er og tilætlunin að komast af með einn fjölhæfan útlendan kennara, sem getur kennt á mörg hljóðfæri.

Ég veit ekki, hvernig fer fyrir skólanum, ef Alþingi neitar honum um þenna styrk. Reyndar þýðir ekkert að vera að rökræða um þetta hér, því að ég býst varla við því, að orð mín muni tolla við stóla hv. þm., er þeir setjast í þá til atkvgr. Ég skal þó benda á það, að það eru ekki minna en ca. 100 þús. kr., sem árlega renna í vasa útlendra hljómlistarmanna, sem starfa hér við ýms fyrirtæki. Þetta er ekkert smáræðisfé á okkar mælikvarða. Ef tónlistarskólinn fengi að starfa, þá myndi hann gera okkur færa um að taka þetta í okkar hendur eftir nokkur ár og útrýma algerlega þeim ósið, sem nú ríkir í þessum efnum. Yrði því samþykkt þessarar brtt. hinn mesti búhnykkur fyrir þjóðina.

Ég hefði viljað segja fleira um þetta mál, en af því að enginn hv. þm. er í sæti sínu, að undanteknum hæstv. forseta, og ég get búizt við því, að hann fái mér lyklana þá og þegar, og biðji mig að loka á eftir mér þegar ég hafi lokið ræðu minni, þá fer ég heldur niður í K.-R.-hús aftur til þess að horfa á skákmeistarann. Svo þakka ég fyrir áheyrnina!

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 142, 183, 194, 202, 205).

Jóhann Jósefsson: Í umr. um frv. til fjárl., hafa allmargir hv. þdm. komið að því atriði, sem er mjög áberandi síðastl. árin, því, að hæstv. stj. hefir haft mjög miklu meira fé til umráða en fjárl. hafa gert ráð fyrir, og ráðstafað því á ýmsan veg. Nú er það að vísu nokkur vorkunn, þó ráðstafanir á því fé, sem algerlega er látið óráðstafað í fjárl., fari nokkuð á aðra leið en hv. þm. mundu helzt hafa kosið. En það er eftirtektarverðara, þó þetta sé ekki gott ástand, ef stj. lætur undan falla að verja því fé, sem fjárl. ákveða, hvernig verja skuli, til þess, sem þingið hefir ákveðið. Vegna þess, að ég hefi fyrir satt, að svo hafi verið að undanförnu, vildi ég benda á eitt atriði, þar sem þetta hefir komið fyrir, og í sambandi við það atriði beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvernig á þessu standi.

Í nál. fjvn. árið 1930, sem er um fjárlagafrv. fyrir árið 1931, er nokkuð gjörla talað um, hversu n. lítist að verja því, sem hv. Alþ. veiti til nýrra símalína. N.

telur þar upp kostnaðaráætlanir yfir nokkrar símalínur, og gerir ráð fyrir ákveðnum fjárupphæðum til þeirra. Það eru 119 þús. kr. alls, sem n. ráðstafar þarna — ráðstafar þannig, að hún telur upp 7 símalínur víðsvegar á landinu og segir í áliti sínu, að þetta sé samkv. áliti landssímastjóra, og bætir svo við:

„Hefir n. fyrir sitt leyti engar athugasemdir að gera við þessar tillögur landssímastjórnar og gerir ráð fyrir, að eftir þeim verði farið".

Það er um þessar 7 símalínur, sem n. segir þetta. Ég ætla ekki að nafngreina þær, en ef menn vilja kynna sér, hvaða símalínur þetta eru, þá er það að finna á þskj. 245 árið 1930. Þessar upphæðir nema allar saman 119 þús. kr. Eftir þeirri venju, sem verið hefir um símalagningar, skyldi maður ætla, að þessar línur yrðu teknar fyrst fyrir. Nú hefi ég það fyrir satt, að einungis ein af þessum línum, sem áætlað var að ætti að kosta 16 þús. kr., hafi verið lögð, og hvorki gerður undirbúningur til þess, að hinar símalínurnar yrðu lagðar, né þær heldur lagðar verið. En á hinn bóginn hefir stj. látið leggja, í 2 sýslum, nýjar símalínur, sem hvorki er gert ráð fyrir í fjárl. né öðrum lögum, m. ö. o., sem engin heimild var fyrir. Nú vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hversu það ber til, að ekki eru lagðar fyrst og fremst þær símalínur, sem áætlað er fé til í fjárl., heldur aðrar, sem ekki eru gerðar neinar ráðstafanir til, af þingsins hálfu, að lagðar séu?

Ég skal ekki bera niður á fleiri ráðstöfunum hæstv. stj. af þessu tæi. En það ber nauðsyn til, að það sé skýrt, af hvaða ástæðum þetta er gert.

Hv. frsm. fjvn. hefir ekki séð sér fært að vera við núna, — hann, sem talaði svo mjög um ábyrgð hv. þdm. og brýndi þá með því, að menn ættu nú að sýna, að þeir fyndu til ábyrgðar við afgr. fjárl. Í gær voru ræddar ýmsar brtt. við fjárl. alla kvöldvökuna svo að segja fyrir tómum þingsal. Hv. frsm. fjvn. lét sér sæma að sýna þingdeildinni þá lítilsvirðingu, sem ég veit ekki til, að neinn frsm. hafi gert, að koma hvergi nærri umræðum alla kvöldvökuna. Hafi hv. frsm. með því ætlað að sýna sérstaka ábyrgðartilfinningu sína, þá tel ég hann hafa tekið upp nokkuð nýstárlega aðferð til þess. Einmitt þetta og þvílíkt sinnuleysi og kæruleysi um afgr. ýmsra mála, sem frsm. fjvn. undirstrikaði í gær, skerðir álit þingsins. Hv. frsm. á svo að segja álit sitt á tillögum, án þess að hafa heyrt rök hv. þdm. um þær. Vil ég hér drepa á fáeinar þeirra.

Fyrst er brtt. um byggingarstyrk til sumarskýlis símamanna í Rvík. Aðaltill. fer fram á 4000 kr. styrk, en aukatill. 3000 kr. Grundvöllurinn að því, að þessu sumarskýli yrði komið upp, var lagður árið 1926 af Forberg heitnum landssímastjóra með 1000 kr. gjöf, er hann gaf í sjóð, er nota skyldi í þessum tilgangi. Var það í tilefni af 25 ára afmæli símans. Var landssímastj. það bezt kunnugt, hversu þreytandi er starf símamanna, sem jafnframt er eitthvert hið lægst launaða starf, sem unnið er fyrir ríkið. Er því nauðsynlegt, að þeir njóti hressingar utanbæjar einhvern hluta ársins. Til sumarskýlisins, sem nú er nærri því fullbyggt á einhverjum fegursta stað hér í nágrenninu, var fyrst stofnað með gjöf Forbergs sál. og þá með happdrætti og frjálsum samskotum. Sjóðurinn er nú 6000 kr., en í efni hefir verið lagt 1000 kr. Auk þess ætlar símafólk að gefa 1100 kr. Alls mun húsið kosta 15000 kr. uppkomið, að því er áætlað er. Heldur símafólkið, að það muni geta klofið kostnaðinn, ef það fær þann styrk, sem hér er farið fram á. Má geta þess, að settur landssímastjóri hefir sýnt málinu hina mestu velvild, eins og yfirleitt allir menn hafa gert. Vona ég, að Alþingi bregðist ekki síður við og virði hinn fagra tilgang Forbergs með því að samþ. styrkveitinguna.

Við 2. umr. fjárl. bar ég fram þá till. ásamt hv. þm. Seyðf., að Þórhalli Þorgilssyni, sem skrifað hefir kennslubækur í spönsku og ítölsku, verði veittur styrkur til þess að koma þeim á prent. Till. var felld. Þar sem ég vil nú ekki vera að fara fram á það sama aftur, vil ég leyfa mér að fara þess á leit, ásamt hv. þm. Seyðf. og hv. þm. S.-M., að Þórhalli Þorgilssyni verði veittar 1500 kr. til prentunar á kennslubók í spönsku, sem nú er búin til prentunar. Hér er um að ræða mál,

sem snertir þá þjóð, er tekur við mestu af útflutningi vorum. Ber hin mesta nauðsyn til þess, að ungir verzlunarmenn vorir læri spönsku, sem við hliðina á þýzku og ensku er hægt að kalla heimsmál, því að utan Evrópu er hún töluð svo að segja um alla Suður-Ameríku. Íslendingum er nauðsynlegt að halda uppi góðri vináttu við Spánverja, þó ekki væri nema af hagsmunaástæðum. Þó er ekki hægt að segja, að við gerum eins mikið í þá átt og hægt væri. Við kaupum t. d. vörur frá öðrum löndum, sem eins vel mætti kaupa á Spáni. Hefi ég átt tal um þetta við Helga Guðmundsson fiskifulltrúa á Spáni, og er hann mér sammála um, að það gæti haft mikla þýðingu, ef þessu væri breytt, þó að við Íslendingar notum ekki mikið af vörum frá útlöndum á stærri þjóða mælikvarða. Það mun ávallt vera svo, þegar auka á aðflutningstoll á útlendum vörum, að spurt er að því fyrst, hvort þjóð sú, er flytur inn vörurnar, kaupi vörur af þeirri, sem ætlar að auka tollinn. Geta þá úrslitin farið mjög eftir þessu. Get ég í þessu sambandi tekið það fram, að maður einn var hér á ferð fyrir nokkru, sendur frá spönsku verzlunarhúsi, og sýndi hann vörur, aðallega fatnað, sem fyllilega var samkeppnisfær við slíkar vörur, sem flytjast hingað aðallega frá Norðurlöndum og Hollandi. Virðist mér því, sem fleiri en ein ástæða liggi til þess, að Íslendingar leggi nokkra rækt við spanska tungu. Mun Íslendingum ekki aukast samúð hjá Spánverjum, þegar þeir frétta, að Alþingi felli hvað eftir annað till., sem gengur í þá átt að kynna Íslendingum tungu þeirra, en veiti jafnframt fé til óþarfari hluta. — Ber þess að gæta, að hér er ekki verið að fara fram á styrk til þess að skrifa þessar bækur, því að maðurinn er búinn að ljúka við handritið að báðum. Fer ég hér einungis fram á styrk til útgáfu annarar. Vona ég, að hv. þd. reynist svo víðsýn, að hún veiti þenna styrk. Myndi það sízt skerða samúð Spánverja í okkar garð á þessum hættulegu krepputímum, sem nú steðja að saltfiskverzlun Íslendinga, þó þeir vissu, að við vildum læra mál þeirra.

Ég sé, að hv. þm. Borgf. og hv. 4. þm. Reykv. fara enn af stað með till. um það, að styrkurinn til Stórstúku Íslands verði hækkaður frá því, sem ákveðið er í frv. hæstv. stj. Till. um þetta var felld hér við 2. umr. Vil ég ekki fara mörgum orðum um starfsemi Stórstúkunnar hér á landi, með því að mér er hún lítt kunn. Vil ég þó geta þess, að nýlega heyrði ég frá því skýrt í útvarpinu, að vínnautn hefði aukizt mjög á síðustu árum hér á landi, eins og sjá má á eftirfarandi tölum:

1928 voru seld Spánarvín fyrir 1.9 millj. kr., 1929 fyrir 2,5 millj. kr. og 1930 fyrir 2,7 millj. kr.

Á sama tíma hafði templurum fækkað úr 4400 ofan í 3800. Var ég ekkert hissa á tölum þeim, sem sýndu aukna útsölu á víni, en meira á þeirri hnignun innan reglunnar, sem af því sést, að stúkumeðlimum fækkar stórum. Síðan núv. stj. tók við völdum, hefir mjög verið slegið á þá strengi, að gott lag hefði komizt á bindindismál hér á landi. Var um eitt skeið sérstakur stjórnmálaflokkur bendlaður öðrum fremur við vínnautn, og var það gert af „agitations"-ástæðum. En svo ber það við, að á stjórnartímum núv. stj. eykst vínnautn og fækkar þeim, sem hér á landi bindast samtökum um baráttu gegn þessari nautn. Er það opinbert mál, að hér rétt utan við bryggjurnar í Reykjavík er veitt vín af allflestum tegundum, hverjum sem hafa vill, þá er útlend ferðamannaskip koma, og eins og til að kóróna þessar lagavfirtroðslur, eru hafðir tollverðir um borð í skipum þessum. Tek ég það fram, að ég er ekki að álasa starfsmönnum þessum, því að ég er þess fullviss, að þeir loka ekki augunum fyrir öðru en því, sem yfirboðarar þeirra vilja, að ekki sé hreyft við. Þetta allt gerist á valdatímum þeirrar stj., sem hefir gert pólitískt númer úr því að þykjast vera að auka bindindi í landinu, sbr. bls. 152 í bókinni „Verkin tala", þar sem sagt er, að þjóðin viti, að vínnautn í landinu hafi minnkað síðan 1927 (þó er bent á það á sömu bls., fáeinum línum neðar, að útsala Spánarvína hafi aukizt!). Enda veit hvert mannsbarn, að þetta er ekki annað en blekking. Eins og ég lýsti áðan og hagskýrslur sýna, templarar votta og hvert mannsbarn getur séð, er það staðreynd, þrátt fyrir allt gortið um bindindisáhuga og minnkandi vínnautn, að drykkjuskapur vex hröðum skrefum. Templararegl-

unni stórhnignar, meðlimum fækkar úr 4400 niður í 3800 á einu ári, og vín er veitt hverjum, sem hafa vill, rétt utan við bryggjusporðana í Reykjavík, í nærveru eftirlitsmanna laganna, allt undir verndarvæng Framsóknarstjórnarinnar. Þetta veit stj. vel, enda þótt hún láti gefa út á landsins kostnað blekkingar um minnkandi vínnautn. Af því sem sagt hefir verið, er það ljóst, að full ástæða er til þess að styrkja Goodtemplararegluna í því starfi að berjast gegn vínnautn hér á landi á þeim grundvelli, sem hún starfaði á, áður en farið var inn á bannstefnuna, en það er með aukinni fræðslu um skaðsemi drykkjuskaparins. Legg ég því til, að reglan fái þann litla styrk, sem farið er fram á.

Ég heyrði af umr., að það stendur til að breyta birtingu veðurskeyta þannig, að þau verði framvegis birt munnlega gegnum útvarpið, en áður voru þau send með ritsímanum. Á Fiskifélagið að sjá um birtingu þeirra úti um land. Býst ég við, að áætluð fjárhæð muni reynast of lítil til þessa. Er það mikið verk að sjá um birtingu skeytanna, skrifa þau niður og auglýsa fyrir almenningi. Um birtingu landssímans á undanförnum árum er það að segja, að hún var mjög lítilfjörleg og til lítils gagns fyrir almenning. Þó kom þetta að nokkrum notum, sérstaklega þar sem bætt var úr birtingunni. Björgunarfélag Vestmannaeyja hefir t. d. tekið að sér um margra ára skeið að birta skeytin og auglýsa á góðum stað, þar sem þau væru aðgengileg fyrir sjómenn bæði dag og nótt.

Um styrk til Eimskipafélags Íslands liggja fyrir tvær till., önnur frá fjvn. (þskj. 183), en hin frá hv. þm. Borgf. og hv. 4. þm. Reykv. (þskj. 194). Eru báðar samhljóða um upphæð þess fjár, sem stj. skal heimilað að gjalda Eimskipafél. sem aukastyrk, en greinir á um skilmálana. Strandferðastyrkur Eimskipafél. er 60 þús. kr. Hér er farið fram á að heimila stj. að gjalda félaginu 150 þús. kr. í stað 85 þús. kr. Í till. fjvn. standa orðin: „Enda veitist ríkisstj. aðstaða til athugunar og íhlutunar um rekstur þess“ (félagsins).

150 þús. kr., að viðbættum strandferðastyrk, verður 210 þús. kr. Þessar 210 þús. kr. er sannarlega ekki of hár styrkur til félagsins fyrir strandferðirnar einar. Í síðustu skýrslu Eimskipafél. er bent á, að viðkomum á innlendar hafnir fer sífjölgandi. 1928 voru viðkomur á innlendar hafnir 863, 1929 887 og 1930 1050. Viðkomur skipanna á innlendar hafnir hafa því aukizt um 20% frá 1928 til 1930. Allir sjá, að þær 60 þús. kr., sem eiga að vera strandferðastyrkur, eru smámunir einir.

Hvað kosta nú þessar mörgu viðkomur skipanna á innlendar hafnir? Skipin eru fyrst og fremst miklu lengur í förum en ella. Félagið spillir fyrir sér með þessu um flutning milli landa. Útlendu keppinautarnir velja úr beztu hafnirnar innanlands. Þeir skeyta ekki um hina íslenzku hagsmuni. En Eimskipafél. hefir ávallt tekið meira tillit til viðskiptamannanna en sjálfs sín. Þetta verður þingið að skilja og viðurkenna í verki. Ég vil benda á, að samkv. síðustu skýrslum og reikningum félagsins eru brúttótekjur félagsins nál. 3 millj. kr. Þær byggjast vitanlega á fargjöldum og flutningsgjöldum og að langmestu leyti á flutningsgjöldum. Þegar þessa er gætt, verður ríkisstyrkurinn ekki svo stórvaxinn, að því ætti að taka fyrir ríkið að fara að setja um hann skilyrði, sem benda í þá átt, að Eimskipafél. þurfi eftirlit. Um þetta er það annars að segja, að landsstj. hefir frá öndverðu haft einn mann í stj. fél. og einn af þrem endurskoðendum. Með þessu ætti að vera tryggt svo mikið eftirlit sem æskilegt er, ef ríkið vill ekki hafa alger yfirráð yfir félaginu, sem ég skil ekki, að vaki fyrir hv. meiri hl. n. Með einum manni í stj. fél. og einum endurskoðanda getur ríkið haft aðgang að öllum plöggum félagsins, svo að ef um einhverjar misfellur væri að ræða, gætu þær ekki dulizt ríkisstj. Veit ég því ekki, hvort skilja á viðbótartill. svo, að þeir, sem að henni standa, hafi ekki vitað um íhlutun þá, sem stj. hefir um rekstur félagsins, eða hana eigi að skoða sem milt form á því, að ríkið fari að hlutast meira til um rekstur félagsins en áður. Á það bendir samt skilyrði það um hlutafjárkaup, sem var í frv., þegar það var lagt fram af stj. En vaki það fyrir meiri hl. n., tel ég það spor í öfuga átt. Eimskipafél. er til orðið fyrir atbeina þjóðhollra manna og sameiginleg-

um vilja alþjóðar á að koma upp íslenzkum millilandaflota. Framtíð félagsins byggist á því, að þjóðin, og þá fyrst og fremst þeir, sem þurfa á fari eða flutningum að halda, gleymi ekki hinum upphaflega tilgangi félagsins né tilætlun þeirra ágætu manna, sem hrundu því af stað, og hinna, er studdu að stofnun þess. Hina síðustu mánuði bera blöðin það með sér, að ný alda er að rísa í þá átt að styðja að eflingu félagsins og vekja Íslendinga til umhugsunar um, að þeir sem einstakir farmsendendur, móttakendur og ferðamenn hafi jafnan í huga að styðja félagið. Ekki er langt síðan einn merkur maður hefir farið sterkum orðum um þá nauðsyn, að allir íslenzkir viðskiptarekendur láti Eimskipafél. sitja fyrir flutningum.

En þessi stuðningsskylda hvílir líka á ríkinu. Og eins og ég hefi þegar tekið fram, tel ég fél. ekki of haldið af því að fá 200—210 þús. kr. styrk til strandferðanna einna. Og ég álít, að ríkið eigi engin fríðindi önnur að fá í staðinn. Hinsvegar er hætta á, að sú samúð, sem fél. er nauðsynleg hjá viðskiptamönnum sínum, fari ekki vaxandi við þær tilraunir að kúga stjórn fél. undir bein áhrif ríkisvaldsins, með hlutakaupum út á styrkinn eða öðru. Eimskipafél. hefir sannað á undanförnum árum, að sá grundvöllur sé Íslendingum fyrir beztu í siglingamálum, að íslenzk skip undir stjórn íslenzkra manna annist flutninga milli Íslands og annara landa.

Jón Ólafsson: Áður en ég fer út í einstakar brtt., vil ég þakka hv. fjvn. fyrir, að hún hefir tekið til greina óskir Rangæinga um brú á Þverá. Hinsvegar er ég ekki jafnþakklátur n. fyrir klausu þá, sem hún hefir bætt aftan við liðinn sem aths. Ég vildi gjarnan beina þeirri spurningu til n., hvort hún álíti, að láta megi alla aðra liði fara fram úr áætlun, en brúna megi því aðeins byggja, að þá sé eitthvert fé afgangs. Ég geri ráð fyrir, að n. eigi auðvelt með að svara þessu.

Þá mun ég víkja nokkuð að þeim brtt., sem ég er flm. að. Um IX. brtt. á þskj. 183 mun ég ekki orðlengja, þar sem ég geri ráð fyrir, að hv. meðflm. minn. (SvbH) muni tala fyrir henni. Ég vil aðeins benda á, hvílík nauðsyn er á að veita þessari konu styrk, og hversu verðug hún er hjálpar, þar sem henni þrátt fyrir hin langvarandi veikindi manns síns hefir enn tekizt að sjá fyrir barnahóp þeirra með hinni mestu snilli. Ég vona, að hv. þdm. taki vel þessari styrkbeiðni, og læt útrætt um þetta að svo stöddu.

Þá flyt ég ásamt hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. Vestm. till. um að veita Jóni Gizurarsyni frá Skarðshlíð nokkurn námsstyrk. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að margir þm. þekki þenna pilt, en mér er kunnugt um, að hann hefir meðmæli margra ágætra kennara, og þori að fullyrða, að ef styrkja á nokkurn námsmann, þá er þessi piltur þess verðugur. Þess þarf ekki að geta, að bændur eru yfirleitt ekki svo efnum búnir, að þeir geti styrkt syni sína til langs náms, og því eru efnilegir bændasynir oft útilokaðir frá slíkri fræðslu, ef hið opinbera réttir þeim ekki hjálparhönd. Fyrir þessum pilti liggur heldur ekki annað en að hætta námi í verzlunarfræðum, sem hann hefir stundað í einn vetur, en á tvo eftir af, ef honum kemur engin opinber hjálp, því að foreldrar hans geta ekki styrkt hann nema að nokkru leyti. Hann hefir hugsað sér að setjast að hér heima að afloknu námi og veita kennslu í verzlunarfræðum, en slíks er einmitt mikil þörf hér, enda hafa fáir undirbúið sig undir slíka fræðslu hér á landi.

Þá flytjum við hv. 2. þm. Rang. brtt. um fjárveitingu til mælinga á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir verið veitt fé í þessu skyni 2 ár undanfarið, samtals 20 þús. kr., að viðbættum 5 þús. kr., sem verja átti til mælinga í Hornafirði. Nú förum við fram á, að veittar séu 10 þús. kr., og séu af þeim 5 þús. kr. endurgreiddar til mælinga í Hornafirði. Liggur í augum uppi, að nauðsynlegt er, að fullkomnar mælingar og áætlanir séu fyrir hendi, þegar að því kemur, að hafizt verður handa um framkvæmdir. Vatnasvæðið hefir þegar allt verið mælt, en hinsvegar vantar töluvert fé til þess að vinna úr ýmsum gögnum, og förum við fram á 5 þús. kr. í því skyni.

Enn flyt ég brtt. um hækkun á eftirlaunum Valgerðar Steinsen. Henni eru

ætlaðar í fjárl. 300 kr. á ári, og flyt ég brtt. um að hækka þá upphæð í 600 kr. Ég veit ekki, hvort hv. þm. er það kunnugt, hve lengi og vel hún hefir unnið í þjónustu ríkisins, og skal ég því fara nokkrum orðum um það. 1910, þegar Vífilsstaðahælið var opnað, hafði hún verið ytra til þess að búa sig undir ráðskonustarf þar. Þar var hún síðan ráðskona til 1919, er hún missti heilsuna um tíma. 1922 varð hún ráðskona við holdsveikraspítalann í Laugarnesi, en var sagt upp stöðunni fyrirvaralaust og með öllu án saka eða tilefnis, eins og tíðkazt hefir upp á síðkastið. Yfirlæknirinn í Laugarnesi, Sæmundur Bjarnhéðinsson, gefur henni þann vitnisburð, að hún hafi verið sparsöm, ráðdeildarsöm og dugleg, og hefði ekkert verið út á hennar framkomu að setja. Nú kann vel að vera, að þessi kona hafi verið farin að gefa sig, enda komin yfir sextugt, en mér finnst þó allharkalega að farið, að henni skuli eigi vera ætlaðar nema 25 kr. á mánuði til að lifa á framvegis. Allir, sem til þekkja, vita, að hún hefir ekki verið þannig launuð um æfina, að hún hafi getað lagt svo mikið upp, að hún gæti lifað á því. Þess má geta, að Sigurður Magnússon, sem var yfirlæknir hennar um 10 ára skeið, fer mjög lofsamlegum orðum um þessa konu, eins og Sæm. Bjarnhéðinsson, og að margra áliti mun vitnisburður þessara merku lækna vega mikið. Ég er samþykkur því, að spara þurfi á ýmsum sviðum, en ég álít, að við eigum aldrei að spara okkur til skammar, eins og ég tel, að verið sé að gera, ef þessi brtt. mín verður felld. Ég þykist vita, að hv. þdm. átti sig á þessum pósti, og að þeir vilji ekki vinna til að spara á honum 300 kr.

Ég ætla ekki að fara út í það að ræða um aðrar till., en ástæða væri til þess að fara nokkuð út í þær till., sem liggja nú fyrir þinginu um Eimskipafélag Íslands, og þær umr., sem orðið hafa út af þeim. En þar sem menn hafa nú þegar farið allýtarlega út í það mál, þá mun ég ekki að sinni fara að ræða um það. Ég vil aðeins benda á það, að ef fara á að taka ráðin af þeim mönnum, sem að þeim félagsskap standa, með of mikilli ihlutun um stj. og starfsemi fél., og ef ríkið á að fara að taka þessa starfsemi á sínar herðar, þar sem það nú hvort eð er leggur fél. styrk, þá álít ég bezt fyrir það að taka strax þetta félag á sína arma og koma því út í sömu ógöngurnar og síldareinkasala ríkisins er nú komin í, og eru fyrirsjáanleg forlög flestra ríkisfyrirtækja. En á meðan fél. er styrkt af ríkinu, þá á ekki að setja því önnur skilyrði en þau, að það haldi uppi öllum þeim ferðum, sem gert er að skilyrði fyrir þessu fjárframlagi, en það á með öllu að láta stjórn þess og starfshætti afskiptalaust.

Ef þeir menn, sem nú eru við fél., eru ekki færir um að stjórna því sem skyldi, þá er beinasta leiðin til lagfæringar á því sú, að láta þessa menn fara, en fá aðra hæfari í staðinn.

Ég held, að bezt sé að láta þetta félag afskiptalaust, en greiða því fé frá ríkissjóði fyrir þau störf, sem það vinnur í þágu alþjóðar. Það er sannfæring mín, að það sé of dýru verði keypt fyrir fél. að þiggja þenna styrk, ef hann á að kosta hluta af sjálfstæði þess.

Sveinbjörn Högnason: Ég get verið stuttorður um þær till., sem ég flyt hér. Flestar þeirra flyt ég með hv. samþm. mínum, hv. 1. þm. Rang. — Hann hefir nú þegar gert glögga grein fyrir þeim og rakið ástæðurnar til þess, að við berum þær fram.

Það eru þó tvær brtt., sem ég hefi borið fram, aðra með samþm. mínum, en hina einn, sem ég vildi fara nokkrum orðum um. Önnur brtt. er á þskj. 183, nr. LIV. Till. þessi fer fram á, að Ögmundi Sigurðssyni, fyrrverandi skólastjóra í Hafnarfirði, verði veitt 500 kr. árleg uppbót á eftirlaun sín. Launin verða þá 2500 kr. í stað 2000 kr.

Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hvers vegna ég álít það rétt, að þjóðin bregðist nú við í elli hans og láti hann fá þessa launahækkun, þegar hann nú hefir látið af störfum. Ég býst við, að þessi maður sé öllum hv. þdm. svo kunnur, að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um það starf, sem hann hefir leyst af hendi í þágu lands og þjóðar. Ég vil aðeins benda á það, að meðan hann starfaði, þá gerði hann það ávallt fyrir mjög lág laun, vegna þess að skóli sá, er hann veitti forstöðu, átti alltaf í talsverðum fjárhags-

örðugleikum. T. d. mun skólastjóri hafa um allmörg ár starfað fyrir aðeins 1700 kr. um árið, án dýrtíðaruppbótar. En allir, sem til starfs hans þekkja, bera það, að hann hafi leyst það af hendi með hinni mestu prýði. Og um langt skeið var hann talinn einn hinna beztu skólamanna á landi voru. Skóla þann, sem hann starfaði við, gerði hann brátt að einum fjölsóttasta skóla landsins, þó að hann tæki við honum í fremur vondu ástandi hvað ytri aðstöðu snerti, frá hendi hins opinbera.

Ögmundur lét af skólastjórn á síðastl. hausti. Þá voru, eins og kunnugt er, gefin út lög um gagnfræðaskóla í kaupstöðum, og Flensborgarskólinn í Hafnarfirði lagðist þá niður sem sjálfsstjórnarskóli, eins og hann hafði áður verið, en gekk í stað þess undir hin nýju lög um gagnfræðaskóla.

Eftir umsögn, sem liggur hér fyrir frá fyrrverandi skólanefnd þessa skóla, þá er Ögmundur nú farinn að heilsu og orðinn nærri blindur. Þessi maður hefir því ekki öðru af að lifa en 2000 kr. eftirlaunum. Og ég veit, að allir hv. þdm. sjá, hve lítilfjörlegt og ódrengilegt það væri, að láta nú þenna mann líða skort í elli sinni, þegar hann er horfinn að heilsu og kröftum. Ég vænti þess því fastlega, að hv. dm. veiti till. stuðning við atkvgr.

Þá er hin brtt., sem hv. 1. þm. Rang. er líka flm. að, undir IX. lið á þskj. 183. Till. fjallar um að veita Sigríði Kjartansdóttur í Holti undir Eyjafjöllum 5000 kr. styrk, sökum sjúkleika manns hennar, séra Jakobs Ó. Lárussonar.

Ég veit, að öllum hv. þdm. er kunnugt um, hvernig hér er ástatt, og ég býst því við, að ekki þurfi að eyða mörgum orðum að þessari till.

Séra Jakob hefir nú verið veikur á annað ár, mjög þungt haldinn. Eins og gefur að skilja, þá hefir þessi sjúkleiki haft mikinn kostnað í för með sér fyrir heimili hans. Skyldmenni hans, sem hingað til hafa hjálpað, eru nú að þrotum komin um að halda því áfram. Og það er víst, að heimilið mun ekki til lengdar geta risið undir þeim mikla kostnaði, sem nú leggst því á herðar.

Þingið er nú búið að gefa fordæmi fyrir slíkum styrkveitingum, og ég er viss um, að í þessu tilfelli er meiri styrkþörf en oft áður, er slíkur styrkur hefir verið veittur.

Ég á að vísu aðrar till. hér, sem ég er meðflm. að, en hv. 1. flm. er búinn að skýra þær svo vel, að ég get nú látið máli mínu lokið.

Frsm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Hv. þm. Vestm. var að beina til mín allhvössum orðum út af því, að ég hafði ekki verið viðlátinn til þess að hlusta á umr. manna, nú við þessa 3. umr. fjárl.

Það má gjarnan beina slíkum ásökunum til frsm. sérstaklega, en þar sem sú venja er upp tekin, að varla nokkur hlustar á, þegar menn eru að mæla fyrir brtt. sínum, þá er ekki nein ástæða til þess fyrir frsm. að sitja einan í d. til þess að hlusta á þessa hv. þm. flytja ræður sínar. Það er e. t. v. hvað minnst ástæða til þess fyrir frsm. að hlusta á þessar ræður. Þær fjalla um málefni, sem fjvn. er búin að hafa til meðferðar, og nm. vita nákvæmlega um upplýsingar þær, sem hv. þm. hafa að gefa viðvíkjandi þeim. Annars vita allir, að þessar ræður eru aðeins fluttar til þess að láta þær standa í þingtíðindunum, og réttasta fyrirkomulagið væri, að þdm. fengju heimild til þess að láta prenta þessar ræður þar, án þess að þurfa að flytja þær í d. Ég held, að d. hefði ekki tapað neinu, þótt þetta fyrirkomulag hefði verið komið á, áður en hv. þm. Vestm. hélt sína ræðu. Allt, sem hann sagði, hefir verið sagt hér svo afaroft áður. Mér finnst óþarfi af hv. þm. að setja sig upp á svo háan hest og belgja sig alveg eins mikið út og hann gerði, út af því, að menn nenni ekki að vera að hlusta á það, sem margbúið er að tyggja upp. Hér er ekki um að ræða að sannfæra frsm. n. um réttmæti þessara tillagna, því að hann er fyrir löngu búinn að kynna sér efni þeirra í fjvn., heldur hitt, að sannfæra þá þdm., sem ekki hafa heyrt röksemdirnar fyrr eða eru e. t. v. búnir að gleyma þeim.

Ég ætla ekki að fara að eyða tímanum í það að minnast á einstakar brtt., sem fyrir liggja; ég mun aðeins minnast á þann heildarsvip, sem fjárlagafrv. nú er búið að fá.

Ég hefi áður getið um, hve há tekju-

og gjaldaáætlun fjárl.frv. nú er orðin. Útgjöldin hafa aldrei verið áætluð jafnhá, og tekjurnar hafa verið færðar í samræmi við þau. Það er þess vegna ekki rétt hjá hv. 2. þm. Skagf., þegar hann dregur þá ályktun, að mikill tekjuafgangur hljóti að verða á árinu 1932. Með þessu er hann að blekkja hv. þm. Hann er að leiða þá inn á þá hálu braut, að nú sé óhætt að hætta að spara og hætta að fara varlega. Nú veit hv. þm. það, að útgjöldin eru áætluð 12,8 millj. kr. Útgjöldin eru samt sem áður vanreiknuð í því frv., sem nú liggur fyrir, sem nemur á ýmsum þörfum liðum 1,5 millj. kr. Þetta stafar m. a. af auknum lánum, auknum vaxtagreiðslum og afborgunum, sem ríkið verður að inna af hendi. Einnig byggist þetta á lagasetningum, sem ekki var hægt að taka til greina, þegar frv. fyrir 1931 var samþ. Þessi 1,5 millj. lendir óhjákvæmilega á árið 1932 sem aukin útgjöld fram yfir það, sem í fjárlagafrv. stendur. Útgjöldin verða því alls um 15 millj. kr. Vill nú hv. 2. þm. Skagf. vera að hvetja menn til óaðgætni í þeirri von, að tekjurnar verði meiri en þetta? Ef hann gerir það, þá kalla ég það fjárglæfraspil um tekjur ríkisins.

Út af því, sem hv. 2. þm. Skagf. var að tala um hið handbæra fé ríkissjóðs samkv. sjóðseign um nýár og tekjuöflun síðan, þá verð ég að segja það, að ég hefi á þessum stutta tíma ekki getað aflað mér neinna þeirra upplýsinga viðvíkjandi þessu, sem hann mun telja fullnægjandi. Hinsvegar veit ég það, að oft eru framkvæmdir færðar á milli ára og taldar í sjóði um nýár. Hafa svo verið teknar upp í rekstrarreikning á síðastl. ári, svo ekki getur hér verið að ræða um faldar framkvæmdir í sjóði, og sjóðurinn því minni en reikningurinn raunverulega sýnir.

Hv. þm. Seyðf. var ekki með alllitlum gusti út af því, að ég beindi því til hv. þm. að fara varlega. Taldi hann, að þetta væri að sýna d. ósvífni. Það má vel vera, að samkv. kenningum og framkomu hv. jafnaðarmanna sé það að sýna þeim ósvífni. Því þeim er sama, hver afkoma ríkisins verður, þeim er sama, þótt tekjuhalli sé ár eftir ár. Og þótt þessir menn áliti það ósvífni að spara, þá er það engin afsökun fyrir aðra hv. þdm., sem kynnu að vilja fara eins að. Hv. þm. var að benda mér á að athuga, hver fjáreyðsla stj. hefði verið, áður en ég færi nú að brýna svo mjög fyrir hv. þdm. að spara. Þótt það væri sannanlegt, að stj. hefði gert rangt í fjármálum, þá væri það ekki nein afsökun fyrir því að fara nú inn á þá sömu braut. Við vitum það, að ríkissjóður getur ekki til lengdar borið þau gífurlegu gjöld, sem nú eru lögð á hann. Hitt er auðvitað, að þingið verður að krefjast þess, að stj. geri það sem það fyrirskipar henni. (MG: Hefir þess ekki ávallt verið krafizt af stj.?). Ég álít, að þingið eigi að heimta það (MG: Því gerir hv. frsm. það ekki sjálfur?). Stj. á ekki að víkja frá reglum þeim, sem þingið setur, allra sízt í jafn svörtu útliti og nú er.

Hv. þm. gat þess, að fjvn hefði tekið til greina ýmsar till. hans frá því í vetur, um hækkun á tekjum ríkisins. Við höfum hækkað tekjurnar eftir því sem okkur hefir sýnzt framast mega, enda verð ég að segja það, að meiri ástæða er til þess nú en í vetur, þegar menn höfðu ekki hugmynd um, hvernig tekjur myndu verða nokkurn hluta ársins. — Hv. jafnaðarmenn hér í d. flytja allmikið af brtt., sem nema talsverðri upphæð. Mér kom því hálfundarlega fyrir sjónir sú yfirlýsing hv. þm. Seyðf., að hvað sem yrði um afgr. þessara till., þá myndi hann og flokksmenn hans greiða atkv. gegn frv. Til hvers eru þessir góðu menn þá að bera fram þessar till.? Hvers vegna eru þeir að leika þenna skollaleik, fyrst þeim er alveg sama, hvort till. verða samþ. eða ekki? Þeir mættu líta í sinn eigin barm þegar þeir tala um ósvífni, sem dm. sé sýnd. Ef þetta er ekki ósvífni gagnvart Alþ., þá veit ég ekki, hvað ósvífni er.

Það sem ég nú hefi drepið á, er hið helzta, sem vikið hefir verið að í alm. umr. um fjárl. Það, sem dm. verða að hafa hugfast, er það, að heildarsvipur fjárl. sé góður. Það má ekki teygja og toga útgjöldin svo, að tekjurnar hrökkvi ekki til þess að standast þau. Um allar þær brtt., sem fram eru bornar, má segja meira og minna gott. Margar þeirra eru nauðsynjamál, sem æskilegt væri að geta veitt fé til. En við verðum að láta það

fjármagn, sem við höfum yfir að ráða, renna til þess allra nauðsynlegasta, hitt verður að bíða. Við höfum reynt að leggja helzt fé af mörkum til verklegra framkvæmda, því þeirra mun nú helzt þörf. N. hefir samt ekki viljað fara lengra í því en svo, að hún teldi öllu sæmilega óhætt, og þó hefir hún vegna hinna sérstöku ástæðna, sem fyrir hendi eru, gengið lengra en ella myndi. N. er það ljóst, að þörf er á verklegum framkvæmdum til atvinnubóta, þar sem útlit er fyrir örðuga tíma.

Þá skal ég með örfáum orðum víkja að þeim brtt., sem fyrir liggja. Ég fer fljótt yfir sögu og ætla ekki að rökræða þær á sama grundvelli og hv. flm. þeirra.

Þá er það fyrst á þskj. 183, brtt. frá hv. þm. Vestm. og fleirum um byggingarstyrk til sumarskýlis símamanna í Rvík. Það er enginn vafi, að hér er þarfamál á ferðinni, og sennilegt, að ríkið megi til, þó að ekki verði fyrr en síðar, að styrkja þetta á einhvern hátt, en ég vil benda á, að þetta mál hefir ekki borið að öllu leyti rétt að. Ég held, að engin samvinna hafi verið á milli landssímastjóra og ríkisstj. um þessa hluti, en það álít ég þó rétt og æskilegt, að hefði verið. N. hefir óbundin atkv. um þetta atriði. Nokkur hluti n. vill styðja þessa viðleitni símafólksins, en aðrir telja, að það liggi ekki þannig fyrir nú, að ástæða sé til þess.

Þá er III. brtt. á sama þskj., frá hv. þm. N.-Ísf., um nýjar símalínur, að fyrir 70 þús. komi 82 þús. Fjvn. var búin að ganga frá þessu máli og gera sínar till., og með því að hún hefir ekki breytt afstöðu sinni til þessa máls, þá leggur hún á móti þessari brtt.

V. brtt. er um læknisvitjanastyrk. Fjvn. var búin að afgr. þetta mál í till. frá sér, og leggur til að veita jafnmikla upphæð og farið er fram á hér til Nauteyrarhrepps, en hefir sett þá aths. við, að binda það því skilyrði, að læknir fengist ekki til þessa héraðs. Það hefir verið venja í slíkum tilfellum að veita styrkinn með slíku skilyrði. N. leggur því á móti þessari brtt., en vill auðvitað, að sín brtt. sé samþ.

VII. brtt. er um styrk til sjúkraskýlis á Þórshöfn, endurveiting. Um þessa till. er það að segja, að þessi fjárveiting var í fjárl. 1928, og var þá búið að gera ráðstafanir til að hún yrði greidd, þannig, að það átti að borga skuld í Viðlagasjóði Íslands, sem stofnað hafði verið til vegna þessarar byggingar. Þeir á Þórshöfn vissu ekki annað en að þessi greiðsla hefði farið fram, enda urðu þess fyrst varir síðastl. ár, að þessi greiðsla hafði aldrei fram farið, og stafaði það af láti fjmrh., Magnúsar Kristjánssonar. Hann var búinn að lofa að ganga gegnum þetta, en entist ekki aldur til. Af þessum ástæðum er það, að meiri hl. n. leggur til, að þetta fé sé greitt.

IX. brtt. er um sjúkrastyrk til frú Sigríðar Kjartansdóttur í Holti, vegna sjúkleika manns hennar, séra Jakobs Ó. Lárussonar, 5 þús. kr. N. hefir óbundin atkv. um þessa till. Það er enginn vafi, að hér er um mikla þörf hlutaðeigenda að ræða, en hinsvegar mikið vandamál að ákveða slíka hluti, þar sem það kann að skapa fordæmi, og er þá erfitt að verða við öllum slíkum beiðnum, ef aðrir koma á eftir með slík tilmæli.

X. brtt. er um 5 þús. kr. framlag til Skeggjastaðaþinghárvegar. N. er búin að taka afstöðu um fjárveitingar til vegamála og leggur því til, að till. verði felld.

XII. brtt. er um 25 þús. kr. til Fjarðarheiðarvegar. Það er sama um þessa brtt. að segja og þá X., að n. er búin að taka afstöðu til þeirra mála og leggur því til, að till. verði felld, og sama er að segja um XIII. brtt., þar sem ræðir um framlag til vegar, 10 þús. kr. N. leggur til, að hún verði felld.

XV. brtt. er um framlag til brúargerða. Það er eins með þetta. Hér er um að ræða aukið framlag til brúargerða fram yfir það, sem n. hefir lagt til, og það er eins og annarsstaðar, að við sjáum okkur ekki fært að mæla með þessari brtt.

Sama er að segja um XVII. brtt. Þar er till. um fjárveitingu til fjallvega. N. hefir lagt til í sinni brtt., að framlag til fjallvega verði hækkað meira en farið er fram á í þessari till., en þar sem hún bindur við vissan stað það framlag, sem þar ræðir um, þá leggur n. til, að brtt. verði felld, og yfirleitt telur n. ekki rétt að binda slíkar greiðslur við ákveðna vegi.

XVIII. brtt. er einnig um framlag til

vegar, 2500 kr. Af sömu ástæðum og áður leggur n. til, að till. verði felld.

XIX. brtt. er um 500 kr. til ábúandans á Víðidal á Möðrudalsfjöllum. Í fjárlögum hefir verið veitt upphæð til að halda uppi byggingu á eyðibýlum. Mér er ekki kunnugt, hvort nokkuð af þeirri fjárveitingu hefir farið til þess staðar, en n. hefir litið svo á, að ekki gæti komið til mála að veita svo mikinn styrk til þessa býlis, þar sem umferð þarna er stöðugt að minnka, og annað býli er þar nærri í eyði og er starfrækt enn.

XX. brtt. fer fram á að auka framlag til flóabátaferða um 2 þús. kr. Er ætlazt til þess, að þetta aukna framlag fari til Eyjafjarðarbátsins og Stykkishólmsbátsins, 1000 kr. til hvors. Meiri hl. n. lítur svo á, að ekki sé hægt að ganga á móti till. samgmn. um styrk til flóabáta, og þar sem hér er bætt við till. hennar, þá vilja nm. ekki gera breyt. þar á, en hafa þó óbundin atkv. um till.

Þá er XXI. brtt., sem fer fram á styrk til að kaupa bát á Ísafjarðardjúp gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að. N. sér sér ekki fært að mæla með því, þó að þörf kunni að vera á þessum bát.

XXIII. brtt. er um kaup á vitavarðarbústaðnum á Rifi á Melrakkasléttu, 2 þús. kr. Eins og hv. d. er kunnugt, þá er þessi húsbygging algerlega án samkomulags við vitamálastjóra, og því hefir n. ekki getað fallizt á, að slíkar framkvæmdir séu látnar lenda á ríkissjóði, sem gerðar hafa verið alveg án þess að ráðfæra sig við hlutaðeigandi forstjóra þeirra ríkisstofnana, sem um er að ræða. Meiri hl. n. getur ekki mælt með þessu, en einstakir nm. hafa óbundin atkv. um till.

XXIV. till. er um styrk til viðgerða á öldubrjótnum í Bolungarvík. Hér er um endurveitingu að ræða. N. hefir óbundin atkv. í þessu máli. Sumir telja sjálfsagt að veita þetta fé, þar sem um endurveitingu er að ræða. Aðrir líta svo á, að þessar framkvæmdir í Bolungarvík hafi verið með nokkuð öðru sniði en æskilegt hefði verið og því þörf á að kippa þar að sér hendinni, og leggja því á móti, að brtt. verði samþ. Það hefir verið nokkrum sinnum veitt til þessa mannvirkis áður, en framkvæmdirnar farið meira og minna í handaskolum.

XXV. brtt. fer fram á 5500 kr. framlag til brimbrjótsins á Skálum á Langanesi. Ég er vel kunnugur ástæðunum fyrir þessari till., og þar sem allar framkvæmdir hafa verið á þann hátt, sem raun ber vitni, þá sér n. ekki ástæðu til að hylla slíka ráðstöfun. Það er ekki fyrir annað en ódugnað, að þeir erfiðleikar komu þar, sem gerðu verkið dýrara en ráðgert var. Ef þeir hefðu tekið þar sand upp, sem þeim var ætlað að taka hann, meðan hann var til, þá hefði ekki þurft að kosta flutning á sandi frá Seyðisfirði til Skála, sem olli auðvitað geysimiklum kostnaðarauka.

Næsta till. er um sama efni, aðeins minni upphæð, 4 þús. kr. N. hefir óbundin atkv. um hana.

XXVIII. brtt. er um 10 þús. kr. til bryggjugerðar á Sauðárkróki. N. hefir tekið afstöðu í fjárlögunum til þessara framkvæmda og getur því ekki mælt með þessari till., þar sem líka er mjög vafasamt um allar tekjur ríkissjóðs eins og er.

Þá er XXX. brtt., 1500 kr. til aukakennara í þýzku við háskólann. N. hefir ekki getað skilið eða sannfærzt um, að brýn nauðsyn sé á þessu, og leggur því til, að till. verði felld.

XXXI. till. er um 1500 kr. styrkveitingu til Önnu Bjarnardóttur frá Sauðafelli til að kynna sér barnafræðslu og uppeldismál. Þessi till. er sjálfsagt þess eðlis, að væri gott að geta samþ. hana eins og margar aðrar fjárbeiðnir í svipaða átt, en þar sem n. hefir tekið þá afstöðu að vera á móti slíkum framlögum, þá líta sumir nm. svo á, að þessi fjárbeiðni verði að lúta sömu lögum, en aðrir telja hér meiri þörf en annarsstaðar og vilja því veita fé til þessa. N. hefir því óbundin atkv. um þessa till.

XXXII. brtt. er um það að veita Jóni Á. Gizurarsyni 1000 kr. til framhaldsnáms í Þýzkalandi. Það er sama að segja um þessa till. og svo margar aðrar till. hér á undan, að n. getur vel búizt við, að þessi maður sé vel þess verður að verða þessa styrks aðnjótandi, en þar sem hún hefir nú lagt á móti slíkum styrkveitingum, þá leggur hún til, að till. verði felld.

Næst er XXXIII. brtt. um að hækka styrk til stundakennslu á Akureyri úr 15

þús. kr. upp í 18 þús. kr. Eins og hv. flm. gat um, þá er þessi hækkunartill. flutt í því augnamiði að fá góðan söngkennara að skólanum, mjög merkilegan mann að mörgu leyti. Sumir líta svo á, að það þurfi kannske ekki að seilast svo langt eftir slíkum mönnum, og vilja því ekki leggja til, að þetta verði samþ., en að öðru leyti hefir n. óbundin atkv. um till. (**JónasÞ**: Hann er ráðinn). Hv. flm. skýtur því inn í, að maðurinn sé ráðinn. Mér er ekki kunnugt, af hverjum hann er ráðinn. Mér er ekki kunnugt um, að hann hafi verið ráðinn í samráði við ríkisstj. Ég hefi engar gildar sannanir fyrir því, og meðan það er ekki, get ég ekki lagt til, að þessi styrkur verði veittur. Þeir, sem taka slíkt vald í sínar hendur, verða þá að bera ábyrgð á því, ef Alþingi fellst ekki á það.

XXXIV. brtt. er um 1000 kr. til Jóns Sigurðssonar. Þetta er að vísu ekki nein aukin fjárveiting, aðeins ráðstöfun á fé, sem varið hefir verið til iðnfræðslu, og mætti því vel frá því sjónarmiði séð samþ. till. En það er alltaf ábyrgð að binda þessar fjárveitingar við einstaka menn. N. getur því ekki lagt til, að þessi till verði samþ.

Um XXXV. brtt. um útgáfu kennslubókar í spönsku vil ég segja það, að þótt hv. þm. Vestm. talaði skörulega fyrir henni, þá hefi ég ekki getað sannfærzt um nauðsyn þessarar bókar að neinu leyti. Hv. þm. benti á, að margt gott hefði leitt af erindrekum okkar á Spáni. Það er alveg rétt, en það hefir orðið án þess að nokkur slík kennslubók væri til hér á landi. Ég býst við, að þeir, sem annars vilja nema spönsku, geti það án þess að hafa íslenzka kennslubók. N. leggur því til, að till. verði felld.

Þá er XXXVII. till., 1200 kr. styrkur til Einar Kristjánssonar. Við höfum alltaf við og við verið að styrkja söngmenn til utanfarar og hefir það gefizt misjafnlega. Það væri ánægjulegt að geta komið þessum mönnum áleiðis, ef það yrði til að þroska þá, en slíkir styrkir hafa stundum orðið þeim til lítils gagns, aðeins til að eyða fé án árangurs. N. hefir óbundin atkv. um þetta atriði. Ég fyrir mitt leyti hefi ekki mikla tilhneigingu til að mæla með henni, en ætla þó að láta ógert að mæla frekar á móti henni en ég hefi nú þegar gert.

XXXVIII. brtt. er um 600 kr. styrk til Ásgeirs Bjarnþórssonar til að fullkomna sig í málaralist. Þessir listamannastyrkir liggja fremur til úthlutunar undir menntamálaráðið en Alþingi, og er því ekki um annað að ræða en annaðhvort að taka það veitingavald alveg af menntamálaráðinu, eða að Alþingi sleppi því alveg fram af sér að veita fé til manna, sem menntamálaráðið hefir ekki séð sér fært að taka upp. N. getur ekki mælt með því, að þessi till. verði samþ., og er þetta þó sjálfsagt mjög álitlegur málari.

XXXIX. brtt. fer fram á 1500 kr. styrk til Sigurðar Skúlasonar til rannsókna á fornbókmenntum. N. hefir óbundin atkv. um þessa till. Það er að sjálfsögðu margháttaður fróðleikur, sem hér væri um að ræða, en þessi fjárbeiðni hefir komið fram nokkrum sinnum áður, ég held tvisvar sinnum. Ég sé ekki ástæðu til að sinna henni frekar nú, en verða þá fremur við henni þegar betur lætur í ári og fremur verður hægt að snúa sér að þeim málum, sem eru ekki aðkallandi.

XL. brtt. er um styrk til Ólafs Marteinssonar til orðtöku og vísnasöfnunar, 1000 kr., og til vara 800 kr. Ég býst við, að þessi beiðni sé fram komin með það fyrir augum, að styrkja þenna mann, sem er mjög illa kominn hvað heilsu snertir, og sé það gert með þeirri trú, að þessi styrkur komi að nokkru leyti aftur fyrir þau störf, sem þessi efnilegi maður gæti innt af hendi. Sumir í n. telja allar slíkar styrkveitingar varhugaverðar, en aðrir, eins og ég hefi tekið fram, telja, að fullt gjald komi fyrir. Því hefir n. óbundin atkv. um afgr. þessarar till.

Um XLI. brtt., að veita Oddi Oddssyni 1000 kr. til ritstarfa og til vara 800 kr., vil ég segja það, að það starf, sem þessum manni er ætlað að inna af hendi, er ekki svo nauðsynlegt, eða honum svo nauðsynlegt til lífsviðurværis, að ástæða sé til að taka hann sérstaklega upp nú, þar sem marga styrki verður að fella niður, sem nauðsynlegir mættu kallast, og leggur n. því til, að till. verði felld.

XLII. brtt. er aths. um það, að af sandgræðslustyrknum skuli veita 5000 kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi og

1500 kr. til Páls Guðmundssonar til varnar gegn sjávargangi og sandfoki. N. álítur ekki rétt á þessum lið að binda fjárveitingarnar við einstaka staði. Hér yrðu að koma til greina till. þeirra manna, sem með þessi mál fara. N. getur því ekki mælt með því, að þessi till. verði samþ.

Þá er það XLIII. brtt., sem fer fram á styrk til búfjáreigenda í Norður-Ísafjarðarsýslu til fóðurbætiskaupa. Er farið fram á 20 þús. kr., og til vara 15 þús. kr. Um þetta er það að segja, að það er engum vafa bundið, að það er víða þörf á þessum styrk. En það má ekki taka einstök héruð út úr, án þess að hafa önnur í huga og veita þeim einnig styrk eftir ástæðum. Nú er mér kunnugt um, að ríkisstj. ætlar að láta gera athuganir um það, hvernig háttað muni vera hér á landi í þessum efnum og athuga, hvernig hjálpa skuli. En af þessari ástæðu, að hér er eitt hérað tekið út úr, getur n. ekki fallizt á þessa fjárveitingu, en leggur til, að hún verði felld. Hinu held ég fram, að nauðsynlegt sé að athuga sem fyrst, hvernig ástandið muni vera, og hvernig hægt sé að hjálpa.

Þá er það XLIV. brtt. um styrk til Hákonar Á. Bjarnasonar, til lokanáms í skógrækt og sandgræðslu, að upphæð 1500 kr., en til vara 1200 kr.

N. getur ekki mælt með því, að þessi styrkur verði samþ. Þessi maður hefir notið styrks frá 1927, 1200 kr. á ári. Hér er því farið fram á hærri fjárveitingu en áður hefir verið. Þessi maður hefir gert ráð fyrir því að verða starfsmaður ríkisins, og þess vegna fengið þenna styrk. Fyrir því vill meiri hl. n. ganga inn á varatill., en einstakir nm. hafa óbundið atkv.

XLV. brtt. fer fram á 900 kr. til Eggerts Magnússonar, til dýralækninga, og til vara 700 kr. Um þenna lið hafa nm. óbundin atkv. Á þessu þskj. er önnur till. um fjárveitingu til dýralækninga, en báðir þessir menn eru svo nærri dýralæknum, að ekki þykir ástæða til að styrkja þá, af þeirri ástæðu. Helzt væri að styrkja menn til dýralækninga á þeim stöðum, þar sem erfiðast er að ná til dýralæknis. N. leggur því ekki til, að þessi brtt. verði samþ., en einstakir nm. hafa óbundin atkv. um tillöguna.

Þá kemur XLVII. brtt. um laun til Halldóru Bjarnadóttur, að upphæð 3000 kr. Halldóra Bjarnadóttir hefir haft allmikinn styrk undanfarið, og enn er henni ætluð í fjárlögunum allrífleg upphæð, 1800 kr. N. hefir ekki sýnzt ástæða til að hækka þá upphæð. Við viljum þó segja starf þessarar konu lofsvert, og hún hefir sýnt mikinn áhuga á verkefni því, sem hún hefir valið. Það er ekkert annað en gott eitt um það að segja. En þar sem ríkissjóður verður að þrengja kosti allra, þá sjáum við ekki ástæðu til annars en að leggja til, að þessi brtt. verði felld. b-, c-, og d-liðir brtt. eru í frv. sjálfu og því ekkert um þá að segja.

XLVIII. brtt. fer fram á 10 þús. kr. fjárveitingu til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Um þessa brtt. hafa nm. óbundin atkv., og ætla ég ekki að fjölyrða um hana. Ég veit, að þörfin er mikil, en veit ekki, hvort hún er svo brýn, að nauðsyn beri til fjárveitinga á þessu ári.

Með XLIX. brtt. er farið fram á 4000 kr. fjárveitingu til dýpkunar á innsigling leiðarinnar á Stokkseyrarsundi. En samkv. þeirri afstöðu, sem n. hefir tekið til allra lendingarbóta, getur hún ekki fallizt á, að brtt. þessi verði samþ.

Um L. brtt., um 1200 kr. styrk til Valgarðs Thoroddsens til þess að ljúka námi í rafmagnsfræði í Þýzkalandi, og 1000 kr. styrk til Ingveldar Sigurðardóttur til að ljúka námi í verzlunarfræði í Þýzkalandi, er hið sama að segja og um aðra námsstyrki. N. leggur á móti þeim, þótt báðir umsækjendur hafi óefað margt gott og gagnlegt til að bera.

Þá kemur LI. brtt. og er með henni farið fram á 10 þús. kr. styrk til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, til þess að standast kostnað af fátækraframfærslu árið 1931. Þetta hefir n. ekki getað fallizt á, að samþ. yrði. Henni er það ljóst, að Gerðahreppur á erfitt uppdráttar, en svo er einnig um ýmsa aðra hreppi. En þeir eiga fyrst og fremst að snúa sér til sýslufélaganna, en ekki til ríkisins. Mér er kunnugt um einn hrepp, sem svona var ástatt um, að hann gat ekki risið undir nauðsynlegum útgjöldum, og hann fór þannig að. N. getur því ekki fallizt á að samþ. þessa brtt.

Um LIII. brtt., um 550 kr. fjárveitingu til Ólafs Stephensens, hafa nm. óbundin atkv. Ég held, að ekki sé rétt, að búið sé að ákveða eftirlaun þessa manns 450 kr. En þegar það lægi fyrir, þá sæi ég ekkert á móti því, að þessi viðbótarfjárveiting væri veitt, samkv. þeirri venju, sem upp hefir verið tekin um presta, sem sagt hafa af sér.

Þá kemur LIV. brtt., um hækkun á eftirlaunum Ögmundar Sigurðssonar fyrrverandi skólastjóra. Um hana er ekki hægt að fjölyrða. Meiri hl. n. leggur á móti henni, ekki fyrir það, að hann viðurkenni ekki, að þessi hækkun væri makleg, heldur af því, að hún sér ekki ástæðu til að bæta við hann frekar en aðra, sem erfitt eiga með að framfleyta sér.

Sama er að segja um LV. brtt. um að eftirlaun Cathincu Sigfússon verði hækkuð úr 400 kr. upp í 1000 kr. og til vara 750 kr. N. sér ekki ástæðu til að mæla með þessu, þar sem svo margar ekkjur hafa minna.

Með LVII. brtt. er farið fram á 200 kr. fjárveitingu til Guðríðar Guðmundsdóttur ljósmóður. Slíkar fjárbeiðnir sem hér um ræðir eru algengar, og n. sér ekki ástæðu til að gera neina sérstaka till. í þessu efni, og um LVIII. brtt. er hið sama að segja.

LIX. brtt. er um hækkun á eftirlaunum Valgerðar Steinsen. N. sér ekki ástæðu til að taka þessa konu út úr. Þessi eftirlaun eru líka nokkuð sérstaks eðlis, og því enn síður ástæða til að hækka þau, þótt ég vilji ekki á nokkurn hátt rýra starf þessarar konu.

Með LXI. brtt. er farið fram á það, að Vigfúsi Guðmundssyni að Flögu í Skaftártungu verði veittar 10 þús. kr. sem skaðabætur vegna bruna af eldingu aðfaranótt hins 1. des. 1930. Um þetta er það að segja, að því hefir verið haldið fram, að landssíminn eða ríkissjóður væri skyldugur til að greiða bætur fyrir þenna skaða, sem af brunanum hlauzt. Landssíminn hefir mótmælt þessari kröfu, og n. getur ekki fallizt á, að hér sé um að ræða neina réttmæta kröfu á hendur landssímanum eða ríkissjóði. Þar sem svo margir hafa beðið hnekki af völdum eldinga, þá er ekki ástæða til að fara að bæta þessum eina manni skaðann, þótt sími lægi inn til hans.

LXII. brtt. fer fram á, að Alþ. fari að ráðstafa því fé, sem Menningarsjóði er ætlað að hafa yfir að ráða, þannig, að binda það við nafn Guðbrandar Jónssonar rithöfundar. N. getur ekki fallizt á það og leggur til, að brtt. verði felld.

Um LXIV. brtt., sem ræðir um kaup á lóðum milli menntaskólans og stjórnarráðsins, neðan Skólastrætis, en ofan lækjar, er það að segja, að n. hefir ekki getað fallizt á, að þessi kaup væru svo aðkallandi, að ástæða væri til að taka í þessi fjárlög heimild fyrir ríkisstjórnina til þeirra kaupa.

Þá er með LXV. brtt., frá hv. þm. Seyðf., hv. þm. Ísaf. og hv. 3. þm. Reykv., farið fram á, að ríkisstj. gangi enn í nýjar ábyrgðir fyrir hönd ríkissjóðs. Um alið er n. óbundin um atkv. Þar er farið fram á 600 þús. kr. ábyrgð fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, til rafvirkjunar. Það hefir áður verið veitt slík heimild, en til lægri upphæðar. — En margir líta svo á, að betra væri að koma ábyrgðinni fyrir á annan hátt, með sérstakri samábyrgð kaupstaðanna gagnvart lánsstofnunum, án ábyrgðar ríkissjóðs. Það er mjög óheppilegt fyrir landið, að ýmsir fjármálamenn séu að bjóða út ábyrgð ríkissjóðs um öll lönd.

b-liður þessarar brtt. er um ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum. N. hefir haft tækifæri til að ræða þessa till. við flm. og segja þeir, að til mála hafi komið kaup á innlendum skipum. Álítur n. því ábyrgð ríkissjóðs óþarfa, þar sem bankinn gæti yfirfært skuldina til samvinnufélaganna. N. leggur því til, að þessi liður brtt. verði felldur.

Gagnvart c-lið hefir n. lagt til, að ríkið ábyrgist fyrir Síldareinkasölu Íslands ½ millj. kr. til rekstrar. Álítur hún það sæmilega nóg og vill því fella brtt.

Um LXVI. brtt., um að kaupa hús sýslumannsins í Borgarnesi, hefir n. óbundin atkv., en sér ekki ástæðu til að leggja með því, að það sé keypt. Það getur ekki gengið, að ríkið sé skrúfað til að kaupa þau hús, sem embættismenn byggja eftir eigin höfði, dýr og ópraktísk,

fyrir embættin. Það verður að lenda á þeim, sem leggja í þann kostnað, sem fyrirsjáanlega getur ekki borgað sig.

Um LXVII. brtt., um heimild handa ríkisstj. til að ábyrgjast allt að 170 þús. kr. lán fyrir Hólshrepp til rafvirkjunar, er hið sama að segja og um LXV. brtt. N. getur ekki fallizt á, að þessi heimild sé veitt, og vildi, að farin væri önnur heppilegri leið með þessar ábyrgðir, en annars hafa einstakir nm. óbundin atkv. b-liður er um 60 þús. kr. ábyrgð fyrir h/f Djúpbátinn til bátskaupa. N. leggur til, að sú brtt. verði felld.

LXVIII. brtt. er um 2500 kr. lán til J. Frímanns Jónssonar til að koma upp verkstæði til aðgerða á jarðyrkjuverkfærum, jarðyrkjuvélum, heyvinnuvélum og rafstöðvum og til að koma upp rafstöðvum á Fljótsdalshéraði. Þetta er sjálfsagt nauðsynjamál, en ekki sjáanlegt, að ástæða sé til að verja til þess fé ríkissjóðs.

LXIX. brtt. fer fram á 25 þús. kr. lán til Hjaltastaðahrepps í N.-M., til 20 ára. Um þetta hefir n. óbundin atkv., en eins og ég gat um áðan, þá er erfitt að taka einstaka hreppa út úr. Þó skal það tekið fram, að hér er um endurveitingu að ræða, og því hastarlegt að veita það ekki nú.

Síðasta brtt. (LXX) fer fram á 20 þús. króna bjargræðislán til Suðurfjarðarhrepps í Barðastrandarsýslu. Um þetta er hið sama að segja og till. um lán til annara hreppa. N. sér ekki fært að leggja með henni.

Þá koma hér nokkrar brtt. á þskj. 194, og þá fyrst liður I. um 13 þús. króna fjárveitingu til Breiðadalsheiðarvegar. N. getur ekki mælt með þeirri till., og sama er að segja um brtt. II., þar sem farið er fram á 2 þús. kr. hækkun til samgöngumálanna. N. telur ekki rétt að taka þær upp, en einstakir nm. hafa annars óbundin atkv.

Þá er með III. brtt. farið fram á 1200 kr. fjárveitingu til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu. N. hefir óbundin atkv., en meiri hl. telur ekki fært að verða við þessari beiðni.

IV. brtt. er um 3 þús. kr. hækkun til húsmæðraskólans á Hallormsstað og til vara 2 þús. kr. N. er á móti aðaltill., en um varatill. eru óbundin atkv. N. telur þessa fjárveitingu í ósamræmi við fjárveitingu til annara samskonar skóla.

N. getur ekki verið með 1000 kr. fjárveitingu, sem farið er fram á með næstu brtt., til Vísindafélags Íslendinga, og heldur ekki 4000 kr. fjárveitingu til tónlistarskólans í sömu brtt.

Með VI. brtt. er lagt til, að Halldóri Jónssyni á Brekku í Svarfaðardal verði veittar 600 krónur til dýralækninga. Um þetta er hið sama að segja og áður er tekið fram í sambandi við aðra samskonar beiðni. Þessi maður er svo nálægt dýralækninum á Akureyri, að það er ekki ástæða til að fara að leggja fé úr ríkissjóði til að styrkja hann til þessarar starfsemi.

Meiri hl. n. er á móti brtt. VII, 1, um 2000 kr. fjárveitingu til Kvenfélagasambands Íslands, og sömuleiðis 3000 kr. fjárveitingu til Gagnfræðaskóla Reykvíkinga, en annars hafa einstakir nm. óbundin atkv.

Með brtt. VIII. er lagt til, að Kvenfélagasambandi Mýra -og Borgarfjarðarsýslu verði veittar 300 kr. Kvenfélagasamböndin hafa öll fengið einhverja fjárveitingu, svo að ekki er ósanngjarnt, að þetta samband fái sömuleiðis eitthvað. Atkv. um till. eru óbundin, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um hana.

Þá kem ég að brtt. IX., sem ræðir um 2000 kr. hækkun á styrk til Stórstúku Íslands. Um þá brtt. hefir n. óbundin atkv. Hv. þm. Vestm. flutti langa ræðu um drykkjuskap nú á tímum á landi hér og var svo að skilja, sem hann áliti, að það læknaðist með öllu, ef stúkan fengi þessa hækkun. Mér er sagt, að Stórstúkan hafi haft 10 þús. kr., og með 10 þús. kr. styrk til hennar hefir þetta ástand komizt á. Máske veita eigi styrkinn til að viðhalda ástandinu, en mér finnst nóg að veita 8 þús. kr., ef ofdrykkjan á að vera í réttu hlutfalli við styrkinn, sem stúkan hefir. Annars málaði hv. þm. Vestm. skrattann svo átakanlega á vegginn, að manni finnst, að varla geti verið mikil bót að 2 þús. kr. hækkun.

Hv. þm. Vestm. talaði mikið um aukna vínnautn í tíð núv. stj. Ég veit ekki, hvað hann hefir fyrir sér í því. Aukin sala

Spánarvínanna kemur blátt áfram af því, að ekki er hægt að ná sér í vín annarsstaðar. Ég vil benda á það, að spíritussala læknanna hefir minnkað að miklum mun í tíð núv. stj., og það svo mikið, að á síðasta ári seldu þeir þrisvar sinnum minna en þeir gerðu árið 1925. Árið 1925 seldu þeir 25000 l., en síðastl. ár aðeins 8000 l.

Þá ætla ég að víkja að fyrirspurn hv. 1. þm. Rang. út af brúnni á Þverá. (JÓl: Á Rangárvöllum?). Já, ég get sagt þessum hv. þm., að okkur ber ekkert á milli um það, hvað gera skuli. Okkar ætlun var sú, að brúin yrði byggð á sama stað og búið var að áætla, og mér þykir þetta satt að segja undarleg fyrirspurn hjá hv. þm.

Hv. þm. Rang. gengust fyrir því, að samgmn. færi för þessa austur eftir, m. a. til þess að sjá nauðsynina á þessari brú. Við gerðum ráð fyrir, að þessir hv. þm. mundu sýna okkur allt, sem markvert væri að sjá þarna um slóðir, en þegar austur kom, varð annað uppi á teningnum. Annar þessara hv. þm. var upptekinn mestallan daginn við að mylgra andlega fæðu í kjósendur sína, en hinn, sem var veraldlegar sinnaður, hvarf okkur í glaumnum og sást ekki mestallan daginn.

Því var það, að við hv. þm. Borgf. og hv. 4. þm. Reykv. brutumst undan yfirráðum þessara leiðtoga og reyndum að sjá það sem þurfti upp á eigin spýtur. En við vorum allir svo ókunnugir þarna, að okkur var ómögulegt að kynna okkur þetta almennilega, og vanti eitthvað á þekkingu okkar í þessu máli, þá má hv. 1. þm. Rang. sjálfum sér um kenna.

Um það atriði, hvort eyða megi svo og svo miklu fram yfir það, sem heimilað er í fjárl., áður en fé verði veitt til þessarar brúar, er óþarfi að svara. Gera má ráð fyrir, að ýmsir útgjaldaliðir séu of lágt áætlaðir, en ég geri ráð fyrir, að þær verklegu framkvæmdir, sem heimilaðar eru í fjárl., verði látnar ganga fyrir öðrum. [Frh.].

Forseti (JörB): Útbýtt hefir verið í deildinni brtt. á þskj. 207. Verður að leita afbrigða frá þingsköpum, til þess að þær geti komið til umr. og atkv.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Hannes Jónsson) [frh.] [óyfirl.]: Ég átti eftir að minnast á örfáar brtt. á þskj. 194. Fyrst er það X. liður, um eftirlaunastyrk til Sigurgarðs Sturlaugssonar. Ég býst við, að þetta sé ekki langt frá því, sem tíðkazt hefir um fjárveitingar í þessu skyni áður. N. hefir óbundnar hendur um þessa brtt.

Þá er XI. liður, viðvíkjandi styrk til Eimskipafél. Hv. þm. Vestm. o. fl. hafa talað allmikið um þetta atriði, og fannst mér hann telja það fjarstæðu að hafa nein slík ákvæði sem felast í till. fjvn. viðkomandi þessum styrk. N. er með styrk til fél., eins og hér er farið fram á, en leggur ennfremur til, að ríkisstj. hafi íhlutun um starfrækslu fél. Eins og hv. þm. vita, hefir Eimskipafél. farið fram á meiri stuðning en þetta. Fjvn. vill ekki ganga gegn óskum Eimskipafél. meira en hægt er að komast hjá. Hinsvegar vill hún vænta þess af stj. Eimskipafél., að hún geri allt, sem í hennar valdi stendur, til að draga úr útgerðarkostnaði. Ég hygg ekki ástæðulaust, að þingið geri einhverjar ráðstafanir til þess að eitthvað verulegt verði gert í þessu efni. Því að ég held, að frá því að Eimskipafél. hóf starfsemi sína, hafi það meira og minna komið fram, hve óhæfilega dýr reksturinn hefir orðið á mörgum sviðum. Ég man eftir því, að Ásmundur Jóhannsson taldi margt af því, sem gert hafði verið, algert glapræði. Yfirleitt mun hafa verið hlaðið á fél. allt of miklum tilkostnaði. Það hefir oft verið bent á það, að rekstrarkostnaður félagsins sé miklu meiri en tíðkast með samskonar fyrirtæki annara þjóða, sérstaklega Norðmanna. En sjálfsagt er ekki hægt að vænta, að við komumst eins langt og þeir, m. a. vegna miklu lægri kaupgreiðslu hjá þeim. En aftur á móti held ég, að ekki sé ástæðulaust að gera einhverjar tilraunir í þá átt að færa niður kaupgreiðslur hjá Eimskipafél. Ég get yfirleitt búizt við, að þeir gjaldaliðir finnist hjá því, sem vel er forsvaranlegt að færa nokkuð niður. Ég hefi heyrt því fleygt t. d., að um það bil sem forstjóraskipti urðu, áður en núv. for-

stjóri tók við, hafi einn starfsmaður hjá Eimskipafél. fengið launahækkun, sem um munaði, þannig að launin urðu 10 þús. kr. Ef skrifstofumenn hjá slíkum stofnunum fá svo há laun, þá er ekki von, að vel fari. Þetta segi ég ekki til ámælis núv. forstjóra, því að ég hygg, að hann hafi staðið þarna í vegi.

Við vitum það einnig, að á ríkisútgerðinni hefir verið sparað allmikið síðan hún var tekin frá Eimskipafél., svo að allur útgerðarkostnaður og skrifstofuhald er ekki nema 38 þús. kr., eða um 8 þús. kr. meira en sem nemur forstjóralaunum við Eimskipafél. Þetta er í sjálfu sér mjög athugavert. Ég segi nú ekki, að eina ráðið sé að skera niður kostnað, en ég er samt alveg viss um, að hægt er að spara á rekstri fél. með góðum vilja, svo að verulegu nemi. Og ég er viss um það, að ef að þessu er unnið, þá mætti spara hjá Eimskipafél. það, sem vantar, til þess að ósk félagsins sé fullnægt um styrk.

Því ber ekki að neita, að það er rétt hjá hv. þm. Vestm., að viðkomur Eimskipafél. eru fleiri en áður. En þó hygg ég, að víða úti um landið sé viðkomum heldur að fækka. Þar sem ég þekki til fyrir Norðurlandi, hefir viðkomum skipanna verið fækkað á þeim stöðum, sem sízt borgar sig að sigla á, og fjöldi þeirra hafna, sem skip fél. koma á, færir fél. allmikinn hagnað. Allar hinar stærri ferðir fél. vor og haust munu borga sig vel, en hinsvegar mun fél. tapa á sumum ferðum skipanna yfir veturinn og sumarið, og á móti því tapi er ríkissjóðsstyrknum ætlað að vega. — Það er alveg rétt hjá hv. þm. Vestm., að framtíð Eimskipafél. byggist fyrst og fremst á því, að fél. sé látið njóta þeirra flutninga, sem menn hér hafa ráð á, en á því hafa því miður verið misbrestir ekki litlir. Vil ég skjóta því hér fram, að ég teldi vel farið, ef þm. tækju sig saman um það að bæta Eimskipafél. í búi með því að beita sér fyrir því, hver á sínum stað, að fél. nyti allra flutninga þaðan. Gæti og vel komið til álita, hvort ekki væri ef til vill rétt, að löggjafarvaldið gerði einhverjar ráðstafanir til að styðja fél. á þessum grundvelli.

Hv. þm. Vestm. hélt því fram, að ríkisstj. hefði íhlutunarvald um starfsemi Eimskipafél., þar sem einn af stjórnendum fél. og einn af endurskoðendum þess væru stjórnskipaðir. Þetta er rétt, það sem það nær, en eins og allir sjá, væri beint íhlutunarvald ríkisstj. um starfsemi fél. áhrifameira, því að þá gæti ríkisstj. sett fél. sín skilyrði fyrir útborgun ríkisstyrksins. Geri ég ekki ráð fyrir því, að stj. mundi verða ósanngjörn í kröfum sínum eða setja fél. þyngri skilyrði en það gæti með góðu móti uppfyllt, en með þessu hefði ríkisvaldið hinsvegar sterkari aðstöðu til að færa niður þann kostnað við starfsemi fél., sem kynni að vera óþarflega mikill. Það er því alls ekki tilgangurinn með þessum viðauka n. að fara að hafa róttæk áhrif á starfsemi Eimskipafél., eins og komið hefir fram í ræðum sumra hv. þm., heldur aðeins að draga úr þeim kostnaðarliðum í rekstri þess, sem reynast vera óþarflega háir. — N. hefir óbundnar hendur um þessa brtt., enda flytja tveir af nm. till. þess efnis, að þessi viðauki verði felldur niður úr brtt. nefndarinnar.

Þá kem ég að síðustu brtt. á þessu þskj., sem fjallar um það að heimila stj. að gefa Mjólkurfél. Mjöll eftir 15 þús. kr. viðlagasjóðslán ásamt ógreiddum vöxtum. Þetta fél. hefir notið mikils styrks af opinberu fé, svo að ekki verður sagt, að staðið hafi upp á þingið með að styrkja það í starfsemi þess, en hvað þessa eftirgjöf snertir, þá verð ég að telja, að þar sé um mjög varhugaverða stefnu að ræða, þó að henni hafi að vísu skotið hér upp áður, ef fara á að gefa eftir þau lán, sem veitt hafa verið af því opinbera. Bæði mundi það leiða til þess, að þm. yrðu tregari til að vilja veita lán í einu eða öðru skyni, þegar ganga mætti út frá því svo að segja gefnu, að lánið yrði aldrei greitt, og hinsvegar mundi þetta ýta undir aðra til þess að fara hins sama á leit, og yrði þá oft erfitt að neita, ef farið verður út á þessa braut á annað borð. Einn nm. er meðflm. þessarar till., og hefir n. óbundnar hendur um hana, nema hvað ég geri ráð fyrir, að sumir nm. séu till. mótfallnir, af þeim sömu ástæðum, sem ég hefi fært fram.

Um brtt. á þskj. 202 og 205 hefi ég fátt eitt að segja, því að n. hefir ekki gefizt tækifæri til að athuga þær enn. Þó get

ég lýst yfir því, hvað snertir fyrri till. á þskj. 205, um 1000 kr. styrk til handa Karlakóri Reykjavíkur til söngnáms, að meiri hl. n. leggur á móti þeirri till., en minni hl. er henni meðmæltur. Síðari till. á þessu þskj. er vatill. við brtt. á þskj. 183, LXV, og fer fram á það, að stj. verði heimilað að ábyrgjast rafvirkjunarlán til handa Ísafjarðarkaupstað, og gengur þessi vatill. út á það, að ábyrgðin sé því aðeins veitt, að lánið sé tekið fyrir milligöngu Landsbankans. Hæstv. fjmrh. er flm. þessarar till. og geri ég ráð fyrir því, að n. sé ljúft að mæla með henni. Eins og ég áður sagði, hefir n. ekki enn gefizt færi á að tala sig saman um brtt. á þskj. 202, og hefi ég því ekkert sérstakt um þær að segja.

Ég hefi þá rakið alla hina helztu þræði þessa máls og drepið á flestar brtt., að vísu stuttlega, því að ella hefði ég orðið allt of langorður. Eins og menn munu hafa tekið eftir, hefir n. ekki séð sér fært að mæla með neinum þingmannatill., enda þykist n. hafa valið úr þeim fjárbeiðnum, sem fyrir lágu, þær sem hún áleit réttmætastar, og tekið þær upp í till. sínar, að svo miklu leyti sem geta ríkissjóðs leyfir. Má vel vera, að n. hafi ekki tekizt þetta val sem skyldi og að sumt nauðsynlegt hafi niður fallið, en slíkt verður alltaf álitamál, sem deila má um fram og aftur.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég mun síðar fara nokkrum almennum orðum um afgr. fjárl. að þessu sinni og þann heildarsvip, sem þau virðast ætla að fá við meðferð þessarar hv. d., en vil áður víkja nokkrum orðum að einstökum brtt. Vil ég fyrst segja það almennt, út af þeim brtt., sem fyrir liggja, að eins og nú horfir við á öllum sviðum, nær ekki neinni átt, að d. fari að samþ. meginið af þessum till. Ég býst og við því, að hv. dm. sé það ljóst, að slík hækkun á útgjaldaliðum fjárl. eins og það mundi hafa í för með sér, kemur ekki til neinna mála, og að hlíta verður að þessu sinni þeim hækkunartill., sem fjvn. hefir borið fram. Þykir mér rétt að geta þess í þessu sambandi, að þau ár, sem ég hefi átt sæti á þingi, hefir sú verið reglan, að þm. hafa farið eftir till. fjvn. í öllum höfuðdráttum. Hnígur og allt að því, að þetta sé góð og gild regla, því að n. rannsakar rækilega allar fjárbeiðnir, sem þinginu berast, er, ef svo mætti segja, nokkurskonar sigti, sem allar fjárbeiðnir fara í gegnum, og má ganga að því sæmilega vísu, að þær fjárbeiðnir, sem n. tekur upp í till. sínar, eigi mestan rétt á sér af þeim fjárbeiðnum, sem um er að gera. Ég verð því að líta svo á, að það eigi að vera aðalreglan um afgr. fjárl., að þm. fylki sér um till. fjvn., enda hefir jafnan svo verið talið.

Skal ég þá snúa mér að einstökum brtt. Verða þar fyrst fyrir mér till. frá hv. þm. V.-Sk., á þskj. 183, XV, þess efnis, að veittar verði 12000 kr. til brúargerðar á ánni Skálm á Mýrdalssandi, till. frá hv. þm. Barð. á sama þskj., XVII, þess efnis, að veittar verði 5000 kr. til vegalagningar frá Hvalsskeri við Patreksfjörð yfir Skersheiði að Saurbæ á Rauðasandi, og till. frá hv. 1. þm. Árn., á sama þskj., XLII, þess efnis, að 1500 kr. af fé því, sem veitt er til sandgræðslu samkv. fjárl., skuli renna til Páls Guðmundssonar á Baugsstöðum til varnar sjávargangi og sandfoki þar. Þó að ég hafi ekkert á móti þessum till. í sjálfu sér, hefði ég þó kosið, að hv. flm. þeirra tækju þær aftur, þar sem til eru almennar fjárveitingar til þeirra aðgerða, sem till. fara fram á, og þar sem ennfremur fjvn. hefir lagt til sérstaklega, að framlagið til fjallvega verði hækkað. Það mundi leiða inn á óþægilega braut, ef farið væri að samþ. sérstakar fjárveitingar auk hinna almennu fjárveitinga, sem veittar eru í þessu skyni. Sú almenna regla ætti að vera það, að stj. væri falið að ákveða í samráði við ráðunauta sína, hvar og hvernig framkvæmdum væri hagað samkv. hinum almennu fjárveitingum í þessu skyni, og mundi stj. þá að sjálfsögðu taka tillit til þeirra bendinga jafnframt, sem fram kunna að hafa komið hjá þm. Ég vildi því beina því til þessara hv. þm. og annara, sem líkt stendur á um, hvort þeir sæu sér ekki fært að taka þessar till. aftur.

Þá vildi ég víkja nokkrum orðum að brtt. XLIII. á þskj. 183, frá hv. þm. N.-Ísf., þess efnis, að búfjáreigendum í Norður-Ísafjarðarsýslu verði veittur 20 þús. kr. styrkur til fóðurbætiskaupa. Það er á allra vitorði, að meiri hl. íslenzkra bænda

á nú við mikil vandræði að stríða vegna þess grasbrests, sem orðið hefir í ár, svo að það getur ekki náð nokkurri átt að fara að taka eitt hérað út úr af fjölda héraða, sem eins stendur á fyrir, og veita því einu styrk af þessum ástæðum. Ég vil og upplýsa hv. þm. N.-Ísf. og aðra hv. þm. um það, að nú fer fram rannsókn um það, að tilhlutun stj., hvað grasbresturinn er mikill úti um sveitir landsins og hvar er mest þörf sérstakra ráðstafana af þessum ástæðum. Eins og eðlilegt er, er þessari rannsókn ekki enn lokið að fullu, þar sem enn er svo snemma sumars, en þegar hún hefir borið fullan árangur, verður hægt að fara að tala um það að gera almennar ráðstafanir til hjálpar á þessu sviði. Ég vildi því beina því til hv. þm. N.-Ísf., hvort hann sæi sér ekki fært að bíða með þessa till. sína, þar sem fyrirsjáanlegt er, að taka verður síðar almennar ákvarðanir í þessu efni. Auk þess vildi ég benda þessum hv. þm. á það, að til er sérstakur sjóður, Bjargráðasjóður, sem hefir það hlutverk með höndum að hjálpa undir slíkum kringumstæðum sem þessum, með því að veita þeim, sem hjálparþurfi eru, vaxtalaus lán.

Þá vildi ég mæla eindregið með þeirri till. hv. fjvn., að Fiskifélaginu verði veittar 5000 kr., til þess að annast birtingu útvarpaðra veðurfregna í verstöðvum landsins. Ég hefi þá trú, að það sé hentara að birta veðurfregnirnar með þessu móti, og hinsvegar mundi það létta mikið af landssímanum, ef hann þyrfti ekki að eiga í því að senda þessar fregnir tvisvar á dag til allra verstöðva landsins. Ef þessu væri létt af landssímanum, mundi það rýma fyrir á línunum og þannig verða til að auka tekjur símans.

Hv. þm. G.-K., hv. 1. þm. N.-M. og hv. þm. Barð. bera allir fram till. þess efnis að hjálpa nauðstöddum hreppum í kjördæmum þeirra. Nefna þeir ákveðnar upphæðir í þessu skyni, sumpart lán og sumpart styrki. Nú er það ómögulegt fyrir þm. í miðjum þingönnum að taka afstöðu, sem hafi við fulla athugun að styðjast, til slíkra beiðna sem þessara, og vildi ég því beina því til þessara hv. þm., hvort þeir gætu ekki sætt sig við að fara þá leið í þessu efni, sem farin hefir verið í svipuðum tilfellum áður, þannig að þingið fæli stj. að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessu efni, að undangenginni rannsókn á fjárhag þessara hreppa. Minnist ég þess, að slík leið var farin fyrir nokkrum árum að því er snerti nauðstadda hreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu. Finnst mér, að þessir hv. þm. ættu að geta fallizt á, að fjmrn. væri falið að láta rannsaka þörf þessara hreppa, og síðar yrðu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir á grundvelli þeirrar rannsóknar. Þegar þess er gætt, hve skammt er til næsta þings, ættu þessir hv. þm. að heldur að geta sætt sig við þessa lausn málsins.

Svipað hefi ég að segja viðvíkjandi brtt. LXI. á þessu sama þskj., þar sem farið er fram á það, að Vigfúsi Gunnarssyni að Flögu í Skaftártungu verði veittar 10 þús. kr. skaðabætur vegna bruna af eldingu, sem hann hefir orðið fyrir. Ef þetta er samþ. eins og það liggur fyrir, er með því skapað slæmt fordæmi, auk þess sem málið er ekki eins upplýst sem skyldi. Þætti mér betur fara á því, að stj. yrði veitt heimild til að láta rannsaka þetta mál, og síðan yrði tekin ákvörðun um, hvað gera ætti í því. Og að jafnframt yrði þá rannsakað, hversu víðtækar afleiðingar slíkt fordæmi mundi skapa, og hvort ekki væri hægt að verjast því, að það drægi mjög langan hala á eftir sér. Ég álít, að sjálfsagt sé að styrkja þenna mann, en spurningin er, á hvern hátt það á að gera. Ég vildi því beina því til hv. flm. þessarar till., hvort þeir gætu ekki sætt sig við að taka hana aftur, svo að hægt væri að undirbúa málið betur, og gæti þá þingið síðar tekið sínar ákvarðanir í málinu með betri samvizku.

Þá kem ég að brtt., sem ég flyt sjálfur, á þessu sama þskj., LXIV, og eru meðflm. minir tveir hv. þm. úr andstöðuflokkunum. Fer þessi till. fram á það, að stj. verði veitt heimild til að kaupa til handa landinu lóðirnar milli menntaskólans og stjórnarráðsins, neðan Skólastrætis, en ofan lækjar, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, er á lóðunum standa. Er þetta í samræmi við þáltill., sem samþ. var hér á þinginu í fyrra, þess efnis, að gerðar væru ráðstafanir til þess að ríkið næði eignarhaldi á þessum lóðum. Um

málið hefir verið úthýtt rækilegu erindi, sem Sigurður Eggerz fyrrv. ráðh. hefir samið, og er þar gerð grein fyrir, á hvern hátt hann álítur, að hægt sé að ná eignarhaldi á þessum lóðum. Skal ég geta þess, að áður hefir verið gerð tilraun til að ná í þessar lóðir landinu til handa, en hún strandaði á því, að K. F. U. M. vildi fá aðra jafngóða lóð í skiptum fyrir þá lóð, sem það á á þessu svæði. Var félaginu boðið upp á lóð á Arnarhólstúninu í skiptum, en það vildi ekki taka því boði. Nú næst samkomulag í þessu máli, ef áðurnefnt félag fær svokallaða Thorsteinssonslóð í skiptum fyrir sína lóð, og er því nú opin leið fyrir ríkið til að eignast þessar lóðir. Vil ég geta þess, að ég hefi því aðeins gerzt flm. þessa máls, að hægt mun að fá slíka samninga um þessi lóðakaup, að kostnaðurinn fyrir ríkið verður sama sem enginn í bráðina. Eigandi Thorsteinssonslóðarinnar er nýlega fallinn frá og mun erfðafjárskatturinn af þeirri eign nema langt til sem svarar fyrstu útborgun fyrir hana. Ég lít svo á, að það sé mjög æskilegt, að ríkið nái eignarhaldi á þessum lóðum, því að þær standa á einhverjum fallegasta stað í bænum, og yrðu þær þá síðar notaðar undir opinberar byggingar. Efast ég og ekki um, að þingið muni fallast á þessa málaleitun, sérstaklega þar sem þetta getur fram farið án mikilla útgjalda fyrir ríkissjóðinn nú, í þeirri von, að betri tímar séu framundan og að síðar verði hægt að borga þetta upp og þá að reisa þær byggingar á þessum lóðum, sem menn þá kunna að hafa í huga.

Þá vildi ég gera eina till. á þskj. 194 að umtalsefni, brtt. XII, frá hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf., þess efnis, að stj. verði heimilað að gefa Mjólkurfél. Mjöll eftir 15 þús. kr. viðlagasjóðslán ásamt ógreiddum vöxtum. Eru aths. mínar við þessa till. eingöngu formlegs efnis. Með lögunum um Búnaðarbankann afhenti ríkið bankanum Viðlagasjóð sem stofnfé, en hér er um það að ræða, að ríkið taki aftur hluta af því, sem það þannig áður hefir afhent bankanum sem eign. Má slíkt ekki fram fara á þenna hátt, heldur verður að samþ. sérstaka fjárveitingu í þessu skyni. Frá sjónarmiði Búnaðarbankans hlýtur það að vera mjög vafasöm braut að ganga inn á, ef ríkið fer þannig að veita eftirgjafir af eignum bankans. Vildi ég sérstaklega beina þessu til hv. þm. Mýr., sem öðrum fremur ætti að gæta hér hagsmuna Búnaðarbankans. Ég ræði ekkert um málið sjálft, hvort rétt sé að gera þetta eða ekki, en það á a. m. k. ekki að gera það á þenna hátt.

Enn sem fyrr liggja nú fyrir ýmsar og margvíslegar till. um ríkisábyrgðir. Vildi ég segja það, að það er yfirleitt slæmt fyrir ríkissjóð að þurfa að vera að vasast í slíkum ábyrgðum, að ég nú ekki tali um það, þegar um ábyrgðir er að ræða á lánum til óproduktívra hluta, svo sem rafveitu o. fl. Er það eitt þeirra mörgu verkefna, sem við eigum enn óleyst, hvernig koma mætti öðru skipulagi á í þessum efnum, þannig að kauptúnum og kaupstöðum yrði mögulegt að afla sér lánsfjár án aðstoðar ríkisins. Stafar það sem ýmislegt annað af smæð okkar og fátækt, að við skulum þurfa að láta ríkið vera að vasast í ábyrgðum á lánum til einna og annara framkvæmda, sem önnur ríki þurfa ekki að standa í, þau sem stærri eru og auðugri, og hnígur þetta allt að því að rýra lánstraust okkar unga, íslenzka ríkis. Þó verð ég að segja það, að sérstaklega stendur á um ábyrgðina á rafvirkjunarláninu handa Ísafjarðarkaupstað (183, LXV, a). Kaupstaðurinn er að vísu þegar raflýstur, en vélarnar eru knúðar með mótor, og er nú meiningin fyrir Ísfirðingum að fá vatnsafl. Er því ekki hér til að dreifa þeirri mótbáru, að stofnað væri til nýkaupa frá útlöndum, þó að till. næði fram að ganga. Auk þess er Ísafjörður hinn myndarlegasti kaupstaður, vel stjórnað og á allt gott skilið af hálfu þess opinbera. Loks er að geta þess, að kaupstaðinum var veitt þessi ábyrgð fyrr meir, þó að hann gæti þá ekki notað sér hana.

Ég hefi borið fram brtt. við till. hv. þm. Ísaf., sem miðar að því að hindra, að þeir ókostir verði um útvegun lánsfjár, sem einna hættulegastir eru, að hinir og þessir, Pétur og Páll, séu að fara út um lönd og segja: Við höfum ríkisábyrgð. Með till. minni á þskj. 205 er undir þennan leka sett. Samkv. henni á að gera það að skilyrði fyrir endurnýjun ábyrgðarinnar, að lánið verði tekið fyrir milli-

göngu Landsbankans, þannig að ekki verði aðrir en þessi opinbera stofnun, sem hafa á hendi útvegun lánsfjárins. Ef þessi brtt. mín verður samþ., get ég verið með till. hv. þm. Ísaf., annars ekki.

Þá mun ég víkja að brtt. þeirri, sem ég hefi talið mig knúðan til að bera fram á þskj. 207. Áður en ég sný mér að henni, vil ég þó fara nokkrum almennum orðum um afgr. fjárlaganna.

Ég vil minna á það fyrst, að frá því að fjárlagafrv. var borið fram í vetur af stj., hefir fjvn. hækkað tekjuáætlun fjárl., fyrst með till. þeim, sem hún bar fram á vetrarþinginu, og stj. tók óbreytt upp í frv., sem hún lagði fyrir þetta sumarþing, og svo aftur með till. sínum á þskj. 183. Samtals nemur öll þessi hækkun 1¼ millj. kr. Og þótt ekki verði samþ. aðrar útgjaldatill. en þær, sem fjvn. ber fram, mun þessi viðbótarhækkun tekjuáætlunarinnar nálega eða alveg uppétin. Það má því telja víst, að afgr. fjárl. verði þannig, að bæði tekju- og gjaldaáætlun verði töluvert miklu hærri en nokkru sinni áður. Hinsvegar er vitanlegt, að samhliða þessu, að Alþ. afgr. hærri fjárl. en nokkru sinni fyrr, þá erum við staddir í alvarlegustu fjárkreppu, sem komið hefir yfir þetta land. Við höfum hvað eftir annað fengið þung áföll, en ég hygg, að fyrir atvinnuvegina hafi útlitið aldrei á þessari öld verið jafnalvarlegt. Ef við berum saman það verð, sem við fáum fyrir okkar afurðir, og verð þess, sem við verðum að kaupa, þá verður ekki annað leitt af því en að nú standi fyrir dyrum mjög miklir fjárhagserfiðleikar, sem fyrst munu skella á framleiðendum í landinu, síðan á peningastofnunum, og loks á ríkinu.

Ég býst við því, að allir hv. þm. geri sér grein fyrir því, að þetta, að afgr. annarsvegar fjárlög, sem eru hærri en nokkru sinni áður, og hinsvegar skuli vera framundan slíkt útlit, sem ég nú hefi lýst, það sé mjög óeðlilegt og varhugavert. Ég vil þó játa, að þær till., sem fjvn. hefir borið fram, eiga vitanlega rétt á sér; ég mun fylgja þeim, og ég geri ráð fyrir því, að í aðalatriðum muni ekki verða farið langt út fyrir þær. En okkar fyrsta skylda er að afgr. fjárl. þannig, að við séum vissir um að geta staðið við okkar skuldbindingar út á við og inn á við, og greitt það, sem bein lagafyrirmæli eru um. Það getur samt verið, að þetta geti gengið, þótt fjárl. séu afgr. svona há; en hinu býst ég ekki við að neinn neiti, að það getur líka verið, að það geti ekki gengið.

Þess vegna hefi ég borið fram till. á þskj. 207, um að ef verður að teljast líklegt, að tekjurnar hrökkvi ekki fyrir gjöldunum, sé heimilt að lækka um 25% þau gjöld, sem ekki eru samningsbundin eða ákveðin með lögum. Þetta yrði þá framkvæmt þannig, að í ársbyrjun yrði haldið eftir sem svarar ¼, og í samráði við vetrarþingið yrði svo ákveðið, hvort það teldist fært að borga út þenna fjórðung, sem í upphafi ársins yrði haldið eftir.

Hinsvegar er mér ljóst, að vel getur farið svo, ef fjárkreppan heldur áfram, að ekki verði nóg að gera þetta. Það getur vel verið, að til þess blátt áfram að stefna okkar fjárhag ekki í voða, þurfi að gera sérstakar ráðstafanir, sem e. t. v. gefst tími til á vetrarþinginu, að stöðva einhverjar verklegar framkvæmdir, sem fé er veitt til í fjárlögum.

Ég lít svo á, að eitthvað í þessa átt eigi að samþ. nú á þinginu.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., 6. ágúst, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 142, 183, 194, 202, 205, 207, 217).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 217. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Ég saknaði þess í ræðu hæstv. forsrh., sem nú er einnig fjmrh., að hann gaf mér engin andsvör við þeirri fyrirspurn, sem ég beindi til hans um ástæðurnar fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hefir virt till. fjvn. á þinginu 1930 að vettugi, eða því sem næst, að því er lagningu nýrra símalína snertir, þar sem hæstv. stj. sinnir ekki till. meira en svo, að hún lætur gera eina einustu símalínu af þeim 7, sem n. lagði til, að gerðar væru. En hæstv. stj. hefir hinsvegar látið leggja nýja símalínu, sem engin heimild er til, hvorki í fjárl. né frá þingsins hálfu.

Ég bjóst við, að hæstv. ráðh. myndi gefa upplýsingar um, hvort þörf þeirra var ekki eins mikil og fjvn. áleit, eða hvað til bar. Þegar þess er gætt, að hæstv. stj., eins og brtt. frá hæstv. fjmrh. sýnir, vill láta selja sér sjálfdæmi meira en venja er til um fjárveitingar, er ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðh., af hverju sá misréttur stafi að því er þessar símalínur snertir, er ég hefi bent á. Mér er t. d. sagt um eina þessa símalínu, línuna sunnan megin Arnarfjarðar, að fyrirhugað hefði verið af landssímastjóra og fjvn., að hún lægi þar sem 22 býli og margir útróðrarstaðir eru, en hún hafi ekki verið lögð þar, heldur önnur lína hinumegin fjarðarins, þar sem í hæsta lagi 5—6 bæir njóta hennar.

Hv. frsm. fjvn. var óánægður með mig fyrir aðfinnslur mínar út af fjarveru hans úr deildinni þegar fjárl. eru rædd. Hv. þm. þykir e. t. v. ljótt, að það skuli vera „dokumenterað", að hann vanræki að hlusta á umr. um brtt. við fjárl. En mig hefir hann um ekkert að saka. Ég hefi aðeins bent á þá staðreynd, sem fyrir lá.

En hvað þá aths. hv. frsm. snertir, að hann hafi ekki þurft að vera hér við í fyrrakvöld, því að það, sem fram hafi komið frá mér, hafi hvorki verið nýtt né merkilegt, þá er það vindhögg, því að það var alls ekki ég, sem talaði. Það voru allt aðrir og þ. á m. flokksm. hv. frsm., sem töluðu. Ég hefi aðeins bent á, hver ósómi þetta er þinginu. Hv. frsm. má gjarnan reiðast þessu, en ég hygg, að Alþ. og þjóðin í heild sinni vænti allt annarar framkomu hjá hv. frsm. en verið hefir. Annars skal ég geta þess, hv. frsm. til lofs, að þegar ég hefi talað, hefir hann hlýtt rólegur á ræður mínar, eins og honum er bæði rétt og skylt.

Það þykir bæði vegsauki og vandastarf að vera frsm. fjvn. En það verður að ætlast til þess, að sá einn maður sé til þess valinn, er nennir að vera hér viðstaddur til þess að hlusta á mál manna. Ég veit, að það er þreytandi að hlusta á ræður ýmislegs efnis og hv. frsm. er vorkunnarmál, þótt hann þreytist á því eða jafnvel dotti, en skárra er það en vísvitandi að flýja þingsalinn.

Hv. frsm. minntist hér m. a. á brtt. mína um styrk til sumarskýlis símamanna í Reykjavík. Það er einkennilegt við þessa till., að hún er flutt af 3 þm., sínum úr hverjum flokki, þ. e. þeim hv. þm. Seyðf., hv. þm. V.-Sk. og mér. Þessi till. snýst ekki um hærri upphæð en í hæsta lagi 4000 kr., en til vara 3000 kr. Hv. frsm. fann þessari till. það til foráttu, „að hana bæri ekki rétt að", eins og hann orðaði það. Hann sagði, að símamenn hefðu átt að snúa sér til landssímastj. um þetta efni.

Það er vitanlegt, að hér liggja fyrir margar brtt., sem snúast um miklu hærri upphæðir en þessi till. Ég veit ekki, hvernig á að skilja það hjá hv. frsm., að símafólkið hefði sérstaklega átt að snúa sér til ríkisstj. í þessu efni. Í skriflegri umsókn frá símamönnum, sem stíluð er til fjvn., komast símamenn svo að orði, að þeir vonist til þess, að þing og stj. styðji málaumleitan þá, sem hér um ræðir. Símamenn snúa sér því til stj. um leið og þeir snúa sér til Alþingis. En hvað er það þá, sem hv. frsm. fjvn. meinar með þessu? Er það það, að hæstv. stj. hefði átt að gera ein út um þetta mál án íhlutunar þingsins, eða dettur hv. frsm. fjvn. í hug að halda því fram, að hér sé um svo þýðingarmikla ráðstöfun á ríkisfé að ræða, að þörf sé á að snúa sér sérstaklega til ríkisstj. í þessu efni. Það er einnig eftirtektarvert, að hv. frsm. hafði ekki þenna formála, að „till. bæri ekki rétt að", um neina aðra brtt. en þessa. Það má vel vera, að hæstv. stj. hefði gert þetta eftir eigin geðþótta, en ég held, að mál þetta hafi farið rétta boðleið. Félag ísl. símamanna sendir fjvn. Alþingis bréf í fullu trausti þess, að þing og stj. taki það til greina. En hv. n. sér sér ekki fært að taka þetta til greina, og var það því tekið upp af okkur 3 þm., sínum úr hverjum flokki. Ef þetta erindi ber ekki rétt að, hvernig er það þá með aðrar brtt. hér? Eru þær þá ekki allar komnar skakka boðleið eftir hans dómi, hv. frsm.?

Í sambandi við till. fjvn. og ummæli hv. frsm. um ýms önnur atriði, sem eru miklu þýðingarmeiri og stærri, finnst mér eftir orðum hans að dæma, að hann sé nægilega stór fjmrh. til þess að gera till. um svo smávægilegt atriði sem þetta, án þess að því sé vísað til stj.

Hv. frsm. sneri dálitið út úr því, sem ég sagði um styrkinn til Stórstúkunnar. Ég sagði aldrei, að það yrði til þess að kippa öllum bindindismálum í liðinn, þótt styrkur sá fengist, sem þeir hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Borgf. fara fram á. Hitt sagði ég, að ástandið í þessu efni væri alls ekki þannig, að rétt væri að svipta stúkuna þeim styrk, sem hún hefir. Ég áleit frekar ástæðu til að styrkja starf hennar meir en áður hefir verið, þar sem vínnotkun í landinu fer vaxandi og þar með tekjur ríkissjóðs af víneinkasölunni. Hv. frsm. sagði, að ég hefði verið að „mála fjandann á vegginn" í þessu efni. Þetta er rétt hjá hv. frsm. að því leyti, að ég benti á þá staðreynd, að vínnotkun færi vaxandi og bindindisfélögin minnkuðu starfsemi sína og vinið sæist helzt til mikið hér í útlendum skipum rétt við nefið á ríkisstj. Ég gæti bætt miklu við þetta, ef hv. frsm. efast um, að ástandið sé svo sem ég hefi nú sagt. Ég hefi skýrt frá staðreyndum, sem þrifast í skjóli stj. þeirrar, sem hv. frsm. ber ábyrgð á með öðrum sínum nótum; ef það er að „mála fjandann á vegginn", þá verður það svo að vera, en ég hefi ekki gert hann svartari en hann er, og hægt er að sjá hann, ef hv. frsm. og aðrir, sem vaða í villu og svíma, vilja sjá. Ekkert hefir breytzt til batnaðar með bindindisstarfsemi í landinu á undanförnum árum. Það er þvert á móti.

Ég vil bæta því við, hv. frsm. og öðrum, sem hér ráða, til athugunar, að æskulýðnum í landinu er nú búin stór hætta af því, hvernig nú horfir með vínnautn og bindindismál. Síðan bindindismenn tóku upp á því að trúa algerlega á bannlögin til viðreisnar bindindi í landinu, hafa þeir orðið að slaka til í bindindisstarfsemi og ber vott um það, hvað fækkar mikið meðlimum í stúkunum. Og síðan það opinbera fór að gera sér leik að því að gera vinið gómsætt og láta það freista fólksins meir en áður var gert (sbr. blöndunina), hefir vínnautnin farið stórvaxandi hér á landi.

Hv. frsm. benti á, að reseptagjöf lækna hefði minnkað frá því sem áður var. Það getur verið, að með reglugerð ofan á reglugerð megi minnka reseptagjöf, enda mun svo langt gengið nú, að sumir, sem raunverulega þurfa áfengi í læknislyf, eiga erfitt með að fá það. En þótt reseptagjafir lækna hafi nokkuð minnkað, vegur það ekki á móti því, sem bruggun víns hefir aukizt nú síðustu ár og er sagt, að það sé einkum til sveita, sem það eigi sér stað. Hvað svo sem hv. frsm. segir um þetta og hve mikið, sem um þetta er skrifað í hina nýju bók ríkisstj., sem almennt er kölluð „Verkin tala", tala hagskýrslurnar og það, sem maður sér daglega, á móti hv. frsm. í þessu efni.

Ég hefi áður talað hér um brtt. hv. þm. Borgf. og hv. 4. þm. Reykv. um Eimskipafél. Hv. frsm. fór ýtarlega út í þetta mál og fylgdi stefnu hæstv. ríkisstj., að vilja fá hlutabréf fyrir framlag ríkissjóðs. Það var margt í ræðu hv. frsm., sem rétt væri að athuga, og ég get fallizt á það með hv. frsm., að það er nauðsynlegt fyrir Eimskipafélagið að haga rekstri sínum þannig, að enginn þurfi að hneykslast á of mikilli eyðslu. En ég get á hinn bóginn ekki séð, að þótt ríkið léti að nafninu til gefa sér út hlutabréf fyrir þann styrk, sem Eimskipafél. fær, eða þótt hæstv. stj. fái einhverja klausu setta inn í fjárl. um aðhald frá ríkisstj. hálfu með rekstri félagsins, að það hafi nokkra þýðingu.

Hér liggja fyrir reikningar og skýrslur Eimskipafél. fyrir starfsárið 1930. Þeir eru undirskrifaðir af stjórn fél., þ. á m. af fulltrúa ríkisstj., og þessir reikningar hafa verið endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum félagsins, þ. á m. af fulltrúa ríkisstj., án þess að nokkur aths. hafi verið gerð um þá. Hvorki stjórnskipaður meðlimur stjórnarinnar né stjórnskipaður endurskoðandi hafa gert við þetta nokkrar athugasemdir, svo að séð verði. Ekki verður það heldur séð á fundargerðum, að hinn stjórnskipaði meðlimur stj. hafi gert athugasemdir við reksturinn. Hér væri um allt annað að ræða, ef fyrir lægju rökstuddar aths. frá mönnum í stj. Eimskipafél. um misfellur á rekstrinum.

Samþykki þess, að ríkið fái meiri íhlutunarrétt um rekstur Eimskipafél., sýnist ekki tímabært. Ég er ekki trúaður á það, að ríkisstjórnin, engin ríkisstjórn, og þá sérstaklega ekki sú, sem nú situr, fái læknað neinn halla, sem vera kynni á rekstrinum. Ég trúi því ekki, að nein pólitísk stjórn fái þar miklu um þokað.

Félagsstjórnin ætti sjálf að taka það hlutverk að sér. En aths. eins og þær, sem hv. frsm. fjvn. gerði, hljóta að skapa nokkurt aðhald að stj Eimskipafélagsins, ef misfellur væru á rekstri þess. Þær umr. ættu að geta gert það að verkum, að Eimskipafél. skirrðist við að leggja út í óþarfan kostnað.

Ég ætla áður en ég sezt niður að minnast á brtt., þar sem farið er fram á ábyrgð ríkissjóðs á 600 þús. kr. til Ísafjarðarkaupstaðar til rafvirkjunar, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. Ég tek það fram, að ég er þessari ábyrgð meðmæltur og finnst, að hún eigi rétt á sér. Og það er öll þörf á þessari rafvirkjun. En mér þóttu meðmæli hæstv. forsrh. í þessu máli harla einkennileg.

Í fyrsta lagi, þegar hér kom til umr. virkjun Sogsins og ríkisábyrgð á því, þá var allur flokkur núv. stjórnar á móti ábyrgðinni. Höfuðmótbáran, sem þá var notuð, var sú, að ef gengið væri inn á þessa braut, þá væri ekki hægt að neita öðrum kaupstöðum, er síðar kæmu til, um slíka ábyrgð.

Nú er það fagmanna að skera úr því, hvort heppilegra er fyrir landið að ábyrgjast virkjun Sogsins í svo stórum stíl, að nægi fyrir Reykjavík, Suðurland allt, hluta af Vesturlandi og Vestmannaeyjar, eða virkjanir fyrir einstaka kaupstaði. En eftir að hafa talað við ýmsa menn, sem vit hafa á þessum málum, er ég fyrir mitt leyti ekki í vafa um, hvor leiðin er heppilegri En þetta, sem áður var talin höfuðhættan af flokki hæstv. stj., liggur nú fyrir, nefnilega það, að fleiri kæmu á eftir. En svo kynlega bregður nú við, að hæstv. forsrh. minnist ekkert á, að það geti verið hættulegt. Það er því ekkert annað en fyrirsláttur, þegar það hefir verið notað sem forsenda fyrir því, að ekki væri hægt að ábyrgjast slíkt lán fyrir Reykjavík.

Hitt, sem hæstv. ráðh. talaði um, að hér stæði alveg sérstaklega á, þar sem þessum bæ væri betur stjórnað en öðrum bæjum, get ég ekki tekið í alvöru. Það eru ekki annað en þessi venjulegu „kompliment“ hæstv. forsrh. við jafnaðarmenn og þau kjördæmi, sem þá kjósa. Þetta heitir á slæmu máli að „lefla“, og ég skildi þetta ekki öðruvísi en svo, að hér væri verið að „lefla“ fyrir jafnaðarmönnum og kaupstöðum, sem þá kjósa, á kostnað annara kaupstaða. En hæstv. forsrh. vantar öll skilyrði til þess að gera réttilega upp á milli þessara aðilja. Hefi ég þá svarað flestu viðvíkjandi þeim till., sem ég hefi haft afskipti af.

Ég vil að lokum minna hv. frsm. á það, að hvaða ástæðu, sem hann kann að finna til þess að bregða fæti fyrir sumarskýli símamanna, þá er allt frambærilegra en sú hlægilega mótbára, að þetta „beri ekki rétt að“, að hér bæri að snúa sér til stj. Ég fæ ekki betur séð en að þingið sé óaðfinnanlega réttmætur aðili í því máli.

Haraldur Guðmundsson: Ég var ekki í d. þegar hv. frsm. talaði síðast og svaraði andmælum frá mér o. fl. gegn till. fjvn. Ég hefi þó frétt á skotspónum það, sem hann hafði vikið að mér. Ég skal geta þess, að einn af sögumönnum mínum að minnsta kosti er sæmilega góð heimild, því að það var hv. frsm. sjálfur.

Hann vitti mig fyrir ábyrgðarleysi í afgreiðslu fjárl. Þegar við Alþýðuflokksmenn kæmum með brtt., þá stæði okkur á sama, hvort tekjuhalli yrði á fjárl., sagði hann. Og hann er hneykslaður á þessu, mikið hneykslaður! Sjálfur er hv. frsm. stuðningsmaður þeirrar stj., sem skilar 1 millj. kr. tekjuhalla á sama árinu sem hún fékk 5 millj. kr. umfram tekjuáætlun fjárl., stj., sem lýsti yfir því í vetur, að raunverulegur tekjuhalli væri enginn, en meðgengur nú skyndilega, að tekjuhallinn sé a. m. k. 1 millj. kr. Og þessum manni finnst hann geta prédikað um ábyrgðartilfinningu, að ekki megi verða tekjuhalli á fjárl.! Þetta er svo mikil óskammfeilni, að það gengur ósvífni næst. Það er eins og ef hórkarl tæki að vanda um skírlífi, eða þjófur um ráðvendni!

Þá var hv. frsm. sárhneykslaður á því, að ég hafði lýst yfir því í fyrri ræðu minni, að ég myndi greiða atkv. gegn frv., þó að mínar brtt. næðu samþykki. Hann taldi, að þetta væri ósvífni. En þá verð ég að minna hv. frsm á það, að hann hefir sjálfur gerzt sekur um samskonar ósvífni, oft og mörgum sinnum. Hann hefir hvað eftir annað flutt brtt., þótt hann hafi verið andvígur frv., sem brtt.

voru við. Og sama mun um flestalla hv. þdm. Ég sé heldur ekki annað en að það muni takast nokkurn veginn fyrir sameinuðum Íhalds- og Framsóknarflokknum að afgr. fjárl. út úr deildinni.

Það eru þá aðeins örfá atriði, sem ég þarf að drepa sérstaklega á. Verða þá fyrst fyrir mér ábyrgðir ríkissjóðs.

Hv. frsm. gat þess alveg réttilega í sambandi við LXV. brtt. á þskj. 183, að það væri óheppilegt, að boðnar væru út ábyrgðir ríkissjóðs í útlöndum. Það gæti orðið til þess að spilla áliti landsins. Þess vegna væri hann á móti ábyrgð til handa Ísafjarðarkaupstað. Hinsvegar að því er snerti ábyrgð til handa samvinnufélagi Seyðfirðinga, þá virtist hv. frsm. helzt vera andvígur henni, af því að ekki þyrfti að leita með hana til útlanda. Þetta þykir mér einkennileg rökfærsla og ekki sérlega sannfærandi.

Um síldareinkasöluna sagði hv. frsm., að henni væri ekki þörf á frekara rekstrarláni. En mörg skeyti eru til um það, að síldareinkasalan er ekki farin að borga saltendum neitt af því, sem þeir hafa lagt út, blátt áfram af því, að fé er ekki til. Hv. þm. hlýtur að vita, að sú hálfa millj. kr., sem veitt er í fjárl. í þessu skyni, nægir ekki. Hinsvegar virtist hv. frsm. vera mér sammála um það, að þessari ábyrgð fylgdi engin áhætta. Það er óhugsandi, að ríkissjóður tapi neinu, þó að hann gengi í þessa ábyrgð, því að hér eru ákvæði, sem tryggja það. Finn ég svo ekki ástæðu til að víkja fleiru að ræðu hv. frsm.

Hæstv. forsrh. fann ástæðu til þess að mæla nokkur áminningarorð til þessarar hv. þd. í sambandi við brtt. á þskj. 207, sem er hið mesta endemi. Það er heimild handa ríkisstj. til þess að klípa 25% af því fé, sem veitt er til nýrra, opinberra framkvæmda. Ég vil í þessu sambandi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., sem hann er nú orðinn allvanur að heyra: Hvenær kemur stj., sem á að framkvæma þessi lög? Þetta skiptir þingið miklu máli. Ég vil segja hæstv. forsrh. það, að ég hefi heyrt, að stj. sé fullmynduð. En það kvað þykja hentugt að sýna ekki þinginu framan í hana fyrr en undir þinglok, m. a. til þess að komast hjá eldhúsumr. En það gengur næst ósvífni við þingið að ætla því að afgr. fjárlög, án þess að það viti, hver á að framkvæma þau næsta ár. Forsrh. tók það fram alveg réttilega, að kreppan, sem nú er farin að færast yfir, er hin alvarlegasta, sem gengið hefir yfir landið á þessari öld. Ég er honum sammála um það. En ég veit ekki, hvort hæstv. forsrh. kannast við það, að einu sinni tóku fjöllin jóðsótt og það fæddist ein lítil mús. Þetta er nú í annað sinn, sem hæstv. forsrh. talar um þetta. Í fyrra skiptið lagði hann ekkert til málanna. En nú í síðara skiptið leggur hann fram sína till. En hvernig er hún? Hún er prentuð á þskj. 207 og er þess efnis, að draga megi 25% af öllum greiðslum fjárlaganna, sem ekki eru lögum eða samningum bundnar. En hverjar eru þær? Það eru nýjar verklegar framkvæmdir. Sú upphæð, sem til þeirra skal varið, er nú um 660 þús. kr., en verður, h. u. b. 800 þús. kr., ef brtt. n. ná fram að ganga. Nú ætlar hæstv. forsrh. að bjarga fjárhag ríkisins með því að draga 25% af þessari upphæð. Mig furðar stórlega á því, að maður í stöðu hæstv. forsrh. skuli geta verið svo gálaus eða glapskyggn, að koma hróðugur inn í deildina yfir slíku ráði. Hver maður sér, að þetta er ekkert annað en skripaleikur — grátlegur skripaleikur.

Fjárkreppan skellur ekki á ríkissjóði einum, heldur landsmönnum öllum. Og það er miklu meira um það vert að bjarga landsmönnum öllum, heldur en þó að ríkissjóður verði fyrir nokkru tapi. Sumir flokksmenn hæstv. forsrh. virðast hafa einhvern pata af þessu. Þeir vilja leggja fram rúmar 300 þús. kr. til atvinnubóta. Útkoman verður því sú, að tveir flokksmenn ráðh. vilja bæta úr atvinnukreppunni með því að leggja þessa upphæð fram í því skyni. Samtímis finnur forsrh. það út af sinni miklu vizku, hvernig hægt sé að bjarga fjárþröng ríkissjóðs, — með því að draga því sem næst sömu upphæð frá fé því, sem veitt er til opinberra framkvæmda! Aðra eins endemis vitleysu hefir enginn maður borið fram á þessu þingi. Þetta gæti slegið út hvern trúðleikara. Og þetta á alvarlegustu tímum, sem komið hafa á þessari öld! Það er satt bezt að segja ekki vanþörf orðin á því að sjá nýju stjórnina,

t. d. það, hvort hún hefir í hyggju að leika sama leikinn.

Get ég svo látið útrætt um þetta mál um sinn. Við Alþýðuflokksþm. munum greiða atkv. móti frv. Og ef það sætir svipaðri meðferð í Ed., þá verður einnig hið sama gert þar.

Ég ætla þá að lokum að víkja að einu atriði. Það er frv. um búfjárrækt. Eftir því, sem gert er ráð fyrir, nemur kostnaður við það hátt á annað hundrað þús. kr. Er það vegna þessa frv., sem hæstv. forsrh. vill fá heimild til þess að halda eftir 25% af fé því, sem veitt er til opinberra framkvæmda?

Í gær tókst innilegasta samkomulag í Ed. milli Íhalds og Framsóknar um framlengingu verðtollsins. Hann var 2 millj. 200 þús. kr. 1930. Þar með hafa báðir þessir flokkar komið sér saman um að framlengja þeim tolli, sem þyngst mæðir á öllum almenningi. Væntanlega er það þeirra ráð til þess að mæta kreppunni.

Jón Auðunn Jónsson: Út af ummælum hv. frsm. fjvn. viðvíkjandi till. minni á þskj. 183 um útgjöld í sambandi við læknastyrk, vil ég taka það fram, að sá styrkur er ekki eingöngu notaður handa hreppum, sem eru læknislausir, heldur og sem uppbót handa hreppum, sem erfiða eiga læknissókn. Og þegar litið er yfir skýrslur um styrkinn, er það sýnt, að allir nema tveir hafa verið veittir í þessu skyni.

Þá sagði hv. frsm., að fjvn. hefði ekki verið sammála um fjárstyrk til ölduhrjótsins í Bolungarvík. En ef það verk verður ekki unnið í ár, þá er mikil hætta á, að það verði að einhverju ónýtt, sem þegar er unnið. Með því að fresta fjárv. til næsta árs, er það tryggt, að verkið verði unnið að vori þegar sjógangur er lítill, og geti þannig komið að fullum notum. Skil ég ekki, að hv. fjvn. leggist á móti þessu.

Hæstv. fjmrh. minntist á till. mína um styrk til fóðurbætiskaupa handa búfjáreigendum í Norður-Ísafjarðarsýslu. Minntist hann á það, að lána mætti fé úr Bjargráðasjóði vaxtalaust. Samt þætti mér gott að vita, hve mikið fé er handbært í þeim sjóði. Fjmrh. minntist líka á heimild til ábyrgðar fyrir Ísafjarðarkaupstað til rafvirkjunar, og virtist vera henni samþykkur, en þó var eins og hann væri á móti samskonar ábyrgð fyrir Hólshrepp.

Þá vil ég minnast lítilsháttar á flóabátinn. Samgöngur vestra hljóta að leggjast niður að miklu leyti, ef ekki fæst þessi styrkur, sem ég fer hér fram á, til kaupa á bát til mann- og póstflutninga um Ísafjarðardjúp. Kemur þá til þess, að ríkissjóður verður hvort sem er að borga að minnsta kosti 12 þús. kr. til póstflutninga norður á firðina. Væri það hefnd á héraðsbúa, ef þeir fengju ekki svo sem 10 þús. kr. á ári til samgöngubóta, þar sem þeir fá ekkert úr ríkissjóði til vegagerða. Sama máli gegnir um þá till. mína, að ríkið ábyrgist 60 þús. kr. lán fyrir h/f Djúpbátinn til bátskaupa gegn ábyrgð N.-Ísafjarðarsýslu og 1. veðrétti í skipinu. Er þessi 60 þús. kr. ábyrgð ekki tilfinnanleg fyrir ríkissjóð.

Þá vil ég leyfa mér að leggja þá spurningu fyrir hæstv. fors.- og fjmrh., hvort það sé rétt, að landsetar á kirkjujörðum hafi ekki fengið greiddan jarðabótastyrk um tveggja ára skeið?

Magnús Guðmundsson: Hv. frsm. fjvn. talaði talsvert um það, að ég hefði verið að gylla fjárhag ríkisins í ræðu minni við þessa umr. fjárlagafrv. og sagði, að ég hefði sýnilega ætlað að blekkja hv. d. Vil ég því endurtaka aðalatriðin í því, sem ég sagði þá. Ég tók það fram, að stj. hefði orðið að taka bráðabirgðalán til daglegra útgjalda, og því hlyti sjóðurinn að vera þurausinn. Er þetta að gylla fjárhaginn? Frsm. sagði ennfremur, að ég hefði hvatt til óvarkárni. Ég sagði, að ef áætlun hv. n. um tekjurnar 1932 stæðist, þá færu tekjur þessa árs mikið fram úr áætlun. Þetta getur hv. framsögumaður ekki hrakið. Það er auðvitað hægt að nota fé á yfirstandandi ári, svo að ekkert verði afgangs, ef ekki er farið eftir fjárl., eins og verið hefir á síðari árum. Vil ég spyrja, hve mikið fé hefir verið lagt í Reykjahælið austanfjalls á yfirstandandi ári. Man ég ekki eftir neinum ákvæðum í fjárl., er gert hafi ráð fyrir því. — Þegar ég bar saman tekjuáætlanirnar fyrir 1931 og 1932, vakti það fyrir mér, að fjvn.

myndi hafa farið nokkuð harkalega í áætlun á tekjum á árinu 1932. Samt segir hv. frsm., að ég sé að hvetja til óvarkárni. Segir hann, að eðlilegt sé, að tekjuáætlunin sé svona há, því að gjaldaliðir séu að tiltölu áætlaðir eins háir. Er ég þó viss um það, að t. d. gjöld til heilbrigðismála eru of lágt áætluð. Munu þau ekki verða lægri á árinu 1932 en 1929. Sama máli gegnir um áætluð gjöld samkv. 14. gr., að þau eru áætluð lægri 1932 en þau reyndust 1929. Hvar hefir hv. frsm. bréf fyrir því, að svo muni reynast?

Frsm. minntist á till. hv. fjvn. um það að hækka áætlunina um óviss útgjöld um 50 þús. kr., úr 100 þús. kr. upp í 150 þús. kr. Sú hækkun held ég, að sé of lítil, því að ef till. um endurgreiðslu á tolli af kryddi í síld nær samþ., þá nemur það eitt meiru en 50 þús. kr., enda eru óviss útgjöld verulega hærri en 150 þús. kr.

Svo er það atriði, sem hv. frsm. benti á, að ekki eru áætluð útgjöld samkv. 25. gr. Þau útgjöld hafa venjulega verið um 1 millj. kr., en 1929 námu þau 1,7 millj. Er því alls ekki hægt að segja, að áætlað sé fyrir öllum útgjöldum. Það var einmitt svo áður, að tekjur voru áætlaðar lágt, til þess að þurfa ekki að áætla gjöld samkv. 25. gr., en vitanlega á að áætla hvorttveggja eins og ætlað er, að reynast muni.

Hv. frsm. sagði, að fjvn. sæi sér ekki fært að veita styrk þann til bryggjugerðar á Sauðárkróki, sem við þm. Skagf. fluttum till. um. Er leitt til þess að vita, því að ef þessi styrkur fengist, 10 þús. kr., myndi hreppurinn, sem hlut á að máli, láta byrja á verkinu í haust, þegar kreppir að um atvinnuleysi. Hefi ég fengið skeyti frá Sauðárkróki, þar sem sagt er, að atvinnuleysi sé mjög tilfinnanlegt, og erum við, þm. sýslunnar, beðnir að ráða þar bót á, eftir því sem við getum. Hreppsfélagið á að leggja hér fram fé á móti, eins og kunnugt er. Væri það öllum gott, að verkið gæti byrjað þegar í haust. Væru þar því slegnar tvær flugur í einu höggi: Fyrirtæki stutt, sem áreiðanlega yrði að veita fé til bráðlega hvort sem er, og útveguð atvinna. Hefir mikið verið rætt hér um atvinnubætur, og finnst mér þinginu vera skylt að framkvæma þær nú þarna, þar sem svona stendur á.

Hv. frsm. virtist ekkert hafa á móti eftirlaunaviðbót þeirri, sem ég fór fram á handa séra Ólafi Stephensen, en vildi þó láta það mál bíða, þangað til stj. væri búin að reikna út, hversu mikil eftirlaun þessa manns eigi að vera. En þar er því til að svara, að það myndi vera eins árs bið fyrir þenna fátæka prest. Og þar sem það er lögákveðið, hversu há eftirlaunin eru, ætti ekki að vera erfitt að reikna þau út. Er ekki hægt að halda því fram, að manninum beri að verða af viðbótinni, af því að stj. er ekki búin að reikna út eftirlaunin.

Þá vil ég minnast örlítið á eftirlaun til Ögmundar Sigurðssonar, þó að mér komi það mál ef til vill ekki við. Verð ég að segja, að það væri óréttlæti gagnvart þessum manni, sem jafnan hefir verið lágt launaður, er efnalaus, heilsutæpur og að verða blindur, ef honum væri ekki veitt viðbót þessi, sem ríkissjóð munar ekkert um. Mun hann að líkindum ekki lengi þurfa á henni að halda.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á tillögu þá, sem ég flutti ásamt hv. þm. V.-Sk. og hv. þm. A.-Sk. um skaðabætur til Vigfúsar Gunnarssonar að Flögu vegna bruna af eldingu. Hæstv. forsrh. sagði, að hætt væri við því, að fordæmi myndaðist, ef greiddar væru þessar skaðabætur. En ekki held ég, að þaðan myndi stafa mikil hætta, því að ég veit ekki um dæmi þessu lík síðustu 30 árin. Eldingunni sló niður í símaleiðslu og leiddist með þræðinum inn í hús. Virðist mér stappa mjög nærri því, að ríkisstj. sé beinlínis skaðabótaskyld, þar sem hún lét leggja símann þarna inn.

Viðvíkjandi húsi sýslumannsins í Borgarnesi sagði hv. frsm., að ekki væri hægt að skylda ríkið til að kaupa hús, byggt að geðþótta einstaklings, og svo stórt, að hann hefði ekki þörf fyrir það allt. Hv. frsm. var víst ekki viðstaddur, þegar ég skýrði frá því, hvernig í málinu lægi. Sýslumaður byggði bæði yfir embættið og póstafgreiðsluna, en síðan var póstafgreiðslan tekin af honum, og þess vegna er honum nú um megn að greiða bæði vexti og afborganir.

Þá er brtt. á þskj. 207, frá hæstv. stj., um það að heimila henni að draga af öllum fjárveitingum fjárl., sem ekki eru lög-

um eða samningum bundnar, allt að 25%. Myndi slíkt, ef framkvæmt væri, ekki aðeins koma niður á verklegum framkvæmdum, heldur líka öllum styrkjum. Það er óneitanlega skoplegt, þegar sú stj., sem á undanförnum árum hefir notað 100% umfram það, sem fjárlög heimiluðu, er nú að koma til þingsins með beiðni um það að fá að draga úr nokkur hundruð þúsund, ef í nauðir skyldi reka. Býst ég þá líka við, að það myndi koma niður á styrkveitingum til Fiskifélagsins og Búnaðarfélags Íslands, því að sá styrkur er, að því er ég held, ekki byggður á lögum né samningum. En aðalatriðið er þetta, að það er meiningarlaust, að þingið sé að samþ. fjárl., sem það er í vafa um, að geti staðizt, en slái svo varnagla á þennan hátt. Væri nær að láta þetta bíða þingsins í vetur. Er það meira en lítil ógætni að samþ. fjárl., en verða svo að heimila stj. að draga úr hluta af því fé, sem veitt er.

Hæstv. forsrh. talaði í gær um lóðakaup í brekkunni norðan menntaskólans. Taldi hann sjálfsagt, að ríkið keypti þessar lóðir. Það má vera, að þetta séu hagkvæm kaup fyrir ríkissjóð, en mér sýnist að minnsta kosti, að þau geti beðið betri tíða. Vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hvaða hús ætlazt sé til, að reist verði þar sem Bernhöftsbakarí stendur nú. Það er hrörlegt hús, sem líklegt er, að rifið verði innan skamms. Að færa það sem ástæðu fyrir kaupunum, að erfðafjárskattur eins dánarbús nægi til útborgana í bili, er hlægileg röksemd.

Ég hjó eftir því, að hæstv. forsrh. sagði, að það gæti verið, að það væri óhætt að samþykkja slík fjárl. sem þessi, en það gæti líka verið, að það væri ekki óhætt. Mér finnst ráðherrann hefði átt að koma með þessa aðvörun fyrr til stjórnar sinnar og annara flokksmanna sinna, sem ráða allri afgreiðslu þessa máls á þingi.

Ég beindi þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvernig stæði á því, að þær verklegu framkvæmdir, sem stæðu í fjárl. þessa árs, væru ekki allar framkvæmdar, hvort það væri af fjárskorti eða öðru. Hann hefir engu svarað því. Ég fyrir mitt leyti held ekki, að ástæðan sé fjárskortur, heldur hitt, að stjórnin leyfir sér að taka fé, sem veitt er í ákveðnu skyni, til annara framkvæmda, sem hún ber meira fyrir brjósti. Vil ég átelja það athæfi að fara ekki að vilja þingsins í þessu efni, heldur nota fé á allt öðrum stöðum en það hafði ráð fyrir gert.

Bergur Jónsson: Ég á nokkrar brtt., sem ég vildi stuttlega gera grein fyrir. Er sú fyrsta, XVII. brtt. á þskj. 183, um fjallvegi. Fjvn. hefir lagt til, að fjallvegafé verði hækkað um 10 þús. kr. Ef það verður samþ., tek ég mína till. aftur. En ástæðan fyrir því, að ég flutti hana, er sú, að sérstaklega stendur á um samgönguleysi þarna vestra. Rauðisandur er einhver frjósamasti blettur á öllum Vestfjörðum, en sveitin er innibyrgð, Breiðafjörður svo að segja hafnlaus, en fjöll á þrjá vegu, og er því þessi vegur lífsskilyrði fyrir héraðið, til þess að geta komizt í beint samband við Patreksfjörð. Og þetta er ekki aðeins mikið atriði fyrir Rauðasand sjálfan, heldur líka fyrir kauptúnið á Patreksfirði, því að þar er mjög lítið haglendi og erfitt með búskap allan, svo að kauptúninu er hin mesta nauðsyn á að fá beint samband við landbúnaðarsveit, þar sem hægt er framleiða nægilega mjólk. Vegamálastjóri hefir látið rannsaka þetta vegarstæði, mælt það út og gert kostnaðaráætlun. Gerir hann ráð fyrir, að kostnaðurinn verði um 20 þús. kr. og hefir lagt til, að þetta yrði tekið af fjallvegafé, eins og gert er nú í þessari till. En þá verður þessum fjárframlögum skipt á 3—4 ár, eftir því, sem á vinnst.

Þá á ég brtt. um að veita Guðrúnu Einarsdóttur ljósmóður 200 kr. Hún er búin að vera ljósmóðir í 38 ár og hefir rækt sitt starf mjög vel, og því er ekki ástæða til að neita henni um þessa litlu þóknun frekar en öðrum ljósmæðrum.

Loks kemur síðasta brtt. á þessu þskj. um það að veita heimild til þess að ríkissjóður láni Suðurfjarðarhreppi 20 þús. kr., sem endurgreiðist með jöfnum afborgunum árlega í 20 ár. Þessa brtt. ber ég fram vegna mjög aðkallandi nauðsynjar hreppsins. Nú standa á honum gjöld, sem verða að borgast þegar í stað, um 13—14 þús. kr. Auk þess er rafveita þar, sem varð mjög dýr, og hvílir á henni um 93 þús. kr. lán, sem ekki hefir verið

borgað af, en sýnilegt er, að hreppurinn verður að taka það á sig að einhverju leyti. Þessar greiðslur, sem hreppurinn getur ekki annað, eru vitanlega allar lögboðnar, sýslusjóðsgjöld og greiðslur til fátækraframfærslu o. s. frv., svo að það er óhjákvæmilegt, að þetta verður að borgast. Og þá er ekki í annað hús að venda en að leita hjálpar ríkissjóðs. Þetta hreppsfélag varð fyrir sérstaklega miklum óhöppum, þar sem aðalatvinnurekandinn varð gjaldþrota ekki alls fyrir löngu. Síðan var stofnað nokkurskonar bjargráðafélag, til þess að annast verzlunina, en þó það sé ekki gjaldþrota, þá er það leyst upp með skuldir að baki sér, og stafar það mikið af bruna, sem varð á Bíldudal. Gjaldþol manna í hreppnum er því afarlítið, og hreppurinn getur ekki eins og sakir standa náð nema örlitlu af þeim útsvörum, sem hann þarf á að halda. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég flutti á þskj. 183 till., sem ég hafði þá ánægju að tala fyrir, að vísu fremur fyrir stólunum en hv. dm., um það, að Gerðahreppur í Gullbringusýslu yrði styrktur til að standast kostnað af fátækraframfærslu. Ég ætla ekki, þó að d. sé betur skipuð nú, að fara að rifja upp það, sem ég hefi áður um till. sagt, heldur eingöngu með hliðsjón af því, sem hæstv. fjmrh. sagði í gær, leyfa mér að taka till. aftur. Það, sem hæstv. ráðh. sagði, var það, að hann legði til um þessa brtt. og aðra, sem er á sama þskj., um V.-Barðastrandarsýslu, að ríkisstj. tæki þær til athugunar og reyndi að ráða fram úr þeim eftir því, sem bezt þætti. Ég hafði svo hugsað mér að koma með till. um Bessastaðahrepp, sem er mjög illa staddur, en með því að mér er kunnugt um það, að hæstv. ráðh. veit, hversu komið er fyrir þessum hreppi, þá ætla ég, að hann muni sjálfsagt láta þessa rannsókn ná yfir þennan hrepp og hann sæti þá sömu meðferð og hinir hrepparnir. Ég vil því leyfa mér að taka aftur till., í fullu trausti þess, að stjórnin hefjist handa um rannsókn og aðstoð þessum hreppi til handa.

Ég skal svo leyfa mér að minna hv. dm. á það, sem ég gat um í fyrri ræðu minni, um lítilmótlegan styrk handa fátækum og efnilegum söngmanni, þeim, sem söng nokkur lög áður en kvikmyndin af Alþingishátíðinni var sýnd hér fyrir nokkru. Án þess að ég vilji endurtaka nokkuð um þennan fátæka, efnilega söngmann, þá vona ég, að hv. þdm. rísi ekki á móti þessum lítilmótlega styrk til þessa unga og efnilega manns.

Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. muni svara hv. 2. þm. Skagf. fyrirspurn, sem hann beindi til ráðh. í sambandi við till., sem hæstv. ráðh. hefir flutt með hv. þm. Seyðf. og mér um lóðakaup hér í bænum. En þar sem ég er einn flm. og hefi gert þetta að umtalsefni, vildi ég segja það, að fyrir mér vakir, með því að leggja til, að þessar lóðir séu keyptar, að tígulegar byggingar rísi á þeim. Ég tel mjög vel til fallið, að ríkið hafi hönd í bagga með, hverjar byggingar verði reistar þar og hvernig þeim verði þar fyrir komið. Ég fyrir mitt leyti hugsa helzt, að í framtíðinni, þegar okkur gegnir betur en nú, verði reist þar þinghús og ef til vill bústaður fyrir hinn væntanlega forseta landsins, þegar þar að kemur, eða yfirleitt þær byggingar, sem mest þykir undir komið, að séu fagrar og standi á fögrum stað.

Ég hefi ekkert sagt um afgreiðslu fjárlaganna og sé ekki ástæðu til að fara langt út í það mál, þó að ýmsir hv. þm. hafi gert það. Ég get tekið undir með mörgum hv. þm., sem segja, að efamál sé, hvort ríkistekjurnar verði eins háar og fjárl. gera ráð fyrir. En menn verða að gera sér ljóst, að það er ekki nema eðlilegt, að þingið verði djarfara í fjárhagsáætlunum, þegar það er orðin þingvenja að afgr. tekjuhallalaus fjárlög, en reynslan er búin að sýna, að ríkisstj. ver eftir eigin geðþótta þeim tekjum, sem verða umfram áætlun. Það er ekki nema eðlilegt, segi ég, að þingið fari þessa leið til þess að ná eðlilegum íhlutunarrétti um það, hvernig ríkisfé er varið. Ég segi eins og sumir aðrir, að mér þykir nokkuð orka tvímælis, hvort ríkistekjurnar verði eins miklar og gert er ráð fyrir, nokkuð á 14. millj. Hér er úr vöndu að ráða, budda skattborgara er létt, þess vegna er þörf fyrir meiri afskipti ríkisvaldsins af opinberum framkvæmdum heldur en verið

hefir undanfarin ár. Það er enginn vafi á því, að nú standa fyrir dyrum meiri þrengingartímar heldur en allir, a. m. k. yngri menn, muna eftir. (JÓl: Hvers vegna?). Það stendur í nánu sambandi við það, hvað daprar horfur eru fyrir sjávarafurðasölu, sem er með langerfiðasta móti, slíkt hið sama, og í engu minni mæli, ef litið er til landbúnaðarins. Og þegar svo er ástatt, þá segi ég fyrir mitt leyti, að ég get ekki varizt því, að nokkuð þungur uggur steðji að mér. Mér þykir illa til valið, að á slíkum tímum skuli Alþ. vera að þessu leyti forustulaust, að ríkisstj. skuli líta á sig sem bráðabirgðastjórn. Á tímum eins og þessum er sannarlega þörf á því, að með föstum tökum og öruggri handleiðslu verði reynt að stýra fram hjá verstu boðunum, sem verða á leið okkar á þeim siglingum, sem við erum nú á.

Ég hygg, að fjárl. séu nú orðin svo mótuð hér í d., að tilgangslaust sé að bera fram stærri breyt. á þeim. Og þó að mér hrjósi hugur við, hversu útgjöldin eru orðin há, þá sé ég ekki, að hægt sé að stöðva verklegar framkvæmdir meir en gert er ráð fyrir með fjárl. Ég get þó ekki aðhyllzt þá till., sem hæstv. fjmrh. hefir flutt, um heimild til þess að færa niður ólögboðin útgjöld um 25%,ef tekjur eru ekki fyrir hendi, af þeim ástæðum, að um mörg þau útgjöld, sem ekki eru lögboðin, er það að segja, að þau eru engu síður nauðsynleg en lögboðin útgjöld. Ef menn eru almennt þeirrar skoðunar, að tekjur ríkisins á næstu árum muni ekki jafngilda þeirri útgjaldaáætlun, sem nú er í fjárl., þá tel ég réttara, að farnar verði aðrar leiðir til að girða fyrir tekjuhalla.

Jón Ólafsson: Ég hafði ekki tekið eftir till. á þskj. 183, LIV, fyrr en sessunautur minn minntist á hana, um fóðakaup milli Laugavegar og Amtmannsstígs. Ég fyrir mitt leyti get ekki tekið þetta mál alvarlega. Hv. þm. var að tala um þjóðhýsi. Mér verður á að spyrja, hvaða stórhýsi hann hugsi sér að reisa þar. Þó að hv. þm. G.-K. sé að tala um að reisa þar þinghús, þá eru margir, sem álíta, að þetta hús, sem við erum nú í, muni geta dugað þinginu um aldaraðir, a. m. k. má landsmönnum fjölga mikið til þess, að þetta hús dugi ekki, þegar búið er að byggja háskólann, og þannig rýma til fyrir þinginu. Það er það eina þjóðhýsi, sem um er að ræða, að byggt verði á næstunni, en engum dettur í hug að ætla, að það þjóðhýsi verði sett á þennan blett, sem verið er að tala um kaup á. Mér þykir hér kenna allt of mikið þeirrar hugsunar, sem kennd er við brask. — Ég held, að öllum komi saman um, að nýja símahúsið muni nægja okkur um aldaraðir. Ég geri ráð fyrir, að það hafi þeim mönnum verið ljóst, sem létu byggja það. — Ég heyri sagt af kunnugum mönnum, að menntaskólinn muni hverfa af þeim bletti, sem hann nú stendur á, þegar að því kemur, að hann brenni eða verði rifinn niður vegna þess, að hann eigi þar ekki heima í raun og veru, og áreiðanlegt er, að hann verður ekki reistur á þessum stað, heldur fluttur þangað, sem ungt fólk hefir miklu fríara pláss. Þar gæti þá komið pláss fyrir þennan væntanlega lýðveldisforseta, sem hv. þm. G.-K. var að tala um. Ég veit ekki, hvort það er í raun og veru æskilegt, að hann búi í miðjum bænum. Ég get vel hugsað mér, að hann búi einhversstaðar fyrir utan bæinn, því að hann mun fá nógan hávaða á daginn, þó að hann fái næturnar fríar. Ég vil líka minna á það, að ríkið á aðrar lóðir fyrir þjóðhýsi; Arnarhólslóðirnar eru að mestu leyti óbyggðar ennþá. Ég vil, til þess að sýna fram á, hvað þetta er mikil fjárhagsleg fjarstæða, taka það fram, að engin af þessum byggingum getur gefið af sér 6% af bráttókaupverðinu, en til þess að renta og halda við hinum gömlu og lítilfjörlegu húsum, sem á lóðunum standa, þyrfti eignin að gefa af sér minnst 10 til 12%. Það gerði náttúrlega ekki mikið til, ef fyrir lægi að reisa þessi þjóðhýsi nú þegar, en þar sem yfirlýst er, að það liggi ekki fyrir, vil ég fullyrða, að kaup á þessum eignum sé óforsvaranleg ráðsmennska á ríkisfé. Hafa flm. þessa máls gert sér grein fyrir því, í hvaða verði þessar eignir koma til með að standa ríkissjóði t. d. að 50 árum liðnum, ef þær gefa aðeins 5—6% í viðhald og vexti, en þurfa minnst 10—12% á ári, — þ. e. gefa aðeins af sér viðhald, en enga vexti. Mér telst svo til, að þá tvöfaldist kaupverðið á ca. 12 árum, og að í

raun og veru kosti eignirnar að 50 árum liðnum ríkissjóð ca. 1600 þús. kr. Það myndi því betra fyrir okkur að kaupa og rífa niður góðar byggingar en að kaupa eignirnar nú og liggja svo með þær jafnvel það sem eftir er af öldinni.

Ég held, að hv. þm. ættu að átta sig betur á málinu, áður en þeir binda sig við þessi kaup, að jafnlítt athuguðu máli. Sem sagt, ég vildi a. m. k. láta hv. dm. vita mína meiningu um þetta til þess, þegar þetta á sínum tíma kemur á daginn, að ég hafi þó vakið athygli á þessu.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það hafa komið nokkrar aths. út af því, sem ég talaði um í gær, og vildi ég nota tækifærið til að minnast á þær. Hv. þm. Seyðf. var harðorður í ummælum sínum um brtt., sem ég bar fram á þskj. 207. Hann taldi, að hér væri ekki um nema verklegar framkvæmdir að ræða. Hv. þm. veit, að það er um meira að ræða en verklegar framkvæmdir. Það er fjöldamargt annað en verklegar framkvæmdir í fjárl., sem ekki er lögbundið. Ég hefi við fljóta athugun litið svo á, að helmingi hærri upphæð sé um að ræða en hv. þm. Seyðf. nefnir, og hann veit, að hér er á ferðinni frv., sem leysir þetta mál, sérstaklega með atvinnubótum. Þetta er mál, sem ekki er ástæða til að blanda inn í umr. nú, þar sem meiri hl. hv. d. hefir þegar ákveðið að afgreiða það í sambandi við sérstakt frv.

Hv. þm. Seyðf. fer háðulegum orðum um þessa heimild til lækkunar á útgjöldum ríkisins handa stj. og fjvn. á vetrarþinginu. En ég get sagt bæði þessum hv. þm. og öðrum, að það er tilætlunin að gera fleira til að lækka útgjöld ríkisins. M. a. býst ég við, að fram verði látin fara rækileg athugun á rekstri ríkisstofnananna með það fyrir augum að gera hann ódýrari. Ég álít fyllilega réttmætt að gera slíkar ráðstafanir sem þessi heimild felur í sér, eins og nú stendur á. Því að meðan góðæriskafli gengur yfir, er jafnan hætta á, að ekki sé haldið eins spart á og ella. Því er ástæða til, að athugað sé í lok hvers góðæriskafla, hvort ekki sé réttmætt og eðlilegt að draga úr ýmsum þeim kostnaði, sem ekki var horft í í góðærinu. Þessi heimildartillaga er ekki nema einn liður af mörgum, sem eiga að miða í þá átt.

Hv. þm. Seyðf. kallar það skrípaleik, að vilja fá heimild til að draga nokkuð úr útgjöldum ríkisins, en koma um leið fram með frv. í því skyni að afla fjár til atvinnubóta. En ég ætla, að segja mætti með ekki minni rétti, að ýmsar aths. hans væru skrípaleikur. Hann sagði m. a., að ekki veitti af því að hin nýja stj. færi að sýna sig. Var svo að heyra, sem hann áliti, að framkoma hinnar nýju stj. í atvinnu- og fjármálum yrði viturlegri en þeirrar, sem nú fer með völd. Heldur hann, að væntanleg stj. styðjist við annan flokk en Framsóknarflokkinn? Eða heldur hann, að þessi till. mín sé komin fram móti ráðum og vilja míns flokks? Það er því ekkert annað en skrípaleikur að þykjast vera að gera ráð fyrir, að hin nýja stj. verði „betri" í þessum efnum.

Ekki verður það heldur skoðað annað en skrípaleikur hjá hv. þm., að halda því fram, að þessi till. sé fram komin til að standast kostnað við eitt frv., sem er á leiðinni. Frv. þetta lá fyrir á þinginu í vetur, og skal ég segja hv. þm. Seyðf. það til hróss, að hann veitti því þá stuðning sinn og hjálpaði mér til að halda því í því horfi, sem það er nú í. Það er skjalfest í nál. landbn. í Ed., að kostnaður við þetta frv. getur ekki farið fram úr 20—30 þús. kr. árl. og kostnaðurinn á næsta ári fer að líkindum ekki yfir 10 þús. kr.

Þá hafa þeir hv. 2. þm. Skagf. og hv. 1. þm. Rang. borið fram aths. út af till. um heimild til að kaupa lóðirnar austanvert við Lækjargötu. Þeir vörpuðu báðir fram þeirri spurningu, hvaða hús stj. vildi láta reisa á lóðunum. Ég vil geta þess, að stj. hefir ekkert annað gert í þessu máli en að hlýðnast vilja Nd. Nd. óskaði eftir tilboðum og ríkisstj. hefir útvegað þau og lagt fyrir hv. d. Ríkisstj. á því ekki frumkvæðið að þessu máli. Hinsvegar tel ég sjálfsagt, að landið festi kaup á lóðum þessum og tel það mikilsvert framtíðarmál. En ég álít það alls ekki liggja fyrir mér að gera „plön" um byggingar á þessum lóðum. En ég get þó nefnt byggingu, sem ég tel, að þurfi að rísa þar innan skamms og það er stjórnarráðshús. Húsið, sem nú ber það heiti, þótti hæfilegt tukthús fyrir hundrað ár-

um. (**ÓTh:** Þá voru líka færri óbótamenn en nú). Landsmenn voru miklu færri þá en nú og óbótamenn sjálfsagt líka.

Í þetta hús koma ýmsir ágætir menn af öðrum þjóðum til að kasta kveðju á ríkisstj., en þar er þó svo umhorfs, að flestar verzlanir í bænum munu hafa veglegri húsakynni til að taka á móti gestum sínum. Það er sannarlega ekkert ánægjuefni að fara með slíka gesti gegnum forstofu stjórnarráðshússins, en þó eru það oft einhver fyrstu kynnin, sem þessir menn fá af íslenzkri menningu.

Í dómsmrn. er svo áskipað, að menn geta vart unnið þar fulla vinnu fyrir þrengslum. Þar er skjalabunki ofan á skjalabunka, svo að ekki verður þverfótað. Ég álít því, að bygging stjórnarráðshúss geti af engum ástæðum dregizt lengi, og að slíkt hús eigi að standa sunnan við Bankastræti. Þá má einnig benda á það, að reisa þarf, er stundir líða og ástæður leyfa, hús fyrir háskólann, Alþingi og hæstarétt.

Hv. 1. þm. Rang. spurði, hvenær ætti að byggja á þessum lóðum. Þeirri spurningu get ég ekki svarað, heldur mun Alþ. gera það á sínum tíma. Eins og ég hefi áður sagt, hefir stj. aðeins framkvæmt vilja Alþ. í þessu máli, að leita tilboða.

Hv. 1. þm. Rang. taldi eins gott að kaupa þessar lóðir síðar. Ég er honum sammála um það, ef það væri mögulegt. En mér er sagt, að K. F. U. M. muni mjög bráðlega byggja stórhýsi á hornlóðinni milli Lækjargötu og Bankastrætis, ef ekkert verður að gert. Ég skal játa það, að ef ekki hefði staðið þannig á, hefði ég ekki talið réttmætt að bera þessa till. fram nú.

Hv. þm. sagði ennfremur, að breyting sú, er skapazt hefði hér á Alþ. um þessi lóðakaup, hefði orðið til að hækka lóðirnar í verði. En ef svo er, stafar sú hækkun ekki af því, að stj. hafi leitað tilboða, heldur af yfirlýsingu Alþ. Sú yfirlýsing hefir orðið til þess að opna augu eigendanna fyrir því, hve ágætlega þessar lóðir eru fallnar fyrir ýmsar opinberar byggingar. Hér er því ekki um neina óeðlilega hækkun að ræða.

Hv. 1. þm. Rang. benti á, að ef þessar lóðir rentuðu sig ekki, yrðu þær dýrari með hverju ári. Ég tel víst, að tvær þessara lóða renti sig, en ein að líkindum ekki.

Hv. 2. þm. Skagf. spurði, hvort stj. hefði tekið fé, sem ætlað var til ákveðinna framkvæmda, og notað það til annars. Hv. þm. nefndi engin sérstök dæmi, svo ég tæki eftir, (**MG:** Ég gerði það), en ég býst við, að hann hafi átt við veg í Skagafirði. Get ég upplýst, að ákveðið er, að sá vegur verði lagður fyrir það fé, sem til hans var veitt. (**MG:** En símalínan?). Um það efni get ég ekki gefið upplýsingar að svo stöddu.

Hv. þm. G.-K. talaði um aðrar aðferðir til sparnaðar á ríkisfé eins og almennan niðurskurð. En ég hygg, að allir viðurkenni, að þar sé um mun harkalegri aðferð að ræða en þá, sem till. felur í sér, einkum þar sem þar á að vera samferða fullkomnara eftirlit með rekstri ríkisstofnana í sparnaðarskyni. Mér finnst því hv. þm. G.-K. standa illa að vígi um að fallast ekki á till. mína.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Ég flyt hér till. á þskj. 183 ásamt hv. þm. Barð., um 1500 kr. styrk til Sigurðar Skúlasonar meistara til rannsókna á fornbókmenntum vorum. Þessi ungi vísindamaður er nú þegar orðinn svo kunnur, að óþarfi ætti að vera að fjölyrða um réttmæti þessarar till. Dómbærir menn telja fornbókmenntarannsóknir hans mikils virði, en hinsvegar veitist honum, sem vonlegt er, erfitt að gefa sig að þeim án einhvers fjárstyrks. En þar sem mér finnst ekki blása byrlega í hv. d. fyrir brtt. sem þessari, veit ég ekki hvort ég að þessu sinni hætti henni undir atkv. Þessi maður er ungur og á vonandi langa framtíð fyrir sér, og ætti því síðar, þegar betur lætur í ári, að eiga vísan stuðning hv. Alþ. til fræðiiðkana sinna.

Þá á ég aðra brtt., um 1000 kr. til Odds Oddssonar, til að skrásetja þjóðlegan menningarsögulegan fróðleik. Til vara flyt ég till. um 800 kr., og við þá till. hefi ég flutt brtt. um 600 kr. styrk, sem skoða á sem þrautavaratill. Þessi rithöfundur er alþýðumaður og hefir aflað sér menntunar af sjálfsdáðun. Hann hefir einkum ritað um starfshætti og þjóðarhagi, sem nú eru að falla í gleymsku, og hefir margt í smíðum enn. Hann er aldraður maður

og farinn að heilsu, en þó eigi svo, að hann geti eigi fengizt við ritstörf. Ritsnilld hans og ágæt meðferð íslenzks máls er viðurkennd af öllum, sem hafa lesið ritgerðir hans.

Ég teldi því vel við eiga, að þessi maður fengi nokkurn styrk til að halda þessu starfi sínu áfram. Ég vona, að hv. d. líti eigi svo á, að ekki beri að hlúa að andlegu lífi, þótt hart sé í ári. Fátt hefir orðið Íslendingum til meiri hvatningar og viðreisnar en bókmenntastarfsemi þeirra og fræðimennska. Það er sá arineldur, sem þjóðin hefir sótt yl sinn til. Starf þessa manns er að því leyti hliðstætt fornbókmenntum vorum, að hann er að forða frá gleymsku ýmsu góðu og nýtilegu úr þjóðlífi liðins tíma.

Þá flyt ég brtt. um að Páli Guðmundssyni á Baugsstöðum verði ætlaðar 1500 kr. til varnar sjávarágangi og sandfoki þar. Flutti ég þessa till. við 2. umr., en tók hana þá aftur í því trausti, að hv. fjvn. tæki hana upp. En fjvn. hefir haft á móti því, að þessi upphæð væri veitt sem sérstakur liður. Hæstv. forsrh. hefir látið í ljós við mig, að sérstök ákvæði þyrfti ekki um þetta, og í trausti þess, að þessi maður verði ekki afskiptur, get ég því tekið till. mína aftur.

Ennfremur flyt ég XLIX. brtt., um 4000 kr. til dýpkunar á innsiglingu leiðarinnar á Stokkseyrarsundi. Ég flutti brtt. um sama efni við 2. umr., en á þskj. hefir láðst að geta þess, að helmingur komi á móti þessari upphæð frá hreppnum, og hefi ég flutt brtt. um það. Menn eiga að sækja bjargræði sitt á sjóinn um þessa leið, sem mörgum hefir orðið að fjörlesti. Ég get svo látið máli mínu um þessa till. lokið.

Ég sé enga ástæðu til þess að fara að fjölyrða um fjárl. í heild eða einstakar brtt., sem nú liggja fyrir. Ég get aðeins vikið lauslega að umr. þeim, sem spunnizt hafa út af till. þeirri, sem hæstv. forsrh. flytur hér, um lóðakaup í Reykjavík.

Mér þykir ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að hæstv. ráðh. geri þinginu grein fyrir því, hvað þessu máli líður, og till. á því að mínum dómi fullan rétt á sér. Þingið hefir áður látið skýrt í ljós vilja sinn í þessu efni, þar sem árið 1930 var samþ. þáltill. því viðvíkjandi. Hæstv. ráðh. minnti, að till. þessi hefði aðeins verið samþ. í Nd., en svo var ekki. Hún var samþ. í sameinuðu þingi með 25 : 10 atkv., 4 þm. voru fjarstaddir þegar atkvgr. fór fram. Samkv. þeirri yfirlýsingu þingsins finnst mér sjálfsagt, að þessi till. hæstv. ráðh. komi nú fram. Það er meira að segja mjög áríðandi að flýta þessu máli, því að nauðsynlegt er fyrir bæinn að tryggja sér þessar lóðir. Þetta er einn fegursti staður bæjarins, og þó lítt byggður, og eru lóðirnar því tilvaldar fyrir ríkið undir þau hús, sem ég veit, að það í framtíðinni verður að láta reisa.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Í kvöldkyrrðinni hér fyrir nokkrum dögum flutti ég ræðu fyrir þeim brtt. mínum, sem ég sumpart flyt einn og sumpart með hv. þm. Borgf. En mestur hluti hins háa Alþingis var þá staddur niðri í K. R.-húsi, til þess að horfa á heimsmeistarann tefla skák. Og þótt ég bæði stólana þeirra fyrir skilaboð, þá veit ég ekki, hvort hv. þdm. hafa fengið þau með skilum. Það væri því réttast, að ég bæði hæstv. forseta um leyfi til þess að mega lesa aftur upp þessa ræðu mína, því að það er sama og að fleygja till. sínum skýringalaust fyrir þingið, ef maður talar einungis um þær við tóma stóla. Ég mun þó ekki biðja um þetta leyfi, þar sem margir hv. þdm. munu hvort eð er ekki vera komnir til þess að láta sannfærast.

Það er ekki nema eðlilegt, þótt hv. frsm. fjvn. segi ekki margt um hverja einstaka brtt. við frv., því að hann mun hafa verið einn þeirra, sem voru að læra af meistaranum, og hlustaði því ekki á þessa ræðu mína. Ég get því ekki mikilli vörn við komið, þegar hann segir með afarvægum orðum, að hann geti ekki fallizt á þessar till. mínar í heild.

Ég vildi viðvíkjandi V. brtt. á þskj. 183, um styrkinn til vísindafél. og tónlistarskólans, endurtaka það, sem ég áður sagði, að hér er um brýna nauðsyn að ræða, og engar hugleiðingar um kreppu og fjárþröng mega standa í vegi fyrir samþ. þessara tillagna. Þessar upphæðir eru ekki svo háar, að ríkið muni nokkurn skapaðan hlut um að greiða þær, hvernig sem árar. Það sem verður að líta á, er, hvort þessar stofnanir eru þarfar

eða ekki. Ég vil leyfa mér að fullyrða, að tónlistarskólinn er blátt áfram til stórkostlegs sparnaðar fyrir þjóðina, þó að honum verði lagt það fé, sem nú er farið fram á. Eins og nú er, þurfa þeir menn, sem á hljóðfæraleikurum þurfa að halda, að fá þá frá öðrum löndum og greiða þeim tugi þúsunda fyrir starf, sem Íslendingar sjálfir gætu innt af hendi, ef þeir hefðu tök á að fullkomna sig í þessari fögru list, tónlistinni. Þó að ekkert væri annað en það, að koma upp hóp góðra hljóðfæraleikara, sem gætu annað þeim störfum, sem þarf að vinna í þessum efnum í landinu, þá ætti Alþ. fúslega að veita nokkurn styrk til þess, að slíkt mætti takast. Nú er það svo, að milli 20 og 30 áhugasamir menn hafa lagt á sig mikið erfiði og fjárútlát, til þess að tónlistarskólanum mætti auðnast að starfa áfram og veita þeim þá þekkingu og fullkomnun í list sinni, sem þeim er nauðsynleg. Virðist því ekki vera nema eðlilegt, að Alþ. hlaupi nokkuð undir bagga með þessum mönnum.

Styrkinn til vísindafél., 1000 kr., ætla ég ekki að fara að verja á þeim grundvelli, að það sé beinn fjárhagslegur gróði að því að veita hann. En þetta fél. gefur nú út nokkur rit á erlendum málum, sem það svo sendir háskólum, vísindastofnunum og fræðimönnum víðsvegar um heim allan, og fær svo aftur frá þessum mönnum og stofnunum ný og merkileg sérfræðirit. Vísindafél. mun á þennan hátt brátt eignast allmerkilegt bókasafn, sem mundi kosta stórfé, ef þyrfti að kaupa það. Vitanlega er aðaltilgangur fél. að hafa félagsskap með hinum ýmsu sérfræðingum og fræðimönnum.

Um Gagnfræðaskóla Reykvíkinga þarf ég ekki að segja meira en ég hefi þegar gert. Menn vita, að þetta er einn af stærstu skólum landsins. Hann hafði síðastliðinn vetur um 120 nemendur og hið bezta kennaralið.

Þar sem það er viðurkennt, að þessi skóli er einn hinna beztu á landinu, þá virðist mér ekki ástæða til þess að eyða mörgum orðum að jafnsjálfsögðu máli eins og því, að hann fái þennan styrk.

Eina till. á ég, sem ég hefi enn eigi talað fyrir. Það er 1. till. á þskj. 205, sem ég flyt ásamt hv. þm. Dal. og hv. 3. þm. Reykv. Hún fjallar um það, að styrkur sá, sem hefir staðið í fjárl. undanfarið til Karlakórs Reykjavíkur, fái að haldast.

Reynslan sýnir, að kórsöngvar eru hvarvetna mikils metnir á meðal hinna menntuðu þjóða, einkum þó karlakórssöngvar. Það er áreiðanlegt, að við Íslendingar höfum hæfileika til þess að komast mjög langt á þessu sviði söglistarinnar, en það er líka áreiðanlegt, að fullkomnun á því sviði kostar mikið erfiði og mikið fé. Það er afarnauðsynlegt, að hinar einstöku raddir séu þrautæfðar, svo að hægt sé að beita þeim til fulls hvort er á háum eða lágum tónum. Karlakór Rvíkur vantar tilfinnanlega æfingu og góða tilsögn um nokkurt skeið, svo að hann geti tekið verulegum framförum. Það er auðvitað, að þessi litli fjárstyrkur, sem hér er farið fram á, getur ekki nægt til þess að útvega fél. þá kennslu, sem það þarf að fá sér. Meðlimir kórsins verða að leggja fram mikið fé, auk þess sem þeir verða að fórna miklum tíma í starf sitt og nám, því það er afarerfitt að halda uppi slíku söngfél. hér á landi. Ég vona, að Alþ. muni nú eins og að undanförnu leggja þessu fél. nokkurt fé, svo að þeir menn, sem í því eru, þurfi ekki að hætta með öllu við sönginn, en geti aflað sér þeirrar kennslu, sem þeim er nauðsynleg, og komist svo langt á vegi fullkomnunarinnar sem kraftarnir framast leyfa þeim.

Þótt það snerti mig ekki sérstaklega, þá get ég ekki stillt mig um að minnast á till. um heimild til þess að tryggja ríkinu lóðirnar við Lækjargötu, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs. Þetta hefir vakið talsvert umtal, og ég vil fyrir mitt leyti mæla með því, að stj. fái þessa heimild. Það stoða í þessu efni ekki neinar hvatningar um það, að eftir 100 ár myndi borga sig að kaupa og rífa niður þau hús, sem á lóðunum standa. Ég vil bókstaflega ekki hafa þessa húshjalla í 100 ár á þessum lóðum. Ég vil, að reynt verði svo fljótt sem unnt er og byggja á þeim skrauthýsi til prýði fyrir borgina. Það er hörmung að hugsa sér það, að þessi bær, sem stendur á fegurri stað en flestir bæir í veröldinni, og er vel til þess fallinn að gera úr honum listaverk, skuli líta út

eins og hann gerir. Ég vil t. d. benda á, hvernig farið hefir verið með svæðið fyrir vestan tjörnina. Á nokkru af þessu svæði er verið að rækta tré. Þar á að vera skemmtigarður fyrir bæjarbúa. Til beggja hliða liggja grasi vaxnar brekkur, og þar sem byggðin byrjar, er alveg tilvalinn staður fyrir opinberar byggingar. En hvað er gert? Menn flýta sér auðvitað að hrúga þarna upp allskonar sundurleitum húskofum. Þessar lóðir eru svo dýrmætar, að þær verða í framtíðinni keyptar hvaða verði sem er undir hinar opinberu byggingar.

Það, sem hv. 1. þm. Rang. sagði um þetta mál, fannst mér alveg eins talað út úr hjarta bæjarstjórnarinnar gömlu. Bæjarstj. átti sinn drjúga þátt í því að gera bæinn ljótan, með allskonar smekkleysi í húsabyggingum. Ég er að mörgu leyti ánægður með stj. bæjarins mála, en það er blátt áfram eins og gert hafi verið samsæri um það að láta bæinn líta sem allra verst út. Það er raunar engin furða, þótt menn, sem aldir eru upp í slíkum skoðunum, séu á móti því, að bærinn tryggi sér lóðir, sem hann hefði fyrir löngu átt að vera búinn að eignast, t. d. undir hið væntanlega ráðhús. En úr því að bærinn hefir nú ekki tryggt sér þessar lóðir, þá er ég sárfeginn því, að ríkið skuli nú ætla sér að gera það. Hvort byggt verður fyrr eða síðar á þessum lóðum er ekkert aðalatriði. En ég er hinsvegar alveg viss um, að það líður ekki öld þangað til, einungis nokkur ár. Það er óhjákvæmilegt, að ýmsar opinberar byggingar verði byggðar innan skamms. Ég býst ekki við því, að þessi ómyndarskemma, sem nefnd er Arnarhváll, verði lengi látin duga, heldur verði byggt stjórnarráðshús, þar sem allar skrifstofur ríkisins rúmast. — Staðurinn milli Bankastrætis og Amtmannsstíg er alveg mátuleg framhlið eins húss, mig minnir að það séu um 70 metrar, eða eins og framhlið nýja barnaskólans. Væri þarna tilvalinn staður fyrir veglega stjórnarráðsbyggingu, eða þá fyrir höll hins tilvonandi lýðveldisforseta.

Mér er með öllu óskiljanlegt, að hv. 1. þm. Rang. skuli vilja tylla forsetahöllinni einhversstaðar út fyrir bæinn. Það er satt að segja ekki of mikið af skrauthýsum hér, þótt ekki verði farið með þau vestur að Kaplaskóli eða inn að Elliðaám. Það er nóg, að þjóðleikhúsið verði grafið innan um húsin við Hverfisgötuna, þótt ekki verði svo farið með önnur skrauthýsi langt út fyrir bæinn. (**EA:** Við eigum nú Skildinganes bráðum). Ef til vill á að setja forsetahöllina sunnan við Öskjuhlíðina, til bæjarprýði þar.

Ég hafði hugsað mér að segja nokkur orð um 2. till. á þskj. 207, frá hæstv. fjmrh. Sérstaklega ætla ég að minnast á hana af því að ég verð svo glaður að heyra, þó ekki sé nema rétt einu sinni, rödd hæstv. fjmrh., af því að maður hélt, að hann væri ekki til. Meðan verið var að afgr. fjárl., þá heyrðist aldrei í hæstv. ráðh., svo að það er gaman að heyra, að hann skuli þó muna eftir því, að hann er fjmrh. (**Forsrh.:** Ég talaði 16 sinnum við 1. umr. fjárl.). — Það er hugmynd okkar hv. þm. Borgf. að setja einhvern slíkan varnagla sem þessi brtt. felur í sér. En það er gott, ef hægt er að koma þessum hugmyndasnauðu mönnum eitthvað úr höfn, þótt það sé dálítið einkennilegt, hvernig þetta hefir snúizt fyrir hæstv. stj. Eftir okkar till. voru þær ályktanir dregnar af hóflausri umframeyðslu stj. á undanförnum árum, að Alþ. yrði nú að tryggja sitt vald, þegar ágreiningur yrði á milli þess og stj. um fjárveitingavaldið. Þetta vildi stj. og hennar flokkur ekki gera. En í stað þess hefir till. okkar snúizt svo í höndum stj., að með því að samþ. hana eins og hún er nú, þá er stj. tryggt fjárveitingavaldið sem svarar að ¼ hluta. Mér sýnist muni vera hægt að túlka þessa till. svo, að stj. geti misbeitt valdi sínu mjög hatramlega.

Þegar hæstv. ráðh. mælti fyrir till., gerði hann ótrúlega margar játningar. Hann sagði m. a., að í hverju góðæri safnaðist mjög mikið fyrir í ríkissjóð, og þessu þyrfti að eyða. Það þyrfti að enda hvert góðæri með stórri hreingerningu. Einnig sagði hann, að það sem væri eðlilegt í góðærunum, væri ekki eðlilegt í þeim vondu. Það er að segja, hæstv. ráðh. er farinn að sjá, að stj. hefir farið óviturlega að ráði sínu í góðærunum. Engin stj. myndi hafa farið jafnóviturlega að á góðu árunum og þessi stj. hefir gert. Hverjum skynsömum manni má

vera það ljóst, að eftir gott ár getur komið erfitt ár. Það er því hyggilegra að sóa ekki öllu fénu þegar á góðærunum.

Þetta hefði stj. átt fyrir löngu að sjá. Ef hún gat ekki af eigin ramleik komið auga á það, þá átti hún a. m. k. að taka aðvaranir og bendingar andstæðinganna til greina. Svo segir stj. á eftir, að það hafi safnazt svo mikið inn í góðærunum, að það hafi þurft að sópa því burt. Í erfiðu árunum ætti ríkisstj. einmitt að geta aukið opinberar framkvæmdir og hamlað atvinnubresti.

Ein er sú till. enn, sem ég verð að minnast á. Það er till. sú, sem hv. 2. þm. Rang. flytur á þskj 183, IX, sjúkrastyrkur til Sigríðar Kjartansdóttur vegna sjúkleika manns hennar, séra Jakobs Ó. Lárussonar.

Eins og við vitum, hefir Alþingi áður veitt slíka styrki, en það hefir þó alltaf verið fljótlega hætt við þær styrkveitingar, sökum þess, að ómögulegt var fyrir ríkið að liðsinna öllum þeim, sem þá gátu komið og gert kröfur.

Þessi till. er nokkuð óvanalega, en ég ætla samt sem áður að greiða atkv. með henni. Vil ég þá lítillega gera grein fyrir atkvgr. minni.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, er hann mælti fyrir till., að allir vissu, hvernig á þessum styrk stæði. Já, það er satt, að það vita allir, hvers vegna hann er nú fram kominn, það er beinlínis vegna ráðstafana hins opinbera. Hér er til ágæt stofnun fyrir þá menn, sem þjást af slíkum sjúkdómum sem þessi maður. Henni hefir verið komið upp með ærnum kostnaði og búið að ráða ágætan sérfræðing, sem er þekktur um öll Norðurlönd fyrir vísindamennsku, til þess að veita stofnuninni forstöðu. En svo gerir einn ráðherranna, sem hv. 2. þm. Rang. einmitt styður, sér lítið fyrir og rekur hann burt, einungis af því að ráðh. vildi hefna sín fyrir persónulega mótgerð. Þannig var þessi eini bjargvættur hinna sárþjáðu manna hrakinn burt frá spítalanum. Afleiðing þessa er sú, að nú ganga hundruð manna og verða að leita sér ásjár annarsstaðar.

Þessi burtrekni læknir hefir sem betur fer ekki farið af landi burt, en það er samt afarkostnaðarsamt að njóta lækninga hans. Ekki svo mjög frá hans hendi, heldur vegna þess, hve miklum erfiðleikum það er bundið að koma slíkum sjúklingum fyrir. Ég veit dæmi til þess, að þurft hefir að greiða 96 kr. á sólarhring með slíkum sjúklingi. Hið venjulega er svona frá 12 upp í 35 kr.

Allan þennan kostnað þurfa sjúklingarnir að greiða, vegna þess, að einn ráðh. þurfti að hefna sín!

Mér finnst því alveg sjálfsagt að koma með aðra eins styrkbeiðni eins og þessa, sem hv. 2. þm. Rang. flytur. Það er eins og hið opinbera sé að kannast við ávirðingar sínar.

Ég mun greiða atkv. með hverri fjárbeiðni, sem fram kemur frá þessum sjúklingum, unz spítalinn er aftur kominn í gott horf.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég hefi ástæðu til að segja að þessu sinni.

Forseti (JörB): Útbýtt hefir verið í deildinni brtt. á þskj. 222. Til þess að till. þessi megi koma til umr. og atkv., verður að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Sveinbjörn Högnason: Það er aðeins örstutt aths., sem ég óskaði að gera viðvíkjandi tveimur brtt. á þskj. 207, sem ég hefi komið fram með.

Sú fyrri er þess efnis, að aftan við brtt. 183, XXII, 2, komi orðin „ef fé er fyrir hendi“, og ennfremur, að við 13. gr. c, VIII, á eftir: til bryggjugerða og lendingarbóta, komi "ef fé er fyrir hendi í ríkissjóði“. Ég vildi skýra frá því, af hvaða ástæðu ég kem fram með þessar brtt., af því að ég hefi orðið þess var, að þær hafa valdið dálitlum misskilningi. Ég hefi borið þær fram vegna þess, að hv. fjvn. hefir þóknazt að setja aftan við brtt. um að brúa Þverá í Rangárvallasýslu orðin „ ef fé er fyrir hendi“. Um leið vildi ég leiðrétta það, að í brtt. stendur Þverá á Rangárvöllum, en á að vera Þverá í Rangárvallasýslu, því að brúin mun eiga að vera hjá Dufþaksholti, en ekki á Rangárvöllum.

Í sjálfu sér álít ég ekki, að það skipti svo miklu máli, hvort þessi orð standa

aftan við till. eða ekki, en það, að ég fer fram á, að samskonar aths. sé tengd aftan við hina tvo liðina, orsakast af því, að með því vil ég leggja áherzlu á, að þær fjárveitingar eru að engu leyti réttlátari en þessi til Þverárbrúar, og framkvæmdirnar heldur engu nauðsynlegri.

Þá vil ég fara örfáum orðum um þær brtt., sem ég hefi borið fram ásamt hv. samþm. mínum, og þá fyrst og fremst um sjúkrastyrkinn til Sigríðar Kjartansdóttur í Holti. Hv. frsm. fjvn. segir um þá till., að það eina, sem hann hafi á móti þessari fjárveitingu, sé fordæmið. En ég vil segja hv. frsm. það, að fordæmið er hér fyrir hendi. Alþ. er oft búið að veita svipaða sjúkrastyrki. Það er aðeins í einu tilfelli, sem hv. d. gæti gefið slæmt fordæmi, og það er með því að fella þessa till., það fordæmi, að fella styrkveitingu þar sem þörfin er mest og brýnust.

Þá vil ég beina örfáum orðum til hv. 4. þm. Reykv. Hann minntist einnig á þessa liði. Það var nú að vísu rétt af hendingu, að ég veitti því eftirtekt, því að hann þarf um alla hugsanlega hluti að tala, þó að það sé ekki alltaf af miklum skilningi eða rökfestu gert, sem varla er heldur von, þó að skilningur hans sé kannske mikill á mörgum sviðum. En þessi hv. þm. er búinn að sannfæra mig um það, sem ég hafði tæplega trúað áður, að ef maður heyrir lengi sama hljóðið, þó að hátt sé, þá hættir maður að taka eftir því, er maður venst því. Ég minnist þess, þegar ég kom í fyrsta sinn um borð í mótorskip, þá kvartaði ég undan hljóðinu í mótornum, hve hátt það væri og truflaði mikið, en sjómennirnir sögðu mér, að þegar menn hefðu hlustað á það nokkra stund, þá hættu menn alveg að gefa því gaum. Hv. 4. þm. Reykv. hefir sannfært mig þennan tíma, sem ég hefi verið í þessari hv. d., um að þetta er rétt. Það veður á honum um alla hluti, svo að allir hv. dm. eru dauðleiðir orðnir og hættir að gefa orðum hans nokkurn gaum.

Hann lýsti yfir því, sem mér vitanlega þótti vænt um, að hann ætlaði sér að fylgja þessari till., en ekki vegna skilnings á málinu, ekki vegna þarfarinnar, heldur ætlaði hann að fylgja því af eintómum misskilningi. Hann var náttúrlega ekki lengi að finna, hverjum sjúkdómurinn væri að kenna. Ég skal ekki fara langt úr í það efni. Ég býst við, að honum sé jafnókunnugt um orsakir þess sjúkdóms og mér, en það er harla óviðkunnanlegt, og ekki sízt af honum, að blanda slíku inn í, þegar verið er að biðja um styrk, sem mikil þörf er fyrir og sennilegt, að allir séu sammála um að veita, þó að ekki væri nema af mannúðarskyldu.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum nú um það, sem hv. þm. sagði um þetta atriði. Mér gefst sennilega tækifæri til þess seinna hér í þinginu að svara honum.

Þá er önnur brtt., sem ég hefi borið hér fram, um að hækka eftirlaun Ögmundar Sigurðssonar skólastjóra upp í 2500 kr. Hv. frsm. fjvn. sagði, að n. væri á móti þessari till., af því að hún sæi ekki ástæðu til að verða við henni öðrum fremur, en ég held, að ég hafi sýnt fram á, þegar ég mælti með þessari till., að hér væri einmitt ástæða til þess fremur en í öðrum tilfellum, þar sem þessi maður hefir starfað í mörg ár og haft mjög lág laun. Það er því ekki nema sanngjarnt og sjálfsagt, að hann fái þessa viðurkenningu nú, þegar hann hefir látið af störfum. Ég vona því, að hv. frsm. og fjvn. taki þetta til greina og fylgi mér að því að veita þessum ágæta starfsmanni nokkra viðurkenningu og uppbót á þau litlu laun, sem hann í svo mörg ár hefir haft.

Jón Ólafsson: Ég má ekki flytja hér nema stutta aths.

Mér þykir leitt, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér í d., því að við hann þyrfti ég að ræða. Það er sennilega svo komið, að búið er að ganga svo frá þessu máli, lóðakaupum ríkisstj., og svo margir komnir inn í það, að það er víst vonlítið, að hægt sé að koma vitinu fyrir forgöngumenn málsins. Ég verð að segja hæstv. forsrh. það, út af því, sem hann var að tala um, að menn mættu fyrirverða sig fyrir að þurfa að bjóða útlendingum inn í þau hús, þar sem ríkisstj. situr, að þjóðin þarf ekki að fyrirverða sig fyrir það. Það er að mínu áliti betra að hafa lítið hús með gildri pyngju en stóra byggingu með galtómum sjóði. Við höfum nú tæp-

lega ráð á að standa skil á þeim gjöldum, sem eru lögboðin, og er því hálfbroslegt að heyra talað um nauðsyn stórbyggingar í því fjármálaástandi, sem nú ríkir, og hlýtur að láta eftir hin ömurlegustu spor fyrir framtíðina. Þetta er það, sem undir öllum kringumstæðum verður að athuga, þegar verið er að tala um stórar skrautbyggingar og annað eftirlæti, sem lítil þjóð hefir ekki ráð á. Komi það fyrir, að mönnum sýnist stjórnarráðshúsið of lítið fyrir þá, sem þar eiga að sitja í framtíðinni, þá er ekki annað en að brjóta það niður og byggja annað upp. Það er miklu ódýrara, enda mun það tæplega koma til mála, að stjórnarskrifstofurnar verði fluttar af þessum ágæta stað með aðgang á þrjá vegu. Byggði þjóðin nú fyrir vöxt hennar um aldaraðir, yrði það henni of dýrt vegna vaxta og viðhalds, og jafnvel miklu dýrara en niðurrif og endurbygging eftir vissan árafjölda.

Ég er alveg hissa á þeirri bjartsýni, sem lýsir sér í þessu lóðakaupamáli upp á 400 þús. kr., sem ekki þarf að nota í náinni framtíð, og eyða þar með stórfé frá ríkissjóði, sem ætið mun hafa of lítið fé til nauðsynlegra framkvæmda til hagsbóta fyrir almenning.

Ég get sagt til dæmis um þetta, að fyrir nokkrum árum keypti Reykjavíkurbær eign fyrir 150 þús. kr., en er nú að verðmæti um 50 þús. kr. Bærinn varð auðvitað að taka lán og borga af því 8%, en fær af þessu 2½%. Þeir, sem vilja, geta nú reiknað, hvað lengi þessi eign verður að komast upp í milljónir, nú er hún komin á 4. hundrað þúsund kr. Ef þetta er kallað gott ráðlag, þá er best að fylgja því fordæmi í þessum lóðakaupum fyrir ríkissjóð. En ég er sannfærður um það, að þegar menn átta sig á þessu, þá komast þeir að raun um, að hér hefir verið farið gálauslega með fé ríkissjóðs.

Ég hefi sérstaka ástæðu til að víta ríkisstj. fyrir þessa till. eða fyrsta flm. hennar, hæstv. fjmrh. Ég víti og það algerða hugsunarleysi, sem hér er um að ræða, alveg eins og hv. 4. þm. Reykv. játaði, að hann fylgdi þessu, án þess að hann hefði reiknað út eða hugsað um, hvað verið væri að gera. Annars virtist mér hæstv. fjmrh. heldur á því, að þetta væri ekki sem best ráðið, en hann sagði aftur á móti, að það væri æskilegt að eiga góða lóð fyrir byggingar, sem hann varðist allra frétta um, hverjar yrðu. En ég held, að það sé ekki mikill vandi fyrir stjórnina að vita það. Hún getur vel séð, hvað erlend ríki eru bundin við að eiga af þjóðhýsum og farið eftir því. Mér er ekki nærri nóg, að því sé slegið upp, að forseti lýðveldisins eigi að eiga þarna heima o. s. frv.

Hv. 4. þm. Reykv. þóttist heyra hjá mér þetta gamla hljóð frá bæjarstj. Rvíkur. Ekki skal ég bera á móti því, en ekki býst ég við, að bæjarbúar telji sig líða fyrir það. En sennilegt er það þó, að ýmsir málskrafsmenn, skilningslitlir á hinar heppilegustu og hagkvæmustu hliðar málsins, finni ástæðu til aðfinnslu.

Því hefir oft verið haldið fram, að þm. Reykv. vildu allt undir Rvík. Í þessu máli eru það ekki hvað sízt sveitaþm., sem ýta undir þetta hið stærsta lóða- og húsabrask, sem drifið hefir verið hér síðan Rvík byggðist.

Hv. 4. þm. Reykv. opinberaði nú sinn þekkingarskort og nekt í þessu máli, því að hann segir, að hér dugi engir útreikningar; þessar lóðir verði að kaupa til að prýða bæinn. Ég held, að þeir, sem búa hér í bæ og gera sér grein fyrir því marga, sem vantar til þess að fólki geti liðið sæmilega, séu ekkert að hugsa um að brjóta niður gömlu byggingarnar til að prýða bæinn. Ef hv. þm. vildu tala um þetta með alvöru, þá væri öðru máli að gegna. En þessu er slegið fram og talað um það með staðlausu fleipri. Þessi sami hv. þm. talaði um þessa rödd bæjarstj. Það er sú rödd, sem heldur á móti því — þó að hún verði borin ofurliði — að kaupa eignir, sem munu, eins og nú þegar er komið á daginn, koma til með að kosta svo mikið í framtíðinni, að ekki verður með tölum talið.

Það, sem aðallega vakti fyrir hv. 4. þm. Reykv., var það, að í bæjarstj. væri ekki nógu mikil fyrirhyggja með eitt og annað, t. d. til að hugsa fyrir góðum stað, þar sem hægt væri að byggja opinberar byggingar, en hverjar þessar opinberu byggingar væru, var auðvitað ekki getið um,

nema það væntanlega ráðhús bæjarins, sem löngu er ákveðinn staður. Það lítur ekki út fyrir, að hv. 4. þm. Reykv. þekki fjárhag bæjarins, þegar hann er að tala um þessa kumbalda í bænum, en þar verður þó að sníða stakk eftir vexti, og muna mætti hann það hús, sem hann hefir sjálfur byggt í bænum, og verður ekki séð, að það beri vott um smekkvísi, og hann má ekki halda, að nein bæjarbrýði sé að því, því að hér er ekki hægt að finna óásjálegri kofa! Það er ósköp hægt að draga svo og svo stórar og glæsilegar myndir upp í huganum, en hugsa síðan ekkert um, hvernig eigi að gera þær myndir að veruleika. Hv. þm. hefir dottið í hug, að bústaður lýðveldisforseta yrði nokkurskonar konungshöll, honum datt ekki í hug í bráðina nein önnur leið.

Ég þurfti að tala við fleiri en hv. 4. þm. Reykv., en af því að ég sé, að hæstv. forseti er orðinn óþolinmóður yfir lengd þessarar aths., þá verð ég að setjast niður, en vona, að ég fái að bera af mér sakir, ef þær verða á mig bornar.

Sveinn Ólafsson: Hv. frsm. fjvn. hefir nú kveðið upp nokkurskonar stóradóm yfir flestum brtt. einstakra þm. Mér fannst hann leggja þær flestar niður við sama trogið. Að vísu snertir þetta mig ekki mikið, því að ég á þar aðeins eina og smávægilega till. Hún er á þskj. 194, IV, og veit ég ekki gerla, hver forlög hennar verða, en um hana hefi ég áður talað. Hv. frsm. tók að vísu ekki mjög harkalega á till., en þó fannst mér hann heldur andvígur henni. Ég ætla ekki að gera neina rekistefnu út úr þessari till., en bíða og sjá, hvað verður við atkvgr. Hinsvegar er ein önnur till., sem ég á á þskj. 183 með hv. þm. Vestm., og er mér dálítið annt um hana. Hún er í sjálfu sér smávægileg, en þó hygg ég hana ekki þýðingarlitla og nokkuð athugavert að fella hana. Mér fannst hv. frsm. líta svo á, að þessi till., sem lýtur að 1500 kr. fjárveitingu til að gefa út kennslubók í spönsku, væri borin fram af fordild og hégómaskap, en það er alls ekki rétt. Ég álít, alveg eins og hv. 1. flm. till. tók fram, að það hafi mikla þýðingu fyrir Íslendinga almennt að geta kynnzt spönsku á auðveldan hátt, því að margt bendir til þess, að viðskipti vor við Spánverja muni fremur aukast en minnka, en Spánverjar kaupa nú meira af útflutningsvörum Íslands en nokkur önnur þjóð.

Það er þess vegna hyggilegt að greiða götu viðskiptanna við Spán með útgáfu bókarinnar og mætti vel vera, að Spánverjar teldu sér með útgáfunni sóma sýndan. Ég vil í þessu sambandi minna á atvik, sem gerðist fyrir nokkrum árum. Hið svonefnda fjárhagsráð Spánar leitaði þá til þingsins og stjórnarinnar um það að fá að hafa hér bækistöð fyrir togaraflota spanskan, sem var þá í myndun. Sótt var um að fá að halda hér til á líkan hátt og Englendingar fengu um nokkurt árabil í Hafnarfirði. Jafnframt þessu vorum við átakanlega minntir á það, að viðskipti okkar við Spán væru að öllu í okkar hag. Var því þar haldið fram, að Spánverjar keyptu íslenzkan fisk árlega fyrir 30—40 millj. peseta, en öll kaup Íslendinga á spönskum vörum næmu aðeins 130 þús. pesetum og væri eingöngu salt. Var í erindi fjárhagsráðsins nokkuð fast að orði komizt um þetta og gefið ljóslega í skyn, að Íslendingum bæri að láta einhver fríðindi koma í móti hagsmunum þeim, sem þeir nytu á Spáni. En þó að þetta mál væri fast sótt, þá fór svo, að óskir Spánverja um að fá að halda hér til með togara sína, voru að engu hafðar, auðvitað af gildum ástæðum. En það er samt óneitanlegt, að vér stöndum að vissu leyti í þakklætisskuld við þessa þjóð og getum vænzt þess, að þau kjör, sem við höfum notið þar hingað til, verði erfiðari, þegar stundir líða. Á. m. k. varð þess vart nýlega, að vöknuð var hreyfing þar syðra, að vísu ekki á Spáni, heldur í Portúgal, þar sem sala á íslenzkum fiski hefir verið mikil, um að hækka tollinn á fiskinum að verulegum mun, enda er þess getið til af ýmsum kunnugum mönnum, að tollkjör þau, sem vér höfum búið við síðan 1922 á Spáni, muni bráðlega breytast og verða erfiðari, og að viðskipti öll við Suðurlönd torveldist, ef ekki er að þeim hlúð.

Hér er í raun og veru ekki nema um litla viðleitni að ræða til að sýna, að við viðurkennum á einhvern hátt, að okkur séu viðskiptin hagfelld við þessar þjóð-

ir, og að við gerum okkur far um að styðja okkar land til þess að komast í nánari kynni við þessa þjóð, eins og við mundum gera á þennan hátt. Ég segi ekki, að þetta sé neitt stórvægilegt bjargræði eða fullkomin lausn í því efni að binda haldkvæm viðskiptasambönd við Spán, en það er þó dálítil viðleitni. Þetta er svo lítil fjárhæð, að það skiptir engu máli í sambandi við aðrar fjárveitingar, hvort hún flýtur með eða ekki. En ef vér samþ. till., þá hefir það tvennskonar þýðingu. Fyrst það, að þeim, sem skipta við Spánverja, er gert auðveldara fyrir eftirleiðis, og í öðru lagi verður oss ekki borið á brýn, eins og verða mundi, ef till. yrði felld, að vér forðumst aukin viðskipti við Spánverja og viljum engin mök við þá eiga. Vitanlega hlýtur margt fleira að koma til greina til að auka kynningu milli þessara tveggja þjóða, en kunnátta málsins verður þó alltaf fyrsta byrjun í þá átt.

Ég vil svo ekki eyða fleiri orðum um þetta, en mér fannst ég verða að minna á þessa till. áður en atkvgr. færi fram. Um fjárl. almennt skal ég ekki ræða, það hefir verið sagt svo margt um þær tvær meginstefnur, sem fram hafa komið í till. hv. þm., að ekki er eyðandi að þeim orðum fleiri.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Sessunautur minn, hv. 1. þm. Rang., gerði stutta aths., sem hann flutti svo á 20 mínútum, og þessi mæti maður talaði þar með þeim hita og eldmóði, sem hann er óvanur að viðhafa. En það, sem gladdi mig, var, að af niðurl. ræðunnar sást, að hann er smekkmaður, sem líður beinlínis illa, ef hann sér reist jafnljót hús og hv. 4. þm. Reykv. býr í. Þessi hv. þm., sem leggur svona mikið upp úr bæjarprýðinni, hefir og sýnt það í verkinu með því að festa kaup á einu prýðilegasta húsi bæjarins. Og ef á að leggja vexti við það, sem húsið kostaði, þá mun það kosta hann nokkrar millj. kr. áður en þessi öld er á enda. Ef hann hefir nú þessa lífsskoðun, og þar sem hann er maður, sem er mjög vanur að umgangast háar upphæðir, þá verð ég að segja það, að mér er óskiljanlegt, hvernig hann rís upp gegn þeirri till., sem liggur hér fyrir til umr. Þegar þess er nú líka gætt, að það er búið að eyða 6 millj., án þess að ég muni eftir, að þessi hv. þm. hafi viðhaft eins hörð orð um það og þessi tilætluðu kaup af ríkisins hálfu. Ég verð að leiðrétta það hér, að þessi fjárfúlga er ekki 400 þús. kr., heldur mun það sönnu nær, að þegar allt er lagt niður með venjulegum vaxtakjörum, þá sé upphæðin nær 300 þús. kr. Það er sem sé sú upphæð, sem þarf til að reisa 3 íbúðarhús. Það sýnist ekki vera hægt um það að deila, að það er ekki einungis til mikillar prýði, heldur og mun það viðurkennt, að það sé vel viðeigandi, að ríkið fullnægi þeirri þörf, sem fyrr eða síðar kallar á dyr hjá því um opinberar byggingar, óg hvort sem það verður nú forsetinn, sem býr þar, eða þar verður þinghöll eða stjórnarráð, þá verður því ekki móti mælt, að hér er aðeins um nokkurn árafrest að ræða, þangað til almenningur skilur, að þessi ráðstöfun var af viturleik gerð, og það því fremur, sem upplýst er, að ríkið þarf ekki að hafa neinn verulegan bagga af þessu, þar sem hægt er að ávaxta eignirnar nokkuð sæmilega. Ég sé því ekki neina ástæðu til að gera hér úlfalda úr mýflugu. Ég veit, að allir smekkmenn og allir þeir, sem sjá nokkuð fram í tímann, geta greitt þessari till. atkv.

Ég vildi víkja örfáum orðum að einni setningu í ræðu hv. 2. þm. Rang. í sambandi við till. hans um sjúkrastyrkinn, og það sem hann hefir gert að umtalsefni við hv. 4. þm. Reykv. Hv. þm. sagði, að það færi illa á því, ef hv. 4. þm. Reykv. væri á móti styrkveitingum í líknarskyni. Hv. 4. þm. Reykv. var nú einmitt að geta þess, að hann væri ekki á móti till. En ég vil segja það, að ef það situr illa á hv. 4. þm. Reykv. að vera á móti styrkveitingum í líknarskyni, þá hefir þessi hv. þm. líka gengið drottni á hönd, svo að þetta sama gildir um hann sjálfan. En nú vil ég fræða hann á því, að það stendur eins á fyrir tugum sjúklinga hér á landi, sem fátækir aðstandendur hafa kostað of fjár til, til þess að reyna að bæta úr hinum illa sjúkdómi þeirra. Ef hv. þm. hefir með þessu viljað meina annað en yfirskin og hræsni, þá gefst honum vonandi seinna tækifæri til að greiða

atkv. með ráðstöfun, sem að gagni má verða, og setja aftur í embætti þann lækni, sem er viðurkenndur vísindamaður í þessari grein og sjúklingar eru að leita til utan spítala, vegna þess að ofstækisfullur ráðherra hefir rekið hann úr embætti til þess að hefna sín fyrir persónulega móðgun.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég vildi aðeins segja nokkur orð vegna þess að báðir hv. þm. Rang. hafa gert ræðu mína að umtalsefni. Ég ætla þá að byrja á 1. þm. Rang., því að ég met hann meira, og vil þá segja honum strax, að hann mun ekki þurfa að bera af sér sakir út af því, sem ég segi. Hann lagði áherzluna á það, að ég vildi ekki hirða neitt um kostnaðinn. En það er langur vegur frá því. Ég er með þessu meðfram af þeirri ástæðu, að þetta eru góð kaup og betri kaup en líkur eru til, að hægt verði að fá á þessum lóðum seinna. Svo er líka á það að líta, að á lóðunum standa hús, sem gefa af sér vexti, svo að upphæðin mun að mestu leyti renta sig. Hv. þm. sagði hið sama um skrautbyggingar fyrir bæinn. En það er nú svo, að það verður að byggja skrautbyggingar í bænum, eins og t. d. ráðhús. Og þessar byggingar verðum við að setja á góðar lóðir, því að það er synd og skömm að láta þær á þá staði, þar sem engin bæjarprýði er að þeim. Ég tók það fram í ræðu minni, að yfirleitt væri ég ekki með ákúrur út af stjórn bæjarins. Ég hefi miklu fremur verið verjandi þeirrar stjórnar, sem nú er á málefnum bæjarins, sérstaklega fjármálastjórnarinnar. Ég skal játa það, að það brauzt út margra ára innibyrgð reiði og óánægja yfir útliti bæjarins, þegar ég minntist á þetta. Það er nú svo með smekkinn eins og Rómverjar sögðu, að það er ekki hægt um hann að deila, því að hver hefir sinn smekk og þar við situr. En ég verð nú að segja það, að mitt hús er eitt af þeim fáu húsum hér í bænum, sem ég þyrði að leggja undir dóm skynbærra manna hvað smekkvísi snertir. Það hefir komið fram hjá byggingarnefndinni, hvað menn hafa lítinn smekk fyrir fallegum byggingum í þessum bæ, þar sem hún hefir oft fellt teikningu að fallegum húsum, en leyft önnur, sem voru mjög ljót.

Þá kem ég að lýðveldisforsetanum. Ég minntist nú aðeins á hann, af því að hv. þm. tók hann sjálfur. En ég get sagt það, að ég vil hafa hann í bænum, en ekki fyrir utan bæinn. En af því að þetta er aðeins stutt athugasemd, þá get ég ekki farið lengra út í það.

Ég þarf svo aðeins að minnast á ræðu hv. 2. þm. Rang. Mér kom það ákaflega undarlega fyrir sjónir, hvernig hann brázt við ræðu minni, því að ég held, að ég hafi verið eini maðurinn, sem stóð upp til þess að mæla með till. hans. En þá bregður hann mér um skilningsskort. En ég held þá, að skilningsskorturinn sé ríkari hjá honum sjálfum. Hv. þm. var að bera fram huggunarorð til hv. dm. um það, að ef þeim leiddist ræðumennska hans, þá myndu þeir venjast henni eins og sjómennirnir vélarhávaðanum. Annars verð ég að segja það, að þessi hv. þm. hlýtur að vera allviss um það, að till. verði samþ., þar sem hann ræðst á þá, sem mæla með henni. Ég get nú ekki sagt, að þetta séu heilindi. Það lítur út fyrir, að hann vilji standa á till., en hún verði svo felld. (**SvbH**: Atkvgr. sýnir það). Atkvgr. sýnir ekkert um það. Þar sem hann er að bregða mér um skilningsleysi, þá er auðséð, hvaða leiðbeiningu hann er að beina til hv. þdm. Hv. 1. þm. Rang. datt ekki í hug að ráðast á mig fyrir að hafa mælt með till. Ég vil ráðleggja hv. 2. þm. Rang. að gera sig ekki oftar eins beran að óheilindum.

Sveinbjörn Högnason: Ég skal ekki vera langorður, því þess er engin þörf, þótt svarað sé ræðum hv. þm. G.-K. og hv. 4. þm. Reykv. Hv. 4. þm. Reykv. lét svo um mælt, að hann ætlaði að taka þann fyrr, sem hann mæti meira. En ef ég gerði slíkan mannamun, þá get ég sagt, að ég tæki þann fyrr, sem ég mæti minna, til þess að ljúka því, sem mér væri ógeðfelldara, fyrst. Hann talaði með sinni venjulegu rökfærslu, sem er svo: „Þú skilur það ekki, en ég skil það“, og sem að öðru leyti er fólgin í því að snúa út úr sitt á hvað. Öllum hv. þdm. er svo kunn rökfærsla hans, að ég þarf ekki að fara lengra út í það að skýra hana.

Hann segir, að ég hafi ráðizt á sig fyrir að mæla með till. En ég hélt, að hv.

þm. hefði skilið, að ég taldi það einmitt mjög gott. En það er hann, sem hefir viljað vekja úlfúð í þessu máli. Og hver er það, sem hefir fyrstur leitt asnann inn í herbúðirnar, ef ekki hv. 4. þm. Reykv.? Ég er síður en svo að ráðast á hann fyrir að mæla með till. En það er gert, eins og ég hefi sagt, af misskilningi, en ekki skilningi, eftir því sem hann skýrir sjálfur frá. Og ég tel mjög líklegt, að þessi hv. þm. fylgi oftar réttum málum af misskilningi en skilningi.

Hv. þm. G.-K. ætlaði að ljá flokksbróður sínum stuðning, en ég ætla, að það sé honum bezt, ef hann á annað borð á nokkra sómatilfinningu til, að láta heldur kyrrt liggja að ræða um þetta alræmda Kleppsmál, bæði hér og annarsstaðar, heldur en að vera að ræða um málið og blanda inn í það öllu mögulegu án þess að þar sé nokkurt samband á milli.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. andmælti í gær till., sem ég og hv. þm. Mýr. eigum á þskj. 194, um eftirgjöf á láni til Mjólkurfél. Mjallar í Borgarfirði, á þeim grundvelli, að það væri ekki rétt að gera Búnaðarbanka Ísl., sem fékk Viðlagasjóð, að skyldu að gefa þetta eftir. Hæstv. forsrh. vildi, að till. hljóðaði upp á það, að Búnaðarbankinn fengi þetta endurgreitt úr ríkissjóði.

Ég hefi nú athugað, hvernig slíkum eftirgjöfum hefir verið hagað síðan Viðlagasjóður rann inn í Búnaðarbankann og séð við athugun á fjárl. fyrir árið 1931 3 till., þar sem ákveðið er að gefa eftir lán úr Viðlagasjóði, án ákvæða um endurgreiðslu af ríkissjóðs hálfu. Þetta hefir komið til framkvæmda á þessu ári, en lögin um Búnaðarbankann voru afgreidd 1929, og má því ætla, að þessi skipti ríkissjóðs og Búnaðarbankans viðvíkjandi Viðlagasjóði hafi verið komin í fullt gildi, þegar þessar till. voru samþ. Ég held því, að þessi till. séu í fullu samræmi við það, sem hv. d. hefir áður álitið í þessu efni.

En hinsvegar, ef hv. d. litist svo, að það færi betur á því, að þetta gengi ekki undir sjóðsdeild Búnaðarbankans, þá hefi ég leyft mér að flytja vatill. á þskj. 217 um að bætt væri aftan við liðinn: „enda greiði ríkissjóður Búnaðarbankanum eftirgjöfina“. Ég vildi, að atkvgr. yrði hagað svo, að hv. þdm. greiði fyrst atkv. um vatill., svo að þeir geti valið um aðferðirnar. Ég held, að till. sé þannig stíluð, að það sé hægt að gera þetta samkv. þingsköpum. Aðalatriðið fyrir okkur flm. er auðvitað það, að till. verði samþ., hver svo sem aðferðin verður, því allt er þetta hvort sem er eign hins opinbera. Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta atriði.

Síðan fjvn. hélt fund um till. einstakra þm., sem fyrir lágu, hafa komið fram nokkrar brtt., þ. á m. á þskj. 207 í 2 liðum, önnur frá hv. 2. þm. Rang., en hin frá hæstv. fjmrh. Með þessum till. er allmjög gripið fram í starf og till. fjvn. Það hefir nú verið svo í fjvn., að við höfum í till. okkar hvergi farið fram yfir það, sem forsvaranlegt væri, hvorki um áætlun á tekjuliðum fjárl. né útgjaldaliðum. Þó að svo sé, að áætlun fjárl. er nokkru hærri en stundum hefir verið, þá liggur það í því, að við höfum gert okkur far um að bera saman, hvað útgjöld ríkisins hafa verið samkv. landsreikningunum á undanförnum árum. Ég held því, að það sé ekki nein ástæða til að óttast þessa hækkun, þar sem hún er fyrir neðan það, sem verið hefir. Þess vegna er það, að þegar fram koma till., sem halda opnum leiðum til þess að dregið verði úr verklegum framkvæmdum, þá lít ég svo á, að þar sé gripið fram fyrir hendurnar á fjvn. Og ég verð að segja það, að þar sem þetta kemur fram, þá er ekki hægt að skilja það öðruvísi en þannig, að n. hafi farið ógætilega í áætlunum sínum. En það tel ég alls ekki á rökum byggt. Og það er líka í litlu samræmi við það, sem hæstv. fjmrh. hefir brýnt fyrir hv. þdm., að halda fast við till. n. Ég skil illa samræmið í þessu hjá hæstv. fjmrh., að hann skuli annarsvegar brýna fyrir hv. þdm. að halda fast við till. n., en að hinu leytinu vilja halda opnum leiðum til að grípa til, til þess að draga úr því, sem n. hefir ákveðið til verklegra framkvæmda.

Það leiðir af sjálfu sér, að ef fjárl. eru afgreidd þannig, að áætlunin ekki stenzt, þá verður að draga úr útgjöldunum. Það gæti komið til mála frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja láta gera sérstakar ráðstafanir gagnvart kreppunni, að taka lán til ákveðinna framkvæmda. Það væri

ekki óhyggilegt. En það er ekki ástæða út frá þessu séð að gripa fram í till. fjvn. né draga úr þeim. Það verður vitanlega gert, ef þeir, sem með völdin fara, sjá kringumstæður þannig, að ekki er annað hægt að gera.

Þá vil ég koma að brtt. hv. 2. þm. Rang. Hún fer fram á það, að það sem við áætlum til vita, 65 þús. kr., sé því aðeins notað, að fé sé fyrir hendi. Sömuleiðis það, sem ganga á til bryggjugerða, lendingarbóta o. s. frv. Af þessari till. verður það skilið, að allar aðrar framkvæmdir eigi að ganga á undan þessum framkvæmdum. En það undarlega í hans till. er það, að þær eru eingöngu bundnar við framkvæmdir við sjávarsíðuna. Af því fé, sem fjvn. leggur til, að lagt verði til verklegra framkvæmda í landinu, er aðeins ⅙ ætlaður til sjávarsíðunnar. En ef frá er dregin fjárveiting til hafnargerðar á Akranesi, sem ekki heyrir undir klásúlu hv. 2. þm. Rang., þá er það aðeins 1/10 af upphæðinni, sem leggja á til sjávarsíðunnar og hann vill leggja höft á.

Ég skal ekkert leiða getum að því, af hverju sérstaklega er ráðizt á þessa liði, en mér virðist, að sú megi vera ástæðan, að engu af þessu á að verja í hans kjördæmi. (LH: Brúin á Þverá). Brúin á Þverá heyrir ekki undir vitabyggingar. Hv. þm. segir, að þetta eigi að vera svar við till. n. um brúna á Þverá, sem suma hefir hneykslað, að talin hefir verið á Rangárvöllum. Ef hér er um misskilning að ræða, þá á hv. þm. sjálfur sök á því. En ég hygg það engan misskilning. Hann sagði áðan, að hann hefði leitað samsvarandi liða til að setja hömlur á. En ef hann hefir leitað samsvarandi liða, þá hefði hann átt að koma með slíka klásúlu um allt brúarfé. En hann leitar að þessum litlu framkvæmdum við sjávarsíðuna og ræðst á þær, — þetta litla brot, sem n. hefir þangað áætlað til verklegra framkvæmda. Ef hv. þm. er óánægður með þetta, sem kannske er ástæða til, þá lægi nær að koma með till. um að fella niður þessa klásúlu, sem fylgir fjárveitingu til Þverárbrúarinnar, og kannske hann hefði getað talað svo um fyrir n. og hv. d., að hann hefði fengið vilja sinn fram. En það var nú svona, að þegar n. tók að athuga, hvað hún treysti sér að leggja til verklegra framkvæmda, þá leituðumst við við að skipta niður á þær starfsgreinar, sem till. lágu fyrir um frá vega- og vitamálastjóra, og hnitmiðuðum við það, hvað mest gagn gerði og hvar nauðsynin væri brýnust. Og við þá athugun varð það ofan á að áætla til brúargerða 50 þús. kr. Þá kom fram sterk ósk um að brúa Þverá. N. leit á nauðsyn þess máls og bætti því við á þennan lið, þótt það væri í ósamræmi við reglur n. í þessu efni, og þess vegna var þessi klásúla sett. Því að ráðstöfunin á þessu brúarfé var þannig, að ekki var hægt að komast af með minna til endurbóta á gömlum brúm og til að byggja nýjar á vegum, sem verið er að leggja, en koma ekki að gagni, nema þessar brýr séu byggðar í sambandi við þá. — Vænti ég, þegar hv. þm. er búinn að fá þessar upplýsingar, að hann fallist á það að taka till. sína aftur, og snúi sér að því að fá leiðréttingu um Þverárbrúna, en haldi sér ekki fast við þessa till., sem hann hefir dottið ofan á á þennan einkennilega hátt.

Ég held það sé ekki fleira, sem ég hefi ástæðu til að minnast á. Hér hefir mikið verið talað um lóðakaup ríkisins, og ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég tel það ekkert undarlegt, þótt umr. spinnist um það mál. Þar er um að ræða þá langhæstu fjárútlátatill., sem fyrir liggur. Ég þarf ekki að gera mikla grein fyrir atkv. mínu um þennan lið. Þegar áður kom til umr. að kaupa þessar lóðir, sem mun hafa verið 1930, þá var ég á móti því, og ég er það enn. Það hefir ekkert komið fram í umr., sem sanni fyrir mínum leikmannsaugum nauðsyn þess, að ríkið ágirnist þessar lóðir. Ég álít þær eins vel komnar í höndum borgaranna. Það er nú svo, að allar framkvæmdir í þessu landi verða að byggjast á borgurunum, en þar sem þeim er ábótavant um smekk, þar geta stjórnarvöldin gripið inn í. En þó að það opinbera byggi, þá er það háð vilja, smekk og ályktunum sömu sérfræðinganna og einstaklingarnir, og þeim getur alveg eins skjátlazt þótt hið opinbera eigi hlut að máli.

Ég vil ljúka máli mínu með því að beina því til hæstv. forsrh., að á það hefir verið minnzt, að lóðin væri aðgengileg fyrir það, að hægt væri að verja til þessa

erfðafjárskatti að upphæð 50 þús. kr. En ég vil leiða athygli hæstv. forsrh. að því, að þessi upphæð er alveg mátuleg til kartöflukjallarans, sem talað hefir verið um.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Sannleikur er það hjá hv. þm. Borgf., að það er þarfamál, sem hann minntist á síðast. En ég vonast til, að einhver ráð verði með að bjarga því máli, og mér virðist ástæðulaust að blanda mér inn í þessar umr. um lóðakaupin, því að það hefir ekkert nýtt komið fram í málinu, síðan ég talaði áðan. Málsskjölin liggja frammi fyrir hv. þm., og það mun ekki hafa nein áhrif að vera að teygja umr.

Ég vildi gera að umtalsefni tvö atriði í ræðu hv. þm. Borgf. Hann vék að till. um það að gefa Mjöll eftir lán og sagði, að þótt þingið veitti Búnaðarbankanum heimild til þess, þá væri ekki um neitt nýtt að ræða, og nefndi til eftirgjafir bæði til einstakra manna og hreppa. En þessar samþ. voru gerðar eftir að lög um Búnaðarbankann voru sett, en áður en ríkissjóður afhenti honum sjóðinn. Það er mikill eðlismunur á því, hvort slíkt sem þetta er samþ. af þinginu eftir að Búnaðarbankinn hefir birt, að hann eigi þennan sjóð. (**PO:** Hvenær fór afhendingin fram?). Ég ætla, að hún hafi farið fram í okt. eða nóv. 1930, en man það þó ekki með vissu.

En eins og hv. þm. veit, stendur í stímabraki um samninga milli Mjallar og kaupfélags Borgfirðinga, og færi því vel á því að láta bíða með þetta unz séð verður, hvernig þau viðskipti fara. Og þótt ég álíti ekki heppilegt að afgr. málið nú eins og það liggur fyrir, þá væri ekki útilokað að taka það upp á þinginu í vetur.

Hitt atriðið í ræðu hans, er ég vildi minnast á, er það, að hann skoðaði till. mína um heimild til stjórnarinnar til að færa niður um 25% nokkra útgjaldaliði fjárl., ef nauðsyn krefði, sem árás eða vantraust á fjvn. Hann sagði, að n. hefði lagt mikla vinnu í þetta mál. En ég vil benda á það, að það er langt frá, að í till. minni sé um að ræða nokkurt vantraust á hv. fjvn. Ég benti á það, að till. mín er eiginlega traust á fjvn., þar sem í till. er byggt á þeim grundvelli, sem fjvn. hefir lagt. Því að ef stjórnin neyðist til að draga úr, þá á það ekki að koma fram á þessum lið eða hinum, heldur á að byggja á grundvelli þeim, sem fjvn. hefir lagt og byggt sínar till. á. — Loks sýnir það, hvílíkur misskilningur þetta er, að ég tók það fram, að endanleg ákvörðun um það, hvort þessi heimild yrði notuð, yrði tekin á þinginu í vetur í samráði við hv. fjvn. Þegar á þetta er litið, þá sést, að till. og orð mín gera ráð fyrir, að allt sé gert í samráði við fjvn. og í fullkomnu trausti til hennar.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að brtt. á þskj. 222, sem er brtt. við brtt. á þskj. 183, um aukna heimild til að styðja Eimskipafél. Íslands. Eins og hv. þdm. hafa heyrt, hefir orðið allmikill ágreiningur út af orðalagi á brtt. n. Nú er það almennt regla hjá þinginu, að þegar um er að ræða miklar aukningar á framlagi til einhverra stofnana, þá fylgir því aukið eftirlit. Í því liggur ekkert vantraust á stjórn stofnunarinnar og því síður illur hugur. Í því sambandi má nefna Búnaðarfél. t. d., sem hefir tvöfalt aðhald, þar sem meiri hl. stjórnarinnar er kosinn af Alþ. og fjárhagsáætlun þess verður að samþykkjast af ráðherra. Sama er að segja um Fiskifélagið. Fjárhagsáætlun þess heyrir undir samþykki atvmrn. Nú hefir verið borin fram brtt. um þetta orðalag, til að ná þessu sama á fyllri hátt, til þess að samkomulag náist um afgreiðslu þessa máls. Ég hygg, að framkvæmdastjóri Eimskipafél. muni taka vel þessari afgreiðslu. — Í sambandi við þessa aukningu er rétt að taka tillit til þess, hvað Eimskipafél. hefir fengið fyrir það, sem það leggur til í strandferðirnar, ég á við þessar 60 þús. kr., sem ákveðnar voru fyrir löngu. Þetta hefir verið gert í samráði við hinn stjórnskipaða stjórnanda úr Eimskipafél. En nú finnst mér rétt að taka til nýrrar athugunar, hvað fél. á að bera úr býtum fyrir þetta. Fulltrúinn lítur svo á, að það eigi að bera meira úr býtum fyrir þátttöku sína í strandferðunum.

Það hefir verið litið svo á af sumum, að í þessari till. fælist vantraust á framkvæmdastjóra Eimskipafél. Hann er nýtekinn við félaginu og hefir verið óheppinn með að taka við á erfiðum tímum.

En ég ber gott traust til hans. Aðstaðan hefir verið erfið, og það reynir mjög á hæfileika, og þarf að sigla milli skers og báru. En ég hygg, að forstjórinn hafi marga góða hæfileika til að rækja starfið. Mér er kunnugt um það, að hinn ungi framkvæmdastjóri hefir í hyggju að koma fram endurbótum í rekstri Eimskipafél., sem vænta má góðs árangurs af. Þess vegna má alls ekki lesa vantraust á honum út úr þessari till. Hann hefir haft mjög góða samvinnu við stjórn ríkisskipanna, eins og nauðsynlegt er. Þess vegna vænti ég góðrar sameiningar um brtt. á þskj. 222.

Haraldur Guðmundsson: Ég ætla aðeins að gera stutta aths., og skal ég ekki ýfa sár þm. mikið. En út af því, sem hæstv. forsrh. sagði áðan, þykir mér rétt að benda á nokkur atriði. Hvað snertir brtt. II. á þskj. 207, um heimild fyrir stjórnina til þess að borga út aðeins ¾ hluta þess fjár, sem ákveðið er í fjárl., ef ástand ríkissjóðs verður svo bágborið, þá reyndi hæstv. forsrh. að réttlæta hana með því, að hún yrði aðeins notuð eftir ákvörðunum þingsins í vetur. Ég bið um skýringu, hafi ég ekki skilið hæstv. forsrh. rétt. (**Forsrh.:** Endanlega ákvörðun átti vetrarþingið að taka). Ég verð að segja, að sé þetta meiningin, þá er till. ákaflega brosleg. Ég veit þess engin dæmi, að þing hafi samþ. heimild handa næsta þingi, og ég efast um, að slíkt sé til í þingsögu nokkurs lands. Þetta veit hæstv. forsrh., og því er óskiljanlegt, að hann skuli bera slíka till. fram. Ég veit ekki betur en að næsta þing sé fullkomlega fært um að samþ. heimildir sem þessar alveg upp á eigin spýtur. Ég verð því að segja, að sé till. samin í þessum tilgangi, þá get ég ekki séð, til hvers hún er. Hæstv. forsrh. hélt því fram, að ég hefði rangt fyrir mér í því, að þetta kæmi mest niður á verklegu framkvæmdunum.

Þegar ég lít yfir fjárlagafrv., sé ég enga liði, sem þetta kæmi harðar niður á, nema ef hæstv. forsrh. telur heyra undir þetta áætlunarliði til starfrækslu ýmsra opinberra stofnana, t. d. stjórnarráðsins. Hann talaði líka um í þessu sambandi, að e. t. v. yrði hægt að gera rekstur ýmsra opinberra stofnana ódýrari, en það kemur þessari till. ekki nokkurn skapaðan hlut við.

Hæstv. forsrh. talaði um þann skrípaleik, sem ég léki, fyrst ég gerðist svo djarfur að óska þess, að ég fengi að sjá framan í nýju stjórnina sem fyrst. Ég skil ekki, hvað hæstv. forsrh. hefir meint með þessu. Ég held því fram, að ekki væri úr vegi að fá að sjá framan í þessa nýju stjórn. Hér liggja fyrir fjárl. með víðtækum heimildum fyrir þessa verðandi stjórn, sem enginn veit enn, hvernig verður skipuð. Hæstv. forsrh. sagði, að sú stjórn, sem tæki við, mundi algerlega fylgja sömu stefnu í fjármálum og hann og hans flokkur. Það er nú svo. En ég get ekki séð, að í afskiptum hæstv. forsrh. og flokks hans af fjárl. hafi komið fram nokkur önnur stefna en sú, að skera niður öll fjárframlög til verklegra framkvæmda hér á landi, sem þeir hafa þorað. Svo mjög er það líklegt, að sú verðandi stjórn haldi fram sömu stefnu. Hæstv. forsrh. tókst ekki að hagga því hið minnsta, sem ég sagði, að afgreiðsla fjárl. væri argasti skrípaleikur. — Ég get tekið eitt dæmi. Tveir af samflokksmönnum hæstv. forsrh. flytja till. um, að veittar verði 300 þús. kr. til atvinnubóta. Þetta var bjargráð það, sem Framsóknarflokkurinn ætlar að beita á móti kreppuástandi því, sem nú stendur yfir. Hæstv. forsrh. lætur í ljós, að sér lítist vel á þetta, eitthvað yrði að gera. En nú kemur nokkuð nýtt fram. Hæstv. stj. fer fram á, að hið háa Alþingi gefi sér heimild til að klípa af lögboðnum fjárframlögum upphæð, sem er álíka mikil og það, sem þessir tveir samflokksmenn hans ætluðu að verja til atvinnubóta. Þessir hv. þm. ætla að veita 300 þús. kr. til þess að bjarga landsbúum frá hörmungum atvinnuleysisins, en svo kemur hæstv. stj. og tekur þessar 300 þús. kr. aftur til þess að bjarga ríkissjóði! Þetta minnir á það, þegar Reykjavíkurbær ætlaði að fara að byrja atvinnubætur á síðastl. vetri. Þá var 70 verkamönnum sagt upp vinnu, en 60 teknir í staðinn. Ennþá verri yrði þó útkoman hjá ríkinu, því að það fækkar verkamönnum sínum um ¾ í atvinnubótaskyni, en bærinn þó ekki nema um ¼.

Það, sem hæstv. ráðh. sagði um búfjár-

ræktarlögin, skiptir ekki miklu máli. Hann taldi, að kostnaður við framkvæmd þeirra yrði tæpast meiri en 20—30 þús. kr. á fyrsta árinu. Ég vissi ekki betur en að í vetur væri kostnaður við framkvæmd þeirra talinn um 150—200 þús. kr. á ári, en það er rétt, að þegar málið var í Ed. um daginn, var komið með þessa 20—30 þús. kr. áætlun.

Ég sé ekki ástæðu til þess að taka fleira fram viðvíkjandi þessu frv.; ég vil aðeins endurtaka það, að mér finnst það í mesta máta óviðkunnanlegt, að deildin skuli ekki fá að sjá framan í nýju stjórnina áður en hún afgr. fjárlögin.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég ætla aðeins að segja örfá orð til þess að svara hv. þm. Seyðf. Þar sem hann heldur því fram, að mjög ólíkar upphæðir hafi verið nefndar í sambandi við búfjárræktarlögin, þá lýsir hann sig beran að megnri vanþekkingu um þessi lög. Hann veit það sýnilega ekki, að nú þegar leggur ríkið í mikinn kostnað í sambandi við þessi lög; það er innifalið í liðnum til styrktar Búnaðarfélagi Íslands.

Um hitt atriðið, að verið sé að leika einhvern skrípaleik með því að samþ. heimild, sem næsta þing á að hafa endanlegt ákvörðunarvald um, hvort nota skuli, get ég verið fáorður. Hv. þm. er svo kunnugur stjórn fyrirtækja, að hann hlýtur að sjá gagnsemi þessarar till. Ef upplýsingar um ástand ríkissjóðs um áramót eru það vondar, að þurfi að taka til þessarar heimildar, þá verður strax 1. jan. farið að útborga á þá leið, sem heimildin segir til um, ¾ hluta af því, sem áætlað er. Og ef það er gert, stendur þingið ólíkt betur að vígi, ef það á að taka ákvörðun um þetta t. d. eftir að komið er fram í marz, heldur en ef þá væri búið að borga sumar fjárveitingar alveg upp í topp, og aðrar yrðu þá alveg útundan. Það er því ólíkt hentugra fyrir stjórnina og næsta þing að taka ákvörðun um þetta efni, ef slík heimild sem þessi er samþ. nú.

Jón Ólafsson: Hv. þm. G.-K. var með ýmsar glósur í minn garð út af þessum miklu lóðakaupum hæstv. stj. Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki vítt alla eyðslu stj. eins og þessa nú. Ég ætla að segja honum það, að ég læt mér ekki alltaf ótt með að víta það, sem illa hefir farið. Og þó að það komi fyrir, er mér samt miklu kærara að vara menn við hættu, áður en hún er skollin yfir, en að ráðast á fallna menn, sem hafa gert eitthvað, sem ekki er hægt að bæta úr eftir á. Ég sný ekki aftur með það, að ég lít á þessi lóðakaup sem eintóma heimsku og ekkert annað.

Viðvíkjandi því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði um fegurð bæjarins, að þarna ætti að reisa fögur stórhýsi, þá vil ég benda á, ef verið er að leita að fallegum lóðum hér í bæ, þá væri sjálfsagt að kaupa lóðir á Landakotstúni, sem vafalaust mætti fá langtum ódýrari en þessar lóðir milli menntaskólans og Bankastrætis. — Mér líkaði það vel, að hv. 4. þm. Reykv. dró inn öll sín stóryrði í lok ræðu sinnar. Þetta er svo greindur og mætur maður, að hann þarf að tala mikið, og mér finnst, að við ættum heldur að draga fjöður yfir það og afsaka, þó að það komi oftlega fyrir, að hann tali allt of mikið.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Mér þykir leitt að þurfa að hryggja minn góða vin, hv. 1. þm. Rang., með því að taka það fram, að ég hefi ekki dregið neitt inn af því, sem ég hefi sagt.

Þá ætla ég að leiðrétta það, sem hv. 2. þm. Rang. sagði. Hann hélt því fram, að ég hefði byggt ræðu mína á því, hverju sjúkdómur þessa manns væri að kenna, sem nú væri kominn í svo mikla neyð.

Ég veit ekki, hvernig hv. þm. hefir getað fengið þetta út úr ræðu minni. En hann hélt þessu fram með slíkum sannfæringarkrafti, eins og hann héldi, að hann væri heimsmeistari í skilningi. Ég talaði aðeins um það, hvers vegna sjúkrakostnaður þessa manns væri orðinn svo mikill, að leita þyrfti til hins opinbera um hjálp. Hann sagðist ekkert samband sjá á milli þessarar till. og þeirra ráðstafana, að reka lækninn frá spítalanum. En það er einmitt aðalástæðan. Án þess hefðu engin vandræði orðið út af þessum manni.

Um síðari ræðu þessa hv. þm. er það að segja, að þar skildi ég ekkert hvað hann fór. Þetta getur verið að kenna skilningsleysi mínu. En það er kannske

með hann eins og fleiri af þessum hágáfuðu mönnum, að þeir hafa svo stóra sál, að hún kemst ekki út um munninn á þeim.

Hv. þm. talaði um rökvísi. Ég veit ekki, hvort honum ferst að tala um rökvísi, þegar hann eys yfir mig ókvæðisorðum, þegar ég er að mæla með till. hans af hógværð og rökum.

Sveinbjörn Högnason: Ég ætla að svara hv. þm. Borgf. nokkrum orðum. Honum leizt illa á brtt. mínar. — Ég sagði ekki í ræðu minni, að þessir liðir, sem við ræddum um, væru samsvarandi, heldur, að samskonar nauðsyn væri á að framkvæma þá. Þá taldi hann, að ég myndi vilja setja þessi ákvæði við umrædda liði, af því að þeir snertu ekki framkvæmdir í mínu kjördæmi, en ég verð að segja það, að ég get ekki hugsað mér, hvar væri meiri þörf á lendingarbótum en í Rangárvallasýslu. En mér finnst það bera vott um, að fjvn. hafi ekki borið sem beztan hug til till. um brúna á Þverá, ef ekki er óhætt að bæta sama ákvæði aftan við fjárveitingar til vita, lendingarbóta o. þ. h.

Ég ætla ekki að svara hv. 4. þm. Reykv. mörgum orðum, Ef hann hefir talað svo oft og mikið, að sálin hafi skroppið út um munninn á honum, þykir mér ekki sæmandi að eiga nokkuð að ráði orðastað við sálarlausan mann.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það er nú ekki nema örlítið, sem ég hefi ástæðu til að bæta við það, sem ég sagði áðan, enda hefi ég ekki yfir að ráða nema lítilli aths.

Ég þarf ekki að ræða mikið um þessa eftirgjöf til Mjólkurfél. Mjallar. Málið liggur þannig fyrir, að til eru tvær leiðir í þessu efni. En ég vil aðeins út af ummælum hæstv. forsrh. benda á það, að ef Búnaðarbankanum hefir verið afhentur Viðlagasjóður á síðastl. ári, þá hefði tæplega verið hægt, að því er mér virðist, að draga frá þessa eftirgjöf, af því að samkv. fjárl. var ekki hægt að gera þetta fyrr en eftir áramótin síðustu. En út af því, sem hæstv. ráðh. var að tala um, að það væri e. t. v. réttara að láta þetta bíða til vetrarþings, af því að til stæðu samningar milli nýja fél. og gamla fél., þá sé ég ekki minnsta samband á milli þessarar till. og þeirra samninga, sem þarna kunna að takast. Því að þessi till. er aðeins miðuð við þá fyrri eigendur þessa félags; hins má fullkomlega vænta, að það nýja fél., sem byggt er á rústum hins eldra, njóti stuðnings þess opinbera, eins og ákvæði fjárl. gera ráð fyrir. Ég sé ekki nokkra ástæðu til að láta málið bíða aðgerða næsta þings, en tel rétt að taka ákvörðun um það nú þegar.

Hæstv. forsrh. vildi eiginlega ekki ganga inn á það, að hann með sínum till. um verklegar framkvæmdir væri að grípa fram í fyrir fjvn. Þetta er þó óneitanlega svo. A. m. k. í allmörg ár hafa ekki komið fram neinar till. um það að setja slík höft á fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Svo að þessa till. er þess vegna ekki hægt að skilja öðruvísi en svo, að nú muni stefnt til útgjalda í þessu efni með meiri varfærni heldur en verið hefir á undanförnum þingum, þegar engar slíkar till. hafa komið fram. En ef á að bera þetta undir fjvn. á næsta þingi, þá virðist mér þessi till. með öllu þýðingarlaus. Vitanlega liggur þetta undir ákvörðun næsta þings, hvort sem slík till. er samþ. eða ekki, ef stj. vill bera það undir þingið, auk þess sem þingið hefir alltaf á sínu valdi að grípa þarna fram í, ef það finnur ástæðu til. En þessa varfærni hjá hæstv. ráðh. má auðvitað taka sem bendingu um það, að hann ætlist til, að hin nýja stj. sýni meiri varfærni en stjórnin sýndi á síðasta kjörtímabili. Því að ég get ekki litið svo á þessar till., að hann vilji setja hömlur á framlög til verklegra framkvæmda, svo að hann hafi þá ennþá fríari hendur til þess að ráða því fé, sem fer í ríkissj., þó að vitanlegt sé, að fordæmi hæstv. ríkisstj. á undanförnum árum gefi fullkomlega tilefni til að ætla það.

Út af orðum hv. 2. þm. Rang., að mér hafi orðið þungt fyrir brjósti út af þessum till. hans, þá er það síður en svo. Því að ég veit það, að slík till. sem þessi, að setja inn nýja klásúlu og miða henni á þessar verklegu framkvæmdir við sjávarsíðuna, fær verðugar viðtökur hjá hv. d., því að henni dettur ekki í hug að gera þessa undantekningu. Hinsvegar var það, að ég vildi benda hv. þm. á að athuga,

hvort hann vildi ekki taka till. aftur. Hefir hann ekki orðið við þeirri bendingu, en nógar eru leiðir til að koma slíkri till. fyrir kattarnef. En maður sér á þessu víðsýni og eiginlegt sálarástand þessa hv. þm. Það endurspeglar sig mjög vel og greinilega í þessari till. og miklu betur en af orðum, sem flutu af vörum hans hér í hv. deild.

Frsm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Skagf. vildi halda því fram, að ég hefði rangfært þau orð hans um tekjur þessa árs, að líkur væru til, að þar yrði afgangur, svo framarlega sem tekjuáætlun n. fyrir næsta ár væri rétt. Ég býst við, að hv. þm. viðurkenni það, að stj. haldi sér innan ramma fjárl., þó að hún greiði þær upphæðir, sem leiðir af sérstökum l., þál. og heimildum, sem ekki er áætlað fé fyrir í fjárlagafrv. Og ég geri ennfremur ráð fyrir, að hann álíti, að stj. haldi sér innan þessa ramma, þó að hún greiði þau gjöld ríkisins, sem ekki er áætlað nægilegt fé fyrir í fjárlagafrv. Og ég hafði sýnt með allgreinilegum rökum fram á, að þessar greiðslur mundu verða það háar, að útgjöld ríkisins á yfirstandandi ári mundu verða talsvert á 15. millj. kr. En tekjurnar eru áætlaðar, samkv. því sem n. leggur til, um 13½ millj. kr. Þó að tekjuáætlun fjvn. stæðist, er langt frá því, að ástæða sé að ætla, að tekjur yfirstandandi árs færu fram úr því, sem nauðsynlegt er til að standast útgjöld þau, sem fjárl. og önnur gildandi l. gera ráð fyrir.

En það, sem ég var að víta hjá hv. þm., var það, að hann með sínu tali um líklegan tekjuafgang á þessu ári væri að gefa undir fótinn um það, að óhætt væri að hækka enn gjöld ríkisins. Það var þetta, en ekki það, að hann hvetti til óvarfærni með orðum sínum um þjóðeignir ríkisins og bráðabirgðalántöku til rekstrar þeirra. Hv. þm. getur ekki rökstutt þessa skoðun sína með því að segja, að í fjárlagafrv. séu ýmsir útgjaldaliðir, sem ekki séu nægilega hátt áætlaðir, því að það mun sízt vera betur séð fyrir þeirri áætlun í gildandi fjárl., svo að enn minni líkur eru fyrir því, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum, hvað þá heldur að verði tekjuafgangur. **(Rödd af þingbekkjum:** En tekjurnar eru svo varlega áætlaðar). Það hefir ekkert að segja, þegar sannanlegt er, að þær verða að vera hátt á 15. millj. til að standast greiðslur.

Um þær einstöku brtt., sem hv. þm. fór inn á, vil ég vera stuttorður, því að þar kom ekki neitt nýtt fram, sem þarf að svara.

Um eftirlaunaviðbót til Ólafs Stephensens vil ég segja það, að ég hefi ekki fengið neina sönnun fyrir því, að honum séu ákveðin nein viss eftirlaun. Og meðan það er ekki, get ég ekki fallizt á að veita honum viðbótareftirlaun.

Viðvíkjandi eftirlaunum til Ögmundar Sigurðssonar þurfti hv. þm. ekki að gylla ágæti þessa manns fyrir hv. d., því að flestum mun það kunnugt, að hann stóð vel í stöðu sinni. En hér er aðeins um það að ræða, hvað öðrum er veitt í þessu augnamiði. Og ég tek sem dæmi, að Jóhannesi Sigfússyni voru ekki ákveðin nema 1200 kr. eftirlaun, sem seinna hækkuðu upp í 1800 kr.

Hv. þm. Vestm. var enn að kvarta yfir fjarveru minni við fjárlagaumr. í fyrrakvöld, og sagði á þá leið, að ég vanrækti að hlusta á mestan hluta umr. um brtt. Þegar hann sagði þetta, höfðu um það bil 25 deildarmenn staðið upp og mælt fyrir sínum till. En í fyrrakvöld, þegar ég var að horfa á heimsmeistarann tefla kappskák í K. R.-húsinu, töluðu aðeins 5 menn. Og þessir 5 þm. eru að dómi hv. þm. Vestm. mestur hluti af þessum 25. **(JAJ:** Ég talaði þá). Hafi hv. þm. N.-Ísf. haldið sína ræðu þá, sem var ekki **(JAJ:** Það var önnur ræðan), hefi ég ekki mikla trú á því, að hv. dm. hafi sannfærzt um það, að það hafi verið mestur hluti af því, sem sagt var hér í deild um fjárl., né heldur það, sem mestu máli skipti.

Hv. þm. Vestm. minntist á nokkrar brtt., sem hann er við riðinn, og ég hafði skýrt frá afstöðu n. til. M. a. taldi hann hreinustu fjarstæðu að ætlast til, að unnið væri að byggingu sumarskýlis símamanna í Reykjavík í sambandi við landssímann. Þar sem landssímastjóri er embættismaður landsstj., finnst mér ekki nema réttlátt og eðlilegt, að hann leiti samkomulags við stj. um það, hvernig þessu máli skuli hagað. Mér finnst, að ósköp vel geti beðið til næsta þings á-

kvörðun í þessu efni, og að símafólkið geti rætt þetta mál við hæstv. stj. og fengið út úr því það bezta, og kannske stuðning stj. til þess að mæla með framlagi til byggingarinnar.

Um það, sem hv. þm. sagði um Stórstúkuna, vil ég ekki fjölyrða mikið. Hann kvaðst ekki hafa haldið því fram, að þessi styrkhækkun mundi bæta að öllu leyti þá óreglu, sem stafar af vínnautn í landinu. En hv. þm. fjölyrti mest um það í ræðu sinni, hvað allt er komið í grænan sjó, og mér skildist á honum, að þessar 2 þús. kr. mundu verða til þess að koma öllu á réttan kjöl.

Hv. þm. vildi andmæla því, sem ég sagði um íhlutun ríkisstj. um það að draga úr útgerðarkostnaði Eimskipafél., með því að segja, að ríkisstj. hefði í stj. fél. einn mann fyrir sína hönd og einn af endurskoðendum, og hann hefði enn ekki orðið þess var, að þessir menn hefðu skrifað með ágreiningi undir reikninga félagsins. Þetta er náttúrlega rétt. En það sannar ekkert um það, að þessir menn séu sammála því, sem gerzt hefir hjá Eimskipafél. Og í því sambandi vil ég upplýsa hv. þm. um það, að hinn stjórnskipaði stjórnarnefndarmaður í Eimskipafél. var mjög mikið á móti því á sínum tíma, þegar félagið réðst í að byggja Dettifoss, sem kostaði fél. 1½ millj. kr. Hann lagði þá til, að fél. reyndi að komast að skipakaupum á ódýrari hátt. En till. hans var ekki sinnt, og afleiðingin varð, að fél. sigldi fjármálum sínum í strand með skipakaupunum og stóð uppi rekstrarfjárlaust. Af fjárþröng fél. hefir leitt, að það hefir orðið að sæta lakari tryggingarkjörum en ella myndi. Tapast þar 30—40 þús. kr. (**ÓTh:** Hversu mikið þurfti félagið af handbæru fé?). Það er mér ekki fyllilega kunnugt um, en augljóst er, að því meira sem félagið festi af fé sínu, því erfiðara hlaut að vera að hafa fjármálin í lagi. Ennfremur má geta þess, að mikill ágreiningur varð um húsbyggingu félagsins. Stóðu þeir Ásmundur Jóhannsson og Ragnar Ólafsson fast á móti því, að húsbyggingin yrði svo dýr sem hún varð, en fengu engu ráðið fyrir meiri hl. Einn stjórnarmaðurinn lýsti jafnvel yfir, að leitt væri að hafa ekki getað haft húsið helmingi stærra. Þessi dæmi sýna, að full ástæða er til að hindra svo ógætilega meðferð á fé fél., þar sem ríkið leggur því svo mikinn styrk árlega. Má einnig benda á það, að skrifstofukostnaður fél. nemur um 200 þús. kr. á ári hverju. Þetta er hár liður, sem máske þyrfti athugunar við. Það er því sannarlega ekki ástæðulaust, þótt Alþingi vilji gera ráðstafanir til að allrar varfærni sé gætt í fjármálum fél.

Hv. þm. Seyðf. vildi halda því fram, að fjvn. hefði ekki viljað veita ábyrgð til skipakaupa á Seyðisfirði, af því að lánið hefði átt að taka hérlendis. Þetta getur maður sagt, vægast talað, að sé að fara ógætilega með sannleikann. N. meinti með afstöðu sinni, að óþarfi væri að ganga í þessa ábyrgð, af því að fél. gæti keypt skipin innanlands og fengið yfirfærslu í bankanum, á sama hátt og gert var á Eskifirði.

Viðvíkjandi ummælum hv. þm. N.-Ísf. um læknisvitjanastyrk til Nauteyrarhrepps er það að segja, að leitað var til n. með þeim forsendum, að héraðið væri læknislaust. N. vildi veita þenna styrk með sömu skilyrðum og öðrum héruðum, er fengið höfðu slíkan styrk, höfðu verið sett, en ekki gefa hér fordæmi með neinni nýbreytni.

Annars voru ræður sumra hv. þdm. um brtt. sínar næsta viðkvæmar og háfleygar. Hv. 1. þm. S.-M. sótti nokkuð langt rök sín til að styðja brtt. sína um 1500 kr. styrk til útgáfu kennslubókar í spönsku. Var svo á honum að heyra, að mikil hætta stafaði af því, ef Alþ. sinnti ekki þessari fjárbeiðni; Spánverjar myndu sennilega breyta tolllögunum frá 1922 oss í óhag, og jafnvel viðskiptastríð af hljótast. Ég skal nú játa, að ef svona mikið væri í húfi, myndi ég ekki hafa á móti þessum styrk. En ég skil ekki, hvernig við höfum flotið án kennslubókar í spönsku til þessa, fyrst þessi hætta er svona mikil nú. Hv. þm. sagði, að fjárhagsráð Spánar hefði verið að benda Spánverjum á, að þeir keyptu af oss fisk fyrir 30 millj. peseta árlega, en við salt af þeim fyrir einar 200—300 þús. kr. En þetta hefir nú gengið kennslubókarlaust árum saman, og því kemur mér ræða hv. þm. nokkuð spanskt fyrir. Ég vil ekki segja, að hann hafi flutt hana af fordild,

en trúa myndi ég því, ef hann segði mér það sjálfur.

Þá kenndi eigi síður viðkvæmni í ræðu hv. 1. þm. Árn. Var svo að heyra, sem hann teldi andlegu lífi þjóðarinnar mikla hættu búna, ef felldur væri 600 kr. styrkur til Odds Oddssonar. Ég skal játa, að varhugavert væri að fella þenna styrk, ef satt væri, einkum þó vegna Árnessýslu. Annars voru flestar ræðurnar í svipuðum dúr, svo að ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þá sálma.

Fyrir liggja ýmsar brtt., sem fjvn. hefir ekki haft ástæður til að athuga. Um brtt. á þskj. 202, sem felur í sér breytingu á aths. um styrkinn til Eimskipafél. Íslands, er það að segja, að ég get fallizt á hana, því að með henni er náð þeim tilgangi, sem n. stefndi að. Viðvíkjandi brtt hv. 2. þm. Rang. um aths. við fjárveitingu til vita og lendingarbóta er það að segja, að ég hefi ekki verið með öllu ánægður með það, hversu hlaðizt hefir utan á gjöld ríkissjóðs, og get því fallizt á brtt., þó langt sé frá því, að ég telji, að hér sé um ónauðsynlegar framkvæmdir að ræða. Nokkurt fé er ætlað til slíkra framkvæmda í mínu kjördæmi, en þó myndi ég frekar kjósa, að þær féllu niður en klípa af vegafénu. Annars geri ég ráð fyrir, að þessari heimild yrði ekki beitt nema í ýtrustu nauðsyn.

Ég vil endurtaka það, að ég vænti þess, að hv. d. sýni hina fyllstu gætni í afgr. gjaldahliðar fjárl., einkum þar sem þegar mun vera teflt á fremsta hlunn um tekjuáætlunina, svo að ekkert vit er í að gera sér vonir um, að nokkur tekjuafgangur verði.

Magnús Guðmundsson: Hv. frsm. vildi halda fast við skoðun sína um það, hvað ég hefði meint með ræðu minni í þessu máli í gær. Ég vil benda á, þótt það ætti að vera óþarfi, að ég átti við það, að árið 1931 myndi verða betra ár fyrir ríkissjóðinn með þeim fjárl., sem nú gilda, en 1932 eftir þessu frv. Hv. frsm. tók fram, að ekki væri farið út fyrir ramma fjárl., þótt greiðslur færu fram samkv. öðrum lögum. Þetta hafði ég heldur aldrei sagt. En fyrir þessum greiðslum var ekkert áætlað 1931 og ekki heldur í fjárlagafrv. 1932, en þar er tekjuáætlunin hærri og því af minnu að taka. „Nauðsynlegar umframgreiðslur" fara auðvitað eftir sparsemi stjórnarinnar, og ég býst við, að hún verði nokkuð svipuð árið 1932 og 1931. Annars mun tíminn leiða í ljós, hvort sá spádómur minn rætist, að 1931 verði betra fjárhagsár en 1932, ef þetta frv. er samþ. eins og það er.

Um eftirlaun Ólafs prests Stephensens skal ég ekki fara fleiri orðum. Þau hafa ekki enn verið ákveðin, af því að stjórnin hefir ekki fengizt til að greiða þau, en hvert barn getur hinsvegar reiknað þau út eftir þeim reglum, sem eru um eftirlaun presta í lögum.

Ég vil að lokum geta þess, að sjálfstæðismenn munu ekki hefja eldhúsdag að þessu sinni. Þegar við féllumst á að fresta honum til 3. umr., bjuggumst við við, að ný stjórn yrði þá tekin við. En með því að svo er ekki enn, virðist tilgangslítið að hefja slíkar umr. Síðan þingið var rofið, hafa tveir ráðherranna látið af embætti og hafa þeir ekki málfrelsi hér í d. Flokkurinn vill ekki hefja ádeilu á menn, sem ekki geta svarað fyrir sig.

Héðinn Valdimarsson: Okkur jafnaðarmönnum finnst, að sérstakar ástæður séu til þess að hafa engan eldhúsdag að þessu sinni. Kosningar eru nýlega um garð gengnar; menn hafa tekið afstöðu og líklegt, að þeir haldi þeirri sannfæringu fyrst í stað, þrátt fyrir allar eldhúsumr. Það er líka á allra vitorði, að landið er stjórnlaust, og óupplýst, hvort hægt er að mynda nokkra stjórn vegna innbyrðis ósamlyndis og metnaðar í Framsóknarflokknum. Þó benda þeir atburðir, sem gerðust í gær í hv. Ed., til þess, að stjórnarmyndun muni ekki langt undan, enda virtist það koma fram í ræðu hv. 2. þm. Skagf. Virðist mega fullyrða, að samkomulag hafi orðið um það í Ed., að Íhaldið réði einum manni í stjórnina, og muni það vera hv. þm. V.-Ísf. Að launum gaf Íhaldið Framsókn verðtollinn.

Það er rétt við þetta tækifæri að skýra lauslega frá því, hvernig mér virðist þetta þing og starfsemi þess horfa við. Hér liggja fyrir breytingar á kjördæmaskipuninni, Sogsmálið, atvinnubótamálið og ýms önnur stórmál, sem þurfa

skjótrar afgreiðslu. Hinsvegar virðist það vera samkomulag milli stóru flokkanna að skiljast svo við þingmál nú, að afgr. eingöngu fjárl. og svo verðtollinn, til að taka fé úr vösum þeirra, sem minnst eiga. Fjárl. á að afgr. svo snoðin að verklegum framkvæmdum, að þær verði ekki nema ¼ af því, sem þær hafa verið undanfarið. Af öðrum málum heyrist lítið. Nefndirnar hafa ekki klofnað um nokkurt mál. Nál. hafa verið einróma í þeim málum, sem þær hafa skilað, en samkomulag virðist vera um að svæfa öll helztu málin. Svo er um öll frv. okkar jafnaðarmanna. Báðir flokkar eru sammála um að gera ekkert í atvinnubótamálinu, þegar frá er skilið hið litla og ómerkilega frv., sem tveir þm. úr Framsókn flytja. Borgaralegu flokkarnir með tveimur nöfnunum eru raunverulega gengnir saman í einn flokk, eins og við- ast vill verða, er á herðir, til að halda niðri kröfum jafnaðarmanna og alþýðunnar.

Það eru skammarlegir fulltrúar þjóðarinnar, ef rétt er að nefna þá því nafni, sem vita, að atvinnuleysi og neyð blasir við þúsundum manna, og ætla þó að snúa svo heim til sín af löggjafarþingi þjóðarinnar, að hafa ekkert gert nema þyngja byrðar þeirra sömu manna, sem neyð og hungur bíður. En slíkum aðförum verður ekki látið ómótmælt til lengdar. Það skulu þeir vita.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég sé ekki ástæðu til að skipta mér af því, þótt nú andi köldu milli þeirra flokka, sem gengu í bræðralag við síðustu kosningar, íhaldsmanna og sócialista. En mér fyndist betur fara á því, að þeir gerðu ekki ósamlyndið opinbert strax, eftir ekki lengri sambúð. Hinsvegar finnst mér skynsamlegast af þeim að falla frá eldhúsdegi nú, enda hefir ekki verið venja að hafa eldhúsdag rétt eftir kosningar. Hefir verið litið svo á, eins og rétt er, að kosningarnar sjálfar væru nægilegur eldhúsdagur.

Jóhann Jósefsson: Ég flutti við 2. umr. í samráði við vitamálastjóra brtt. um byggingu þriggja vita, en tók þá till. aftur eftir tilmælum fjvn. Fjvn. flytur nú brtt. um 65 þús. kr. í þessu skyni. Þetta er að vísu lægri fjárhæð en ég hefði kosið, en ég mun þó sætta mig við brtt. hv. nefndar.

En nú hefir hv. 2. þm. Rang. flutt brtt. um að vitar skuli byggðir fyrir þetta fé aðeins „ef fé er fyrir hendi". Mig furðar stórlega á því, að þótt hv. þm. hafi á einhvern hátt viljað hefna sín fyrir það, að samskonar „klásúla" var sett við brúna á Þverá, skuli hann beina spjótum sínum í þessa átt og reyna að hindra framkvæmdir, sem miða að því að tryggja líf sjófarenda. Og því síður var ástæða til þess, sem svo hverfandi lítið af því fé, sem veitt er til verklegra framkvæmda, gengur til sjávarsíðunnar. Ég vil því skora á hv. d. að fella þessa brtt. hv. 2. þm. Rang., enda býst ég við, að hún sé flutt að lítt hugsuðu máli.

Hæstv. forsrh. gerði nokkurn samanburð á Eimskipafél. Íslands, Búnaðarfél. og Fiskifél. Hann taldi, að íhlutun ríkisvaldsins væri jafnréttmæt við öll þessi félög, vegna þess, að öll nytu þau fjárstyrks úr ríkissjóði. En ég vil benda á það, að Búnaðarfél. fær svo að segja hvern einasta eyri af tekjum sínum með beinum fjárveitingum úr ríkissjóði, og Fiskifél. fær sömuleiðis allar sínar tekjur með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði, en sá styrkur, sem ætlazt er til að heimila stj. að greiða Eimskipafél., er aðeins 6—7% af brúttótekjum félagsins, eins og þær reyndust árið 1930 samkv. reikningi þess. Þetta er því engan veginn sambærilegt, og slík íhlutun, sem hæstv. ráðh. fer fram á, er ekki á þessum grundvelli réttmæt, enda er ekki gert ráð fyrir, að bein afskipti ríkisstj. muni hafa nein bætandi áhrif á stj. fél.

Hv. frsm. minntist á byggingu sumarskýlis símamanna, og skildist mér á honum, að hann teldi hér vera um opinbera eign að ræða. En þetta er „privat"eign símafólksins, sem kemur ekkert hinum opinberu eignum símans við. Ummæli hans voru ekkert annað en vandræðalegt fálm og tilraun til þess að komast út úr þeim ógöngum, sem hann er kominn í, með því að bendla ríkisstj. við þessa 3 þús. kr. fjárveitingu. Það getur vel verið, að þetta mætti bíða, en svo er um fjöldamargt fleira í þessu frv., og þar sem bygg-

ingin er komin upp, virðist mér full þörf á að samþ. styrkinn einmitt nú.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég ætla nú ekki, úr því að sá háttur hefir verið upp tekinn að láta niður falla eldhúsdag, að hefja neinar slíkar umr. að þessu sinni. En okkur sjálfstæðismönnum fer að verða vandlifað. Í vor mátti Framsóknarflokkurinn ekki ógrátandi á það minnast, að við værum búnir að taka ektamakann frá þeim. Og nú ráðast sócíalistar á okkur fyrir að við séum komnir í hvílu með Framsókn.

Það er ekki óskemmtilegt, þetta hreinlætisorð, sem við erum að fá á okkur. Og hvað sem hæft kann að vera í mökunum við sócíalista, — og dálítið er nú til í því! — þá er ekkert hæft í hinu, að við séum að skríða upp í flatsængina með Framsókn.

Út af „samningum", sem hv. 3. þm. Reykv. talaði um, þá get ég skýrt frá því, að sjálfstæðismenn í Ed. samþ. verðtollinn sem tekjustofn, sem við stefnulega höfum alltaf verið samþykkir. En við skildum það samt til, áður en við gengum inn á að endurnýja þenna tekjustofn ríkisins, að Framsóknarfl. gæfi loforð um það, að mþn. í kjördæmaskipunarmálinu, — þ. e. a. s. málinu, sem við vorum að berjast um í vor, og jafnaðarmenn og við höfum haft samtök um að vinna að, — væri skipuð með þeim hætti, sem við töldum sanngjarnan, að Sjálfstæðisfl. fengi tvo nefndarmenn, Framsóknarfl. tvo og Alþýðufl. einn. Auk þess lögðum við ríka áherzlu á það, að þessi n. skilaði áliti á næsta þingi, og það er líka tekið fram í nál., sem kom frá stjórnarskrárnefnd Ed.

Ég vil svo ljúka þessari aths. minni með því að láta í ljós þá von, að jafnaðarmenn láti nú duglega kné fylgja kviði í kjördæmaskipunarmálinu, hvað sem verður uppi á teningnum um sanngirni eða óbilgirni af hálfu þingmeirihl., og sýni í því einlægari viðleitni en ég hefi talið, að þeir vildu sýna málinu nú eins og sakir standa.

Héðinn Valdimarsson: Það sem hv. þm. G.-K. þykist hafa unnið með þessari nefndarskipun er það, að við jafnaðarmenn fáum mann í n., en ég held, að við séum einfærir um að gera okkar kröfur, og við báðum hv. þm. ekki um neina aðstoð né afskipti af okkar eigin málum.

En hitt er öllum kunnugt, hvað Sjálfstæðisfl. hefir gert í verðtollsmálinu. Flokksmenn hans úti í bænum og úti um land hafa sagt, að flokkurinn mundi fella verðtollinn fyrir Framsóknarfl., til þess að sýna honum, að hann gæti ekki fengið peninga hjá þinginu, ef andstöðuflokkarnir standa saman og stöðva allar fjárveitingar til stj., þrátt fyrir meiri hl. í Nd. Þetta er það, sem flokksmenn hans kröfðust, að flokkurinn gerði, og það hefði orðið til þess, að Framsóknarfl. hefði ekki haft fé til þess að geta farið með stj. í landinu. En á þessu gugnuðu sjálfstæðismennirnir á þingi. Þeir hugsuðu meir um sæti sín heldur en að berjast fyrir kjördæmaskipunarmálinu, sem þeir þykjast þó bera fyrir brjósti.

En það er ekki aðeins í þessu eina máli, sem þeir hafa gengið í lið með Framsóknarfl. Það sést á hverju málinu á fætur öðru, og ekki sízt á fjárl., þar sem þeir sitja saman í n. dag eftir dag, skila áliti saman, eru saman um brtt. og saman um að halda fjárl. eins og þau eru, draga úr verklegum framkvæmdum og auka þar með á atvinnuleysið í landinu.

Það var hægt að búast við þessu af Framsóknarfl., því að þótt talað sé um atvinnuleysi á kjósendafundum, þá vilja sumir framsóknarmenn alls ekki viðurkenna, að atvinnuleysi sé til; það sé ekki í sveitunum og þá sé það náttúrlega alls ekki til, sbr. ummæli hv. 3. landsk. og fleiri hans líka. En það var síður hægt að búast við því, að Sjálfstæðisfl., sem er að leita sér atkv. í kaupstöðum og þykist bera velferð almúgans fyrir brjósti, skríði undir kjólfald Framsóknarfl. eins og hann hefir nú gert. En svo miklir aumingjar eru þó varla í Sjálfstæðisfl., að það eina, sem þeir þykjast hafa grætt á því að gefa Framsóknarfl. verðtollinn, sé að jafnaðarmenn geti nú fengið einn mann í milliþinganefndina! Enda er það öllum kunnugt, að það er meira, sem fylgir. Þeir eiga að fá þau áhrif á stj., að hún verði bræðingsstj. þessara tveggja flokka, með einum fulltrúa sjálfstæðishaldsins. Það færi bezt á því, að þeir

rynnu alveg saman og kölluðu sig sameiginlegan ihaldsflokk sveita og bæja.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég hélt, að hv. 3. þm. Reykv. væri ekki svo óskýr maður, að honum væri ekki ljóst, að eins og till. um skipun mþn. lá fyrir þinginu, áttu sjálfstæðismenn ekki völ nema á einum manni. Við erum 15 í þinginu, en framsóknarmenn 23. Okkar annar maður fengi því 7½ atkv., en þeirra þriðji maður 7⅔ úr atkv. Þeir fengju því 3 menn við kosninguna, við 1, og stj. átti að skipa þann fimmta. Eftir þeirri breytingu, sem nú er á orðin, er ekki eingöngu það unnið, að við sjálfstæðismenn fáum tvo menn í staðinn fyrir einn, heldur er nú víst, að andstæðingar núv. stj. í kjördæmaskipunarmálinu hafa með þessu meiri hluta nefndarinnar. Og það er sannarlega veigamikið atriði.

Þá sagði hv. þm., að við hefðum svikið almennan vilja kjósenda um það að sýna framsóknarmönnum, að þótt þeir hefðu fengið meiri hl. þm., þá gætu þeir ekki fengið fé hjá þinginu. Þetta kalla ég nú brjóstheilindi hjá þessum hv. þm. En út í þetta skal ég ekki fara, að öðru leyti en því, að spyrja hann, hvort hann hefði verið reiðubúinn til þess að drepa önnur skattafrv., sem Framsóknarfl. hefði orðið neyddur til að bera fram, ef sjálfstæðismenn hefðu viljað skuldbinda sig til þess að drepa verðtollinn.

Ég skal taka það fram, að það er alveg gripið úr lausu lofti, ef hv. þm. heldur, að við sjálfstæðismenn höfum sett eitthvert skilyrði um að hv. þm. V.-Ísf. verði í þeirri stj., sem Framsóknarfl. ætlar að mynda. Við höfum engin slík skilyrði sett. Og það get ég sagt hv. þm., að úr Framsóknarfl. vil ég engan mann síður í stj. heldur en þenna þm., ef hinir ráðh. eiga að vera núv. forsrh. og fyrrv. dómsmrh., og það er af því, að ég get ósköp vel unnað hv. þm. V.-Ísf. þess, að leggja sig ekki í þann félagsskap.

Og að lokum þetta: Hv. 3. þm. Reykv. segir, að það sé ekki sjáanlegur munur á Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum. Ef svo er, þá skil ég vel, að hann elski sinn flokkinn hvorn daginn og að dagabrigði séu að því, hvorum hann fylgir.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. sagði, að ekki væri síður að hafa eldhúsdag á næsta þingi eftir kosningar. Það mun rétt vera, en það verður að taka tillit til þess, að nú stendur sérstaklega á, því að á vetrarþinginu var komið í veg fyrir það með harðdrægri stjórnarráðstöfun, að hafður yrði eldhúsdagur þá. Það væri því ekki svo sérlega undarlegt, þótt eldhúsdagur yrði tekinn upp nú, og myndi áreiðanlega hafa verið gert, ef ekki hefði farið svo, að ⅔ hlutar af þeirri stj., sem sat þegar þingið var rofið, væru nú farnir frá.

Um verðtollsafgr. skal ég segja hv. 3. þm. Reykv. það, að ekkert var undarlegt, þótt sjálfstæðismenn greiddu atkv. með því máli, því að þeir hafa alltaf verið með verðtolli. Þetta veit hv. þm. vel. Það var heldur ekkert undarlegt, þótt jafnaðarmenn greiddu atkv. móti málinu, því að þeir hafa alltaf verið á móti verðtolli. Hv. þm. getur ekki álasað Sjálfstæðisfl. fyrir það, þótt hann samþ. mál, sem hann hefir alltaf verið með.

Við álítum, að ekki sé rétt að nota þau meðöl, að neita flokki, sem hefir meiri hl. þings, um nauðsynlegar tekjur til þess að stjórna landinu, þar sem þessi sami flokkur hefir tekið þannig í það stórmál, sem barizt var um nú við kosningarnar, kjördæmaskipunarmálið, að skipa nefnd í það, og lofa að láta koma nál. á næsta þingi, sem kemur saman eftir nokkra mánuði.

Verði brigð á því, getur vel skeð, að það teljist svo mikið brot, að þá sé réttmætt að grípa til þess örþrifaráðs, sem það alltaf er að neita stj. um þær tekjur, sem hún þarf til þess að geta fullnægt ákvæðum fjárl.

Héðinn Valdimarsson: Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. G.-K. að halda, að hann telji nokkrum trú um, að það sé einhver stórsigur í kjördæmaskipunarmálinu, að 2 sjálfstæðismenn og 1 jafnaðarmaður verði á móti 2 framsóknarmönnum í þessari n., sem ekkert á að gera nema rannsaka og koma með till. um málið. Ætli 1 sjálfstæðismaður gæti ekki jafnvel komið með till. í þessu máli fyrir sinn flokk eins og 2. Við jafnaðarmenn þykjumst vel færir um að koma með álit og tillögur

okkar á þingi, þótt við hefðum engan fulltrúa í þessari humbugsnefnd.

Það, sem skiptir máli í þeim till., sem hv. 2. landsk. þm. bar fram í Ed. við þessa þáltill., var það, á hvaða grundvelli n. skyldi starfa. Þar stóð, að hún ætti „að gera rökstuddar till. um, hvernig bezt verði tryggt, að þingmannatala hinna ýmsu flokka á Alþingi sé jafnan í sem fyllstu samræmi við kjósendafjölda þeirra, og jafnframt um þá skipun Alþingis, að girt sé fyrir, að minni hl. geti borið meiri hl. ofurliði um úrslit mála, eða á annan hátt óeðlilega hindrað þingstarfsemi hans".

Þetta er aðalatriðið og var það við kosningarnar. Og svo lengi sem þetta er ekki viðurkennt af Framsóknarfl., þá er ekkert unnið við nefndarskipunina.

Þess vegna veit ég, að hv. þm. G.-K. og hver, sem á hann hlustar, muni skilja, að það er ekkert unnið með því að áskilja sér, að í nefndinni skuli sitja 2 sjálfstæðismenn, 1 jafnaðarmaður og 2 framsóknarmenn, þegar um leið er gengið frá því skilyrði, sem hv. 2. landsk. þm. kom fram með í Ed. og ég veit ekki betur en að blöð og kjósendur sjálfstæðisfl. hafi verið sammála um um allt land fyrir kosningarnar. Hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. skrifuðu báðir undir nál. um þetta mál, þar sem þessum grundvelli er algerlega sleppt. Þar með eru þeir flúnir frá þessum kröfum sínum.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. G.-K. sagði um verðtollinn, og hvort við jafnaðarmenn myndum ekki samþ. aðra tekjuauka fyrir stj., hefði verðtollurinn verið felldur, þá hefir þessu þegar verið svarað í Ed., þar sem formaður Alþýðuflokksins lýsti yfir því, að við myndum ekki samþ. neina tekjuauka með Framsóknarfl., nema þá, sem eingöngu yrði varið eftir okkar till., og áttum við þar fyrst og fremst við atvinnubætur og önnur slík ný og óumflýjanleg ríkisútgjöld samkvæmt stefnu okkar jafnaðarmanna. Með þessu er það skýrt tekið fram, að ekki mundu af okkar hálfu verða samþ. neinir varanlegir skattar til almennra þarfa ríkissjóðsins, og yrði því Framsóknarfl. sem slíkum ekkert gagn að þessum nýju tekjustofnum. En óhjákvæmilegt er að gera ráð fyrir sérstökum auknum útgjöldum vegna vandræða þeirra, sem atvinnuleysið skapar í landinu, og án þess getur ekki þingið skilizt við málin nema sér til skammar.

Hvort ég elski báða flokkana, held ég, að ég hafi sýnt bæði á landsmálafundum og á þingi, — og a. m. k. elska ég ekki hv. þm. G.-K. og ekki hæstv. stj.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég skal ekki karpa lengi um þetta. En hv. þdm. og hv. 3. þm. Reykv. hljóta að skilja, að mikill munur er á því fyrir þá, sem virkilega bera þetta mál fyrir brjósti, að fylgjendur umbótanna séu í meiri hl. í nefndinni. Með meiri hl. aðstöðu getur sá meiri hl. hæglega klofið n. og skilað áliti sérstaklega.

Auk þess hafa framsóknarmenn lýst yfir því, að þeir ætli að gera sitt ýtrasta til þess að skila áliti fyrir næsta þing, og þá liggur málið auðveldara og ljósara fyrir, og þá getum við séð, hvað mikið af því réttlæti, sem Framsóknarfl. fleiprar um, er í orði og hvað mikið á borði. En það verður ekki fyrr en við höfum fengið fulltrúa þeirra í n. til að segja um, hverjar efndir eiga að verða á þeim hálfu loforðum, sem hæstv. forsrh. og fleiri úr þessum flokki hafa verið að dylgja um á mannfundum og víðar.

Ég játa það með hv. 3. þm. Reykv., að það orðalag, að n. skuli vinna á þeim grundvelli, að hver flokkur fái þingsæti í samræmi við kjósendatölu, er mjög mikilsvarðandi, enda er þetta fengið að láni frá sjálfstæðismönnum úr stjórnarskrárfrv. því, sem þeir fluttu í Ed. (HV: Till. var samin á undan frv.). Bæði hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf., sem var nú að skrökva þessu að honum, viðurkenndu, að þetta væri snilldarlegt orðalag í frv. og sjálfsagt að fá það að láni, og mér finnst ekkert við það að athuga.

Ég hjó í það, að hv. þm. sagði, að jafnaðarmenn myndu ekki hafa gengið inn á að samþ. nein tekjuaukafrv., „nema þau, sem gengju eftir okkar till.". Þetta er auðvitað alveg rétt. Þeir hefðu borið fram sín frv. og Framsókn samþ. þau. Fyrir mér var eingöngu spurningin sú, hvort jafnaðarmenn vildu láta kné fylgja kviði í kjördæmaskipunarmálinu og neita stj. um hvaða tekjur sem væri, út frá þeim

forsendum, að við vildum sækja í hendur stj. þau mannréttindi, sem haldið er fyrir okkur. Ef jafnaðarmenn hefðu verið reiðubúnir til þess, hefði ég verið reiðubúinn til þess að fylgja þeim til þess.

Magnús Jónsson: Mig langar til þess að benda hv. 3. þm. Reykv. á það, sem ekki hefir verið minnzt á hér, að lögin um verðtoll tóku mjög mikilsverðri breytingu í Ed. Í stjfrv. var kveðið svo á, að lögin skyldu framlengd um tvö ár. En eins og nú er gengið frá þeim, gilda þau aðeins til eins árs. Það munar hvorki meira né minna en því, að næsta þing verður líka að taka ákvörðun um lögin.

Úr því að talað er um tákn á sólu og tungli, sem hafi átt að gerast í gær í Ed., vil ég taka það fram, að málinu er aðeins skotið á frest, þangað til stjórnarflokkurinn er búinn að sýna, hversu mikil heilindi fylgja með því að bera fram till. um skipun mþn. í kjördæmaskipunarmálinu, og með því að ganga inn á þær breytingar, sem orðið hafa á till.

Héðinn Valdimarsson: Ég hélt, að flokkar í landinu og flokkar á þingi væru fyrst og fremst til þess að berjast fyrir sínum áhugamálum og koma þeim fram. En það virðist sem sá flokkur, sem kallar sig Sjálfstæðisflokk, hafi aðeins eitt áhugamál, og það er, að fleiri menn af sömu tegund komist inn í þingið. Þó að þessi flokkur segðist fyrir kosningarnar hafa eitt mikið áhugamál, kjördæmaskipunina, þá hefir hún ekki orðið neitt verulegt deilumál milli hans og Framsóknarfl. þegar á þing var komið. Ég sé ekki, hvaða tilveruskilyrði slíkur sjálfstæðisflokkur getur haft. Þó að hann kæmi fleiri sínum mönnum inn á þing, þá yrði það aðeins til þess, að fleiri sjálfstæðismenn fylgdu Framsóknarfl. á þingi og stjórn hans, en til þess hafa kjósendur Sjálfstæðisfl. áreiðanlega ekki ætlazt.

ATKVGR.

Brtt. 183,I.1—13 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 183,I.14—15 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 183,II (aðaltill.) felld með 14 : 13 atkv.
— 183,II (varatill.) felld með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BJ, EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, VJ.
nei: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, JörB.
Brtt. 183,III.a—b felld með 17 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EA, GÍ, HG, HV, JAJ, JJós, JÓl, MG, MJ, ÓTh, VJ.
nei: BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, JörB.
Brtt. 183,IV samþ. með 23 shlj. atkv.
— 183,V.a—b felld með 15 : 11 atkv.
— 183,VI.a—b samþ. með 25 shlj. atkv.
— 183,VII samþ. með 16 shlj. atkv.
— 183,VIII samþ. með 15:3 atkv.
— 183,IX samþ. með 22 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BKr, EA, GÍ, HStef, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, JörB.
nei: HJ, IngB, PO.
HG, HV, VJ greiddu ekki atkv.
Brtt. 194,I felld með 14 : 10 atkv.
— 183,X felld með 14 : 5 atkv.
— 183,XI.a—b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 183,XII (með leiðréttingu) felld með 16 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PO, VJ, EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ.
nei: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, JörB.
Brtt. 183,XIII tekin aftur.
— 183,XIV.a—b samþ. með 21 shlj. atkv.
— 183,XV.a—b tekin aftur.
— 183,XVI samþ. með 15 shlj. atkv.
— 183,XVII.a tekin aftur.
— 183,XVII.b felld með 14 : 6 atkv.
— 183,XVIII felld með 14 : 10 atkv.
— 183,XIX.a—b tekin aftur.
— 194,II felld með 14 : 14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, EA, GÍ, HG, HV, JJós, JÓl, JónasÞ, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, JörB.
nei: ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JAJ, LH, SvbH, SvÓ, TrÞ.

Brtt. 183,XX samþ. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, ÓTh, PO, StgrS, VJ, BSt, EA, GÍ, HG, HV, JJós, JÓl, JónasÞ, MG, JörB.
nei: SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JAJ, LH.
Brtt. 183,XXI felld með 15 : 9 atkv.
— 183,XXII.1 samþ. án atkvgr.
— 207,I.1 felld með 14 : 14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HJ, IngB, JónasÞ, LH.
nei: VJ, EA, GÍ, HStef, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PO, JörB.
Brtt. 183,XXII.2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 183,XXIII felld með 18 : 3 atkv.
— 183,XXIV samþ. með 16 : 10 atkv.
— 183,XXV felld með 14 : 9 atkv.
— 183,XXVI felld með 15 : 10 atkv.
— 207,I.2 felld með 14 : 11 atkv.
— 183,XXVII samþ. með 21 shlj. atkv.
— 183,XXVIII samþ. með 15 : 11 atkv.
— 183,XXIX samþ. með 16 : 6 atkv.
— 183,XXX felld með 14 : 11 atkv.
— 194,III felld með 15 : 12 atkv.
— 183,XXXI samþ. með 19 : 4 atkv.
— 183,XXXII felld með 14 : 3 atkv.
— 183,XXXIII felld með 14 : 4 atkv.
— 202,I.a felld með 14:12 atkv.
— 202,I.b tekin aftur.
— 183,XXXIV samþ. með 16 : 4 atkv.
— 194,VII.2 samþ. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, EA, GÍ, JörB.
nei: HV, IngB, JónasÞ, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BKr, HStef, HJ, HG.
Brtt. 194,IV (aðaltill.) felld með 15 : 9 atkv.
— 194,IV (varatill.) samþ. með 15 : 4 atkv.
— 194,V.1 felld með 14 : 10 atkv.
— 183,XXXV samþ. með 15:9 atkv.
— 183,XXXVI samþ. með 16 : 10 atkv.
— 194,V.2 felld með 14 : 9 atkv.
— 205,I samþ. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, VJ, BJ, EA, GÍ, JörB.
nei: HStef, HJ, IngB, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr.
Brtt. 183,XXXVII samþ. með 15 : 10 atkv.
Brtt. 183,XXXVIII felld með 14 : 5 atkv.
— 183,XXXIX tekin aftur, en tekin upp af 3. þm. Reykv. og felld með 15 : 10 atkv.
— 183,XL (aðaltill.) samþ. með 17 : 2 atkv.
— 183,XLI (aðaltill.) felld með 14:9 atkv.
— 183,XLI (varatill.) felld með 14:14 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvÓ, VJ, BJ, EA, GÍ, HG, HV, JJós, JÓl, JónasÞ, MJ, ÓTh, StgrS, JörB.
nei: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JAJ, LH, MG, PO, SvbH.
Brtt. 217,I.1. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 183,XLII tekin aftur.
— 183,XLIII.a—b teknar aftur.
— 183,XLIV (aðaltill.) felld með 14 : 8 atkv.
— 183,XLIV (varatill.) samþ. með 15 : 3 atkv.
— 183,XLV (aðaltill.) felld með 16:3 atkv.
— 183,XLV (varatill.) felld með 14 : 4 atkv.
— 194,VI felld með 14 : 5 atkv.
— 183,XLVI (með leiðréttingu) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 183,XLVII.a—d felld með 16 : 5 atkv.
— 194,VII.1 felld með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BÁ, EA, GÍ, HG, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, PO.
nei: TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BKr, HStef, HJ, HV, IngB, JónasÞ, StgrS, SvbH, SvÓ, JörB.
Brtt. 194,VIII samþ. með 13 : 9 atkv.
— 202,II.a felld með 14 : 4 atkv.
— 202,II.b felld með 21 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, EA, HG, HV, VJ.
nei: ÁÁ, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.
JörB greiddi ekki atkv.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
Brtt. 183,XLVIII felld með 14 : 14 atkv.
— 217,I.2 samþ. með 17 : 4 atkv.
— 183,XLIX þar með ákveðin.
— 183,L.a felld með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÓTh, PO, VJ, ÁÁ, EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl.
nei: LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BSt, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, JörB.
BÁ greiddi ekki atkv.
Brtt. 183,L.b felld með 16 : 9 atkv.
— 183,LI tekin aftur.
— 194,IX felld með 16 : 10 atkv.
— 183,LII.1 samþ. með 15:9 atkv.
— 183,LII.2 samþ. án atkvgr.
— 183,LII.3 samþ. með 20 : 1 atkv.
— 183,LIII felld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PO, EA, GÍ.
nei: JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HG, HV, IngB, JörB.
ÁÁ, HStef, HJ greiddu ekki atkv.
Brtt. 183,LIV samþ. með 15 : 7 atkv.
— 183,LV (aðaltill.) felld með 14 : 10 atkv.
— 183,LV (varatill.) felld með 14 : 10 atkv.
— 194,X samþ. með 18 : 2 atkv.
— 183,LVI.1 samþ. án atkvgr.
— 183,LVI.2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 183,LVI.3 samþ án atkvgr.
— 183,LVII samþ. með 15 shlj. atkv.
— 183,LVIII samþ. með 15 shlj. atkv.
— 183,LIX felld með 14 : 13 atkv.
— 202,III samþ. með 17 shlj. atkv.
— 183,LX.1.a—b samþ. með 21 shlj. atkv.
— 183,LX.2 samþ. með 20 : 5 atkv.
— 183,LXI felld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EA, GÍ, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, SvbH, ÞorlJ, JörB.
nei: BÁ, BKr, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JónasÞ, StgrS, SvÓ, TrÞ, VJ, BJ.
Þrír þm. (PO, ÁÁ, BSt) fjarstaddir.

Forseti (JörB): Mér finnst eitthvað athugavert við næstu brtt. (183,LXII) og tel vafasamt, að hægt sé að bera hana undir atkv. með því orðalagi, sem á henni er.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég óska forsetaúrskurðar um þessa till.

Haraldur Guðmundsson: Ég held ekki, að neitt sé athugavert við till. Er það hvergi sagt, að féð skuli greiða úr Menningarsjóði. Stj. er heimilt að gera hvort sem hún vill, að greiða úr ríkissjóði eða Menningarsjóði. Mun hún að sjálfsögðu greiða úr ríkissjóði, ef hitt reynist óleyfilegt.

Forseti (JörB): Mér finnst æskilegra, að till. hefði verið með öðru sniði. Hún hljóðar þannig: „Við 20. gr. Út. V. Aftan við orðið „Menningarsjóð" kemur: að því tilskildu, að Guðbrandur Jónsson rithöfundur hafi á hendi gæzlu listasafnsins með a. m. k. 2500 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar". Þetta er einkennileg framsetning. En þar sem óskað hefir verið forsetaúrskurðar, get ég ekki komizt hjá því að láta í ljós álit mitt á þessu máli.

Brtt. á þskj. 183,LXII fer fram á að verja fé úr Menningarsjóði til annara hluta en fyrirmæli laga um sjóðinn, nr. 54, 7. maí 1928, heimila, samkv. skýlausum ákvæðum 2. gr. um það, hvernig tekjum sjóðsins skuli varið, sbr. og 1. gr. l. nr. 7, 12. apríl s. á., sem ákveður, að þóknun fyrir störf menntamálaráðs, sem m. a. hefir á hendi stjórn Menningarsjóðs, skuli ákveðin í fjárl., en annar nauðsynlegur kostnaður greiðist af skrifstofufé stjórnarráðsins. Með fjárlagaákvæði einu saman tel ég ekki unnt að gera breyt. á tæmandi fyrirmælum annara laga um það, hvernig farið skuli með tekjur sjóðsins, og úrskurða ég því, að brtt. eins og hún liggur fyrir geti ekki komið undir atkv.

Haraldur Guðmundsson: Að fengnum þessum úrskurði forseta um að till. geti ekki komið undir atkv. eins og hún er orðuð, leyfi ég mér að taka aftur orðin í till.: „að því tilskildu, að"; vænti ég, að hæstv. forseti sýni það frjálslyndi að taka till. til greina með þeirri úrfellingu.

Forseti (JörB): Ég get orðið við tilmælum hv. þm. Seyðf., þó að æskilegt hefði verið, að þessi hluti af till. hefði fyrr verið aftur tekinn.

Brtt. 183,LXII með þessari úrfellingu felld með 17 : 10 atkv.
— 194,XI felld með 19 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, EA, GÍ, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh.
nei: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JónasÞ, LH, JörB.

Brtt. 183,LXIII.1.a samþ. með 20 : 3 atkv.
— 222 samþ. með 17 : 2 atkv.
— 183,LXIII.1.b þar með ákveðin.
— 183,LXV.c felld með 17 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JAJ, LH, VJ, BJ, BSt, EA, GÍ, HG, HV, IngB.
nei: JÓl, JónasÞ, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, BKr, HStef, HJ, JörB.

Brtt. 183,LXIII.2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 183,LXIV samþ. með 19 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JAJ, JónasÞ, LH, MJ, ÓTh, StgrS, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, GÍ, HStef, HG, HV, JörB.
nei: JÓl, MG, PO, SvbH, SvÓ, BKr, EA, HJ, IngB.

Brtt. 205,II samþ. með 22 shlj. atkv.
— 183,LXV.a, svo breytt, samþ. með 19 : 2 atkv.
— 183,LXV.b samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BJ, BÁ, EA, GÍ, HStef, HG, HV, JJós, JÓl, LH, StgrS, SvÓ, VJ, ÁÁ, JörB.
nei: BSt, HJ, IngB, JAJ, JónasÞ, MG, MJ, ÓTh, PO, SvbH, TrÞ.
BKr, ÞorlJ greiddu ekki atkv.

Brtt. 183,LXVI felld með 14 : 9 atkv.
— 217,II samþ. með 18 : 7 atkv.
— 194,VII, svo breytt, felld með 18 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MG, MJ, ÓTh, PO, ÁÁ, BÁ, GÍ, JJós, JAJ.
nei: LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BKr, EA, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JÓl, JónasÞ.
JörB greiddi ekki atkv.

Brtt. 183,LXVII.a felld með 15 : 12 atkv.
— 183,LXVII.b samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, StgrS, VJ, BÁ, EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh.
nei: SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BKr, HStef, HJ, IngB, JörB.
ÁÁ, BJ, BSt greiddu ekki atkv.

Brtt. 183,LXVIII tekin aftur.

Brtt. 183,LXIX felld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HStef, HG, HV, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BKr.
nei: GÍ, HJ, JJós, JAJ, JÓl, MG, ÓTh, PO, SvÓ, ÁÁ, BÁ, EA, JörB.
IngB, MJ, BSt greiddu ekki atkv.

Brtt. 183,LXX felld með 14 : 5 atkv.
— 207,II samþ. með 16 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HJ, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, JörB.
nei: HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PO, VJ, EA, GÍ.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EA, GÍ, HStef, HJ, IngB, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, JörB.
nei: HG, HV, JJós, MJ, VJ.

Frv. afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., 8. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 230).

Á 25. fundi í Ed., 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Baldvinsson: Það hefir verið venja hér í d. nokkur undanfarin ár, að þm. hafa talað við stjórnina um það, sem þeim hefir fundizt ábótavant í framkvæmdum hennar. En nú vill svo til, að kosningar eru nýlega um garð gengnar og stj. enn í lamasessi, og það virðist ekki ganga greiðlega að koma henni á laggirnar. Það er því ekki sama ástæða og áður að ræða við stjórnina, þó af miklum gnægðum sé að taka. Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort ekki megi búast við því undir umr. fjárl., að menn geti talað við þá stjórn, sem má búast við, að verði til frambúðar. Það eru sagðar sögur um það, að það gangi ekki greiðlega að koma stjórnarmyndun á. Ekki er nú beinlínis um það talað, að menn séu ófúsir á að taka þátt í landsstjórninni, en samt hefir nú ekki tekizt að koma upp stjórninni. En það verður aldrei eiginleg landsstjórn, heldur flokksstjórn.

Mig langar til þess, þegar er nú komið að umr. fjárl., að spyrja hæstv. forsrh. nokkurra spurninga viðvíkjandi gjöf, sem ég fékk í upphafi þingsins, sem heitir „Skýrsla um nokkrar framkvæmdir ríkisins". Ég þakka honum fyrir þessa fallegu myndabók, en langar þó til að spyrja hann, hvort ég eigi að þakka honum persónulega, eða hvort bókin hefir verið gefin út fyrir ríkissjóðsfé, og ef svo er, þá langar mig til að spyrja, hvað mikið það hafi kostað að gefa bókina út, og hvort áreiðanlegar tölur eru við hendina. Ég hefi séð, að í raun og veru voru bændur landsins búnir að fá bókina áður en hún kom til annara, því að megnið hefir verið gefið út áður í blaði framsóknarmanna, og myndirnar hafa víst verið fyrir það gerðar, en síðan lánaðar ríkinu. Það er því verulegur styrkur, sem stjórnarblaðið hefir haft af þessu. Þessi fyrirspurn mín er borin fram af forvitni, og af þeim ástæðum, sem ég gat um í upphafi.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég býst við, að það verði frekar skoðað sem spaugsyrði en afbrýðissemi, sem hv. 2. landsk. var að segja um það, hverjir myndu verða í stjórninni. Því verður ekki neitað, að aðstaðan er nú önnur en þegar stjórn var mynduð síðast. Ég geri ekki ráð fyrir, að það þurfi nú að tala við hv. 2. landsk. um stjórnarmyndun, sem óneitanlega var gert þá. Þá fékk hann að ráða fyrstur manna um það, hverjir yrðu í stjórn, en ég geri ráð fyrir, að hann fái nú að vita það um líkt leyti og aðrir.

Á titilblaði bókarinnar, sem hv. þm. nefndi, stendur, hver hafi gefið bókina út. Ef hv. 2. landsk. vill fá að vita nákvæmlega, hvað það hefir kostað að gefa bókina út, þá mun hann geta fengið að vita það í stjórnarráðinu. Ég hefi ekki tölurnar nú við hendina, en mun geta náð í þær seinna. Um myndirnar er það að segja, að þær voru búnar til fyrir bókina, en hv. þm., sem er gamall prentari, ætti að vita, hvaða reglur gilda um slíkar myndir. Það er algengt, að einn lánar þær öðrum. Og ef blað það, sem hv. þm. er mest riðinn við, óskar að fá þær að láni, þá býst ég við, að það mundi verða veitt greiðlega.

Jón Baldvinsson: Hæstv. forsrh. hefir nú svarað fyrirspurninni þannig, að mér komi þetta ekki við. Er það h. u. b. hið sama svar og hann hefir gefið öðrum, sem um þetta hafa spurt. Það getur vel verið, að hæstv. forsrh. geti frómt um talað, en hann ætti þó að vita það, að aðstaða þm. veitir þeim nokkurn rétt til að heimta af hverjum forsrh., að hann skýri frá því, hvað gerist viðvíkjandi stjórnarmyndun. En núv. hæstv. forsrh. ætlar nú kannske ekki að fara eftir þingræðisreglum.

Ráðh. svaraði hinni fyrirspurninni eins og ég þóttist vita, að hann gerði, með því, að það hefði verið atvinnumálaráðuneytið, sem gaf bókina út. En það hefir nú stundum verið svo, að þegar eyðsla á einhverju sviði hefir verið hneykslanleg, þá hafa flokkarnir sjálfir tekið að sér kostnaðinn, eins og Íhaldsflokkurinn gerði um vissa sendiför. Eins hefði átt að vera með þetta útgáfuhneyksli ríkisstjórnarinnar.

Hv. 5. landsk. hefir þráfaldlega verið að vitna í Englendinga sem fyrirmyndarþjóð. Mig langar því til að segja honum og hæstv. forsrh. það, að enska stj. hefir nú gefið út svipað rit og ísl. stj. Ég hefi nú bæði þessi rit við hendina. Ég hefi látið vega þau að gamni mínu, og kom þá í ljós, að rit ísl. stj. vegur 800 gr., en rit ensku stj. vegur 4 gr. og er það með 2 myndum. Það eru um 30 hlutir, sem enska stj. hefir gert og skýrir frá í þessu riti. Ég þarf auðvitað eins að skýra frá því, að það eru miklu hærri fjárupphæðir í riti ensku stj., en hvort þær eru hlutfallslega hærri en í riti ísl. stj. hefi ég ekki reiknað út. Það er enn einn munur á hinu ágæta riti ensku stj. og þeirrar íslenzku, að enska stj. hefir ekki látið atvmrn. kosta útgáfuna, heldur hafa þeir gefið hana út sjálfir. Það svarar til þess, ef Framsókn hefði látið Tímann kosta útgáfuna. Ég bendi á þetta sem dæmi, og ef það er meir en í orði, að hv. 5. landsk. er að vitna í Englendinga til eftirbreytni, þá ætti stj. að taka þá til eftirbreytni í þessu efni. Ég býst við, að ritið kosti ekki minna en það, sem hv. 3. landsk. telur, að muni kosta að koma í framkvæmd búfjárræktarlögunum, svo að hér er um verulega upphæð að ræða. Ég hefi viljað benda stj. á þetta, því hún hefir oft lýst

því yfir, að hún vilji taka Englendinga til fyrirmyndar. Hér er ágætt dæmi að fara eftir og mundi áreiðanlega spara fé, ef gert væri.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér þykir ánægjulegt, að hv. 2. landsk. er í góðu skapi og lætur fjúka spaugsyrði. En ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í það. Ég vildi aðeins undirstrika hvatningu í enda ræðu hans, um að taka Englendinga til eftirbreytni, og þá sérstaklega í því, hvernig ganga á frá kjördæmaskipunarmálinu og kosningum til Alþingis. Þeir eru elzta þingræðisþjóð í heimi og af þeim má mikið læra í þessum efnum.

Jón Þorláksson: Af því að stj. sú, sem situr við völd, er bráðabirgðastjórn, þá hefi ég ætlað að leiða hjá mér að fara út í almennar umr. að því er stjórnina snertir við þetta tækifæri. Ég miða nú ekki svo mjög við það, að enn er ekki komin ný stj., svo menn viti, því ég lít svo á, að Framsókn geti ekki myndað aðra stj. en bráðabirgðastjórn, þar sem hún hefir ekki nema minni hl. kjósenda. Hún hefir því ekki rétt til þess að mynda fullgilda pólitíska stjórn. Þó gæti farið svo, að stjórnarmyndun tækist þannig til, að ástæða væri til að minnast á eitthvað úr stjórnarsögu undanfarandi ára, þegar stjórnarskipunin er komin fram.

Hér hefir verið gert að umtalsefni rit það, sem atvmrn. hefir gefið út, og ég vil ekki láta umr. líða svo hjá, að ég taki ekki þátt í þeim hvað þetta rit snertir. Þetta rit er alveg einstakt í sinni röð, ef það á að skoðast sem stjórnarskýrsla, og þá fyrst og fremst vegna þess, hvað það er óvenjulega mikið rangt í því, svo að það er engu líkara en að það sé samsafn af blaðagreinum úr óvandaðasta blaði landsins, en ekki skýrsla stj. Ég veit, að ég verð að finna orðum mínum stað og ætla því að nefna einstök dæmi. Ég sting þá niður á 1. bls., því hana las ég fyrst. Þar er vitnað í það, að ég hafi á landsmálafundi á Sveinsstöðum árið 1926 gert ráð fyrir, að árið 1940 myndi verða bílfært úr Borgarnesi norður til Húsavíkur. Síðan er frá því sagt, að vegakerfi landsins hafi aukizt með meiri hraða en nokkru sinni áður og miklu hraðar en ég þarna hafi áætlað. Nú er strax undarlegt að vitna í fundarræðu úti á landi, þegar til eru skjalleg gögn í höndum stj. En um þessa fyrirætlun stj. eru til skjalleg gögn í aths. við fjárlagafrv. fyrir 1926, og sé sú áætlun þorin saman við það, sem búið er að leggja, þá sést, að það er langt á eftir áætlun. Ég hefi því miður ekki áætlunina fyrir framan mig. Þar var gert ráð fyrir, að á næsta ári (1932) yrði vegurinn yfir Holtavörðuheiði og alla leið að Vatnsskarði fullgerður, en hann er ófullgerður enn. Og það er allt annað mál, þó bílstjórar brjótist yfir hann að sumarlagi. Það er fölsun, að bera rudda sumarvegi saman við áætlun þáv. stj. um fullgerða akvegi. Það er alveg óheyrilegt, að í stjórnarskýrslu sé farið svona óráðvandlega með heimildir.

Ég ætla að nefna annað dæmi, sem er líka tekið af handahófi. Á bls. 225 er kostnaður við berklavarnir talinn árin 1927—30. Þar er prýðilega dregið línurit, sem sýnir, að 1927 hafi kostnaður við berklavarnir hækkað úr 580 þús. kr. upp í 1 millj. Árið 1928 hafi hann verið fyrir neðan 1 millj., en fallið svo um eitthvað 300 þús. kr., eða um ca. 30%. Þar segir ennfremur: „Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja frá hagstofunni, hefir dýrtíðin minnkað um 3% frá 1927—1930. Af þessum 300 þús. kr., sem sparazt hafa á ári tvö síðustu árin, ættu þá 9000 kr. að hafa sparazt vegna minnkandi dýrtíðar. Hinar 291 þús. kr. hafa því sparazt fyrir bætta löggjöf og með bættum stjórnarframkvæmdum". Ég þykist vita, að hv. þm. muni vera svo minnisgóðir, að þeir muni, að á þingi 1927 var lögleidd breyt. á berklavarnalögunum, þar á meðal um tilhögun á greiðslu sýslusjóðanna gagnvart ríkissjóði. Ég var fjmrh. þá og skýrði þá þegar frá því, að árið 1927 kæmi til gjalda úr ríkissjóði miklu meira en eins árs berklakostnaður vegna þessarar breytingar. Áður endurgreiddi ríkið sýslufélögunum ⅔ kostnaðar eftir á, en nú greiðir ríkið allan kostnaðinn beint til spítalanna. Meðan breytingin var að komast á, hlaut berklakostnaður eins árs að hækka um ⅔ eða meira. Þetta er orsökin til hækkunarinnar 1927, því að það ár kemur meira en eins árs kostnaður til

útgjalda. Svo er verið að flagga með því, að árlegur kostnaður hafi síðan lækkað um 300 þús. kr. eða meira, fyrir bætta löggjöf og bættar stjórnarframkvæmdir. Þetta er fölsun. Ég hefi ekki rannsakað það, hvort hærri kostnaður 1928 getur líka átt rót sína að rekja til þessarar breyttu löggjafar. En samt verður núv. forsrh. að svara til þess, ef berklakostnaður 1928 hefir farið úr hófi fram. En þessi fölsun er send landsmönnum sem opinberar skýrslur, þar sem sagt er, að berklavarnakostnaður 1927 hafi verið 400 þús. kr. hærri en 1926, án þess að geta þess, að þetta stafar að mestu af tilfærslu á reikningum. Læt ég svo nægja það, sem ég hefi þegar sagt, til þess að sýna fram á óheilindin í þessari rökfærslu. Veit ég ekki, hvort hæstv. stj. telur sér þessa skýrslu samboðna. Hitt veit ég, að hingað til hefir engin stj. setið hér að völdum, sem slíkt hefði mátt segja um, og vona ég, að það verði aldrei hér eftir. Þetta rit, sem í heild sinni hefir á sér svip óvandaðs kosningarits, flokksrits, sem samboðið er óvandaðri flokksstjórn, er sent út um landið rétt fyrir kosningar til atkvæðasmölunar. Allir vita, að það var klókindabragð að senda ritið út rétt fyrir kosningar, til þess að ekkert væri hægt að leiðrétta, enda munu þeir menn, sem það geta, hafa annað þarfara að gera en að eltast við slíkt.

Við stjórnarskiptin, sem urðu að nokkru leyti í apríl síðastl., var ákveðið að fresta útsendingu ritsins, og fólst í því loforð um það, að stj. skyldi koma fram sem hlutlaus bráðabirgðastjórn, þangað til eftir kosningarnar. Í þessu fólst jafnframt viðurkenning um það, að skýrslan væri ósæmileg, því að auðvitað væri ekkert því til fyrirstöðu, að bráðabirgðastj. sendi út sanna skýrslu um verklegar framkvæmdir.

Forsrh. skýrði frá því, að komið hefði til mála að láta Framsóknarfl. kosta útgáfu ritsins. Hefði það verið sýnu sæmilegra en að láta ríkissjóð greiða kostnaðinn, þó að ég vilji ekki halda því fram, að Framsóknarfl. öllum sé bókin samboðin, a. m. k. að því er til kjósenda hans kemur. Forsrh. var þá á því, að ef ritið væri ekki svo úr garði gert, að stj. teldi það sæmilegt til útsendingar eins og stæði, þá væri heldur ekki sæmilegt að láta ríkið kosta það. En samt var skýrslan birt og send út um allt land, svo að segja eftir heimilaskrá, og eytt í það tugum þúsunda dagana fyrir kosningarnar, en ekki var hirt um að senda hana til þeirra manna, sem lögum samkv. eiga að fá opinberar skýrslur. Líklega hefir verið horfið frá því fyrir kostnaðarsakir, að Framsókn gæfi ritið út.

Þarna er verið að gylla fjárhagsafkomu ríkisprentsmiðjunnar. Það er reyndar ekki nema eðlilegt, að afkoman sé sæmileg, þegar ríkið borgar henni stórfé fyrir að vinna verk, sem aldrei skyldi hafa verið unnið. Fer ég svo ekki fleiri orðum um skýrsluna, þó að margir kaflar séu þar með öllu ósæmilegir. Bókin er í heild sinni landinu til minnkunar, og ætti slíkri stj., sem gefur út annað eins á ríkiskostnað, að finnast hún gera lítið úr sér. Verð ég að beina því til hæstv. forsrh., að ég tel það óráðvendni í meðferð á ríkisfé að takast slíkt á hendur á þessum erfiðu tímum, þegar varla er hægt að greiða starfsmönnum ríkisins sæmileg sultarlaun. Hefir verið farið þeim orðum um þetta hér á þingi, að það væri þjófnaður. Á lagamáli er það að vísu ekki þjófnaður, en ég fyrir mitt leyti geri ekki mikinn mun á því og þeim verknaði.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér þykir leiðinlegt, að hv. 1. landsk. er ekki í eins góðu skapi og hv. 2. landsk. Hv. 1. landsk. veik að bókinni „Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins". Geri ég ráð fyrir, að hv. 1. landsk. hafi valið dæmi sín þannig, að honum þætti þar koma fram á sérstaklega áberandi hátt, hve rangt er farið með í bókinni. Hvað sýna nú þessi tvö dæmi, ef rétt eru skoðuð?

Hv. þm. hneykslaðist á því, að bókin skyldi vitna í ummæli hans, þau er hann hafði, þegar hann var fjmrh. En þar er hvergi farið rangt með né misnotað á nokkurn hátt. Hefir hann ekki undan neinu að kvarta í því efni. Ef þetta á að vera dæmi um hlutdrægni, þá er það annaðhvort illa valið eða það er ekki margt hægt að finna. Hitt dæmið er þó ennþá verr valið. Vitnar hv. þm. í það, sem sagt er á bls. 225 um sparnað, sem orðið hafi

1927—1929 á kostnaði við berklavarnir. Segir hann, að þar sé rangt farið með, því að sparnaðurinn stafi einungis af breyttri löggjöf. En á sömu bls. stendur einnitt, að sparnaður þessi stafi af minnkandi dýrtíð og breyttri og bættri löggjöf og stjórnarframkvæmdum. Þarna stendur því einmitt það, sem hv. þm. er að halda fram. Stafar þessi breyt. sumpart af aðgerðum fyrrv. stjórnar, en sumpart af aðgerðum stj. þeirrar, er við tók í ágúst 1927. Kom það í minn hlut að framkvæma sumt það, sem fyrirrennari minn hafði ákveðið. — Vil ég ekki halda því fram, að bók þessi sé gallalaus fremur en aðrar bækur, en dæmi þau, sem hv. þm. hefir valið, sýna alls ekki það, sem hann vill sanna.

Hv. þm. vitnaði síðar í ræðu sinni í einkasamtal. (**JónÞ**: Nei, ekki einkasamtal). Hv. þm. vitnaði í einkasamtal, og hefir enginn í þessari hv. d. gert það nema hv. 1. landsk.

Síðast kom hann inn á innheimtu tekju- og eignarskatts og sagði, að ákvæðin um það hafi hvergi verið framkvæmd sómasamlega nema í Reykjavík einni. Verð ég að segja, að það er langt frá, að þau hafi verið vel framkvæmd þar. Hvílíkur áfellisdómur felst í þessu til trúnaðarmanna ríkisins víðsvegar um land, er áttu að framkvæma lögin! Er ekki hægt að kalla þetta öðru nafni en óráðvendni hjá hv. þm.

Jón Jónsson: Hv. 1. og hv. 2. landsk. skutust í eldhúsið og köstuðu kögglum að stj. Hélt ég, að þeir mundu láta sér það nægja, en hv. 1. landsk. lét sér sæma að kasta líka köldum orðum að öllum skattanefndum landsins. Kvað hann skatta hafa verið innheimta í Reykjavík einni með fullum sóma. Held ég, að hann eigi bágt með að standa við þetta. Veit ég ekki betur en að t. d. skattan. í Húnavatnssýslu, sem ég var í, hafi starfað fullvel, og hefi ég í fórum mínum bréf frá hv. 1. landsk., þá er hann var ráðh., þar sem hann lýsir yfir þessu og þakkar skattan. sérstaklega góða framkvæmd. Get ég lagt það bréf fram, ef krafizt verður. (**JónÞ**: Ég man vel eftir því). Dæmi um framkvæmdirnar í Reykjavík er það, að þegar skipt var um skattstjóra, komu fram mörg hundruð þús. kr. í framtöldum eignum, sem ekki höfðu verið taldar fram áður. Það var venja hjá okkur að heimta allar skýrslur frá bönkum og sparisjóðum um inneign manna. Þessari reglu held ég ekki, að hafi verið framfylgt í Reykjavík. Virðist það því vera með öllu ómaklegt, þegar hv. þm. er að kasta skeytum að skattan. landsins utan Rvíkur.

Þá get ég ekki látið hjá líða að mótmæla þeim ummælum hv. 1. landsk., að Framsóknarfl. sé ekki fær um að mynda fullgilda stj., þó að hann hafi þingmeirihl. Get ég ekki annað séð en að núv. stj. sé fullkomin þingræðisstj.

Hv. þm. fer því næst hörðum orðum um skýrslu stj., þá er hér hefir verið rætt um. Er skýrslan ekki gallalaus, og er ég ekki fyllilega ánægður með hana sjálfur. Væri máske réttast, að forstöðumenn hverrar starfsgreinar, vegamála, símamála o. s. frv., sendu hver sinn kafla. En ég tel mjög heppilegt, að á vissu árabili, t. d. í lok hvers kjörtímabils, sé gefin ýtarleg skýrsla um framkvæmdir ríkisins, svo að landslýðurinn fylgist með, hvað gerist. Ég er því að vissu leyti stj. þakklátur fyrir skýrsluna, því að í henni er ýmis merkilegur fróðleikur, þó hún sé langt frá því að vera gallalaus.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég vil minnast ofurlítið á berklavarnastyrkinn og hvernig hann lækkaði fyrir breytta löggjöf og bættar framkvæmdir. Er mér þetta mál vel kunnugt.

Áður en berklavarnalögin komu til framkvæmda, greiddu hreppar sinn hluta af kostnaðinum, en ríkissjóður greiddi $^{3}/_{5}$, þó ekki meira en 3 kr. á dag. Svo kom ný löggjöf, og var hreppsfélögunum þá gert að skyldu að borga vissa upphæð á hvern mann, en ríkið annaðist sjúklingana að öðru leyti. Þann 29. febr. komu svo bréf til allra sjúkrahúsa á landinu, þar sem sagt var, að upp frá því yrði aðeins goldin ákveðin upphæð, hvað sem gert væri við sjúklingana, eða 5 kr. á dag.

Það hafði auk þess tíðkazt, að sjúklingar, sem þurftu á ljóslækningum að halda, fengju ókeypis læknishjálp, enda þótt ekki væru í sjúkrahúsi að öðru leyti,

en þessu var einnig kippt í burt með áðurnefndu bréfi. Og raunin hefir orðið sú, að berklavarnakostnaðurinn hefir ekki minnkað, heldur hefir hann færzt yfir á fátæk bæjar- og sveitarfélög að því leyti, sem ríkisstyrkurinn hrekkur ekki til fyrir kostnaðinum. Fari daggjaldið upp úr 5 kr., verða bæjar- og sveitarfélög að borga afganginn, og hvað ljóslækningarnar snertir, hefir kostnaðurinn við þær ekki minnkað, heldur kemur það nú aðeins í hlut sveitar- og bæjarfélaga að greiða hann. Þessar „bættu stjórnarframkvæmdir", sem talað er um í skýrslunni, eru því fólgnar í því, að stj. hefir brotið lög, sem henni bar að fara eftir, og þannig tekizt að láta fátæk bæjar- og sveitarfélög borga það, sem ríkissjóður hafði undirgengizt að borga. Hvort hér er um „bættar stjórnarframkvæmdir" að ræða, skal ég láta hvern um að dæma fyrir sjálfan sig, en ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þetta hafi verið til hins verra.

Jón Þorláksson: Hæstv. forsrh. greip til þess bragðs að láta sem hann hefði ekki skilið, hverju ég hafði fundið að. Þótti honum sem ég hefði ekki yfir neinu að kvarta, því að ekkert væri rangt eftir mér haft í skýrslunni. Get ég fullvissað hæstv. ráðh. um það, að þegar ég kem með aðfinnslur út af þessu riti, er ég ekki að gera það fyrir sjálfan mig. Ég er þm. þjóðarinnar og er að verja sóma þjóðarinnar, þegar ég er að varna þess, að þjóðin verði með þögninni samsek þeirri stj., sem hefir framið aðra eins óhæfu og þessi skýrslugerð er. Það skiptir því engu máli, hvort eitthvað er rangt haft eftir mér fremur en eftir einhverjum öðrum. Ég get og ekki munað, hvað ég kann að hafa sagt á kosningafundi norður á Sveinsstöðum fyrir 5—6 árum, en hitt get ég séð, hvað ég hefi skrifað í aths. við fjárlagafrv. það, sem lagt var fram um það leyti, sem þessar fyrirætlanir um veg frá Faxaflóa til Húsavíkur komu fyrst fram. Hefði hver sæmilegur skýrslugefandi og frekar farið eftir þessu en verið að hlaupa eftir einhverjum blaðafregnum af þessum fundi, eins og ég býst við, að gert hafi verið um þessi ummæli, sem höfð eru eftir mér í skýrslunni. Og ég átaldi það, að það, sem sagt er í framhaldi af þessum tilvitnuðu ummælum mínum, er rangt. Þrátt fyrir mikla fjárnotkun til vegalagninga og annars, er þessi umræddi vegur skemmra á veg kominn en gert er ráð fyrir í áætluninni. Skýrslan segir það gagnstæða, og er engum blöðum um það að fletta, af hverju það er gert, því að þessu riti er fyrst og fremst ætlað að vera lofgerð um stj., og til þess að unnt sé að ná því marki, verður að gera meira úr framkvæmdum hennar en satt og rétt er.

Þá tókst hæstv. ráðh. ekki fimlega að láta sem hann hefði ekki skilið, að hverju ég var að finna að því er snertir berklavarnakostnaðinn. Ég fann að því, að í skýrslunni er látið líta svo út, sem berklavarnakostnaðurinn hafi hækkað um nærri ½ millj. kr. á árinu 1927 frá því, sem hann var 1926, og svo er sagt, til þess að gylla stj., sem á að gylla fyrir öll verk á þessu tímabili, sem skýrslan nær yfir. að henni hafi tekizt að lækka kostnaðinn um nálega þessa upphæð. Fölsunin er hér sú, að meira en eins árs berklavarnakostnaður er talinn undir árinu 1927, af því að þá kom meira til greiðslu, ekki vegna umbóta á löggjöfinni eða breytinga á l. að því er snertir hinn eiginlega kostnað á sjúkrahúsunum, heldur vegna tilfærslu á gjalddögum þeim, sem greiðslur á þessum kostnaði áttu að fara fram á. Það er bein fölsun að tala um, að slík lækkun hafi átt sér stað, og þegar þessi tilfærsla er komin í kring, eru árleg útgjöld jöfn hinum árlega tilkostnaði við berklavarnirnar. Slíkur samanburður væri því réttur að því er snertir árin 1926 og 1929, þegar tilfærslan er um garð gengin. Get ég ímyndað mér, að slíkar missagnir sem þessi stafi af fákunnáttu. Að einhver aðvífandi maður, t. d. bóndi norðan af landi, hafi verið fenginn til þess að semja þessar skýrslur, og er ekki nema eðlilegt, að einhverra missagna verði vart hjá slíkum aðvífandi manni, og það því fremur, sem ætla má, að honum hafi verið kunnugt um tilgang ritsins og að fyrst og fremst átti að varpa gyllingarljósi yfir þá stj., sem falið hafði honum þennan starfa. En það, sem vægast er hægt að segja í garð hæstv. forsrh. út af þessum missögnum, er það, að það er ófyrirgefanlegt kæruleysi af stj. að láta

þetta svo frá sér fara. Því að það var ekki nema út í loftið, þegar hæstv. ráðh. var að vísa til þess, að á „næstu blaðsíðu" stæði, að breytingar á berklavarnalögunum 1927 hafi leitt til þessarar lækkunar á kostnaðinum af framkvæmd þeirra l., því að það hefir engin slík lækkun átt sér stað, eins og ég hefi sýnt fram á.

Þá hneykslaðist hæstv. forsrh. á því, að ég hefði verið að vitna í „einkasamtal", sem ég hefði við hann átt. Það er nú svo guði fyrir að þakka, að mörg einkasamtöl hafa ekki farið okkar á milli síðustu árin, og það samtal, sem ég vitnaði til í fyrri ræðu minni, var ekki einkasamtal. Sjálfstæðisflokkurinn hafði falið mér og Alþýðuflokkurinn hv. 2. landsk. að fara á fund hæstv. forsrh. og bera fram við hann ákveðin tilmæli út af þingrofinu í vor. Þegar við höfðum borið fram erindi okkar, ég og hv. 2. landsk., bauð hæstv. ráðh. okkur að tala við sig almennt um málin, og það hæstv. ráðh. mig þá að flytja ákveðin skilaboð til flokks míns, sem ég var svo heppinn að láta hann afhenda mér skrifleg. Þetta samtal, sem ég nú hefi skýrt frá, var því ekkert einkasamtal, heldur var hér um erindisrekstur að ræða milli hæstv. ráðh. og flokks hans og hinna flokkanna í landinu, og hefir því allur landslýður heimtingu á að fá að vita, hvað fram fór.

Hæstv. forsrh. hneykslaðist einnig á því, og hv. 3. landsk. reyndar líka að sumu leyti, að ég hafði sagt það, að skattalögin væru hvergi framkvæmd í landinu með fullum sóma, nema hér í Reykjavík. Ég stend við þetta. Reykjavík er eini staðurinn á landinu, þar sem framkvæmd skattalaganna getur talizt með fullum sóma, og er þetta ekki sagt sem álösun um skattanefndir landsins yfirleitt, heldur á þetta rætur sínar í þeirri tilhögun, sem hér er í þessum efnum, þar sem er skattstjóri með sérstakri skrifstofu, því að það er sú eina tilhögun, sem getur leitt til þess, að skattalögin verði framkvæmd með fullum sóma. Ég veit það, að skattanefndirnar yfirleitt gera sitt bezta í þessum efnum, og ég man vel eftir því bréfi, sem ég skrifaði skattanefndinni, sem hv. 3. landsk. var í. En mér er það fullkomlega ljóst frá starfi mínu sem fjmrh., að yfirleitt er ekki hægt að framfylgja skattalöggjöfinni frá 1920—21 í sveitum landsins, svo að sagt verði, að það sé gert með fullum sóma. Skattalöggjöfin á ekki við sveitalífið eins og það gerist hér hjá okkur. Hún er miðuð við það, sem á útlendum málum er kallað peningaökonomi, eða viðskipti, sem fara fram í peningagreiðslum, þannig að tekjur og gjöld manna koma ætíð fram í peningum. Er langt frá því, að svo sé háttað í sveitunum, eins og allir þekkja, en af því leiðir það, að skattalögin verða ekki framkvæmd þar með fullum sóma, þrátt fyrir bezta vilja allra þeirra, sem vinna að þessu. Í kaupstöðum landsins er ekki þessu til að dreifa, því að þar taka menn tekjur sínar yfirleitt í peningum, en tilhöguninni er að öðru leyti svo háttað þar, að skattalöggjöfin er ekki framkvæmd þar heldur með fullum sóma, eins og er og hefir verið gert hér í Rvík. Skattaupphæðin hér, þar sem fyrirkomulagið er fullkomnast, talar og sínu máli og er gott sönnunargagn fyrir því, sem ég sagði um þetta. Með þessu vildi ég ekki álasa einu né neinu. Ég veit það, að skattanefndir landsins vinna yfirleitt sitt verk eftir beztu getu, en undir kringumstæðum, sem gera þeim ómögulegt að ná sama árangri og náðst hefir hér í Reykjavík, þar sem sérstakur skattstjóri er og starfar að þessum málum. — Mér þótti hinsvegar vænt um að heyra það, að hv. 3. landsk. vildi ekki verja þessa bók, og vildi vona, að svo væri um fleiri úr flokki hæstv. stj., því að það gæti orðið stj. aðvörun við því að leiða yfir þjóðina á ný aðra eins niðurlægingu sem samning og útsending þessa rits er, á kostnað ríkisins og gefið út af sjálfri ríkisstj.

Jónas Jónsson: Ég hefi að vísu ekki heyrt allar þessar umr., en vildi þó segja fáein orð út af nokkrum atriðum, sem fram komu í ræðum hv. þm. Hafnf. og hv. 1. landsk.

Hv. 1. landsk. lét svo um mælt, að skattalögin hefðu ávallt verið framkvæmd með fullum sóma hér í Rvík, en hinsvegar ekki úti á landsbyggðinni. Held ég, að þetta sé oflof að því er snertir skattstjórastarfið hér í bæ, eins og það var undirbúið af hv. 1. landsk. og starfrækt af núv. hv. 2. þm. Reykv., eins og

ég brátt skal færa sönnur á með 2 dæmum úr meðferð þessara mála hér.

Meðan núv. hv. 2. þm. Reykv. gegndi skattstjórastarfinu, fékkst aldrei framfylgt þeim fyrirmælum laga, að tekju- og eignarskatturinn væri sundurliðaður á skattskránum. Bar ég fram þáltill. til þess að reyna að fá þessu framgengt, eftir tilmælum nokkurra embættismanna hér í bæ, en engu að síður fékkst engin leiðrétting á þessu meðan hv. núv. 2. þm. Reykv. gegndi skattstjórastarfinu. Var verið að geta þess til, að tilgangurinn með þessu væri sá, að koma í veg fyrir, að það kæmi fram í dagsljósið, hverjar væru tekjur og eignir sumra manna hér í Rvík. Voru bein lagafyrirmæli brotin í þessu skyni, til þess að hægt væri að hylma yfir með eignamönnunum hér í bænum. Skiptir það ekki máli í þessu sambandi, þó að núv. hv. 2. þm. Reykv. sé vel gefinn maður. Það, sem hann gerði fyrir sinn flokk, var rangt og verður aldrei afsakað. Þar var bæði um lagabrot að ræða og brot á efni og innihaldi þess starfs, sem hann átti að inna af höndum.

Hitt dæmið, sem ég vildi hér benda á, er tekið meira sem almennt sýnishorn af því, hvernig skattamálunum yfirleitt hefir verið háttað hér í Reykjavík undanfarið. Íhaldið myndaði þá meiri hl. í skattanefndinni á móti sócíalistum. Þá var sett regla, sem sýnir vel, hvað réttlætið á mikil ítök í huga þessara manna, og var þessi regla á þá leið, að fjölskyldufaðir með 20 þús. kr. tekjur á ári skyldi fá hærri frádrátt fyrir börn sín en verkamaður með 1600—2000 kr. árstekjur fyrir sín börn. Þessi síðari tala er ekki tekin af handahófi, því að ég átti nýlega tal við einn verkamann úr kjördæmi hv. þm. Hafnf., og sagði hann mér, að tekjur sínar næmu eitthvað um þetta. Þessi maður átti 6 börn, og var þó ekki á sveitinni að neinu leyti, en átti hinsvegar erfitt með að standa straum af kostnaðinum við hús, sem hann var að byggja. Samkv. íhaldsréttlætinu ætti nú þessi maður að fá minni frádrátt fyrir börn sín en auðmaðurinn, sem hefir 20 þús. kr. tekjur á ári. Íhaldsskattstjórinn virðist hafa litið svo á, að það væri dýrara að ala upp börn „fína" fólksins; þau þyrfti að ala öðruvísi upp en börn fátæka fólksins og yrði það því kostnaðarmeira. Þessu ranglæti íhaldsmeirihlutans í skattanefndinni varð ekki hrundið fyrr en Helgi Briem kom til og lét ranglætið víkja fyrir réttlæti í þessum efnum. Er það eitt af mörgu, sem stuðlað hefir að því, hversu hann er vinsæll hér í bænum, enda er það viðurkennt af öllum almenningi, að með Helga Briem kom þekking, samgirni og fullur drengskapur að skattamálum hér í bæ. Í tíð fyrirrennara Helga Briems, núv. hv. 2. þm. Reykv., var aldrei um það spurt, hverjir væru lánveitendur þeirra manna, sem gáfu upp svo og svo miklar skuldir, og þess vegna enginn skattur greiddur af þessum upphæðum. Helgi Briem lét hina skuldugu borgara bæjarins vita það, að ef þeir gæfu ekki upp, hverjum þeir skulduðu, yrðu skuldirnar reiknaðar þeim til skatts. Varð þetta til þess, að menn fóru nú að gefa upp lánardrottna sína, til þess að losna sjálfir við að greiða skatt af skuldum sínum. Og þegar okurkarlarnir komust á snoðir um þetta, komu þeir í hópum til skattstjórans, til þess að leiðrétta framtöl sín, og komu þannig fram miklar eignir, sem enginn hafði vitað áður, að til væru. Með þessu var stungið í það graftrarkýli, sem hér var í þessum efnum, og það hreif. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar hv. 1. landsk. er að tala um það, að skattalögunum hafi verið framfylgt hér frá því fyrsta með fullum sóma, því að í þeim efnum var hér allt í óreiðu og rangsleitni, þangað til eftirmaður núv. hv. 2. þm. Reykv. í skattstjórastarfinu veitti þessum málum þær aðgerðir, sem nauðsynlegar voru, til þess að réttvirinn hefði sinn gang. Og hv. 1. landsk. ætti að geta rennt grun í það, að sá harði dómur, sem flokkur hans fékk við síðustu kosningar, á ekki að litlu leyti rætur sínar að rekja til þeirrar fyrirlitningar, sem þjóðin með réttu bar til þeirra manna, sem stóðu að framkvæmd skattamálanna hér í Reykjavík, og þeirra siðgæðishugmynda, sem gegnsýrðu þær framkvæmdir.

Þá vil ég segja hv. 1. landsk. það, að þau orð, sem höfð eru eftir honum frá Sveinsstaðafundinum 1926 í þessu riti, sem hér hefir orðið aðalumtalsefnið, eru rétt höfð eftir, þó að hv. þm. þyki nú hentugt að hlaupa frá þeim. Get ég borið

um þetta af eigin reynslu, og hér í d. eru 3 aðrir þm., sem voru á þessum nafnkunna fundi og geta borið um þetta sama, þeir hæstv. forsrh., hv. 3. landsk. og hæstv. forseti deildarinnar. Hv. 1. landsk. spáði því þá, að um 1940 yrði vegakerfi landsins komið í það horf, að bílfært yrði úr Borgarnesi norður á Húsavík. Hv. þm. gat auðvitað ekki látið sér til hugar koma, að hægt væri að komast norður á bíl yfir Kaldadal. Það þurfti leikmann til þess að láta sér detta þetta í hug. Þekking og vitsmunir þessa hv. þm. eru ekki meiri en svo, að hann gat ekki látið sér detta í hug það, sem aðrir sáu, að var hægðarleikur, enda þótt þeir hefðu aldrei gengið í neinn skóla annan en skóla lífsins, og ekki lært að margfalda skakkt í skóla verkfræðinnar. — Glósur hv. þm. til bændanna ber víst að skoða sem nokkurskonar áframhald af páskahugvekju Morgunbl., sem bændur þegar hafa svarað á viðeigandi hátt, enda lét einn af frambjóðendum Íhaldsflokksins við síðustu kosningar svo um mælt við mig, að hann teldi vel sloppið, ef flokkurinn tapaði ekki meiru en tveim þingsætum á slíkum skrifum. Vildi ég ráðleggja hv. 1. landsk. að vera ekki að belgja sig út yfir þekkingarleysi bændanna, því að þeir vinna sín verk áreiðanlega eins vel og þessi hv. þm. hefir unnið sín verk, hvernig sem á það er litið. — Hv. þm. var að státa af því, að hann væri þm. þjóðarinnar. Það er eins og þessi hv. þm. viti ekki, að hann fékk ekki nema um þriðjung allra greiddra atkv. og að meiri hl. þjóðarinnar vill ekki sjá hann og hefir ekkert traust á honum. Það eru þessar siðfáguðu sálir, sem Íhaldsflokkinn fylla, sem kosið hafa þennan hv. þm., en ekki þjóðin, sem betur fer.

Það er sagt um þá, sem komu síðbótinni af stað, að þeir hafi komið við magann í munkunum. Með sama rétti mætti segja, að stj. hefði með aðgerðum sínum viðvíkjandi berklavarnakostnaðinum komið við magann í læknunum. Er það skiljanlegt, að hv. þm. Hafnf. og einstaka stéttarbræðrum hans hafi verið illa við þann sparnað, sem afskipti stj. af þeim málum höfðu í för með sér.

Þeir, sem fylgdust með og þekktu, hvað sumir læknar græddu á þessu, vissu það, að reikningarnir voru skrúfaðir svo upp, að kostnaður fyrir suma sjúklinga komst upp í 10 kr. á degi hverjum. Svo þegar þetta var tekið til athugunar, fór svo, að kostnaðurinn varð helmingi minni, eða 5 kr. á dag, en lægstur hafði hann áður verið 6 kr. og allt upp í 10 kr., hjá sumum „praktiserandi“ læknum. Landið varð að borga þetta, og það munaði ekki lítið um þann sparnað, sem af þessu leiddi. Ef hv. þm. hefði haft von um, að sá spítali, sem hann vinnur við, gæti heimtað þetta gjald, þá hefði hann óðara látið spítalann fara í mál út af þessu og fengið dóm fyrir því, að ríkið ætti að greiða þetta. En læknarnir vissu betur. Enginn þeirra lét sér detta í hug að fara í mál við ríkið, heldur flýðu þeir á náðir þingsins og vildu fá það til að setja lög um þetta efni. Öll þessi gremja hv. þm. stafar því af því, að hann finnur sárt til þess, hvað tölurnar tala illa fyrir hans flokk og læknana. Þjóðin vissi, hvernig ýmsir læknar höfðu hagað sér, enda sýna tölurnar, að aðalsparnaðurinn við berklavarnakostnaðinn stafar af því, að haldið hefir verið í við suma lækna landsins.

Þessu til samanburðar skal það nefnt, að til eru lög frá árinu 1923, sem yfirfæra á ríkið nokkuð af kostnaði við lækningu sárasjúkra manna. Varð sá kostnaður auðvitað mestur hér, því að hér er mest um þessa menn, og svo er það líka svo, að úti á landi fara þessir menn til héraðslæknanna, en hér til „specialista“, sem hafa fastan taxta. Þessir læknar þurftu svo ekki að gera neinum grein fyrir sjúklingum sínum nema landlækni, en þrátt fyrir það hygg ég, að þeir hafi gert þetta samvizkusamlega, en árlega varð að greiða þeim 6—12 þús. kr. hvorum. Þegar berklavarnirnar voru teknar til athugunar, var þetta tekið einnig, og það var samið við læknana, að þeir skyldu fá 3000 kr. hvor á ári, gegn því að hafa opnar stofurnar ákveðna daga og veita þá ókeypis læknishjálp. Þannig var fengið aðhald fyrir læknana, að láta sjúklingana borga, ef þeir gætu það, en kostnaðurinn af þessu fyrir ríkið hefir lækkað um 5000—6000 kr. í Reykjavík einni.

Hv. þm. Hafnf. er sennilega kunnugt um það, að það var allgóður atvinnuvegur fyrir ýmsa lækna að fá sér ljóslækn-

ingatæki, sem kostuðu ekki mörg þús. kr., en sköpuðu þeim veltu upp á 10 þús. kr. á ári. Þegar svo Guðmundur Björnson fór utan árið 1928, fór hann til að athuga fyrirkomulag ljóslækninga í Englandi. Hann gaf síðan stj. skýrslu um ferð sína, og í þeirri skýrslu segir hann, að í Englandi megi ekki aðrir læknar hafa slík tæki en þeir, sem séu þaulvanir að fara með þau og hafi nægan undirbúning. Hann gaf þannig til kynna, að vísu með kurteisum orðum, að sumir þessara lækna myndu ekki uppfylla þau skilyrði, sem nauðsynleg væru til að mega meðhöndla slík verkfæri og nota þau til þessara lækninga.

Svo tilkynnti stj. læknunum, að hún sæi sér ekki fært að greiða reikninga þeirra, aðra en þá, sem trygging væri fyrir, að verkið hefði verið vel af hendi leyst, og svo fór, að þessi kostnaður hvarf alveg. (BSn: Hver borgar nú?). Sumir af „humbugistunum" fá nú ekki alveg eins miklar tekjur eins og þeir höfðu áður, en ef þeir geta fengið einhverja fáráðlinga til að borga sér of fjár fyrir verra en ekkert starf, þá er það verst fyrir fáráðlingana, en auðvitað gott fyrir „humbugistana". Þetta stafaði sem sagt af frekju læknanna og ósvífni, en nú er svo komið, að ríkið kostar ákveðnar ljóslækningastofur, en vel má vera, að þær séu ennþá of fáar, einkanlega úti um landið. En þetta hefir orðið til þess, að „humbugistarnir" fást ekki lengur við slíkar lækningar.

Hv. þm. Hafnf. hefir játað, að við þetta hafi orðið sparnaður, en hv. 1. landsk. neitaði því, en svo sagði hann, að nú kæmi þessi kostnaður bara á aðra, einstaklinga, hreppsfélög eða bæjarfélög. Það kann vel að vera, að nokkuð sé hæft í því, en ef menn vilja ekki láta sjúklinga sína á Kristnes eða Vífilsstaði, þá þeir um það.

Það var vel farið, að þessi hv. þm. skyldi koma hér fram fyrir hönd stéttarbræðra sinna og bera fram kveinstafi þeirra yfir því, að ég skuli hafa orðið til þess að spara þarna 300 þús. kr. fyrir ríkissjóðinn, sem læknarnir höfðu náð með því að seilast óleyfilega djúpt ofan í hann. Ég get skilið, að hv. þm. líki það illa, að maður eins og ég, sem honum er illa við, hefir orðið þess valdandi, að sparnaður, sem þessu nemur, hefir komizt á, þrátt fyrir ágengni læknanna, og þyki það leiðinlegt, að nú er komin skýrsla um þetta inn á hvert heimili á landinu, og þannig gert kunnugt að þjóðarhneyksli, eða jafnvel glæpsamlega athæfi, sem læknarnir hafa gert sig seka um.

Jakob Möller: Ég ætla að minnast á nokkur atriði, sem að vísu koma ekki þessu máli við, en dregizt hafa inn í umr. Ég skal að vísu játa, að ég hefi ekki lesið þessar skýrslur til fulls, en mér er kunnugt um, að það, sem þar er sagt um starf niðurjöfnunarnefndar, er í alla staði rangt. Það, sem hv. 5. landsk. sagði um það mál, var allt í lausu lofti og eintóm vitleysa, enda hafði hann enga aðstöðu til að þekkja þetta, fyrr en hann gat látið hinn nýja skattstjóra lepja allt í sig, síðan hann komst í stjórn. Annars get ég upplýst það, að það var kært yfir skattsvikum fyrir dómsmrh. Jónasi Jónssyni, rétt eftir að hann var kominn í valdasessinn, en hann hylmaði yfir með þeim seku og stakk kærunni undir stól. (Jónas J: Þetta er ósatt). Þetta er satt, enda er það vitað, að stj. var þannig, að hún ofsótti pólitíska andstæðinga á allan hátt, en hlífði hinum, sem henni voru skyldir í skoðunum. Þetta er alkunnugt, enda þýðingarlaust að reyna að bera á móti slíku.

Hv. þm. sagði, að Helgi Briem hefði fyrstur tekið að grennslast eftir því, hvernig skuldum væri varið, en þetta er ósatt, því að fyrrv. skattstjóri hafði þegar hafizt handa um það, og því starfi hélt Helgi Briem áfram. Í þessu sambandi get ég einnig minnt á það, að Helgi Briem gaf þá yfirlýsingu, rétt eftir að hann varð skattstjóri, að fyrirrennari sinn hefði leyst starf sitt prýðilega af hendi, og ég verð að segja, að ég met ummæli þess manns meira en ummæli hv. 5. landsk.

Eins og ég gat um í byrjun, hefi ég ekki kynnt mér þetta rit vel, en þó svo, að ég hefi rekizt þar á ýms svívirðileg ummæli, eins og t. d. það, að allir hafi reynt að svíkja áður en Helgi Briem varð skattstjóri. Ég verð nú að segja, að ég

get ekki álitið þetta viðunandi orðalag í opinberri skýrslu, sem send er til landsmanna til að sýna framfarir og þróun síðustu ára.

Svo er farið að telja upp nokkra menn, og þ. á m. mig, til að sýna svikin, sem í frammi höfðu verið höfð. Nú er það svo með mig, að ég hefi föst laun, sem breytast ekkert frá ári til árs, og ég má ekki hafa aðra atvinnu. Þetta ár, sem Helgi Briem varð skattstjóri, taldi ég ekki fram, og má því vera, að þessi ummæli hafi verið meint til mín. En nú er það kunnugt, að skattstjóra er rétt og skylt að leggja á þá, sem ekki telja fram, eins háan skatt og honum þóknast, til þess að tryggja, að þeir sleppi ekki of vægt frá þessu. Það er því augljóst, að ég mun ekki hafa látið undir höfuð leggjast að telja fram í þeim tilgangi að „svíkja", því að það var með öllu óhugsandi, að ég með því móti slyppi betur frá skattinum. Í skýrslunni er líka talinn sá áætlaði skattur, sem skattstj. gerði mér að greiða, en ekki sú upphæð, sem ég greiddi endanlega, svo að ef þetta er ekki hrein fölsun, þá veit ég ekki, hvað fölsun er.

Hitt hefði verið eðlilegt, að tilgreina þann skatt, sem ég greiddi, og draga frá refsiskattinn, til að fá réttan samanburð við fyrra ár. Það er ekki gert, heldur er aðeins gefið í skyn, að ég hafi svikið svona undan, og skattstjórinn sýnt dugnað sinn við að hafa upp á svikunum. Annars hafði ég hugsað mér að bera hér fram fyrirspurn um það, hver ætti að bera ábyrgð á þessu riti, því að mér finnst ekki ólíklegt, að ýmsir þurfi að ná sér niðri á þeim, sem staðið hafa fyrir þessum óhróðri, í það minnsta hefi ég fullan hug á því. Það stendur að vísu utan á ritinu, að atvmrn. hafi gefið það út, og eftir því ætti Sigurður Kristinsson að standa fyrir svörum, en hann er gamall kunningi minn, og mér er kunnugt um það, að hann má í engu vamm sitt vita, og trúi ég því illa, að hann eigi nokkra sök á þessu, en auðvitað verður ríkissjóður að gjalda þessarar glópsku.

Ég vil nota tækifærið til að taka undir það með hv. 1. landsk., að sú bráðabirgðastj., sem nú situr, hefir engan rétt til þess að skipa þann sess, og að ef það er rétt, sem hv. 5. landsk. sagði, að hv. 1. landsk. væri ekki þm. þjóðarinnar, heldur aðeins lítils hluta hennar, þá má með sama rétti, eða raunar öllu frekar, segja, að Framsóknarfl. hafi ekki leyfi til að mynda neina stj. sökum þess, að sú stj. getur aldrei orðið stj. þjóðarinnar, þar sem meiri hl. kjósenda er henni andvígur.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það voru aðallega fáein orð, sem ég vildi sagt hafa út af ræðu hv. 1. landsk., en bæði var það, að hann var nú mun hógværari en áður, og auk þess er hann búinn að tala sig dauðan, svo ég mun ekki lengja mál mitt ýkjamikið. Ég ætla að taka þá þrjá punkta, sem hv. þm. drap á, en það er sameiginlegt með þeim öllum, að það hefir komið fram, að rétt var með farið í skýrslunni. (**JónÞ:** Það er ekki að furða, þótt svona menn gefi rangar skýrslur!). Það er upplýst, að rétt er með farið hvað vegunum viðkemur, og um berklavarnakostnaðinn, að það er alrangt hjá hv. þm., að þar sé um fölsun að ræða, en þessi breyt., sem þar hefir orðið á, orsakast vitanlega af aðgerðum þings og stj., bæði þeirrar fyrrv. og núv. Hér er ekki um neina löggjöf að ræða, heldur aðeins um strangari ráðstafanir við að framfylgja lögunum heldur en áður voru gerðar. Hv. 2. þm. Skagf., þáv. ráðh., hafði gefið út bréf um það, hvernig læknunum skyldi borgað, og eftir því var farið, með þeim árangri, að útgjöldin hafa farið lækkandi með ári hverju.

Loks hefir hv. 3. landsk. rekið ofan í hv. 1. landsk. ummæli hans um skatta í sveitum, og má ég því vel við una að því leyti.

Hv. þm. sagði, að það væri megn niðurlæging fyrir þjóðina að fá slíka bók senda út sem þessa, og ég get sagt það með hv. 1. þm. Reykv., að þau ummæli, sem hann vitnaði í, eru með öllu óviðunandi í slíku riti, en vitanlega er bókin ekki alfullkomin, og má af henni læra, hvernig eigi að rita slíkar bækur. (**JónÞ:** Hvernig ekki á að rita slíkar bækur). En þar er margt mjög myndarlega gert. Hún er nátturlega ekki fullkomin fremur en aðrar bækur, sem gefnar eru út.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um það, hver bæri ábyrgð á þessari bók, vil ég taka það fram, að hún var fullgerð

og búið að ganga frá henni að öllu, bæði máli og myndum, áður en Sigurður Kristinsson tók við atvmrh.embættinu, svo að hv. þm. þarf ekki að beina neinum aðfinnslum til hans út af þessari bók, hann ber enga ábyrgð á henni.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég get ekki stillt mig um að segja nokkur orð út af því, sem hv. 5. landsk. beindi til læknanna í ræðu sinni. Það er nú eins og allir vita, að það hefir sömu áhrif á þenna hv. þm. eins og að veifa rauðri dulu framan í naut, þegar læknar eru nefndir. Hann hefir nú líka sjálfur fengið að kenna á því, því að hann hefir verið dæmdur fyrir dómstólunum fyrir árásir sínar á lækna, en mér vitanlega hefir hann ekki getað fengið neina lækna dæmda fyrir þær sakir, sem hann hefir borið á þá.

Svo er rétt, að ég víki fyrst að því, sem h . þm. endaði á. Hann sagði, að vissar framkvæmdir læknanna hefðu orðið þjóðhættulegar, ef þær hefðu náð fram að ganga. Hann taldi, að þeir hefðu framið glæpsamlegt athæfi og hóf réttarrannsókn út af því á sínum tíma, sem kunnugt er, og kallaði mig, eins og marga aðra, á þann vettvang, til þess að gefa þar skýrslu um, hvað ég hefði misbrotið. Og svo lætur hann sitja við það — og við það situr enn— að gefa út stutt yfirlit frá rannsóknardómaranum um þessa réttarrannsókn, en lætur ekki höfða neitt mál út af henni, Svo segir hann hér í hv. þd., að læknar hafi framið glæpsamlegt athæfi. Ég get ekki skilið, að fyrrv. dómsmrh. skuli leyfa sér að láta annað eins út úr sér í þd.

Svo kemur hv. þm. hér með eina Grósögu úr Hafnarfirði, eins og hann er vanur. Hann er sem sé vanur að fara eftir Grósögum, þegar hann er að tala um einhver mál. Hann byrjar hér á einni slíkri Grósögu í sambandi við einhvern mann, sem hann þykist hafa talað við úr Hafnarfirði, og sem hann segir, að segist hafa haft 1600—2000 króna árstekjur til að framfleyta með konu og sex börnum, og samt baslazt frá sveit. Ég verð nú að segja það, að þó ég álíti Hafnarf. góðan stað, þá fæ ég ekki skilið, hvernig nokkur maður fer að baslast frá sveit með 1600—1800 króna árstekjum og hafa sex börn. En hv. þm. er nú vanur að taka það, sem bezt „passar í kramið" í það og það skiptið. Og þetta hefir nú „passað í kramið" í þetta sinn, og hv. þm. er þá ekki vanur að fara svo nákvæmlega með tölur.

En þungamiðjan í ræðu hv. þm. var það, að því er eiginlega virtist, að h. u. b. allur berklavarnakostnaðurinn gengi til lækna. Þetta er skýrt tekið fram í grein, sem fyrrv. dómsmrh. skrifaði og birti í Tímanum, þar sem sagt er um einn nafngreindan lækni, að hann hafi tekið 10 krónur á dag fyrir læknishjálp. Þetta var hv. þm. dæmdur fyrir þá, svo maður hefði getað búizt við, að hann færi ekki að koma aftur með þetta. En þessu er í raun og veru svoleiðis varið, að 1/12 eða 1/14 hluti af berklavarnakostnaðinum fer til lækna, hitt fer til sjúkrahúsanna og til lyfja — og þetta fyrir utan ljóslækningar. Hv. þm. geta því séð, hvernig þetta stendur í hvert skipti, þegar þeir vita, að 1/14 hluti, fyrir utan ljóslækningar, eins og ég sagði áður, gengur til lækna.

Svo talaði sami hv. þm. um það, að ef læknar álitu sig ofurliði borna í þessu máli, gætu þeir leitað til dómstólanna um það, og mundu þar vafalaust fá leiðréttingu á því, ef þeir hefðu á réttu að standa.

Það var nú svo, bæði um læknana og sjúkrahúsin, eða a. m. k. sjúkrahúsið í Hafnarfirði, sem mér er kunnugt um, að hvorki mér né því datt í hug að fara til dómstólana með þetta mál. Það er svo sem auðvitað, að ef ríkissjóður neitar að borga þennan kostnað, þá lendir hann á viðkomandi sýslu- eða bæjarfélagi.

En annað mál er það, að ég gerði það, sem ég gat, til að fá samninga um þetta og vonaði, að af samningum gæti orðið, og frá hendi héraðslæknisins á Ísafirði, Vilmundar Jónssonar, núv. hv. þm. Ísaf., var þetta einnig reynt. Hvor okkar fyrir sig fór þess á leit að fá samninga um þetta. — Við reyndum hvor í sínu lagi að fá þessu kippt í lag. Ég sýndi fram á það, að það væri sitt hvað, að hafa fullkomið sjúkrahús á staðnum, eða geta aðeins veitt læknishjálp og ekkert annað. En á öðru sjúkrahúsinu a. m. k., sjúkrahúsinu á Ísafirði, var allt fullkomið, ljóslækningaáhöld og allt, og því

ekki hægt að hafa það undir sama númeri og þau sjúkrahús, þar sem allt er ófullkomið. En það fékkst ekki nein lagfæring á þessu að neinu leyti. Dómsmrh. sagði þá við mig: „Ég vil engan „skala" hafa í þessu efni; mér stendur nákvæmlega á sama, hvað fullkomin sjúkrahúsin eru og hvað þau hafa að bjóða". Ef þetta er sanngirni, þá veit ég ekki, hvað er ósanngirni.

Ég segi fyrir mig, að ég býst ekki við, að þó hv. 5. landsk. sé allur af vilja gerður, og þó hann sem dómsmrh. hafi haft töluvert að segja, geti hann borið mér á brýn, að ég hafi nokkurntíma komið með of háa reikninga eða reynt að gera mér ríkissjóð að féþúfu. Og enda þótt hv. þm. hafi verið að tala um ljóslækningar, þá kemur mér það ekki við. Ég hafði þær að vísu á hendi, en alveg án þess að fá nokkurt endurgjald fyrir það.

En það, sem hér er verið að tala um, er ekki það vald, sem hv. 5. landsk. þykist hafa, heldur hitt, að hann heldur, að hann sé „specialisti" í hvaða grein, sem er, þó hann þekki ekki nokkurn skapaðan hlut til hennar. Hann segir, að læknar hafi verið að „humbugisera" með ljósin. Hvernig leyfir þessi hv. þm. sér að segja annað eins og þetta, maður, sem enga þekkingu hefir á þessu, um t. d. héraðslækninn á Ísafirði, að hann hafi verið að „humbugisera" með ljósin! En ég vil nú benda þessum hv. þm. á það, að ef hann hefði viljað fara eftir ráðum „specialista" í þessum efnum, þá átti hann að fara eftir umsögn dr. Claessens, en ekki eftir umsögn landlæknis, sem öllum var vitanlegt, að var um þessar mundir í vösum dómsmrh.

En það vill nú svo vel til, að um sama leyti og landlæknir var í Englandi að kynna sér berklamálin, til að undirbúa þessa umsögn, sem hann lét frá sér fara og farið var eftir, var annar velmetinn læknir einnig í þessu sama landi og heimsótti þessa sömu staði, og ég veit, að hv. 5. landsk. er kunnugt um, að það kom bréf frá honum til ráðuneytisins, þar sem gerðar voru till., sem fóru í þveröfuga átt við till. landlæknis. (**JónasJ:** Það bréf kom aldrei til mín). Það bréf kom þangað frá héraðslækninum á Ísafirði og hlýtur að vera í ráðuneytinu.

Ég get ennfremur upplýst það, að það er skýlaus skoðun sérfræðingsins í þessu máli, dr. Gunnlaugs Claessens, að þær almennu ljóslækningar séu ekki svo vandasamar, að það geri mikinn mun, hver framkvæmir þær, heldur liggi munurinn aðallega í því, hvernig ljósin séu. Þess vegna er það svo, að þessar ljóslækningar eru yfirleitt til mikilla bóta. Og þó hv. 5. landsk. sé að fárast um, að ýmsir fáráðlingar hafi orðið til að borga þessar ljóslækningar, þá get ég sagt honum það, að það eru ekki svo miklir fáráðlingar, sem það hafa gert; það eru áreiðanlega eins vel viti bornir menn og hv. 5. landsk. En hitt þarf enginn að ætla, að þessar lækningar eða kostnaðurinn við þær hafi minnkað; hann hefir aðeins flutzt yfir á aðrar herðar. Það er eini munurinn, og enginn annar. Og því er það, að ég vil ennþá einu sinni vekja athygli á því, að þó kannske megi segja, að landsstj. hafi sparað eitthvað þennan kostnað, þá hefir hún lagt það á fátæklinga, sem ekki geta undir því risið að borga þennan kostnað, og verða því að leita á náðir hreppa og bæja til að fá hann greiddan. Og eins og allir vita, er ekki hægt að krefja þá aðila um greiðslu á þessu, nema sem sveitarstyrk. Og um leið og þingið álítur þetta rétta stefnu, er það að þverbrjóta berklavarnalögin.

Magnús Torfason: Ég ætlaði mér ekki að gera nein eldhússtörf hér í hv. deild, en neyðist til að standa upp til að verja mitt hreiður — verja mig sem embættismann. Því hefir verið kastað hér fram, að skattanefndir gættu ekki samvizkusamlega skyldu sinnar sem slíkar. Og þar sem ég er form. yfirskattanefndar, og hefi verið það síðan núv. lög um tekju- og eignarskatt komu í gildi, þá finnst mér, að það sé illa að mér veitzt, og vil ég ekki láta því ósvarað. En hv. 1. landsk. er nú dauður, og mun ég því fara vægari orðum um hann en ella hefði orðið, og því fremur, sem það var berlega farið að draga úr ofsanum, sem var í fyrri ræðu hans, og að hann fann, að hann hafði sagt annað en hann hafði

ætlað sér. Ef hann hefði sagt, að skattanefndir úti um land gætu ekki gegnt starfi sínu með fullri nákvæmni, þá hefði það mátt til sanns vegar færa. Því það er vitað, að allir þeir, sem hafa óvissar tekjur og óviss gjöld og hafa ekki bókhald, geta alls ekki gefið upp með eins mikilli nákvæmni og hinir, sem hafa fastar tekjur. Þess vegna vill það við brenna með bændur og smáútvegsmenn, sem ekki er bókhaldsskyldir, að uppgjöf þeirra verði að talsvert miklu leyti áætlun, og er ekkert við því að gera. Þetta er líka viðurkennt í öðru landi, hjá mestu bændaþjóð í þessari álfu, og talið, að helzta ástæðan til þess, að skattaframtalið getur ekki verið nákvæmt, sé einmitt þetta.

Þegar skattalögin frá 1921 gengu í gildi, er frá því að segja, að hver einn og einasti hreppstjóri og flestir oddvitar í minni sýslu komu til mín og ráðfærðu sig við mig um, hvernig ætti að gera þetta verk. Ég leiðbeindi þeim eftir minni beztu getu. Og árangurinn var furðanlega góður og langt fram yfir allar vonir, því þetta er afarmikið og vandasamt verk. Þó var sá ljóður á, að eitt eyðublaðið, sem eftir átti að fara, sem sé landbúnaðareyðublaðið, var skakkt, byggt á skökkum grundvelli í mikilsverðum atriðum. Þetta var síðan lagað, og yfirskattanefnd gerði miklar aths. við skattaframtölin. Og skattaframtalið batnaði að mun næsta ár, og þannig hefir yfirskattanefnd átt hægra um vik ár frá ári. Að þetta er ekki sagt út í bláinn, og að yfirskattanefnd hefir reynt að gera skyldu sína, því ber vitni, að þrátt fyrir það, þó skattur af lágtekjum væri minnkaður, og þrátt fyrir það, að á árunum 1924—1925 hækkuðu skuldir bænda um 70% og verkkaup hækkaði að sama skapi, hefir tekjuskatturinn ekki minnkað nema um 700 kr., og þó hefir verkafólki á bezta aldri fækkað í sýslunni. Þetta sýnir, að framtalið hefir verið að batna.

Skattanefndir þurfa að fá skýrslur til að fara eftir um ýmsar eignir manna. En af því að þær fengust ekki, varð að þessu leyti að byggja á drengskap manna. Á síðasta ári var þessu breytt, og í mitt umdæmi komu skýrslur að sunnan og víðar að til skattanefnda að því er þetta snerti. Ef verkið hefði ekki verið leyst sæmilega af hendi í þessari sýslu, þá hefði mátt búast við, að skýrslur frá lánsstofnunum hér hefðu komið upp um ýmsa menn. En það var svo lítið, að það er ekki teljandi. Ef maður ætti nokkuð um það að segja, þá er það helzt það, sem kalla mætti ónákvæmni, að menn hafa ekki munað eftir að leggja saman vextina.

Önnur ástæðan til þess, að yfirskattanefndir þurfa að fá þessar skýrslur, er sú, a. m. k. í sýslu, þar sem útsvör eru mikil, að með nýju sveitarstjórnarlögunum er svo ákveðið, að kærum skuli vísað til yfirskattanefndar til úrskurðar, en hún hefir auðvitað ekkert við að styðjast nema framtalið. Þess vegna skrifaði ég undirskattanefndunum og benti þeim á þetta. Í þeim er m. a. oddviti í hverjum hreppi, og var þetta fullkomlega tekið til greina. Og af öllum þeim kærum, sem hafa komið fyrir yfirskattanefnd, er það aðeins í eitt skipti, sem ekki mátti byggja á skattaframtali. Og yfirskattanefnd komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki af því, að maðurinn vildi svíkja framtalið, heldur af því, að hann var hroðvirkur og hafði ekki tekið eftirrit af skattaframtali sínu, svo að það varð mismunandi frá ári til árs.

Ég skal svo nota tækifærið, úr því ég varð að standa upp til að verja mig sem embættismann, til að kvitta fyrir árás, sem hv. 1. landsk. hefir á mig gert í þessari hv. d., og sem ég hefi ekki fengið tækifæri til að svara fyrr, hér á hv. Alþ.

Það hefir verið borið á mig í málgagni hv. 1. landsk., og sjálfur hefir hann haft það eftir á þingi, að ég hafi leyft mér að taka rentur af þrotabúi, að upphæð 114 þús. kr. Þetta eru svo mikil staðlaus ósannindi, að það er nú til að byrja með óhætt að taka prikið framan af. Ef sjálfstæðismennirnir, sem báru þetta upp í sér, hefðu nennt að líta á þetta bú, gátu þeir séð, að peningatekjur þess urðu minni en það, sem fram yfir er 100 þús. kr.

En að því er þetta mál snertir, meðferð þrotabúa, hefi ég farið alveg eins að og fyrirrennarar mínir í embættunum. Ég hefi farið að alveg eins og Páll Briem

í Rangárvallasýslu, Hannes Hafstein á Ísafirði og Sigurður Ólafsson í Árnessýslu. Og ástæðan er sú, að það hefir alltaf verið gerður munur á þrotabúum og dánarbúum. Í þrotabúum er alltaf mörgum sinnum meira viðfangsefni fyrir skiptaráðendur en í venjulegum dánarbúum, þar sem sýslumaður á að gæta hagsmuna ekkna og munaðarleysingja. Upphaflega var það svo, að það fór mest af þrotabúunum til kaupmanna. En það er víst, að á Ísafirði og í Árnessýslu hefi ég átt meira hjá kaupmönnum en þeir hjá mér. Þess vegna hafa þessir menn aldrei heimtað neina vexti. Auk þess þarf alltaf að vera talsvert af peningum í sjóði, til að borga út úr búunum.

Svo er frá því að segja, að það er ekki hægt að bera meðferð þrotabúa úti um land saman við meðferð þrotabúa í Reykjavík. Í Reykjavík er þrotabúunum fleygt í einhvern málaflutningsmanninn, og hann fær svo stóra peninga fyrir. En í þeim þrotabúum, sem ég hefi skipt, hefi ég orðið að hafa alla fyrirhöfnina sjálfur og hafa alla stjórn, sem málaflutningsmenn í Reykjavík hafa haft, og engan eyri fengið fyrir. Ég hefi innheimt, í þau 37 ár, sem ég hefi verið skiptaráðandi, allar skuldir í öllum þeim þrotabúum, sem ég hefi skipt, nema tveimur, enda varð það ekki að góðu og ekki til neinna happa fyrir þau bú.

Menn sjá því, að það stendur öðruvísi af sér með þrotabú en dánarbú.

Í þriðja lagi er enginn sjóður til að leggja peninga inn í á sumum stöðum. Þegar ég kom á Eyrarbakka, spurði ég sparisjóðsstjórnina þar, hvort ég gæti haft viðskipti við sjóðinn, en hún sagði **nei.** Ég hefi því orðið að senda fé upp að Fossi. Framan af gekk þetta greiðlega; ég fékk menn, sem voru á ferðinni, til að taka peningana. En svo fóru leikar, að menn vildu ekki taka á sig þá ábyrgð, að flytja peningana, og því varð oft stórfé í sjóði og stundum meira en í þessu þrotabúi, sem hér er um að ræða.

Ég hefi litið svo á, að ég hefði rétt til að fara eftir þeim venjum, sem tíðkazt hafa í embættinu áður en ég kom að því, þar til mér væru aðrar reglur settar. Og það er viðurkennd regla, að embættismenn séu ámælislausir á meðan þeir gera það. Hitt er annað mál, að strangari reglur um fjárgæzlu embættismanna hafa smátt og smátt verið settar, og þykist ég hafa tekið þær að öllu leyti til greina.

Síðan reglugerðin um fjárskil embættismanna koma út 1914, hefi ég látið hvern eyri, sem ég hafði undir höndum embættis míns vegna, í sérstakan sjóð, og haft sérstakan gjaldkera fyrir það fé, og ekki dregið mér grænan eyri af því. Tek ég þetta fram sem dæmi. Ég vildi nota þetta tækifæri til þess að lýsa þessu máli eins og það lítur út frá mér séð, því að mér fannst engin ástæða til þess að liggja lengur undir þessu ámæli. Að síðustu get ég vitnað til þess, að ég hafi alla mína embættistíð fengið mikið lof, bæði munnlegt og skriflegt, fyrir meðferð mína á skiptabúum. Ég tek þetta fram, af því að veitzt er að minni stétt. Mér er kunnugt um, að sumstaðar er nú orðið annað álit á henni en var, en ég ætla að taka það fram, að sá hluti, sem ég þekki af minni stétt persónulega, er fyllilega verður þess álits, sem hún áður hafði.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Þorláksson: Ég ætlaði aðeins að taka ofurlítið yfirlit yfir varnarþrot hæstv. forsrh. út af aðfinnslum mínum um þessa ómerkilegu stjórnarskýrslu um verklegar framkvæmdir á árunum 1927—1929. Hæstv. forsrh. greip til þess að lesa upp setningu úr þessu verki, setningu, sem ég hefi ekki fundið neitt að. Nú, það eru auðvitað til þær málsgr. í bókinni, sem eru réttar. Og svo segir hæstv. forsrh., að þetta sé rétt, og þess vegna séu aðfinnslur mínar ekki á rökum byggðar.

Út af þeim aðfinnslum, sem ég gerði við kaflann um vegina, les hann upp: „Nú er svo komið, að telja má vel bílfært frá Borgarnesi til Húsavíkur, þó að á köflum sé þar um ruddan veg að ræða, en eigi upphlaðinn; — —“. En það var nú ekki þetta, sem ég var að finna að, heldur það, sem í skýrslunni segir, að „vegakerfi landsins hafi aukizt með meiri

hraða en áður hefir þekkzt, og langt fram úr þeim áætlunum, sem áður voru gerðar um það". Þetta er rangt, og það var það, sem ég fann að.

Það má lesa það í aths. við fjárlagafrv. 1926, að stj. tekur þar upp veginn frá Borgarnesi til Norðurlands og stingur upp á, að teknar séu upp meiri fjárveitingar til vegamála en vegamálastjóri hafði lagt til, og hafði látið hann gera áætlun með það fyrir augum, að lokið yrði vegalagningu norður að Bólstaðarhlíð, nyrzt í Húnavatnssýslu, í síðasta lagi árið 1932. Og til þess að þetta mætti verða, varð að færa veginn yfir Holtavörðuheiði, sem verið hafði í öðrum flokki þjóðvega, yfir í fyrsta flokk, því eins og kunnugt er, leggur þingið hærri upphæð til þeirra vega.

Nú vita það allir, að það vantar mikið á, að vegalagningu norður að Bólstaðarhlíð verði lokið í síðasta lagi árið 1932, þrátt fyrir það, að landsmenn hafa lagt svo miklu meira á sig í fjárframlögum til vega á undanförnum árum en búizt var við í þeirri áætlun, sem gerð var um vegamálin þegar þessi stefna var tekin árið 1926. Það er því rangt að segja það í þessari skýrslu um vegamálin, að vegalagningum sé komið langt fram úr þeirri áætlun, sem áður hafi verið um þetta gerð.

Alveg sama er að segja um varnirnar út af rangfærslunum um berklavarnakostnaðinn. Það, sem ég sagði um það, stendur fast og óhrakið, að það hefir ekki átt sér stað nein lækkun um 300 þús. kr. á kostnaðinum til berklavarna, eins og í skýrslunni segir. Ég hefi ekki rannsakað það, hvort einhver örlítil lækkun kann að hafa átt sér stað. Eitthvað kann að hafa dregið úr kostnaðinum við það, að stj. neitaði að borga sjúklingunum það, sem þeir áttu heimtingu á að fá, en það getur ekki hafa valdið verulegri lækkun á kostnaðinum í heild. Hitt eru rangfærslur, að tala um nokkra lækkun á berklavarnakostnaðinum, þegar það stafar eingöngu af tilfærslu á gjalddögum. Vegna tilfærslunnar á gjalddögunum hafa greiðslur færzt á milli ára, líklega bæði árin 1927 og 1928, sem sýna sérlega háar tölur. Í stað þess að bera á móti þessu, væri sæmilegra fyrir hæstv. forsrh. að segja: „Ég veit þetta ekki, en ég skal láta rannsaka það". Sú rannsókn leiðir það áreiðanlega í ljós, að ég hefi gert full skil á þessu af minni hendi sem fjmrh., í ræðu, sem ég hélt um fjárl. á þinginu 1927, og í ræðu um breyt. á berklavarnalögunum, og að það komi meira en eins árs kostnaður til útgjalda á sama ári, eins og línuritið líka sýnir.

Ég nefndi ekki þetta tvennt af því að það væri svo sérlega mikils virði í samanburði við aðrar rangfærslur í þessu riti; ég nefndi þetta sem dæmi, sem ég tók af handahófi af því, sem ég hafði lesið. Ég hefi nú satt að segja ekki gefið mér tíma til að lesa alla bókina. En höfuðaðfinnslan er náttúrlega sú, að stj. hefir í fullkomnu heymildarleysi tekið fé úr ríkissjóði til að greiða með útgáfukostnað þessa níðrits, fé, sem hefði átt að nota til annars.

Ég mun koma aftur að þessu máli við 2. umr. fjárl. Það er sem sé alveg óhjákvæmilegt að semja og gefa út rit til leiðréttingar við þetta rit. Og ég tel rétt, að ríkissjóður kosti það, og Alþ. veiti fé til þess, og mun bera fram till. við 2. umr. fjárl. um fjárveitingu í þessu skyni.

Jón Baldvinsson: Hæstv. forsrh. er nú farinn úr d., en ég þurfti dálítið við hann að tala. Mér er full alvara um það að vita stj. fyrir það að nota opinbert fé til þess að gefa út slíkt rit sem „Verkin tala". Get ég tekið það fram, að ég tek ekkert aftur af því, sem ég sagði um þetta mál.

Þá vil ég víkja fáum orðum að hv. 1. og hv. 3. landsk. Virtist hv. 1. landsk. þakka hv. 3. landsk. yfirlýsingu hans í þessu máli. Ég er þar á gagnstæðri skoðun við hv. 1. landsk. Tel ég orð hv. 3. landsk. frekju eina, þau eru hv. 1. landsk. þakkaði honum. Hv. 3. landsk. sagðist vera óánægður með skýrsluna, fannst e. t. v. ekki nóg hlutdrægnin í henni. Kvað hann þjóðinni gott að fá slíkar skýrslur við og við og virtist vera að ýta undir stj. um að gefa út fleiri slíkar, e. t. v. enn verri. Er það síður en svo, að ég þakki hv. 3. landsk. þá óákveðnu yfirlýsingu, að hann sé óánægður með ýmislegt í ritinu. Ég vil engan veginn ýta undir stj. að gefa út meira af slíku og teldi það óforsvaranlegt, ef hún gerði það.

Hv. 1. landsk. boðaði síðar brtt. við fjárl. um að gefa út leiðréttingu við ritið. Verður þá að taka af stj. að semja leiðréttinguna, því að ef hún gerir þetta, getur leiðréttingin orðið þannig, að varhugavert sé að veita stj. fé til slíks, og væri þá síðari villan verri hinni fyrri. Get ég ekki greitt slíku atkv. Mætti e. t. v. láta hagstofuna gefa leiðréttinguna út, en hún heyrir undir stj., og er hætt við því, að eins mundi fara fyrir það.

Einar Árnason: Það er óhætt að segja, þegar litið er yfir dagana í gær og í dag, að litlar eftirtekjur hafi orðið eftir allar þær umr., sem fram hafa farið. Er ekki laust við, að nokkuð sé til í því, sem haft hefir verið orð á, að hér hafi farið fram skrípaleikur bæði í gær og í dag. Í gær skildist mér á hv. 1. og hv. 2. landsk., sem þeir vildu sneiða hjá eldhúsumr. Þó finnst mér þeir hafa eytt allmiklum tíma í eldhúsumr., og er það kynlegt eftir orðum þeirra. Bók stj. um verklegar framkvæmdir sínar var það, sem gaf þeim helzt tilefni. Virðist mér lestur bókarinnar hafa haft ólík áhrif á hv. 1. og hv. 2. landsk. Er svo að sjá, sem bókin hafi komið hv. 2. landsk. í gott skap, honum hafi þótt bókin falleg og myndirnar skemmtilegar. Hjó ég eftir því í ræðu hans, að hann hefði vegið bókina og svo skýrslu eina, er enska stj. gaf út um verklegar framkvæmdir þar í landi, og var þyngdarmunurinn þó nokkur. Skildist mér á hv. 2. landsk., að hann sæi eftir pappírnum, sem eytt hefði verið í bókina. Getur það vel verið, að eytt hafi verið of miklum pappír og að bókin sé of þung. En ekki er alltaf hægt að mæla verðmæti eftir þyngd. Hefir það t. d. verið sagt um flokk sócíalista á þingi, að hann muni vera hlutfallslega þyngstur allra þingflokka. Sannar það þó ekki, að þeir hafi gert þar meira gagn en aðrir flokkar, og ekki er heldur hægt að ráða neitt um gagnsemi íslenzku og ensku stj. af þyngdarmun skýrslnanna, því að enska stj. sýndi sparnað á pappír. Getur þetta vel verið rétt. En ég vildi jafnframt ráðleggja hv. 2. landsk. og flokki hans að taka sér ensku stj. til fyrirmyndar um stutt orðalag og flutning á ýmsum pappírsgögnum, sem koma inn í þingið. Held ég ekki, að hann hafi gert þetta, því að hann og flokkur hans eyða mestum tíma í ræður og flytja mest af pappír inn í þingið.

Þar sem bókin virðist hafa komið hv. 2. landsk. í gott skap, og með því að það er nauðsynlegt hverjum manni, þá hefir hún vissulega gert honum gagn. Hinsvegar virðist hún hafa haft allt önnur áhrif á hv. 1. landsk. og komið honum í vont skap. (**JBald:** Allt þetta var sagt í gær!). Hefir hann e. t. v. ástæðu til að vera óánægður með bókina. Talaði hann um það í gær og í dag, að langt væri frá því, að vegagerðir hefðu orðið á undan áætlun hans, heldur hefðu þær orðið á eftir. Virtist mér hann hafa gert áætlun um upphleyptan veg frá Bólstaðarhlíð til Borgarness, sem kominn ætti að vera í árslok 1932. Eru engar líkur til, að þetta komist á, og sýnir það einungis, að áætlun hans er fjarri öllum sanni.

Stj. hefir á síðari árum lagt mikið fé til vega, og nú er hún áfelld fyrir. En þó að þessi vegagerð nái ekki fram að ganga fyrir þann tíma, sem áætlaður var, þá sýnir það ekki annað en að áætlunin er tóm vitleysa, eða þá að ekki hefir verið ætlazt til, að unnið yrði að vegagerð annarsstaðar á landinu en þarna. Mun það verða svo lengi enn, að vér munum þurfa að notast við rudda vegi. Tel ég það vel farið, ef hægt er að greiða svo fyrir samgöngum, að unnt sé að notast við vegi þá, er náttúran skapaði. Annars tel ég þarfleysu að vera að deila um það, hvort þarna ætti að vera kominn upphleyptur vegur.

Þá verð ég að minnast á eitt atriði í sambandi við ræðu hv. 1. landsk., sem stendur nú utan við deiluefnið, bókina. Hv. 1. landsk. kom fram með yfirlýsingu hérna í deildinni í gær. Er yfirlýsing þessi ekki ný, því að hann var með hana á fundi í sameinuðu þingi skömmu eftir þingsetningu og víða annarsstaðar. Hann er alltaf að stagast á því, að hér sé engin þingræðisstjórn. Hefir hann ekki getað fært nein rök fyrir þessari staðhæfingu, og er hún einskis virði. Ef hv. þm. gæti sýnt fram á það, að þing sé þannig samsett, að ekki geti farið fram lögleg kosning þingmanna, þá væri vit í þessu, en þetta hefir hann ekki getað, og

dettur engum í hug að halda slíku fram. Hefir öllum lögum verið fylgt um það, og er þingið því löglega kosið. Þótt meiri hluti kjósenda standi ekki að baki stj., þá er ekki þar með sagt, að hún sé ekki lögleg þingræðisstjórn. Ef alltaf ætti að fara eftir þessu, þá mætti eins rannsaka slíkt um öll frv. þingsins, og hefir víst engum dottið það í hug. Skilst mér, að hv. þm. finnist þessi yfirlýsing sín næg sönnun þess, að hér sé ekki hægt að mynda þingræðisstjórn.

Halldór Steinsson: Það var aðallega síðasti ræðumaður, sem gaf mér tilefni til að standa upp, því að hv. 1. landsk. er dauður og getur ekki svarað fyrir sig. Deilt var hér um 2 atriði í „Verkin tala", vegina og berklavarnakostnaðinn. Hefir verið sýnt fram á það, að stj. hefir farið rangt með frásagnir um bæði þessi atriði. Ennfremur hefir verið sýnt fram á það, að áætlanir, sem gerðar hafa verið um vegalagningar af hv. 1. landsk. o. fl., hafa ekki verið framkvæmdar. Er ekki rétt hjá hv. 2. þm. Eyf. að segja, að áætlanir þessar séu rangar, þó að stj. hafi ekki getað framkvæmt þær. Ef hún hefði ekki varið fénu til annars, hefði vel mátt framkvæma það, sem áætlað var.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að hér hefði verið háður skrípaleikur í gær og í dag. Get ég ekki fallizt á, að það beri að kalla skrípaleik, þótt fundið sé að afglöpum stj., en annað hefir ekki verið gert. Stj. gaf út í heimildarleysi hlutdrægt flokksrit, eins og sýnt hefir verið fram á með rökum, þó að stj. kalli það óhlutdrægar skýrslur.

Þó að berklavarnakostnaður væri hærri árið 1927 en fyrr og síðar, þá hefir glögglega verið sýnt fram á það, að það stafar eingöngu af breyttri lagasetningu. Það munar e. t. v. örfáum þús., sem sparazt hefir við það, að stj. beitti gerræði við lækna og sjúkrahús, t. d. með því að taka af sjúkrahúsum styrk til ljóslækninga. Er sízt ástæða til að hrósa sér af þessu, því að þetta kemur auðvitað fyrst og fremst niður á fátækum sjúklingum, og er því kostnaður fyrir þjóðina í heild sá sami.

Hv. 2. þm. Eyf. hafði það eftir hv. 1. landsk., að hér væri engin þingræðisstjórn. Ég stóð upp af því, að hv. 1. landsk. getur ekki svarað fyrir sig, þar sem hann er dauður. Hann sagði ekki, að hér væri ekki þingræðisstjórn, heldur hitt, að hér væri engin lýðræðisstjórn, og er ekki hægt að hrekja það, þar sem stj. er mynduð af fulltrúum 32% af landsmönnum.

Jónas Jónsson: Ég vil minnast lítilsháttar á ræðu hv. 1. þm. Reykv. í gær. Tal hans barst að breyt. þeirri, sem varð eftir stjórnarskiptin 1927 á innheimtu opinberra gjalda í Rvík. Hann hældi mjög ástandinu meðan Einar Arnórsson var skattstj. Ég hefi áður minnzt á, hvernig þessum manni hefir yfirsézt þrátt fyrir hæfileika sína. Hafði hann þá aðferð, í samráði við niðurjöfnunarnefnd, að draga margfalt meira frá fyrir börnum stórríkra manna en fátæklinga. Hv. 1. þm. Reykv. reyndi að mótmæla þessu, en hann getur það ekki. Hann getur ekki heldur mótmælt því, að í tíð vinar hans og flokksbróður tókst aldrei að fá sundurliðaðar eignir og tekjur í framlagðri skýrslu niðurjöfnunarnefndar. Einn lögfróður maður sneri sér til mín um að reyna að koma fram þál. þessu til leiðréttingar. Ég reyndi það, og var þál. samþ., en kom aldrei til framkvæmda, af því Íhaldið vildi með hjálp Einars skattstjóra halda leyndum sönnum rökum um það, hver væru efni og tekjur eignamanna.

Eftir að Íhaldið veltist úr völdum, varð gagnger bylting í þessum efnum, þannig að réttlæti var sett í stað ranglætis. Breyttist þá svo, að landið fékk miklu meiri tekjur en áður af eignum og tekjum hér í bænum. En það verð ég að segja hinum fyrrv. skattstj. til hróss, að hann sagði af sér undireins eftir stjórnarskiptin 1927, af því að hann fann, að hann átti að fara. Nú geta menn séð á skýrslunni í hinu ágæta riti, sem atvmrh. hefir gefið út, ef þeir bera saman niðurstöðurnar, að þessi vanræksla Einars Arnórssonar þýddi miklu meira en þær fáu þús., sem kostað hefir að gefa út þessa bók. Breytingin þýddi hundruð þúsunda í auknum tekjum fyrir landið. Þegar farið var að nota annað fyrirkomulag, komu fram stórkostlegar eignir, sem aldrei höfðu verið

taldar fram áður. Og það er vonzka í blóði þeirra, sem að ranglætinu stóðu, út af því, að þetta skuli vera skjalfest, að það skuli vera komið á fínan pappír í bók, sem verður til í mörg ár á hverju heimili á landinu. Þeir eru fullir gremju út af því, að þjóðinni skuli vera sýnt fram á, hvað það þýddi fyrir réttlætið í landinu, að Íhaldið tapaði 1927. Það er því alveg tilgangslaust fyrir hv. 1. þm. Reykv. að koma hér fram með langar ræður; verkin tala mjög greinilega í þessu efni, þótt bókin heiti það ekki. Það er orðið brennt inn í menn, hvílíkt ranglæti gagnsýrði íhaldsstj. og hennar fylgismenn, og kom gleggst fram í mismuninum, sem gerður var á hinum svonefndu „heldri manna" börnum og börnum fátæklinganna, þegar Einar dró frá fyrir ómögum. Það er prófsteinninn á þetta kerfi og lýsir því e. t. v. betur en nokkuð annað. En það, að Helgi Briem hafi einhverntíma farið lofsamlegum orðum um fyrrv. skattstj., má vel vera. Það er hægt að hæla honum fyrir gáfur og vissa tegund af þekkingu, og jafnvel eitthvað fleira, en gaman hefði ég af að sjá Helga Briem þakka honum fyrir ágæta frammistöðu sem skattstj. og að hann hafi þar notað sína hæfileika vel.

Það er ekki ósennilegt, þótt hv. þm. Hafnf., sem er nú læknir sjálfur, sé ákaflega óánægður með, að það skuli vera skjalfest, hvað þýtt hefir að hafa gott eftirlit með læknum þeim, sem frekast höfðu stungið fingrunum í ríkissjóðinn. Hann vill halda því fram, að þetta sé engin skýring á sparnaði þeim, sem orðið hefir. Hann vill e. t. v. einnig halda því fram, að læknarnir fái eins mikið og áður. Það er auðvitað gott og blessað fyrir þá, en úr ríkissjóði hafa þeir ekki fengið það, og á því hefir sparazt um 300 þús. kr. síðan í tíð íhaldsstj. Við skulum athuga það, að hér er verið að rífast um það bæði í gær og í dag, hvort stj. sem var hafi haft rétt til þess að láta prenta skýrslu um framkvæmdir ríkisins, en vitanlega hefði engum þeirra, sem nú deila harðast á fyrir þessa eyðslu, dottið í hug að finna að því, þótt haldið hefði verið áfram að láta það vera 1 millj. í stað 700 þús., sem fóru í þetta meira og minna misheppnaða starf við berklavarnirnar; þrátt fyrir ljósin, sjúkrahúsin og alla þessa góðu menn, sem að því störfuðu, hélt sjúkdómurinn áfram að breiðast út. Þessir góðu menn hefðu ekki áfellzt stj. fyrir það, þótt þessum peningum hefði verið kastað úr ríkissjóði, en þegar örlitlu broti af því, sem sparað hefir verið, er varið til þess að gera almenningi kunnugt, hvaða breyt. er á orðin, þá rísa þeir upp á afturfæturna. Hvers vegna má ekki segja þetta? Það er af því, að sú hlið lífsbókarinnar, sem að Íhaldinu snýr, er svo ljót. Þeir skammast sín fyrir það og eru gramir yfir því, að aðrir skyldu gera þetta betur en þeir, og sérstaklega eru þeir sárir yfir því að hafa tapað svo áþreifanlega. Þessi fariseatár eru í rauninni af því, að það, sem hv. þm. Hafnf. sagði, er ekki satt. Þessir peningar eru beinlínis sparaðir, vegna þess að fólkið gerir alls ekki fyrir sína eigin peninga það, sem hægt er að gera fyrir peninga ríkissjóðs. Margir þeirra dánumanna, sem leita til hv. þm. Hafnf. og annara, mundu ekki gera það, ef þeir þyrftu sjálfir að greiða fyrir sig.

Ofstækið, sem gagnsýrði ræðu hv. þm. Hafnf., kom bezt í ljós, þegar hann leyfði sér að fara niðrandi orðum um hæfileika Guðmundar Björnsonar landlæknis. Ég býst varla við, að hann hafi haldið því fram í alvöru, að sá landlæknir, sem nú er farinn að heilsu eftir langt starf, hafi, meðan hann var í fullu fjöri, eins og hann var fram að nýári í vetur, gefið vísvitandi falskar skýrslur fyrir stj., fyrir mig. Ég ætla nú að þakka fyrir heiðurinn mér til handa, þegar ég á að hafa óskað eftir fölskum skýrslum, en ég vil sérstaklega víta ósæmilegan óhróður, sem með þessu er borinn á G. Björnson, og mótmæli því harðlega, að hann hafi gefið nokkra falska skýrslu. Skýrsla hans var byggð á hans eigin athugunum á ljóslækningum í Englandi, og ég vil sérstaklega taka það fram um þennan mann, sem um eitt skeið var þm. og átti sæti í þessari hv. d. og var meira að segja forseti hennar, að hann var þá viðurkenndur að vera einhver gáfaðasti og tilþrifamesti maðurinn í þinginu, og það mun síðar þykja undarlegt, að hv. þm. Hafnf., sem sannarlega er ekki álitinn neinn vitsmunamaður, skuli leyfa sér að fara svívirðilegum orðum um

G. Björnson landlækni. Hv. þm. Hafnf., þessi litli lærdóms- og hæfileikamaður, þetta afstyrmi, gat vart hegnt sér betur en með því að fara að bera sig saman við einn af gáfuðustu og merkilegustu mönnum læknastéttarinnar á þessum mannsaldri. Annars þarf ekki að svara á sama hátt fyrir G. Björnson og þessi vesæli hv. þm. Hafnf. talaði til hans. Ég býst ekki við, að þegar G. Björnson varð þm., hafi hann sett sínum keppinaut sama skilyrði og hv. þm. Hafnf. gerði, af því að hann treysti sér ekki að koma nema á einn fund. Og það var auðvitað alveg rétt af hv. þm. að setja þetta skilyrði, því að hann hafði ekki efni í meira og varla í þá einu ræðu, sem hann bauðst til að halda. Í þessu lýsti sér sjálfsþekking hjá hv. þm., sem er gagnstæð þekkingu hans á hæfileikum G. Björnsonar landlæknis.

Þá minntist hv. þm. á það, að hann og einhver annar læknir hefðu unnið stórsigur á mér með meiðyrðamáli. Mér þykir vænt um að fá tækifæri til þess að tala um meiðyrðamál, því að það er eins og íhaldið átti sig ekki á því, að þá sókn, sem hv. þm. og aðrir viðvaningar hafa í þessum efnum, nota menn, sem eru að læra byrjunaratriði pólitiskrar framkomu. Hv. þm. getur leitað að því út um lönd, hvort stjórnmálamenn þar eru að liggja í meiðyrðamálum við andstæðinga sína, og hann mun fljótlega sjá, að slíkt þekkist ekki. Viðvaningarnir vinna sína sigra þannig, en æfðir stjórnmálamenn vinna þá á annan hátt. Það verður aldrei of oft minnt á það dæmi, þegar hæstv. forsrh., sem þá var ritstj. Tímans, gagnrýndi tvo þm. Íhaldsflokksins, sem gerzt höfðu einskonar spákaupmenn í síld fyrir kjósendur sína. Ritstj. Tímans, sem þá var, fordæmdi þá, og allur almenningur í landinu fordæmdi þá. Þessir menn, Magnús Pétursson og Þórarinn á Hjaltabakka, fóru svo í meiðyrðamál við ritstj. Tímans og fengu ummæli hans dæmd dauð og ómerk. Magnús Pétursson er mjög vel gáfaður maður, og að því leyti afarólíkur hv. þm. Hafnf., þótt hann sé í sömu stétt og hann, og hann var búinn að vera lengi héraðslæknir í Strandasýslu. Hann hafði margt, sem þurfti til þess að halda almenningsálitinu sér í vil, en hvernig fer svo? Maðurinn, sem hafði tapað meiðyrðamálinu út af síldarbraski Magnúsar, býður sig fram í þessari sýslu, þar sem hann hafði aldrei komið áður og engin bein viðskipti haft við þm. kjördæmisins nema það að fordæma þetta athæfi hans, og ritstj. sigraði, af því að almannadómurinn vissi, að hann hafði sagt satt, almenningur vissi, að dómurinn var einskis virði. Það er á þennan hátt, sem við framsóknarmenn vinnum okkar sigra. Það, að treysta á úrelta meiðyrðalöggjöf, er að grafa sína eigin gröf.

Ég get sagt hv. þm. annað dæmi út af deilunum við hans eigin stétt, læknana. Stéttarbræður hans og hann sjálfur lögðu mikla áherzlu á það að eyðileggja einn af beztu mönnum stéttarinnar, Sigvalda Kaldalóns, fyrir það, að hann gerðist læknir í Grindavík. Þeir beittu öllum þeim ódrengskaparbrögðum, sem þeir kunnu og hægt var að nota í þessum efnum. Þeir ráku hann úr Læknafélaginu, þeir ofsóttu hann, þeir reyndu að egna fólkið upp á móti honum, svo að hann héldist ekki við í þorpinu, sem hann hafði ekki komið í áður. En þegar Sigvaldi Kaldalóns hafði verið einn vetur í Grindavík, þá lögðu þorpsbúar fram 15 þús. kr. til þess að byggja honum hús; og það má með sanni segja, að hvert mannsbarn elski hann og virði, og þrátt fyrir það koma stéttarbræður hans þannig fram við hann. Hvort var nú meiri sigur, þeirrar stj., sem valdi þennan ágæta mann, sem viðurkenndi, að hann var þjakaður og þjáður í vondu læknishéraði og með öllu ófært að láta hann ferðast brjóstveikan í mótorbátum, eða þeirra manna, sem ætluðu að veita héraðið manni, sem kallaði sjálfan sig pólitiskan dverg? Ég á hér við héraðslækninn á Sauðárkróki. Ég er ánægður með mína aðstöðu. Ég ætlaði mér aldrei annað en að vinna fyrir fólkið, og í þessum efnum eins og mörgum öðrum hefir mér tekizt það. Ég veit ekki, hvort þeir 6 læknar, sem ég hefi ráðið að landsspítalanum, eða hinir 7—8, sem ég hefi ráðið út um land, eru Læknafélaginu til mikillar ánægju, en fólkið er ánægt með þá, og það er meira heldur en hægt er að segja um suma þá lækna, sem Læknafél. hefir sérstaklega otað fram, og vil ég þó einkum nefna lækninn, sem átti að fá Keflavík. Ef at-

huguð er aðstaða Jónasar Kristjánssonar í Skagafirði og mannanna, sem fengu Seyðisfjörð, Borgarfjörð, Dali, Snæfellsnes, Eskifjörð og Hornafjörð, þá er hún alveg ólík.

Ég kem þá aftur að meiðyrðamálunum, af því að maður eins og hv. þm. Hafnf., sem er viðvaningur í þessum sökum, hefir gott af að finna, hvar hann stendur, úr því að hann fór að grobba af síðasta „sigri“ sínum í þessu efni. Um eitt skeið unnu tveir af ritfærustu mönnum landsins, þeir Björn Jónsson og Einar Kvaran, við blaðið Ísafold. Á þessum tíma fékk blaðið eitt frægt meiðyrðamál. Einn af helztu lagamönnum landsins höfðaði mál gegn blaðinu, af því að hann hafði í því verið kallaður dánumaður. Ritstj. voru dæmdir í sekt fyrir þessi ummæli sín. Nú var tilfellið, að þessi maður var í raun og veru dánumaður, og þetta, sem um hann hafði verið sagt, var sannleikur; og þó voru ritstj. dæmdir fyrir ummælin. En Björn Jónsson og Einar Kvaran skoðuðu þetta alls ekki sem neinn ósigur. Dómurinn var vitleysa, byggður á úreltri löggjöf. Yfirleitt má segja um þá menn, sem nota meiðyrðamálin, eins og Íhaldsflokkurinn hefir gert, að það ber vott um andlega fátækt, og að því meiri, því fleiri meiðyrðamál, sem þeir fara í. Því oftar sem fjólupabbar og moðhöfuð Íhaldsins hafa farið í slík mál við framsóknarmenn, því meiri hafa okkar sigrar orðið, eins og síðustu kosningar bera vott um. Ég býst við, að ég geti fengið tækifæri til þess seinna að lesa yfir hv. þm. Hafnf. einstaka reikning, sem hann hefir sent landinu og sem meiðyrðamál hafa orðið um. Skeð getur, að þm. sjái þá, hve gagnleg eða hitt þó heldur honum og stéttarbræðrum hans hafa orðið meiðyrðamálin.

Ég hefi þá gert skil þeim kaflanum úr heimspeki hv. þm. Hafnf., sem laut að málaferlum. Ég hefi líka bent á það, hver aðalniðurstaðan hefir orðið á læknamálinu, nefnil., að þessi dæmalausa frekja og það offors, sem fél., sem hv. þm. Hafnf. er í, sýndi, þegar því datt í hug að taka veitingarvaldið af ríkisstj., hafði þá einu afleiðingu að sýna læknunum, hve mjög þeir hefðu hlaupið á sig, eins og kom fram á læknaþinginu í vor. Þeir geta skipt um menn í stj. fél., þeir geta skipt um aðferð, en það rennur aldrei upp sá dagur, að þetta fél. hafi ráð á því að veita læknaembættin, því að í þessu landi ríkja lög og réttur, en þeir héldu, að hvorugt væri til. Og nú vil ég segja þessum hv. þm. það, og því meiri ástæða er til þess að fræða hann um pólitiska hluti, sem lítil líkindi eru til þess, að hann verði langær hér í þinginu fremur en sá læknirinn, sem hér var frá Sauðárkróki, — ég ætla að útskýra fyrir hv. þm., hvernig þessi dæmalausa fásinna gat komið yfir jafnvel gáfaða menn í læknastéttinni, að þeir skyldu hugsa sér, að þeir gætu brotið niður lög og rétt í landinu, að þeir skyldu hugsa sér, að þeir gætu óátalið stungið undir stól 10—20 bréfum, sem áttu að fara til ríkisstj., og farið með þau eins og þeim sýndist. Ég var ekki alls fyrir löngu staddur á spítala í Englandi, þar sem voru um 700 sjúklingar. Læknirinn þar er maður, sem er brautryðjandi í brjóstveikislækningum þar í landi. Við töluðum eitt kvöld saman um menntun lækna og hinar vaxandi kröfur, sem gerðar væru til sérfræðinnar. Þessi læknir sagði, að þetta væri eitt af því, sem samtíðin heimtaði, en hún hefði þrátt fyrir það afarmikla galla; og það eru gallar, sem við hér, sem þekkjum fulltrúa úr læknastéttinni íslenzku hér í d., þekkjum. Þessir gallar væru þeir, að sérfræðingar hefðu svo afarlítið vit á öllum málum utan síns verkahrings, og því miður stundum í læknisefnum líka. Þetta væri eðlilegt, þegar þess væri gætt, að um leið og þessir menn koma úr skóla um tvítugsaldur, þá færu þeir undir eins að sökkva sér niður í þröngt verkefni, eins og byggingu og líffræði líkamans, og verðu til þess 8—10 árum. Á meðan færi hið raunverulega líf fram hjá þeim, ekki sízt hið félagslega líf. Þess vegna væru þessir læknar oft eins og álfar úr hól, er þeir ættu að taka á verkefnum hins daglega lífs. Þetta er eina vingjarnlega og eina réttá skýringin á frumhlaupi læknastéttarinnar íslenzku. Þó e. t. v. megi margt gott um suma menn Læknafélagsins segja, þá hafa þeir þó ekki komizt fram hjá þessu skeri, sem hefir gert þá að undri og athlægi utan lands og innan. Þeir þekktu ekki mannlífið. Þeir vissu

mikið í læknisfræði, sumir þeirra a. m. k., en þeir vissu allt of lítið um það, sem borgararnir þurfa að vita. Þeir menn í læknastétt, sem gerðu einskonar upphlaup út af sparnaði við berklavarnakostnaðinn, og stóðu að útgáfu falskra sögusagna um heilsufar pólitiskra andstæðinga til þess að reyna að skaða þá, hafa dregið stétt sína meira niður í áliti almennings heldur en nokkurn af þeim vesalingum, sem þar voru að verki, mun hafa grunað.

Árangurinn af þessum félagsskap, sem hv. þm. Hafnf. mun vera einskonar liðþjálfi í, er sá, að læknarnir hafa tapað berklavarnamálinu, en ríkið sparað 300 þús. kr. á ári, og ennfremur hafa þeir orðið að athlægi fyrir það að reyna að taka veitingarvaldið af stj., og ekki bætti það aðstöðu þeirra, að vel skyldi ganga með ráðstafanir þær, sem heilbrigðisstj. hefir gert um læknaembættaveitingar, eins og t. d. Sigv. Kaldalóns. Ég býst við, að það séu um 20 embætti, sem stj. hefir ráðstafað í trássi við fél. og læknana. Að lokum er svo komið, að læknaklíkan veit, að hún hefir beðið fullkominn ósigur og haft bæði skömm og skaða af frumhlaupinu gegn stjórninni.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég skal taka það strax fram, að mér stendur alveg á sama, hvert álit hv. 5. landsk. hefir á mér og mínum hæfileikum. Það hefir sýnt sig, að álit hans á sumum mönnum í þjóðfélaginu hefir ekki ennþá gengið í almenning. A. m. k. get ég fullvissað hann um, að meiri hl. kjósenda í Hafnarfirði getur ekki fellt sig við það.

Ég ætla að tala hér um þessa prýðilegu menn, sem hv. 5. landsk. var að tala um í ræðu sinni. Það hefir vanalega verið þannig, hvort sem þm. eða læknir hefir átt í hlut, að hv. þm. lofar þá eina, sem hafa fylgt honum í öllum hans strákapörum. Það var eini gallinn á þeim mæta manni, Sigvalda Kaldalóns, að hann komst undir áhrif þessa hv. þm., því að þeir verða flestir saurugir, sem þannig fer fyrir.

Hv. 5. landsk. sagði, að ég hefði veitzt ómaklega að landlækni, og væri það allt ósannindi, sem ég hefði sagt. Ég sagði, að þótt taka megi tillit til landlæknis, beri að fara meira eftir áliti sérfræðinga, því landlæknir hefir ekki meira til brunns að bera en almennur læknir. Ég sagði ennfremur, að landlæknir væri kominn í vasa hv. 5. landsk. vegna þess, að honum hefði verið hótað brottrekstri, ef hann fylgdi því ekki, sem þáv. hæstv. dómsmrh. vildi vera láta. Landlæknir hefir líka sagt á opinberum fundi, að í heilbrigðismálum væru 2 aðiljar, hann og stj., og þótt hann vildi eitthvað, gæti hann ekki fengið því ráðið.

Þá sagði hv. 5. landsk., að sjúklingarnir hefðu getað sparað sér ýmsar kúnstir, þegar þeir áttu að fara að borga. Ég veit ekki, hvað hv. þm. á við með þessu, en ég hygg, að þetta eigi að vera sneið til læknanna. Ég verð að segja hv. þm. það, að þó að hann haldi, að hann hafi allra manna bezt vit á öllum málum, hefir hann í læknamálum svo lítið vit, sem minnst er hægt að komast af með (**PM:** Eins og í öðrum málum.), og þegar þessi hv. þm. segir, að ég hafi ekkert vit á stjórnmálum, get ég sagt honum, að hann hefir ekkert vit á þeim málum, sem hann er nú að rökræða við mig.

Hv. þm. sagði, að berklavarnastyrkurinn hefði lækkað vegna ráðstafana stj. Ég vil minna þennan hv. þm. á það, að allir reikningar fyrir árið 1929 hafa verið greiddir læknunum. A. m. k. hafa allir mínir reikningar verið greiddir án nokkurra aths. Og þetta er fyrir árið 1929, þegar hv. þm. segir, að berklavarnakostnaður hafi lækkað um 300 þús. kr.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði ekki þorað að mæta móti hinum frambjóðandanum í Hafnarfirði. Ég veit það vel, að ég get ekki malað svo mikið sem hv. þm., en ég álít, að menn eigi helzt að vera stuttorðir. Ég hafði einnig ýmsum öðrum störfum að gegna, enda hélt ég, að hv. þm. áliti, að læknar ættu að starfa fleira en að stjórnmálum. Annars held ég, að læknar fylgist yfirleitt vel með „sociölum“ málum. Ég veit t. d. ekki, hverjir hafa komið heilbrigðislöggjöfinni á aðrir en læknar. Hv. þm. vill þó líklega þakka sér það, að hann rauk upp til handa og fóta og kom upp „barak“ austur í Ölfusi til þess að koma þangað fátæku fólki úr Reykjavík og Hafnarfirði, eða jafnvel holdsveiku fólki.

Ég skal ekki lengja hér umr. Ég býst ekki heldur við, að það hafi mikla þýðingu að rökræða við hv. þm. um lækna og læknamálefni. En ég býst við, að flokksmenn hans hafi sumir staðið við sóttarsæng sjúklings, sem hægt hefði verið að bjarga, ef hann hefði notið læknisaðgerðar nógu snemma. Og Framsóknarflokksmenn hefðu getað læknað sinn flokk með því að skera burt þá meinsemd, sem nú þjáir hann og yfirgefur hann ekki fyrr en hún er búin að ganga frá honum.

Jakob Möller: Ég þarf ekki að víkja nema stuttri aths. til hv. 2. þm. Eyf., því hv. þm. Snæf. er búinn að svara honum.

Hv. þm. ræddi hér um skýrslur stj., hvort þær væru hlutlaus frásögn um störf stj., eins og þær eiga að vera og þurfa að vera til þess að heimilt sé að gefa þær út á ríkiskostnað. Hv. þm. ræddi um þetta á víð og dreif, en mér fannst honum ekki vera vel ljóst, hvað hann var að fara.

Hv. þm. sagði, að þegar borið væri saman, hvað unnið hefði verið að vegagerð síðustu árin og áætlun hv. 1. landsk. 1926, gætu allir séð, hve áætlun hans hefði verið vitlaus. En hvort sem áætlun hv. 1. landsk. reyndist röng eða rétt, er það hlutdrægni, þegar sagt er í skýrslu hæstv. ríkisstj., að nú þegar sé búið að gera meiri vegi en hv. 1. landsk. áætlaði, að búið yrði að gera árið 1940. Hér er bæði hlutdræg skýring á skýrslu hv. 1. landsk. og fals, þegar skýrt er frá framkvæmdum núv. hæstv. stj. Því hvað er það annað en fals og ósannindi, þegar það stendur í skýrslu hæstv. stj., að nú sé kominn akfær vegur norður til Húsavíkur? (**EÁrna:** Það stendur ekki í skýrslunni). Jú. (**EÁrna:** Nei).

Þá sagði hv. þm., að það væri ekki rétt hjá hv. 1. landsk., að Framsóknarflokkurinn gæti nú ekki myndað aðra stj. en bráðabirgðastj. Hv. þm. sagði, að stj. væri fyllilega lögleg, eftir því sem þingflokkarnir hefðu orðið til. En hv. 5. landsk. undirstrikaði skilning okkar hv. 1. landsk., er hann sagði, að hv. 1. landsk. væri ekki þm. þjóðarinnar, vegna þess að hann hefði ekki meiri hl. kjósenda í landinu að baki sér. Og stj., sem Framsóknarfl. myndar, verður aldrei stj. þjóðarinnar, því hún er ekki kosin af fulltrúum meiri hl. hennar.

Hv. 2. þm. Eyf. ruglaði því saman, að stj. gæti verið lögleg, þótt hún sé ekki kosin af meiri hl. þjóðarinnar. En það er vegna úreltrar og ranglátrar löggjafar, að slík stj. er lögleg. Því er hér nú borin fram till. um það, að þessari löggjöf verði breytt í samræmi við þá grundvallarhugsun, sem stjórnarskráin byggist á, að minni hl. stj. fari aldrei með völdin í landinu. Andi stjskr. er lýðræði, en bókstafur hennar heimilar það stjórnarfyrirkomulag, sem nú er. En þetta verður að lagfæra. Enginn flokkur má vera bær til þess að mynda stj., nema hann sé fulltrúi meiri hl. þjóðarinnar.

Það var eiginlega hv. 5. landsk., sem olli því, að ég stóð hér upp. Hv. þm. fór hér víða um, og ætla ég mér ekki að elta hann út í alla króka og kima.

Ég skal ekki gera það að deilumáli við hv. þm., hvort það sé beizkur sannleikur um mann, að hann sé dánumaður. Ég verð að trúa þessu, fyrst hv. þm. segir það. (**JónasJ:** Dómstólunum fannst það). En þótt margt megi segja og hafi verið sagt um hv. 5. landsk., þá rekur mig ekki minni til þess, að hann hafi nokkru sinni verið kallaður dánumaður.

Ég skal heldur ekki rökræða við hv. 5. landsk. um brjóstveiki í mótorbátum. Sá sjúkdómur er mér alveg ókunnur.

Þá vék hv. þm. nokkrum orðum að því, sem ég sagði við fyrri hl. þessarar umr. um niðurjöfnunarnefndina hér í Rvík. Ég hefi síðan aflað mér upplýsinga um þetta mál og veit nú, að það er rangt, sem hv. þm. sagði. Sérstaklega voru þær aðfinnslur rangar, sem hann beindi til fyrrv. skattstjóra, núv. hv. 2. þm. Reykv., Einars Arnórssonar. Ég sagði, að það væri skjalfest, að Helgi Briem hefði farið þeim orðum um Einar Arnórsson, að starfsemi hans hefði verið prýðilega af hendi leyst. Þetta er rétt. Helgi Briem hefir gefið skriflega yfirlýsingu um þetta. (**JónasJ:** Það er bezt að lesa hana upp). Ég hefi hana ekki við hendina, en þessi yfirlýsing birtist í Vísi í deilum milli Helga Briems og hv. 3. þm. Reykv., Héðins Valdimarssonar. Helgi Briem tekur þar svari Einars Arnórssonar og segir, að hann hafi leyst starf sitt vel af hendi, og

þó að skammt hafi verið komið í því að framkvæma skattalögin, þá hafi það verið á góðum vegi og samvizkusamlega að því unnið.

Hv. þm. fann mikið að því, að fyrrv. skattstjóri, Einar Arnórsson, hefði ekki sundurgreint tekju- og eignarskatt í skattskýrslunum. Einar Arnórsson áleit, að þessa skatta mætti ekki sundurgreina og studdist þar við úrskurð eins framsóknarráðherra.

Hv. þm. sagði, að við „system"skipti þau, sem orðið hefðu, hefði orðið sú breyt., að ríkissj. fengi nú meiri tekjur en áður. Það er ómögulegt um það að segja, hvort þetta er rétt ályktun hjá hv. þm., því jafnhliða þessum „system"-skiptum varð breyt. á tekjuöflun skattborgaranna, því eins og menn vita, hafa þau ár, sem framsóknarstj. hefir farið með völdin, verið hin mestu uppgripaár, og þá hafa tekjurnar orðið meiri en áður.

Þá sagði hv. þm., að það hefðu komið fram eignir, sem ekki hefðu fundizt áður, en lét þess ógetið, að það var að mestu leyti vegna breyttrar löggjafar. Áður var ekki hægt að fá upplýsingar frá bönkum um inneignir manna, en svo var sett reglugerð, sem skyldaði þá til þess að gefa það upp. Það var því eðlilegt, að meiri eignir kæmu þá fram en áður. En hv. þm. sleppti því að geta þess, að kostnaðurinn við skattheimtuna hefir aukizt að mun. Held ég, að hann hafi þrefaldazt frá því í tíð fyrrv. skattstjóra.

Það er kunnugt, að starf skattstofunnar byrjaði í tíð Einars Arnórssonar að beinast í þá átt að gera meiri gangskör að því að hafa eftirlit með því, að framtöl manna væru rétt. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að framsóknarstj. lét þá niður falla kæru frá skattanefndinni út af röngu framtali Hv. 5. landsk. sagði, þegar ég hélt fyrri ræðu mína, að þetta væri ósatt, en nú held ég, að hann verði að viðurkenna það, að hún hafi komið fram. (**JónasJ**: Ekki við mig). Jú, og hv. 5. landsk., þáv. hæstv. dómsmrh., rak manninn út, þegar hann kom með kæruna. (**JónasJ**: Hver var það?). Maðurinn var Magnús V. Jóhannesson. (**JónasJ**: Þetta er ósatt). Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að bera á móti þessu. Hann rak manninn út og lét kæruna niður falla. Og þótt aldrei hefði verið talað við hv. 5 landsk., þáv hæstv. dómsmrh., hefði honum verið skylt að láta sig skipta þetta mál. Þess eru líka dæmi, að hv. 5. landsk. hefir tekið upp mál, sem annar ráðh. hefir látið niður falla. Má þar nefna það, þá er hæstv. forsrh. var búinn að semja um bætur vegna sjóðþurrðarinnar í Brunabótafélagi Íslands og þar með láta málið niður falla, en þáv. hæstv. dómsmrh., núv. hv. 5. landsk., tók málið upp aftur. En þetta er ekki eina skiptið, sem hv. þm. hefir hylmað yfir afbrot. Þegar hv. þm., þáv. hæstv. dómsmrh., var að rekast í siðferðismáli hér í bænum í fyrra, lét hann svæfa miklu verra mál, sem lögreglustj. vildi taka upp, en fékk það ekki fyrir hæstv. dómsmrh. (**JónasJ**: Hvaða mál var það?). Ég vil ekki upplýsa það hér, en hv. þm. veit, að ég fer með satt mál. (**JónasJ**: Ég skal sanna það síðar, að þetta er ósatt hjá hv. þm.). Það er nú einu sinni svo um þennan hv. þm., að þótt hann þykist vera öllum mönnum vandlætingasamari, gengur það fyrst og fremst út yfir andstæðinga hans, er þegar vildarmenn hans eiga í hlut, blasir önnur hlið við á honum.

Þá talaði hv. þm. um þann mikla sigur, sem Framsóknarflokkurinn hefði unnið, ekki með meiðyrðamáli, heldur með dómi þjóðarinnar. Það er því rétt að skýra frá því, hvernig Framsóknarflokkurinn vinnur sína sigra. Framsóknarflokkurinn vinnur sína sigra með verzlunarkúgun. Hann hefir tekið upp sið gömlu selstöðukaupmannanna og kúgar menn með verzlunaránauð. Þetta er rétt, hvort sem hv. þm. kannast við það eða ekki.

Einar Árnason [óyfirl.]: Hv. þm. Snæf. sagði, að hv. 1. landsk. hefði ekki viðhaft ummælin, sem ég hafði eftir honum um þingræðisstjórn, heldur hefði hann nefnt lýðræðisstjórn. Annaðhvort er hér um misskilning eða misheyrn að ræða. Orð hans féllu þannig: Framsóknarflokkurinn einn getur ekki nú sett á fót annarskonar stj. en bráðabirgðastj. Og hv. 1. þm. Reykv. sagði: Framsóknarflokkurinn hefir engan rétt til að mynda aðra stj. en bráðabirgðastjórn.

Bráðabirgðastj. er ekki þingræðisstj.,

svo hefir alltaf verið skilið, enda hefir hv. 1. þm. Reykv. játað, að svo sé. Að tala um lýðræðisstjórn er einber hégómi. Ef talað er um lýðræðisstjórn, má segja, að hv. þm. Snæf. sé ekki réttur þm., þar sem hann hefir minni hl. kjósenda að baki sér. Þetta er hégómi, sem aldrei hefir áður verið talað um.

Það er ekki einsdæmi, þótt meiri hl. þings hafi minni hl. þjóðar að baki sér. Ég man ekki, hvernig það var hér 1924. Hv. 1. þm. Reykv. vildi e. t. v. skýra, hvernig afstaðan var þá. Þessi ummæli eru einskis virði, hve oft, sem þau eru sögð.

Hv. þm. Snæf. og hv. 1. þm. Reykv. voru að karpa út af vegamálum. Hv. þm. Snæf. sagði, að vegur hefði ekki verið fullgerður frá Borgarnesi að Bólstaðarhlíð, af því að féð hefði farið til tveggja annara vega. En í áætluninni var alls ekki meiningin að hætta alstaðar, nema á þessari einu leið. Og þótt vegaféð hefði eingöngu verið til þess vegar, þá hefði ekki verið hægt að fullgera hann, enda var það aldrei tilætlunin.

Hv. 1. þm. Reykv. hélt ræðu með mörgum stórum orðum og talaði um, að í bók þessari, sem mikið hefir verið talað um, væru falsaðar frásagnir. Ég ætla ekki að fara út í það, en ef hann ámælir fyrir fals, þá ætti hann ekki að gera sig sekan í því sama. Ég verð að segja hv. þm. brjóstheilan, þegar hann leyfir sér að rangfæra ummæli upp úr bók, sem liggur opin fyrir framan mann. Hann segir, að í bókinni standi, að nú sé kominn akvegur til Húsavíkur, og í því á hann við upphleyptan veg. En í bókinni stendur: Nú er svo komið, að telja má vel bílfæran veg til Húsavíkur, þótt á köflum sé um ruddan veg að ræða. — Þegar hv. þm. leyfir sér að fara rangt með það, sem öllum stendur opið að ganga úr skugga um, þá er erfitt að treysta því, að hann fari rétt með, þegar enginn getur þekkt til og sagt um, hvort satt er eða logið. Hv. þm. hefir alla tíð gengið með höfuðið fullt af Grímsögum. Hann fullyrðir og fullyrðir, en kemur ekki með neinar sannanir.

Hv. þm. þykist geta sagt, hver ástæðan hafi verið til þess, að Framsóknarflokkurinn vann við síðustu kosningar. Hann fullyrðir, að ástæðan hafi verið sú, að Framsókn hafi notað skuldakeyri á bændurna, — að kjósendur hafi verið svo skuldugir, að þeir hafi orðið að kjósa eins og vissir menn sögðu þeim. Það getur verið, að sú sé skoðun hv. þm. Reykv., að menn hagi sér æfinlega eftir því, hvort þeir geti haft áhrif með því að kúga með skuldum. Það getur verið, að hann þekki þetta frá eigin ferli. Ég veit ekki, hvort peningastofnanir landsins hafa sýnt hv. þm. fram á slíkt. (**JakM:** Hv. þm. getur farið í bankana og séð, hvað ég skulda). Hitt veit ég, að báðar aðallánsstofnanir landsins hafa óskað eftir því að vera lausar við þennan mann.

Sé ég ekki, að fleiru þurfi að svara, því að það, sem hv. þm. sagði, voru órökstudd stóryrði og sleggjudómar um bókina.

Jón Baldvinsson: Hv. framsóknarþm. hafa varið það nú og fyrr, að flokknum bæri að fara með völd, af því að hann hefði svo marga þm. En það er fleira en þingmannatalan ein, er kemur til greina, svo sem kjósendatala. Það er nú svo, að síðan innlend stj. kom, hefir engin stj. setið að völdum, sem ekki hefir haft meiri hl. kjósenda að baki sér. Það er nú fyrst, að við völdin er stj., sem styðst við mikinn minni hl. kjósenda. Vilji maður fá dæmi af sama tæi, verður maður að fara til Estrups-tímabilsins í Danmörku og keisaranna í Þýzkalandi, sem héldu völdum með ranglæti, í skjóli hervalds og bráðabirgðalaga.

Hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Eyf. hafa beint því til mín, að við jafnaðarmenn ættum að taka tillit til Englendinga í fleiru en skýrslugjöfum. En á það má benda, að þótt enski stjórnarflokkurinn hafi minni hl. kjósenda að baki sér, hefir hann og stuðningsflokkur hans mikinn meiri hl. Þeir hafa báðir til samans fullar 12 millj. kjósenda, en andstöðuflokkurinn, konservativir, ekki nema fullar 8 millj. Það er áreiðanlegt, að í Englandi yrði ekki þoluð stj., sem styddist aðeins við ⅓ kjósenda, svo að það má auðveldlega til þeirra vitna, enda eru þeir nú að hugsa um að breyta kjördæmaskipuninni, af því að þeir sjá, hve hún er nú ranglát orðin, síðan flokkarnir urðu fleiri en

tveir. En ég er sannfærður um, að þegar gallar þeirrar kjördæmaskipunar eru farnir að koma fram í þeirri mynd, sem þeir hafa nú komið fram hér, þá yrði það ekki þolað.

Þá minntist hv. 2. þm. Eyf. á það, að við jafnaðarmenn værum frekir á pappír og ræðutíma, svo að það jafnaðist á við bókina „Verkin tala". En sá er munurinn, að við förum eftir því, sem lög heimila. Það er löglegt eftir stjskr. að bera fram svo mörg frv. sem hverjum þm. sýnist, og samkv. þingsköpum megum við halda þær ræður, sem við höfum haldið. En Framsóknarfl. á eftir að fá kvittun fyrir bókina „Verkin tala". Það getur verið, að þeir fái þá kvittun, en þeir eiga eftir að fá hana. — Það er ekki hægt að réttlæta bókina með því, að við berum mörg mál fram. Það er eðlilegt, að svo sé með okkur, því að hér er um að ræða ungan flokk, sem nýkominn er í þingið.

Síðasta rúsínan hjá hv. 2. þm. Eyf. var það, er hann tók að vega þingflokkana og þótti okkar hluti stór. Ég býst við, að ekki hafi átt að skilja það svo, að hans flokkur sé veginn og léttvægur fundinn, þó að sá skilningur á orðum hans lægi næst.

Magnús Torfason: Við framsóknarmenn heyrum það oft, að við höfum ekki rétt til að mynda stjórn, sízt þingræðisstjórn. Það hefir alltaf verið á þessu klifað, síðan þing var sett og allt til þessa dags. Þess vegna er rétt að athuga þetta svolítið. Þótt maður vilji leiða þetta hjá sér, þá er svo leiðinlegt að heyra alltaf þetta sama nudd.

Framsóknarflokkurinn hefir rétt til að fara með stjórn samkv. þingkosningunum og samkv. stjskr. Meðan stjskr. er í lögum, er ekki rétt eftir öðru að fara. (**JBald:** En ekki eftir óskráðum lögum). Nú skulum við athuga hin óskráðu lög. Þeir flokkar, sem hafa meiri hl. kjósenda, ættu að ráða. Við skulum setja svo, að Sjálfstæðisflokknum og Alþýðuflokknum yrði lofað að mynda stj., en þeir gætu engu ráðið. Þeim yrði undir eins velt, svo að ef eftir þessu yrði farið, þá er það ekki árennilegt, og þegar athugaður er samvinnuhugurinn milli þessara flokka, er það sannarlega ekki heldur árennilegt. En setjum nú svo, að þessu slepptu, að stj. hefði verið neitað um verðtollinn og hún ekki getað fengið þá peninga, sem nauðsynlegir eru til að stjórna landinu. Afleiðingin hefði orðið sú, að gengið hefði verið til nýrra kosninga í haust. En ég er sannfærður um, að hvorki sjálfstæðis- né jafnaðarmenn mundu græða á þeim kosningum. Það hafa þeir sjálfir séð, og þess vegna var verðtollurinn samþ. Sama er að segja um það fleipur, sem komið hefir fram í þessum umr. í þessari hv. d., um að fella fjárlögin fyrir hæstv. stj.; þá yrði auðvitað áfrýjað til kjósenda, nýjar kosningar látnar fara fram, en hvorugur andstöðuflokka stj. mundi sjá sér hagnað í því. Bak við stjórnina er reitt sverð kosninganna, og því er hún sterk.

Þá hefir þessari stj. verið líkt við afturhaldsstj. Estrups í Danmörku og keisarastjórnir Þýzkalands. Þetta er ekki rétt. Það má einmitt með fullum rétti líkja framsóknarstj., sem nú situr að völdum, við ensku stj. og aðrar frjálslyndustu stj. álfunnar. Síðan flokkarnir urðu þrír í Englandi, hefir það oft komið fyrir, að flokkur hafi farið með stj. án þess að hafa meiri hl. kjósenda að baki sér. Allir vita, að frjálslyndi flokkurinn í Englandi hefir barizt fyrir breytingum á kjördæmaskipuninni, síðan flokkarnir urðu þrír, því að kjósendatala hans nýtur sín illa undir því kosningafyrirkomulagi, sem nú er. Það er því bersýnilegt, að meiri hl. þings þarf ekki að hafa meiri hl. kjósenda að baki sér til þess að geta myndað þingræðisstjórn.

Íslenzk blöð flytja oftlega fregnir frá aukakosningum í Englandi, og eru þar þm. oft kosnir með svo tæpum minni hl., að stundum stappar nærri, að andstöðuflokkarnir hafi til samans helmingi fleiri atkv. en sá flokkur, sem þm. tilheyrir. (**JakM:** Hvenær hefir það komið fyrir?). Það kemur fyrir dags daglega. Það sjá allir, sem lesa blöð, og vona ég, að við hv. 1. þm. Reykv. fáum tækifæri til að athuga það saman síðar. (**JakM:** Og hv. þm. getur ekki nefnt neitt dæmi). Hv. þm. hefir nóg tækifæri til þess að reka þetta ofan í mig, ef hann getur, og hann hefir líka blað til að básúna það út,

svo að hann ætti ekki að þurfa að taka oftar fram í fyrir mér. — Það þýðir yfirleitt ekki neitt að vera að japla á því lengur, að núv. stj. sé ekki þingræðisstj. Það er stjórnarfarsleg nauðsyn, byggð á stjórnarskránni, að Framsóknarflokkurinn hafi stj. með höndum, eins og nú er ástatt. Og eigi að breyta stjórnarskránni nú, verður það ekki gert, nema með samkomulagi við Framsóknarflokkinn, og því er það eðlilegt, að stór andstöðuflokkur, eins og Sjálfstæðisflokkurinn, semji við hann um þetta mál eitt, og þarf ekkert launmakk að liggja þar á bak við. Ég segi fyrir mig, að ég veit ekki til þess, að þessir flokkar hafa bundizt samningum um nokkur önnur mál en skipun nefndarinnar í kjördæmaskipunarmálinu og verðtollinn.

Halldór Steinsson: Ég ætla að svara hv. 2. þm. Eyf. nokkrum orðum. Hann hélt því fram, að hv. 1. landsk. hefði sagt í gær, að ef Framsókn myndaði stj., gæti það aðeins orðið bráðabirgðastjórn. Þetta er rétt, en hv. þm. gleymdi því, sem hv. 1. landsk. bætti við, nefnilega, að sú stj. gæti aldrei orðið lýðræðisstjórn. Ég býst við, að allir viðurkenni, að Framsóknarstj., sem nú situr að völdum, sé þingræðisstjórn, en það er greinilegt, að andi stjskr. gerir ráð fyrir lýðræðisstjórn. Og nú er orðin brýn nauðsyn á því að breyta stjórnarskránni, þegar sannað er, að slíkt ranglæti sem þetta getur átt sér stað, sökum þess, að ákvæði hennar eru ekki nógu ljós og greinileg. Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að það væri hégómi að vera að karpa um þetta. En í mínum augum er þetta alvörumál, og á ekkert skylt við hégóma. Þá sagði hann einnig, að það væri oft svo í öðrum löndum, að stjórnir sætu, sem ekki hefðu meiri hl. kjósenda að baki sér. Þetta er bæði rétt og ekki rétt. Það getur verið, að stjórnarflokkurinn einn saman hafi ekki meiri hl. kjósenda með sér, en hann styðst þá við aðra flokka, og hafa þeir þá samanlagðir í flestum tilfellum meiri hl. kjósenda, og má þá segja, að stj. hefi meiri hl. þjóðarinnar að baki sér.

Hv. 5. landsk. var enn að stagast á þeirri reginvitleysu, að framsóknarstj. hefði sparað 300 þús. kr. á framkvæmd berklavarnalaganna. Hann virðist ekki enn vera farinn að skilja, að þessi „sparnaður" kom af breyttri löggjöf um þetta framlag, og þess vegna var kostnaðurinn svo mikill á árinu 1927 sem kunnugt er. Það lítur út fyrir, að hv. 5. landsk. sé alveg ókunnugt um þetta; annars héldi hann því tæplega fram. Hafi framsóknarstj. sparað nokkuð á þessu sviði, eru það örfáar þúsundir, fengnar með því móti að taka ljóslækningar af sjúkrahúsum úti um land. Þetta getur að vísu litið þannig út, að það sé gert til þess að lækka útgjöld ríkissjóðs. En ég held, að það komi bara harðara niður annarsstaðar; þetta lendir mest á fátækustu sjúklingunum. Sjúklingar hætta ekki við að reyna að fá bóta meina sinna, þó að héraðslæknir geti ekki hjálpað þeim, heldur fara þeir á spítala, hvað sem það kostar. Og séu þetta fátæklingar, sem ekki geta borgað fyrir sig sjálfir, lendir skuld þeirra á hreppnum. Mér finnst það vægast sagt blygðunarleysi, að geta hælt sér af slíkum sparnaði.

Ég þarf ekki að svara hv. 5. landsk. árásum hans á læknastéttina yfirleitt. Þessi hv. þm. er kunnur að því að beita þessa stétt svívirðingum, bæði í ræðu og riti, af því að hún hefir látið bæði hann og aðra skilja, að hún lætur ekki kúga sig. Hún mun enn sem fyrr standa sameinuð gegn hverskonar ranglæti.

Jakob Möller: Hv. 2. þm. Eyf. bar mér það á brýn áðan, að ég hefði vitnað skakkt í þessar „Skýrslur um framkvæmdir", sem liggja hér fyrir framan okkur. Og hann fylltist heilagri vandlætingu yfir því, hve óvandaður ég mundi vera í þeim málum, sem illt væri að koma sönnunum að, fyrst ég vogaði mér að vitna skakkt í bók, sem við báðir hefðum opna fyrir framan okkur. Það vill nú svo vel til, að þetta, sem ég vitnaði í, er hér á fremstu síðu, og ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það upp: „Á landsmálafundi, sem haldinn var á Sveinsstöðum í Húnaþingi í júnímánuði 1926, gerði Jón Þorláksson, þáv. fjármálaráðherra, grein fyrir áætlun flokks síns í vegamálunum, og þar gerði hann ráð fyrir því, að árið 1940 yrði kominn bílfær vegur frá Borgarnesi norður um land til Húsavíkur. Síðan hefir vegakerfi landsins auk-

izt með meiri hraða en áður hefir þekkzt hér, og langt fram úr þeim áætlunum, sem áður voru gerðar um það". Og þetta segir hv. 2. þm. Eyf., að ég fari rangt með. Ég vil leyfa mér að vísa því heim til föðurhúsanna.

Annað atriði í ræðu hans var það, að báðir bankarnir hefðu beðizt undan afskiptum mínum. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. viti þetta sem fyrrv. fjmrh., en mér þykir þá skorta á ábyrgðartilfinningu hans, að hann skyldi ekki hafa svo mikið við að láta mig vita um þetta. Ég held því, að hann geti ekki heldur hvað þetta atriði snertir ásakað aðra en sjálfan sig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 : 1 atkv. og til fjvn. með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 15. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 230, 283, n. 286, 297, 313).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 313. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Árnason) [óyfirl.]: Eins og þskj. 283 ber með sér, eru till. þær, sem fjvn. ber fram við frv., hvorki margar né stórvægilegar. Fyrir n. hönd get ég því verið mjög stuttorður. Ástæðurnar fyrir því, að n. flytur svo fáar brtt., eru teknar fram í nál. á þskj. 286, og vil ég ekki vera að endurtaka þær hér.

Ég skal þá undir eins snúa mér að því að gera stutta grein fyrir hverri einstakri brtt.

1. till. n. er sú, að hækka framlagið til nýrra símalína um 10 þús. kr. Til þessarar hækkunar liggja einkum tvær ástæður. Hin fyrri er sú, að Slysavarnafél. Ísl. hefir sent n. erindi, og sjálf félagsstj. hefir komið á fund n. og skýrt frá því, að mjög bagalegt væri, að ekki skuli vera símalína frá Sandgerði til Stafness. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir nú verið lagt allmikið í kostnað til þess að koma upp björgunarbát á þessum slóðum. Vegur hefir verið byggður með ærnum tilkostnaði, til þess að flytja bátinn eftir á milli Stafness og Sandgerðis. Komið hefir verið upp fluglínustöð og skipverjar ráðnir á björgunarbátinn. Slysavarnafél. hefir, bæði þarna og annarsstaðar, þar sem slysahætta er mest, gengið ötullega fram í því að gera ýmsar ráðstafanir, lagt á sig mikla fyrirhöfn og mikil fjárútlát, til þess að reyna að afstýra slysunum. Nú stendur svo á, að enginn sími er á milli hinna tveggja umgetnu staða, en vegalengdin á milli þeirra mun vera um 7—8 km. og dreifð byggð á þessu svæði. Björgunarbáturinn er geymdur í Sandgerði, en hinsvegar er talið, að mesta áhættusvæðið sé um Stafnes. Því er það, að ef slys ber að höndum og skip stranda við Stafnes, þá þarf í skyndi að gera ráðstafanir til þess að koma bátnum og björgunartækjunum þangað frá Sandgerði, og jafnframt þarf að ná saman mönnum þeim, sem þarf til þess að björgun geti farið fram, og þá fyrst og fremst skipverjum, og einnig mönnunum, sem starfrækja fluglínustöðina. Alls munu menn þessir vera um 30 og búa dreifðir um stórt svæði. Það er því auðsætt, að nokkur tími getur farið til þess að ná í þá, þar sem enginn sími er til hjálpar, en slíkur dráttur gæti valdið stóru slysi.

N. hefir því fallizt á að ætla smávægilega upphæð, 4500 kr., til þess að taka upp þessa símalínu og væntir þess, að hv. d. geti fallizt á það, að nauðsyn sé til að fá nú þennan lið inn í björgunarstarfsemina, sem þarna hefir verið undirbúin. Þessi liður er nauðsynlegur til að allt geti gengið sem greiðast.

Þá hefir n. ætlazt til, að nokkur hluti af þessari hækkun til nýrra símalína fari til þess að leggja símalínu frá Bólstaðarhlíð í Húnavatnssýslu að Bergsstöðum í Svartárdal. Dalurinn er nokkuð þéttbyggður, en algerlega símalaus, sveitin er afskekkt og liggur inni í fjallgarðinum milli Blöndudals og Skagafjarðar. Frá Bólstaðarhlíð að innsta bæ í dalnum eru um 25 km. Því virðist mjög sanngjörn sú málaleitun, sem komið hefir til n., að þessi afskekkta byggð fái símalínu að Bergsstöðum, sem er þó utar en í miðri sveit. Til þessarar símalínu hefir n. áætlað 5500 kr. eins og tekið er fram í nál. N. vildi taka þetta skýrt fram í nál., til þess að það yrði augljóst,

til hvers þessar 10 þús. kr., sem n. leggur til, að þessi liður verði hækkaður um, verði veittar.

Þá hefir n. lagt til, að við 13. gr. bætist nýr útgjaldaliður, 10 þús. kr. Það er mörgum kunnugt, a. m. k. þeim, sem áður hafa verið hér á þingi, að samgöngur hafa verið mjög ógreiðar að skólasetrinu Eiðum á Austurlandi. Þessi upphæð er aðallega til þess, að nú verði unnt að ljúka við að leggja sæmilegan bílveg að Eiðum. Til skamms tíma hefir orðið að flytja þangað allan flutning á klökkum. Að sönnu hefir þar verið einhver vegarnefna, sem fært hefir verið um að sumri til, en verið ófær, þegar bleytur eru, bæði haust og vor, einmitt þegar mest er þörf á flutningi að staðnum. Það vakti líka fyrir n., þegar hún kom með þessa till., að Austfirðingafjórðungur hefir verið nokkuð afskiptur um framlög til vega eftir því, sem kemur fram í frv.

Þá leggur n. til, að til hafnargerðar í Ólafsvík verði veittar 7 þús. kr. Eins og margir munu vita, eru til gömul lög um hafnargerð í Ólafsvík. Í fjárlögum fyrir 1930 var veitt nokkurt fé til þessarar hafnargerðar, það munu hafa verið 15 þús. kr. gegn $^2/_3$ annarsstaðar frá. En eftir því sem ég veit bezt, mun þessi fjárveiting ekki hafa verið notuð nema að einhverju leyti. Þess vegna má segja, að hér sé um einskonar loforð að ræða frá Alþingi, og þó að það sé nú fallið úr gildi, getur þetta talizt endurveiting. Þess vegna vill n. nú taka upp í frv. 7 þús. kr. framlag gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að. Ég skal líka taka það fram, að í lögunum um hafnargerð í Ólafsvík er heimilt fyrir stjórnina að ábyrgjast lán, sem kynni að verða tekið af Ólafsvíkurbúum í þessu skyni. N. lítur svo á, að stj. sé því heimilt að ábyrgjast slíkt lán samkv. hafnarlögunum fyrir Ólafsvík.

Þá er hér smávægileg brtt. um að hækka styrkinn til Iðnskóla Hafnarfjarðar úr 800 kr. upp í 1500 kr. Í fjárl. hefir verið veittur styrkur til slíkra skóla á Akureyri og Ísafirði og svo Hafnarfirði. Hafnarfjarðarskólinn hefir orðið að því leyti harðast úti, að hann hefir fengið minnstan styrk. N. telur sanngjarnt að hækka styrkinn til hans, svo að hann sé í samræmi við það, sem skólarnir á Ísafirði og Akureyri hafa.

Þá leggur n. til, að Veiði- og loðdýrafélagi Íslands verði veittar 1000 kr. Þetta félag er nýstofnað og hefir á stefnuskrá sinni að vinna að því, að hér geti komið upp ný atvinnugrein, sem sé framleiðsla loðdýra til skinnaútflutnings. Á síðustu árum hefir einmitt verið mikill áhugi á þessum hlutum hér á landi. Því verður ekki neitað, að það er aukin trygging í því fyrir afkomu landsmanna, ef þeir geta fjölgað þeim vörum, sem þeir framleiða í landinu, og yfirleitt snúið sér að fleiri atvinnugreinum en hingað til hefir verið gert. Almenningur allur mun ófróður um ræktun þessara dýra og því nauðsynlegt, að eitthvað sé gert til að leiðbeina mönnum í þeim efnum; ella er hætt við, að þeir, sem vildu taka slíkt upp, yrðu fyrir tjóni vegna þekkingarleysis á þessum hlutum, og er mjög líklegt, að stórfelld mistök yrðu hjá þeim vegna fáfræði í þessari grein. Félagið hefir nú sótt um 2 þús. kr. styrk og hyggst síðan að vinna að því að leiðbeina mönnum og hafa forgöngu í þessu máli. Það ætlar sér sérstaklega að gefa út leiðbeiningarit um ræktun loðdýra, og það er með sérstöku tilliti til þess, að það geti orðið almenningi til gagns og leiðbeiningar, að n. leggur til, að fél. verði veittar þessar 1000 kr.

Þá hefir n. flutt aðra brtt. við 16. gr., að til Skógræktarfél. Íslands gangi 5000 kr. af því fé, sem fara á til skógræktar. Eins og mönnum er kunnugt, var Skógræktarfél. Íslands stofnað fyrir einu ári á þúsund ára afmælishátíð Alþingis. Þetta fél. hefir sent ósk til þingsins um 20 þús. kr. til starfsemi sinnar. Þegar um skógrækt er að ræða, er það vitanlegt, að þar er mjög merkilgt og víðtækt verkefni, nægilegt handa mörgum kynslóðum og hlýtur að krefjast mikillar vinnu og mikils áhuga og þarf það því að hafa talsvert fé með höndum. Þess vegna hefir það nú sent Alþ. þessa fjárbeiðni. En ástæðurnar eru þannig nú, að n. hefir ekki séð fært að veita svo mikið fé sem skógræktarfél. hefir beðið um, en vill þó veita því nokkra úrlausn, sem á að sýna, að þessi félagsskapur er þó viðurkenndur af Alþ. Þess vegna vill n. ekki ganga fram

hjá þessum félagsskap eins og hann væri ekki til. Ég vænti þess, þó að þetta sé lítil upphæð, að hún veiti eitthvert lið til þess að hugsjón skógræktarfél. komist í framkvæmd, en hún er sú, að koma upp gróðrarstöðvum, þar sem aldar séu upp plöntur til gróðursetningar. Vitanlega þarf þá sérþekkingu á ýmsum hlutum, og verður að kosta talsverðu fé til að koma slíkum gróðrarstöðvum upp.

Þá er 7. brtt. n., og er hún um það, að niður falli liður, sem búinn er að standa í fjárl. í 20—30 ár, 6 þús. kr. framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands. Í nál. er tekið fram, hvers vegna n. leggur þetta til. Það er vegna þess, að hin upphaflegu lög um Fiskveiðasjóð Íslands voru felld úr gildi með lögum um Fiskveiðasjóðinn, sem voru samþ. á þingi 1930. Í þeim lögum eru tekjur sjóðsins ákveðnar á allt annan hátt en gert var í gömlu lögunum. Þess vegna viljum við fella þessa sérstöku fjárveitingu niður.

Þá hefir Dýraverndunarfélag Íslands sótt um hækkaðan styrk til starfsemi sinnar. N. leggur til, að styrkurinn verði hækkaður um 500 kr., svo að alls verði styrkurinn 1500 kr. Því verður ekki neitað, að starfsemi þessa fél. er góð. Félagið hefir gert mikið gagn og mun eflaust gera eftirleiðis. En til þess að geta breitt út starfsemi sína, þarf það að kosta meiru til en það hefir áður gert, þar sem það hefir aðallega búið um sig hér við bæinn. Fél. er í fjárþröng, og vill n. því sýna lit á því að styrkja það og væntir, að hv. d. vilji líka viðurkenna starfsemi þessa fél. með þessum hækkaða styrk.

Þá er hér nýr liður um styrk til mælinga á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Till. um þetta kom fram í Nd., en mun hafa fallið þar með jöfnum atkv. N. hefir tekið þetta mál upp vegna þess, að hún telur, að mikil nauðsyn sé til að halda þessum mælingum áfram. Að þessu verki hefir verið unnið nú undanfarin ár, og nú er því nærri því lokið. Þeir menn, sem hafa haft forustuna í framkvæmd þessa verks, hafa látið í ljós, að ef þessar 5 þús. kr. væru veittar til mælinganna, væri hægt að ljúka við þær. Þó kann að vera, að þá verði eftir að vinna eitthvað úr þeim rannsóknum heima fyrir, en ef til vill gæti Búnaðarfél. Íslands, ef nauðsyn bæri til, hjálpað til þess að það gæti komizt í verk.

Þá hefir n. lagt til, að aths. við 17. gr., fyrsta lið, falli niður. Ástæðan til þess byggist á því, að ef farið er að taka sérstaka sjúklinga inn á þá liði, er óhugsandi annað en að bæta alltaf þar við fleiri og fleiri nöfnum, því að það hlýtur að standa líkt á með marga sjúklinga og þennan eina, sem hér er um að ræða. Því verður annaðhvort að fella hann úr fjárlögunum eða að bæta öðrum við. Fyrir n. lá fyrir umsókn frá sjúkling, sem líkt er ástatt fyrir og þessum, og n. getur ekki komizt hjá því að taka hann inn, ef þessi verður ekki felldur burt. Það er ekki svo að skilja, að n. sé sérstaklega að vinna á móti þessum sjúkling, en hún vill vara við því fordæmi, sem með þessu yrði myndað. Þess vegna leggur hún til við hv. d., að þessi aths. verði felld niður.

11. brtt. n. er um það að taka inn á 18. gr. 2 prestsekkjur. Um þetta þarf ekki að ræða. Það hefir alltaf verið regla að veita ekkjum sæmdarpresta, eins og þessir prestar voru, nokkurn fjárstyrk. Mér finnst ekki þurfa hér að ræða um verðleikana. Þessar ekkjur eiga engan minni rétt en aðrar ekkjur til að komast inn á 18. gr.

Þá er síðasta brtt. n., og er hún um það, að niður falli tveir persónustyrkir. Það mun ef til vill vera alveg nýtt að koma með till. um að fella niður af 18. gr. menn, sem eru á lífi, en n. fannst standa sérstaklega á um þessa menn, sem hér er um að ræða. Ég skal taka það fram, að þeir voru báðir samþ. í Nd. nú og hafa ekki staðið í fjárlögum áður. Þetta eru tveir póstar, og ástæðan til þess, að n. leggur til, að þeir séu teknir út af 18. gr., er sú, að um þessar mundir, bæði að undanförnu og verður áfram, er verið að gera talsverðar breytingar á póstgöngum landsins. Það á að leggja niður ýmsar landpóstgöngur og ýmist flytja póstinn með bílum eða breyta póstgöngunum á annan hátt. Nú upp á síðkastið hafa þinginu borizt margar beiðnir um það að taka þessa pósta á eftirlaun. Þegar byrjað var á þessu, var það þannig, að þetta voru gamlir menn, sem búnir voru að vinna í mörg ár og höfðu verið í vetrarferðum um þvert og endilangt landið og voru

búnir að eiga í mjög miklum erfiðleikum á ferðum yfir fjöll og firnindi og illfærar ár. Það er því ekkert undarlegt, þó að þessum uppgefnu mönnum séu veitt eftirlaun, en það er allt öðru máli að gegna um menn, sem hafa ekki verið nema stuttan tíma í þessum ferðum og aðallega innan héraðs, kannske ekki lengra en hálfa dagleið eða eina dagleið og e. t. v. aldrei farið þær leiðir, sem teljast mega erfiðar eða hættulegar. Það verður þess vegna að gæta að því, að ef á að taka hvern einasta póst á eftirlaun, jafnvel þó að störf hans hafi ekki verið nema smávægileg aukastörf, þá verða nokkuð margir teknir á eftirlaun, þar sem verið er að breyta til um póstferðir. N. vill því sýna afstöðu sína með því að telja ekki rétt að taka inn á 18. gr. aðra pósta en þá, sem eru fyrst og fremst búnir að vinna lengi og hafa einnig átt við sérstaka örðugleika að stríða á ferðum sínum, bæði fjallvegi og illfær vatnsföll. Þetta verður vitanlega að koma undir álit hv. d., en ég vil taka það fram, að ef þessi till. verður felld, þá kemst n. ekki hjá því að flytja till. um að taka fleiri pósta inn í fjárl. en nú eru þar, því að nú liggur fyrir n. beiðni frá að minnsta kosti einum pósti, sem hefir ekki komizt inn ennþá.

Ég hefi svo ekki fleira að segja um þetta að sinni. Brtt. þær, sem fram hafa komið frá einstökum þdm., tala ég ekki um að svo komnu, ekki fyrr en þeir hafa skýrt þær, en þá mun ég skýra frá afstöðu n. til þeirra hverrar fyrir sig.

Páll Hermannsson: Ég á hér aðeins eina brtt. og vil nú skýra hana með örfáum orðum.

Á þingi 1929 var ákveðið hér í þessari hv. d., að greiða skyldi Einari Jónssyni prófasti á Hofi í Vopnafirði full laun úr ríkissjóði, þegar hann léti af prestsskap. Séra Einar Jónsson hafði verið þjónandi prestur í 50 ár og prófastur í 35 ár. Þegar þessi till. var borin fram í þessari hv. d., var gengið út frá því af flm. till., að ríkið viðurkenndi óvanalega dygga þjónustu þessa ágæta manns með þessum sérstaka heiðri. Við meðferð málsins í d. breyttist þetta þannig, að d. gekk að vísu inn á það, að séra Einar skyldi fá full laun, en þó með því skilyrði, að merkilegt bókmenntalegt verk, sem eftir hann liggur, skyldi verða eign Landsbókasafnsins að honum látnum. Þetta er ættfræðilegt handrit, „Ættir Austfirðinga“, og er af þeim, sem einkum bera skyn á slíka hluti, talið afbragðsverk og stórvirki.

Við meðferð þessa máls á þingi 1929 var bent á það, að þar sem séra Einar væri aldurhniginn, þá væru líkur til þess, að Landsbókasafnið eignaðist þetta handrit við lágu verði. Þannig hefir það líka reynzt, því að séra Einar er nú andaður, svo sem hv. þdm. er kunnugt.

Hann lézt 24. f. m. eftir að hafa notið þessara kjara frá ríkissjóði í 1 ár og 10 mán. Þegar á það er litið, að þetta er prestur, sem hafði þjónað í 50 ár og átti því rétt til hárra eftirlauna, er auðséð, að ríkið hefir sama og ekkert af hendi látið fyrir þetta ritverk.

Fjvn. hefir því lagt til á þskj. 283, að ekkju séra Einars séu ætluð sérstök eftirlaun, að upphæð 402 kr. En ég var þessu ekki sammála og hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 297, XXXVI, þess efnis, að þessi liður færist undir þann lið 18. gr., sem fjallar um ekkjur og börn skálda og rithöfunda, og hækki upp í 800 kr. Ég óska ekki eftir sérstökum eftirlaunum handa þessari ekkju. Hún á að njóta um 300 kr. í eftirlaun. Hún hefir líka nokkurn ekkjustyrk, sem maður hennar hafði keypt henni. Auk þess á hún að fólk, sem lætur henni líða vel. En ég fer fram á, að landið endurgreiði henni eitthvað af því, sem maður hennar á hjá ríkinu.

Ég ætla ekki að gefa lýsingu á ritinu, aðeins geta þess, að það er stórt og vel frá því gengið, það eru 6 þykk bindi og af kunnáttumönnum í þeirri fræðigrein talið dýrgripur. Auk þess er mikið handritasafn í eigu dánarbúsins í sambandi við þetta rit, og er meiningin, að safnið eignist það líka. Þessi upphæð er svo lág og sanngjörn, að ég trúi því ekki að óreyndu, að hér verði nokkur mótatkvæði. Ég fel hv. d. þessa till. í trausti þess, að hún sjái, að hér er ekki um betl að ræða, heldur er farið fram á, að þingið ræki skyldu, sem því ber af höndum að inna.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég á nokkrar brtt. á þskj. 297, sem ég vil fara um nokkrum orðum.

Fyrst vil ég minnast á brtt. undir lið XXI, um að veita bókasafninu í Hafnarfirði 2500 kr. styrk. Bókasafn Hafnarfjarðar, sem var stofnað 1922, á nú 1½ þús. bindi í safni sínu. Til þessa tíma hefir það verið svo, að það hefir einungis hlotið þann styrk, sem bókasöfn kaupstaða hafa fengið, 250 kr. En þegar þess er gætt, að safnið er svona stórt og bærinn er orðinn jafnstór þeim bæjum, sem hafa aukafjárveitingu til bókasafna sinna, þá getur það ekki dulizt, hvað upphæð þessi er lítilfjörleg.

Það er ætlazt til þess, ef þessi styrkur fæst, að haldið verði opinni lesstofu fyrir Hafnfirðinga, og vona ég, að öllum hv. þdm. sé ljóst, hve mikill ávinningur það er, bæði til aukins fróðleiks og til að halda unglingum frá óhollu götulífi.

Ég býst við, að hv. þdm. sjái, hvílík nauðsyn þetta er. En bókasafnið er ekki fært um að gera þetta upp á sitt eindæmi, og fer því fram á að fá þessa viðbót. Það er einungis ætlað til þess manns, sem þarf að vera á stofunni, því að bærinn leggur til húsnæði, ljós og hita.

Með hv. 2. landsk. hefi ég einnig borið fram undir lið II, á sama þskj., till., þar sem farið er fram á hærri upphæð í þessu augnamiði, 3000 kr., sömu upphæð og veitt er til bókasafnanna á Ísafirði og Akureyri. Þetta er sú upphæð, sem bæjarstjórinn í Hafnarfirði hefir farið fram á. En verði hún samþ., dreg ég hina till. til baka.

Þá á ég aðra till., undir lið XXXIII, með hv. 1. þm. Reykv., þess efnis, að í stað 8000 kr. til Stórstúkunnar komi 10000 kr. Við ætlumst til, að þessi styrkur verði ekki lækkaður frá því sem hann var 1931 og þá var hann 10000 kr. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það mál. Stórstúkan hefir sent hverjum einstökum þdm. bréf um það, hvað hún ætlast fyrir. Ætlun hennar er að auka bindindisfræðsluna í landinu og þarf hún þá að auka blaðakost sinn. Ég vona, að hv. þdm. sjái ekki fært að draga úr styrknum, þegar starfið eykst, og ég vona, að þeim blandist ekki heldur hugur um nauðsyn þess starfs, sem reglan rækir.

Þá á ég 2 aðrar brtt., undir lið III. og XIV., og eru þær báðar fluttar að tilmælum læknadeildar háskólans. Brtt. undir lið III fer ekki fram á nein aukin fjárframlög, heldur aðeins, að styrkur sá, sem veittur hefir verið til háskólans til kennslu í augnlækningum, sé bundinn við nafn Kjartans Ólafssonar. Vil ég fara nokkrum orðum um þá till.

Í reglugerð háskólans er fyrirskipað, að kennd skuli augnlækningafræði, og var Kjartan Ólafsson ráðinn til starfans eftir lát Andrésar Fjeldsteds og hefir hann haft hann síðan. En í sept. 1930 var honum sagt upp fyrirvaralaust, og það látið fylgja, að hann vanrækti sjúklinga sína og læknisverk. Nú er það svo, að þessi læknir er að áliti læknadeildarinnar sá eini, sem hefir þau skilyrði til að bera að geta tekið að sér þessa kennslu, enda mælti læknadeildin með honum í fyrstu og hefir ekki fundið neina ástæðu til þess að honum yrði sagt upp. Hann hefir aldrei vanrækt kennslustundir, en haft hylli nemenda sinna og nemendur hafa verið ánægðir með kennslu hans.

Þegar þetta bréf dómsmrh. kom til deildarinnar, mæltist deildin til þess við lækninn, að hann héldi áfram að kenna, meðan samið yrði og gerði hann það.

En lagfæring hefir ekki fengist á þessu og læknirinn hefir ekki fengið laun sín, þrátt fyrir það, þótt hann hafi haft kennsluna á hendi. Þess munu hvergi þekkjast dæmi nema hér, að háskóli fái ekki að ráða, hver hefir kennsluna á hendi í þeirri grein, sem háskólinn hefir til meðferðar. Hér er farið fram á, að ákveðið sé, að þessi læknir skuli hafa kennsluna á hendi á sama hátt og Ólafur Þorsteinsson í háls- og nefsjúkdómum og Vilhelm Bernhöft í tannlækningum.

Hin brtt. er undir XIV. lið. Það er nýr liður og er um kennslu í geðsjúkdómum. Fyrir nokkrum árum var því þannig farið, að Þórður Sveinsson læknir hafði þessa kennslu á hendi, en vegna heilsubrests varð hann að segja starfanum lausum. Þegar nýi Kleppur tók til starfa, átti form. læknafél. tal við dómsmrh. um það, hvort ekki væri hægt að setja í erindisbréf hins nýja læknis, að hann hefði þessa kennslu á hendi. En þetta gleymdist, og þegar læknaskiptin urðu, gleymd-

ist þetta líka og engin kennsla fór fram í þessari grein.

Allir hv. þdm. sjá, hvílík þörf er á kennslu í þessum sjúkdómi ekki síður en öðrum, þótt ekki væri til annars en að héraðslæknar gætu gefið vottorð um sálarástand þessa og hins. Og á það ber einnig að líta, að það er þannig um geðsjúkdóma, að það er ekki sama, hvaða tökum þeir eru teknir í upphafi. Mistök í byrjun getur orðið þess valdandi, að sjúklingurinn ráfi upp frá því í myrkri vitfirringarinnar. Um leið og farið er fram á þessa fjárveitingu, vil ég því benda hv. þdm. á það, að með því að samþ. hana, geta þeir stuðlað að því, að þeir vesalingar verði færri, sem verða ofurseldir þessum sjúkdómi. Ég vona því fastlega, að þessi till. fái góðar undirtektir og nái samþykki.

Fleiri brtt. á ég ekki, þær hafa það sér til ágætis, að þær eru ekki háar og horfa til almenningsheilla. Vænti ég því góðra undirtekta.

Jón Jónsson: Ég á 2 brtt. á þskj. 297, sem ég vil fara um nokkrum orðum. Önnur brtt. er undir lið VI, og flyt ég hana með hv. 2. þm. Eyf. Er hún um það, að inn í 13. gr. komi nýr liður, um fjárframlög til Breiðadalsheiðarvegar.

Þegar litið er á fjárl., kemur það í ljós, að Vestfirðir eru mjög afskiptir, því að þangað er ekki einn eyrir ætlaður til þjóðvega, en í flest önnur héruð er eitthvað lagt, meira eða minna. Það er að vísu lítið á Austfjörðum, en n. hefir tekið þar einn lið í viðbót.

Það má e. t. v. segja, að Vestfirðir hafi dálítið aðra aðstöðu en Austfirðir, þar sem samgöngur og flutningar fara þar meira fram á sjó. En þar er einnig mikil vegaþörf, og má þar einkum til nefna kaflann milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar. Ísafjörður hefir lítið uppland, en fyrir botni Önundarfjarðar eru beztu ræktunarskilyrði. Á milli þessara staða er vegarkafli að nokkru bílfær, frá Ísafirði og töluvert upp á Breiðadalsheiði, og líka upp frá Önundarfirði. En þar á milli er kafli 4—5 km. að lengd, sem er alveg ófær vögnum. Nú er áhugi mikill um að fá þennan kafla bílfæran, en hann liggur hátt og er töluvert mikið undir fönn. Þetta vegarstæði hefir oft verið athugað af vegamálastjóra, og hann telur því ekkert til fyrirstöðu að gera þarna vagnfært. Að vísu telur hann, að það verði nokkuð dýrt, 50—60 þús. kr. Það er því ekki ósanngjarnt, að á því sé byrjað að leggja til, að veittar séu 10 þús. kr. Ef þetta tækist, eru tengdir saman fleiri vegir. Frá Ísafirði er kominn vegur til Hnífsdals og frá Önundarfirði til Flateyrar, og síðan bráðum til Dýrafjarðar. Ég vona því, að hv. d. sjái alla sanngirni mæla með þessu og samþ. þessa brtt.

Ég á aðra brtt. undir XXIV. lið. Ég ætla að biðja afsökunar á því, að ég flyt svona till., því að ég er yfirleitt andstæður því að veita fé til einstakra manna. Það er meiri ánægja að flytja brtt., sem snerta verklegar framkvæmdir. En ég tel það rétt, að efnilegir menn séu styrktir, ef þeir hafa hæfileika, þótt við þm. séum e. t. v. ekki hæfir til að dæma um það. Þessi piltur er af fátækum kominn, en hefir brotizt áfram af miklum dugnaði. Hann byrjaði að læra hjá Ásgrími Jónssyni málara og var hjá honum í 3 vetur. Hann sýndi muni eftir sig á sýningu Listvinafél. 1925, sem vöktu mikla eftirtekt. Frá Ásgrími fór hann á listaháskólann í Oslo og hefir verið þar síðan við nám. Nú hefir hann átt mjög erfitt uppdráttar með þetta, og þar að auki er honum þörf, að dómi kennara sinna, að fara til Parísar, því þar er sjálfsagt miðstöð lista í Evrópu. Ég vona þess vegna, að d. sjái sér fært að verða við beiðni þessa unga efnilega manns, en ég skal þó til skýringar leyfa mér að lesa upp nokkur ummæli manna um þennan pilt, því d. getur náttúrlega ekki lagt mikið upp úr því, sem ég segi. Fyrst frá Ásgrími málara. Hann segir svo: „Þorvaldur Skúlason málari, sem er á listaháskólanum í Osló að læra að mála, sækir um styrk til að geta haldið áfram námi í vetur. Hann er mjög efnilegur málari og ég tel hann einna efnilegastan af ungum málurum og vænti þess, að hann fái styrk". Jón Stefánsson segir svo: „Ég hefi fylgzt með vinnu hans og námi í 3 ár; hann er iðinn og reglusamur, sérstaklega mikill hagleiksmaður og efnilegastur ungra málara, sem ég þekki". Kristín

Jónsdóttir segir: „Kornungur og áður en hann naut nokkurrar leiðbeiningar sýndi hann, að hann hafði glöggt auga fyrir aðalatriðum málaralistarinnar". Prófessor við listaháskólann í Osló segir svo: „Um Þorvald Skúlason, sem hefir verið lærisveinn minn á 2 ár, þori ég að fullyrða, að hann er efnilegastur listmálari af þeim 20 lærisveinum, sem eru í bekknum. Auk þess hefir hann sýnt frábæran áhuga á sínu starfi".

Ég vona, að þessi ummæli fagmanna á þessu sviði nægi dm. til þess að sannfærast um það, að hér er ekki um óverðugan mann að ræða. Ég vil að lokum geta þess, að hér liggja líka fyrir meðmæli frá menntamálaráðinu um að veita þessum manni styrk. Ég vona þess vegna, að öllu athuguðu, að hv. d. geti séð sér fært að samþ. þessa litlu fjárveitingu, sem verður vitanlega í eitt skipti fyrir öll, til þessa efnilega unga manns.

Magnús Torfason: Ég á hérna eina brtt. á þskj. 297, þess efnis, að Guðmundi Jónssyni frá Stokkseyri verði veittar 1000 kr. til að ljúka vélfræðinámi í Þýzkalandi. Þessi maður sigldi fyrir 2 árum til þess að kynna sér vélar, sérstaklega dieselvélar. Það þótti mikil þörf á því, því kunnáttu í þeim efnum hefir verið talsvert ábótavant. Hann gekk í skóla og var á verkstæðum og stundaði nám sitt vel, svo vel, að yfirmenn hans og kennarar hvöttu hann til að ná fullkomnari fræðslu í þessu efni. Sú fræðsla er talsvert dýr. Og þar sem pilturinn er bláfátækur, getur hann ekki klofið fram úr þessu, nema hann fái nokkurn styrk. Þetta er mjög efnilegur maður og mjög áhugasamur um starf sitt. Hann er sonur Jóns Sturlaugssonar á Stokkseyri, þess manns, sem sennilega hefir bjargað flestum mannslífum hér á landi, enda hefir hann fengið ýmsar viðurkenningar fyrir það, t. d. var hann gerður riddari af fálkaorðunni. Þessi maður á mörg börn, sem hann hefir reynt að kosta til náms af litlum efnum, því eins og menn vita, hefir vélbátaútvegurinn ekki borgað sig vel þar seinni árin. En það, sem gerir, að hann getur ekki styrkt son sinn til þessa, er, að það hafa verið mikil veikindi á heimili hans. Það er fyrir þessar sakir, sem ég lofaði að bera fram þessa till. Ég er ekki í neinum vafa um það, að sjávarútvegurinn muni uppskera margfalt fyrir þennan litla styrk, og vonast ég því til, að d. vilji ljá þessari till. lið sitt.

Þá skal ég aðeins minnast á brtt. á þskj. 313 við brtt. um nýjan lið viðvíkjandi barnaheimilinu Sólheimum. Um það eru 2 till., 10 þús. kr. og 8 þús. kr. Ég kom með till. um 5 þús. kr. og ber að skoða hana sem bjargráð í sjávarháska. Að öðru leyti finn ég ekki ástæðu til að tala um þetta mál, því ég veit, að hv. flm. muni gera það svo vel, að míns stuðnings muni ekki við þurfa.

Jakob Möller: Ég á hér fáeinar brtt. á þskj. 297, sem ég vildi gera lítilsháttar grein fyrir. En ég held ég verði þó fyrst að minnast á till. fjvn. á þskj. 283 um styrk til Elínar Sigurðardóttur. Ég vildi aðeins vekja athygli hv. dm. á því, að þessi sjúkrastyrkur til hennar er búinn að standa í fjárl. í mörg ár, og hann er inn kominn af nokkuð sérstökum ástæðum, fyrst og fremst af þeim ástæðum, að heilsufari þessa sjúklings er þannig háttað, að hann fellur ekki undir berklavarnalögin, eða svo var það, þegar styrkurinn upphaflega komst inn. (**JónJ:** Hann hefir ekki verið í fjárl. undanfarið). Jæja, þá hefir hann verið felldur úr fjárl. meðan ég var í burtu frá þingi. En upphaflega var það ég, sem bar fram till. um þennan styrk; ég man ekki á hvaða þingi það var, en meðfram var það með tilliti til þess, að þessi kona hafði verið opinber starfsmaður, hafði bæði verið við kennslu og póstafgreiðslustörf norður í landi, og með tilliti til þess og heilsufars hennar var henni veittur þessi sérstaki styrkur. Þess vegna finnst mér illa farið, ef þessi styrkur verður af henni tekinn, og ég veit satt að segja ekki, hvað um hana kann að verða, ef hún missir hann. En vitanlega á hún ekki síður skilið að fá hjálp en aðrir berklasjúklingar, því hún er algerlega ófær til allra vinnu. Ég vildi því mælast til, að þessi till. fjvn. verði felld.

Brtt. mín á þskj. 297, XV, er um styrk til Stúdentaráðs háskólans, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu. Það var einmitt nú verið að útbýta meðal þm.

skýrslu frá stúdentaráðinu um starf skrifstofunnar, sem hefir verið rekin í 10—11 ár.

Starf hennar hefir verið mjög merkilegt og verður vafalaust talið þýðingarmikið í menningarsögu landsins. Það vita nú allir dm., að hverju þetta starf beinist, að leiðbeina ísl. stúdentum, hvernig þeir eigi að haga námi sínu erlendis aðallega, með því að afla skýrslna um kennslu og kennslutilhögun í ýmsum skólum víða um lönd. Þannig hefir starf skrifstofunnar beinzt að því að hvetja stúdenta til þess að fara sem víðast og afla sér sem margbreytilegastrar menntunar, í stað þess að áður var siður að leita aðeins til eins lands. Nú eru ísl. stúdentar við nám í háskólum í mörgum löndum, og það er auðsýnt, hversu miklu affarasælla það er fyrir þjóðina í heild, að menntamenn hennar leiti sér menntunar víðar en í einu landi. Hvaða þýðingu þetta hefir fyrir hina einstöku menn, sem nota sér þessa aðstöðu, er auðséð, því að stúdentar, sem koma beint af skólabekknum, vita lítið, hvað þeir eiga fyrir sig að leggja, og til þess að leiðbeina þeim er upplýsingaskrifstofan. Ég tel tvímælalaust, að þessum litla styrk sé svo vel varið, að fáar upphæðir í fjárl. muni gefast eins vel og slíkur styrkur til Stúdentaráðs háskólans. Þörfin fyrir þessa leiðbeiningarstarfsemi verður meiri eftir því sem árin líða og stúdentum fjölgar. Það varðar miklu fyrir þjóðina, að þeim sé beint á sem fjölbreyttastar leiðir í námi sínu, ekki aðeins vegna þeirra sjálfra, heldur og vegna þjóðarinnar í heild sinni. En kostnaður er talsverður við þessa starfsemi, því að til þess að geta rækt hana, þarf skrifstofan að afla sér þeirra upplýsinga, sem hún á að miðla öðrum með því að afla sér leiðbeiningabóka, sem hún getur fengið víðsvegar að, um kennslu og kennslugreinar við ýmsa háskóla. Fer mikið til þess, auk þess sem þarf til starfrækslu skrifstofunnar. Ég vænti því, að hv. þdm. geti fallizt á að samþ. þennan litla styrk.

Þá eru undir XVII. lið till. um styrk handa þremur námsmönnum. Fyrst er það Valgarður Thoroddsen, sem les rafmagnsfræði í Þýzkalandi og er að ljúka námi. Hann hefir notið styrks í fjárl. til þessa náms og á aðeins 1 ár eftir, og er það sanngirnismál, að honum sé hjálpað til þess að ljúka því, en ekki lagður steinn í götu hans, þegar hann er rétt að enda við nám sitt. Það er vitanlegt, að hér mun verða þörf fyrir góða rafmagnsfræðinga í framtíðinni, eftir því sem meira er gert að því að framleiða rafmagn.

Annar styrkurinn er til Jóns Gizurarsonar, sem leggur fyrir sig verzlunarfræði við þýzkan háskóla. Það er kunnugt, að hér er mikil vöntun á vel menntuðum verzlunarfræðingum. Þá er þess líka að geta, að það er mjög ráðgert að stofna hér við háskólann til kennslu í ýmsum praktiskum greinum, og kemur þá sjálfsagt einna fyrst á blað kennsla í verzlunarfræði. Og það er auðsætt, hve mikla praktiska þýðingu það hefði fyrir landið að geta veitt slíka kennslu innanlands, í stað þess að senda menn, sem þurfa að læra það, á námsskeið erlendis, sem mismunandi gefast, auk þess, sem það er til að flytja fé út úr landinu. Ennfremur yrði það vafalaust til að auka almenna menntun meðal verzlunarmanna í þessari starfsgrein þeirra og efla þannig veg og gengi ísl. verzlunar.

Þá kem ég að þriðja styrknum undir þessum sama rómv. lið. Það hefir orðið það slys með till., að nafn styrkþegans er rangt. Hún heitir Ingveldur, en ekki Sigríður, eins og hér stendur. Hún stundaði verzlunarnám hér heima í verzlunarskólanum og réðist svo í að fara utan til að fullkomna sig í þessum fræðum. Það mætti segja, að það væri hættulegt fordæmi að veita styrk til almenns verzlunarnám erlendis. En hér stendur alveg sérstaklega á. Það mætti skoða styrkinn ekki síður sem verðlaun til foreldra hennar, sem eiga 14 börn og eru að koma upp þessum börnum hjálparlaust, án nokkurs styrks frá öðrum. Það er ekki svo venjulegt, að foreldrar eigi svona mörg börn, og það fer ekki illa á því, að slíku sé nokkur sómi sýndur, eins og hér mætti gera. Stúlkan leggur fram með beiðni sinni vottorð um nám sitt hér og meðmæli frá kennurum um það, að hún sé alls góðs makleg í þessu efni.

Þá flyt ég þrjár till. undir XXII. lið, og er sú fyrsta um það, að aths., sem bætt

var inn í við styrkinn til Leikfélagsins, að það skuli skilyrði fyrir styrknum, að fél. lofi að útvarpa síðustu sýningu hvers leiks, falli niður. Hv. dm. hafa vafalaust fengið erindi frá Leikfélaginu, sem að þessu lýtur, og hafa séð, hvaða annmörkum það er háð að leggja félaginu slíka skyldu á herðar, því það er miklum örðugleikum bundið að framkvæma þetta útvarp, svo nokkur mynd sé á. Ég skil ekki aths. svo, að til þess sé ætlazt, að fél. láti útvarpa síðustu sýningu annarsstaðar að en af leiksviðinu, ekki eins og útvarpað er frá útvarpsstöðinni, því það yrði náttúrlega ákaflega kostnaðarsamt fyrir Leikfél. En það verður ekki heldur lagður sá skilningur í aths., því það er aðeins talað um leyfi til að útvarpa síðustu sýningunni, og hún fer auðvitað fram á leiksviðinu. En á þessu eru miklir annmarkar, leikurinn getur ekki notið sín í útvarpi, svo að áheyrendur hafi af því full not, bæði af hávaða í leikhúsinu, auk þess, sem vafasamt er, hvað mikið er í það varið fyrir hlustendur að heyra útvarpað sjónleikum, því leikar njóta sín fyrst og fremst vegna meðferðar leikaranna á hlutverkinu, sem hlustendur hafa ekki gagn af; þeir heyra bara orðin. En ef d. hinsvegar vildi ekki fallast á að sleppa þessu, þá fyndist mér rétt að hækka styrkinn til fél. og láta útvarpa frá útvarpsstöðinni, þar sem það gæti orðið eins fullkomið og kostur er á.

Þá er önnur till. um styrk til tónlistarskólans. Það lá fyrir erindi frá skólanum í fjvn., en menn hafa ekki getað fallizt á að verða við þeim tilmælum hans um fjárframlag. Tónlistarskólinn er ný stofnun og hann byrjaði algerlega styrktarlaus af opinberu fé, en hefir fengið styrk hjá einstökum mönnum. Slíkur skóli er landsskóli auðvitað; þar eiga aðgang allir landsmenn, þó hann sé hér í Rvík. Hér á landi eru margir, sem eru sönghneigðir og langar til að læra eitthvað í þeim efnum, og tónlistarskólinn er hentugur til þess, að menn geti fengið slíka kennslu þar. Bæði er sennilegt, að það yrði ódýrara og betra heldur en að menn séu að reyna að afla sér slíkrar kennslu á snöpum hjá hinum og þessum, svo að misjafnlega tekst til um val. En auk þess er það, að meðan hér er enginn tónlistarskóli, hlýtur það að vera svo, að þeir, sem vilja læra eitthvað verulegt í þessum efnum, verða að fara til annara landa til að fá þá kennslu, og því fylgja fjárútlát út úr landinu, sem óþarfi væri, og hefir þess oft og einatt orðið vart í sambandi við fjárl., að sótt er um slíka styrki til náms erlendis, og slíkir styrkir hafa oft verið veittir. En það gæti líka minnkað, og það er ekki ríkissjóður einn, sem sparaði á því, að slíkri stofnun væri komið upp, heldur líka landið í heild. Það er líka kunnugt, að landsmenn hafa borgað talsvert mikið fé fyrir aðfengna hljómlist. Á veitingahúsum hér eru útlendar hljómsveitir; þær senda kaup sitt mánaðarlega til útlanda. Þetta verk gætu leyst af hendi innlendir menn, sem ekki sendu kaup sitt út úr landinu. Það væri auðsær þjóðarsparnaður, ef þessu væri þannig komið fyrir. Þá þyrfti ekki heldur að leigja hljómsveitir frá öðrum löndum við hátíðleg tækifæri og borga mörg þús. kr. fyrir, eins og t. d. kom fyrir í sambandi við alþingishátíðina síðastl. ár. Auk þess bætist við meginatriði þessa máls, hve mikið menningar- og metnaðaratriði það ætti að vera okkur að eiga slíka stofnun.

Það var upphaflega farið fram á 5000 kr. styrk til þessa skóla. Ég hefi ekki þorað að taka upp meira en 3000 kr. Hinsvegar get ég getið þess, að af hálfu skólans hefir verið leitað til bæjarstjórnarinnar í Rvík um styrk til skólahaldsins. Út styrkveitingu hefir þó ekki orðið enn úr þeirri átt, meðfram af þeirri ástæðu, að svo hefir verið litið á, að ríkissjóður ætti að ganga á undan, þetta væri fyrst og fremst landsins mál, þótt það sé auðvitað líka mál bæjarins. Ég tel engan vafa á því, að þegar skólinn kemst á fastari legg og fær þenna styrk úr ríkissjóði, fær hann einnig stuðning frá bæjarsjóði, enda þarf hann að fá meira en þessar 3000 kr. til þess að geta starfað.

Þá er síðasta brtt. mín, á sama þskj., XXII, 3, styrkur til Péturs Á. Jónssonar óperusöngvara, 5000 kr. Það er auðvitað dálítið óvanaleg málaleitun að fara fram á styrk handa slíkum manni, sem ekki er neinn námsmaður í sinni grein, heldur gamall og þekktur listamaður. En það er svo ástatt um Pétur Jónsson, að hann hefir orðið fyrir óheppni í starfsemi

sinni. Hann var búinn að vera mikilsmetinn söngleikari í Bremen, en réðst í að flytjast til Berlínar, í von um að fá þar glæsilegri framtíðarmöguleika. En svo verður mikil breyting í Þýzkalandi, fjárhagsörðugleikar gífurlegir, og þrengir svo að almenningi, að mjög dregur úr atvinnumöguleikum þessara listamanna. Hann var þar óráðinn, og niðurstaðan hefir orðið sú, að hann hefir verið þar mikið til atvinnulaus síðan hann fluttist þangað, sérstaklega vegna þess, að hann er útlendingur, og í Þýzkalandi er mjög hlynnt að innlendum mönnum, eins og vera ber, bæði í þessu starfi og öðrum.

Hinsvegar má á það minna, að Pétur Jónsson fékk sem námsmaður aldrei neinn styrk frá ríkissjóði, eins og verið hefir um flesta eftirmenn hans á þessari braut, því að flestir hafa þeir hlotið einhvern stuðning til þess að fullnuma sig. En Pétur brauzt áfram upp á eigin spýtur. Hann var hér brautryðjandi; hann mun hafa verið sá fyrsti af ísl. söngvurum, sem farið hefir til útlanda og vakið eftirtekt á landinu og unnið því gagn og sóma. Þess vegna er farið fram á, að þessi styrkur sé veittur honum sem viðurkenning fyrir hans glæsilega söngvarastarf á undanförnum árum, en ekki ætlazt til þess, að það verði framhaldandi styrkur.

Jón Baldvinsson: Fjvn. þessarar d. hefir verið í fljótara lagi með fjárl., og er vonandi, að hún hafi unnið verk sitt bæði fljótt og vel, þótt afraksturinn sé ekki mikill, enda getur verið, að sumum þyki Nd. hafa gengið svo vel frá fjárl., að ekki sé ástæða til mikilla breyt. En mér finnst vera svo lítið af brtt., sem fjvn. gerir við fjárl., að hún hefði eins getað látið samþ. þau óbreytt, nema eftir sé meira, sem á að koma við 3. umr., eins og oft vill verða.

Flestar till. n. eru lítilfjörlegar og ómerkilegar; sumt eru lítilsháttar hreyfingar, breytingar og leiðréttingar, og segir meiri hl. n., að það sé ískyggilegt að hreyfa mikið við fjárl. vegna erfiðs ástands, sölutregðu og lækkaðs verðs á afurðum landsmanna. Það er rétt, að ástandið er erfitt, en það getur vel verið, að vegna þess sé einmitt ekki ástæða til þess að draga úr opinberum framkvæmdum. Ég hefi einmitt þá skoðun, að þá eigi ríkissjóður að láta sig varða verklegar framkvæmdir og halda þeim áfram, en auka ekki á kreppuna með því að draga saman seglin eins og atvinnurekendur gera. Nú er ekki nóg með það, að framkvæmdir séu áætlaðar miklu minni heldur en undanfarin ár, heldur er beinlínis ýtt undir stj. að ganga enn lengra í þessa átt, með þeirri heimild, sem Nd. setti inn í fjárlögin, að stj. megi draga úr fjárveitingum til framkvæmda sem svarar ¼ af því, sem fjárl. gera ráð fyrir. Á þetta er ekki minnzt í nál., og ég hefi ekki orðið var við, að þeir, sem þegar hafa talað um fjárl., hafi gert neinar aths. við þetta, og þá geri ég ráð fyrir, að báðir stærri flokkarnir séu sammála um að afgr. þau með þeirri heimild, sem er í 25. gr. handa stj. til þess að lækka framkvæmdir og útborganir samkv. fjárl., eftir því sem stj. þykir við eiga.

Ég vil láta það strax koma fram, að ég álít ekki rétt að láta slíkt ákvæði standa í fjárl., og af því að greinar þeirra verða bornar upp hver fyrir sig, kemur þessi gr. sérstaklega til atkv., og ég mun greiða atkv. á móti henni. Ég vil tilkynna þetta nú þegar, svo að það geti verið leiðbeining fyrir hv. sjálfstæðismenn til þess að gera sér einhvern mat úr því í samningum við Framsókn, að ég sé á móti greininni, og þeir geti því ráðið, hvort hún verður samþ. (**PM:** Sumir hafa samið oftar við Framsókn en sjálfstæðismenn!). — Ef sumir væru við suma eins og sumir eru við suma, þá væru sumir betri við suma en sumir eru við suma.

Þetta fjárlagafrv., sem ég ætla ekki frekar að gera að umræðuefni að þessu sinni, er ekki byggt upp með það fyrir augum, að hið opinbera eigi að verða til styrktar landsmönnum í þeirri kreppu, sem nú stendur yfir. Ekki verður heldur séð af undirtektum meiri hl. þingsins, að hann ætli að gera svo stórfelldar ráðstafanir sem ástæða væri til, undir því ástandi, sem nú er, og öllum kemur saman um, að sé mjög ískyggilegt; samt hefir enginn tekið sér fyllra í munn en núv. stjórnarform., sem sagði, að þetta væri hættulegasta og alvarlegasta krepp-

an, sem komið hefir yfir landið á þessari öld. Oft hefir þó áður verið erfitt ástand, t. d. 1921—1924, og ég er ekki frá því, að það sé rétt, að ástandið sé nú enn erfiðara, einkum af því, að ástandið úti um heim er einnig svo afarerfitt, og það lítur ekki út fyrir, að úr því rætist fyrst um sinn. —

Ég hefi nú verið svo djarfur að bera fram nokkuð margar brtt. á þskj. 297, og þar með gert mig sekan um það, sem framsóknarmenn hafa fundið mér til foráttu hér í d., að ég eyddi pappír og tíma þingsins til þess að ræða um þingmál. Ég álít samt, að ég eigi ekki að draga neitt úr því að flytja þær till., sem ég tel, að þurfi að koma til framkvæmda, og getur vel verið, að ég komi með fleiri till. við 3. umr., auk þessara, ef einhverjar þeirra verða felldar.

Fyrsta till., sem ég flyt, er ráðstöfun vegna kreppunnar, og það er till., sem stj. og flokki hennar og yfirleitt þm. í d. ætti að vera ljúft að samþ., því að það sparar útgjöld úr ríkissjóði. Það er um að taka dýrtíðaruppbótina af kónginum. Þetta er reyndar ekki beinlínis dýrtíðaruppbót, heldur gengismunur. Honum er greitt fé sem íslenzkum konungi, og það er ákveðið 60 þús. í ísl. kr. En af því að hann situr í Danmörku, hafa stj. velflestar tekið þann sið upp hjá sjálfum sér að greiða honum 60 þús. kr. danskar, og er það líklega af því að kóngur viðurkennir ekki nema danska peninga, þekkir ekki þá íslenzku. En ég álít, að hann eigi bara að fá sína borgun eins og lög mæla fyrir, í ísl. kr. Þessi uppbót, sem kóngurinn fær, er þvert á móti þeirri stefnu, sem annars virðist ríkjandi í fjárl. hjá hinum ráðandi meiri hl., að draga úr útgjöldum, þar sem það er hægt. Það er fullkomlega staðið við loforð um að greiða honum þau 60 þús., sem lög gera ráð fyrir. Þegar þingið þykist ekki hafa ráð á því að auka eða halda við þeim framkvæmdum, sem koma landsins börnum að gagni, ætti það ekki eða vera óþarflega „flott“ á launagreiðslur handa kónginum, meira en lög landsins standa til.

Ég geri ráð fyrir, eftir þeirri stefnu, sem kemur fram í fjárl., að framsóknarmenn muni samþ. þetta. Um Sjálfstæðisflokkinn get ég ekki verið í vafa, að hann muni samþ. þessa niðurfærslu, þar sem hann tók upp baráttuna fyrir lýðveldi í vor. Það er vonandi ekki svo útdautt, að flokkurinn vilji a. m. k. ekki láta vera að borga kónginum meira en honum ber eftir ísl. löggjöf.

Ég læt svo útrætt um þessa till., en við sjáum við atkvgr., hvernig hv. þm. taka í hana. Af því má marka, hvaða hug þeir bera til sparnaðar.

Ég hefi flutt till. á sama þskj., IV, um styrk til Jónasar Sveinssonar, 5000 kr., til dvalar erlendis. Þessi héraðslæknir hefir sérstaklega lagt stund á skurðlækningar og fengið í þeim mikla leikni og æfingu, en er nú erlendis til þess að fullkomna sig enn betur og ætlar að verja til þess tveimur árum. Það segir sig sjálft, að hann mun ekki geta, a. m. k. ekki án þess að hleypa sér í skuldir, staðið straum af þeim kostnaði, svo að þó að honum væri veittur 5000 kr. styrkur, mundi það hvergi nærri hrökkva til að borga kostnaðinn. Af því að þessi læknir hefir fengið sérstakt orð á sig fyrir handlagni og lærdóm í skurðlækningum, geri ég ráð fyrir, að þeir þdm., sem þekkja hann, muni verða fúsir til þess að veita honum stuðning, bæði í orði við umr., og í verki við atkvgr. Ég hefi þó að vísu, til þess að gera þm. til geðs, komið með varatill. upp á 3000 kr. Það er venja á þingi, þegar menn eru mjög blóðþyrstir, að þeir láti sefast, þegar þeir hafa fengið að vaða í blóðinu um stund, og sýna miskunn smærri upphæðum, sem fram eru komnar til vara.

Þá hefi ég flutt till. um nýtt framlag til Fjarðarheiðarvegar. Það er ekki nýtt hér í d., að minnzt sé á Fjarðarheiði. Hún hefir verið stöðugur gestur í till. við fjárl. og stundum fengið góðar undirtektir, þótt ekki hafi þær komizt í gegnum þingið enn. Hugsunin hefir verið sú, að leggja fullkominn veg frá Seyðisfjarðarkaupstað upp á Hérað, og eru það ekki smáar till., sem hafa verið samþ. hér í þessu skyni. Það voru nær 100 þús. kr., sem farið var fram á í hitteðfyrra og náði þá samþ. hv. d. Nú er horfið frá því ráði að leggja þarna fullkominn veg, heldur reyna þá leið, sem tekin hefir verið upp í ísl. vegagerð í

seinni tíð, að ryðja vegi, svo að þeir séu færir bifreiðum nokkurn hluta ársins. Vegamálastjóri hefir látið rannsaka vegarstæði á Fjarðarheiði, og eru möguleikar á því að ryðja þar veg, sem gæti verið bílfær nokkra mán. ársins. Þessar 20 þús. kr. eru byrjunin á þessu verki. Það er ekki mikil fjárhæð, en sjálfsagt má þó ryðja veg þarna nokkuð langan kafla fyrir þetta fé, þótt heiðin sé erfið yfirferðar og kostnaður mikill við ruðningin. En ekki þarf að efa, að þegar þessi vegur kemst á, verði að honum mikið gagn, ekki aðeins fyrir Seyðisfjörð, heldur einnig fyrir Fljótsdalshéraðsbúa.

Þetta mál má ekki stranda á því, þótt miklir ráðamenn í Framsóknarflokknum vilji ekki láta leggja þenna veg, og mér skilst, að raunverulega sé það haft einna mest á móti veginum, að Fagradalsbrautin er komin áður. Það er eins og vissir menn fyrir austan vilji ekki annan veg, svo að samgöngurnar séu bundnar við einn stað, frá fjörðunum til Héraðsins. En ég held, að mönnum þar eystra væri mest gagn að því að geta átt aðgang að fleiri en einum kaupstað. Að vísu hefir verið lagður vegur frá Eskifirði til Reyðarfjarðar í sambandi við Fagradalsbrautina, svo að nokkuð hefir rýmkazt um. En ég held, að það væri mjög nauðsynlegt að geta einnig náð af Fljótsdalshéraði til Seyðisfjarðar, sem er ein öruggasta höfn á landinu, og þar sem viðkomur skipa eru meiri en á flestar aðrar hafnir á Austfjörðum. Hvernig sem litið er á þetta mál frá sjónarmiði Héraðsins ofan heiðar, er því sjálfsagt að stuðla að því, að þessi vegur verði lagður, auk þess sem að honum yrði mikið gagn fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, og þá ekki síst, ef veginn er hægt að gera með eins litlum tilkostnaði og vegamálastjóri telur, með því að ryðja hann, en leggja hann ekki.

Þá hefi ég flutt brtt. undir sama lið, um 400 þús. kr. til nýs vegar milli Rvíkur og Hafnarfjarðar, eða til endurbyggingar á þessum vegi. Það orkar ekki tvímælis, að ef á að halda uppi einhverjum framkvæmdum, sem að gagni gætu komið bæði vinnandi fólki og hinu opinbera fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í fjárl., mundi lagning slíks vegar koma að margháttuðu gagni, fyrst og fremst fyrir íbúa þessara kaupstaða, sem ég geri ráð fyrir, að helzt hefðu atvinnu þar við, og í öðru lagi fyrir verzlun milli þessara kaupstaða, því að ekki er efamál, að ef byggður væri eins góður vegur milli Rvíkur og Hafnarfjarðar og teknikin nú getur látið í té, mundu flutningsgjöld lækka stórlega, og er sennilegt, að fargjöld yrðu ekki yfir 30—40 aura, sem nú er 1 króna. Nú hefi ég ekki viljað binda þetta við það, að endilega yrði lagður nýr vegur, eins og gert er í frv. frá hv. þm. Hafnf. og legið hefir hér fyrir, af því ég hefi séð erindi frá vegamálastjóra, sem leggur heldur á móti því, að ráðizt sé í þessa vegarlagningu nú. Þar skilst mér, að komizt sé að þeirri niðurstöðu, að rannsókn sé ekki lokið á því, hvort eigi að gera nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Rvíkur eða endurbyggja gamla veginn og nota hann áfram. Þess vegna hefi ég látið það óbundið, hvor leiðin yrði valin. Það fer allt eftir því, hvor leiðin verður álitin heppilegri að undangenginni rannsókn.

Ég vil sérstaklega vekja athygli hv. dm. einmitt á þessari till., sem gerir að vísu ráð fyrir miklum útgjöldum, en fer fram á, að unnið sé nauðsynlegt verk, sem hlýtur að verða unnið fyrr eða síðar, en er allra ástæðna vegna hentugt að vinna nú á yfirstandandi tíma.

Þá er XII. brtt. við 13. gr., C. VIII., til hafnargerðar á Sandi og til uppfyllingar og bátahafnar þar, 10 þús. kr. Nú er þar lítil bátahöfn, og geta litlir bátar legið þar, en það þarf að lengja garðinn lengra út. Annað þarf einnig að gera þar, sem er kannske ennþá nauðsynlegra. Það þarf að koma þar fyrir uppfyllingu, þar sem fiskimenn gætu verið við aðgerð á fiskinum, því að nú er þar ægissandur, og fiskurinn skemmist meira og minna af því að velkjast í sandinum, af því að sandurinn er svo fínn og smýgur inn í líkið á fiskinum og skemmir hann. Þar er líka mikið sandfok, svo að það er óhjákvæmileg nauðsyn að gera þar „plan“ innan hafnargarðanna, þar sem fiskaðgerð gæti farið fram. Nú er ætlazt til, að ⅔ kæmu annarsstaðar að, svo að alls yrðu það 30 þús. kr., ef héraðið gæti lagt sinn hlut fram. Þó að þetta sé allmikið

fé, má telja víst, að þetta borgaði sig, því að allir, sem kunnugir eru þarna, vita, að þarna undan Snæfellsnesi, um 20 mín. róður frá þessum stað, eru einhver allra beztu fiskimið landsins. Afli sá, sem árlega kemur þarna á land, nemur mörg hundruð þús. kr. árlega, og þó eru þarna ekki nema um 600 menn. Aðstaðan til fiskiveiða er að því leyti svo framúrskarandi góð þarna, að það er svo skammt á mið. Það er því mest þörf á að efla slíka staði, þar sem svona mikils árangurs er að vænta. Það er dálítið annað að leggja mikið fé í hafnargerðir á þeim stöðum, þar sem ekki er vitað fyrirfram, að sé eins fengsælt og vitað er um, að er á þessum eldgamla veiðistað, því að út af Snæfellsnesi örskammt þarna frá eru ennþá sömu fiskimiðin og sótt hefir verið á allt frá Íslands byggð, frá því að Ingjaldur reri þar út einn í skinnfeldi, svo að það þarf enga tilraun að gera þarna til að vita, hvort þarna séu fiskimið, því að þau eru þar, en ríkissjóður á að leggja þetta fram til að auka framleiðsluna og gera þorpsbúum mögulegt að geta gert vöru sína markaðshæfa, en nú eru miklir erfiðleikar á því, eins og áður var sagt.

Þá hefi ég leyft mér að flytja aðra brtt. á sama þskj., XVI, 1, við 14. gr., um styrk til ísl. stúdenta til náms erlendis. Þvert á móti því, sem ég vil, að tekinn sé af gengisviðaukinn á borðfé kóngsins, vil ég, að stúdentum sé veitt uppbót á þeim styrk, sem þeir nú fá, sem svari þeim mismun, sem er á ísl. krónu og t. d. danskri krónu, sem er nú í gamla gullgildinu. Þess vegna hefi ég leyft mér að bera fram þá till., að þessi styrkur verði hækkaður úr 24 þús. kr. upp í 30 þús. kr. Það svarar til þess, að stúdentum væri borgaður styrkurinn í dönskum krónum eða tilsvarandi upphæð í ísl. krónum. Ef einhver samanburður væri gerður á aðstöðu íslenzkra stúdenta, sem dvelja erlendis, og aðstöðu kóngsins, þá sjá allir, að meiri þörf er á að veita þeim uppbót á sinn styrk heldur en kónginum. Það var líka svo um eitt skeið, að stúdentum var veittur styrkurinn í mynt þess lands, sem þeir dvöldu í, þ. e. a. s. í dönskum krónum, þegar þeir voru við nám í Danmörku. Nú mun þessu hafa verið breytt af fyrrv. dómsmrh., svo að nú er styrkurinn greiddur í ísl. krónum. Styrkurinn er því lægri nú, og þó er það sanni næst, að enginn hefir orðið verr út úr því, að við Íslendingar fengum fullkomið sjálfstæði en einmitt stúdentarnir, því að þá voru þeir sviptir þeim hlunnindum að geta stundað nám við háskóla Kaupmannahafnar, en með þeim styrk, sem þeir fá nú, geta þeir alls ekki stundað þar nám, nema þá þeir eigi einhverja þá að, sem geta veitt þeim viðbótarstyrk. Þess vegna ber ég fram þessa till., og eftir henni er ætlazt til, að þessi upphæð sé veitt, ekki eingöngu frá næstu áramótum, heldur sé stj. einnig heimilt að greiða hann nú á þessu ári.

Þá hefi ég borið fram aðra brtt. við 14. gr., um að veita Kr. Guðmundi Guðmundssyni styrk til að stunda stærðfræðinám við háskóla í Þýzkalandi eða Danmörku, 1000 kr. á ári, og geri ég ráð fyrir, að hann þyrfti nokkur ár til þess. Ég kem með þessa till. fyrst og fremst af því, að þessi maður hefir leitað til Alþ. með beiðni um styrk, og mér er kunnugt um, að hann er efnilegur og reglusamur maður og hefir lokið prófi með mjög góðri einkunn við stærðfræðideild menntaskólans í Reykjavík. Hann mun nú eiga von á styrk frá menntamálaráðinu, en af því að hann er efnalaus og getur ekki útvegað sér lánsfé, telur hann sig ekki geta komizt af með þann styrk, sem er ekki heldur von. Þess vegna hefir hann nú leitað til þingsins, sem er það eina athvarf, sem ísl. námsmenn hafa, því að hér eru ekki ennþá neinir sérstakir sjóðir eða fyrirtæki, sem styðja einn eða annan til náms. Þessi stúdent þarf líka að byrja nú þegar á sínu námi, því að hann er orðinn það fullorðinn, að það væri ekki rétt af honum að fresta því, ef hann gæti byrjað undir eins. Þeir stúdentar, sem eru kornungir, geta stundum unnið sér fyrst inn nokkurt fé og notað það síðan til náms, en það er varla hægt fyrir þennan mann, vegna þess hvað hann er fullorðinn.

Næst er till. XX, við 15. gr. 8. Hv. þm. Hafnf. hefir nú mælt fyrir henni, en ég vil þó lítið eitt minnast á hana. Hún er um kaup handa manni til bókavörzlu,

a. m. k. 2000 kr. auk verðstuðulsuppbótar, samt. 3000 kr. Það er sama upphæð og Ísafjarðar- og Akureyrarkaupstöðum er veitt handa tilteknum mönnum, sem starfa við bókasöfnin, og er jafnframt styrkur handa þeim ágætu mönnum, sem þar eiga hlut að máli, þeim Guðmundi Hagalín og Davíð Stefánssyni.

Hafnarfjörður, sem er mannfleiri en Ísafjörður, hefir nú komið sér upp bókasafni, sem er um 1500 bindi, eftir því sem hv. þm. Hafnf. hefir nú upplýst, og það er vitanlega nauðsynlegt að hafa slíkt bókasafn opið fyrir almenning, en hinsvegar talsverður kostnaður við það. Það er því ekki nema sanngjarnt, að Hafnarfjarðarkaupstað sé veitt sama upphæð og nú þegar er búið að veita hinum kaupstöðunum, ekki sízt fyrir það, að Hafnarfjörður er ekki síðri en aðrir kaupstaðir með gjöld til ríkissjóðs. Þar fær ríkið drjúgar tekjur bæði af innfluttum og útfluttum vörum, og þessi kaupstaður er einn af þeim, sem nú eru mest í uppgangi. Hann á því ekki að vera verr settur en aðrir kaupstaðir í þessu efni, og þar er sízt minni þörf fyrir bókasafn en í áðurnefndum kaupstöðum. Ég taldi því rangt af hv. þdm. að gera þann mismun á þessum kaupstöðum, sem gerður yrði, ef till. mín yrði ekki samþ. Ég fer hér fram á 3000 kr., en svo hefir hv. þm. Hafnf. flutt till. um 2500 kr. fjárveitingu í sama skyni. (BSn: Ég tek hana aftur, ef hin er samþ.). Hún verður þá varatill., ef hv. þdm. verða svo vondir að drepa mína till.

Þá skal ég geta þess, að ég flyt brtt. við sama lið, um bókasöfnin, til leiðréttingar á fyrirsögninni, því að ef þessi till. verður samþ., þá á fyrirsögnin ekki við, því að það stendur í fjárl., að styrkur sé veittur til 3 bókasafna, en því verður að breyta, ef þessi till. nær fram að ganga.

Þá á ég XV. brtt. á þessu stóra þskj., og er það till. um að bæta inn í frv. einum lið, sem vafalaust hefir fallið niður af gleymsku hjá hæstv. stj. Nú að undanförnu hefir verið í fjárl. styrkur til Guðbrands Jónssonar til að semja miðaldamenningarsögu. Það er kunnugt, að þessi maður er bráðgáfaður og óvenjulega vel lærður maður í þessari grein, sem hann hefir verið styrktur til að starfa að, svo að stj. hefir að undanförnu þótt rétt að taka hann upp í fjárl. nú í mörg ár, allt þar til nú. Ég skoða það því aðeins sem gleymsku, að stj. hefir ekki látið þennan lið fylgja með í 15. gr. Ef fara ætti í mannjöfnuð um það, hverjir væru verðugastir fyrir slíkan styrk sem þennan, er ég viss um, að dr. Guðbrandur yrði þar framar en ýmsir, sem nú er veittur styrkur í 15. gr. Það er dálítið annað og minni þörf á að veita vel launuðum embættismönnum styrk til ritstarfa en að veita manni, sem hefir ekki fasta stöðu, en er vel hæfur til starfsins og ríkið hefir nokkra skyldu við, þar sem hann hefir fullkomna ástæðu til að ætla, að hann hafi átt að fá starf við Landsbókasafnið á sínum tíma, en fékk þó ekki, af ástæðum, sem ég mun ekki rekja nú. Alþ. hefir samþ. þetta í notum þessa, og stj. hefir undanfarið tekið þetta upp í notum þessa. Ég tel því líklegt, að hv. þdm. leiðrétti þetta, þar sem þessi styrkur hefir staðið í frv. stj. undanfarin ár.

Enn á ég till. á sama þskj., XXX, þess efnis, að veita Sjómannafélagi Rvíkur 10 þús. kr. til að halda uppi sjómannastofu í Reykjavík. Víða í löndum er það álitið sjálfsagt og nauðsynlegt, að starfrækt sé sjómannastofa, til þess að sjómenn geti átt þar athvarf til bréfaskrifta og annars slíks. Nú þarf ekki að draga það í efa, að velvilji er til sjómannanna hér á þingi, svo mikið sem landsmenn eiga undir þeirri stétt og svo mikla björg sem þeir draga í búið. Það væri líka trúlegt, að hv. þdm. vildu gera útlendum sjómönnum, sem hingað koma, lífið þægilegra að þessu leyti á meðan þeir dvelja hér.

Ég tel sjálfsagt, ef slík sjómannastofa kemst upp, að Sjómannafélag Rvíkur sjái um hana, því að í því fél. eru flestir sjómenn, sem hingað koma, því að þeir eru „organiseraðir“ í sínum fagfélögum. Þeir eiga því flestir erindi til Sjómannafél., og þeir mundu taka því fegins hendi, ef þeir ættu völ á að komast á skrifstofu, þar sem þeir eiga líka aðgang að þessu fél. til leiðbeiningar um það, sem þeir þurfa að fá leiðbeiningu um, upplýsingar um atvinnu og annað slíkt. Ég

álít því, að bæði réttlæti og nauðsyn mæli með því, að þessi till. verði samþ. Þjóðin stendur í svo mikilli þakkarskuld við sjómennina, að Alþ. má ekki skera við neglur sér fjárveitingar til þessa. Ef hv. þdm. vilja ekki líta við þessu, mætti álíta, að sú velvild, sem þeir hafa svo oft túlkað í garð sjómanna, sé meira í orði en á borði.

Þá á ég brtt. við sama lið, 8000 kr. til ráðningarskrifstofu Alþýðusambands Ísl. Þetta er sérstaklega gert með tilliti til þess ástands, sem nú er. Eins og við vitum, er nú á bezta atvinnutíma ársins margt fólk atvinnulaust og miklar umleitanir eftir því að fá eitthvert handtak að gera. Það hefir samt ekki komizt enn í framkvæmd hér, sem komið er á í flestum menningarlöndum heimsins, að hafa skrifstofu, sem leiðbeinir fólki um atvinnu og tekur á móti pöntunum eftir starfsfólki og er þannig milliliður milli atvinnurekenda annarsvegar og verkafólks hinsvegar. Þessi ráðningarskrifstofa ætti vitanlega að skipta sér af ráðningu fólks bæði á sjó og landi eftir því sem það leitaði til hennar, og þegar mikið atvinnuleysi er, má einskis láta ófrestað í að koma mönnum að starfi.

Ég held því ekki fram, að þetta verði til að bæta til fulls úr miklu atvinnuleysi, en það er eitt ráðið og mundi koma til með að hafa mikla þýðingu, þegar erfiðir tímar koma eins og nú. Má geta þess, að 1918 setti ríkið upp slíka skrifstofu um nokkurt skeið. Og slík skrifstofa hefir ekki eingöngu þýðingu fyrir verkafólkið. Hún er nauðsynleg fyrir atvinnurekendurna líka. [Fundarhlé].

Ég hafði, þegar horfið var frá, lokið við að tala um nauðsyn ráðningarskrifstofu Alþýðusambandsins. En undir sama rómv. tölul. á ég brtt., sem gerir ráð fyrir 9000 kr. styrk til ræktunarfél. Sauðkræklinga til ræktunarvegar, gegn ⅓ framlagi annarsstaðar frá. Það hefir tíðkazt að styrkja slíka vegagerð sem hér um ræðir, þar sem unnt er að rækta land. Þetta hefir t. d. verið gert í Vestmannaeyjum. Og í þessu fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er veitt til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum dálitil fjárhæð, og mun þetta vera síðasta fjárveiting.

Þetta, sem ég fer fram á, að veittur verði styrkur til, er vegur upp á bakkana fyrir ofan Sauðárkrók. Þessi vegur gæti komið á hinn fyrirhugaða Laxárdalsveg. Þessi fjárhæð, 9 þús. kr., sýnist e. t. v. mikil. En það er dálítið erfitt að leggja veg upp þessar brekkur. Það dugar ekki ruddur vegur. Það verður að vera vandaður vegur og nothæfur meiri hluta árs.

Það er nú talið af ýmsum hv. þm., að þeir vilji styðja að ræktun, sérstaklega framsóknarmönnuum. Þessi till. ætti því að fá góðan byr, og það því fremur, sem lítið hefir orðið úr ýmsu því, sem hæstv. forsrh. var að hrósa sér af í þessum efnum. Vil ég í því sambandi minna á lánadeild Búnaðarbankans fyrir smábýli í kaupstöðum, sem lítið hefir komið til framkvæmda, að því er ég hygg. Annars gæti hv. 4. landsk. þm. gefið upplýsingar um, hvort verulega er farið að lána úr þessari deild. Hún tók að minnsta kosti miklu seinna til starfa en ráð hafði verið gert fyrir, og var þó fjárveiting fyrir hendi úr ríkissjóði, 50 þús. kr. á ári. Þetta er nauðsynjamál, sem ýmsir menn á Sauðárkróki hafa minnzt á við mig. Þess vegna er þessi till. flutt.

Það eru hér till. á milli, sem ég er meðflm. að. Ég ætla ekki að tala fyrir þeim. Hv. 1. flm. gerði það. En ég er þó eigi að síður fús til þess, ef á þarf að halda.

Þá flyt ég næst brtt. undir XXXIX. lið, við 18. gr., um hækkun eftirlauna Valgerðar Steinsen, sem hefir nú í fjárl. 300 kr. styrk. Það sjá allir, að af þeim styrk er ekki hægt að lifa. Og þegar þeir, sem svona lengi eru búnir að vinna í þjónustu landsins, láta af störfum, hafa þeir einatt lítið fyrir sig að leggja, því að launin eru lítil. En ástæður þær, sem mæla með því, að þessi styrkur ætti að hækka, eru þær, að þessi kona hefir verið í 18 ár ráðskona á stórum spítölum, bæði á Vífilsstöðum og síðast í Laugarnesi. Hún hefir ágæt meðmæli frá húsbændum sínum. Hún hefir að því er prófessor Sæmundur Bjarnhéðinsson segir, starfað við Laugarnesspítala í 9 ár og sýnt bæði trúmennsku, dugnað og reglusemi í starfinu. Sama gegnir um starf hennar á Vífilsstöðum. Og nú, þegar þessi kona er komin yfir sextugt, teldi ég sann-

gjarnt að veita henni nokkru hærri styrk. Ég hefi farið fram á 600 kr., en kem þó með varatill. um 500 kr.

Þá kem ég að þeirri till., sem er síðust á þessu þskj., og er við 22. gr. En það er sú gr., sem felur í sér heimild til ríkisstj. um að gera ýmislegt á fjárhagstímabilinu án þess að það sé sett inn í dálka fjárl., en sé þó til taks, ef nauðsyn krefur. Í þessari till. er farið fram á peningastyrk handa atvinnulausum mönnum í kaupstöðum, 100 þús. kr. Í þessu felst, að ríkisstj. sé heimilt og skylt að veita þessa peninga þeim mönnum, sem hafa verið atvinnulausir um lengri tíma og eru ekki við því búnir að taka á móti vetrinum. Þessu skal skipta þannig, að fjölskyldumaður fái greiddar 300 kr., en einhleypur maður 100 kr. Það er ekki hægt í heimild sem þessari að ákveða nánar, hvernig haga skuli greiðslunni í einstökum tilfellum. Væri um það rétt að leita álits Alþýðusambands Íslands. Þótt það skuli játað, að það er ekki hagkvæm aðferð, að taka peninga úr ríkissjóði og borga í atvinnuleysisstyrki, í staðinn fyrir að láta menn hafa starf, þá mælir margt með því að samþ. þessa heimild. Ég hefi orðið var við það, að stjórnarvöldin, og þá helzt ýmsar bæjarstjórnir, hafa fundið hvöt hjá sér til þess að hafast eitthvað að um atvinnubætur, í stað þess að greiða beina peningastyrki. En þótt nú sé alvarleg eymd fyrir dyrum og óhjákvæmilegt sé að veita verkalýðnum einhvern styrk, þá kemur það varla fyrir, að hafinn sé undirbúningur í þeim efnum fyrr en menn eru farnir að koma í stórhópum og biðja um mat fyrir þann og þann daginn. Það er enginn undirbúningur hafður um þau verk, sem hið opinbera þarf að láta vinna, þó að alstaðar blasi við þörfin fyrir vinnu. Venjan er sú, að láta allt bíða þangað til kominn er kaldur vetur. Úrlausnin hjá Reykjavíkurbæ er þá vanalega þessi: Það er grjót hér uppi í holtinu. Þið getið fengið vinnu við að vinna það. — En bærinn og ríkið fá miklu minni afrakstur af þessari vinnu heldur en ef hún væri gerð með öruggum undirbúningi. Undirbúningurinn er vanalega ekki annar en sá, að finna eitthvert holt þar sem grjót er.

Þegar maður hefir ár eftir ár kynnzt slíkum undirbúningi, eða öllu heldur undirbúningsleysi, þá verður það ljóst, að það verður að vera einhver slík heimild til að greiða þessu fólki styrk, sem ekkert hefir að gera. Það er ekki fólkinu að kenna. Það er undirbúningsleysinu og kæruleysinu að kenna. Það eru ástæður slíkar sem þessar, sem renna undir þessa till. Og það er engin ástæða til þess að bíða eftir því, að fjárl. komist í framkvæmd eftir nýárið. Það á að nota þessa heimild nú strax. Ég trúi ekki öðru en að hv. þdm. veiti þessa heimild. Þetta er eitt tryggasta ráðið til þess að sporna við því, að afleiðingar kreppunnar bitni allt of hart á hinu vinnandi fólki í landinu. Það verða því miður allt of margar hendur, sem ekkert fá að gera við það, sem ríkið og bæirnir finna út að láta gera í haust. Það getur verið, að þessi hópur skrimti af í sumar, þangað til í næsta mánuði. En þegar koma erfiðari tímar og verri veður, þá vita þeir, sem kunnugir eru, hvað við tekur.

Það er enn ein ástæða til þess að veita þennan peningastyrk. Það er dregið úr verklegum framkvæmdum í landinu. En það er ekkert dregið úr framkvæmdum bænda. Það er ekki dregið úr jarðræktarstyrknum, þessum styrk, sem nemur hundruðum þús. á ári. Þetta er ákveðinn styrkur til bænda. Það hefir ekkert verið úr þessum styrk dregið, þó að harðæri sé. Ég álít það ekki heldur rétt, og það því fremur, sem búast má við verðfalli á kjötinu. En þá er ekki heldur ástæða til að amast við því, þó að jafnfjölmennri stétt og verkamönnum séu veittar 100 þús. kr., þó að ekki sé hægt að benda á verk, sem unnið hafi verið fyrir. Hefi ég þá talið fram helztu ástæður, sem með þessu mæla, þær sömu sem þegar eru fyrir í hugum margra hv. þm., sem sé, að ástandið er afaralvarlegt og nærri augljóst, að það versnar í haust.

Ég hefi þá lokið að minnast á þær till., sem ég ber fram við þessa umr. Gæti ég þess vegna látið staðar numið. En vegna þess, að ég er einn minna flokksmanna, og þótt ég njóti góðvildar hæstv. forseta um að mega taka oftar til máls en þingsköp strangt tekið heimila, þykir mér réttara að minnast ofurlítið á hina margumtöluðu bók hæstv. stj., „Verkin tala“.

Ræðurnar snerust hér í síðustu viku almennt um þá bók. Kom þar fram einn framsóknarmaður, sem þótti ekki nóg þetta eina rit, heldur kvað þörf á því að gefa út slíkar skýrslur við og við. Skildist mér hann vera að ýta undir stj. um útgáfu slíkra skýrslna. Verð ég nú samt að játa, að mér væri ekki um að fá fleiri skýrslur af þessu tæi.

Hv. 1. landsk. virtist þakklátur hv. 3. landsk. fyrir ummæli hans út af bókinni. Ég verð að segja, að ég var mjög óánægður með yfirlýsingu hans, ekki sízt, ef stj. tæki hana til greina. Sé ég, að hv. 1. landsk. er ekki af baki dottinn, er hann vill ýta undir stj. og veita henni fé til þess að gefa út nýja skýrslu, þótt leiðrétting eigi að kallast, þó að bæði hann og ég viti, að stj. er ekki trúandi til að gera þetta hlutdrægnislaust. Þetta rit mætti t. d. vel nota til árása á Sjálfstæðisflokkinn, og hefir því hv. 1. landsk. þannig lýst sig samþykkan 5000 kr. fjárveitingu til útgáfu árásarrits á sjálfan sig og flokk sinn. Býzt ég helzt við því, að till. verði samþ. Sérstaklega mun hv. 3. landsk. fús á að samþ. hana, þar sem hann óskar eftir nýjum bókum af sama tæi. Hefði ég vel getað skilið það, ef hv. 1. landsk. hefði heimtað fé úr ríkissjóðnum handa Sjálfstæðisflokknum til útgáfu leiðréttingar, en ekki handa stj. Er ég því algerlega mótfallinn að veita stj. þessa heimild, því að mér er fullljóst, hvernig sú leiðrétting yrði. Auk þess yrði till., ef samþykki næði, einskonar kvittun til stj. fyrir gömlu útgáfuna. Fylgir henni reyndar dálítil pilla, sem sé skírskotunin til þess, að umrætt rit er gefið út í heimildarleysi, en það gerir ekkert til, úr því að kvittunin er með og féð til nýrrar útgáfu.

Jón Þorláksson: Ég á 3 brtt. á þskj. 297 og ætla að minnast lítilsháttar á þær. Fyrst er brtt. II, við 10. gr., sem fer fram á, að settur verði inn nýr liður til að semja og senda út leiðréttingu við „Nokkrar framkvæmdir ríkisins". Var nokkuð rætt um mál þetta við 1. umr. fjárl. Lagði ég áherzlu á tvennt: Fyrst það, að í þessari skýrslu eru svo margar missagnir, að þeir menn, sem fengu hana að gjöf frá landsstj., fá alveg rangar hugmyndir um þau efni, er skýrslan fjallar um, og annað hitt, að fé til útgáfunnar er tekið í heimildarleysi. Það liggur ekki fyrir að þessu sinni, hvort þingið vilji nú veita heimild fyrir útgáfukostnaðinum eftir á. Það kemur í sambandi við fjáraukal. og landsreikninga á sínum tíma. En á hinu er enginn efi, að fjöldi manna víðsvegar um land fær rangar hugmyndir um þau efni, er bókin fjallar um, og eiga þeir heimtingu á því, að bætt verði úr þeim rangindum, er þeir hafa þannig orðið fyrir af hálfu stj. Sé ég ekki aðra leið til að bæta þennan órétt gagnvart þessum mönnum en þá, að senda þeim nauðsynlega leiðréttingu. Álít ég, að hver sem úrslitin verða um kostnaðargreiðsluna til útgáfu skýrslunnar, hvort sem stj. fær að halda fé því, er hún tók, eða ráðherrum verði gert að endurgreiða það, þá eigi menn heimtingu á því, að leiðrétting sé kostuð af ríkissjóði. Lít ég svo á, að ekki megi draga að senda út leiðréttinguna, þangað til úrskurður er fallinn um fjárnotkun þessa. Fer ég því fram á, að fé verði veitt í því skyni. Er upphæðin, 5000 kr., lítil í samanburði við þá miklu fúlgu, sem ritið kostaði. Geri ég ráð fyrir, að þingið samþ. slíka fjárveitingu. Er auðvitað til þess ætlazt, að eftirlit verði með því haft, að úr mistökunum verði bætt. Kemur mér ekki til hugar, að hér verði gefnar út á ríkiskostnað missagnir um menn og málefni, eins og hv. 2. landsk. virðist skilja þessa till. Treysti ég ekki stj. til að semja þessa leiðréttingu, en geri ráð fyrir því, að til þess verði fengnir óhlutdrægir aðiljar, fyrst og fremst forstöðumenn stofnana þeirra, er um ræðir.

Hefi ég þá svarað aths. hv. 2. landsk., og er ég honum sammála um það, að ekki er stj. trúandi til að vinna þetta verk. Er því síður en svo, að í þessari till. felist nokkur kvittun til stj. fyrir fé það, er hún tók í heimildarleysi. Get ég tekið undir við hv. 2. landsk., er hann segir, að það sé þakkarvert, þegar hv. 3. landsk. viðurkennir, að skýrslan sé ekki eins og skýrslum ber að vera. Hitt þótti mér miður, er hann taldi það heppilegt, að stj., sem setið hefir eitt kjörtímabil, taki fé úr ríkissjóði til slíkra hluta. Honum þótti heppilegt að fá slíkt rit við og við fyrir kosningar. En slíkt tíðkast ekki

í nokkru landi. Stendur þetta gerræði stj. í sambandi við þá staðreynd, að framsóknarstj. hefir aldrei getað lyft huga sínum frá því að vera flokksstjórn til þess að vera landsstjórn. Virðist stj. helzt líta á hlutverk sitt sem það, að gefa út gyllingarrit fyrir sig og flokk sinn. Heiðarleg stj. leyfir flokki sínum að gera þetta, en gerir það ekki í ríkisnafni og á ríkiskostnað. Afleiðingin af því, að slík regla færi að tíðkast, yrði sú, að ef hlutlaus landslýður trúir sliku, þá er lagt upp í hendur þeirri stj., sem lygnust er og sjálfhælnust, að standa með mestum ljóma í augum samtíðarmanna sinna, og verður það sú handleiðsla í sannleika, sem landslýður fær á þessu sviði. Væri slíkt og þvílíkt meira en lítið óheilbrigt, og er krafa mín aðvörun við því, að komandi stj. niðurlægi landið með iðju eins og bókaútgáfu þessari.

Þá hefi ég borið fram brtt. við 12. gr. um það, að aftan við 15., síðasta staflið, bætist nýr liður, 1200 kr. sjúkrastyrkur til Unnar Vilhjálmsdóttur. Þekki ég ekki konu þessa sjálfur, en hefi fengið réttar upplýsingar í málinu. Hún var áður kennslukona, en fékk erfiðan sjúkdóm og liggur nú rúmföst, óstarfhæf og undir læknishendi. Hefir hún haft þenna sjúkrastyrk í fjárl. áður, en þó ekki á yfirstandandi ári, og nú eru efni hennar gersamlega þrotin. Sjúkdómur hennar er að vísu ekki sama eðlis og þess sjúklings, er um getur í 15. lið q í fjárlagafrv., en skyldur, svo að hún verður að vera undir hendi sama ágæta læknis. Þessum sjúklingum er varnað að njóta þeirra hlunninda, sem aðrir sjúklingar njóta, af ástæðum, sem allir þekkja, og geta því ekki á sjúkrahúsi notið hjálpar þess læknis, sem einn hér á landi getur veitt þeim hana.

Enn á ég 3. till. við 14. gr. XIX. á sama þskj., nýr liður, styrkur til Soffíu Stefánsdóttur, til þess að halda uppi námsskeiðum fyrir konur og karla í teikningu og tréskurði allt árið. Stúlka þessi er dóttir Stefáns heitins Eiríkssonar, og heldur nú áfram atvinnu og kennslu hans. Hefi ég heyrt, að henni farist það prýðilega úr hendi. Auk þess kennir hún dráttlist við kvennaskólann. Þessi litli styrkur, sem till. fer fram á, er veittur henni í fjárl. yfirstandandi árs, og sé ég enga ástæðu til að fella þessa styrkveitingu burt úr fjárl. Það er svo lítið, sem iðnaðarmannastétt landsins nýtur úr ríkissjóði, að ósæmilegt væri að fella niður þá sárafáu styrki til þeirrar stéttar. Vil ég minna á starf Stefáns Eiríkssonar og geta þess, að hann var brautryðjandi á sviði íslenzks listiðnaðar, og þótt einn af lærisveinum hans njóti lítilsháttar styrks í fjárl., tel ég ekki rétt gagnvart minningu hans að svipta heimili hans þeirri aðstoð, sem hér er um að ræða.

Halldór Steinsson: Ég á 3 eða 4 brtt., sem ég vil minnast lítilsháttar á. Fyrst er brtt. á þskj. 297, við 13. gr. B. 2. (flóabátaferðir). Legg ég til, að styrkurinn verði hækkaður um 2000 kr. úr 91 þús. kr. upp í 93 þús. kr., með tilliti til Suðurlandsferðanna um Breiðafjörð. Samgmn. Nd. færði styrkinn niður um 3000 kr., með þeirri röksemd, að ferðum Suðurlands til Breiðafjarðar mætti fækka úr 10 niður í 6. Samgöngur eru þar sízt betri en annarsstaðar á landinu, og er þetta þó eini landshlutinn, þar sem farið er fram á, að lækkaður sé styrkur til samgangna á sjó. Annarsstaðar hefir verið farið fram á hækkun þeirra styrkja. En þessi till. fer aðeins fram á, að styrkurinn haldist samur og áður.

Þá er brtt. við 13. gr. C. VIII. á sama þskj., til bryggjugerða og lendingarbóta í Ólafsvík. Býst ég við, að þetta mál sé hv. dm. svo kunnugt, að ekki þurfi að skýra það nánar. Hefir á undanförnum 7 árum verið varið 90—100 þús. kr. bæði úr hreppssjóði og ríkissjóði til þessara hluta, og hefir hreppurinn, sem áður var fátækur mjög og hefir nú um 450 íbúa, safnað þvílíkum skuldum vegna hafnarbóta, að hann er nú að sligast undir þeim. Er því fyrirsjáanlegt, að hreppurinn getur ekki í bili lagt fram meira fé til hafnarbóta. En þar sem þegar er búið að verja til þess svo miklu fé, bæði úr hrepps- og ríkissjóði, væri það mjög óviturlegt að stöðva verkið, þegar lítið vantar á, að það sé fullgert og geti komið að notum. Er enginn vafi á því, að þessi mannvirki munu bera sig, þegar allt er komið í lag og útvegur getur þróazt þar, en ennþá er vitanlega ekki hægt

að taka lendingar- eða hafnargjald af skipum, meðan garðurinn er ekki fullgerður. Því hefir verið borið við, að föst regla hefði verið, að Alþ. legði fram ⅓ til slíkra framkvæmda á móti ⅔ annarsstaðar að. Þetta er ekki allskostar rétt. Ríkið lagði upphaflega fram fé til hafnarbóta í Ólafsvík án nokkurs framlags annarsstaðar frá. Ríkissjóður hefir ennfremur á undanförnum árum sumstaðar lagt til helming gegn helming annarsstaðar frá, ennfremur stundum ⅖ gegn ⅗ annarsstaðar frá. M. ö. o. það hefir engin ríkjandi regla átt sér stað í þessu efni, enda er það í sjálfu sér fjarstæða, því að ástæðurnar eru svo afskaplega mismunandi á hinum ýmsu stöðum. Það er svo margt, sem verður að koma til greina. Fyrst og fremst, hvað þörfin er mikil. Í öðru lagi, hverra hagsmuna má vænta af þeim hafnarbótum, sem um er að ræða. Í þriðja lagi, hve góð og auðug fiskimiðin eru fyrir landi á slíkum stöðum, og hvernig hagur hreppsins er. Og margar fleiri ástæður koma til greina, þegar um slíkar fjárveitingar er að ræða. Hugsum okkur lítið þorp með 50—100 manns og auðug fiskimið rétt við landssteina, sem ekki yrðu notuð sökum slæmrar lendingar. Væri þá nokkur hagsýni af fjárveitingavaldinu að koma í veg fyrir, að þarna gætu t. d. 3 þús. manns lifað, með því að leggja ekki fé til hafnarbóta, ef hreppurinn er ófær að standa einn straum af þeim? Þetta er svo einfalt mál, að það þarf ekki frekari skýringa við.

Þá er 13. brtt., við 13. gr., C X, til bryggjugerða og lendingarbóta, að upphæðin hækki úr 42500 upp í 46000 kr. Ætlazt er til, að upphæðin fari til hafnarbóta við Arnarstapa. Eins og kunnugt er, má svo heita, að hafnlaust sé með öllu að norðanverðu við Faxaflóa frá því að Borgarnesi sleppir. Má telja, að bezta höfn á þessu svæði sé að Arnarstapa, enda hefir risið þar upp dálítið þorp, og þar er verzlun fyrir tvo nágrannahreppa. Þarna hefir verið útvegur um langan aldur og oft fiskazt ágætlega. Venjulega er ekki róið nema á vorin og sumrin. En úr sjósókninni hefir það mjög dregið, hve lendingin er slæm, sérstaklega í suðaustan- og austanátt.

Nú hefir vitamálastjóri látið rannsaka þetta og gera uppdrátt af væntanlegum lendingarbótum og kostnaðaráætlun. Samkv. þessum rannsóknum þarf ekki nema tiltölulega mjög litla upphæð til að gera þarna ágæta lendingu og gott uppsátur, eða um 10—11 þús. kr. Í samræmi við þetta fer ég fram á ⅓ kostnaðar gegn ⅔ frá viðkomandi hrepp.

Þá kem ég að síðustu brtt., við 18. gr. II. i. 61, til Jóns Runólfssonar sýsluskrifara, 600 kr. Þessi maður byrjaði fyrst sem sýsluskrifari á Eskifirði árið 1874, vann þar síðan óslitið að heita mátti sem sýsluskrifari með 4 sýslumönnum. Fluttist svo vestur á Snæfellsnes fyrir h. u. b. 20 árum og hefir verið sýsluskrifari síðan, fram að síðustu áramótum. Hefir því verið sýsluskrifari samfleytt í yfir 50 ár. Hann er tæplega 82 ára gamall, orðinn útslitinn og farinn að heilsu. Hinsvegar hafa laun hans við þessi störf ekki verið svo há, að hann hafi getað safnað sér ellistyrks, og stendur því uppi ráðþrota í ellinni og á einskis annars úrkosta en leita á náðir sveitarinnar. Ég treysti nú fastlega, að hv. d. þyki ekki ósanngjarnt að veita þessum háaldraða starfsmanni nokkurn styrk. Hér er ekki verið að binda stóran útgjaldabagga, enda ræður af líkum, að fremur skammt muni að bíða, að honum verði aftur af létt, þar sem svo háaldraður maður á í hlut.

Þá hefi ég lokið máli mínu um mínar brtt. En nokkur orð vil ég segja áður en ég sezt um þá brtt., sem n. flytur við 17. gr. fjárl., styrk til Elínar Sigurðardóttur. Viðvíkjandi þeirri till. hefi ég fengið nýjar upplýsingar, sem valda því, að ég vil mælast til, að n. taki þessa brtt. aftur til 3. umr. Sjái n. sér það ekki fært, get ég ekki heldur skoðað afstöðu mína í n. bindandi í þessu máli.

Ég get frætt hv. 2. landsk. um það, þar sem hann kvaðst ekki hafa heyrt hv. frsm. minnast á 25. gr. og ályktaði þess vegna, að n. væri öll sammála, — að n. mun ekki með öllu sammála um þá gr. Vona ég, að hv. þm. geri sig ánægðan með að bíða þangað til að atkvgr. kemur.

Guðrún Lárusdóttir: Ég á nokkrar brtt. á þskj. 297, og langar mig til að fara um þær nokkrum orðum. Ég vil byrja á till. undir XXXVIII. lið, við 18. gr. II. g. 13.

Það er nýr liður, sem bætir við dálitlum útgjöldum, og þess er máske að vænta, að hv. þdm. finnist það óþarfur útgjaldaliður. En ég ætla að reyna að koma svo máli mínu, að hv. þdm. geti fallizt á það með mér, að ekki sé um neinn óþarfa að ræða. Það eru tilmæli frá landsfundi kvenna, sem haldinn var í Alþingishúsinu í fyrrasumar, og var fjölskipaður konum frá öllum kvenfélögum landsins, að frú Bríetu Bjarnhéðinsdóttur væri séð fyrir viðurkenningarlaunum þau árin, sem hún á eftir ólifað. Ég man ekki upp á hár, hvernig till. hljóðar, en efni hennar var það, að fara þess á leit við þing og stj., að frú Bríetu Bjarnhéðinsdóttur væri sýnd viðurkenning fyrir vel unnin störf í þágu kvenþjóðar og því einnig alþjóðar Íslands. Það ber ekki oft við, að konur fari þess á leit á Alþingi, að veitt séu laun fyrir unnin störf kvenna. Og það mun vera frekar sjaldgæft líka, að kona beiti sér jafnósleitilega fyrir réttindamálum kvenna eins og frú Bríet hefir gert. Það er öllum ljóst, sem hér eru viðstaddir, hvað hún hefir frá því fyrsta beitt sér fyrir málefnum kvenna og leitazt við á allan hátt að glæða hugsjónir þeirra, hvetja þær til starfs, leysa af þeim þau vanans bönd, sem því miður margar ísl. konur voru vafðar í. Hún á þann heiður að vera forgöngumaður að þeim málum, sem kvenréttindi áhrærir. Og konur þær, sem sátu landsfund kvenna, vildu vissulega sýna í verkinu, að þær kynnu að meta þessa forgöngu frú Bríetar Bjarnhéðinsdóttur. Því birtist ósk þeirra í ákveðinni till., sem samþ. var í einu hljóði. Hún er byggð á því, að starfsemi frú Bríetar hefir svo mikla þýðingu fyrir ísl. kvenþjóð, að þess ber að sýna vott, einnig ókomnum kynslóðum, að áhugi hennar sé að einhverju metinn, með því að staðfesta í skjölum þjóðarinnar þessa viðurkenningu fyrir störf hennar. Þeir, sem á sínum tíma lásu „Kvennablaðið“, sem frú Bríet gaf út á sinn kostnað og lagði á sig mikið starf við, þekkja vel þann brennandi áhuga, sem þessi kona hafði fyrir öllum málefnum kvenna. Í þá daga var ekki mikið um kvenréttindi á þessu landi. Kosningarrétt höfðu þær engan. Konur höfðu þá í öllum greinum miklu minni rétt en karlar. Síðan hefir þetta allt breytzt til batnaðar, og ég verð að segja, að starfsemi frú Bríetar hefir ekki átt lítinn né óverulegan þátt í þeirri breytingu.

Ég leyfi mér því að vona, að hv. þm. þessarar deildar sjái sér fært að verða við þessum tilmælum hins fjölmenna landsfundar kvenna. Þar sátu margar konur víðsvegar að, — konur, sem hafa jafndýrmætum atkv. yfir að ráða og karlmenn, og verð ég þess vegna að treysta því, að hv. þm. líti á það, engu síður en þá verðleika, sem ég held fram, að þessi kona hafi til að bera. Ég vil undirstrika það, að hér er ekki verið að fara fram á neina ölmusugjöf. Langt frá því. Það er einungis farið fram á, að ísl. konu, sem óneitanlega hefir beitt sér vel og lengi fyrir málefnum ísl. kvenþjóðar, sé sýndur maklegur sómi.

Þá er brtt. undir XXXIV. lið, við 17. gr. 21, nýr liður. Þar er farið fram á byggingarstyrk handa barnaheimilinu Sólheimum í Grímsnesi, 10 þús. kr., og til vara 8 þús. kr.

Rétt er að geta þess, að fyrir tveimur árum tók Prestafélag Íslands að sér málefni veiklaðra og vangæfra barna og ákvað að stofna heimili með sérstöku tilliti til vanþroska barna. Fél. hóf starfsemi sína með fjársöfnun í þessu skyni, og hefir síðan safnað á þann hátt að selja merki og bréfspjöld sjóðnum til ágóða. Þetta félag lítur svo á, að hið mesta nauðsynjamál hverrar þjóðar sé vandað uppeldi æskulýðsins, og því sé nauðsynlegt að gefa börnum kost á góðu heimili. Nú er því svo farið meðal vorrar þjóðar, að ekki allfá börn fara á mis við þetta, sérstaklega á hinum fjölbyggðari stöðum. Þá vill félagið skapa þeim uppeldi á slíkri uppeldisstofnun, til þess að þau verði nýtir borgarar.

Þessi staður, Sólheimar í Grímsnesi, er jörð með hverahita og að mörgu leyti ákjósanlegur staður, sem Prestafélagið hefir fest kaup á. Virðist jörðin sérstaklega vel kjörin til allskonar ræktunar, bæði blómaræktunar og annarar, þar sem bæði er hverahitinn og skýlt og sólríkt. Þarna var byggt hús og byrjað að starfrækja barnaheimili fyrir rúmu ári, undir forustu ungrar stúlku, Sesselju Sig-

mundsdóttur, sem hefir dvalið í Þýzkalandi og Sviss í 3—4 ár og kynnt sér rækilega meðferð barna á öllum aldri, en sérstaklega vanþroska barna. Prestafél. leggur til jörðina leigulaust um nokkur ár.

Það verður máske ekki sagt, að mikil reynsla sé fengin fyrir starfi þessarar ungu stúlku, þó að ár sé liðið. En eigi að síður virðist allt benda til hins bezta um starfsemi hennar, enda hefir hún beztu meðmæli frá kennurum sínum erlendis og forstöðumönnum barnaheimila, sem hún hefir starfað á. Mér finnst vert að benda á það í þessu sambandi, að á þeim tíma, sem ungfrú Sesselja hefir starfað við barnaheimilið, hefir hún haft mörg og misjöfn börn, bæði hvað heilsufar snertir og annað. En óhætt er að segja, að engu barni hafi orðið misdægurt hjá henni. Hygg ég það aðallega að þakka hennar sérstöku nákvæmni um það, á hverju börnin nærast. Þar að auki hjálpar hið góða andrúmsloft, mettað hveragufu. Ég hefi því miður ekki átt þess kost að koma á þetta heimili, en þeir, sem þar hafa kynnzt háttum, segja, að þar fari allt fram með mjög mikilli röð og reglu, börnunum líði prýðisvel og taki góðum framförum.

En nú eru þarna ýmsir fjárhagsörðugleikar, sem stafa af kaupum á búfé. Keyptar hafa verið 100 kindur, kýr og hestar, talsvert af hænsnum og 1—2 svín. Ungfrú Sesselja hugsar sér að hafa matjurtagarð og túnrækt og láta börnin læra jafnframt að vinna. Og það tel ég einn af aðalkostum á þessu heimili. Þessi peningskaup og byggingin kostar mikið fé. En ungfrú Sesselja hrauzt í að fá lán til þess. Einnig fékk hún styrk frá þinginu og dálítið frá Reykjavíkurbæ, svo að henni var kleift að koma upp húsinu. En það hvíla á því skuldir. Þess vegna flýr hún til Alþingis um styrk, til þess að geta haldið þessu öllu gangandi; gerir hún sér þá mikla von um að komast smátt og smátt úr þeim fjárhagslegu ógöngum, sem hún er stödd í nú. Ef samþ. fæst á þessum 10 þús. kr., þá er líklegt, að heimilið sé komið yfir örðugasta hjallann og þurfi ekki framar að leita til Alþingis um fjárframlag.

Einhver vill nú kannske spyrja, hver eigi þetta heimili. Því er til að svara, að Prestafélagið á jörðina, svo sem ég tók fram. En það treystir ungfrú Sesselju svo vel, að það lánar henni jörðina leigulaust um nokkur ár, en sjálf hefir hún brotizt í að byggja.

Prestafélagið hefir líka í hyggju að stofna svipuð heimili í öllum landsfjórðungum, sérstaklega nálægt kauptúnum og kaupstöðum. Mér er kunnugt um, að næsta heimili hugsar félagið sér að reisa einhversstaðar á Norðurlandi. Starfsemi þessi, sem ég tel, að muni með tímanum verða landi voru til blessunar og gagns, fer mjög eftir því, hvernig þessum vísi á Sólheimum gengur að vaxa og dafna, og þá einnig eftir því, hvernig hið háa Alþingi tekur þessari málaleitun um styrk. Ég treysti því, að allir hv. þdm. séu mér samdóma um, að hér sé um mikið þjóðnytjamál að ræða. Það þarf ekki að rökfæra með mörgum orðum, að æskan er framtíð landsins, og því betur sem gengið er frá málum hennar, því betur er borgið framtíð okkar kæra lands.

Ég hefi verið að tala um æskuna. En nú verð ég að segja nokkur orð um ellina. Við verðum að huga að þessum andstæðum lífs okkar mannanna, sem aldrei verða skildar við okkur.

Með brtt. undir XXXV. lið, við 17. gr. 24, er farið fram á hækkun á styrk til elliheimilisins Grundar. Nd. ætlaði 5 þús. kr. til elliheimilisins, en hér er farið fram á 10 þús. kr. Ég skil nú ekki í því, að neinum, sem hugsar um sögu þessa heimilis og sér húsið, finnist til of mikils mælzt, þó að farið sé fram á þessa fjárveitingu. Það eru fimm menn, sem taka höndum saman til að stofna elliheimili fyrir 9 árum. Þeir höfðu engan félagsskap að baki sér, og þeir voru allir önnum kafnir við önnur störf. En þeir höfðu það traust samborgara sinna, að þeim var trúað fyrir fé til þess að festa kaup á húsi, sem kostaði 35 þús. kr. Þar ráku þeir heimili í 8 ár og höfðu þar 24 gamalmenni. Reykjavíkurbær veitti heimili þessu á ári hverju 4 þús. kr. Ýmsir hafa ánafnað því gjafir, utanbæjar og innan. Ég vil t. d. nefna aldraðan barnakennara í Árnessýslu, sem gaf heimilinu 9 þús. kr. En þetta var ekki eyðslufé, því að eftir 8 ára búskap á Grund er heim-

ilið skuldlaust, og í sparisjóði 38 þús. kr. Og ég verð að taka það fram, að forgöngumenn þessa málefnis tóku aldrei einn eyri fyrir alla sína miklu vinnu, að því undanteknu, að gjaldkeri fékk 300 kr. á ári 2—3 síðustu árin.

Síðan komu þessir menn í framkvæmd byggingu á nýju heimili við Hringbraut, sem kostaði, fyrir utan lóð, sem Reykjavíkurbær gaf, 670 þús. kr., að meðtöldum öllum vélum og innanstokksmunum. Vélarnar eru sérstaklega vandaðar, eins og reyndar allt húsið er. Byggingarnefnd Elliheimilisins naut mikils trausts, eins og fyrr er sagt. Bæjarsjóður lét 140 þús. kr. og gekk í ábyrgð fyrir 120 þús. Í fyrra hljóp stj. drengilega undir bagga og lánaði 50 þús. kr. til þess að heimilið gæti tekið á móti Vestur-Íslendingunum. Þær voru borgaðar að fullu þegar veðdeildarlán fékkst út á húsið.

Það þarf nú engum að koma á óvart, þótt slík stofnun sé í talsverðri fjárþröng, meðan verið er að grynna á skuldum. Heimilið tekur 160 gamalmenni, en vitanlega voru þó færri fyrstu mánuðina. En nú sýnir reynslan, að fólkið leitar þangað úr flestum hlutum landsins. Og af þeim 100, sem hafa verið þar að undanförnu, eru nál. 35—40 manns á framfæri Reykjavíkur, 20 á framfæri annara sveita, og um 40, sem borga sjálfir eða eru á framfæri kunningja sinna og ættfólks. Meðgjöfin með þessu fólki er 80—100 kr. á mánuði, með rúmföstu fólki eru teknar 100 kr. sem stendur. Það þarf varla að taka það fram, að það mundi ekki í sjúkrahúsum þykja gróðavegur að halda sjúklinga fyrir kr. 3,33 á dag, og veita þó ókeypis læknishjálp. Enda er þetta heimili ein af stærstu líknarstofnunum, sem komið hefir verið upp hér á landi, og það endurgjaldslaust. Þetta er sjálfseignarstofnun, og hér eru menn ekki að biðja um neitt fyrir sjálfa sig. Stofnunin hefir þegar orðið mörgum þreyttum börnum þessarar þjóðar griðastaður, jafnvel úr öllum sýslum landsins. Og nú finnst mér því ekki til sérlega mikils mælzt, að landið sjálft leggi fram 10 þús. kr. styrk. Alþingi veitti í fyrra 10 þús. kr. styrk til þessa sama fyrirtækis, og það er aldrei nema ⅓₃ hluti af byggingarkostnaðinum. Ríkissjóður hefir oft látið heldur meira í byggingar á stærð við þessa, og þótt minni hafi verið. Ég held því fram, að þetta heimili komi að góðum notum fyrir landsmenn, hvaðan sem þeir eru, engu síður en bæjarbúa sjálfa. Ég vænti því þess, að ég megi treysta því, að hv. d. veiti þennan styrk, og það því fremur, sem hér er um vinsælt fyrirtæki að ræða, sem nýtur almenns trausts. Get ég sagt frá því, að margur maðurinn og konan hefir látið í ljós við mig, að sér fyndist nú ekki eins geigvænlegt að hugsa til að verða gamall og hrumur, þar sem landið hefði upp á að bjóða slíka vistarveru gömlu og lífslúnu fólki, sem einmitt þarfnaðist slíks skjóls á elliárunum. Og enginn er sá, að hann megi vita, nema svo kunni að fara örlögum hans, að hann verði feginn að leita sér hælis í Elliheimilinu um það er lýkur. Má eins fara, að svo eigi fyrir að liggja einhverjum úr okkar hópi, sem hér sitjum nú, þó að ólíklega kunni að þykja mælt. En hvað sem því líður, er það sómi Alþingis að styrkja þetta þarfa fyrirtæki, enda vænti ég þess, að hv. d. bregðist vel við þessari málaleitan.

Þá fer ég fram á það, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittar 2000 kr. (297, XXVIII). Geri ég að vísu ráð fyrir, að hv. þdm. flestir þekki til þessa félagsskapar, en ég tel þó rétt að gera nokkra grein fyrir honum til rökstuðnings þessari fjárbeiðni. — Það munu nú vera sem næst 100 kvenfélög á landinu, og eru sum þeirra um 50 ára gömul. Þessi félög hafa margvísleg störf með höndum. Allflest hófu þau þó göngu sína með líknarstarfsemi og hafa aldrei vikið af þeirri braut, þótt þau síðar hafi fært út kvíarnar og bætt við sig öðrum viðfangsefnum, svo sem fræðslu- og uppeldismálum. Ég ætla mér auðvitað ekki að fara að telja upp allt það, sem hin ýmsu kvenfélög landsins hafa haft með höndum frá því þau hófu starf sitt, en benda vil ég á fáein atriði, svo sem stofnun gamalmennahælis, stofnun húsmæðraskóla, starfrækslu gistihúsa, bókasafna o. fl. o. fl. Lengi vel störfuðu kvenfélögin dreifð í strjálbyggð landsins. Konur höfðu lítil kynni hver af annari né heldur af starfsemi annara félaga, en þær létu það ekki aftra sér, heldur unnu áfram í kyrrþey,

ánægðar yfir hverju því góðu, sem þær fengu til leiðar komið. En svo kom, að konur fóru að vikka félagshring sinn. Munu það hafa verið þingeysku konurnar, sem riðu á vaðið og mynduðu sambandsfél. með sér fyrir eitthvað um 20 árum. Árangur þeirrar starfsemi er að miklu leyti húsmæðraskólinn á Laugum í Reykjadal. Árið 1914 var svo stofnað Samband norðlenzkra kvenna, sem nær yfir allt Norðurland. Hefir þetta samband starfað vel og dyggilega, gengizt fyrir námsskeiðum, umferðakennslu og héraðssýningum, auk margs annars, sem of langt yrði upp að telja. Bandalag kvenna í Reykjavík er stofnað 1917. Hefir það gengizt fyrir sýningum og námsskeiðum og verið frumkvöðull þeirrar fjársöfnunar, sem síðan hefir farið fram hér í bæ á sumardaginn fyrsta til styrktar málefnum barnanna. — Samband austfirzkra kvenna var stofnað 1927, og hefir það sinnt margvíslegri nytjastarfsemi, og á m. a. sinn drjúga þátt í stofnun húsmæðraskólans á Hallormsstað. Árið 1929 stofnuðu svo sunnlenzku konurnar sambandsfélag með sér. Hefir það haft með höndum umferðakennslu, m. a. í garðyrkju, gengizt fyrir kvennafundum, héraðssýningum o. s. frv. Samband kvenna á Vestfjörðum var stofnað vorið 1930, og reynt til að sameina kvenfélögin við Breiðafjörð. — Öllum var það ljóst, að betri og meiri árangur mundi nást með sameiningu allra þessara félaga, sem höfðu sama takmark fyrir augum og sömu áhugamál, svo sem heimilisiðnað, heilbrigðismál, uppeldismál, húsmæðrafræðslu og garðyrkju. Og þar kom, að kvenfélagasamböndin í fjórðungunum norðan-, austan- og sunnanlands kusu á aðalfundi sínum sumarið 1929 fulltrúa til að mæta á landsþingi kvenna, sem haldið var hér í Reykjavík veturinn 1930. Sýnir það glöggt áhuga kvenna um málefni sín, er þær tóku sér ferð á hendur um hávetur, margar langar leiðir að, til þess að sækja þing hér í Reykjavík og ræða þar áhugamál sín, þau sem fyrr er getið. Á þessu þingi var svo Kvenfélagasamband Íslands stofnað. Er svo til ætlað, að í því séu aðeins kvenfélagasambönd úti um land, en ekki einstök félög. Um fjárframlög frá félögum eða félagasamböndum til Kvenfélagasambandsins er ekki að ræða, heldur styrkir sambandið þau félagasambönd, sem í það ganga, ef fé fæst til þess úr ríkissjóði. Sá styrkur er aðallega veittur til þess að sjá samböndunum fyrir umferðakennslu. Þá ráðgerir Kvenfélagasambandið að greiða allan kostnað af þeim kvennaþingum, sem haldin eru annaðhvert ár, að mætöldum ferðakostnaði fulltrúanna, sem félagasamböndin senda. Þá vill Kvenfélagasambandið keppa að því að koma á fót skóla fyrir stúlkur, sem ætla sér að verða umferðakennarar. Sambandið heldur uppi námsskeiðum í matargerð og garðyrkju og hefir haft 4 konur í þjónustu sinni í þessu skyni. Hefir það þótt gefast hið bezta, og er vafalítið, að þar innir sambandið þarft og gott verk af hendi.

Stjórn Kvenfélagasambandsins hefir sótt um fjárstyrk úr ríkissjóði áður. Fékk sambandið 2000 kr. styrk í síðustu fjárlögum, í stað 15 þús. kr., sem sótt var um. Ber þetta vott um það, að hið háa Alþingi viðurkennir sambandið og starfsemi þess, en hún er, í stuttu máli sagt, aðallega fólgin í því, eins og ég hefi reyndar áður gert grein fyrir, að gera húsmæður landsins færari um að leysa sín þýðingarmiklu hlutverk vel af hendi. Verður það einkum gert með haganlegum húsakynnum, heimilisiðnaði til klæða og þrifnaðar á heimilunum, hagkvæmu mataræði, garðyrkju o. fl. o. fl. En öll þessi mál hefir sambandið á stefnuskrá sinni. — Annars er vert að geta þess, að sambandið hefir notið styrks hjá Búnaðarfél. Íslands, sem varið hefir verið til umferðakennslu í garðyrkju. Sömuleiðis átti Búnaðarfél. sinn drjúga þátt í því, að Kvenfélagasambandið var stofnað. Um það, hvort þessi starfsemi Kvenfélagasambandsins, sem ég hefi nú lýst að nokkru, fær miklu eða litlu til leiðar komið, fer mjög eftir efnahag þess. Og ég treysti því, að hv. þm. sjái nauðsyn þess og leggi því lið með því að samþ. þessa fjárbeiðni.

Þá flyt ég till. um að veita Heimilisiðnaðarfél. Íslands 3000 kr., í stað 2000, vegna kostnaðarins við landssýninguna 1930. — Svo sem kunnugt er, gekkst þetta félag fyrir landssýningu á heimilisiðnaði, sem haldin var í fyrrasumar hér

í bænum. Þótti það vel fallinn tími að nota þjóðhátíðarárið til þess að gefa gestum og gangandi tækifæri til að sjá handbragð íslenzku þjóðarinnar, karla sem kvenna. Var menntaskólinn fenginn að láni leigulaust undir sýninguna, en þrátt fyrir það varð húsið sýningarnefndinni mjög dýrt. Bar margt til þess, svo sem smæð herbergja og að þau voru ekki nægilega samliggjandi. Þar að auki varð að kosta miklu fé til aðgerða á húsinu vegna sýningarinnar. Kostaði þessi undirbúningur skólahússins hvorki meira né minna en kr. 4893,29, og má það í sjálfu sér telja fullháa húsaleigu fyrir ekki lengri tíma en sýningin stóð yfir, sem var einn mánuður. Þá olli og herbergjaskipun í skólanum því, að meiri vinnukraft þurfti til að annast gæzlu á sýningarmununum. Urðu vinnulaunin við sjálfa sýninguna rúmar 8000 kr.

Það var óneitanlega í talsvert ráðizt af fátæku fél. að efna til slíkrar sýningar án nokkurs loforðs um styrk úr ríkissj., til þess að standast kostnaðinn, sem hlaut að verða mikill, eins og líka hefir komið í ljós, en að sá kostnaður verði undir nokkrum kringumstæðum lagður á einstaka menn og konur, sem kosin voru af Heimilisiðnaðarfél. til þess að hafa forgöngu í málinu, virðist með öllu óhugsanlegt. En eins og þessu máli horfir nú, er ekki útlit fyrir annað en að rekstrarhalli sýningarinnar lendi eingöngu á herðum þeirra, sem framkvæmd málsins höfðu með höndum, ef ekki er hlaupið undir bagga og veittur sá styrkur, sem ég fer fram á með þessari brtt. minni. Í raun og veru er þessi upphæð hvergi nærri nóg, því að rekstrarhallinn er um 7000 kr. En lítið er betra en ekki neitt, enda væri það með öllu óhæfilegt, ef slíkt yrði látið viðgangast, að einstakir menn, sem sjálfir unnu kauplaust viku eftir viku og lögðu hart að sér fyrir málefnið, bæru það eitt úr býtum að verða að standa straum af þessum ekki óverulega rekstrarhalla. Leyfi ég mér því að vænta þess, að hv. þm. virði málið eins og það er og samþ. þessa till. mína.

Þá flyt ég till. á þessu sama þskj., 297, XXVII, ásamt hæstv. forseta þessarar d., þar sem farið er fram á það, að fjárveitingin til ungfrú Halldóru Bjarnadóttur verði hækkuð úr 1800 kr. upp í 2500 kr. — Þykist ég ekki þurfa að orðlengja um starf Halldóru Bjarnadóttur. Hana þekkja allir, sem einhver kynni hafa af heimilisiðnaði og fræðslumálum. Svo mjög hefir hún verið við þau mál riðin. Hefir hún árum saman beitt sér fyrir þessum málum og greitt götu þeirra í ræðu, riti og starfi. Má í því sambandi minna á ársritið Hlín, sem Samband norðlenzkra kvenna gefur út og ungfrú Halldóra hefir annazt og ritað að miklu leyti. Hefir hún lagt þar fram mikla vinnu og lagt margt líðsyrðið góðu málefni. En það, sem sérstaklega vakir fyrir ungfrú Halldóru með þessari styrkbeiðni, er sú starfsemi, sem aðrar þjóðir, ekki sízt Norðmenn, tíðka talsvert, og er fólgin í nokkurskonar umferðaráðunautsstarfi. „Hjemmenes konsulent“ kalla Norðmenn þá, sem slíkt starf inna af hendi. Má með sanni segja, að Halldóra Bjarnadóttir hefir reynzt ísl. húsmæðrum ráðhollur leiðbeinandi á ferðum sínum um þetta land. Og það getur engan veginn kallazt lítilfjörlegt atriði fyrir konur, sem búa í afskekktum sveitum, að fá heimsókn um skemmri eða lengri tíma ef menntaðri, víðsýnni, góðri og göfugri konu, sem er til þess albúin að veita holl ráð og leiðbeiningar, fyrst og fremst í öllu, sem lýtur að heimilishaldi og húsmæðrum, og þar að auki um margt fleira, auk þess sem slíkar heimsóknir eru hvetjandi tilbreyting í fábreyttu lífi hinnar önnum köfnu íslenzku sveitakonu. Ég veit það líka fyrir víst, að Halldóra Bjarnadóttir á mikil ítök á ísl. heimilum, og ekki munu konur þessa lands telja það eftir, þótt hún fengi þá ósk sína uppfyllta, að hækkaður yrði þessi styrkur til hennar, svo að hún gæti að fullu og öllu gefið sig að áhugamálum sínum og þannig starfað bæði fyrir einstaklinginn og heildina. Tel ég fáar konur betur til þess hæfar en einmitt Halldóru Bjarnadóttur, að sameina dreifða krafta og hvetja heilbrigða starfslöngun hjá þeim ungu. Ungfrú Halldóra hefir sótt um 3000 kr. árslaun til þingsins. Upphæðinni hefir þó ekki enn verið þokað upp úr þeim 1800 kr., sem henni hafa verið ætlaðar að undanförnu. Sýnilegt er, að sú fjárhæð nægir ekki til þess, að hún geti gefið sig að miklum

ferðalögum, sem eru dýr, en henni óhjákvæmileg til þess að geta komið fram margvíslegum hagsbótamálum kvenna þessa lands. Þess vegna er hér farið fram á hækkun á þessum launum úr 1800 kr. upp í 2500 kr., sem sízt geta talizt of há laun, og vart mundu karlmenn hafa beðið um svo lítið, hafandi í huga það starf, sem Halldóra Bjarnadóttir ætlast fyrir um og hefir um undanfarin ár stundað, svo sem efni hennar og tími hefir frekast leyft. — Heimilisiðnaðurinn er aðaláhugamál Halldóru Bjarnadóttur, og í sambandi við hann sýningar á iðnaðinum, sem hljóta að hafa glæðandi áhrif á hugi manna, og takist að örva iðni og smekk unga fólksins fyrir heimafengnum iðnaði, í hverri mynd sem er, tel ég hiklaust, að heillavænlegt spor sé stigið á framfarabrautinni. Og er í rauninni aldrei ofgert við þá, sem að þvílíku starfa. Ég leyfi mér að skipa H. B. til sætis hjá þeim starfsmönnum þjóðarinnar, sem mest og bezt hafa unnið að okkar framfaramálum, og vona, að hv. d. sjái ástæðu til að viðurkenna starf þessarar mætu konu með því að samþ. þessa till.

Loks flyt ég till. ásamt hv. 2. landsk. þm., á þskj. 297, XVIII, þess efnis, að Maríu Hallgrímsdóttur cand. med. verði veittar 2000 kr. til framhaldsnáms í læknisfræði erlendis, eða til vara 1500 kr. Hér á hlut að máli ung og efnileg stúlka, sem nýskeð hefir lokið góðu prófi í læknisfræði hér við háskólann. Hefir hún ávallt stundað námið kostgæfilega, enda sýnir hún nú áhuga sinn í verkinu með því að vilja halda áfram að afla sér víðtækari þekkingar. Nú hefir hún í hyggju að fara utan til þess að leita sér frekari fræðslu á hinu víðáttumikla og margbrotna sviði læknislistarinnar. Mun það vaka fyrir henni að leggja stund á einhverja sérfræðigrein, og tel ég líklegt, að barnasjúkdómar verði fyrir vali hennar, þó að það sé ekki að fullu ráðið enn. Nú leggja læknavísindin mikla áherzlu á að koma í veg fyrir sjúkdóma þjóðanna með því að verja æskuna fyrir áföllum veikindanna, m. ö. o. byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í. Hlýtur það að vera sú rétta leið að fara í þessu efni, og því segir það sig sjálft, að mikil þörf er á því, að hin ungu læknisefni vor kynni sér þær leiðir læknisvísindanna, sem að þessu marki liggja. Að konur leggi sérstaklega stund á barnalækningar, hygg ég, að telja beri mjög æskilegt, en til þess að koma fram fyrirætlun sinni um framhaldsnám í læknisfræði, þarf þessi unga stúlka nauðsynlega á styrk að halda. Foreldrar hennar, sem hingað til hafa staðið straum af námi hennar svo að segja einvörðungu, eru þess ekki megnug að leggja fram það fé, sem utanför og viðbótarnám kostar. Þarf heldur engan að furða á því. Faðir hennar er barnakennari, og öllum getur verið það nokkurnveginn ljóst, að slík laun, sem kennarar yfirleitt hafa, hrökkva ekki til þvílíkra útgjalda, umfram heimiliskostnað og námsstyrk til annara barna, sem heima fyrir eru. Ég tel það mjög illa farið, ef ríkið er þess ekki megnugt að styrkja þessa ungu og efnilegu stúlku, sem er að búa sig undir að inna af hendi gott og þarft verk í þágu þjóðfélagsins. Og það er, að mér finnst, því meiri ástæða til þess að gera það, þar sem kona á hlut að máli. Konurnar hafa ekki til þessa verið svo ágengar á fjársjóði ríkisins, og virðist mér, að þær ættu fremur að njóta þess hjá hinu háa Alþingi. Eins og ég tók fram, er beðið um 2000 kr. og til vara 1500, en ekki er neinum blöðum um það að fletta, að fyrri upphæðin er sízt of há, enda þótt telja megi þá síðari góða hjálp. Treysti ég því hv. d. til að samþ. þessa brtt. mína.

Ég hefi þá mælt fyrir öllum brtt. mínum og skal nú ekki þreyta hv. d. mikið lengur, en áður en ég sezt niður, vildi ég drepa lítillega á málefni, sem hv. 2. landsk. hreyfði hér í dag og ég tel hið þarfasta. Er það mál sjómannanna, þeirrar stéttar, sem öll afkoma okkar byggist fyrst og fremst á, og má segja, að seint verður ofgert við þá stétt. Aðrar þjóðir hafa líka opin augun fyrir þessu og með öllum menningarþjóðum eru starfandi fleiri og færri sjómannastofur og spítalar fyrir sjómenn. Ég saknaði þess úr ræðu hv. 2. landsk., að hann minntist ekki á þær tvær sjómannastofur, sem þegar eru starfræktar hér á landi, önnur af Hjálpræðishernum, en hin af nokkrum mönnum, sem kosin var í þessu skyni fyrir 6 árum. Þótt starfið í sjómannastofum

þessum hafi ekki verið í neinum stórum stíl, vildi ég þó ekki láta ganga framhjá þessum vísi að þessari starfsemi hér hjá okkur, því að ég veit, að þessar stofur hafa, þó að ófullkomnar séu, unnið margt gott í þágu sjómannanna, innlendra sem erlendra. Þeir fá þar góðar viðtökur, þegar þeir koma þangað hraktir af sjónum, geta skrifað þar bréf sín og fengið sér ódýrar hressingar, auk þess sem þar eru öðru hverju haldin smásamsæti fyrir þá og uppbyggilegar samkomur. Satt er það, að nauðsynlegt er að efla sjómannastofurnar frá því, sem nú er, og ég skal ekkert um það segja, hvernig því yrði bezt hagað í framtíðinni, en mér finnst, að ekki ætti að vera útilokað, að Sjómannafél. gæti haft samvinnu við þessa n., sem ég gat um, til þess að hrinda þeim málum sem bezt áleiðis, því að sú n. hefir þegar sýnt það, að hún er starfi sínu vaxin. Ég vildi aðeins bæta þessu við ræðu hv. 2. landsk., því að ég er þessari till. hans um styrk til Sjómannafél. í þessu skyni að öðru leyti meðmælt.

Guðmundur Ólafsson [óyfirl.]: Ég geri nú ekki ráð fyrir, að ég tali jafnvel fyrir brtt. eins og margir hv. þm. hafa gert upp á síðkastið. Kannske er það tilfinningarleysi hjá mér, að ég get ekki talað eins hjartnæmt um ýmsa styrki eins og ýmsir hv. þdm. hafa verið að gera í dag. Þegar einhver fyrirtæki, sem margir standa að, vilja fá styrk, þá er ógerandi að mæla jafnhjartnæm orð um þau öll eins og þegar beðið er um styrk handa einstökum mönnum, enda tekur það ekki eins til hjartans. Það er a. m. k. svo um þetta yngra fólk, sem sótt er um stuðning fyrir, að það býr svo óvenjulega mikið í því, að það eru allar líkur til þess, ef allt þetta er rétt, sem um það er sagt, að það muni skara fram úr öllu, sem við þekkjum hér, þegar það er búið að njóta góðs af styrknum. Ég vil nú halda, að það komi ekki alltaf beint fram, að þetta námsfólk verði eins framúrskarandi þegar út í lífið kemur, eins og það var, meðan það var að nema.

Ég er ekki að segja með þessu, að aðeins minni hl. þeirra, sem biðja Alþ. um styrk, þurfi á því að halda, en ég verð að segja, að mér ofbýður næstum, hvað margar og fjárfrekar sumar þessar beiðnir eru, þegar ég ber þær saman við till. n., því ekki er hægt að segja, að hún vilji breyta fjárl. mikið að þessu sinni.

Mér koma við aðeins 3 brtt. á þskj. 297 við þessa umr., og ég er svo heppinn, að fyrri flm. að tveim þeirra hafa talað rækilegar fyrir þeim en ég treysti mér til að gera.

Önnur er um lítilfjörlegan styrk til námsmanns, sem var mikið gott sagt um af hv. 3. landsk. Hann hafði í höndum meðmæli kennara hans og ýmissa listamanna annara. Ég vona því, að hv. d. gangi ekki á móti því, að þeir hafi sagt rétt frá manninum og fallist því á þessa till. okkar.

Ég á aðra brtt. ásamt hv. 6. landsk., sem hún hefir talað mjög vel fyrir, og það er ekki hægt að segja um þá konu, sem þarna sækir um styrk, að maður þurfi að vera í vafa um, hvað í henni býr. Hún er búin að sýna það og hefir gegnt þessu starfi, sem hún hefir gert að lífsstarfi sínu, í upp undir 20 ár, svo að ég sé ekki ástæðu til að fara að kynna hana fyrir þessari d. Það getur verið rétt að styrkja þá, sem efnilega líta út í æskunni, en ekki er óvissari að veita þeim styrk, sem eru búnir að sýna, að þeir eiga það skilið, og hafa varið æfi sinni í þágu alþjóðar.

Í báðum þessum tilfellum er farið fram á svo smáar upphæðir, að ekki er hægt að bera við fjárskorti til að fullnægja þeim. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þessar till.; það yrði þá ekki fyrr en ég heyrði einhvern tala á móti þeim, að ég gæti bætt fáeinum orðum við.

Annars er ég ekki einn flm. að nema einni smárri till., við 16. gr. 41, að þar komi nýr liður, til Fiskiræktarfél. Blöndu, 700 kr. Þetta fél. hefir styrk í þessa árs fjárl., 500 kr. Nú hefi ég nýlega fengið umsókn frá því, þar sem það fer fram á, að styrkurinn verði nú heldur hærri, eða 700 kr., því að kostnaður þess hafi orðið svo mikill, að 500 kr. styrkurinn hafi ekki nægt. Þetta félag hefir nú starfað í 2 ár og nær yfir nær 70 bæi, og tilgangurinn er, eins og hv. dm. er kunnugt, a. m. k. þeim, sem voru á þingi í fyrra, að reyna að koma á veiði í á, sem áður var veiði í, en er ekki nú, og

er það gert með því að flytja þangað laxa- og silungsseiði. Þar sem ekki er um laxaklak að ræða þar nálægt, hefir orðið að sækja þessi seiði til Árnessýslu og flytja þau norður. Sú reynsla, sem þegar er komin, er ekki önnur en að þó nokkur hluti af því, sem var flutt þangað í fyrrasumar, sást með lífi í vor sem leið. Það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. d., að þetta er arðvænlegt, ef það gæti lukkazt; en þessi styrkur er auðsjáanlega svo lítill, að hann getur ekki orðið til þess að létta verulega kostnaðinn á félagsmönnum, en fremur er sótt um hann til þess að fá viðurkenningu Alþ. um að þetta sé þó nytjamál.

Alþ. veitti þessu fél. í fyrra styrk, að upphæð 2000 kr., í því skyni að ná tálma úr þrengsli í ánni Blöndu, sem tafði fyrir laxgöngu og kennt hefir verið um, að ekkert hefir veiðzt þar fyrir ofan í herrans mörg ár. Eru allar líkur til, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að þetta takist.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vil bæta því við, að þegar sótt var um þennan 500 kr. styrk í fyrra, gat ég þess, að fél. byggist við að sækja um slíkan styrk í 4 ár, og ef því yrði veittur styrkur þennan tíma, þá yrði hann alls ekki nema liðugar 2 þús. kr., þótt aðaltill. mín yrði samþ. Ég held, að Alþ. hafi oft styrkt vafasamari mál en þetta og varið meira fé til þeirra.

Pétur Magnússon: Ég held, að ég geti lofað því fyrirfram, að hneyksla ekki hv. þm. A.-Húnv. með neinum hjartnæmum orðum, enda fer það saman, að ég hefi enga námsmenn að mæla fyrir, og ég býst við, að hjartnæm orð myndu verka lítið á hina mörgu tómu stóla hér í d.

Ég á tvær till. á þskj. 297. Sú fyrri er við 13. gr. a, 2, IV, Holtavörðuheiðarvegur, þar sem lagt er til að hækka fjárveitinguna til hans úr 30 þús. kr. upp í 60 þús. kr.

Eins og hv. dm. er vafalaust kunnugt, er Holtavörðuheiði vestust þeirra heiða, sem skilja Borgarfjarðarhérað og Norðurland, og liggur hún milli Norðurárdals og Hrútafjarðar. Vegur um þessa heiði hefir um langt skeið verið aðalsamgönguleiðin milli Borgarfjarðar og Norðurlands. Fyrir 2—3 árum var heiðin rudd, og bifreiðaferðum hefir síðan verið haldið uppi um sumartímann. Vegurinn er þó mjög slæmur, og hefir verið talinn versti kaflinn á allri leiðinni frá Rvík til Akureyrar. Sérstaklega er suðurhluti heiðarinnar stórgrýttur og kostnaður við lagfæringu á honum svo mikill, að vegamálastjórinn hefir ekki séð sér fært að leggja það fé til, að vegurinn gæti orðið sæmilegur.

Vegurinn liggur mjög óheppilega, er víða í lægðum, sem fyllast af snjó strax á haustin, og liggja undir snjó þangað til langt fram á vor. Ég fór yfir Holtavörðuheiði 8. júní. Þá var um langan tíma búið að vera algerlega snjólaust á mörgum heiðavegum, en á Holtavörðuheiði voru þá 4—5 mjög stórir og djúpir skaflar, sem hindruðu alla vagnaumferð. Síðan var svo mokuð braut gegnum skaflana, og hefir það kostað allmikið fé.

Eins og nú er ástatt, er það því aðeins um hásumarið, sem þessi aðalleið milli Norður- og Suðurlands er vagnfær, en um aðrar vagnfærar leiðir er ekki að ræða. Vor og haust verða því ferðamenn að basla við að útvega hesta með ærnum tilkostnaði, og hljóta allir að skilja, hvílíkur trafali það er, að þurfa að ferðast aðra stundina í vögnum og hina á hestum.

Þetta er einmitt þann tíma árs, — vor og haust, — sem fólksflutningaþörfin er hvað mest milli Norðurlands og höfuðstaðarins. Íbúar sveitanna nota jafnaðarlega þann tíma til þess að fara þær langferðir, sem þeir þurfa að fara; eins er um námsfólk, sem er að fara heim, fólk, sem er að fara í atvinnu o. fl. o. fl. En eins og strandferðunum er hagað, hlýtur aðalleiðin alltaf að verða um Holtavörðuheiði. A. m. k. á þetta við um Húnavatnssýslurnar báðar, talsverðan hl. Skagafjarðarsýslu, og að nokkru leyti Strandasýslu. Svo framarlega sem vegirnir eru þolanlegir, verður bæði ódýrara og fljótlegra að fara landveg heldur en með strandferðaskipunum, sem elta flestar hafnir á leiðinni.

Löggjafarvaldið hefir fyrir löngu komið auga á þörfina á sæmilegum vegi þessa leið. Hefir vegur verið lagður um Borgarfjörð og upp Norðurárdal, og var gert ráð fyrir, að upphleyptur vegur yrði

kominn að Hrútafjarðará árið 1932; en úr því getur sýnilega ekki orðið og stafar það af því, að undanfarið hefir verið unnið að vegagerð svo víða á landinu, að það hefir þurft að draga úr fjárveitingum til þessa vegar.

Vegurinn er nú kominn upp í heiðarsporð, eða verður það í haust. Nú er verið að vinna fyrir neðan Fornahvamm, en það er aðeins lítið tímaspursmál, hvenær vegurinn fyrir sunnan Norðurá verður kominn í samband við vegarspottann, sem búið er að leggja frá Fornahvammi upp í heiðarsporð.

Í ráði er að breyta vegarstæðinu líka frá því sem nú er og leggja veginn eftir hæðum, þar sem gera má ráð fyrir, að hann verði miklu lengur vagnfær en þar sem hann liggur nú. En þannig hagar til, að þetta fyrirhugaða vegarstæði sker gömlu brautina í tveim stöðum, og mun vera álíka langt frá vegarendanum, sem nú er, að syðri skurðarpunktinum, sem er lítið eitt fyrir neðan Hæðarstein, og þeim nyrðri, sem er skammt fyrir sunnan brúna á Miklagili. Ef sú leið væri farin, að taka þetta í þrem áföngum, og veitt yrði nægilegt fé til þess að því yrði lokið á 3 árum, gæti það, sem lagt er, jafnóðum komið að fullum notum. Verði þetta ekki gert, heldur fjárveitingar skornar við nögl, þá kemur það, sem gert er fyrsta árið, ekki að neinu haldi fyrr en í fyrsta lagi árið eftir; því að það yrði allt of dýrt að leggja afleggjara yfir á gömlu brautina, enda varla kleift. Sérstaklega er nauðsynlegt, að fyrsta fjárveitingin verði það há, að vegurinn komist þegar næsta sumar að skurðarpunktinum fyrir neðan Hæðarstein, vegna þess að vegurinn sunnan í heiðinni er svo illur yfirferðar, að það er rétt á takmörkunum, að hann geti talizt vagnfær, og ef á að halda áfram að leggja fé í viðhald hans, hlýtur það óhjákvæmilega að fara vaxandi ár frá ári.

Ég skal taka það fram, að ég hefi átt tal við vegamálastjóra um þetta, og hann leggur eindregið til, að fjárveitingin verði hækkuð frá því, sem áætlað er í fjárlagafrv., og mun hann telja, að í till. minni sé sízt farið fram á of mikið.

Það þarf ekki að benda á, að það er veigamikið fyrir sýslurnar norðanlands, að þessi vegur sé gerður vagnfær og honum haldið sem lengst opnum. Ef stöðugir flutningar geta hafizt milli Húnavatnssýslna og höfuðstaðarins, verða þær lítið verr settar en t. d. Rangárvallasýsla um að koma afurðum sínum á markað. Ennfremur er á það að líta, að flutningar yrðu miklu ódýrari en nú er, því slitið á vögnum verður mjög mikið, meðan vegirnir eru jafnslæmir og nú.

Þessi vegur er ein af lífæðunum í vegakerfi landsins, og ég held, að hvergi sé meiri þörf fyrir aukna vegagerð heldur en einmitt á þessu svæði. Ég vænti þess því, að hv. dm. líti á þessa tillögu með velþóknun og sjái sér fært að samþ. hana.

Hin brtt., sem ég flyt, er X. brtt. á þskj. 297. Þar hefi ég lagt til, að fjárveiting til flóabátaferða verði hækkuð um 500 kr. Þessi till. er miðuð við það, að framlag til Hvalfjarðarbátsins verði hækkað um þessa upphæð. Nú er gert ráð fyrir 1500 kr. til hans.

Ég hefi fyrir framan mig áskorun frá þingmálafundi, sem haldinn var 6. febr. síðastl. á Ferstiklu, þar sem samþ. var að skora á Alþ. að auka styrkinn til Hvalfjarðarbátsins.

Það hagar þannig til, að næstu hreppar fyrir norðan Hvalfjörð, og að nokkru leyti Kjósarhreppur líka, flytja afurðir sínar, mjólk og rjóma, til Rvíkur, eftir því sem föng eru á. Þessi bátur hefir aðeins fáar fastar áætlunarferðir, en auk þess fer hann margar aukaferðir. Ef styrkurinn er hækkaður upp í 2000 kr., geta orðið a. m. k. 2 og jafnvel 3 fastar ferðir á viku. Það munar miklu fyrir íbúana, hvort það eru fastar ferðir eða aukaferðir, því að oft vita menn ekki um aukaferðirnar fyrr en of seint. Ef hinsvegar væri fjölgað fastaferðunum, myndu menn geta komið afurðum sínum á markað í Rvík í sæmilegu ástandi.

Ég býst við, að einhver mundi vilja svara því til, að vegurinn, sem nú hefir verið ruddur inn fyrir Hvalfjörð, gæti bætt úr þessu samgönguleysi. En svo er ekki. Sá vegur er vagnfær aðeins lítinn hluta ársins. Hann liggur utan í bröttu fjalli, og auk þess eru þrjár stórár óbrúaðar á leiðinni. — Þetta er svo óveruleg hækkun, sem till. fer fram á, en hagur að

henni svo mikill, að ég vænti þess, að hv. þdm. horfi ekki í þessar 500 kr.

Ég skal ekki þreyta hv. þdm. með fleiri orðum um till. mínar, en það eru nokkur atriði önnur, sem ég verð að minnast á.

Fyrst er það 7. brtt. á þskj. 283, þar sem lagt er til, að niður falli tillag til Fiskifél. Íslands, 6000 kr. Eins og hv. þdm. mun kunnugt, gera l. nr. 46 1930, um Fiskveiðasjóð, ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram til sjóðsins 1 millj. kr., og sé það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstj., hvenær greiðsla fari fram og á hvern hátt. Þessar 6000 kr. eru að vísu ekki mikil upphæð, og munar ekki ýkja miklu fyrir Fiskveiðasjóðinn, hvort hún er af hendi látin eða ekki, en ríkissjóðinn munar þetta heldur ekki miklu. Ég álít hinsvegar, að það sé illa til fallið að fella þetta niður, einkanlega, ef tekið er tillit til þess, að ræktunarsjóðurinn fær aðaltekjur sínar af sjávarafurðum. Því álít ég ekki rétt, að þessi greiðsla sé felld niður.

Ég vil einnig gera grein fyrir afstöðu minni til 25. gr. fjárlagafrv. og vil lýsa yfir því, að ég mun greiða atkv. gegn henni. Hún er þess efnis, að stj. sé heimilt að draga úr þeim útgjöldum, sem ákveðin eru í fjárl., allt að 25%, og fæ ég ekki betur séð en að þessi till. sé einn liður í þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið síðustu árin til þess að draga fjárveitingavaldið úr höndum Alþ. í hendur stj. Ég verð að segja, að mér virðist það næsta merkilegt, hvað þetta hefir gengið fyrir sig hljóðalaust, því að hér er um svo þýðingarmikið mál að ræða, að maður skyldi ætla, að gætt væri hinnar mestu varkárni í því af hálfu löggjafarvaldsins. Í sjálfu sér má náttúrlega um það deila, hvort væri hentara, að fjárveitingavaldið sé í höndum stj. eða þingsins. Ef gert er ráð fyrir, að stj. sé alltaf skipuð beztu og hæfustu mönnum, væri vafalaust heppilegast að láta hana hafa öll völd, jafnt í þessum efnum eins og öðrum. Það er gamla einveldiskenningin. En gallinn er bara sá, að forsjónin virðist ekki alltaf fylgja þeirri reglu að gefa þeim vit og góðvilja, er hún gefur embætti. Hættan er jafnan sú, að stj. hugsi meir um að auka sjálfri sér fylgi en að efla gengi þjóðarinnar. Þessa reynslu höfum við líka fengið. Sú stj., er setið hefir að völdum, hefir haft fjárveitingavaldið í sínum höndum og notað það fyrir sjálfa sig, en ekki fyrir hagsmuni þjóðarinnar. Þetta verður að breytast, og það má merkilegt heita, hvað sá þingmeirihl., sem nú er, lætur leiða sig langt í þessu, því að honum má vera það ljóst, að hann verður ekki eilífur meiri hl., og þótt síðar verði, kann það að koma honum í koll, að hafa látið slíkt viðgangast. [Fundarhlé].

Ég hafði fyrir fundarhléð sýnt fram á, að ákvæði 25. gr. væru einn þátturinn í tilraun stj. til að draga fjárveitingavaldið úr höndum Alþ., til þess að hún gæti verið sem einráðust um það, hvernig fénu væri varið, og ég leiddi rök að því, hversu varhugavert væri að ganga þá braut.

Áður en ég skil alveg við að tala um þetta atriði, vil ég benda á það, að það er ekkert útlit fyrir, að knýjandi ástæða sé til að setja slíkt ákvæði sem þetta inn í fjárlögin. Ég hygg, að ekki sé hægt að segja annað en að tekjuáætlun fjárl. sé mjög varkár, enda þótt hún hafi verið allmikið hækkuð frá því sem hún var í frv. stj. Það er því engin ástæða til að ætla, að tekjurnar hrökkvi ekki til að greiða þau útgjöld, sem frv. gerir ráð fyrir, svo framarlega sem fjármálum landsins verður næsta ár stjórnað af einhverjum hyggindum, en ekki viðhöfð gegndarlaus eyðsla eins og verið hefir síðustu ár, því að þá gæti farið svo, að ekki væri unnt að standa í skilum með þær greiðslur, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég hygg, að stj. hafi nú lært það af reynslunni, að hún verði varkárari í fjármálum en hún hefir verið hingað til. En jafnvel þó að stj. stýrði fjármálunum þannig, að ekki væri unnt fyrir hana að standa í skilum, þá vildi ég þó heldur af tvennu illu láta hana á eigin spýtur grípa til þess að draga úr gjöldum fjárl. heldur en að gefa henni undir fótinn með heimild í fjárl. að mega nota fjárveitingavaldið eftir eigin vild, og ég get ekki séð annað en að eigi að fara þá braut, þegar fyrst er felld till., sem miðar að því að leggja hömlur á það, að stj. veiti meira fé en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, og svo á að setja á eftir ákvæði inn í frv., sem heimilar stj. að draga úr

gjöldunum eftir vild. Ef þessi grein yrði samþ., þá hefði stj. vissulega ástæðu til að ætla, að Alþ. væri ekki sárt um það, þó að það afsalaði sér að miklu leyti því valdi, sem það hefir eftir stjórnarskrá landsins til þess að ráða, hvernig farið er með fé ríkissjóðs. Ég mun því, eins og ég hefi áður sagt, greiða atkv. á móti 25. gr. frv.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um till. hv. 1. landsk. um að veita 5000 kr. til að leiðrétta villur í hinum svonefndu skýrslum um framkvæmdir ríkisins 1927—1930. Ég mun greiða atkv. á móti þessari till., og vil ég gera grein fyrir, hvernig á því stendur. Þessi margumtalaða bók er nefnd „Skýrslur um framkvæmdir ríkisins", en ég get ekki skilið, hvernig nokkur getur haldið því fram, að hér sé um hlutlausar skýrslur að ræða. Allar skýrslurnar, frá fyrstu til síðustu síðu svo að segja, eru látnar líta svo út sem þessar framkvæmdir ríkisins séu fyrir forgöngu eins stjórnmálaflokks í landinu, nefnilega stjórnarflokksins. Aftur á móti er látið líta svo út sem Sjálfstæðisflokkurinn hafi barizt með hnúum og hnefum á móti öllum framkvæmdum. Bókin er þannig augljóslega „agitatorisk", reynir að draga fram ágæti eins stjórnmálaflokks og niðra öðrum.

En þessi svokallaða skýrsla er ekki eingöngu „agitatorisk", heldur einnig hlutdræg og röng. Ég skal ekki segja, að svo mikið af tölunum sé rangt. Það getur verið, að þar séu einstöku skekkjur, en ég hygg, að þær séu allflestar í samræmi við sannleikann, án þess þó að ég hafi sérstaklega rannsakað það. En flest annað er hlutdrægt eða rangt. Það eru teknir sannir viðburðir, snúið út úr þeim og reynt að gefa þeim annað útlit en þeir eiga með réttu að hafa. Það þarf engar 5000 kr. til að leiðrétta slíkar skýrslur. Það nægir að gefa út auglýsingu eða senda þeim bréf, sem bókina fengu. Það bréf gæti verið eitthvað á þessa leið: „Flestar tölur eru réttar, allt annað er rangt eða hlutdrægt".

Þessu til sönnunar vil ég benda á nokkra kafla í bókinni, og þá fyrst þann, sem ætla mætti, að erfiðast væri að koma hlutdrægni að, og það er kaflinn um vegina. Samt skín þar sama hlutdrægnin í gegn og alstaðar annarsstaðar. Þar er ekki talað um, þegar hv. þm. Borgf. og hv. fyrrv. 2. þm. Skagf. báru fram á þingi 1928 till. um að hækka framlag til vega. Nei, það er heldur minnzt á það, að hv. 1. landsk. hafi sagt, að hann vildi láta vera kominn bílfæran veg frá Borgarnesi til Akureyrar árið 1940, en athugasemdalaust skýrt frá, að þessari vegagerð hafi verið lokið ári eftir að Framsóknarflokksstj. tók við völdum. Það er svo sem ekki verið að skýra frá, að **lagður** vegur er kominn **skemmra** en hv. 1. landsk. hafði ráðgert.

Sama er að segja um kaflann um póstgöngur, strandferðir, skóla, tollgæzlu, ríkisbókhald og ríkisstofnanirnar. Frásögnin um það, sem gert hefir verið í þessum málum, er öll meira og minna hlutdræg. Og ef nú ætti að ráðast í að leiðrétta allar þessar skekkjur, væri ekkert vit í að gefa stj. frjálsar hendur um það. Það yrði þá að fela einhverri hlutlausri stofnun, t. d. hagstofunni, að gefa út réttar skýrslur.

Ég er nú ekki ennþá alveg viss um, að flokkur hæstv. stj. láti henni haldast uppi að gefa slíka bók sem þessar svonefndu skýrslur út á ríkisins kostnað. Ég veit, að margir fylgismenn stj. álíta, að ýmislegt af efni þessarar bókar sé öðruvísi en það ætti að vera. Ég vil því í lengstu lög vænta þess, að flokkurinn neyði stj. til að endurgreiða kostnað bókarinnar úr flokkssjóði framsóknarmanna. Bókin er kosningarit og ekkert annað. Það viðurkenndi hæstv. forsrh. sjálfur eftir þingrofið í vor, þegar hann gaf þá yfirlýsingu, að þetta rit skyldi ekki verða sent út fyrr en eftir kosningar. Það var ekki hægt að gefa skýrari yfirlýsingu um það, að þetta væri pólitískt rit, en með þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh.

Ég vænti þess, að ég hafi með þessum orðum gert næga grein fyrir því, hvers vegna ég greiði atkv. á móti þessari till. hv. 1. landsk. Það er ekki af því, að ég telji skýrsluna ekki þurfa leiðréttingar við, heldur af því, að skýrslan er þannig, að það er ekki hægt að leiðrétta hana.

Ingvar Pálmason [óyfirl.]: Ég þarf ekki að vera margorður. Ég á að vísu 3 brtt., en þær eru allar þess efnis, að

þær gera enga röskun á tekju- eða útgjaldaáætlun fjárl.

Fyrsta brtt. er um 15 þús. kr. ábyrgð fyrir Búðahrepp í Fáskrúðsfirði til rafvirkjunar. Á þessari beiðni stendur þannig, að í fjárl. 1930, að ég ætla, var ákveðin ábyrgð til raforkuversins. Síðan var rafveitan byggð á þann hátt, að hún kostaði ekki nema 75 þús. kr., svo að ábyrgðarheimild ríkisins var ekki notuð að fullu. En síðasta vetur voru á Austurlandi eins og annarsstaðar óvenjulega mikil frost. Þá reyndist vatnsmagn stöðvarinnar of lítið til að fullnægja rafmagnsþörf kauptúnsbúa. Verkfræðingurinn, sem mældi fyrir þessari stöð og gizkaði á, að vatnsmagnið mundi reynast nóg, hafði ekki mælt rennsli vatnsfallsins í nægilega mörg ár. Reynslan hefir því sýnt, að vatnsmagnið verður stöku sinnum of lítið með því fyrirkomulagi, sem nú er. Nú er hægt að fá þarna vatnsaukningu, og er gert ráð fyrir, að sú viðbót muni kosta 45—50 þús. kr. Nú þykir kauptúnsbúum nokkuð mikið að ráðast í þetta, þar sem það vatnsmagn, sem þeir hafa nú yfir að ráða, er nægilegt undir flestum kringumstæðum, nema á vetrum, þegar frost eru mikil. Þeir hafa þess vegna horfið að því ráði að fá mótor, sem yrði þá notaður, þegar vatnsmagnið reyndist of lítið, og er kostnaður við það áætlaður um 15 þús. kr., og rafveitun. gerir ráð fyrir, að rekstrarkostnaður muni ekki aukast að mun. Það er því ósk mín, að hv. d. verði við þessari sanngjörnu ósk kauptúnsbúa og endurveiti nú þessa 15 þús. kr. ábyrgð, því að þessi till. fer ekki fram á annað en að gefið loforð sé uppfyllt.

Önnur brtt. mín er líka um ábyrgð. Hún er um að heimila stj. 25 þús. kr. viðbótarábyrgð til Neskaupstaðar til barnaskólabyggingar. Eins og menn muna, var stj. heimilað að ábyrgjast 124 þús. kr. lán til barnaskólabyggingar í Neskaupstað. Nú er þetta hús fullgert og hefir kostnaður við bygginguna farið nokkuð fram úr áætlun, eins og oft vill verða, en þó ekkert geysimikið, því að fyrst var ráðgert, að húsið kostaði 140000 kr., en eftir því sem ég veit bezt, mun kostnaðurinn hafa orðið fullar 160000 kr. Húsið er mjög vandað og er gert ráð fyrir, að þó að það sé erfitt fyrir bæjarbúa að koma þessu húsi upp, muni þetta hús duga sem fullkominn barnaskóli næstu mannsaldrana.

Því er svo háttað með þetta hús, að ein hæðin er að mestu leyti leikfimissalur, og er fyrirkomulagið þannig, að ef þarf, má taka hann og gera úr honum kennslustofur, og mundi hann þá rúma um 200 nem. Það, sem yrði þá að inna af hendi í framtíðinni, væri það að sjá barnaskólanum fyrir leikfimishúsi. Til þess þarf þó varla að taka í náinni framtíð, því að þótt tala bæjarbúa tvöfaldaðist, þá mundi skólinn nægja eins og hann er nú.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, að það er mikil sanngirniskrafa, að ríkið styrki þennan bæ til að gera barnaskólann svo úr garði, að hann sé sem beztur, með því að ábyrgjast þetta lán skólans vegna, sem taka á innanlands, því að einmitt vegna þess, að Neskaupstaður fékk nú fyrir nokkrum árum bæjarréttindi, losnaði ríkissjóður undan þeirri kvöð, sem hvílir á ríkinu viðvíkjandi hreppsfélögum að leggja fram til barnaskólabygginga ½ kostnaðar, og auk þess sjá fyrir láni hreppsfélaginu til handa fyrir framlagi hreppsins. Við þetta losnaði ríkissjóður við þessa kvöð, þegar kaupstaðurinn fékk sín bæjarréttindi. Ég vænti því þess, bæði vegna þess, sem ég hefi nú tekið fram, og líka vegna þess styrks, sem ríkissjóður hefir úr þessu bæjarfél., að þessi hv. d. vilji samþ. þessa sanngjörnu till.

Þá kemur þriðja og síðasta brtt. mín, og er hún þess efnis, að Alþ. heimili ríkisstj. að ábyrgjast fyrir samvinnufél. Eskfirðinga lán til kaupa á fiskiskipum, allt að ⅘ kaupverðs skipanna, fullbúnum til fiskveiða, allt að 50 þús. kr. Skal lánið tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Eskifjarðarhrepps og 1. veðrétti í skipunum.

Hér er farið fram á 50 þús. kr. ábyrgð. En í fjárl. fyrir árið 1930 var ríkisstj. heimilað að taka á sig 90 þús. kr. ábyrgð. Það hefir nú ekki orðið úr því, að ábyrgðin fengist, og þessu fél. hefir ekki lukkazt að geta hrundið þessu máli áfram, að fél. eignist vísi til skipastóls til bjargræðis fyrir kauptúnið. Fiskveiðasjóður hefir neitað um fé til skipakaupa, nema rík-

isábyrgð fáist einnig. Ég skal ekkert um það segja, á hverju þetta er byggt, en reyndin er þessi.

Það er sérstök ástæða til að styðja slíkar framkvæmdir, og ekki sízt í því kauptúni, sem hefir orðið fyrir 2 tilfinnanlegum óhöppum á síðastl. ári. Frá Eskifirði hefir verið gert út gufuskip, og hafa Eskfirðingar haft atvinnu á skipinu og eins verkafólk í landi við að verka aflann. Þetta skip hefir líka verið gert út á síld. En síðastl. vetur var skipið selt og við það minnkaði skipastóllinn og bjargræðisvegir kauptúnsins. Í byrjun síðastl. mánaðar kom annað óhapp fyrir útveginn, að stærsti vélbáturinn, 20 smál. skip, var sigldur í kaf af togara. Mannbjörg varð, en skipið fórst. Þegar menn athuga þennan hnekki, sem orðið hefir í skipastólnum, þá má öllum vera ljóst, að eitthvað þarf að koma í skarðið, ef ekki á að verða tilfinnanlegur hnekkir í atvinnulífi kauptúnsins. Ég hygg, að það sé ekki síður ástæða til að hlaupa undir bagga með þessu kauptúni en gert er í þessu fjárlagafrv. hvað snertir Seyðisfjörð. Ég hygg, að full sanngirni mæli með því, að Eskifjarðarkauptún fái samskonar ábyrgð, og ég vænti þess, að það verði ekki síður tekið til greina fyrir það, hvað till. er hófleg. Þess er líka að gæta, að á Eskifirði hafa valdið rýrnun í skipaflotanum óhöpp, sem kauptúnsbúar geta ekki að neinu leyti kennt sér um. Ég vænti þess, að hv. d. taki þessari brtt. vinsamlega og ljái henni fylgi.

Áður en ég sezt niður, vildi ég minnast með fáeinum orðum á eina brtt. á þskj. 283. Það er brtt. frá fjvn., sem er þess efnis, að tillagið til Fiskveiðasjóðs Íslands falli niður. Það er viðurkennt, að ríkissj. er að l. ekki skuldbundinn til að leggja fram þetta framlag, þó nokkuð hafi verið bætt úr með Fiskveiðasjóði. En hér er ekki um stóra upphæð að ræða, og ég held, að þetta sé óþörf smámunasemi. Það er viðurkennt, að ennþá er Fiskveiðasjóður svo magnlaus stofnun, að það er full þörf á, að hann njóti fjárveitingar. Ég held, að það sé réttara að láta hann halda þessari upphæð, því það kemur honum að ofurlitlu gagni, en ríkissjóð munar ekkert um það. Þessar 6000 kr. ættu að nægja sem lánsfé út á allsæmilegt fiskiskip. Þegar svo Fiskveiðasjóður getur ekki fullnægt nema litlum hluta af þörfum landsmanna til bátakaupa, þá virðist ekki vert fyrir Alþ. að láta sig muna um þessa litlu upphæð. Auk þess gæti það litið svo út frá sjónarmiði þeirra, sem sjóðsins njóta, að þetta væri meir af óvild en sparnaði og ég veit, að hvorki fjvn. né Alþ. meina það með þessu. En mér er ekki grunlaust um, að það myndi verða skilið á þann veg. Það væri illa farið, ef sá misskilningur kæmist inn hjá þeim, sem sjóðsins njóta. Ég vænti þess, að fjvn. athugi þennan lið og sjái sér fært að taka þetta til greina.

Frsm. (Einar Árnason) [óyfirl.]: Eins og komið hefir fram við umr., liggja fyrir allmargar brtt. við fjárlagafrv. frá einstökum dm. Þessar till., ef samþ. yrðu, hefðu þau áhrif, að útgjöld ríkissjóðs myndu aukast, ef taldar væru heimildir með, um 700 þús. kr. Hinsvegar hefir það hvergi komið fram, hvar ætti að fá tekjur til að mæta þessum nýju útgjöldum. Nú vita allir hv. dm., að eins og frv. lítur út frá Nd., má segja, að það sé slétt, eða með öðrum orðum, að tekjur og gjöld standast á. Nú má vel vera, að þeir hv. dm., sem telja óhætt að auka útgjöld ríkissjóðs, sem nemi þessari upphæð, álíti, að tekjuáætlunin sé svo lág, að hún geti borið þessi auknu útgjöld, sem sé, að tekjur ríkissj. árið 1932 verði meiri og til muna meiri en ráð er fyrir gert í frv. Hv. 4. landsk. lét þau orð falla áðan, að tekjuáætlunin væri varleg. Ef til vill á að skilja þetta svo, að tekjuáætlunin sé svo varleg, að óhætt sé að bæta við útgjöldum. En til þess að gera sér grein fyrir því, hvort tekjuáætlunin er varleg eða ekki, verða menn að fallast á að athuga málið eins og það liggur fyrir. Það er þýðingarlaust að slá því fram órökstutt, að tekjuáætlunin sé lág. Það er nauðsynlegt að bera hana saman við undanfarandi ár. Ég sagði í fyrri ræðu minni hér í dag, að í þessu frv. væru tekjur ríkissj. áætlaðar hærri en nokkru sinni áður, og þess vegna vil ég segja frá því, hvað tekjur ríkissj. hafa verið áætlaðar á undanförnum árum í sambandi við fjárlagafrv., og ég fer ekki lengra en til 1929.

Árið 1929 voru tekjur ríkissj. áætlaðar 10,9 millj., árið 1930 11,9 millj., árið 1931 12,8 millj. og nú í þessu frv., ef það er reiknað eftir sama fyrirkomulagi og er á eldri frv., eru tekjurnar áætlaðar 13,5 millj.

Nú er ástæða til í sambandi við þetta að athuga, hvað tekjurnar hafa orðið á undanförnum árum, og ég fer þá ekki lengra aftur en til ársins 1927. Árið 1927 urðu tekjur ríkissj. 11,2 millj., árið 1928 urðu þær 14,2 millj., árið 1930 er, að ég hygg, ekki nákvæmlega uppgert, en þeir raunverulegu tekjustofnar er gert ráð fyrir, að hafi reynzt 16,3 millj. Þó að tekjur ríkissj. séu hærri en þetta 1930, þá komu þær tekjur annarsstaðar að, og er ekki hægt að gera ráð fyrir þeim nú. Nú má ekki gleyma því, að það má alltaf gera ráð fyrir nokkrum upphæðum, sem eru útborgaðar eftir heimildum og sérstökum lögum. Ef gert er ráð fyrir því, að útgjaldaliðir frv. standist raunverulega, þá hljóta þó alltaf að koma fram útgjöld samkv. heimildum og sérstökum lögum, sem ekki er hægt að sleppa með minna til á árinu en ½ millj. Ef við nú bætum við því, sem fólgið er í brtt., sem mun vera um 700 þús. kr., og till. n., sem eru um 500 þús. kr., þá er komin tekjuhækkun, sem nemur 1 millj. 200 þús. kr. Nú vita allir, að yfir standa krepputímar og að útlitið er ískyggilegt. Ég vil nú taka árið 1928, þegar tekjurnar námu 14,2 millj. Eru nú nokkrar líkur til, að tekjurnar 1932 verði meiri en árið 1928, en það var gott framleiðslu- og verzlunarár. Ef bætt er við þessar 1,2 millj., þá er komið upp í 14,7 millj., en árið 1928 urðu tekjurnar 14,2 millj. Og þó að við fengjum sömu tekjur og 1928, þá eru ekki líkur fyrir annað en það verði tekjuhalli, sem nemi ½ millj. kr., og ég ætla að láta hvern og einn hafa sitt álit um það, hvort tekjurnar 1932 verði meiri en 1928. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, til þess að hv. dm. yrði ljós niðurstaðan. Ég segi ekki, að ég í þessu efni tali fyrir hönd n., en ég þykist hafa athugað þetta svo vel, að ég hafi fulla ástæðu til að setja fram mína skoðun, og ég hygg, að hún styðjist við skoðanir meiri hl. fjvn.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að brtt. hv. dm. og segja frá afstöðu n. til þeirra. Þá verður fyrst fyrir brtt. frá hv. 2. landsk., sem er sparnaðartill., og fer hún fram á það, að borðfé konungs verði greitt í ísl. kr. Ég vil geta þess, að n. er á móti till. Það hefir verið tekin upp sú regla, að greiða borðfé konungs í dönskum kr., hvort sem það er nú rétt eða ekki, og ég sé ekki, að hægt sé að breyta frá því sem verið hefir. Ég vil gjarnan virða vilja hv. 2. landsk., sem kemur fram í þessari sparnaðartill., en því verður ekki neitað, að hann virðist eiga sinn bróðurpart í þeirri hækkun á útgjaldahlið fjárl., sem komið hefir fram. Mér hefir fljótlega reiknazt svo til, að af þessum 670 þús., sem farið er fram á, eigi hv. 2. landsk. till., sem nema 570 þús. kr.

Ég verð þá að taka brtt. í þeirri röð, sem þær eru í á þskj. Þá kem ég að brtt. frá hv. þm. Hafnf. um styrk til Kjartans Ólafssonar augnlæknis, og er n. óbundin um þessa till.

Þá er það brtt. frá hv. 2. landsk. um að veita Jónasi Sveinssyni styrk til dvalar erlendis í 2 ár. Meiri eða mestur hl. n. er á móti því, að þessi styrkur verði veittur. N. er fyrst og fremst ekki sérstaklega kunnugt um, hvernig þessu er varið, og hún veit ekki, hvernig fjárhagur þessa manns er. Það getur vel verið, að hann sé efnaður og geti kostað sig til námsins.

Um V. brtt., frá hv. 1. landsk., er það að segja, að n. er óbundin um hana.

Meiri hl. mælir með till. um Breiðadalsheiðarveg og þarf ég ekki frekar um það að ræða.

Þá er það brtt. frá hv. 4. landsk., um að hækka styrkinn til Holtavörðuheiðarvegar úr 30 þús. kr. í 60 þús. kr. Því verður ekki neitað, að það væri gott að geta lagt meira fram til verklegra framkvæmda. En ef framlag ríkissjóðs verður hækkað til eins af vegunum, þá er viðbúið, að þurfi að hækka við fleiri. Það er óneitanlega við engu minni þörf á að leggja veg en yfir Holtavörðuheiði. Þó að ekki sé nema ruddur vegur þar, þá er hann þó alltaf fær á sumrum. Meiri hl. n. treystir sér ekki til að auka við útgjöldin eða breyta neitt verulega til um framlag til vega í frv. og getur þess vegna ekki fallizt á þessa brtt.

Þá er það brtt. frá hv. 2. landsk. um

Fjarðarheiðarveg. Mér skildist af ræðu hans, að hér væri um það að ræða að ryðja Fjarðarheiði, svo að hún yrði fær fyrir bíla. Það hefir ekki legið neitt fyrir n. um þetta, og ég veit ekki, hvort það er til nokkurs gagns að leggja peninga í að ryðja heiðina. Vitanlega myndu þessar 20 þús. hrökkva skammt til þess, því verkið mun vera mjög mikið og dýrt. Það getur verið rétt að ryðja heiðina, því allir vita, að upphleyptur vegur gerir ekkert gagn nema um örstuttan tíma. N. er óbundin um till.

Þá kemur stærsta till. frá hv. 2. landsk., sem fer fram á, að 400 þús. kr. verði varið til að leggja nýjan veg milli Hafnarfj. og Rvíkur eða til að endurbæta gamla veginn. Nú finnst mér, að því verði ekki neitað, að það sé engin aðkallandi þörf á nýjum vegi vegna samgangnanna milli Hafnarfj. og Rvíkur. Mér hefir fundizt þar svo greiður vegur, að það væri engin knýjandi þörf á að leggja nýjan veg. Auk þess er ég ekki alveg viss um, að það séu allar ferðir nauðsynlegar milli Hafnarfj. og Rvíkur. Annars get ég raunar látið mér það í léttu rúmi liggja, þó að menn fari það líka sér til gamans.

Það liggur í orðum hv. þm., að þetta eigi að gera til þess að láta fólkið fá atvinnu. Þetta get ég nú skilið, því að hér er um að ræða atvinnu handa Hafnfirðingum og Rvíkingum. En mér virðist, að ef ríkissjóður á að fara að leggja fram mörg hundruð þús. kr., þá verði Rvík og Hafnarfj. eitthvað að gera. En það virðist ekki koma fram í þessu, að heimtað sé, að þessir kaupstaðir geri neitt. Ég ætlast samt ekki til, að þeir kosti veginn. En vafalaust geta þeir gert eitthvað innan síns bæjarfél., sem a. m. k. samsvarar þessu, sem hér er farið fram á. Svo virtist mér koma fram hjá hv. þm., að ekki væri búið að slá neinu föstu um það, hvort gamla veginn ætti að byggja upp eða hvort ætti að leggja nýjan veg. Það er yfirleitt ekki búið að rannsaka, hvort er hentugra, og þess vegna finnst mér þessi till. eiginlega fæðast fyrir tímann, meðan maður veit ekki, hvar á að leggja þennan veg. Ég held því, að ef hv. þm. hefir eingöngu litið á þetta sem atvinnubótamál, þá sé nauðsynlegt fyrir hann að hafa einhverja varatill., t. d. að meðan væri verið að koma sér niður á það, hvar ætti að leggja þennan veg, fengju menn að aðhafast eitthvað, þótt ekki væri annað en t. d. að moka snjó uppi á Langjökli eða þvílíkt. Meiri hl. n. er á móti till.

Þá eru hér tvær till. um flóabátaferðir Það hefir nú verið venjan, að samgmn. hafi tekið afstöðu til framlaga til flóabátaferða og haft mest með þessi mál að gera. En ég hefi ekki orðið þess var, að nú hafi komið fram neitt þesskonar. Hv. þm. Snæf. talaði um það, að það væri fækkað ferðum til Breiðafjarðar með því fyrirkomulagi, sem nú á að vera á ferðum Suðurlands. Þetta er víst rétt hjá honum. En ég hefi skilið hann svo, að í notum þess, að nú eru tvö strandferðaskip og þau fara til Breiðafjarðar, þá megi spara ferðir Suðurlands til Breiðafjarðar. Annars hefir fjvn. í heild sinni ekki tekið afstöðu til þessara brtt.

Þá er hér till. frá hv. þm. Snæf. um framlag til hafnarbóta í Ólafsvík, 20 þús. kr. Eins og hv. dm. vita, flytur fjvn. till., um sama efni í rauninni, þar sem hún leggur til, að ríkissjóður leggi fram 7 þús. kr. gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar frá. Hv. þm. talaði um það í dag, að það væri alls ekki rétt að binda fjárveitingar úr ríkissjóði til hafnargerðar við ⅓. Þetta hefir að vísu oft verið ríkjandi regla. En ég vil benda hv. þm. á það, að í lögum um hafnargerð í Ólafsvík er ákveðið, að ríkissjóður leggi fram ¼ og ¾ komi annarsstaðar að. Þess vegna álít ég, að fjvn. hafi gert vel, þar sem hún býður fram ⅓ úr ríkissj., sem er meira en l. um hafnargerð í Ólafsvík gera ráð fyrir. Meiri hl. mun fylgja þeirri till., sem n. ber fram.

Þá er hér till. um 10 þús. kr. til hafnargerðar á Sandi, frá hv. 2. landsk. Meiri hl. n. er á móti þessari till. Fyrir n. veit ég ekki til, að hafi legið gögn um þessa hluti, og hún sá sér alls ekki fært að taka slíka till. sem þessa, þar sem ómögulegt var að gera sér grein fyrir málinu á nokkurn hátt.

Um næstu till. frá hv. þm. Snæf., til bryggjugerða og lendingarbóta, hefir n. óbundnar hendur. Sama er að segja um XIV. till., frá hv. þm. Hafn., um kennslu í geðsjúkdómafræði, að n. er þar óbundin um atkvgr. Ennfremur get ég sagt það

sama um till. frá hv. 1. þm. Reykv., um styrkinn til Stúdentaráðs háskólans.

Þá koma næst till. frá hv. 2. landsk., styrkir til náms erlendis, sem hv. þm. vill láta hækka úr 24 þús. upp í 30 þús. kr. N. er öll á móti þessari till. Hún vill sem sé halda við þá reglu, sem upp er tekin um þetta mál, og þykir ekki rétt í þeirri peningaþröng, sem nú er fyrir ríkissj., að fara að hækka þessi fjárframlög, þar sem hefir orðið að lækka svo mörg önnur. Sama er að segja um 2. lið XVI. brtt., að þar er n. á móti.

Þá er brtt. undir XVII. lið, frá hv. 1. þm. Reykv., í 3 liðum. Um þá liði alla er það að segja, að ⅘ hlutar n. eru á móti öllum till. Mér er frekar óljúft að fara frekar út í það, því að um einstaka menn og styrki til þeirra vil ég helzt ekki ræða, en aðeins skýra frá afstöðu n.

Um XVIII. lið, styrk til Maríu Hallgrímsdóttur til framhaldsnáms í læknisfræði, er það að segja, að n. er öll á móti aðaltill., en hefir óbundnar hendur um varatill.

Um styrk til Soffíu Stefánsdóttur til að halda uppi námsskeiðum í teikningu og tréskurði er n. óbundin.

Þá kem ég að brtt. XX. og XXI., sem eru mjög skyldar. Sú fyrri er frá hv. 2. landsk., en hin frá hv. þm. Hafnf. Viðvíkjandi þeirri um framlag til bókasafns Hafnarfj. er það að segja, að meiri hl. n. er á móti henni. Ég geri ráð fyrir, að hv. 2. landsk., sem flytur þessa till., vilji miða þetta við það, sem á sér stað á Akureyri og Ísafirði. En þess ber að gæta, að á þeim báðum stöðum eru amtsbókasöfn, en hér er aðeins um bæjarbókasafn að ræða. Og n. getur ekki fallizt á, að það geti notið sömu hlunninda og hin bókasöfnin. Það er líka vitanlegt, að aukastyrkur sá, sem bókasöfnin á Akureyri og Ísafirði hafa fengið, er miðaður sérstaklega við þá menn, sem starfa við bókasöfnin. Báðir þessir menn eru skáld, og það er að minu áliti rétt, að landið stuðli að því, að þessir menn fái tækifæri til þess að hafa nokkurn stuðning sér til lífsframfæris á þennan hátt.

Þá er XXII. brtt., frá hv. 1. þm. Reykv. Það er fyrst, að aths., sem sett var í Nd. við styrk til Leikfél. Reykjavíkur, falli niður. Ég vil aðeins skýra frá því, að meiri hl. n. er á móti þessari till. Sama er að segja um till. um tónlistarskóla, frá þessum sama hv. þm. Um till. hans um styrk til Péturs Jónssonar söngvara hefir n. óbundnar hendur. Einnig um styrk til Þorvaldar Skúlasonar til að fullkomna sig í málaralist.

Þá er hér till. frá hv. 2. landsk. um styrk til dr. Guðbrands Jónssonar til að semja ísl. miðaldamenningarsögu. N. er öll á móti henni. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í það nánar. Þessi maður hefir haft styrk í nokkrum undangengnum fjárl. til slíks verks eða svipaðs. En mér er ekki kunnugt um það, hvort eða hvað mikið hann er búinn að vinna í þessu efni. Það lá ekkert fyrir n. um það, sem hún gæti byggt neitt á. Þess vegna er hún á móti till.

Þá er XXV. brtt., um styrk til landssýningar Heimilisiðnaðarfélagsins. N. hefir óbundin atkv. um þá hækkun, sem farið er fram á.

XXVI. brtt. er n. á móti.

Þá er till. um 2 þús. kr. framlag til Kvenfélagasambands Íslands, og um það er n. óbundin.

Þá er smátill. frá hv. þm. A.-Húnv. um styrk til fiskiræktarfélags á Blönduósi. Aðaltill. er um 700 kr., og er n. á móti því, en óbundin um varatill., 500 kr.

XXX. brtt. er um það að veita Sjómannafél. Rvíkur 10 þús. kr. til að halda uppi sjómannastofu. N. leggur á móti þessari till., ekki af því, að ekki kunni að vera einhver þörf á þessu, en ég hefi heyrt, að hér sé starfrækt einhver þesskonar stofa í bænum. Og þar sem við yfirleitt verðum að spara útgjöld, þá sér n. ekki fært að stofna til nýrra útgjalda í þessu skyni.

Sama er að segja um næstu till., 8 þús. kr. til ráðningarskrifstofu Alþýðusambands Íslands.

Þá kemur hér till. um framlag til ræktunarvegar á Sauðárkróki gegn ⅓ annarsstaðar frá, 9 þús. kr. Fyrir n. hefir ekkert legið um þetta, og ég verð að játa það, að mér er ekki vel ljóst, hvað hv. 2. landsk. á við með brtt. Ef hér er um sýsluveg að ræða, þá er það nú svo, að ríkissj. leggur fram helming til þeirra, svo að ef till. er samþ., er skaði fyrir Sauðárkrók að fá ekki nema ⅓ úr ríkis-

sj. En ef það er misskilningur, að hér sé um sýsluveg að ræða, þá ætti þarna að vera hreppavegur, ef annars vantar veg. Og ég held, að ef gengið er inn á þessa braut, þá mundi komast allmikill ruglingur á það skipulag, sem annars hefir verið á vegalögunum, með því grípa þannig inn í á einstökum stöðum um sérstakt framlag úr ríkissjóði. N. getur þess vegna ekki fallizt á þessa till.

Þá er XXXI. brtt., frá hv. 2. þm. Árn., um 1000 kr. til Guðmundar Jónssonar á Stokkseyri. N. er á móti þessari till.

Þá er farið fram á að hækka styrkinn til Stórstúkunnar úr 8 þús. upp í 10 þús. Meiri hl. n. er með þessari till.

Þá kemur hér till. frá hv. 6. landsk. um byggingarstyrk til barnaheimilisins að Sólheimum í Grímsnesi, 10 þús. kr. Í yfirstandandi fjárl. eru veittar til þessa hælis um 5 þús. kr. En þau skjöl, sem fyrir n. lágu, sýndu, að það er ekki Prestafél., sem sækir um þetta, þótt orðalag till. bendi á það, heldur kona, sú hin sama og styrkurinn var veittur í fjárl. 1931. Nú hygg ég, að ég hafi skilið það rétt hjá hv. flm., að það sé Prestafél. Íslands, sem hefir keypt jörðina og leigt þessari konu til afnota, en hún byggt þarna hús og komið upp barnaheimilinu. Það stendur þá þannig, að sinn eigandi er að hvoru, jörðunni og byggingunni. Mér skilst, að Prestafél. hafi að nokkru leyti gengizt fyrir þessu. En strangt tekið er það ekki, ef um er að ræða byggingar, sem þarna hafa verið reistar, og þá að sjálfsögðu að því er snertir búpeninginn.

Nú má vel vera, að gott samkomulag haldist um þetta í framtíðinni. En þeir, sem þekkja nú dálítið til í veröldinni, munu illa geta treyst á svona lagaða samninga, eða réttara sagt — að því er mér skilst — samningsleysi. Mér virðist því í raun og veru, að þarna sé dálítil veila, að ríkissjóður leggi til fyrst í fjárl. 1931 5 þús. kr. og nú 10 þús. kr. Þá er hann búinn að leggja fé í hús, sem er privateign, 15 þús. kr. Ég hefði þess vegna kosið, að fyrirkomulag á þessu væri eitthvað dálítið annað. En nú má ekki heldur gleyma því, að það eru fleiri barnaheimili stofnuð en þetta. Það hefir verið látið í veðri vaka, að þau yrðu stofnuð hér og þar um landið. Og ef ríkissjóður á að taka þau öll að meira eða minna leyti á sína arma, þá hlýtur það að verða töluverður baggi. Ekki svo að skilja, að ég sé að halda fram, að þetta séu ekki góð fyrirtæki. En mér virðist, að ekki sé eins vel um hnútana búið eins og þyrfti að vera. Meiri hl. n. mælir því á móti þessari till. Það mun hafa komið fram varatill. frá hv. 2. þm. Árn. einmitt um þetta atriði. Um hana get ég ekkert sagt, því að n. hefir ekki tekið afstöðu til hennar.

Þá er hér till. frá hv. 6. landsk. um hækkun á styrk til Elliheimilisins Grundar. Í frv. eru 5 þús. kr., en hér er farið fram á hækkun upp í 10 þús. kr. Mér dettur ekki í hug að segja, að hér sé ekki um gott fyrirtæki að ræða. Yfirleitt er svo um margar þær till., sem hafa komið fram, að þær eiga mörgu góðu að koma í verk. En það er nú svo, að á þessum tímum verða líklega bæði einstaklingar og félög og ríkið sjálft að neita sér um ýmislegt nauðsynlegt, sem dýrt er að veita sér. Þegar svo horfir framundan, að menn sjá ekki fram á það, hvernig þeir geti farið að komast fram úr erfiðleikunum, þá er það nú svo, að ekki virðist varlegt að leggja fé jafnvel í góða hluti. Og það er einmitt þetta atriði, sem er þess svo mjög valdandi, að meiri hl. n. leggur á móti ýmsum þessum till., jafnvel þótt góðar séu. Ég veit ekki annað en að nágrannaþjóðirnar séu nú sem óðast að reyna að finna leiðir til að spara sér útgjöld.

Næst er lítil brtt. frá hv. 2. þm. N.-M., sem n. hefir óbundnar hendur um við atkvgr.

Þá kem ég að brtt. frá hv. 6. landsk. um 1200 kr., og til vara 1000 kr., til frú Bríetar Bjarnhéðinsdóttur. Um hana hefi ég ekki annað að segja en að n. hefir orðið sammála um að mæla á móti því, að hún verði samþ.

Þá koma till. nr. XXXIX og XL, og hefir n. óbundnar hendur um þær.

Næst eru 3 till. frá hv. 2. þm. S.-M., þar sem hann fer fram á þrennskonar ábyrgðir. Sú fyrsta er á þá leið að ábyrgjast 15 þús. kr. viðbótarlán fyrir Búðahrepp í Fáskrúðsfirði, til rafvirkjunar. N. sá sér ekki fært að mæla með þessu, enda er þarna um svo lítla upphæð að ræða, einar 15 þús. kr., að n. vonast til þess, að

hreppnum takist að fá þetta lán án ríkisábyrgðar.

Um næstu till., um að ríkisstj. ábyrgist 25 þús. kr. viðbótarlán til barnaskólabyggingar í Neskaupstað í Norðfirði, hafa einstakir nm. óbundnar hendur við atkvgr., en n. sá sér ekki fært að mæla með þessari ábyrgð.

Þá er 3. till. Hún er þess efnis, að ganga skuli í ábyrgð fyrir samvinnufél. Eskfirðinga fyrir láni til kaupa á fiskiskipum, allt að ⅘ kaupverðs skipanna, fullbúnum til fiskveiða, allt að 50 þús. kr. Slíkar till. eru ekki nýjar, þær hafa komið fram á mörgum undanförnum þingum, frá ýmsum kaupstöðum og sjóþorpum. Ég vil aðeins láta þá skoðun í ljós, að mér finnst það varhugaverð braut fyrir ríkissjóð að ganga inn á, sem brtt. gerir ráð fyrir. Ef þessu héldi áfram, yrði endirinn sá, að allur smærri sjávarútvegur væri rekinn með ríkisábyrgðum allt í kringum land. Ég verð að segja það, að mér finnst ekki mikill vandi að koma á fót samvinnufél., ef ríkissjóður er alltaf reiðubúinn til þess að ganga í ábyrgð fyrir það. Samvinnufél. eiga ekki að byggja fyrst og fremst á ríkisábyrgðum. Það er rétt, sem hv. flm. sagði, að heimildir svipaðar þeim, sem hér er farið fram á, hafa áður verið í fjárl. bæði fyrir Eskifjörð og Akureyrarkaupstað. Meðan þær heimildir voru í gildi, var leitað til stj. frá báðum stöðum til þess að fá þær notaðar. Ég var þá fjmrh. og ég neitaði báðum, og það er skoðun mín, að í slíkum tilfellum verði stj. að hafa vit fyrir þinginu. Nú hefir verið sett inn í fjárl. samskonar ábyrgð fyrir Seyðisfjörð. N. hefir ekki tekið afstöðu til þess liðar, og vildi ég því mælast til þess, að hv. flm. taki till. sínar aftur til 3. umr., og gæti hugsazt, að hægt væri að komast að samkomulagi við n. um að bera hana fram, ef hún tekur þá ekki það ráð að leggja á móti till. um ábyrgð fyrir Seyðisfjörð.

Þá er síðasta till., sem er borin fram af hv. 2. landsk. Hún er þess efnis, að ríkisstj. sé heimilað að greiða peningastyrk til atvinnulausra manna í kaupstöðum og kauptúnum, er nemi 100 þús. kr. Mér finnst allt of lítið skipulag á þessari till., enda held ég, að hún geri ekki mikið gagn. Bæði er það vitanlegt, að þeir verða ekki nema fáir, sem geta notið þessa styrks, og hætt er við, að hann komi mjög ójafnt niður. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. telji, að með þessu sé hægt að bæta úr brýnustu þörf. En ég held, að mjög yrði erfitt að úthluta þessum fjárstyrk, og þar sem ekkert fé er fyrir hendi, yrði stj. að fá lánsheimild til þess að geta framkvæmt þennan lið, ef hann yrði að lögum. N. leggur því til, að þessi brtt. verði felld.

Ef til vill þykir hv. þdm., að n. hafi tekið hörðum höndum á ýmsum brtt., en hún sá sér ekki annað fært, þótt hún hefði gjarnan viljað verða við ýmsum þeim beiðnum, er fram komu, ef öðruvísi hefði staðið á.

Vegna ummæla, sem komið hafa fram, ætla ég að gera sérstaka grein fyrir einni till. n. Þar er farið fram á, að felld sé niður aths. við 17. gr. 1. Það er sjúkrastyrkur til Elínar Sigurðardóttur. Það er rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þessi styrkur hefir áður verið í fjárl. En hann hefir ekki verið í tveimur síðustu fjárl., og þegar hann var veittur, var hann veittur beinlínis sem sjúkrastyrkur á allt annari grein fjárl. En auðvitað verður þingið að ákveða, hvort það vill taka slíkt fólk á framfæri fyrir ríkissjóðs hönd. En að setja það þannig í samband við berklavarnalögin, er gersamlega óheimilt. Hv. þm. Snæf. óskaði eftir því, að n. tæki aftur þessa brtt. sína vegna nýrra upplýsinga, sem hann hefði fengið í málinu. Þrátt fyrir það, að ég búist ekki við, að þetta breyti miklu, hefi ég fyrir mitt leyti ekkert á móti því að taka till. aftur til 3. umr. Ég veit aðeins eitt dæmi þess, að sett hafi verið slík aths. við almennar fjárveitingar; það var við berklavarnalögin um sjúkling, sem var erlendis. En með sjúklinga, sem dvelja hér á landi hefir slíkt ekki verið gert fyrr. Og með því að setja þetta í lögin nú, skapaðist hættulegt fordæmi, sem erfitt væri að ganga framhjá. Það lágu nokkrar líkar beiðnir fyrir n., en hún þóttist ekki geta mælt með þeim. Þetta er ekki af því, að ég sé á móti opinberri hjálp til bágstadds fólks, en ég held, að fara verði einhverja aðra leið en þessa.

Þá verð ég loks að játa mig sekan í því að flytja sjálfur tvær brtt., sem báð-

ar fara fram á hækkun. Sú fyrri er nr. XXXII á þskj. 297, og er þar farið fram á 1000 kr. fjárveitingu til Ottós Baldvins frá Akureyri, til flugnáms. Þetta er ungur piltur frá Akureyri, á fátæka foreldra og fór að ráði manna hér, sem fást við flugmál, til Ameríku. Hann komst þar í flugskóla og var þar nokkurn tíma við nám. En það varð svo kostnaðarsamt, að hann varð að hætta. Nú hefir hann skrifað heim og beðið um aðstoð. Ég býst við, að þessar 1000 kr. hrökkvi skammt, en ég treysti mér ekki til þess að fara fram á hærri upphæð. Vona ég, að hv. d. verði vel við þessari beiðni.

Mér láðist að geta um eina brtt. fjvn. Það voru eftirlaun til Lárusar Rists, 600 kr. Þessi maður hefir lengi verið leikfimikennari við Akureyrarskóla, en hefir nú orðið að hætta sökum elli. Hann hefir við fremur erfiðar heimilisástæður að búa, og n. hefir, eftir að hafa leitað sér upplýsinga, lagt eindregið til, að honum verði veitt eftirlaun sem öðrum kennurum.

Jón Jónsson: Ég hafði ekki ætlað mér að standa upp aftur við þessar umr., og þarf ég þess ekki vegna þeirra till., sem hér liggja frammi til atkvgr. En það, sem olli því, að ég stóð upp, var það, að nokkrir hv. þm. gátu ekki stillt sig um að rifja upp eldhúsdagsumr., og drógu mín ummæli inn í þær umr. Bæði hv. 1. og hv. 2. landsk. sögðu, að mín ummæli um „Skýrslur um framkvæmdir" hefðu fallið á þá leið, að ég hefði viljað hvetja stjórnina til þess að gefa út enn hlutdrægara rit. Hv. 2. landsk. var að benda hv. 1. landsk. á, hvílíkur voði gæti stafað af till. hans um leiðréttingu við þetta rit, ef menn eins og ég gætu þar einhverju um ráðið.

Ég kann ekki við annað en að leiðrétta þetta. Ég sagði, að ég teldi það æskilegt, að slíkar skýrslur kæmu út öðru hvoru, helzt eftir hvert kjörtímabil, og auðvitað ætti ekkert annað að ráða um þessar skýrslur en köld óhlutdrægni. Ég sagði það um þessa skýrslu, að hún fullnægði þessum skilyrðum að miklu, en ekki öllu leyti; hún væri ekki gallalaus, sem varla væri von um frumsmíð. Ég veit ekki, hvernig kjósendur eiga að fylgjast með í stjórnmálastarfi landsins, ef slíkar skýrslur eru ekki gefnar út öðru hvoru. E. t. v. væri heppilegra að láta hagstofuna gefa þessi rit út. — Hinsvegar mun ég aldrei snúa aftur með það, að í þessari bók, sem nú er rætt mest um hér, er margt stórfróðlegt og merkilegt, og ekkert í henni gefur tilefni til þeirra ádeilna og skamma, sem hér hafa farið fram í sambandi við hana. — Hv. 4. landsk. sagði ennfremur, að í þessari skýrslu, sem hér ræðir um, væri á hverri einustu blaðsíðu meiri og minni hlutdrægni, stíluð upp á hagsmuni eins flokks. Nú ætla ég að biðja hann að sanna mál sitt, með því að benda mér á slíka hlutdrægni, ekki á einstökum blaðsíðum, heldur í heilum köflum. Ég ætla að nefna t. d. kaflana um vita, brýr, síma og landbúnaðarmálin. Ég hefi ekki haft tíma til þess að fara yfir fleiri kafla, en mér þykir ólíklegt, að þessir séu þeir einu. Það, sem aðallega hefir stýrt tungu stjórnarandstæðinga í umræðum um þessa bók, er lítilfjörleg gremja. Ég held, að hún stafi ekki af öðru en því, að þeir sjái ofsjónum yfir hagkvæmni stj., sem hún hefir sýnt með útgáfu þessa rits, og þyki framkvæmdirnar, sem orðið hafa í tíð núv. stj., tala of berlega máli hennar við þjóðina alla.

Hv. 4. landsk. taldi lítið varhugavert að samþ. ýmsar till., sem miðuðu að auknum útgjöldum, af því að nauðsyn bæri til þess, að stj. hefði sem minnst fé undir höndum, sem hún gæti farið með eftir eigin geðþótta. Hv. þm. tók munninn mjög fullan um öll þau ógætilegu fjárútlát, sem stj. hefði framkvæmt á undanförnum árum. Það getur verið, að eitthvað sé hæft í þessu, en ég ætla að benda hv. þm. á það, að slíkt hefir tíðkazt áður. Ég ætla í því sambandi að minna á árið 1925. Ég hygg, að það ár hafi þær greiðslur, sem voru umfram fjárlög, oltið á milljónum. Ég er ekki að halda því fram, að þetta sé heppileg fjármálastjórn, auðvitað á að halda sér sem mest við fjárlögin.

Eins og hv. frsm. fjvn. benti á, eru fjárhagshorfurnar nú svo svartar, að þörf er fullrar gætni, og það mun sýna sig, að á þessu þingi hefir verið farið allt of ógætilega með fjárveitingar; það mun tíminn sanna.

Jakob Möller: Ég hefi ekki mikið að segja að þessu sinni. Hv. frsm. fjvn. hafði góð orð um flestar af till. minum, og kann ég honum og hv. n. þakkir fyrir það. En ég held, að ég taki aftur til 3. umr. brtt. nr. X á þskj. 283. Ég er ekki viss um, að n. hafi gert sér grein fyrir því, hvernig ástatt er með þennan sjúkling. Það er rétt hjá hv. frsm., að styrkurinn var upprunalega færður á annan hátt en nú er gert ráð fyrir í frv. Þá var styrkurinn miðaður við, að þessi kona dveldi ekki á sjúkrahúsi. En þótt hún félli tæplega undir berklavarnalögin, hafði hún samt dvalið langdvölum á hælinu og notið framfærslu ríkissjóðs. Tilgangurinn með þessari till. var ekki annar en sá, að gera henni mögulegt að dvelja annarsstaðar en á hælinu, án þess þó að ríkissjóður borgaði meira til hennar en hann gerir nú. Ég geri fastlega ráð fyrir, ef þessi styrkur fæst ekki, að konan haldi áfram að vera á sjúkrahúsinu, því að ástand hennar er svoleiðis, að hún verður að dvelja þar sem hún getur fengið góða hjúkrun. Hún verður því eftir sem áður á framfærslu ríkissjóðs, hvort sem hún fær þennan styrk eða ekki. Ég benti á, hvernig hefir staðið sérstaklega á um þennan sjúkling og að henni hefir verið veitur þessi styrkur, af því að hún var áður í þjónustu ríkisins. Ég geri ráð fyrir, að n. taki till. aftur til 3. umr. og athugi hana nánar þangað til.

Út af umr. um till. á þskj. 297 hefi ég lítið að segja. Maður hlustar á þessi dómsorð n., sem hljóða ýmist þannig, að n. sé óbundin um atkvgr. um till., eða að hún sé till. mótfallin, annað fær maður ekki. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja. Það gerir náttúrlega það að verkum, að maður hefir ekki miklu að svara, þegar ekki eru færðar neinar ástæður til þess, að n. sé mótfallin till. Það gleður mig, að það eru óbundin atkv. um einstakar af þessum till. minum, en mér finnst, að n. hefði getað fallizt á að mæla með styrknum til Upplýsingaskrifstofu stúdentaráðsins, þar sem ekki getur verið nokkur vafi á, að það er þarft starf, sem þessi skrifstofa hefir með höndum, eins og ég benti á í fyrri ræðu minni, en sem kemur miklu ljósara fram í þeirri skýrslu, sem hún leggur fram og var útbýtt hér í dag. Um styrkinn til námsmanna var hljóðið heldur kalt. Ég geri ráð fyrir, að það stafi af því, að n. vill halda fast við þessa settu reglu um það, hvernig eigi að styrkja stúdenta til náms erlendis, að það sé ákveðin tala og þar út fyrir megi ekki fara. En mér finnst fara vel á því, að þingið líti á ástæður í þeim tilfellum, er stúdentar sækja um styrk, af því að þeir fá þá ekki hjá menntamálaráðinu, því náttúrlega er það ekki óskeikult frekar en önnur völd, sem um slíka hluti geta ráðið. Mér fyndist fara vel á því, að n. gerði grein fyrir því, hvers vegna hún getur ekki fallizt á að styrkja stúdenta til þess að nema sérfræði í háskólum, til þess að gera mönnum kleift að fá fullkomna menntun innanlands síðar í þeim fræðum. — Eins er það með Valgarð Thoroddsen, sem hefir notið styrks frá þinginu frá því hann byrjaði nám erlendis. Hvers vegna á að taka styrkinn af honum nú, þegar hann er rétt að ljúka við nám? Hann fékk ekki lögmæltan styrk í upphafi, þegar hann fór út, en þingið féllst á að veita honum styrk og tók í raun og veru þar með á sig að veita honum styrk þar til hann hefði lokið námi.

Um styrkinn til tónlistarskólans minnir mig, að hv. frsm. hafi sagt, að nm. væru óbundnir við atkvgr., og það er náttúrlega gott, það sem það nær.

Til áréttingar því, sem ég sagði um þetta í fyrri ræðu minni, vil ég bæta því við, að hér er nú komið útvarp, sem þarf á slíkri aðstoð að halda, og það varðar miklu fyrir þau not, sem landsmenn geta haft af útvarpinu, að hljómlist þaðan sé sem fullkomnust, og hvaða ráð er til þess, nema að stofna til sem beztrar kennslu í hljómlist hér heima og hægt er? Og eins er það, að nú er verið að byggja þjóðleikhús, þá þarf líka á hljómlist að halda. Eins er það með veitingahúsin hér. Þau verða að fá hljómsveitir frá öðrum löndum, í staðinn fyrir að gera þetta að atvinnugrein fyrir landsmenn sjálfa, sem er auðvelt með því að styrkja skólann til þess að búa til efnivið í slíka hljómsveit. Ég vænti þess, að hv. dm. átti sig á þessari till. svo vel áður en atkvgr. fer fram, að þeir geti lið henni fylgi.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. gat um, var meiri hl. n. á þeirri skoðun, að tekjur og gjöld væru ekki það hátt áætluð í frv. því, sem kom frá Nd., að ekki mætti við það bæta, en samt sem áður voru ekki allir hv. nm. á þeirri skoðun, voru bjartsýnari, einkanlega hvað tekjuáætlanir áhrærði. Ég segi fyrir mig, að ég mun greiða atkv. með þeim hæsta útgjaldalið í þessum brtt., sem er frá hv. 2. landsk., um framlag til nýs vegar eða umbóta á gamla veginum milli Hafnarfj. og Rvíkur. Það gætti dálítillar andúðar frá hv. frsm. til þessa vegar. Ég þóttist hafa gert rækilega grein fyrir því, hver nauðsyn væri á honum og ætla ekki að endurtaka það nú. Jafnframt ætla ég að geta þess, að ég hafði ákveðið að bera fram till. um fjárveitingu, sem fer í svipaða átt, en hafði ákveðið að bera hana ekki fram fyrr en við 3. umr., og þá um leið að bera fram brtt., sem hækkar tekjuliðina, þar sem ég álít það forsvaranlegt. Jafnframt vildi ég biðja forseta að taka út liði III og XIV, sem ég ætla ennfremur að bera fram við 3. umr. Þá kem ég að þeirri brtt., sem ég og hv. 1. þm. Reykv. erum saman um, til Stórstúkunnar. Ég vænti fastlega, að hún verði samþ. í d., þar sem meiri hl. fjvn. er henni samþ.

Svo kem ég að brtt. XXI, þar sem ég fer fram á, að bókasafni Hafnarfj. verði veittur styrkur. N. er þar óbundin við atkvgr. En ég vænti þess fastlega, að hv. dm. sjái, hvílík nauðsyn er fyrir okkur að fá þetta, bæði til að efla andlega menningu og bæta siðferðislegt og andlegt líf. Og þar sem þess er gætt, að það er ekki mikið, sem farið er fram á að veita til Hafnarfj., en hann er drjúg tekjulind fyrir ríkissjóð, þá vænti ég fastlega, að hv. dm. geti samþ. þessa till.

Jón Baldvinsson: Hv. frsm. sagði, að n. væri á móti till. minni um að ákveða borðfé konungs samkv. ísl. lögum, og það væri af því, að vitleysan væri búin að standa svo lengi í fjárl., að n. kynni ekki við að breyta því. (**JakM:** Það er komin hefð á það). Ég skil ekkert í þessu, því mér finnst n. ekkert hika við að fella úr fjárl. ýmislegt, sem hefir staðið þar lengi, og heldur ekki vera með því að taka í fjárl. ýmsa pósta, sem áður hafa staðið þar árum saman. Ég man eftir einni till., sem stóð lengi í fjárl., styrk til Guðbr. Jónssonar. Hann var lengi í fjárlagafrv. stj. og var samþ. ár eftir ár. Eftir þessari reglu ætti n. að segja, að hún vildi ekki fella niður þennan styrk, af því að hann væri búinn að standa svo lengi.

Ég veit nú ekki, hvort ég kem að öllum þessum till., en ég býst við að víkja eitthvað að þeim flestum, og skal ég taka næst styrkinn til Jónasar Sveinssonar. N. sagðist ekki vita, hvernig efnahagur hans væri. Það má vel vera, að hann sé ekki neitt sérlega illa staður maður. En það liggur í augum uppi, að sá maður, sem tekur sér tveggja ára frí frá starfi, hlýtur að þurfa mikla peninga, og ríkið hefir venjulega stutt embættismenn sína í viðleitni þeirra að afla sér þekkingar, sem kemur þjóðinni að notum. Annars held ég, að það liggi erindi frá þessum manni í fjvn., og í því eru sjálfsagt allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru. Það lítur út fyrir, að n. hafi skotizt yfir að lesa það, a. m. k. vissi hv. frsm. ekkert um það.

Hv. frsm. sagði, að n. væri á móti Fjarðarheiðarveginum og sagðist ekki vita, hvort hann gerði nokkurt gagn. Það má segja um alla vegi, að maður viti ekki í upphafi, hvaða gagn þeir muni gera, en þeir eru lagðir af því að menn ætla, að þeir muni gera gagn. Þarna liggur vegurinn milli kauptúna og blómlegra sveitahéraða, og vissulega er talið gagn af slíkum vegum. Það var talað um að veita til hans 20 þús. kr., og málið var svo undir búið, að vegamálastjóri hafði látið rannsaka vegarstæðið. Hv. frsm. játaði það, að ruddur vegur mundi ekki koma að eins miklu gagni og upphleyptur vegur, vegna þess, hve stuttan tíma árs væri hægt að nota hann vegna snjóa. Ég sé ekki, að ástæður hv. frsm. mæli neitt á móti þessari till., heldur þvert á móti. Þær sýna aðeins, að n. hefir enga ástæðu fram að bera.

Um byggingu nýs vegar milli Hafnarfjarðar og Rvíkur voru rökin svipuð hjá hv. frsm. Hann sagði, að það væri ekki nein aðkallandi þörf að leggja þennan veg, og það getur vel verið, að það sé út

af fyrir sig ekki aðkallandi í ár til þess að bæta samgöngurnar. En það stendur svo á í landinu, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, að það er nauðsynlegt að framkvæma einhver stórfelld mannvirki, sem margir menn geta komizt í vinnu við, og þá er ekkert hentugra, sem hægt er að gera en einmitt bygging slíks vegar, þó hann sé kannske ekki nauðsynlegur nú í ár. Samgöngurnar eru greiðar þarna, segir hv. frsm. Já, það má náttúrlega segja það, samanborið við aðra hluta landsins. En það fer eftir því, hvar samanburðurinn er tekinn. Ef maður tekur til samanburðar Laugaveginn og Hverfisgötuna, þá er þetta ekki góður vegur. Þetta er eini vegurinn, sem liggur milli þessara mannmörgu bæja, sem hafa mikla þörf fyrir góðar samgöngur. Það er ekki búið að rannsaka þetta, segir hv. frsm. En það liggur í till. heimild til að gera eitt af tvennu, sem vegamálastjóri leggur til. Hann hefir sent þinginu erindi, sem ég ætla, að hafi verið hjá fjvn., og þar segist hann ekki vera kominn að fastri niðurstöðu, hvort eigi að byggja nýjan veg eða endurbyggja þann gamla. Hv. frsm. gat þess réttilega, að þetta væri atvinnubótamál. Ég lýsti því líka í fyrri ræðu minni, að þetta væri hvorttveggja í senn, gagnlegt verk og atvinnubætur. Og þegar hægt væri að láta það fara saman, þá ætti ekki að láta þetta tækifæri sleppa, og betra væri fyrir stj. að fá heimild til að gera slíka hluti heldur en að gera slíkt utan fjárl. og allra síst, ef sú till. félli, þá mundi stj. síður fara að ráðast í það. En þegar nú er búið að sýna fram á, að þetta verk er forsvaranlegt og nauðsynlegt og þörf er fyrir vinnu, þá skil ég ekki, hvers vegna stjórnarfl. vill leggja á móti þessu, því mér skilst mótstaðan aðallega koma frá honum.

Hv. frsm. skaut því fram í ræðu sinni, að ekki væri víst, að það væru allt nauðsynlegar ferðir, sem farnar væru milli Rvíkur og Hafnarfj. Það eru lagðir vegir um allt land, þó að maður viti, að ferðir, sem um þá eru farnar, séu ekki allar nauðsynlegar. Eins er með Hafnarfjarðarveginn. Það er sjálfsagt eitthvað af óþarfaferðum um hann, en ég sé ekki, að þær séu ástæður á móti þessu. Það er bara út í hött. Hv. frsm. sagði að lokum, að málið væri ekki nógu undirbúið og af því að það væri atvinnubótamál, væri rétt að finna eitthvað út á meðan verið væri að rannsaka þetta mál. Hann stakk upp á því, að menn væru látnir moka snjó uppi á Langjökli. Það átti náttúrlega að vera gaman þetta hjá hv. frsm. En það var grátt gaman, grátt gaman við það fólk, sem hann ætlar að senda upp á Langjökul til að moka snjó, og grátt gaman við þá stj., sem hann styður, því að mér þykir sennilegt, eftir þeim undirtektum undir þessa og aðrar till., sem eiga að vera til styrktar landsmönnum og því ástandi, sem nú er, að að því kæmi, að stj. þurfi að grípa til örþrifaráða, einhvers, sem líkist því að moka snjó uppi á Langjökli. Þetta er úrræðaleysið, sem einkennir stj., þegar út í vandræðin er komið. Þeir vilja ekki búa sig undir að mæta erfiðleikaástandinu, þeir tala um þessa ógurlegu kreppu og verðfall á afurðum bænda og sjávarútvegsmanna. En þeir vilja ekkert gera til að mæta kreppunni. Þess vegna finnst mér kuldalegar undirtektir fjvn. og stj. undir þessa till.

Það er rétt hjá hv. frsm., að það liggja ekki fyrir áætlanir um uppfyllingu á bátahöfninni á Sandi. En mér er kunnugt um, að þess er mikil þörf, og ég lýsti því dálítið í ræðu minni í dag, hve mikil þörf er á þessari uppfyllingu, svo að menn geti haft aðstöðu til þess að geta gert sér góða vöru úr fiskinum, sem fluttur er á land, en það er ekki hægt undir því ástandi, sem nú er. En hitt þarf ég ekki að minna á, sem allir hv. dm. vita, að þetta er eitt af fiskisælustu plássum landsins, þar sem tiltölulega mestur afli kemur á land.

Hv. frsm. lýsti yfir því, að n. væri öll á móti því að hækka styrkinn til stúdenta. Það er eitthvað annað en með konunginn. Þeim er ætlað, öllum saman, að komast af með þessar 24 þús. á ári, þótt öllum sé kunnugt, er þeir verða annaðhvort að lifa á lánsfé, lifa sultarlífi, eða fljóta á styrk fátækra foreldra og ættingja. Hér er þó ekki hægt að bera því við, að fé sé ekki til, meðan þingið getur séð af 12—13 þús. kr. til eins manns, sem á ekki lagalegan rétt á þeirri upphæð. Það, sem ég nú hefi sagt, er einnig nægilegur rökstuðningur fyrir brtt.

minni um námsstyrk til Kr. Guðmundssonar, sem ég flyt hér á sama þskj. En þó má geta þess hér, að þessum manni hefir verið gefið undir fótinn með framhaldsstyrk, þar sem honum hefir verið veittur styrkur af menntamálaráðinu. En eigi að sleppa hendinni af fátækum námsmönnum eftir að þeim hefir verið veittur slíkur styrkur einu sinni, er verr af stað farið en heima setið. Styrkveitingin er þá aðeins til að ginna menn út á námsbrautina og ef til vill til að gereyðileggja fyrir þeim aðra möguleika í lífsbaráttunni. Þessi maður, sem hér um ræðir, er duglegur og reglusamur, að vísu nokkuð fullorðinn eftir því sem gerist um námsmenn, en lauk skólanámi sínu á óvenju stuttum tíma og hefir hin beztu meðmæli frá kennurum sínum í stærðfræðideild. Sú fræðigrein, sem hann leggur fyrir sig, er þörf og stunduð af fáum, enda hefir menntamálaráðið viðurkennt það með veitingu styrksins.

Meiri hl. fjvn. hefir lýst sig andstæðan styrk til bókasafns í Hafnarfirði og borið því við, að bókasafnið þar væri ekki amtsbókasafn. Sagði hv. frsm., að öðru máli væri að gegna um amtsbókasöfnin á Akureyri og Ísafirði. Það er nú að vísu stórt orð Hákot. En þótt þessi bókasöfn beri nú þetta veglega heiti, er það þó á allra vitorði, að þau eru notuð næstum eingöngu af íbúum bæjanna, sem þau eru í, en ekki af héruðunum í kring. Svo er þess að gæta, að bókasafnið á Ísafirði heitir alls ekki amtsbókasafn, heldur ber bókasafnið í Stykkishólmi það heiti. Þetta sýnir m. a., hve djúpt n. hefir lagzt við athugun sína á málinu. Því stendur alveg eins á um þetta bókasafn eins og söfnin á Akureyri og Ísafirði. Hafnfirðingar eiga hér sama rétt og íbúar hinna kaupstaðanna, svo að þessi mótbára er einskis virði.

Þá hefir hv. frsm. lýst yfir því, að n. sé öll mótfallin styrknum til dr. Guðbrands Jónssonar. Ég minntist þess í fyrri ræðu minni, að maður þessi hefði verið í fjárl. mörg undanfarin ár. Fræðimenn telja dr. Guðbrand einhvern hinn lærðasta mann í sinni grein. Auk þess á Guðbrandur Jónsson talsverðan rétt á því, að hið opinbera styrki hann til starfa, þegar þess er gætt, að hann hefir verið svikinn um starf, sem honum var ætlað í Landsskjalasafninu. Nú á að svíkja hann aftur með því að kippa af honum þeim styrk, sem hann hefir notið árum saman. Þetta getur kallazt að bæta gráu ofan á svart, þótt ég láti mér ekki detta í hug, að meiri hl. hv. d. fylgi fjvn. að því verki að fella till. mína.

Hæstv. forseti hóf ræðu sína á því að gera gys að meðmælum með opinberum styrkjum. Sjálfur flytur hann þó till. um styrk handa ungum manni til að fullkomna sig í málaralist. Ég er ekki að segja hæstv. forseta það til lasts, að hann flytur þessa till, en þetta sýnir, hve lítt menn líta í eiginn barm í þessum efnum.

Þá flytur hæstv. forseti einnig brtt. um styrk til fiskiræktarfél. Blöndu. Ég get þessa eigi af því að ég sé að hafa á móti þessari fjárveitingu, enda veit ég, að forseti hefir nægilegt atkvæðamagn til að fá hana samþ. hvort sem er, heldur af því, að ég vil vekja athygli á því, að sú starfsemi, sem till. snertir, hefir víða komið að gagni. Ég skal geta þess sem dæmis, að fyrir nokkru fengu bændur við Eystri-Rangá laxaseiði frá Alviðru í Ölfusi. Í sumar hefir orðið vart við lax í Rangá, og er það talið víst, að þar sé um uppfæðing að ræða, því að lax hefir ekki fengizt þar í manna minnum. Til þess að stofninn endurnýi sig sjálfur, þarf auðvitað að flytja seiði í ána á ári hverju, til að byrja með a. m. k. Félagsskap, sem vinnur í þessu skyni, er því hin fyllsta ástæða til að styrkja. En ég vil benda á, að líklegt er, að fjárveiting í þessu efni geti orðið með tímanum talsverður útgjaldaliður, því að bændur munu víða ganga inn á þessa braut, og tel ég það vel farið.

Hv. frsm. tjáði, að fjvn. væri andstæð a- og b-lið XXX. brtt. og 2. lið hennar einnig. Mótbáran gegn a-lið byggist á því, að hér væri sjómannastofa fyrir, og væri því ekki ástæða til fjárveitingarinnar. Það er rétt, að sjómannastofa hefir starfað hér undanfarið, og þótt ég sé ekkert að setja út á þá stofnun, þori ég að fullyrða, að flestir séu mér sammála um, að hún sé ófullnægjandi. Þarf eigi heldur að efa, að aðsóknin yrði stórum meiri, ef Sjómannafél. hefði rekstur slíkr-

ar stofu með höndum en ella. Nú hagar svo til, að sjómenn af öllu landinu þyrpast hingað á veturna hundruðum og þúsundum saman. En á sumrin flykkjast sjómennirnir norður. Starfsemi sjómannastofunnar myndi því verða hagað þannig, ef Sjómannafél. hefði hana með höndum, að stofan væri rekin norðanlands á sumrin.

Um ráðningarstofuna tók ég það fram, að hún ætti að vera atvinnurekendum til leiðbeiningar til að afla sér verkafólks og væri einkum miðað við það kreppuástand, sem nú er í atvinnulífinu. En þessi tilraun til að bæta úr ástandinu virðist sæta álíka hlýlegum viðtökum hjá n. og aðrar tillögur, er í svipaða átt ganga, fá yfirleitt hjá þinginu í sumar.

Þá leggur n. einnig á móti ræktunarvegi á Sauðárkróki. Ber hún því við, að engin gögn liggi fyrir um veg þennan, og skal ég játa, að nokkuð er hæft í því, þótt fljótlegt muni verða að útvega þau. Hv. frsm. sagði ennfremur, að Sauðkræklingar töpuðu á því að leggja fram ⅔ til vegarins, þar sem þetta yrði ella sýsluvegur. En tilætlun þorpsbúa er að fá veg þennan til að hagnýta sér ræktað og ræktanlegt land og mótak, sem liggur í nokkurri fjarlægð. Erfitt er að leggja veginn og kostnaðarsamt, og auk þess þarf að vanda betur til hans en almennt er gert um sýsluvegi. Fjárveiting þessi er fyllilega hliðstæð fjárveitingu til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, sem nú er í fjárl. gegn ⅔ frá héraðinu. Sú mótbára hv. frsm., að með fjárveitingu sem þessari væru brotnar allar venjulegar reglur, hefir því ekki við rök að styðjast.

Mér kom það fremur undarlega fyrir að heyra, að n. legði á móti styrknum til Bríetar Bjarnhéðinsdóttur. Mér datt satt að segja ekki annað í hug en að n. myndi leggja einróma með þeirri till. Eins og hv. meðflm. minn að þessari till. tók fram, er þetta kona, sem allra kvenna mest hér á landi hefir lagt á sig til að vinna að réttindabótum kvenna, og komið meiru áleiðis í þeim efnum en nokkur annar. Það er því óhætt að fullyrða, að allar konur landsins, og þá um leið meira en helmingur kjósenda, ann henni þessa styrks. Hve mikið gott sem segja má um ungfrú Halldóru Bjarnadóttur, og ég vil á engan hátt draga úr þeim lofsamlegu ummælum, sem hér hafa fallið um hana, er þó ekki sambærilegt starf hennar við æfistarf frú Bríetar. Ég hélt, að þessi fjárveiting ætti því meira fylgi að hrósa hér í þessari hv. d. sem hér er þriðjungur deildarmanna Húnvetningar eins og frú Bríet, og mætti því ætla, að þeir kynnu að meta það við hana, hvern sóma hún hefir gert héraði þeirra.

Þá hefir einnig verið lagt á móti hækkun á eftirlaunum Valgerðar Steinsen. Ég skírskota í því efni til fyrri ræðu minnar og legg það mál undir drengskap hv. þdm.

Hv. frsm. hafði á móti peningastyrk til atvinnulausra manna. Var aðalmótbáran sú, að styrkurinn kæmi ekki réttlátlega niður. Slíkt má víst segja um allt í þessum heimi og jafnvel ráðstafanir hv. fjvn. sjálfrar, þótt hún hafi reynt að fara eftir beztu vitund. Annars mun stj. geta fengið þær leiðbeiningar um úthlutun slíks styrks, sem ættu að geta hindrað, að mikil brögð yrðu að því, að hann lenti hjá óverðugum, þótt ég fortaki ekki, að slíkt geti komið fyrir. Auk þess hlýtur að vera betra, að einn óverðugur njóti góðs af en margir þurfandi líði.

Svo kemur gamla mótbáran við öllum slíkum till. okkar jafnaðarmanna, að við höfum ekki séð fyrir tekjum á móti. En hverjir eru það, sem hafa tekið að sér að sjá fyrir tekjunum? Það hafa „stóru" flokkarnir, stjórnarflokkurinn og Íhaldsflokkurinn tekið að sér. Það er því ekkert annað en fáránleg firra að vera að spyrja, hvers vegna við sjáum ekki fyrir tekjum. Hinir flokkarnir vilja ekki fara að okkar ráðum um öflun teknanna. Við getum aðeins bent á leiðirnar, og það höfum við gert.

Ég hefi þegar sýnt fram á, að nauðsynlegt er, að stj. hafi þá heimild, sem felst í till. minni, þótt ég hefði miklu fremur kosið, að vandamál hinna nauðstöddu manna hefðu verið leyst með atvinnubótum. En það ástand er í aðsigi og jafnvel þegar ríkjandi, að ráðstafanir sem þessar eru nauðsynlegar til að forða fólki frá hungurdauða.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að umr. þeim, sem hér hafa orðið um bók þá, sem venjulega er nefnd „Verkin tala". Mér fannst hv. 4. landsk. taka mjög skynsamlega í till. hv. 1. landsk., er hann lét svo um mælt, að hann væri andstæður till., þar sem hann treysti ekki stj. til að nota heimildina á heiðarlegan hátt. En er hann lýsti yfir þeirri skoðun sinni, að tölurnar í bókinni væru „yfirleitt" réttar, ætla ég, að honum hafi skjöplast töluvert. Ég hefi að vísu aðeins blaðað lítið eitt í þessu mikla riti, en þó nægilega til að sjá, að laust er við, að allar tölur í ritinu séu réttar. Á bls. 184 eru fimm línur um Ísafjarðarkaupstað og er sú klausa svo merkileg, að mér þykir rétt, að hún birtist í heild í Alþt., ásamt leiðréttingu frá forráðamönnum kaupstaðarins, sem þeir hafa gefið út styrklaust. Klausan er svohlj.:

„Árið 1928 stofnaði bæjarfélagið kúabú og tók land til ræktunar á Tungudal og Seljalandi. Ríkið lagði fram sérstaka fjárveitingu til framræslu á landinu, 10 þús. kr. Bærinn á nú fullræktað land um 14 ha. og allmikið land í ræktun. Kúabúið er með nýtízku útbúnaði og ber sig vel. Ísfirðingar (aðallega bæjarfélagið) hafa unnið á síðustu 3 árum 7265 dagsverk og hlotið fyrir það 6300 kr. styrk".

Athugasemdirnir eru á þessa leið:

„Hér við er þetta að athuga:

Kúabúið var stofnað 1927. Ríkið lagði ekki til þess einn eyri.

Bærinn á fullræktaða aðeins 8 ha. og annað eins í ræktun.

Kúabúið gat ekki heitið með nýtízku-útbúnaði þegar þetta var skrifað, því að mjaltavélar vantaði, þó þær séu nú nýlega komnar.

Það er ofmælt, að búið hafi borið sig vel, þó að það lafi í að hafa verið rekið hallalaust frá byrjun og hafi farið þar fram úr öllum vonum og að sýnt sé, að er ræktunin eykst, er það líklegt til að gefa góðan arð, auk hins, sem æfinlega hefir verið aðalatriðið: hinn ómetanlegi óbeini hagnaður.

Dagsverkatala búsins um áramót, sem styrkur er fenginn út á, er 5723 og jarðabótastyrkurinn er kr. 3932,52".

Niðurstaðan verður þá þessi: Í þessum fimm línum eru fimm tölur og allar vitlausar og sumar mjög fjarri sanni. Auk þess er ýmislegt ofmælt í sjálfu lesmálinu. Hvað skyldi þá vera um tölurnar „yfirleitt"?

Það er ekki að furða, þótt þyrfti að gefa út leiðréttingar við þetta rit, en ég hygg, að þessar 5000 kr. dugi ekki, heldur yrðu leiðréttingarnar að vera talsvert lengri heldur en ritið sjálft. Það hefir kostað a. m. k. 20—30 þús. kr., og veitti ekki af að veita 50 þús. kr. til leiðréttinganna. Ég gerði þetta einungis út af því, að hv. 4. landsk. var í svo góðri trú um tölurnar í þessari bók og hélt, að þær væru réttar. (PM: Ég hefi látið sannfærast).

Hv. 3. landsk. reyndi að þvo sig af ummælum, sem hann hafði í d. fyrir nokkru, og hélt því fram, að ég hefði misskilið hann. En ég skildi hann alveg rétt. Hann heimtar af stj., að hún gefi út slíkar skýrslur á hverju kjörtímabili og áréttaði það í ræðu sinni í dag. Hann sagði, að vel gæti verið rétt, að forstöðumenn hinna einstöku stofnana semdu skýrslurnar. En hverju breytir það? Vitanlega engu, því að það er stj., sem hefir framkvæmdirnar, og hún leggur fyrir forstöðumennina, frá hverju þeir eigi að segja.

Hv. 3. landsk. er að heimta nýja útgáfu af „Verkin tala", þegar búið er að sýna fram á, að fé til útgáfunnar er tekið í heimildarleysi, og að bókin er svo hlutdræg, að ef ekki er einstakt um Ísafjörð, þá má af því marka, að margar tölurnar eru ekki réttar.

Það er því ekki undarlegt, þótt stjórnarflokkurinn verði ákafur í að samþ. till. hv. 1. landsk. um að gefa út nýtt rit, þar sem tækifæri er til að „leiðrétta" fyrra ritið, eins og stj. telur rétt, sem auðvitað verður áréttíng á vitleysunum, sem fyrir eru.

Guðrún Lárusdóttir: Ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi mikla þýðingu að tala um þessar brtt. Það er sennilegt, að þær séu dauðadæmdar fyrirfram, en ég vil þó reyna áður að klóra ofurlítið í bakkann.

Ég verð að taka undir það, sem hv. 2. landsk. sagði um XXXVIII. brtt. á þskj. 297, þar sem farið er fram á lítilsháttar viðurkenningu til Bríetar Bjarnhéðins-

dóttur. Ég er hissa á því, að fjvn. skuli hafa komið sér svo vel saman um að fella þennan lítilfjörlega styrk, 1200 kr., eða 1000 kr. til vara. Þegar ég sé þennan höfðingsskap n., þá verð ég að segja, að þetta er ekki sparnaður, heldur nánasarskapur. Þarna ræðir um konu, sem er komin fast að áttræðu og á eftir mannlegum útreikningi ekki eftir að níðast á landinu svo ákaflega lengi, og það er víst, að það er eindreginn þjóðarvilji, sem stendur á bak við þetta smáræði. Konurnar eru ekki vanar að taka til sín svo mikið, en í sinni góðu trú og þakkláta huga til þessarar konu, sem oft hefir tekið svari þeirra og beint huga þeirra á menningarbraut, þá langar þær til þess að sýna henni einhvern sóma; og þá mæna allra augu í þennan háa sess, til Alþingis. Það er hægt að fletta upp í fjárl. runu af mönnum og konum, a. m. k. ekki fáum karlmönnum, sem árs árlega fá háa styrki, og þar eru menn innan um, sem ekki hafa sýnt sömu ósérplægni í því að berjast fyrir góðum málsstað eins og þessi kona, sem hv. fjvn. Ed. á því herrans ári 1931 er svo hjartanlega samdóma um að fella. Þetta kann ég ekki við. Það getur verið af því, að kona á í hlut, en ég myndi gera jafnt undir höfði karlmanni, sem eins væri ástatt um. Ég gerði grein fyrir þessu í dag, og ég ætlast til þess, að hv. þdm. séu svo vel að sér í því, sem gerzt hefir í kvenréttindamálunum, að þeir viti, að þar hefir Bríet Bjarnhéðinsdóttir gengið fram fyrir skjöldu og unnið mikið starf. Ég get því ekki annað en hneykslazt á þessari framkomu hv. fjvn., og þegar þar að auki er kominn í mann hálfgerður svefngalsi, verður maður að segja út úr pokanum það, sem maður meinar.

Mig furðar líka á afstöðu n. til styrksins til Halldóru Bjarnadóttur, en þó kunni ég betur við, að nm. skuli hafa þar óbundnar hendur í atkvgr. heldur en þegar því er lýst skýlaust yfir, að n. sé öll á móti.

Ég vil ennþá vænta þess, að hv. þd. sýni þessu máli viðurkenningu og samþ. það, sem farið er fram á.

En út af brtt. um barnaheimilið á Sólheimum vildi ég taka það fram, þar sem mér heyrðist hv. frsm. þykja eitthvað tortryggilegt þetta samningsleysi milli jarðeigandans, Prestafél. Íslands, og ábúandans, ungfrú Sesselju Sigmundsdóttur, að það mál hefir verið upplýst í sjálfri fjvn. af form. þessa félagsskapar, sem réttara er að kalla barnahælisnefnd þjóðkirkjunnar heldur en Prestafél. Íslands, þótt hún sé starfandi nefnd úr Prestafél. Séra Ásmundur Guðmundsson mun hafa komið á fund n. og upplýst þá samninga, sem eru milli jarðeigandans og ábúandans. Ég skal ekki bæta neinu þar við, því að ég veit ekki meira en n. sjálf. Prestafél. er eigandi að þessari jörð og hefir lánað þessari unglingsstúlku hana til þess að hjálpa henni í þessu áhugamáli sínu.

Mér virtist hv. frsm. ekki laus við áhyggjur út af barnaheimilum, sem sama n. ætlaði að koma á fót. Það þarf þó ekki að óttast, að þau verði baggi á ríkissjóði, a. m. k. meðan þau eru ekki til. En ég verð að líta svo á, að ríkissjóður hafi skyldu til þess að styrkja slíkar uppeldisstofnanir, sem þjóðin öll hefir gagn af; og þeim peningum, sem þangað fara, er verulega vel varið; það er ekkert eyðslufé, heldur lagt í þann sparisjóð, sem verður drýgstur á metunum fyrir ísl. þjóðina, þegar unglingum og börnum, sem enginn sómi er sýndur, er veittur kostur á góðu og notalegu heimili.

Annars skal ég viðurkenna, að það mun ekki vera fyrir þá sök, sem fjvn. setur sig á móti ýmsu því, sem stungið er upp á, að hún vilji þetta í raun og veru ekki, heldur fyrir þá erfiðleika, sem yfir standa. Maður fer að trúa því, að þetta sé ástæðan, því að barlómurinn hefir verið svo mikill allt þingið, ef nokkrar krónur komast í tal. Það stendur einhversstaðar, að sá sé ekki búmaður, sem kann ekki að barma sér, og það reynist víst svo hér.

„Þegar átti til að taka,
tómahljóð var í buddunni“,

og þegar hugsað er um veltiárin undanfarið, sem allir róma, og svo kemur krepputími og ekkert fé er til, þá getur manni ekki annað en gramizt. Þegar við horfumst í augu við atvinnulausa menn, sem biðja fyrst um vinnu, og svo um styrk, þegar þeir fá hana ekki, þá rennur mér til rifja. Þess vegna tek ég undir

með hv. 2. landsk., sem benti greinilega á brýna nauðsyn á því, að ríkisstj. gerði tryggingarráðstafanir til þess að forða fólkinu frá hungri. Þessu trúa ekki þeir hv. þm., sem búa í sveitum og eiga til hnífs og skeiðar, en ef þeir sæju atvinnulausu mennina, sem koma daglega og biðja um vinnu og styrk til þess að geta lifað, þá myndu þeir skilja þetta. Því að það er að gefa þeim steina fyrir brauð að rétta þeim fáeinar krónur í sveitarstyrk.

Ég treysti því, að þrátt fyrir allt og allt verði Alþingi Íslendinga ekki svo illa statt, að það reyni ekki að líta réttu auga allt það, sem til réttarbóta heyrir, bæði fyrir einstaklinga og heildina.

Frsm. (Einar Árnason) [óyfirl.]: Ég þarf ekki að segja nema fáein orð, og aðallega út af þeim orðum, sem féllu hjá hv. 2. og hv. 6. landsk.

Báðir þessir hv. þm. halda því fram, að stj. og hennar flokkur ætlaði ekkert og vildi ekkert gera til þess að afstýra atvinnuleysi og skorti, sem hér væri yfirvofandi. Þetta er alls ekki rétt. Ég vil benda þessum báðum hv. þm. á það frv., sem liggur fyrir Nd., sem á að verða til þess að gera ríkissjóði kleift að sínum hluta að leggja fram fé til þess að bæta úr atvinnuleysinu í landinu.

Hv. 6. landsk. talaði um, að hér kæmi fólk daglega, að mér skilst til fátækrastjórnarinnar, til þess að biðja um björg eða vinnu. En veit ekki hv. þm., að það er bærinn, sem fyrst og fremst á að sjá fyrir sínu fólki? Ég held, að þessum hv. þm. báðum sjáist yfir þetta atriði. Og þegar hv. 6. landsk. er að tala um, að það sé hart, að enginn eyrir sé til eftir þessi góðæri, þá vænti ég þó þess, að stjórnin á Reykjavíkurbæ hafi verið svo góð, að hann eigi einhvern eyri til, sem hann g ti varið til þessara hluta. Ég vænti þess, að þessir hv. þm. geti fengið tækifæri til þess að greiða atkv. um það frv., sem nú liggur fyrir Nd. um að rétta sveitarfél. hjálparhönd.

Ég hefi svo ekki meira að segja um þetta atriði eða önnur, sem fram hafa komið. En mér fannst nauðsynlegt að lýsa svolítið upp skilning þessara hv. þm. á þessum málum.

Pétur Magnússon: Það voru nokkur orð, sem hv. 3. landsk. beindi til mín, sem valda því, að ég stend upp aftur. Honum þótti ég hafa ofmælt, þegar ég sagði, að nálega á hverri síðu í þessari margumræddu „skýrslu“ væru missagnir, eða reynt að draga taum ríkisstj. og flokks hennar. Til sönnunar þessu taldi ég upp 11 kafla af 20, sem í bókinni eru, sem ég taldi, að væru allir meira og minna litaðir.

Hv. 3. landsk. reyndi ekki að hnekkja því, sem ég sagði, eða véfengja, að neinn af þessum köflum væri hlutdrægur, en hann nefndi 3 af 20 köflum bókarinnar, sem hann skoraði á mig að sýna nokkra hlutdrægni í.

Ég skal játa þegar, að í kaflanum um vita og um síma mun ekki vera neitt, sem hægt er að setja út á. En það er aðeins einn tíundi hl. af köflum bókarinnar. Sama er að nokkru leyti hægt að segja um brúakaflann. En þó verður því ekki neitað, að dálítil tilraun er gerð þar til þess að gylla eða draga fram, hvað brúargerðir hafi verið miklar á þessum árum, samanborið við það, sem áður var. Það er ekkert tilefni til þess, ef þetta á að vera hlutlaus skýrsla. Með skáletri er prentað, að af 120 brúm hafi 80 verið gerðar á þessu síðasta kjörtímabili. Í hlutlausri skýrslu er ekki verið með þesshátt áherzlur. En þó er þetta út af fyrir sig ekki til að hneykslast á.

Um hinn kaflann, um áburðarsölu ríkisins, er það að segja, að ég sé ekki annað en að ef ætti að ganga út frá þessu sem óhlutdrægu riti, þá sé þar alveg ósæmilegt orðalag. Þar er verið að draga fram eina verzlunarstefnu á kostnað annarar. Strax á bls. 166 eru þessi orð: „Öngþveiti það, sem áburðarverzlunin var komin í, og nauðsyn þess að skapa nýtt skipulag á þessu sviði, ýtti mest undir að koma málinu í það horf, sem gert var“. Þessi staðhæfing er alveg órökstudd og umþráttað atriði, sem ekki á að leggja dóm á í slíkri skýrslu.

Á 168.—169. bls. eru þó miklu ótilhlýðilegri staðhæfingar. Neðarlega á 168. bls. stendur: „Áburðarsala ríkisins er í raun og veru einskonar lögbundin samvinna um áburðarkaup, skipulag, sem girðir fyrir það, að einn eða neinn geti fengið

einkasölu á áburðarefnum, landbúnaðinum til óþurftar. — — Öll „einkasöluþvingunin“ er innifalin í því, að þeir (þ. e. þeir, sem verzlun reka) verða að sameina innkaup sín í skipulagsheild Áburðarsölu ríkisins, og um leið verða þeir þeirra hlunninda aðnjótandi, að fá áburðinn keyptan langtum lægra verði en mögulegt væri, ef verzlunin væri „frjáls“, sem kallað er“.

Að dómi þess, sem þetta ritar, er Áburðarsala ríkisins einhver allra heillavænlegasta og róttækasta ráðstöfun, sem gerð hefir verið, til þess að jafna aðstöðu allra bænda, sem við jarðrækt fást“.

Hér get ég ekki betur séð en að verið sé að halda fram ágæti einkasölu á kostnað frjálsrar verzlunar. Það má deila um, hvort heppilegra sé að hafa einkasölu eða frjálsa verzlun, en hv. 3. landsk. hlýtur að vera mér sammála um það, að dómar um þetta eiga ekki heima í hlutlausri skýrslu um framkvæmdir ríkisins.

Fleiri atriði eru um þetta mál, sem ekki eru hlutlaus. Á 182. bls. er fyrst tekið fram, að núv. stj. hafi beitt sér fyrir lagasetningu um einkasölu á tilbúnum áburði, og á næstu síðu segir: „Með tilliti til þess kostnaðar, er leiðir af hvorum þessara tveggja lagabálka fyrir ríkissjóð, má ætla, að lögin um tilbúinn áburð hafi haft enn meiri áhrif á ræktunina heldur en jarðræktarlögin. — — Áður en þau komu til, var óvíða átt við ræktun í kaupstöðum og þorpum hér á landi, og áhugi var almennt næsta lítill í þeim efnum“. Þetta er rangt, því að áður en áburðareinkasalan kom, var vaknaður talsverður áhugi fyrir aukinni ræktun í kaupstöðum, og þarf ekki annað en að nefna Reykjavík sem dæmi þess. Fyrra atriðið getur ekki verið sett í neinum öðrum tilgangi en þeim að sýna, að sú lagasetning, sem núv. stj. beitti sér fyrir, hafi orðið til meira gagns en það, sem áður hafði verið gert. Þessi staðhæfing er algerlega óviðeigandi.

Hv. 3. landsk., sem vafalaust gerði sér far um að reyna að finna þá kafla, sem hlutlausastir voru, verður því að játa, að jafnvel í þessum köflum, — einum þremur, sem hann gat nefnt af tuttugu, — er verið að draga fram eina stefnu á annarar kostnað.

Þetta er auðvitað ekki svo ákaflega ósæmilegt, ef litið er á ritið sem kosningabækling frá Framsóknarflokknum. Maður hefir séð hann svartari á síðustu árum. En ef á að líta á það sem kosningarit Framsóknarfl., þá er ósæmilegt og óviðunandi að láta ríkissjóð borga kostnaðinn. Það myndi hv. 3. landsk. a. m. k. finna, ef andstöðuflokkar hans gripu til slíks ráðs. Ég held, að það sé miklu skynsamlegra að kæfa þetta í fæðingunni, heldur en að halda því áfram eins og hv. 3. landsk. vill, til þess að tryggja, að slíkt geti ekki komið fyrir oftar, hverjir sem með völdin fara. Því að það getur aldrei orðið til þjóðþrifa, og verður ekki annað sagt en að það sé þjóðarskömm, að slíkt skuli hafa getað komið fyrir.

Það er algerður misskilningur hjá hv. 3. landsk., að andstaða okkar gegn þessu athæfi stafi af því, að við sjáum ofsjónum yfir því, að stj. skuli hugsast þetta. Ef stj., sem ég hefði stutt til valda, hefði gert annað eins og þetta, þá skyldi ég ekki hafa fylgt henni deginum lengur.

Þá var annað atriði, sem hv. 3. landsk. kom inn á, sem ég þarf að minnast á. Hann sagði, að ég héldi því fram, að hættulaust væri að hækka talsvert gjaldabálk fjárlaganna, vegna þess að tekjurnar séu svo varlega áætlaðar. Það er nú röng eftirtekt, að ég hafi sagt þetta. Ég hefi ekkert talað um þetta. Ég hefi sjálfur ekki borið fram nema örlágar till. um hækkaðar fjárveitingar. Þær munu nema ⅓% af gjaldabálki fjárl., svo að ef fjárlagaáætlunin er orðin mjög óvarleg, ef þær ná samþykki, þá er hún óvarleg nú þegar. Það er alls ekki þetta, sem ég var að tala um. Hitt sagði ég, að áætlunin eins og hún nú væri sé ekki svo óvarleg, að ástæða sé til að gefa stj. frjálsar hendur í þessu efni. Ég gerði grein fyrir, hve hættulegt það gæti orðið, ef út á þessa braut væri farið, og ég ætla ekki að fara að endurtaka þau rök.

Í sambandi við þau orð, sem hv. 2. landsk. beindi til mín út af ummælum mínum um, að tölurnar myndu yfirleitt vera réttar í skýrslunum frægu, skal ég geta þess, að það var aðeins ágizkun. Ég sagði, að ég gengi út frá því sem gefnu, hafði hinsvegar ekki athugað það. En ég verð að viðurkenna, að það hefir oft hent

mig, síðan núv. stj. settist að völdum, að ganga út frá gerðum hennar skárri en þær hafa reynzt, þegar þær eru skoðaðar niður í kjölinn.

Jón Baldvinsson: Í síðustu ræðu minni láðist mér að geta um eitt atriði, sem athygli mín hefir verið vakin á, en það er í þeim lið, sem ætlaður er til flóabátanna. Þar er styrkur, innifalinn í heildarupphæðinni, veittur kaupfél. í Stykkishólmi til að halda uppi mótorbátaferðum um Breiðafjörð. Nú er það svo, að kaupfél. hefir engan bát til slíkra ferða og enga aðstöðu til að nota þennan styrk, nema þá sem milliliður, en slíkt er alveg óþarft. Ég hefi fengið bréf að vestan um þetta atriði, og þar er þessa getið, jafnframt því, að sá maður, sem haldi uppi þessum ferðum og eigi því að fá styrkinn, heiti Guðmundur Jónsson frá Narfeyri. Þetta vildi ég láta leiðrétta, því að vitanlega nær það ekki nokkurri átt að veita öðrum styrkinn en þeim, sem á að fá hann. Þetta vil ég vonast til, að hv. þdm. athugi fyrir 3. umr.

Svo er það ekki mikið meira, sem ég þarf að segja, nema hvað viðvíkur þeim ummælum, sem hv. 3. landsk. beindi til mín viðvíkjandi atvinnuleysisstyrknum til kaupstaða og hvað þeir legðu af mörkum til atvinnubóta. Ég vil vekja athygli hans á því, að fulltrúar Alþfl. hafa krafizt þess hvað eftir annað í bæjarstj., að haldið verði áfram með þau verk, sem þegar er hafizt handa um, og ennfremur, að lagt verði út í ýmsar nýjar framkvæmdir.

Annars vil ég benda hv. þm. á það, í tilefni af því, að hann sagði, að þessi mál ættu að ræðast í bæjarstj. Rvíkur, að hér tala ég sem fulltrúi þjóðarinnar um þær ráðstafanir, sem ríkinu ber að gera, og það er hinn eini rétti vettvangur að ræða það hér á hv. Alþ. Hitt er óþarfi, að blanda hér inn í þessar umr., hvaða ráðstafanir Rvíkurbær eigi að gera. Það verður rætt á allt öðrum vettvangi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 283,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

4.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 297,I felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GL, JakM, JBald.

nei: PM, BSn, EÁrna, HSteins, IP, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, GÓ.

8.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 297,II tekin aftur, en tekin upp af 2. landsk. þm. og felld með 7 shlj. atkv.

10.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 297,III.1—2 tekin aftur.

— 297,IV (aðaltill.) felld með 7:5 atkv.

— 297,IV (varatill.) felld með 7:5 atkv.

— 297,V samþ. með 9 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 297,VI samþ. með 11 shlj. atkv.

— 297,VII felld með 7:6 atkv.

— 297,VIII.1 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald.

nei: JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, JónJ, GÓ.

Brtt. 283,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 297,VIII.2 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JBald, BSn, GL.

nei: HSteins, IP, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, PM, EÁrna, GÓ.

Brtt. 297,IX—X teknar aftur.

— 297,XI felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald, JónÞ.

nei: JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, JónJ, GÓ.

Brtt. 283,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 297,XII felld með 8:3 atkv.

— 297,XIII samþ. með 11 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 297,XIV tekin aftur.

— 297,XV samþ. með 8:6 atkv.

— 297,XVI.1 felld með 8:5 atkv.

— 297,XVI.2 felld með 8:4 atkv.

— 297,XVII.a felld með 7:6 atkv.

— 297,XVII.b samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, GL, HSteins, JakM, JBald, JónÞ, MT, PM.

nei: EÁrna, IP, JónJ, JónasJ, PH, GÓ.

Brtt. 297,XVII.c felld með 7:7 atkv.
— 297,XVIII (aðaltill.) felld með 8:5 atkv.
— 297,XVIII (varatill.) samþ. með 8:6 atkv.
— 283,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 297,XIX felld með 7:7 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 297,XX.a—b felld með 8:5 atkv.
— 297,XXI.a—b felld með 7:6 atkv.
— 297,XXII.1 felld með 8:6 atkv.
— 297,XXII.2 felld með 7:7 atkv.
— 297,XXII.3 felld með 7:5 atkv.
— 297,XXIV samþ. með 8 shlj. atkv.
— 297,XXV felld með 8:5 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 283,5 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 283,6 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 283,7 tekin aftur.
— 297,XXVI felld með 7:6 atkv.
— 297,XXVII felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, JakM, JónÞ, JónasJ, GÓ.
nei: EÁrna, HSteins, IP, JBald, JónJ, MT, PH, BSn.
PM greiddi ekki atkv.
Brtt. 297,XXVIII samþ. með 8:5 atkv.
— 283,8 samþ. með 10:1 atkv.
— 297,XXIX (aðaltill.) samþ. með 8:1 atkv.
— 283,9 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 297,XXX.1.a felld með 7:3 atkv.
— 297,XXX.1.b felld með 7:3 atkv.
— 297,XXXI samþ. með 8:3 atkv.
— 297,XXXII felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, JakM, JBald, MT, PM, BSn, EÁrna.
nei: HSteins, IP, JónJ, JónÞ, JónasJ, PH, GÓ.
16. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 283,10 tekin aftur.
— 297,XXXIII samþ. með 8:2 atkv.
— 297,XXXIV (aðaltill.) felld með 8:4 atkv.
— 297,XXXIV (varatill.) felld með 7:4 atkv.
— 313 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JónÞ, MT, PH, PM, BSn, GL, HSteins.
nei: JBald, JónJ, JónasJ, EÁrna, IP, GÓ.
Brtt. 297,XXXV felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, BSn, GL, JakM, JónÞ, GÓ.
nei: EÁrna, HSteins, IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH.
17. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 283,11.a samþ. með 10 shlj. atkv.
— 297,XXXVI samþ. með 10 shlj. atkv.
— 283,11.b þar með fallin.
— 297,XXXVII samþ. með 10 shlj. atkv.
— 297,XXXVIII (aðaltill.) felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JónÞ, JónasJ, PM, GL.
nei: JakM, JónJ, MT, PH, BSn, EÁrna, HSteins, IP, GÓ.
Brtt. 297,XXXVIII (varatill.) samþ. með 8:4 atkv.
— 283,12 samþ. með 8:4 atkv.
— 297,XXXIX (aðaltill.) felld með 7:6 atkv.
— 297,XXXIX (varatill.) samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JakM, JBald, JónÞ, PM, BSn, GL.
nei: JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, GÓ.
HSteins greiddi ekki atkv.
Brtt. 297,XL samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JBald, JónÞ, MT, PM, BSn, GL, HSteins,
nei: JónJ, JónasJ, EÁrna, IP, GÓ.
PH greiddi ekki atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
20. gr., með þeim tölubreyt., er leiðir af samþykkt brtt. 283,1, samþ. með 10 shlj. atkv.
21. gr., með áorðnum breyt. samkv. atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 297,XLI.a felld með 7:4 atkv.
— 297,XLI.b samþ. með 8 shlj. atkv.
— 297,XLI.c tekin aftur.
— 297,XLII felld með 7:2 atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

25. gr. felld með 7:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 33. fundi í Ed., 19. ágúst, var frv tekið til 3. umr. (A. 326, 342, 346, 369, 374, 383).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 346, 369, 374, 383. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Jón Jónsson: Það vill nú svo illa til, að hv. frsm. fjvn. er veikur sem stendur og getur því ekki mætt á þessum fundi, og ég verð því að leyfa mér fyrir hönd n. að fara nokkrum orðum um þær till., sem hún ber fram við þessa umr. En að sjálfsögðu verður það styttra og ómerkilegra en ef hv. frsm. væri við, en það vill til, að till. n. eru mjög fáar.

Fyrsta till. er á þskj. 346,II, við 13. gr. C.I.4, nýr liður: Til aðstoðarmanna og mælinga við vitamál, allt að 3000 kr. N. barst erindi frá vitamálastjóra, sem kom sjálfur til viðtals, þar sem hann vakti athygli n. á því, að enginn liður væri í fjárl. til þess arna, eins og verið hefði undanfarið; í núg. fjárl. eru veittar til þess 7000 kr. En þetta hafði verið fellt niður af stjfrv. af þeirri ástæðu, að þá var ekki gert ráð fyrir neinum fjárframlögum til nýbygginga, hvorki vita né hafna. En þar sem nú hefir bætzt allmikil upphæð í fjárl. í þessu skyni, virtist ekki hægt að komast hjá því að veita eitthvað til þessara mælinga og aðstoðar. Vitamálastjóri fór fram á nokkru hærri upphæð en hér er lagt til, en við sáum okkur ekki fært að leggja til meira en 3000 kr. að svo vöxnu máli. En ég geri ráð fyrir, að ef ráðizt verður í þessar framkvæmdir og nauðsynlegt er að fá meiri aðstoð, þá muni hún verða veitt eins og að undanförnu.

Ég skal geta þess í þessu sambandi, að vegamálastjóri kom líka á fund n. og fór fram á, að samskonar liður undir vegamálunum væri hækkaður. Í þessu frv. er hann aðeins 10 þús. kr., en í núg. fjárl. mun hann vera 24 þús. kr. Þetta er geysileg lækkun, sem upphaflega mun hafa verið byggð á því, að stj. lagði ekki til í sínu frv., að neitt væri unnið að nýbyggingum vega.

N. sá ekki beina ástæðu til þess að taka upp hækkun á þessum lið, vegna þess að allt er svo óvíst og á hverfanda hveli um framtíðina og hvað hægt verður að gera á næstunni. En það er eins um þenna lið og hinn liðinn, að ef reynslan leiðir í ljós, að þarna verði um miklar framkvæmdir að ræða, þá verður þetta að sjálfsögðu athugað um næstu áramót og hækkað eins og ástæður þykja til, og ef nauðsyn virðist til þess.

Þá er næsti liður á sama þskj., IV. Það er um að hækka liðinn til aukakennara og stundakennslu við menntaskólann á Akureyri um 1000 kr. Þannig stendur á því, að undanfarin ár hefir, þótt leitt sé til að vita, fallið niður söngkennsla við skólann, vegna þess að ekki hefir verið kostur á hæfum manni að dómi skólameistara. En vitanlega er gert ráð fyrir þessari kennslu í lögum og skólareglugerð, og nú hefir skólameistari komizt að samningum við Akureyrarbæ um að skólinn og bærinn réði í félagi mjög efnilegan mann til söngkennslu þar. Með tilliti til þess færði hann rök fyrir því, að þessi liður yrði hækkaður um 1000 kr., og leyfir n. sér að leggja til, að svo verði gert.

Næsti liður frá n. er VIII. liður, til starfrækslu háfjallastöðvar. Eins og menn vita, er nú ráðgert að byrja hið svokallaða pólarár 1. ág. 1932, og í þeim rannsóknum, sem þá fara fram, taka þátt flest menningarríki, til þess að rannsaka veðurfar við heimskautin. Þess vegna hefir verið farið fram á, að Ísland tæki þátt í þessu starfi að nokkru leyti. Það er ráðgert, að hér verði settar upp tvær stöðvar, önnur í Reykjavík og hin á Snæfellsjökli. Fyrst var hugsað um að hafa þá stöð á Austurlandi, en frá því var horfið aftur. Fjvn. sá ekki annað fært en að leggja til, að einhver fjárveiting væri samþ. í þessu skyni. Það er ráðgert, að þessi stöð starfi allt árið, en hér er ekki um að ræða nema eitthvað 5 mán. af árinu 1932, og eftir því sem veðurstofustjóri sagði, gerir hann ráð fyrir, að allur kostnaður Íslendinga yrði ekki nema 12—15000 kr. Samkv. því leggur fjvn. til, að veittar séu 5000 kr. fyrir

þeim kostnaði, sem líkur eru til, að verða mundi næsta ár.

Þá leggur n. til, að niður falli tillag til Fiskveiðasjóðs Íslands. Það var talað um þetta við 2. umr., og sé ég því ekki ástæðu til að fara frekar út í það nú. N. hefir aðeins tekið upp þá till., sem hún flutti við 2. umr., en tók þá aftur til 3. umr., fyrir tilmæli hv. 2. landsk.

Þá er brtt. X, 1, um að aths. falli burt. Nú er í fjárl. ráðstafað 1200 kr. til ákveðins sjúklings, en n. áleit, að með þessu, ef það yrði samþ., væri skapað svo alvarlegt fordæmi, að rétt væri að samþ. það ekki, því að annars yrði að taka þar upp fleiri sjúklinga, sem eru ekki á sjúkrahúsum, ef ekki ætti að gera upp á milli þeirra.

Þá er annar liður undir sama tölulið, að veita 450 kr. til Önnu Jónsson, ekkju Klemens Jónssonar. Það er algerlega í samræmi við aðrar ráðherraekkjur, sem nú eru í fjárlögunum, að þessi till. kemur fram.

Þá er hér styrkur til ekkju Gísla Ólafssonar landssímastjóra. N. þótti sjálfsagt, að þessi ekkja kæmi inn í fjárl., til samræmis við aðra landssímastjóraekkju.

Þriðja till. undir þessum sama tölulið er um það, að einni prestsekkju sé bætt við á 18. gr. Það virðist vonum seinna, sem hún sækir um að komast inn í fjárl., því að hún hefir nú verið ekkja í 30 ár.

4. liðurinn er um að ábyrgjast lán til Hjaltastaðahrepps. Eins og mönnum er kunnugt, var í fjárl. 1929 heimild til að lána þessum hreppi 25 þús. kr. úr ríkissjóði vegna sérstakra neyðarástæðna þess hrepps. Fyrir þinginu lá þá ýtarleg skýrsla um hinar afarörðugu ástæður þar, sem nú hafa sízt batnað eftir þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir. Á þessum hreppi hvílir nú mikil skuld, og hefir nú verið leitað nauðasamninga um hana. Eru allar horfur á, að þeir samningar muni takast og því eitthvað rakna úr fyrir þessum hreppi, ef þetta lán getur fengizt. N. taldi því ekki annað gerlegt en að mæla með því, að þesari sveit sé veitt þessi ábyrgð.

Jafnframt þessu lá fyrir fjvn. beiðni frá þremur öðrum hreppum, sem hér eru nefndir, um að veita þeim einhverskonar hallærishjálp. Eftir þeim skýrslum og öðrum gögnum, sem hér liggja fyrir, eru þessir hreppar mjög alvarlega staddir vegna skulda, sem þeir ráða ekki við. Þar eru einnig svo mikil fátækraþyngsli, að engar líkur eru fyrir því, að þeir geti risið undir þeim. Hinsvegar fannst n. ekki liggja fyrir svo ýtarleg skýrsla um þessa hreppa, að hægt væri fyrir þingið að taka ákvörðun um þetta, og leggur því til, að stj. sé falið að kynna sér fjárhagsástæður sveitarsjóðanna og hreppsbúa, og athuga, hve mikið gjaldþol þeir hafi og leggja niðurstöðurnar af þeim rannsóknum fyrir næsta þing. Ástæður þessara hreppa virðast vera svo alvarlegar, að það virðist ekki rétt að skella skollaeyrunum við beiðnum þeirra.

Þá eru ekki fleiri till. frá n., og mér þykir ekki hlýða að svo vöxnu máli að fara út í till. frá einstökum þm., en mun skýra frá afstöðu n. til þeirra, þegar hv. þm. hafa sjálfir talað fyrir þeim, og mun ég þá einnig gera grein fyrir afstöðu n. til fjárlaganna yfirleitt.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 342, og vil ég nú fara nokkrum orðum um þær. Fyrstu brtt., þá, sem fer fram á stærsta upphæð, flyt ég ásamt hv. 1. þm. Reykv. Það er framlag til Hafnarfjarðarvegar til atvinnubóta fyrir Rvík og Hafnarfj. Ég býst við, að öllum hv. þdm. sé kunnugt um það, hversu ískyggilegt það atvinnuleysi er, sem nú steðjar að, svo alvarlegt, að ef ekki verður reynt að bæta eitthvað úr því, má búast við, að sultur verði í vetur í búi margra verkamanna, bæði í þessum tveimur bæjum, sem ég hefi nefnt, og eins annarsstaðar á landinu. Það hafa nú verið gerðar ýmsar ráðstafanir, þó að kannske af vanefnum sé, bæði í þessari hv. d. og eins í Nd. til að veita fé til ýmissa fyrirtækja, sem á að gera þeim kaupstöðum þar með kleift að halda uppi atvinnu nú í bráð, og má e. t. v. byrja á þeim atvinnubótum strax í haust. Aftur hefir ekkert verið ákveðið um þessa tvo bæi, sem hér um ræðir.

Þegar rætt var um atvinnubætur í Nd. við 2. umr. fjárlagafrv., var það helzt fundið til foráttu þeim till., sem þá komu fram, að ekki væri ákveðið að vinna nein tiltekin verk fyrir það fé, sem ríkið átti

að leggja fram, og í öðru lagi var ekki gert ráð fyrir, að viðkomandi bæir legðu neitt af mörkum sjálfir til atvinnubóta. Hér er nú sleginn varnagli við hvorutveggja, bæði tekið skýrt fram, til hvers eigi að verja fénu, og einnig er tekið fram, að hvort bæjarfél. fyrir sig eigi að leggja jafnmikið fé á móti, hvor bær að tiltölu við fólksfjölda.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að því er Hafnarfj. snertir, að þar verður nú mjög iskyggilegt útlit á komanda hausti, og kemur það líka til af því, hvað mikið atvinnuleysi var þar síðastl. vetur og að ekkert fékkst til atvinnubóta af stjórnarinnar hálfu, þar sem Rvík fékk þó nokkuð, þótt af skornum skammti væri. Þess vegna var það, að fátækraframlag í Hafnarfirði var 40—50 þús. kr. meira síðastl. vetur en vanalega hefir verið. Því er það svo, að þar sem brtt. hæstv. forsrh. gerir ráð fyrir, að bæjarfélögin leggi fram ⅗ á móti ríkissjóði, allt að 300 þús. kr., þá býst ég ekki við, að Hafnarfj. geti fengið nægilegt fé á móti framlagi ríkissjóðs nema með aðstoð stj. þannig, að hún veiti þá hjálp, sem Hafnarfj. þarf með nú í atvinnuleysinu. Aftur á móti væri talsverð bót ráðin á, ef bærinn þyrfti ekki að leggja nema helming fram á móti ríkissjóði.

Þess má geta í sambandi við þessa tvo bæi, sem nú er farið fram á að veita þessa hjálp, að það eru þeir, sem að undanförnu hafa veitt ríkissjóði mestar tekjur, og er því ekki nema réttlætiskrafa, að þeim sé nú veittur þessi styrkur.

Það liggur í hlutarins eðli, að þegar ríkið á að leggja fé í einhverjar framkvæmdir, þá ber að vinna þau verk, sem eru þörf og nauðsynleg. En þetta verk, sem hér er talað um, vegurinn milli þessara tveggja bæja, er verk, sem ríkið verður óhjákvæmilega að láta vinna nú á næstu árum, til að fullnægja þeirri vaxandi þörf, sem er á góðum vegum.

Vegamálastjóri hefir sent samgmn. bréf um þetta efni, og þar er það skýrt tekið fram, að mjög mikil þörf sé á vegi milli þessara tveggja bæja, vegna þess að sá vegur, sem nú er þar á milli, svari alls ekki þeirri kröfu, sem gera verði til vegarins. Hinsvegar er hann ekki jafnviss um það, hvort heppilegra muni að leggja nýjan veg eða bæta þann gamla. Þó hefir mér skilizt á bréfi hans, að hann hallist frekar að því, að vegur til frambúðar fáist aðeins með því móti að leggja nýjan veg, eins og farið er fram á í frv. mínu, sem legið hefir fyrir þessari hv. d. Þess vegna er ekkert tekið fram um þetta í till. minni, hvora leiðina skuli fara, aðeins gert ráð fyrir því, að vegamálastjóri verði svo fljótt búinn að átta sig á því, hvora leiðina skuli fara, að hægt verði að byrja á því í haust og bæta þannig úr atvinnuleysinu. Það má meira að segja gera ýmislegt, þó að vegamálastjóri sé ekki búinn að taka endanlega ákvörðun um þetta, t. d. mylja grjót og annað þesshättar, vegagerðinni til undirbúnings. Það veitir talsverða atvinnu og því minni bagi að því, þó að ekki verði byrjað undir eins á verkinu, enda segir vegamálastjóri í þessu erindi sínu, að sér sýnist þessi vegur tilvalinn til atvinnubóta í haust.

Ég veit, að allir hv. dm. eru sammála um það, að það beri að gera meira en lítið til þess að bæta úr atvinnuleysi þessara tveggja bæja, því að ef hér verður atvinnuskortur, þá líður allt landið við það. Sveitirnar fá ekki síður að kenna á því. Bæði þurfa þær að koma afurðum sínum hingað á markaðinn og auðvitað fá gjald fyrir þær, og þar að auki hlýtur það að rýra tekjur ríkissjóðs, bæði tolla og skatta, ef lítil verður kaupgetan. Þrátt fyrir það þó að fleiri brtt., sem ganga í svipaða átt, verði samþ., svo og till. hæstv. forsrh., þá býst ég ekki við, að veiti af að samþ. þessa till. líka, þar sem svo alvarlegt atvinnuleysi steðjar að sem nú er fyrirsjáanlegt.

Þá kem ég að VIII. brtt. á sama þskj. Þar er farið fram á að veita 2000 kr. til aukakennslu í læknisfræði, og skal svo læknadeildin ráðstafa því fé. Jafnframt þessu er ætlazt til, að niður falli 3 liðir, þar sem er kennsla í lagalæknisfræði, augnlækningafræði og geðsjúkdómafræði. Ég minntist á þessa liði við 2. umr. og fer því ekki frekar út í það nú, en vil bara árétta það, hve mikil nauðsyn er á þessu, einkanlega þó með geðsjúkdómafræðina, sem er brýn þörf á, að kennd sé við háskólann.

Hvað viðvíkur brtt. við þennan lið,

sem fram er borin af hv. 5. landsk., þá er því þar til að svara, að ég býst við því, að enginn sé færari um að velja hæfan mann í þessa stöðu en einmitt læknadeild háskólans. Hún er sá aðili, sem hefir vegna þekkingar sinnar vit til og heiðurs síns vegna vilja til að velja bezta manninn. Það kemur líka dálítið kynduglega fyrir, að í þessari brtt. er eingöngu gert ráð fyrir, að sá maður, sem valinn yrði, sé reyndur að reglusemi og skyldurækni við lækningastörf. Við vitum, að meðal lækna eins og annara starfsmanna eru margir, sem eru ekki vel að sér í sínu starfi, þó að þeir séu reyndir að skyldurækni og reglusemi, en hér verður aðallega að fara eftir því við valið, að maðurinn sé vel að sér í þeirri grein, sem hann á að kenna. Reglusemi og skyldurækni eru auðvitað ágætir kostir, sem þurfa að fylgja með.

Þá kem ég loks að síðustu brtt. minni á þessu þskj. Það er styrkur til bókasafnsins í Hafnarfirði. Ég þarf ekki að fara langt út í það nú, þar sem var svo rækilega talað um það mál við 2. umr., en ég vil aðeins vona, að hv. d. sé nú svo örlát að veita umbeðinn styrk til þess að hægt sé að halda opinni lesstofu, en þar sem ekki fékkst sá styrkur, sem farið var fram á við 2. umr., ber ég nú fram till. um lægri upphæð, þá lægstu upphæð, sem hugsanlegt er að veita til bókasafnsins. Þó að þessi styrkur sé lítill, er það skoðun mín, að hann yrði samt til þess, að hægt væri að hafa bókasafnið opið ofurlítið lengur á hverjum degi en annars er hægt.

Þá á ég brtt. á þskj. 346. Þar er farið fram á, að hækkuð sé áætlun á nokkrum tekjustofnum ríkissjóðs. Ég hefi borið fram þessar till., af því að ég álít, að tekjuáætlun fjárlagafrv. sé svo varleg, að það virðist vel forsvaranlegt að bera fram brtt. um þessa hækkun, 200 þús. kr., sömu upphæð og ætlazt er til, að fari til Hafnarfjarðarvegar.

Ég tók einmitt þessa liði, þar sem um mestu óþarfavörurnar er að ræða, af því að ég álít, að bezta dæmið sé að taka munaðarvörurnar í slæmu árferði og sjá, hvort þeir liðir fara fram úr áætlun fjárlaganna, því að ef þeir liðir fara fram úr áætlun, þá hljóta hinir liðirnir líka að vera varlegir, þar sem óþarfavörur hljóta að vera minna keyptar í slæmu árferði.

Ég hefi gert samanburð á nokkrum liðum í landsreikningi og fjárl. 4 síðustu ára. Það var með vilja, að ég tók ekki 5. árið, 1925, ég gerði það til að forðast alla hlutdrægni, því að það ár voru allar tolltekjur yfirleitt hærri en hin árin. Þá kom það í ljós, að þessir liðir voru með brtt. minum um 200 þús. kr. hækkun lægri en meðaltal þessara tekjuliða í síðustu 4 ár, og er þó þar með talið kreppuárið 1926 og afleiðingar þess kreppuárs 1927. Og þetta eru munaðarvörur, sem í slæmu árferði ættu að vera minna keyptar og því minni tekjur af fyrir ríkissjóð heldur en þegar árferði er gott. Ég álít það því fullforsvaranlegt að koma með þessar hækkunartill. jafnframt því, sem lagt er til, að sömu upphæð sé varið til þeirra atvinnubóta, sem ég hefi minnzt á, þar sem tekjubálkurinn er svo varlega áætlaður sem sjá má af þessum samanburði mínum.

Ég vil ekki setjast svo niður, að ég minnist ekki með örfáum orðum á aðra brtt. hér frá hv. 5. landsk. Hún er á þskj. 342, styrkur til Stórstúkunnar. Þar er farið fram á, að ⅓ af þeim styrk sé varið eftir fyrirmælum kennslumálaráðuneytisins til að efla bindindisstarfsemi í skólum. Það liggur í hlutarins eðli, að ef þessi brtt. er samþ., þá er þessi styrkur til Stórstúkunnar rýrður að miklum mun, því að þessi hluti kemur þá ekki að þeim notum, sem ætlazt hefir verið til. Á hinn bóginn virðist það vera sett kennslumálaráðuneytinu á vald, ef það vill, að gera eitthvað í þessu máli í skólunum. Ég býst við, að í öllum skólum sé kennd náttúrufræði og víða heilsufræði, og ég veit, að þeir kennarar, sem kenna þessar námsgreinar, mundu með ljúfu geði halda fyrirlestra í skólunum um bindindi og skýra skaðsemi áfengis og tóbaks fyrir nemendum sínum. Slík fræðsla mundi koma alveg að sama gagni og það, sem á að vinna með framkvæmd þessarar brtt.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hefi ekki í hyggju að gera hér að umtalsefni einstakar brtt., sem fram eru

bornar af hv. dm. Ég á ekki sæti í deildinni né atkvæðisrétt, svo það er ekki ástæða fyrir mig til þess að blanda mér inn í þær umr. Ég álít hér eins og í hv. Nd., að till. fjvn. eigi mestan réttinn á sér. En ég hefi borið fram eina brtt. á þskj. 346, XI. Það hafa nú komið fram allmargar till. út af því kreppuástandi, sem nú er, og því atvinnuleysi, sem menn óttast að verði á komandi ári. Margar till. hafa komið fram af hálfu jafnaðarmanna, bæði við þessa umr. og 2. umr. fjárl. Hv. 2. landsk. þm. hefir borið fram róttækar till., þar sem landinu er ýmist einu ætlað að leggja til fé til framkvæmda, eða standa við hlið bæjarfélaganna í slíkum aðgerðum. Sjálfstæðismenn í Nd. báru fram till. um ½ millj. kr. framlag úr ríkissjóði í þessu skyni, án framlags á móti annarsstaðar að. Hv. þm. Hafnf. flytur till. um veg milli Hafnarfj. og Rvíkur gegn hálfu framlagi frá bæjunum. Af framsóknarmönnum var borið fram frv. í Nd., eins og kunnugt er. Ég lít svo á, að sú hugsun, sem þar kom fram, að taka þurfi til sérstakra ráða, þegar kreppir að, og að þeir, sem breiðara hafi bakið, þurfi þá eitthvað sérstakt á sig að leggja, sé rétt hugsun. Hinsvegar er vitanlegt, að frv. olli miklum ágreiningi, svo að ef gera hefði átt það frv. að lögum, hefði orðið að lengja þingið um 10—12 daga fram yfir það, sem ég vona að verði. Ég álít ekki rétt að stofna til þess. Hinsvegar álít ég ekki rétt, að ekki sé skýrt afmörkuð heimild í þessu efni. Ég hefi því borið fram þessa till. á þeim grundvelli, að skyldan til að sjá fyrir fólkinu hvíli fyrst og fremst á sveitar- og bæjarfélögunum, en að ríkið komi til aðstoðar þar, sem þess er brýnust þörf. Ég legg áherzlu á það, þegar ríkið stígur þetta spor, að þá sé ekki brotin meginreglan um, að framfærsluskyldan hvíli fyrst og fremst á héruðunum. Það er lögð áherzla á það, eins og hv. dm. geta séð, með því að nér eru sett skilyrði, sem eru borin fram að tilhlutun meiri hl. fjhn. Nd. Hér er í fyrsta lagi verið að stofna til náinnar samvinnu milli ríkisins og bæjarfélaganna, og í öðru lagi er gert ráð fyrir nefnd, sem aðstoðar í framkvæmdinni fulltrúa beggja þessara aðilja.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þessa till. Ég tel ekki rétt að fara að lengja þingið til þess að afla tekna í þessu skyni, en áliti rétt að ná þessu fé inn með hækkun á tolli á áfengi og óþarfavarningi. Þessi atriði koma að sjálfsögðu fyrir næsta þing. Hinsvegar vildi ég vænta þess, að samkomulag yrði um að fara þessa leið: Að hafa heimild til taks og rannsaka starfið, en bíða að öðru leyti vetrarþingsins.

Jón Baldvinsson: Ég vildi taka hér til umr. till. þær, sem ég flyt til atvinnubóta í kaupstöðum, af því að þær þykja mér mestu varða af þeim till., sem hér liggja fyrir. Ég hefi nú enn á ný ráðizt í að flytja till. um útgjöld í því skyni að halda uppi slíkum atvinnubótum. Eru mér þó vel í minni atkvgr. nú fyrir skemmstu, er slíkar till. voru drepnar af stjórnarliðinu. En ég vil ekki sleppa þessu tækifæri til þess að minna á, hve mikið þarf að gera að, til þess að bæta úr þessu böli, sem nú steðjar að, og hve þörfin er brýn.

Það er þá eitt aðalatriðið í till. mínum, að ríkið leggi fram 250 þús. kr. til atvinnubóta í kaupstöðum án framlags af hálfu kaupstaðanna. Þetta er borið fram vegna þess að ég veit, að margir kaupstaðir eru svo stæðir, að þeir geta ekki lagt fram fé af eigin ramleik, eins og virðist vera aðalhugsunin í till. hæstv. forsrh. og flokksmanna hans í Nd. En þá verður ríkissjóður að koma til skjalanna; hann hefir venjulega afgang af tekjum fram yfir áætlun fjárl., og auk þess ótal vegi með útvegun peninga, sem bæjarfélögin hafa ekki. Ég tel því sjálfsagt, að ríkið fyrst og fremst leggi þetta fram. Það heyrir ekki undir Alþingi að skylda bæjarfélögin til þess að leggja fram slíkt fé. Þau gera vafalaust það, sem þau geta, flest. Hinsvegar er þess að gæta, að þau bæjarfélög, sem ekkert vilja gera, taka þá varla lán til þess hjá ríkinu. En þó er gott og sjálfsagt, að slík heimild sé til.

Ég hefi því flutt till. um, að ríkið veiti 250 þús. kr. styrk til bæjar- og sveitarfélaga gegn framlagi á móti, og loks aðra till. um að verja megi 250 þús. kr. til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem ekki hafa fé til þess að leggja

á móti ríkissjóði. Ég álít nauðsynlegt að hafa þessa heimild til í fjárl. Við sjáum, hvernig hrepparnir koma sumir upp gefnir til Alþingis og beiðast hjálpar.

Þá flyt ég enn till. um, að stjórninni skuli vera heimilt að taka lán, allt að 500 þús. kr., til atvinnubóta. Þetta var sú till., sem ég var mest í vafa um, hvort ég ætti að flytja, því ég álít, að í fjárl. séu huldar tekjur. Hinsvegar bjóst ég við, að stj. þættist varbúin við því að hefja framkvæmdir, ef þessi lánsheimild væri ekki til. Svo hæstv. stj. og flokkur hennar geta ekki sagt, að ekkert sé hægt að gera, ef þetta verður samþ. Ég vildi ekki láta þetta atriði verða hinum till. að falli.

Ég þarf ekki miklu að bæta við ræðu mína frá í dag. Ég lýsti þá ástandinu eins og það er nú í kaupstöðunum. Alstaðar eru sömu vandræðin og sama vofan framundan. Hvergi eru peningar hjá fólki og ekkert sparifé. Fjöldi manna á ekki annað í vændum en að leita til sveitarsjóðanna. Og það er svo, að það hefir verið óvenju mikil aðsókn að sveitarsjóðunum jafnvel nú yfir sumarið.

Þá hefi ég einnig sett það ákvæði, að stj. Alþýðusambandsins hafi íhlutun um framkvæmdir í þessum málum. Það er vegna þess, að henni er nákunnugt um allar ástæður úti um landið. Ég sé, að hæstv. fjmrh. hefir tekið svipað upp í sína till., og er að því leyti gott um hana að segja. Ég geri því ekki ráð fyrir, að þetta ákvæði valdi mótstöðu. Ég get sagt það, að ég kýs fyrst og fremst, að mínar till. verði samþ., en ég greiði auk þess atkv. með till. hv. þm. Hafnf. um veg milli Hafnarfj. og Rvíkur. En ég vil ekki að svo stöddu segja, hvað ég geri viðvíkjandi till. hæstv. stj., ef mínar verða felldar.

Þá sný ég mér að öðrum brtt. mínum við fjárl.

Ég á hér brtt. um framlag til Fjarðarheiðarvegar, 10 þús. kr. Allir eru í raun inni sammála um, að það er sjálfsagt að veita fé til þessa vegar. Það er m. a. s. ekki langt síðan hv. 5. landsk. barðist fyrir því. En þegar við síðustu umr. um fjárlög var farið fram á 20 þús. kr., snerust framsóknarmenn móti því. Það væri þó synd að segja, að ástandið á Seyðisfirði væri svo gott hvað atvinnu snertir, að ekki væri þörf á verklegum framkvæmdum þar um slóðir. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að sá staður er í hinni mestu niðurníðslu og gæti þá fyrst rétt við, ef menn gætu komið sér upp atvinnutækjum. En þó að eitthvað tækist í því efni, þá er það svo nauðsynlegt verk, sem hér liggur fyrir, að það er óforsvaranlegt, ef þingið veitir ekki fé til þess. Og þetta því fremur sem það hefir veitt til ýmsra vegagerða meira en stjórnin ætlaðist til, af því að menn vilja ekki gefast upp við að sameina vegakerfi landsins.

En það virðist vera einhver hreppapólitík í þessu, að bregða fæti fyrir þetta mál, sem er til stórskaða fyrir sveitahéruðin á Austurlandi, en virðist vera runnin undan rifjum kaupfélagsins á Reyðarfirði. Það er eins og það vilji sitja eitt að vegasambandinu við Héraðið. Þetta kom fram í mótstöðu við veginn milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. En mér þykir rétt að geta þessa, svo að það komi skýrt fram í þinginu.

Næsta brtt. mín er á þskj. 342,X. Í fjárl. undanfarið hefir verið heimild til þess að verja af skólafé 2 þús. kr. til þess að halda uppi kennslu í námsgreinum Guðm. Bárðarsonar. En hann hefir haft frí með fullum launum til þess að starfa að rannsóknum sínum. Þetta hefir nú verið fellt niður. En fyrir þinginu liggur umsókn hans um að mega halda þessu eitt ár enn, til þess að vinna úr rannsóknum sínum. Ég fer ekki að telja hér upp fyrir hv. þdm. hinar merkilegu rannsóknir Guðm. Bárðarsonar, en vil aðeins geta þess, að þessi maður hefir ekki haft sömu aðstöðu til vísindastarfa sem slíkir menn eru vanir að hafa. Hann var bóndi norður á Ströndum í ein 20 ár, en vann þá að rannsóknum, sem vöktu athygli bæði utanlands og innan. Hann var síðan gerður að kennara við skólann á Akureyri, og síðast kennari við menntaskólann í Reykjavík. Nú ætti hann að fá viðurkenningu frá þinginu með þessu frii frá kennslustörfum, til þess að hann geti óskiptur helgað sig þeim vísindaiðkunum, sem hann hefir áhuga fyrir og hefir mikið unnið að. Það liggur þó mikið verkefni fram undan, því að mikið er ennþá

eftir að rannsaka í landinu. Og innlendir menn eiga eftir að leggja fram sinn skerf móti þeim útlendu vísindamönnum, sem hér hafa starfað að rannsóknum. Ég álít því, að rétt sé að veita þessum kennara frí frá kennslustarfi, svo að honum sé kleift að vinna að sínum áhugamálum, til gagns og sóma fyrir landið.

Þá flyt ég enn till. um að auka styrk til bókasafns Hafnarfj., og hefi nú till. aðeins um 2 þús. kr., og er það mikil hæverska, þar sem bókasöfn hinna kaupstaðanna, þar sem líkt er ástatt, hafa um 3 þús. kr. styrk. Ég get aðeins vísað til þess, sem sagt var um daginn, bæði af mér og hv. þm. Hafnf., sem enn flytur till. í sama skyni. En ég tel hana bara að sárlitlu gagni, því að með þessum 1000 kr. er tæplega kleift fyrir kaupstaðinn að halda uppi bókasafnsstarfsemi sinni. (BSn: Það er heldur ekki gert ráð fyrir því með þessum 1000 kr.). En ég held, að kaupstaðurinn væri miklu bættari með 2 þús. kr., enda þótt hann sé þá skör lægra settur en tveir aðrir kaupstaðir, — í von um það, að þetta yrði leiðrétt síðar í fjárlögum.

Þá hefi ég enn flutt till. um styrk til dr. Guðbrands Jónssonar, til að semja ísl. miðaldamenningarsögu, 1600 kr. Ég miða þá upphæð við það,sem venja er að veita honum árlega. En ég skildi atkvgr. síðast þannig, að menn fyrir kreppuótta og sparnaðarhug vildu klípa af þessari fjárhæð sem öðrum í fjárl. og samþ. þennan lið lægri. Vil ég nú gefa hv. þm. tækifæri til þess að samþ. þessa fjárveitingu sem einskonar uppfyllingu á loforði. Ég þarf ekki heldur að taka það fram, að þessi maður er allra manna fróðastur um þessi efni, og hefir mikið ritað um þau, er hverjum manni vinnusamari og svipar í því til föður síns, dr. Jóns Þorkelssonar. Ef það skyldi nú reynast svo, að hv. þm. vildu ekki fallast á aðaltill., þá flyt ég varatill. um 1500 kr., sem ég álít það lægsta, sem hægt er að bjóða fyrir þetta starf.

Ég var búinn að minnast á till. um atvinnubætur í kaupstöðum og kauptúnum, og get látið útrætt um þær.

Ég hefi flutt till. á þskj. 346, um að hækka styrk til sundlauga um 4 þús. kr. Er ætlazt til, að sú fjárhæð fari til sundlaugar í Bolungarvík. Í þeim hrepp hafa menn unnið mikið að því að koma upp sundlaug, og varið til þess, að því er mér er sagt, 10 þús. kr. En þessi framlög og vinna kemur ekki að gagni vegna fjárskorts til að halda áfram. Nú um langt skeið hafa menn verið örfáir til sundlaugabygginga með því að veita ríflega styrki úr ríkissjóði. Og fél., sem hér á hlut að máli, á sannarlega skilið að fá sinn styrk eins og aðrir, enda sé hann greiddur í sömu hlutföllum og aðrir sundlaugastyrkir.

Þess má geta, að Bolungarvík er eitt af stærstu sjóplássum landsins, og er því fullt eins mikil stæða til að styrkja sundlaug þarna eins og langt uppi í landi, þó að alstaðar sé að vísu þörf fyrir sundkunnáttu.

Þá hefi ég flutt undir IX. lið brtt. um fjárveitingu til vatnsveitu á Hvammstanga. Það er farið fram á helming kostnaðar, 9 þús. kr. Hefir landsverkfræðingur gert þá áætlun, eftir rannsókn, sem eiginlega fór fram í fyrra. Það liggur fyrir teikning og áætlun um þessa vatnsveitu. Vitanlegt er það, að kauptúnið sjálft hefir ekki fé til þess að leggja í þessa vatnsveitu, sjálfsagt fullerfitt að leggja fram helming. Allir þekkja, að frá heilbrigðissjónarmiði er mjög nauðsynlegt að hafa góða vatnsveitu þar sem margt fólk er saman komið. Því að ef sótt kemur upp vegna vatnsbóls, er það eitthvað það hættulegasta, sem fyrir getur komið, en þau dæmi þekkjum við frá Húsavík. Þar þótti nauðsynlegt að styrkja fullkomna vatnsveitu fyrir nokkrum árum.

Það er gert lauslega ráð fyrir, að vatnsveitan verði 1100 metra löng frá geyminum, sem byggður verður við lind fyrir ofan kauptúnið, og síðan verði 500 m. lögn í sjálfum götunum. Í áætluninni er vitanlega ekki um annað að ræða en leiðslu vatnsins niður í þorpið, og nokkuð um göturnar með vatnshönum, sem menn geti sótt vatn til, en sjálfir verða einstaklingar að kosta lagnir í húsin og um þau. Það er ætlazt til, að vatnsveitan nægi 500 manns, en hana er líka hægt að auka seinna tiltölulega kostnaðarlítið. Ég vænti því þess, að hv. d. veiti stuðning sinn til þess, að þetta kauptún geti komið upp svo nauðsynlegu mannvirki, því að

það er trúlegt, að þetta nauðsynjaverk dragist alllengi, ef ríkið veitir ekki stuðning sinn.

Jakob Möller: Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að till. annarsstaðar frá, og er þá fyrst brtt. hv. fjvn. við 17. gr., sem tekin er upp á ný, um að niður falli aths. viðvíkjandi Elínu Sigurðard. Ég tók það svo, að hv. frsm. segði, að þessi sjúkl. hefði ekki verið á sjúkrahúsi. Þetta er misskilningur. Frá því fyrsta að ég hafði kynni af þessum sjúkling, eða um 16 ár, veit ég ekki betur en að hún hafi alltaf verið á sjúkrahúsi, nema þau árin, sem hún hafði þennan sérstaka styrk til þess að geta dvalið utan sjúkrahúss. Ég held því, að þetta sé ekki neinn útgjaldaauki fyrir ríkissj. Hitt er rétt, að það er vafasamt, hvort þessi sjúklingur fellur að sjálfsögðu undir berklavarnalögin, og það er kannske hægt að koma henni út af sjúkrahúsi. En ég vil benda á, að það hefir ekki verið gert í öll þessi ár, og það er gert ráð fyrir, að hún verði eftir sem áður á sjúkrahúsi. Þess vegna skilst mér, að ekki sé um aukin útgjöld að ræða, þótt styrkurinn haldist, heldur sparnað, og sjúklingurinn ánægðari að geta verið annarsstaðar.

Þá er brtt. frá hv. 5. landsk., á þskj. 342,XXIII. lið, um að binda styrkveiting til Stórstúkunnar því skilyrði, að ⅓ sé varið eftir fyrirsögn kennslumálaráðuneytisins til að efla bindindisstarfsemi í skólum. Ég er satt að segja dálítið hræddur um, að slík fyrirmæli muni verka þveröfugt við tilganginn. Þeir, sem kunnugir eru nemendum í skólum og æskumönnum yfirleitt, vita, að þeim er ekki verra gert en þegar farið er að þvinga upp á þá einhverjum kenningum eða lífsreglum. Og ef farið er að setja ákvæði inn í löggjöf landsins um sérstakar ráðstafanir til að efla bindindi í skólum, er ég ákaflega hræddur um, að það hefði öfug áhrif við tilganginn. Ég get vísað til sjálfs mín, hvernig slíkt mundi verka á mig, og væntir mig, að sama sé um fleiri hér innan veggja. En auðvitað liggur það í hlutarins eðli, að Stórstúkan mundi fúslega vilja verja talsverðu starfi í það að efla bindindi í skólum landsins. En ég er á móti þessu ákvæði út af fyrir sig, af því að það mundi verka þveröfugt við tilganginn, og mætti jafnvel gera ráð fyrir, að skólafólki þætti sér bein móðgun ger með því að setja slík ákvæði inn í fjárl. Ég vil því mjög ákveðið mælast til þess við hv. d., að hún samþ. ekki þessa athugasemd.

Um till. hæstv. forsrh. um framlög til atvinnubóta hefi ég ekki nema gott að segja. Ég álít í raun og veru rétt að fara inn á þessa braut og víkja af þeirri braut, sem hæstv. stjórn eða flokksmenn hennar eru á. Því að ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það sé fyrst og fremst skylda sveitarfélaga að sjá fyrir þessu máli, þá finnst mér, að að því leyti sem þörf er ríkishjálpar, þá komi hún frekar af almennum tekjum ríkissjóðs heldur en beinlínis að fara í sama far og sveitarfélög verða að gera, þ. e. a. s. leggja á beina skatta til þess að standast kostnað. Ef eitthvert lið á að verða að þessu, verður að afla teknanna af tekjustofnum, sem sveitarfélög hafa ekki aðgang að, eins og raunar hæstv. ráðh. kom inn á, þar sem hann talaði um toll af ónauðsynlegum vörum.

Brtt. mínar, sem eru samtals á 3 þskj., eru margar endurteknar frá 2. umr. Ekki þó 1. till. á þskj. 342 við 3. gr., þar sem farið er fram á byggingarstyrk til sumarskýlis símamanna, 3 þús. kr., 2500 kr. til vara. Það hefir legið fyrir erindi um þetta frá fél. símamanna. Hafa þeir ráðizt í að byggja sér sumarskýli, til þess að geta dvalið þar sér til hressingar að sumrinu til. Tildrög eru þau, að Forberg sál. símastj. lagði 1000 kr. í sjóð í þessu skyni. Gert er ráð fyrir, að byggingin kosti 15 þús. kr., en ég verð að telja sómasamlegt, að ríkið styrki þetta að $\frac{1}{5}$. Mér finnst sjálfsagt, að ríkið styrki fyrirtækið. Það vita allir, að símamenn vinna þreytandi vinnu, og því er þeim hin mesta þörf að geta lyft sér upp frá störfum og hvílt sig í kyrrð og næði úti í sveitaloftinu.

Þá er næst till. á sama þskj., við 14. gr., um það að mála í sal menntaskólans olíumynd af þjóðfundinum 1851. Sérstök þáltill. um þetta var flutt í Nd., en felld í þessari hv. d. og því haldið fram, að þetta ætti að taka í fjárlög.

Þá á ég till. á sama þskj., um að hækka kennslustyrk til Kvennaskólans í Rvík úr

21 þús. í 24 þús. kr. Hv. þdm. hafa fengið erindi frá stjórnarnefnd skólans, þar sem gerð er grein fyrir þessari þörf. Stundakennarar, sem annast að langmestu leyti kennslu við þennan skóla, hækkuðu kaup sitt, og það gekk yfir þennan skóla sem aðra. Þar með óx rekstrarkostnaður skólans um 6 þús. kr. Ég treysti mér nú ekki til að fara fram á, að þetta verði allt borgað úr ríkissjóði, en legg til, að helmingur verði greiddur. Ég veit ekki um ástæður fjvn. fyrir því að taka ekki upp þessa till., en ég skil ekki, hvernig skólinn á að standast þennan aukna kostnað nema með auknum styrk, því að hækkun á kennslugjaldi nemenda til þess að vinna þetta allt upp virðist svo tilfinnanleg, að gera má fyllilega ráð fyrir, að það mundi hnekkja aðsókn.

Þá hefi ég undir XVI. lið flutt till. um styrk til tónlistarskólans, en bætt við aths., að styrkurinn greiðist með því skilyrði, að að minnsta kosti 2 þús. kr. komi á móti úr bæjarsjóði Rvíkur. Ég drap á það áður, að líklega fengi skólinn þetta úr bæjarsjóði, en ég býst við, að hv. þm. telji aðgengilegra að fallast á styrk úr ríkissj., ef hann er beint bundinn því skilyrði, að bærinn meti þessa starfsemi svo mikils, að hann vilji eitthvað fram leggja til að halda henni uppi. Ég þarf vonandi ekki að endurtaka ummæli mín við 2. umr. um gagnsemi þessa skóla, býst við, að það sé öllum hv. þdm. ljóst.

Undir XVIII. lið á sama þskj. á ég tvær till., aðra um styrk til Péturs Jónssonar söngvara, 3 þús. kr. Ég þarf ekki að bæta neinu við það, sem ég sagði við 2. umr.; ég hefi lækkað upphæðina að svo miklum mun, að ég er ekki í vafa um, að hv. þdm. geta fallizt á hana.

Hin till. er um styrk til listamannsefnis, sem brotizt hefir áfram í mikilli fátækt til þess að læra að mála. Eggert Guðmundsson hefir stundað nám í 2—3 ár styrklaus af hálfu þess opinbera, og má segja, að furðu gegni, að hann hafi haldizt við við námið. Hann er af þeim, sem til þekkja, talinn mjög efnilegur maður í þessari grein, svo að það væri mjög illa farið, ef hann yrði að hætta. Ég hefi hér í höndum meðmæli frá kennurum hans, þýzkum prófessorum við skóla, er hann hefir sótt; og þau verða ekki betri kosin. Þeir kveða hann stórkostlegum gáfum gæddan, fullkomlega þess verðan að njóta styrks góðra manna eða þess opinbera, svo að hann þurfi ekki að láta bugast af búksorgum. Hann þyrfti að stunda nám í 2 ár enn, til þess að verða fullnuma. Ég hefi vottorð um það frá 2 próf. við þennan skóla, sem vitanlega hafa enga ástæðu til að mæla með honum með svo sterkum orðum, ef ekki eru efni til, að honum hafi farið mjög vel fram í skólanum og stundað námið af miklu kappi. Þegar maður spyr menn, sem honum eru kunnugir, hvernig hann hafi farið að kljúfa kostnaðinn og halda í sér lífinu, fær maður helzt það svar, að hann muni hafa lifað á viljaþrekinu. Mér finnst vel til fallið, að þetta viljaþrek sé viðurkennt með því að veita honum þennan litla styrk, sem farið er fram á.

Þá er XX. brtt., um að hækka fjárframlagið til fréttastofu blaðamanna úr 2000 í 3500 kr. Um þetta er það að segja, að fréttastofan hafði áður 3500 kr. styrk, en hann hafði verið lækkaður um 1500 kr., vegna þess að útvarpið hefir gengið í félag við blaðamenn um fréttastofuna og geldur til hennar 1500 kr. Var þá litið svo á, að ríkissjóðsframlagið til þessarar stofnunar mætti lækka sem næmi þeirri upphæð. Þetta tel ég vera alveg rangt. Fyrst og fremst er þess að geta, að útvarpið, sem hefir í félagi við dagblöðin not af fréttastofunni, og jafnvel meiri not af henni en nokkurntíma blöðin sjálf, er látið greiða um helmingi minna til fréttastofunnar en blöðin verða að gera. Útvarpið ætti vitanlega að greiða eins mikið og þeir, sem mest gagn hafa af starfrækslu þessarar stofnunar. Því meir sem fréttastofan er notuð, því meira verk á að leggja í starfrækslu hennar, og því meiri og fjölbreyttari frétta ætti hún að afla. Ég álít, að það sé gersamlega rangt að lækka styrkinn í hlutfalli við það, sem notkunin vex. Það er síður en svo, að fréttastofan eigi ekki að afla sem fjölbreyttastra frétta og starfa af fullum krafti og áhuga, þar sem notkunin hefir vaxið við það, að útvarpið kom til sögunnar. Því meiri ástæða er til þess að fullkomna starf hennar sem framast er unnt. Það er að öllu leyti óverjandi að lækka styrkinn, þrátt fyrir það, að út-

varpið greiði þessa litlu upphæð. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að ef útvarpið ætti af eigin rammleik að sjá sér að öllu leyti fyrir fréttum, myndi það kosta margfalt á við það, sem útvarpið greiðir fréttastofunni, og sennilega margfalt á við allan ríkissjóðsstyrkinn til hennar. Fréttastofan er því eins og nú er komið beinlínis til sparnaðar, en ekki til útgjaldaauka fyrir ríkið.

Þá er XXVI. brtt. á þessu sama þskj., um hækkun á eftirlaunum Cathinku Sigfússon úr 400 upp í 600 kr. Hv. þdm. vita, að þessi kona er ekkja Jóhannesar heitins Sigfússonar kennara. Kona þessi er öldruð og mun ekki hafa annað fyrir sig að leggja en hinn litla ekkjustyrk, sem hún hefir fengið. Þessi mæti maður, Jóh. Sigfússon, var um margra áratuga skeið kennari. Við menntaskólann hér í Rvík var hann kennari frá árinu 1904. Áður hafði hann verið kennari við Flensborgarskólann í Hafnarfirði um fjölmörg ár. Hann var maður vinsæll, enda mjög hjálpsamur og góðgjarn. Varð þetta m. a. til þess, að þau hjón efnuðust lítt á lífsleiðinni. Eitt var það, sem gerði það að verkum, að þessi mætu hjón áttu fremur örðuga fjárhagsafkomu, en það var það, að af sínum litlu efnum lögðu þau talsvert fé til styrktar fátækum skólanem. og höfðu að jafnaði fleiri og færri námsmenn á vegum sínum og styrktu þá á ýmsan hátt.

Mér finnst rétt að viðurkenna nú starf þessara mætu hjóna á þann hátt að sjá ekkju hins látna starfsmanns þjóðarinnar sæmilega farborða í ellinni, og vænti ég þess, að hv. dm. geti fallizt á að hækka eftirlaun ekkju hans eins og hér er farið fram á, þótt ég á hinn bóginn viðurkenni, að þau verði þá í hærra lagi en venja er til í hliðstæðum tilfellum.

Þá er enn brtt. á þskj. 346, III. Þar er tekinn upp á ný námsstyrkur til Valgarðs Thoroddsens, aðeins lækkaður um 200 kr.

Þá er ennfremur VI. brtt. á þessu sama þskj., um 500 kr. styrk til Vísindafélags Íslands. Erindi frá þessu félagi hefir legið fyrir fjvn., og er mér ekki kunnugt um, hvaða ástæður hún færir gegn því að veita þennan styrk, þar sem farið er fram á, að fé verði veitt í þeim tilgangi að standast kostnað við starfsemi félagsins.

Vísindafél. Íslands skiptist á ritum við erlend vísindafél. og kemur þannig á framfæri ísl. vísindaritum út um heim. Það fær sendar erlendar bækur, og dregur að landinu margvíslegan bókakost, sem landsmenn geta svo haft aðgang að. Það er allt útlit á því, að starf þessa fél. geti komið þjóðinni að töluverðu gagni. Fél. er skipað mörgum ágætum mönnum, sem vænlegir eru til mikilla afreka. Tel ég því ekki vera freklega í farið, þótt þess sé vænzt, að fél. verði veittur þessi 500 kr. styrkur. Vona ég, að hv. þdm. geti fallizt á að samþ. till.

Þá á ég tvær till. á þskj. 369. Hin fyrri er undir fyrsta lið, styrkur til Jakobs Lárussonar til hljómlistarnáms erlendis. Þessi maður hefir stundað hljómlistarnám hér á landi, og nú síðast hjá Haraldi Sigurðssyni í Kaupmannahöfn. Þessi ungi og efnilegi maður er fátækur og því styrkþurfi, ef hann á að geta lokið námi.

Inga Lára Lárusdóttir fékk styrk í fjárl. yfirstandandi árs og er nú erlendis til þess að vinna að söfnun á fyrirmyndum forns listiðnaðar. Hún gerði ráð fyrir, að sá styrkur, sem hún þegar hefir fengið, mundi nægja til þess að gera rannsóknir í þessu efni, en þegar til kom, sá hún, að úr svo miklu var að velja, að hún sér sér alls ekki fært að ljúka þessu ætlunarverki sínu á þeim tíma, sem ætlazt var til. Mun því styrkurinn, sem hún þegar hefir fengið, ekki nægja, svo að hún verður að hlaupa frá hálfunnu verki, ef henni verður ekki veittur frekari styrkur. Af þessum sökum er hér farið fram á 1200 kr. styrk, eða 1000 kr. til vara, til þess að hún megi halda þessu starfi sínu áfram og þurfi ekki að koma heim, en fara svo e. t. v. aftur. Það er bersýnilegt, að ólíkt örðugra er að þurfa þá að taka verkið upp af nýju heldur en að geta haldið óslitið áfram, auk þess sem kostnaðurinn hlýtur að verða meiri. Þótt ekki sé nema kostnaðurinn við ferðir á milli landa, þá getur hann einn aldrei numið minnu en 500 kr. Úr því að Alþ. hefir nú einu sinni farið að veita styrk til þessa, álít ég, að sjálfsagt sé að veita þessa viðbót til þess að starf þessarar konu komi að fullum notum.

Jón Þorláksson Ég á fáeinar brtt. á þskj. 342, og vil fara um þær örfáum orðum.

Er þá fyrst IX. brtt., um 1200 kr. styrk til Ágústs Sigurðssonar til háskólanáms í norðurlandamálum. Þessi stúdent leggur stund á dönsku og sænsku. Það má e. t. v. heita merkilegt, en samt er það nú svo, að enginn Íslendingur hefir lokið háskólaprófi með dönsku sem sérfræðigrein. Þetta mun vera fyrsti ísl. stúdentinn, sem leggur stund á það nám. Sænskuna ætlar hann að lesa sem aukanámsgrein og telur sig samt munu ná þeirri fullkomnun í því máli, að hann verði fyllilega fær um að hafa á hendi kennslu í þeirri grein við æðri menntastofnanir. Því er ekki að neita, að þótt undarlegt megi virðast, hefir kennslu í dönsku við menntaskólann hér í Rvík verið í ýmsu áfátt. Þetta mun stafa af því, að þeir menn, sem hafa haft kennsluna á hendi, hafa ekki haft fullkomlega vísindalega þekkingu til brunns að bera, og því ekki skilyrði til þess að kenna málið á vísindalegum grundvelli. En þar sem nemendur menntaskólanna eiga, að afloknu námi þar, að vera færir um að stunda nám við erlendar vísindastofnanir, þá ríður eigi lítið á því, að öll tungumálakennsla í þessum skólum sé í góðu lagi.

Þessi námsmaður, sem hér ræðir um, er mjög efnilegur, og hefi ég hér handa á milli hin ágætustu meðmæli, sem hann hefir hlotið. Mun fjvn. Nd. einnig hafa borizt þau á vetrarþinginu, þótt ég viti ekki, hvort þau hafi verið lögð þar fram nú. Að endingu vil ég eindregið vonast eftir, að þessi till. nái samþ. hv. d.

Þá mun ég næst víkja að XXVII. brtt. á sama þskj., um að Vigfúsi Gunnarssyni, bónda að Flögu í Skaftártungu, verði greiddar skaðabætur fyrir bruna þann, sem varð á bæ hans aðfaranótt 1. desember 1930 og mælt er, að hlotizt hafi af því, að eldingu sló niður í lítilli fjarlægð frá bænum, en leiddist inn í bæinn með símaþræðinum. Þetta olli fullkomnum húsbruna og miklu eignatjóni. Nú er mér nær að halda, að eftir almennum skaðabótalögum hefði landssíminn orðið að greiða bóndanum skaðabætur, ef mál hefði verið höfðað og hægt hefði verið að færa fram lögfullar sannanir fyrir því, að brunann hefði þannig að borið. En erfitt hefði að vísu orðið að færa fram þær sannanir, þar sem allt brann til ösku og fólkið hafði engan tíma til þess að athuga, á hvern hátt eða hvar eldingin komst inn í húsið. Það varð eins og gefur að skilja að verja öllum tímanum, eftir að eldsins varð vart, til þess að bjarga því, sem hægt var. Þegar svona ber að höndum, finnst mér öll sanngirni mæla með því, að ríkið sem eigandi landssímans taki þátt í því að bæta tjónið. Ég vildi ekki í þessari till. minni tiltaka neina fjárupphæð, sem mér fyndist að ætti að greiða, heldur vildi ég leggja það á vald stj. að láta rannsaka málið, og greiða það, sem hún álítur hæfilegt. Að sjálfsögðu ber líka að leita samkomulags um þetta við manninn, sem fyrir tjóninu varð.

Ég sé, að hv. 3. landsk. hefir borið fram till. um þetta sama efni á þskj. 369. Í þeirri till. er ætlazt til, að greiddur verði helmingur þess tjóns, sem ætla má, að bóndinn hafi beðið. Þetta fer í sömu átt og mín till., en mér fyrir mitt leyti finnst ekki ástæða til þess að binda þetta við helming tjónsins; ég verð að segja, að ég er ekki málavöxtum nægilega kunnugur til þess að ákveða neitt um það, og hefi því talið réttast að fela stj. það atr. á hendur.

Loks á ég nokkrar brtt. við 22. gr. fjárlagafrv. Það er við heimildirnar fyrir ríkisstj. Hin fyrsta er sú, að breyta orðalaginu á 1. lið 22. gr., um styrkinn til Eimskipafél. Íslands.

Eins og þetta er orðað í frv., er stj. heimilt að kaupa hlutabréf í Eimskipafél. fyrir allt að 150 þús. kr. og veita því styrk, ef nauðsyn krefur. Nú liggur það ekki fyrir, að Eimskipafél. auki eignir sínar á árinu 1932. Það liggur áreiðanlega ekkert fyrir um það, að kaupa eigi nýtt skip eða yfirleitt auka eignirnar á nokkurn hátt. Það er því ekkert annað en fjárvingl og „svindilbrask“, sem ætti sér stað, ef ríkisstj. færi að leggja fram aukið hlutafé í fél., án þess að eignir þess ykjust samtímis. Það getur auðvitað ekki komið til nokkurra mála, að fyrirtæki eins og Eimskipafél Íslands eigi að gefa út hlutabréf til þess að afla sér rekstrarfjár eða til þess að greiða halla af rekstri. Það er athæfi, sem í löggjöf margra þjóða

er gert refsivert, ef hlutafél. leyfir sér slíkt. Af þessum ástæðum hefi ég leyft mér að bera fram brtt., sem felur það í sér, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s., að liðurinn orðist svo: „Að veita Eimskipafél. Íslands siglingastyrk, allt að 150 þús. kr., ef nauðsyn krefur". Og hefi ég farið þess á leit að fella burtu síðari hl. málsgr., sem fer fram á það, að ríkisstj. veitist aðstaða til ath. um rekstur fél., og jafnframt fari fram ath. á því, hve mikið fé því beri að réttu í standferðastyrk, miðað við þær siglingar, sem þing og stj. telur nauðsynlegar landsmönnum. Hér er um tvö atr. að ræða. Annað er það, að ríkisstj. veitist aðstaða til þess að ath. rekstur félagsins. Mér fannst ekki rétt að setja slíkt ákvæði inn í fjárl., þar sem vitað er, að ríkisstj. hefir fullkomna aðstöðu til þess að grennslast eftir rekstri fél. með þeim rétti, sem hún hefir til þess að skipa annan endurskoðanda fél. og einn mann í stj. þess. Það er auðvitað, að þessi aðstaða stj. er alveg fullkomin til þess, að hún geti fylgzt með öllum rekstri fél. Auk þessa hefir stj. sem hluthafi í fél. allan þann rétt til slíkra hluta, sem hluthafar hafa. Till. mín felur það alls ekki í sér að veitast á nokkurn hátt að því, að ríkisstj. hafi þennan rétt í félaginu, en ég tel ekki viðeigandi að gera það að skilyrði fyrir styrknum, að stj. fái frekari aðstöðu til ath. á rekstri félagsins en hún nú hefir, þar sem vitanlegt er, að það er fyllilega nógu góð aðstaða. En viðvíkjandi ath. á siglingum, sem þing og stj. telur nauðsynlegar, þarf ekki að gera það að skilyrði fyrir þessum styrk til félagsins. Það er verkefni, sem auðvitað liggur fyrir stj. í sambandi við strandferðir og bátaferðir, og er ekki nauðsyn á að setja það í samband við fjárveitinguna til Eimskipafél. Íslands. En það, sem ég legg aðaláherzluna á, er það að fella burtu heimildina til þess að kaupa hlutabréf í fél. fyrir þessa upphæð, því að ég tel það fjárhagslega alveg óhæfilegt, þar sem vitað er, að þetta á að verða rekstrarstyrkur.

Þá á ég næstu brtt., um að V. liður í 22. gr. falli burt. Það er um heimildina handa stj. til þess að kaupa landinu til handa lóðirnar milli menntaskólans og stjórnarráðsins, neðan Skólastrætis, en ofan lækjar. Í sambandi við þetta á að kaupa húseign niðri við Austurstræti til þess að láta í skiptum fyrir eina af þessum lóðum. Það var að mig minnir fyrir hálfu öðru ári rædd þál. líks efnis, og ég gerði þá grein fyrir því, hvers vegna ég væri á móti þessu lóðabraski. Fyrst og fremst er nú þessi lóð, sem um er að ræða, alls ekki hentug fyrir opinberar byggingar, vegna þess hve hún er mjó. Það gæti að vísu farið vel á því, eins og raunar alstaðar annarsstaðar, að byggja þarna lagleg hús. En lóðirnar fyrir ofan þá byggingarlínu, sem markast af menntaskólanum og stjórnarráðshúsinu, eru svo mjóar, að mjög illa hæfir fyrir hvaða opinbera byggingu sem er.

Ef farið verður út í að kaupa þessar lóðir neðan Skólastrætis, þá fer það eins og vant er að fara, þegar komið er út í einhverja vitleysuna, að ekki verður látið sitja við fyrsta sporið, heldur verða næst keyptar eignirnar fyrir ofan Skólastræti til viðbótar, því að annars verða þessar lóðir ónothæfar; það munu menn fljótt sjá við nánari ath. Eftir upplýsingum, sem fyrir liggja, þarf til þess að kaupa þessar ónothæfu lóðir um hálfa millj. kr. Þetta væri nú fyrir sig, ef ríkissjóður væri í sérstakri lóðaþröng fyrir byggingar þær, sem hann þarf að láta reisa smám saman eftir því sem stundir líða fram. En það er nú eitthvað annað en að svo sé, og þarf ekki annað en að líta á eignaskýrslu ísl. ríkisins, sem fylgir hverjum landsreikn. síðan 1925. Þar má sjá, að meðal annara eigna ríkissj. er lóð í hjarta bæjarins (Arnarhólslóðin), sem talin er hvorki meira né minna verð en 1141400,00 kr. Mér virðist það ekki vel ráðið að kaupa þessar lóðir fyrir opinberar byggingar í framtíðinni, ana út í að kaupa þær fyrir hálfa milljón, lóðir, sem eru illa fallnar fyrir slíkar byggingar, og kaupa svo þessi hús líka, sem þarf þá að rífa niður. Mér hefir alltaf fundizt, að þessi lóðakaup væru einhver hin mesta ráðleysa, sem hefir verið talað um fyrir ríkið jafnvel á síðustu árum, og er þá mikið sagt, því að þau hafa verið þau mestu framúrskarandi ráðleysisár að því er snertir meðferð ríkisfjár. Ég er sannfærður um, að það er hægt að gera margt þarfara fyrir þessa hálfu milljón en að

kaupa þessar eignir. Og ég er sérstaklega sannfærður um það, að þegar búið er að fleygja hálfri milljón í þessar lóðir, þá þykjast menn knúðir til þess að halda áfram og kaupa Skólastræti og lóðirnar þar fyrir ofan, því að annars er ekki hægt að fá nógu mikið rúm fyrir þessar fyrirhuguðu byggingar, því að lóðirnar eru svo mjóar.

Þá hefi ég loks lagt til, að við heimildirnar við 22. gr. bætist 3 nýir liðir. Fyrsti liðurinn er heimild til að greiða víxilskuldir með áföllnum vöxtum vegna byggingar húss þess, sem nú hefir verið tekið til afnota fyrir vinnuhælið hjá Eyrarbakka, allt að 9300 kr. Þetta mál hefir verið áður fyrir þinginu. Þarna stendur svo á, eins og hv. þm. vita, að í byggingu þessa húss var fyrst ráðizt fyrir reikning sjóðs, sem til var austur á Eyrarbakka og hafði safnazt þar saman af gjöfum, en húsið átti, eins og allir kannast við, að verða sjúkrahús. Í þetta var ráðizt á dýrasta tíma, þegar margir töldu sér það fært, sem seinna reyndist erfitt, og um stærð hússins var farið eftir till. landlæknis og húsameistara. Síðan brugðust fjárvonir til hússins, en forstöðunefnd hússins hafði tekið á sig persónulega að útvega það fé til hússins, sem þurfti til að gera það fokhelt. Það var aldrei gert ráð fyrir, að það yrði nema til bráðabirgða, að nefndarmenn þyrftu að binda sér þennan bagga persónulega, því að von var á framlagi annarsstaðar frá til hússins, en, eins og kunnugt er, þá fór svo, að húsið var selt á nauðungaruppboði vegna áhvílandi veðskulda. Ríkið eignaðist svo húsið og hefir gert það að vinnuhæli. Þeir menn, sem höfðu haft á hendi fjárreiður hússins, höfðu ekki gætt þess að tryggja sitt fé með veðrétti í húsinu, og sátu þeir þess vegna eftir með víxilskuldirnar, þegar ríkið var búið að taka við eigninni. Nú virðist það ekki sanngjarnt, að einstakir menn, sem án nokkurrar þóknunar eða borgunar höfðu tekið að sér forstöðu þessa þarfamáls, verði þar á ofan látnir bíða skaða á þann hátt, að þeirra fé standi þannig fast í opinberri eign, án þess að þeir geti á nokkurn hátt náð því þaðan. Eins og allir vita, þá hnignaði fyrir nokkru atvinnulífi á þessum stað, svo að því nær allir þeir menn, sem forgöngu áttu að þessu og áttu sæti í sjúkrahússnefnd, eru nú orðnir öreigar. Það er kannske einn, sem er ekki orðinn öreigi ennþá, en hann verður það, ef hann á einn að bera allan þann bagga, að greiða þessar víxilskuldir. Ég tel þess vegna sanngjarnt, þar sem þessi staður er nú orðinn eign þess opinbera, að ríkissjóður standi skil á þessu fé, sem farið hefir frá þessum einstöku mönnum til byggingarinnar. Ég ætla ekki að gera till. um það, að sjúkrahússjóðurinn verði endurgreiddur líka, þó að það virtist rétt, en hitt er óþolandi, að þeir menn, sem í góðri trú taka að sér forstöðu þessarar byggingar, eigi persónulega að bíða fjártjón vegna þess.

Þá er næsti liðurinn, um að gefa Mjólkurfélaginu Mjöll eftir 15000 kr. Viðlagasjóðslán ásamt ógreiddum vöxtum, á þann hátt, að ríkissjóður greiði Viðlagasjóði. Þetta mál hefir legið fyrir fjvn., og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. sé það kunnugt. Þetta mál er nú svo vaxið, að fél. þetta var stofnað til þess að koma á fót þörfu fyrirtæki, niðursuðu mjólkur, aðallega til sölu innanlands til þess að útvega mönnum þar í byggðarlaginu markað fyrir mjólk sína, sem annars var erfitt að gera. Þetta fél hefir átt við mikla erfiðleika að stríða og hefir nú gefizt upp á þann hátt, að hlutaféð, 600 þús. kr., er nú með öllu tapað. Eignin hefir nú verið eða verður seld nýju fyrirtæki, sem enn á ný ætlar að reyna að halda þessu fyrirtæki áfram, og þar sem hér er um það fyrirtæki að ræða, sem Alþ. hefir viðurkennt, að sé svo þarft, að beri að styrkja það, og hefir oft áður veitt því stuðning, þá finnst mér í raun og veru, að þeir menn, sem stóðu að þessu fyrirtæki, hafi gert nóg með því að ganga slyppir frá og tapa sínu hlutafé, þó að þeir fái nú þessa ívilnun, að ríkissjóður gefi þeim eftir þetta lán.

Þá er 3. till., um að heimila stj. að kaupa hús sýslumannsins í Borgarnesi með þeim skilyrðum, sem stj. og sýslumanni kemur saman um. Sýslumaður varð fyrir því óhappi, að hún hans brann, þegar dýrtíðin stóð sem hæst. Hann réðst í að byggja aftur hús yfir sig, en þar sem hann var þá póstafgreiðslumaður líka, var húsið með samkomulagi við þá stj., sem þá sat að völdum, haft það stórt, að

póstafgreiðslan gæti verið þar líka, en til hennar þurfti mikið rúm, því að pósturinn frá Reykjavík gekk þar í gegn. Af því að húsið var byggt á allra dýrasta tíma, en segja má, að sýslumann hafi rekið nauður til að byggja einmitt þá, þar sem hús hans brann, þá kemur nú þessi till. um, að stj. sé heimilt að kaupa þetta hús eftir samkomulagi við sýslumann, en þar sem þetta mál hefir áður legið fyrir Alþ., sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en vænti góðra undirtekta hv. d.

Pétur Magnússon: Ég á hér aðeins 2 brtt., á þskj. 342. Fyrri brtt., VI. till., er við 13. gr., um styrk til flóabátaferða. Þessi till. lá fyrir við 2. umr., en var þá tekin aftur eftir samkomulagi við n. Ég talaði þá fyrir þessari till. og þarf því ekki að eyða mörgum orðum um hana nú. Í brtt. er farið fram á, að styrk til flóabáta skuli hækka um 500 kr., og er ætlazt til, að sú upphæð gangi til Hvalfjarðarbátsins, og er þá styrkur til hans 2000 kr. Þetta er gert með tilliti til þess, að hann fari fleiri áætlunarferðir upp í Hvalfjörð. Það er mjög þýðingarmikið atriði fyrir íbúa 3—4 hreppa, sem liggja að Hvalfirði, beggja megin fjarðarins, vegna þess að nú eru þeir farnir að selja mjólk og mjólkurafurðir til Reykjavíkur, en áætlunarferðir bátsins eru skilyrði fyrir því, að það geti orðið áfram. Hér er um svo litla fjárhæð að ræða, sem mundi hinsvegar koma að svo miklu gagni fyrir íbúa þessara sveita, að ég get naumast hugsað mér, að hv. þd. neiti um þennan litla styrk.

Þá á ég XVII. brtt. á sama þskj., við 15. gr., þar sem ætlazt er til, að komi nýr liður, 3000 kr., til Sambands ísl. karlakóra. Þetta samband er stofnað fyrir 2—3 árum, og eru í því flestir starfandi karlakórar hér á landi. Tilgangur þessa sambands er eins og allir skilja að auka söngmennt í landinu og glæða áhuga fyrir þessari sérstöku tegund söngmenntar. Sambandið hefir haldið eitt söngmót hér, og það var í sambandi við Alþingishátíðina í fyrra. Nú hefir það í huga að gefa út sönglög eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld, sem hafa ekki verið gefin út ennþá, a. m. k. ekki raddsett fyrir karlakór. Það hefir vitanlega mikinn kostnað í för með sér, meiri kostnað en þetta samband sér sér fært að standa straum af, því að það er vitanlega fátækt. Sambandið mun og hugsa sér að halda söngmót eftirleiðis, en við það yrði einnig nokkur kostnaður, sem það verður varla fært um að bera, því að söngmennirnir leggja vitanlega alla sína miklu vinnu fram án nokkurs endurgjalds. Ég skal og geta þess, að sambandið hefir fengið styrk 2 síðustu ár í sambandi við söngmót það, sem ég gat um.

Ég þykist ekki þurfa að útlista fyrir hv. þd., hvers virði það er fyrir þjóðina, að þessi list glæðist hér, sem jafnan hefir verið talin einna mest þroskandi og göfgandi af öllum listum, og er það vissulega eftirsóknarvert, ef hægt væri að gera þessa þjóð að syngjandi þjóð.

Ég vona, að ég þurfi ekki að færa fleiri rök að því, að rétt sé að taka vel undir þessa till., en þess mætti þó geta, að það er í raun og veru rétt, að sá styrkur, sem veittur er til karlakóra, sé veittur sambandinu, og að það úthluti honum síðan til hinna einstöku söngflokka. Þessi leið hefir ekki verið farin, því að nú er í fjárl.frv. styrkur til sérstaks söngflokks.

Þó að ég hafi ekki farið fram á hærri styrk en 3000 kr., hefi ég samt flutt varatill., 2000 kr., og geta því hv. þdm. dæmt um, hvort þeim þykir of ríflegur sá styrkur, sem farið er fram á í aðaltill., og geta þá samþ. síðari till., ef þeim finnst, að 3000 kr. sé of hár styrkur.

Guðrún Lárusdóttir: Áður en ég fer að tala um brtt. þær, sem ég flyt, ætla ég að fara nokkrum orðum um brtt. hv. fjvn. Það er þá fyrst brtt. nr. X,1 á þskj. 346. Ég hefir þegar fært hér fram ástæðurnar fyrir styrkbeiðni þessarar konu, og ég legg áherzlu á, að þingið verði við þessari litlu beiðni. Ég sé ekki, þó að þessi till. hv. fjvn. yrði samþ., að nokkur sparnaður geti að því orðið fyrir ríkissjóð. Þessi sjúklingur dvelur nú á hressingarhæli og kostar ríkið 5 kr. daglega, en hér er aðeins farið fram á 1200 kr. á ári. Ég hefi talað við Helga Ingvarsson, lækni hælisins í Kópavogi, og telur hann mjög æskilegt, ef þessi sjúklingur fengi tækifæri til þess að dvelja utan hælis til hvíldar og tilbreytingar frá

sjúkrahúsvist, því að hún mun hafa dvalið á hælinu um 20—30 ár, og ég veit það frá minni persónulegu viðkynningu við þessa konu, að hún er alveg að gefast upp og örmagnast af þessari löngu hælisvist. Ég vona því, að Alþ. sjái sér fært að verða við bón þessarar konu. Líka má taka tillit til þess, að hún var um langt skeið starfsmaður ríkisins, og vann sér mjög gott álit bæði sem kennari og póstafgreiðslumaður.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um brtt. XXIII á þskj. 342, sem hv. 5. landsk. flytur; það er viðvíkjandi styrknum til Stórstúkunnar. Ég teldi vel fara, ef hv. þdm. sæju sér fært að halda áfram með þann 10 þús. kr. styrk til þessarar merku og þörfu stofnunar, sem nú er kominn í fjárl. Það má ekki skilja þessi orð mín svo, að ég sé mótfallin aukinni bindindisfræðslu í skólum landsins. En ég held, að til þess væri hægt að fara aðrar leiðir en að rýra fé Stórstúkunnar. Mér er kunnugt um það, að mikill áhugi er nú fyrir því í reglunni að vinna með nýjum aðferðum og vinna vel á næstkomandi árum; t. d. er áformað að stækka blað reglunnar, sem hingað til hefir verið lítið mánaðarblað, gera það að vikublaði með fjölbreyttu efni. Ennfremur hefir Stórstúkan í hyggju að senda regluboða um land allt til þess að skýra hugsjónir bindindismanna og vinna á móti Bakkusi eftir megni. Slíkt hefir áður gefizt vel. Ég treysti því hv. þdm. að skerða ekki styrkinn til Stórstúkunnar á þann hátt, sem hér er farið fram á, vera ekki að klípa af þessum 10 þús. kr., því að þeim er sannarlega vel varið.

Þá ætla ég að minnast á mínar brtt. og byrja þá á brtt. XXIV á þskj. 342, um hækkun á styrk til prestsekkjunnar Guðrúnar Björnsdóttur. Það eru um 40 prestsekkjur, sem styrk hafa í fjárl. Af þeim fá 16 undir 200 kr. á ári, 5 á milli 200 og 300 kr., og hinar flestar 300 kr. Auk þess fá sumar þeirra 100 kr. á ári með hverju barni sínu, sem er í ómegð. Getur það tæplega talizt ríflega tiltekið, og ekki þætti það vel skammtað hjá hreppsnefndum eða fátækrastjórnum kaupstaðanna, þó að ekkjur prestanna verði að gera sér slíkt að góðu.

Mér þykir vænt um að sjá, að hv. 5. landsk. hefir borið fram eina prestsekkju til eftirlaunahækkunar, en þær hefðu gjarnan mátt vera fleiri. Því að það er hrein og bein minnkun fyrir fjárveitingavaldið, úr því að starfsmenn þjóðkirkjunnar eru taldir embættismenn ríkisins, að ekkjum þeirra eru boðin slík sultarlaun, minni en allra nánasarlegustu fátækrastjórnir miðla ekkjum, sem þær eiga að sjá um. Það er því engin furða, þó að fátæk, aldurhnigin prestsekkja fari þess á leit við hið háa Alþingi, að það sjái henni fyrir nokkurri viðbót á þessum vesæla lífeyri. Þessi umsókn Guðrúnar Björnsdóttur lá fyrir hv. fjvn. Nd. á síðastl. vetri og var send herra biskupnum til umsagnar. Manni til mikillar undrunar leggur yfirhirðir kirkjunnar á móti þessari hóflegu beiðni ekkjunnar. Hann studdi mótmæli sín með því að skírskota til þess, að hún hefði ekki fengið neinn styrk af opinberu landsfé í full 20 ár eftir að hún varð ekkja. Stóð hún þá uppi eignalaus með 3 unghörn, er maður hennar andaðist, og fór ekki fram á neinn fjárstyrk af Alþ. Maður hennar hafði verið aðstoðarprestur í 4 ár af prestsskapartíð sinni, en settur var hann prestur að Svalbarði í Þistilfirði við andlát prests, er þar hafði þjónað, og starfaði hann þar á eigin ábyrgð um rúmt ár. En þrátt fyrir það leit ekkjan svo á, að sér bæri ekki eftirlaun, sökum þess að maður hennar hafði aðeins verið prestur hjá öðrum, eða aðstoðarprestur, og í þeirri meiningu stóð hún, þar til er hún kom til Rvíkur og leitaði til Þórhalls biskups Bjarnarsonar, sem sagði henni ótvírætt, að henni bæri eftirlaun sem öðrum prestsekkjum, hvatti hana til þess að sækja, og var henni hjálplegur í því, svo að hún fékk strax 300 kr. eftirlaun. Er hún mjög þakklát hinum skjótu og göfugmannlegu undirtektum hins látna biskups, sem sýndi þá, eins og oftar, sitt góða og frjálslynda hugarfar. En nú er öldin önnur. Þegar þessi sama ekkja, mörgum árum síðar, orðin öldruð og heilsulítil og fátæk, fer þess á leit, að litið verði á kjör hennar og henni bætt að nokkru þau árin 20, sem hún fékk engan eyri úr ríkissjóði, þá leggur biskup landsins á móti því og byggir mótmæli sín á því, að maður ekkjunnar hafi aðeins verið að-

stoðarprestur. Nú virðist svo, sem Þórhallur heitinn Bjarnarson biskup hafi öðruvísi á það mál litið, því að hann taldi engin tormerki á því, að konan hefði fengið eftirlaun strax eftir að maður hennar dó, því að hann hefði verið þjónandi sóknarprestur í eitt ár, hefði hún aðeins sótt. En það gerði hún ekki, og spöruðust með því 6000 kr. útgjöld samanlagt í þau 20 ár, sem hún hefði getað fengið 300 kr. styrk árlega. Það hlýtur því að teljast sanngjarnt að líta á þessa hlið málsins nú, þegar þessi sama kona, 77 ára að aldri, þrotin að heilsu og kröftum, kemur fram fyrir Alþingi og biður um þá launahækkun, sem brtt. tilnefnir. Hvað hv. þdm. sjá ástæðu til að gera í þessu efni, er mér ókunnugt um, en ósanngjarnt getur það tæplega talizt að taka beiðni þessa til greina, og það því síður, sem í hlut á háöldruð kona.

Þá er það brtt. nr. XIII á sama þskj. Það er beiðni frá kvenfél. Ósk á Ísafirði um hækkun á styrk til húsmæðrafræðslu úr 6000 kr. upp í 7500 kr., eða til vara 7000 kr. Kvenfél. Ósk á Ísafirði hefir um 12 ára skeið haldið uppi húsmæðrafræðslu á Ísafirði, starfrækt þar kvennaskóla, sem kunnugir segja, að sé í alla staði hinn prýðilegasti. Þangað hafa til jafnaðar sótt fræðslu um marga nytsama hluti 24 stúlkur á ári. Skólinn hefir haft aðsókn svo mikla, að hann hefir ekki getað sinnt nærri öllum umsóknum um skólavist sökum rúmleysis. Stúlkurnar, sem sótt hafa skólann, eru úr öllum fjórðungum landsins. Þeir, sem séð hafa skóla þennan, dást mjög að reglusemi hans og hinu góða fyrirkomulagi, sem þar er lögð stund á. Og námsmeyjarnar lúka miklu lofsorði á kennsluna, enda eru kennslukonur skólans sannkallað einvalalið, og býst ég við, að mörgum hv. þdm. sé það ljóst, ýmist af afspurn eða fyrir eigin kynni. — Stjórn skólans hefir sett sér það lofsverða mark að hafa skólann svo ódýran, að fátækar stúlkur gætu notið hans engu síður en þær, sem efnaðri eru. Skólagjaldið hefir verið einar 75 kr. á mánuði, og er í því innifalið allt, fæði, húsnæði og kennsla, og engin inntökugjöld hafa verið greidd. Húsnæði skólans er afardýrt, um 4000 kr. á ári, og þó of lítið, svo að skólinn hefir ekki getað rúmað allar þær stúlkur, sem til hans hafa leitað, og því síður getað bætt úr húsnæðisleysinu með því að byggja. Til þess er hann allt of fátækur. Nú er það lýðum ljóst, hve þýðingarmikill þáttur menntun kvenna er í lífi þjóðarinnar, og þá ekkert síður sérmenntun kvenna í þeim efnum, sem að heimilinu lúta. Að heimilunum sé stjórnað af hagsýni, þekkingu og göfugri menningu, hlýtur að vera einhver sterkasta stoðin undir velmegun þjóðarinnar í andlegu og efnalegu tilliti. Mun því engum blandast hugur um, að því fé, sem varið er þessu málefni til styrktar, er vel varið. Það hefir og upp á síðkastið virzt vaka fyrir hinu háa Alþingi. Fjárframlög til húsmæðrafræðslu hafa aukizt til mikilla muna, þótt betur megi, ef duga skal, því að ennþá er húsmæðrafræðslunni ekki gert jafnhátt undir höfði eins og t. d. bændafræðslunni. En að því ber þó að stefna, að húsfreyjuefni landsins eigi jafnan kost þess að afla sér fræðslu og þekkingar undir lífið eins og bændaefnin. Þá fyrst, þegar ríkið kostar húsmæðraskóla í öllum fjórðungum landsins, á borð við búnaðarskólana, tel ég, að húsmæðrafræðslan sé komin í gott horf. En svo að ég hverfi aftur að því, sem ég var að tala um, lít ég svo á, að kvenfélagið Ósk hafi unnið vel og dyggilega fyrir þeirri styrkhækkun, sem brtt. fer fram á. Það er þegar fengin reynsla fyrir því, að skólinn er nýt stofnun, að stjórn hans er sýnt um málefni skólans og að margar konur hafi þar aukið þekkingu sína og orðið færari um að stunda verk sinnar köllunar á heimilum sínum, og þá jafnframt lagt sinn skerf til vors sameiginlega heimilis — þjóðfélagsins. Mér virðist það mjög misráðið að skera við nögl þá styrki, sem slíkum stofnunum eru nauðsynlegir.

Hið sama vil ég taka fram um brtt. XII á sama þskj., um hækkun á rekstrarkostnaði Kvennaskólans í Reykjavík. Ástæðurnar eru svipaðar, fjárþröng sem stendur, aðallega sökum kaupa á húsinu og þungra afborgana af húsverðinu, en þar að auki vegna hækkunar á kaupi stundakennara, sem nam yfir 3000 kr. á síðasta starfsári skólans. En skólagjald hefir hinsvegar ekki hækkað, og skoðar

skólastjórnin það sem hreinasta neyðarúrræði að hækka skólagjaldið og íþyngja þannig efnalitlum stúlkum og foreldrum þeirra, sem margir hverjir munu eiga fullt í fangi með að standast útgjöld, sem af skólavist leiðir alla jafnan, því að þar ber að líta á fleira en skólagjaldið eitt. Um Kvennaskólann í Reykjavík þarf ekki að fjölyrða. Hann er löngu kunnur orðinn, og að góðu einu. Þar hafa mjög margar merkiskonur notið náms fyrr og síðar; þangað á mörg konan, yngri og eldri, til góðra minninga að telja, minninga um nákvæma aðhlynningu að andlegum gróðri, um nýta tilsögn í hagkvæmum fræðum til munns og handa. Stofnun þessi telur þegar það mörg árin og á svo mikil ítök í hugum hinnar ísl. þjóðar, að óhætt má treysta því, að þjóðin samsinni fúslega af sameiginlegum sjóði sínum þá viðbót, 4000 kr., sem brýn þörf skólans biður um. Ég vona, að hv. þdm. sjái sóma sinn í því að hlynna að gróðri þeirra stofnana, sem vinna að menntun dætra landsins. Ég vona, að hv. þdm. samsinni með mér orð skáldsins:

„Í sálargöfgi svanna
býr sigur kynslóðanna,
og hvað er menning manna,
ef menntun vantar snót?"

Með það fyrir augum hygg ég, að bezt verði hlúð að uppvaxandi lýð landsins, og með það fyrir augum getum við greitt atkv. með styrk á báðum þessum stöðum með góðri samvizku. Þjóðin fær það fé aftur í annari og betri mynd.

Þá flyt ég 2 brtt. við 16. gr. Fyrri brtt. er að efni til shlj. brtt., er ég bar fram við 2. umr. um aukinn styrk til landssýningar heimilisiðnaðarfélaganna. Ég benti á það við 2. umr., hvílík fjarstæða það væri að láta rekstrarhallann af sýningunni lenda á forgöngumönnum hennar. Sýningin var haldin fyrir allt landið á því ári, sem öll þjóðin hélt hátíð og útlendingar þyrptust í stórhópum hingað. Mér er kunnugt um, að bæði innlendir menn og útlendir höfðu ánægju af að kynnast handaverkum landsmanna á sýningunni. En vitanlega hafði hún mikinn kostnað í för með sér. Rekstrarhallinn varð um 7000 kr. Nú eru ætlaðar í fjárlagafrv. 2000 kr. upp í þennan rekstrarhalla, en brtt. mín fer fram á, að sú upphæð verði hækkuð upp í 2500 kr. Þykist ég vita, að hv. d. þyki ekki til of mikils mælzt.

Hin brtt. við 16. gr. er þess efnis, að fjárveiting til Halldóru Bjarnadóttur verði hækkuð úr 1800 kr. upp í 2000 kr. Ég þarf ekki að færa nein rök að því, að H. B. verðskuldi þessi laun fyrir starfsemi sína, enda hefir hún haft þau áður. Lítið munar ríkissjóð um þessa hækkun á fjárl., en fátæka stúlku, sem berst fyrir hugsjónum sínum af áhuga og einlægni, munar töluvert um hana.

Þá á ég brtt. við 12. gr. Það er nýr liður, sem e. t. v. er ekki vel séður, en þó hygg ég, að ef hv. þdm. gæfist kostur á að sjá og kynnast þessari ungu stúlku, sem hér er beðið um sjúkrastyrk fyrir, væru margir þeirra ekki kaldari innan rifja en það, að þeir greiddu þessari till. atkv., enda er upphæðin lítilræði í samanburði við ýmislegt annað, sem varið er til óþarfra eða ónauðsynlegra hluta. Ég þarf ekki að segja annað en það, að allir sem komnir eru til vits og ára, hafa vafalaust hitt fyrir manneskju, sem „hviti dauðinn" hefir svipt æsku- og framtíðarvonum. Þetta út af fyrir sig skuldbindur að vísu ekki þingið til að veita styrk sem þennan, en svo lítils virði sem þessi fjárveiting er fyrir þingið, svo mikils virði er hún fyrir allslausa, veika stúlku, sem ekkert á framundan nema sveitina, sem hún getur ekki hugsað sér að leita til. Þetta hefir valdið því, að ég hefi tekið að mér að flytja þessa brtt., enda þótt ég játi, að hér sé farið inn á nokkuð óvenjulega braut. Annars vil ég benda á það, að sjúkrastyrkir hafa oft verið veittir áður og m. a. s. í þessum fjárl. Treysti ég öllum alvörugefnum mönnum til að stinga hendinni í sinn eiginn barm, og þá munu þeir ekki verða í vafa um, hvernig þeir eiga að greiða atkv.

Þá á ég brtt. við 10. gr. Sú brtt. er í sparnaðaráttina og á að vega á móti þeim hækkunartill., sem ég flyt. Í 10. gr. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að ráðh. fái 8000 kr. til veizluhalda. Þessi upphæð er stór í augum þeirra, sem lítið fé hafa til umráða, ekki sízt á þeim tímum, þegar neyð og skortur blasir við fjölda manns. Ég legg til, að þessi upphæð verði færð niður í 4000 kr., eða til vara í 6000 kr. Ég vil með þessu gefa hv. þdm. tækifæri til

að sýna sparnaðarhug sinn í verki. Verði hvorki aðaltill. min né varatill. samþ., verð ég að líta svo á, að hann sé fremur í orði en á borði. Það munu vera margar fjölskyldur, sem ekki hafa meiri tekjur en upphæðin í aðaltill. minni nemur til allra sinna nauðsynja. En að verja 8000 kr. í átveizlur handa mönnum, sem á allan hátt eru færir um að afla sér góðgætis, það verð ég að telja einhverja hina lökustu meðferð á landsfé, sem ég get hugsað mér, ekki sízt þegar fátækum námsmönnum og blásnauðum sjúklingum er samtímis neitað um smástyrki. Ég viðurkenni þó, að nokkurt fé þurfi til risnu, og ekki vil ég íþyngja neinum embættismanni með því að láta hann greiða veizlukostnað fyrir landið úr eigin vasa. Mér virðist 4000 kr. vera fulldrjúgur skildingur til gestaboða og veizluhalda, svo að vel megi við hann una. — Þá hefi ég minnzt á þær brtt., er ég flyt að þessu sinni, og læt því hér staðar numið.

Jónas Jónsson: Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 342, og vil ég gera grein fyrir þeim og jafnframt minnast lítið eitt á aðrar einstakar brtt., sem fram hafa komið.

Verða þá fyrst fyrir mér tvær brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. Ég álít þær báðar stefna í rétta átt, en hinsvegar sé ekki hægt að sinna þeim eins og nú stendur á. Önnur er um 5000 kr. fjárveitingu til að láta gera mynd af þjóðfundinum 1851. Ég tel sjálfsagt, að þetta verði gert á sínum tíma, en finnst ekki ástæða til að veita fé til þess nú á þessum krepputímum.

Hin brtt. er um styrk til Eggerts Guðmundssonar málara. Ég skal taka það fram, að ég tel þennan unga mann einhvern hinn efnilegasta af hinum ungu listamönnum og býst sjálfur við að styrkja hann nokkuð ásamt fleiri mönnum, en tel, að ekki sé hægt að veita þennan styrk eins og sakir standa, því ef einum er veitt, þá koma margir á eftir.

Þá ber ég sjálfur fram aths. við 17. gr. II, um styrkinn til Stórstúkunnar, að þriðjungi hans skuli verða varið samkv. fyrirmælum kennslumálaráðuneytisins til eflingar bindindisstarfsemi í skólum landsins. Vegna þeirra mótmæla, sem fram hafa komið gegn þessu frá hv. 1. þm. Reykv. og hv. 6. landsk., verð ég að láta þá skoðun í ljós, að ég álít, að Stórstúkan hafi ekki við ríkisstyrk að gera til annars en einmitt bindindisstarfsemi. Goodtemplarareglan hér er fjölmenn og á sitt eigið hús og getur því ekki þurft á neinum rekstrarstyrk að halda. Mér er ekki kunnugt um, að hún hafi neinar fjárfrekar framkvæmdir með höndum aðrar en útbreiðslustarfseminnar. Hitt dylst engum, að þeirri starfsemi hefir hnignað á síðari árum, einkum eftir að yfirstjórn reglunnar fluttist frá Akureyri til Reykjavíkur, hvernig sem á því stendur.

Ég hefi haft allnáin kynni af skólum landsins síðustu árin, og er ekki kunnugt um, að templarar hafi reynt að koma á bindindisfræðslu í neinum þeirra, nema einum í þorpi á Austurlandi. Enginn er að neita því, að reglan hafi unnið mikið gagn, en tímarnir breytast og mennirnir með, og einhvernveginn virðist reglan ekki hafa nú sömu tök á áfengisprobleminu og áður. Konur nota vín meira en áður tíðkaðist og drykkjuskapur er farinn að grípa um sig meðal unglinga og jafnvel barna í sumum sjávarþorpum. Mér finnst, að Stórstúkan geti verið vel sæmd af því, að gert sé ráð fyrir samvinnu milli hennar og skólanna til að reyna að vinna gegn ofdrykkjunni.

Einhver sagði áðan í umr., að hægt væri fyrir fræðslumálastjóra að skipa kennurum að fræða nemendur sína um skaðleg áhrif áfengis. Þetta er sjálfsagt hægt sumstaðar, en tilætlun mín með þessari aths. er, að stofnuð verði bindindisfélög í skólunum. Hnignun reglunnar liggur fyrst og fremst í því, að hún hefir ekki þau tök á unga fólkinu sem skyldi, sem þó virðist, að hún ætti að geta haft, þar sem hún er jafnframt gleðskaparfélagsskapur. Ef þessi till. verður samþ., er gert ráð fyrir samvinnu milli stórtemplara og fræðslumálastjóra, og jafnframt því, að kennarar, sem áhugasamir eru um bindindi, ferðist á milli skólanna og stofni bindindisfélög, og sé þriðjungi styrks Stórstúkunnar varið til þessa. Reglan sjálf sem bindindis- og gleðskaparstofnun virðist ekki vera í neinni

hættu, en æska landsins er í hættu, ef ekkert er að gert.

Þá á ég brtt. við 18. gr., um að eftirlaun frú Sigurlaugar Knudsen hækki úr 167.07 kr. upp í 300 kr., sem er í samræmi við þau eftirlaun, sem þorri af prestsekkjum hefir. Ég flyt þessa brtt. ekki eingöngu af því, að hér á mæt og merk kona í hlut, heldur og vegna þess, að mistök hafa átt sér stað gagnvart lífeyrissjóði, því að komið hefir í ljós, að til hans hefir af misskilningi ekki verið goldið nema fyrir prestinn einan, og því varð hlutur ekkjunnar svo lítill. Hið sama kom fram við andlát Bjarna Jónssonar frá Vogi og var leiðrétt af þinginu. En maður frú Sigurlaugar var hér í góðri trú og hélt, að hann hefði borgað fyrir konu sína líka.

Ennfremur flyt ég brtt. við 22. gr., þess efnis, að stjórnin hafi rétt til að krefjast reikningsskila af hverri stofnun, félagi eða einstaklingi, sem fær fé úr ríkissjóði til sérstakra starfa eða framkvæmda. Það má nú segja, að þetta séu óskráð lög, en meðan ég var í stjórnarráðinu, komu engar slíkar skýrslur. Þannig hefir t. d. Stórstúkan aldrei sent neinar skýrslur um starfsemi sína fyrir það fé, sem hún hefir fengið úr ríkissjóði. Ég er ekki með því að segja, að hún hafi ekki varið þessu fé eins og til var ætlazt, en þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um það, að árlega eru veittar af Alþ. hundruð þús. til ýmsra framkvæmda án þess að nokkrar skýrslur komi um það, hvernig peningunum hefir verið varið.

Þá vík ég að till. frá hv. 1. landsk. um að greiða víxilskuldir vegna byggingar hússins á Litla-Hrauni. Þessi till. er gamall kunningi. En þar til er því að svara, að krafan er hvorki byggð á lagalegum né siðferðislegum rétti. Hún er borin fram fyrir menn, sem stofnuðu til sjúkrahúsbyggingarinnar með vítaverðri léttúð. M. a. til þess að koma í verð steinlími, sem varð að hafa sem kjölfestu í skipi til Evrarbakka.

Þá hefi ég gert brtt. við till. frá hv. þm. Hafnf., þar sem hann fer fram á 2000 kr. til að halda uppi kennslu við háskólann í svokallaðri lagalæknisfræði og augnlækningum, og læknadeildin ráðstafi fénu. Ég hefi kosið að halda orðalaginu þannig, að greinin hljóði svo: „Til kennslu í augnlækningum eftir ráðstöfun læknadeildar, enda sé til starfsins valinn maður, sem reyndur er að reglusemi og skyldurækt við læknisstörf, 1000 kr.“. Sú upphæð hefir staðið í nokkur ár, og ég tel ekki ástæðu til að hækka hana úr því.

Mér kom það undarlega fyrir sjónir, þegar hv. þm. Hafnf. talaði um það, að þessi orð mættu ekki standa þarna og ekki væri hægt að gera þessa kröfu. Mér þykir ótrúlegt, að þessi orð hv. þm. séu á rökum byggð, því að ég skil ekki annað en að prófessorarnir gætu fundið mann til starfans, sem stæðist slíka þolraun. Hér á landi eru nú a. m. k. 3 augnlæknar, einn á Akureyri og tveir hér, og án efa uppfyllir einhver þeirra þau skilyrði, sem hér eru sett. Svo skilst mér, að hv. þm. sé hér með gamlan uppvakning, þótt það komi ekki fram, að 1000 kr. eigi að renna sem styrkur til Helga Tómassonar og 1000 kr. til Kjartans Ólafssonar augnlæknis. Mér skilst, að meining hans sé, að þetta verði svona. Ég heyrði við 2. umr. fjárl., að hv. þm. taldi, að það hefðu verið einhver mistök á samningunum við Helga Tómasson, þegar hann var ráðinn sem læknir að Kleppi, að gera honum ekki að skyldu að kenna þá fræðigrein, sem hér ræðir um, við háskólann. Það má vel vera, að slík mistök hafi átt sér stað, sökum þess að samningar við hann voru gerðir munnlega af Jóni Magnússyni, og síðar staðfestir með bréfi. Áður hafði Þórður Sveinsson gegnt þessum starfa, en síðan var kennslan lögð niður, og virðist það benda í þá átt, að háskólinn hafi álitið hana óþarfa og ekki óskað að halda henni áfram. Af því að ég skoða þetta sem aukaatriði, og háskólinn hefir aldrei skrifað um þetta til mín meðan ég gegndi ráðherrastörfum, þá verð ég að líta á þetta sem nokkurskonar framhjátöku til að afla Helga Tómassyni bitlings. Mér skilst, að ef prófessorunum hefði verið þetta áhugamál, þá hefðu þeir átt að snúa sér a. m. k. til núv. dómsmrh. og athuga, hvort hann myndi ekki vilja hlaupa undir bagga, því að ekki er það óhugsandi, að sá læknir, sem tók við af Helga Tómassyni, vildi gera þetta ókeypis, eins

og Þórður Sveinsson gerði. Annars minnist ég þess, að við Helgi Tómasson áttum eitt sinn tal um þetta, og fór ég þess á leit við hann að taka þessa kennslu að sér, en hann neitaði alveg að gera það nema fyrir borgun.

Um það, hvort hv. þm. Hafnf. sé réttur aðili í þessu máli, veit ég ekki, en til þess þó að veita honum nokkra úrlausn, hefi ég borið fram þessa brtt. mína, að veittar verði 1000 kr. til kennslu í augnlækningum. En um þau skilyrði, sem í till. eru sett, er það að segja, að þau eru sjálfsögð, vegna þess að sá maður, sem hafði þetta starf með höndum, var ekki nægilega reglusamur eða skyldurækinn til að vera við háskólann með vilja Alþingis. Þetta hefir praktiska þýðingu, sem ég hygg, að hv. þdm. sé ekki kunnugt um, nefnilega um augnlækningar á landsspítalanum. Nú er það svo, að þar vinna þrír læknar, röntgenlæknir, skurðlæknir og lyfjalæknir, en ekki er gert ráð fyrir sérfræðingum í augna- og eyrnasjúkdómum, þótt það sé nauðsynlegt. En í vetur, nokkru eftir að landsspítalinn var opnaður, var vakin athygli á því, að það skipti miklu máli fyrir fólk, sem kemur utan af landi, að geta legið þar og verið undir hendi specialista í þeim greinum, án þess að það yrði mjög kostnaðarsamt. Ef fólk utan af landi liggur í Landakotsspítala, verður það að greiða eingöngu til spítalans meira fé en öll legan ásamt lækniskostnaði kostar á landsspítalanum. Þetta er mjög tilfinnanlegt, en því hefir hinsvegar verið slegið föstu, að á landsspítalanum skyldu læknar landsins einir starfa. Eins og ég hefi tekið fram, er munurinn á kostnaði æðimikill í Landakoti og landsspítalanum, enda er hinn síðarnefndi alltaf fullur af fólki, en þar er ekki hægt að hleypa praktiserandi læknum að, og þá ekki heldur augnlæknum, til að vinna við spítalann. Þetta skiptir auðvitað alla hv. þdm. miklu máli. Því að ég geri ráð fyrir, að í kjördæmi hvers þeirra séu nokkrir slíkir sjúklingar, en nú eru eingöngu reglusamir og skylduræknir læknar við landsspítalann, og sú krafa mun alltaf verða gerð þar til lækna. Nú er það svo með þann mann, sem hv. þm. Hafnf. nefndi, að hann mun að vísu vera allfær í starfi sínu, en svo hirðulaus um lækningar sínar, að hann hleypur oft frá sjúklingum sínum án þess að hirða frekar um þá, og í vetur er mér sagt, að hann hafi fyrirvaralaust stokkið til Englands, þannig að Guðmundur Guðfinnsson varð að taka við sjúklingum hans, og auðvitað er slíkt háttaleg óafsakanlegt gagnvart sjúkling.

Annars var það nú svo með þennan mann, er hann komst að háskólanum, að þrír af þeim mönnum, sem ákváðu, hver yrði valinn til starfans, greiddu atkv. með honum, en tveir aftur með Guðm. Guðfinnssyni, og mjög var það vafasamt talið, hvort rétt hefði verið boðað til fundarins, þannig að allir fengju þar greitt atkv., sem það hefðu átt að gera. Bak við manninn stóð sem sagt eins veikur meiri hl. og hægt var, og svo bætist þessi óregla hans og hirðuleysi þar við. Meðan Kjartan Ólafsson bætir ekki hátterni sitt, sem hann auðvitað getur gert, þá opnast ekki dyr landsspítalans fyrir honum. Hinsvegar á ég bágt með að trúa því, að hv. þm. Hafnf. geti greitt atkv. á móti till. minni. Hún gerir ráð fyrir sömu möguleikum og áður hvað viðvíkur kennslunni, og mér finnst afarósennilegt, að háskólinn geti ekki fundið einhvern reglusaman mann til starfans, sem fullnægir skilyrðunum, og ef K. Ó. bætir ráð sitt, ætti læknadeildin að geta tekið hann. Ég býst við, að það hafi töluverða þýðingu fyrir hvern einstakan hv. þdm., að til þessa starfa verði valinn maður, sem hægt er að treysta, því að aðrir komast ekki að landsspítalanum; vona ég því, að hv. þm. Hafnf. greiði atkv. með þessari till, því að þetta er líka hagnaður fyrir hans kjördæmi.

Þá ætla ég að víkja ofurlítið að ummælum hv. þm. Hafnf. við 1. umr. fjárl., og meiningarmun mínum og læknafél. um fólk, sem ekki vildi borga allt, sem læknarnir heimtuðu af því, og meiðyrðamálunum, sem út af því risu. Upphaf málsins var það, að ég sagði í blaði, að hv. þm. Hafnf. og aðrir læknar heimtuðu gjarnan of hátt gjald fyrir verk sín, en þessu mótmælti hv. þm. Hafnf. við 1. umr. og vildi sanna mál sitt með því, að ummæli mín hefðu verið dæmd dauð og ómerk, en nú vil ég endurtaka þessi um-

mæli mín og sanna, að hv. þm. Hafnf. og aðrir „kollegar" hans hafa verið óþarflega fingralangir við ríkissjóðinn og reynt að ná upp úr honum meiru en góðu hófi gegndi. Ég ætla að lesa hér upp nokkra reikninga frá hv. þm. Hafnf., sem landlæknir hefir sett niður fyrir honum, af því að hv. þm. gat þess, að hann hefði fengið alla sína reikninga greidda án athugasemda.

Fyrst kemur Sólrún Kristjánsdóttir, sem þessi hv. þm. heimtar 75 kr. fyrir, en samkv. gjaldskrá gat það í hæsta lagi numið 44 kr. Þessi reikningur hefir því lækkað um rúmlega ⅓. (BSn: Vill hv. þm. ekki segja, hvað gert var). Það var gert, sem landlæknir fyrirskipaði. Hv. þm. Hafnf. var kúgaður eins og kaupahéðinn eða hrossaprangari, sem er gerður ómerkur sinna orða og gerða.

Þá kemur Hjalti Þór Hannesson, sem heimtaðar eru fyrir 135 kr., en þetta hefir landlæknir reiknað út, að ætti að vera 53 kr. Munurinn er 82 kr. Þarna hefir því læknirinn ætlað að ná nokkru meira en tvöföldu því, sem honum bar samkv. gjaldskrá.

Þá kemur Árni Helgason með 80 kr., en landlæknir sundurliðar þetta í 4 liði og fær út, að 36 kr. sé hæfilegt, svo að þarna vildi hv. þm. ranglega hafa 44 kr. af sinni ekki allt of ríku fósturjörð.

Þá kemur Sólrún Kristjánsdóttir aftur. (BSn: Hv. þm. er búinn að minnast á hana). Hún virðist hafa komið tvisvar, og hefir því sennilega verið góður sjúklingur fyrir hv. þm. Fyrir hana heimtar læknirinn 155 kr., en landlæknir hefir svo gert þetta upp í 6 liðum og fær þá út, að læknirinn geti ekki heimtað meira en 66 kr. Þarna hefir því þessi hv. fulltrúi tekið ⅔ meira en landlæknir vildi láta hann fá.

Þá koma menn utan Hafnarfjarðar, sem hv. þm. hefir haft með að gera, og er þar fyrstur Guðjón Waage. Um hann skrifar landlæknir: „Verð að álíta, að sjúkrahúsvist þessa manns hafi verið ónauðsynleg". Fyrir þennan sjúkling voru heimtaðar 1655 kr., svo að þetta virðist nokkuð vafasöm ráðstöfun, að halda sjúklingi á dýru sjúkrahúsi langan tíma án þess að þess sé þörf.

Þá kemur Ingibjörg Bjarnadóttir, sem læknirinn hefir krafizt fyrir 1617 kr. Um hana skrifar landlæknir: „Verð að álíta, að umræddur ómagi hefði alls ekki þurft að liggja á sjúkrahúsi".

Ég ætla að láta þetta nægja, láta þessi verk læknisins tala, til að hrinda hinum digurbarkalegu orðum hv. þm. við 1. umr. og gera skiljanleg ummæli þau, sem hann hafði um landlækni. Tilefnið til gremju hv. þm. við G. Björnson, sem setur svo herfilega ofan í við hann, er meir en skiljanlegt. Þetta snertir nú aðeins þennan eina fulltrúa læknanna, en það er ekki óhugsandi, að dálitill sparnaður sé hjá fleirum, sem vert er að athuga, og þarna er ekki til neins fyrir hv. þm. að þræta, því að reikningarnir liggja hér, og hv. þm. geta átt kost á að sjá þá á eftir.

En það eru fleiri læknar, sem líkt er ástatt um eins og þennan dýrgrip í Hafnarfirði, og vil ég þar taka lækna, báða alræmda úr frumhlaupi læknaklíkunnar, nefnilega þá vinina Guðmund Hannesson, sem settur var landlæknir í forföllum Guðm. Björnsonar, og Matthías Einarsson. Hann fór í mál af því, að ég hafði sagt, að það væri of dýrt fyrir landið að borga 10 kr. á dag fyrir sjúklingana á berklaspítala, en hér hefi ég reikning frá því árið 1921, sem sýnir, að svo hefir verið, einmitt undir umsjá þessa manns. Matth. Einarsson sendir reikning fyrir Guðrúnu Aradóttur, sem nemur 10 kr. á dag, til samans 3350 kr., fyrir tæpa árslegu á spítala þeim, er hann veitti forstöðu. Þessu hefi ég nú fengið breytt þannig, að ríkið þarf ekki að greiða nema helminginn, þ. e. a. s. um 5 kr. á dag fyrir hvern sjúkling. Áður kostaði einn sjúklingur hjá Matth. Einarssyni ríkið jafnmikið og prestur í sveit.

Þá er það Kristján Guðmundsson, sem legið hefir á frakkneska spítalanum 6 daga, 10 kr. á dag, samtals 60 kr.

Síðan kemur Salvör Þorsteinsdóttir, 54 daga, 540 kr.

Þá er næstur Guðmundur Gestur Sigfússon með 108 legudaga, 10 kr. á dag, og landið borgaði fyrir þennan sjúkling 1080 kr.

Næst er Pálína Pálsdóttir, sem var sjúklingur á frakkneska spítalanum í 52 daga og landið borgaði fyrir 520 kr.

Þá kemur Kristjana Sigurbergsdóttir; hún hefir 15 legudaga á 10 kr. og 42 á 8 kr., til saman 486 kr. Þarna virðist vera einhver lækkun, sem ekki er gerð grein fyrir, svo maður verður hissa, að það skuli ekki vera 10 kr. á dag alltaf.

Þá kemur Margrét Jónsdóttir með 150 legudaga á 10 kr. og 215 á 8 kr. og kemst hún upp í 3220 kr.

Næstur er Guðmundur Magnússon með 56 legudaga á 10 kr., 560 kr.

Þá kemur næst reikningur frá Matthíasi Einarssyni; það er fyrir Kristmund Guðmundsson, sem virðist hafa legið í Landakotsspítala, svo þar er nú bara um læknishjálp að ræða, tvo liði, annan, sem landlæknir (Guðm. Hannesson) segir, að verði að færast niður í 40 kr., hinn 100 kr., sem landlæknir vill ekki borga nema 50 kr. fyrir. Reikningurinn lækkar því úr 250 kr. niður í 90 kr., og er því sparnaðurinn 160 kr. á þessum reikn.

Þá kemur enn í Landakotsspítala sjúklingur frá Matthíasi Einarssyni, Gunnhildur Þorsteinsdóttir, sem þessi ágæti læknir hefir gefið reikn. fyrir 150 kr., en landlæknir sundurliðað í 5 liði, sem gera allir 43.50, það er tæpur ⅓ af því, sem hinn sparsami læknir, þ. e. sparsami fyrir ríkissjóð, hefir sett upp.

Næstur er Árni Björnsson, líka í Landakotsspítala; hann hefir komizt upp í 529 kr., en landlæknir skrifar — þetta er frá árinu 1929 —, að samkv. gjaldskrá sé þetta í hæsta lagi 115 kr. Sparnaðurinn er þá 415 kr. á þessum eina manni!

Þá er ennfremur í Landakotsspítala Margrét Vigfúsdóttir. Reikn. Matthíasar Einarssonar fyrir hana er 570 kr., en einn liðinn lækkar landl. úr 50 kr. niður í 9 kr., en lætur liðina standa að öðru leyti, en það er ótrúlega mikil lækkun á þessum eina lið.

Síðast er reikn. frá Matthíasi Einarssyni fyrir Margréti Þórarinsdóttur; þar hefir læknirinn fyrir 16 legudaga viljað fá 150 kr., en landlæknir færir það niður, alveg sundurliðað, í kr. 40,50.

Ég verð að segja það, að ég geri ráð fyrir, að þegar borgarar landsins fara að lesa þessa reikninga í Alþt., verði þeir alveg hissa hvað læknarnir eru kjarkgóðir að gefa reikninga, og fara svo í mál út af því, þó talað sé um, að þeir taki 10 kr. á dag. Það kveður svo rammt að, og það sýnir, hvað meiðyrðalöggjöfin er lítilfjörleg, að skjölin sýna, að það er hinn fasti taxti á frakkneska spítalanum, og það er undantekning, ef það ekki er 10 kr. á dag. Og hvað er það svo, sem landsstj. hefir gert? Það, sem landsstj. hefir gert, er að rísa upp gegn þessari féflettingu og færa kostnaðinn við fjölmarga spítala úr 10 kr. á dag og niður í 5 kr.

En ég er ekki alveg búinn enn, því það eru fleiri skjöl en þessir reikn., sem snerta þessi málaferli læknanna og þjóðin hefir gott af að lesa um þessa dýru lækna. Og í sambandi við það vil ég benda á, að það er annar landlæknir en Guðmundur Björnson, sem hefir haft afskipti af reikn. frá þessum læknum, eða a. m. k. frá öðrum þeirra. Fyrir nokkrum árum var Guðmundur Hannesson, núv. form. Læknafél., settur landlæknir. Og þá kom fram hjá honum alveg sama löngun til að spara fyrir ríkið og hjá nafna hans, Guðmundi Björnsyni. Ég skal nú lesa það, sem hann segir um þetta í bréfum frá þeim árum.

Þá er það fyrst bréf frá Guðmundi Hannessyni settum landlækni, dags. 6. janúar 1922, til stjórnarráðsins, og lýtur að þurfalingnum Guðrúnu Aradóttur úr Eyrarhreppi, sem hafði legið á franska spítalanum:

„Mér virðist það neyðarkjör að hafa slíka, sennilega ólæknandi, sjúklinga löngum tímum á svo dýrum spítala sem frakkneski spítalinn er. Virðist mér, að ríkið hafi heimild til þess að binda veru sjúklinga þeirra, er það borgar fyrir, við ákveðin sjúkrahús, og mætti þá sleppa frakkneska spítalanum, meðan gjald er þar svo hátt".

Þetta er mjög merkileg athugasemd, sem Guðmundur Hannesson skrifaði stjórnarráðinu þegar hann var settur landlæknir árið 1922. En hví fjandskapaðist þá sami maður gegn mér fyrir að gera það, sem hann vildi gera og sá að var rétt, en hafði ekki manndóm til?

Ennfremur segir landlæknir, að Guðrún Aradóttir sé sennilega ólæknandi. Þetta hlýtur að vera mjög óþægilegt fyrir lækninn (Matth. Einarsson) og fyrir manninn, sem hefir haft hana þarna í

góðri trú. (JBald: Hvað á að gera við sjúklinga, sem eru ólæknandi?). Landlæknir segir, að þeir sjúklingar ættu ekki að vera á dýrum spítala, og ég býst við, að flestum komi saman um, að það sé hægt að geyma sjúkling fyrir minna en 10 kr. á dag.

14. marz 1922 skrifar sami settur landlæknir (Guðm. Hannesson) stjórnarráðinu út af legukostnaði Björns Pálssonar, þurfalings Reykjavíkurbæjar, á frakkneska spítalanum í Reykjavík:

„Af sjúkdómslýsingu þeirri, sem hér fylgir, verður alls ekki séð, að sjúkrahúsvist hafi verið nauðsynleg. Það mun yfirleitt sjaldgæft, að menn liggi lengi með lungnabembu eða asthma á sjúkrahúsum, enda báðir sjúkdómar lítt eða ekki læknandi".

Þetta er áframhald af því fyrra; það er auðséð, að settur landlæknir telur talsvert freklega í það farið, að hafa sjúklinga, lítt eða ekki læknandi, á þessum stað, og sem ekki er nauðsynlegt að hafa á spítala. Og öll þessi gagnrýni gengur út yfir Matth. Einarsson.

Enn fær stjórnarráðið 8. marz 1922 bréf frá sama manni út af legukostnaði Elínborgar Björnsdóttur, þurfalings Skarðshrepps, á frakkneska spítalanum og Vífilsstaðahæli. Þar segir svo:

„Við reikning þennan er ekki annað að athuga en það, að dýr er slík **spítalavist þurfalinga,** og er ótrúlegt, að ekki mætti komast ódýrar út úr henni".

Það er eins og eymdarstuna hjá settum landlækni yfir því, hvernig þetta sjúkrahús búi að þeim sjúklingum, sem þar eru á kostnað ríkissjóðs. Það lítur sannarlega út fyrir, að lega slíkra sjúklinga á þessum spítala hafi stundum framlengzt meira en góðu hófi gegndi. Og það er eðlilegt, að þeim, sem þetta kemst upp um, sé svo illa við það, sem raun er á. En það er ekki ólíklegt, að eitthvað af þeim 300 þús. kr., sem sparazt hafa á berklavarnakostnaðinum, stafi af því, að tekið hefir verið fyrir þetta.

Að síðustu er bréf frá Guðm. Hannessyni út af legukostnaði Guðríðar Jónsdóttur, þurfalings Reykjavíkurbæjar, á frakkneska spítalanum í Reykjavík. Þar segir svo:

„Ekki verður annað séð en að sjúklingur þessi hafi frekar legið sem invalid en til lækninga. Hjartasjúkdómur, lifrarskorpnun og geðbilun hafa væntanlega verið lítt læknandi kvillar".

Ég læt svo úttalað um þetta og ætla ekki að leggja fram fleiri gögn til að sanna, að ég hafi farið með rétt mál; ég tel þess ekki þurfa. En ég gæti hugsað, að bæði hv. þm. Hafnf. og Matthías Einarsson hefðu miklu heldur viljað láta það ógert, að hv. þm. færi að draga hjör sinn og leggja út í atlögu í þessu máli heldur en að fá þessi skjöl lögð fram fyrir almenning, því þau sýna svo mikla ágirnd hjá þessum mönnum gagnvart þjóðfél., þar sem tekið er langtum meira fyrir læknishjálp og sjúkrahúsvist en leyfilegt er eða sæmilegt talið af yfirmanni læknastéttarinnar. Sérstaklega kennir þess í bréfum Guðm. Hannessonar um frakkneska spítalann, að fólki sé haldið þar án þess að það hafi þörf fyrir að vera þar, og af umhyggju fyrir almenningshag segir hann, að svo búið megi ekki standa.

Ég býst nú við, að allir sjái af því, sem ég hefi nú sannað hér með frumgögnum, sem allir hv. dm. geta fengið að sjá og kynna sér — þau mega bara ekki glatast —, að það er töluverð ástæða fyrir þjóðfélagið að halda í við læknana, jafnvel við svo merka lækna sem þessa tvo menn, er hér eiga hlut að máli. Mér finnst af þessu stöðuga aðhaldi, sem báðir landl. þurfa að sýna við þessa 2 lækna, og náttúrlega ýmsa aðra, alveg eðlilegt, að Alþ. og stjórnarráðið hafi hæfilegt eftirlit með, að það eigi sér ekki stað neinn misskilningur, eins og sá misskilningur, að landl. þarf að lækka reikn. um þriðjung, helming eða meira. Óbeinlínis verður þetta til að setja þm. Hafnf. í óþægilegt ljós, og ekki sízt, ef hann fær flokksbræður sína og kannske fleiri til að greiða atkv. með, að læknir, sem á að kenna við háskólann, megi ekki vera reglusamur og skyldurækinn í læknisstarfi.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég ætlaði satt að segja ekki að taka til máls fyrr en hv. frsm. væri búinn að gera grein fyrir afstöðu fjvn. til þeirra brtt., sem fyrir liggja. En ég get ekki látið hjá

líða að svara hv. 5. landsk. út af því, sem hann hefir beint til læknanna.

Það er vanalega þannig, að það þarf lítið tilefni til, að þessi hv. þm. komist út um alla heima og geima. Það hefir þráfaldlega komið fyrir, bæði í ræðu og riti, að hann hefir svívirt bæði læknastéttina í heild og einstaka menn innan hennar, og þarf ekki um það að fást, þegar það er gert þannig, að þeir geti svarað fyrir sig. En það er óviðurkvæmilegt í mesta máta, þegar hér er reynt að svívirða einstaka menn, sem vitanlegt er, að hafa ekki rétt til að bera blak af sér í þessari hv. d. Hitt er svo sem sjálfsagður hlutur, að hv. þm. er leyfilegt að fara hér níðrandi orðum um mig, því ég get svarað fyrir mig. En að draga aðra góða og gilda menn, sem eru margfalt heilladrýgri fyrir þjóðfélagið en þessi hv. þm. er eða nokkurntíma verður, inn í umr., til þess beinlínis að svívirða þá og sverta, það er það ljótasta, sem ég get hugsað mér.

Þó þessi hv. þm. hafi nú dirfzt að gera þetta hér í hv. d. og fylgja þannig eðli sínu, er það samt vitanlegt, að hjá hverjum þeim, sem les þingtíðindin og þekkir Matthías Einarsson, verður það hann, sem hækkar í augum landsmanna, en þessi hv. þm., sem lækkar að sama skapi, og er þó varla á það bætandi. En eftir því sem hefir komið í ljós af þessari stöðugu, fjandsamlegu árás hans á læknana, verður að álíta, að hún sé honum alls ekki sjálfráð.

Það má segja, að það er hægt að gefa skýrslur til eins og annars og misnota þær svo herfilega til bölvunar landi og lýð. Og það má segja um þessar skýrslur og reikninga, að það hefir ekki dottið neinum manni í hug, og sízt þeim mönnum, sem þær gáfu, að þær yrðu notaðar í þessum tilgangi, sem hv. þm. hefir látið sér sæma. Ég veit það um báða þessa lækna, nafnana Guðmund Hannesson og Guðmund Björnson, að þeir hafa álitið, að slíkar skýrslur ætti að gefa í þeirri meiningu, að farið væri eftir löggiltri gjaldskrá, en ekki til þess, að þær væru notaðar í slíkum tilgangi sem þessum.

En svo ég minnist á gjaldskrána, þá vita það allir, hvenær hún er lögleidd, að hún er lögleidd árið 1908. Síðan hefir kaupgjald yfirleitt hækkað svo margfaldlega, en ekki fengizt breytt hinni gömlu gjaldskrá. Sér hver maður, hvaða vit er í þessu. Það er kunnugt, að ef læknir gerir vandasama operation, fær hann fyrir hana 20 kr. samkv. þessari gjaldskrá. Ég veit, að hver hv. dm. mundi viðurkenna, að slík borgun er alls ekki samsvarandi því starfi, sem læknirinn leggur af mörkum.

En þetta hefir ekki komið að gjaldi. Og því er þannig varið, að það er enginn sjúklingur svo gerður, að honum þyki ekki vel borgandi rifleg upphæð fyrir vel unnið verk, ef heilsu hans er þá betur borgið en áður. Og ég veit, að þessi þm., hv. 5. landsk., hefir ekki skorazt undan að borga það, sem upp hefir verið sett, þegar hann hefir farið til læknis til að fá bót meina sinna. (**JónasJ**: Ég þarf nú sjaldan að fara til læknis). Ég veit, að þessi hv. þm. hefir leitað til Kjartans Ólafssonar og borgað það, sem upp hefir verið sett. Og ég veit ekki til þess, að þessi læknir hafi trassað hann. Ég undrast það, þegar þessi hv. þm. er að fjandskapast við læknana, og það ákveðna lækna, að hann skuli þá vera að nota þessa ásæknu menn. En þetta sýnir ekki annað en það, að honum er þetta ekki sjálfrátt.

Svo hefir hv. þm. lesið upp reikninga frá Matthíasi Einarssyni. Þar kemur aftur fram löngunin til að láta ekki sérfræðinga dæma um það, sem á milli ber, heldur láta menn, sem ekki hafa jafnvel minnsta vit á, dæma.

Eins og menn vita, var það einn sérfræðingur, sem gaf upp álit sitt um heilsufar þessa hv. þm. Hann sá sér ekki fært að fara eftir því, en hefir lagt það undir dóm þjóðarinnar. Hv. þm. leiðist að hafa orðið undir í málaferlum, og nú vill hann láta þjóðina dæma, þegar lögmaðurinn er búinn að fella sinn dóm. Ég býst við, að það verði létt á metunum, hvað sem menn lesa í Alþt., þegar dómur lögmanns er fyrir því, að hv. þm. hafi farið með rangt mál. Ég veit, að hv. þm. hefir gert það, sem hann gat til að koma dómnum sér í vil í málinu móti Matthíasi Einarssyni. (**JónasJ**: Hvernig?) Með því að bera fram öll þessi plögg, sem hann var að lesa áðan. En það tókst

ekki. Það sýnir sig þannig, að þegar maður, sem vit hefir á málunum, á að dæma, þá kemur það skýrt fram, að hv. þm. hefir farið með rangt mál.

En hvað viðvíkur minum reikn., sem voru lesnir upp — það voru 3 reikn. lesnir upp frá mér —, þá bað ég hv. þm. að segja frá, hvað gert hefði verið við sjúklingana, en hann vildi ekki gera það. Allir 3 sjúklingarnir voru operationssjúklingar, og verð ég nú að lesa upp, hvað gert var við þá:

Sólrún Kristjánsdóttir: Tekin úr henni gallblaðran.

Hjalti Þór Hannesson: Nýrnaveiki, spegluð og tæmd þvagblaðran og gerður uppskurður.

Árni Helgason: Skorinn upp við kviðsliti.

Þessir reikn. voru líka allir lagðir fram hjá lögmanni, og eru ekki hærri en svo, að hann gefur þann úrskurð, að þeir séu fullforsvaranlegir að hans dómi. Um þetta er ég tilbúinn að koma með útdrátt úr dómsmálabókunum, ef hv. þm. vill véfengja það, sem ég segi.

Svo ég víki aftur að gjaldskránni og Hjalta Þór Hannessyni, þá vil ég sýna hv. dm. það, að það er illfaranlegt eftir þessari gjaldskrá, enda býst ég við, að henni verði bráðlega breytt. Svo var ástatt með þennan Hjalta, að hann hafði nýrnasjúkdóm. En til þess að vita, hvort um nýrnasjúkling er að ræða, þarf að spegla upp blöðru þeirra. Þetta var gert. En fyrir þetta vandasama starf, og það kostar verkfæri, sem er mjög dýrt, er ekki til einn stafur í gjaldskránni um að sé nein borgun fyrir, sem ekki er von, því það var þá alveg óþekkt að nota þetta áhald þegar gjaldskráin var sett.

Á þennan hátt geta menn séð, hvílík firra það er að fara eftir þessari gjaldskrá. Ég veit líka, að ég hefi ekki þurft að tala um þetta fyrir öðrum hv. dm. en 5. landsk., en mér þótti það þó sjálfsagt, þegar verið er að tala um þessa hluti af manni, sem hefir ekki snefil af þekkingu, en álítur sig hafinn yfir alla lækna, bæði í sérfræðum og heilbrigðismálum. Það hafa fleiri en ég rekið sig á, að honum er sérfræði svo mikill þyrnir í augum, að hann sér svart, ef sérfræðingur er nefndur á nafn. Svo maður hlýtur að undrast það, þegar maður veit, að þessi hv. þm. hefir áður verið kennslumálaráðherra, að hann skuli ekki hafa tekið sér fyrir hendur að þurrka háskólann út með allri sinni sérfræði.

Þá kem ég að þessu atriði, sem hv. þm. álítur sér hliðholt, að ólæknandi sjúklinga mætti ekki hafa á sjúkrahúsum. Um leið og það þarf sjúkrahús til að lækna sjúklingana, þarf líka sjúkrahús til að hjúkra sjúklingunum. Það þarf að láta sjúklingunum líða sem bezt. Það er nóg að verða að láta þá ganga með ólæknandi sjúkdóma, þó að ekki bætist við, að þeir kveljist í heimahúsum. Þetta veit ég, að allir hv. dm. geta fallizt á, og hver maður, sem ekki hefir steinhjarta, hlýtur að fallast á það. Ég segi fyrir mig, að mér finnst það bera vott um sjúkan hugsunarhátt og spilltan, að sjúkling, sem hefir ólæknandi sjúkdóm og sveitin á að annast, eigi að slá sem fyrst af, til að spara ríkinu útgjöld. Þegar um þetta er að dæma, þá er það sjálfsagður hlutur, að sá læknir, sem skoðar sjúklinginn, veit bezt um alla hans hagi og er dómbær um þetta. Hitt atriðið, sem hv. þm. hefir oft látið í veðri vaka, að fyrir læknum vekti ekki annað en það, að taka við peningum fyrir læknishjálpina, er heldur lítils virði, enda munu teljandi þeir læknar, sem ekki veita árlega ókeypis læknishjálp fyrir hundruð eða þúsundir króna. Innan þessarar spilltu stéttar, að því er fyrrv. dómsmrh. segir, eru þetta óskrifuð lög. Þessi óréttláta æsing, sem hann er að vekja á móti læknum landsins, verður honum til falls, en ekki þeim. Fjandskapur hans við mig í Hafnarfirði hefir gert það að verkum, að ég er kominn hér inn í þingsalinn; það er ég viss um. En hinn frambjóðandinn þar, sem er í mikilli vináttu við dómsmrh., sat eftir með sárt ennið. Læknastéttin á svo rík ítök í hugum landsmanna, að þeir vita, að hún á þetta ekki skilið, enda álíta margir það sjúkleik hjá hv. þm., hvernig hann hagar sér í þessu. Allar ásakanir hans um það, að fólki sé haldið á spítölum miklu lengur en þörf er á, eru staðlausir stafir, því að læknar þeir, sem þar eru starfandi, hljóta að vita betur en landlæknir, hvað hæfilegt sé í því efni.

Dómsmrh. minntist á Guðjón Waage og kvað hann ekki hafa þurft að vera á spítala. Það er reyndar leiðinlegt að þurfa að rekja sjúkrasögur hér inni í þingsalnum, en hv. 5. landsk. hefir gefið tilefni til þess.

Maður þessi fær heilablóðfall og getur enga björg sér veitt, og er enginn til að stunda hann nema systir hans fjörgömul. Hann getur t. d. ekki kastað af sér þvagi. Afleiðingar af heilablóðfalli skána stundum, en hættan á þvagteppu er mikil, auk kvalanna. Því var hann fluttur á sjúkrahús, til þess að leita bata. Hann fær þann aðbúnað, sem með þarf, en svo kveður landlæknir upp þann dóm, að þessa hafi ekki þurft með. Allir, sem lesa þingtíðindin, munu dæma, að honum hafi verið nauðsyn á að vera þar. Býst ég við því, að ef hv. 5. landsk. hefði þvagteppu, þá myndi hann óðara láta flytja sig á spítala, til þess að láta tappa af sér þvagið. Annars álít ég þetta ekki frekar svara vert. Er það leitt verk að reka aftur allar staðleysur þessa þm., er hann beinir gegn læknastéttinni.

Svo að ég víki lítilsháttar að brtt. hv. þm. og ummælum þeim, er hann lét falla á móti till. minni um aukakennslu við háskólann, vil ég geta þess, að ég hafði í morgun ekkert á móti því, að til starfsins væri valinn maður reglusamur og skyldurækinn við sjúklinga sína. En aðalatriðið fannst mér þó vera, að sá maður hefði þekkingu í bezta lagi til að kenna það, sem kenna þarf. Eru víða til læknar, góðir og skylduræknir, sem bragða ekki vín, en sem hafa þó enga kennarahæfileika. Er það aðalatriðið í þessu máli, að til starfsins sé fenginn maður, sem er skyldurækinn gagnvart starfinu og hefir góða þekkingu. En það mætti vel tryggja, ef hinir réttu menn væru látnir velja mann til starfsins, eins og t. d. prófessorar háskólans. Eru þrír þeirra yfirlæknar við landsspítalann, og er hv. þm. mjög ánægður með prófessorana, lauk t. d. miklu lofsorði á Guðmund Hannesson. Eru allir þessir menn full trygging fyrir því, að góður maður yrði valinn. En hinsvegar þykist ég vita, að ef hæstv. dómsmrh. ætti að ráða mann til stöðunnar, þá myndi ekki verða litið á hæfileikana fyrst, heldur það, hvort sá maður væri líklegur til að verða honum leiðitamur. Hann hefir sýnt það, að um skipun læknaembætta hefir hann ekki farið eftir vilja manna í kjördæmunum, heldur hefir hann fengið menn, sem af einhverjum orsökum höfðu orðið undir í samkeppninni, annaðhvort af því, að þeir voru lakari læknar en aðrir, eða af öðru, og sem hann þess vegna gat fengið til að ganga á móti læknastéttinni yfirleitt. Það var því ekkert úrval, sem hann setti í embætti við þrjár síðustu veitingar. — En svo að ég víki að brtt., þá held ég, að bezt sé, að prófessorar háskólans hafi úrskurðarvald um það, hvort maður sé hæfur til slíks starfa, en ekki dómsmrh., sem er eins fjandsamlegur læknastéttinni og raun ber vitni um. Svo vil ég minna hv. dm. á það, að ég mun, þegar gengið verður til atkvæða, greiða atkv. á móti þessari brtt., af því að hún getur ekki staðizt, þar sem með henni er niður felldur liður, sem er í fjárl. Álít ég því ekki hægt að samþ. hana.

Hv. 5. landsk. vildi vefengja, að rétt væri með farið hjá mér, að forstjóri læknadeildarinnar hefði talað við fyrrv. kennslumálaráðh. um það að fá dr. Helga Tómasson til að kenna geðsjúkdómafræði endurgjaldslaust og vildi slengja því yfir á Jón heitin Magnússon, sem var þá dómsmrh. Hv. 5 landsk. gekk frá samningum þeim, sem gerðir voru við H. T., og munnlegir samningar voru ekki bindandi. Datt mér að vísu ekki í hug að kasta hnútum að honum fyrir það að hafa gleymt þessu. En þessa kennslu verður að sjálfsögðu að taka upp, en í till. stendur ekkert um það, hvort H. T. eða núv. læknir á Kleppi skuli hafa hana á hendi, og held ég þó, að þeir séu ekki sambærilegir að þekkingu.

Þá þykir mér það nokkuð kátlegt, að Kjartan Ólafsson megi ekki kenna augnlækningar, af því að hann hafi stokkið til Englands í vetur. Er það undarlegt, ef læknar mega ekki fara til útlanda til þess að fullnuma sig í sinni grein.

Hv. þm. minntist á gjald fyrir sjúklinga á landsspítalanum. Vil ég alls ekki hafa á móti nauðsyn á því að lækka sjúkrakostnað sem mest, og sjálfur hefi ég farið vægilega um þorgun læknishjálp-

ar, sem ég hefi veitt. Þeir reikningar, sem ég sendi til stjórnarráðsins fyrir berklalækningar, voru borgaðir umtölulaust þegar hv. 5. landsk. var ráðh., og ber það vitni um það, að ég hafi ekki farið of langt í kröfum mínum. Munu og fleiri bera mér það. Mun því mega ganga út frá því, að það sé ekki yfirdrepskapur, þegar ég segi, að ég vilji ekki láta íþyngja sjúklingum. Flestir, sem á landsspítalann koma, eru þar stutta stund, en allir eru látnir borga tiltölulega jafnt. T. d. læknast botnlangabólga og kviðslit tiltölulega fljótt, en nýrnasjúkdómar og aðrir króniskir sjúkdómar taka langan tíma. Þeir, sem lengi liggja, verða þannig að borga læknishjálp fyrir þá, sem fá lækningu á skömmum tíma. Vildi ég láta lækka gjaldið fyrir þá, sem ekki eru „operations"-sjúklingar.

Þá var lítilsháttar minnzt á bindindisfél. í skólum, en að því kem ég seinna.

Halldór Steinsson [óyfirl.]: Ég get verið mjög stuttorður. Ég á hér tvær litlar brtt. við fjárlagafrv. Önnur er á þskj. 342, við 13. gr. B, 2, um flóabátaferðirnar. Ég flutti till. þessa við 2. umr. fjárlagafrv., en tók hana þá aftur til 3. umr. Ég gerði grein fyrir þessari till. þegar ég bar hana fyrst fram og tel því óþarft að bæta miklu við það, sem ég sagði þá. Það stóð svo á, að fjvn. Nd. hafði lækkað styrkinn til flóabátaferða um 3000 kr., með tilliti til þess, að fækka mætti ferðum Suðurlands, þannig að það hefði ekki á næstu árum nema fjórar ferðir til Breiðafjarðar, í stað tíu áður. Þar sem mér er ekki kunnugt um, að nokkursstaðar annarsstaðar á landinu hafi verið farið fram á að fækka ferðum á sjó í framtíðinni, þá finnst mér mjög ósanngjarnt að taka þennan fjörð þannig út úr, þar sem aðalsamgöngurnar eru á sjó. Geri ég því að till. minni, að styrkurinn verði hækkaður um 2000 kr., og að það sé sett sem skilyrði fyrir styrknum, að Suðurland fari a. m. k. átta ferðir til Breiðafjarðar.

Þá er hin till., á sama þskj., XXIX, við 22. gr. Sú till. fer fram á að ábyrgjast allt að 20 þús. kr. lán fyrir Stykkishólmshrepp, gegn þeirri tryggingu, sem stj. metur gilda. Skal ég nú með fám orðum skýra frá því, hvernig á till. þessari stendur.

Veturinn sem leið var allhart um atvinnu í Stykkishólmi og hagur manna fremur bágborinn. Til þess að ráða bót á þessu og forða hreppnum frá yfirvofandi hættu, tóku þorpsbúar það ráð að stofna samvinnufél. í því skyni að kaupa gufuskip til þess að stunda fiskveiðar. En til þess að koma fél. á laggirnar, þurfti hreppsfél. að gerast hluthafi í því og taka í því 20 þús. kr. hlut. Nú átti hlutaféð að greiðast fyrri hl. sumars. Hreppsn. Stykkishólmshrepps leitaði fyrir sér um lán til þess að greiða sinn hluta, en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefir enn eigi tekizt að fá lánið, og þó má kauptúnið sjálft teljast fremur vel stætt. Til þess nú að létta undir með kauptúninu um lántöku þessa, er hér farið fram á, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir láninu, og mun þá auðvelt um lántöku þessa, þegar ríkisábyrgð er að baki. Vona ég fastlega, að vel verði tekið í þessa málaleitun, því að hún er í samræmi við margar aðrar till., sem fram hafa verið bornar, bæði á þessu og öðrum þingum, þar sem slíkur félagsskapur sem þessi hefir verið styrktur. Upphæð sú, sem hér ræðir um, 20 þús. kr., er mjög lág, þegar tillit er tekið til þess, að hér er um tiltölulega vel stætt fél. að ræða, og engin hætta á því, að ríkissjóður muni bera skarðan hlut frá borði, þótt þessi ábyrgð fengist. Vona ég því, að till. verði samþ.

Guðmundur Ólafsson [óyfirl.]: Ég er nú ekki einn af þessum frjósömu þdm., þar sem ég á ekki nema eina brtt. við fjárlagafrv., og er þó ekki einn um hana, heldur er hv. 5. landsk. meðflm. minn að henni. Till. er á þskj. 346, XII, við 22. gr., nýr liður, um að greiða Guðmundi Björnsyni landlækni full laun þegar hann lætur af embætti.

Það er kunnugt, að G. B. lagðist hættulega veikur í janúarmán. síðastl. vetur, og þótt hann sé að vísu orðinn allhress, þá er eigi við því að búast, að hann fái bráðlega — og e. t. v. aldrei — þá heilsu, að hann verði fær um að gegna embætti sínu. Tel ég því, að hv. þdm. skilji það, að till. þessi er ekki of snemma fram komin.

G. B. landlæknir hefir gegnt embætti í 37 ár. Fyrst mun hann hafa verið eitt ár kennari hér við læknaskólann, því næst var hann um 11 ára skeið héraðslæknir í Reykjavík, og nú er hann búinn að vera landlæknir í 25 ár.

Það er margt fleira, sem hægt er að segja um þennan mæta mann en að rekja starfsferil hans í þessu þýðingarmikla embætti. Hann átti sæti á þingi um fjölmörg ár og sat í mörgum opinberum n., t. d. í milliþinganefndum, og var þá venjulega form. þeirra. Forseti þessarar d. var hann frá árinu 1916—1922, eða í sex ár, og rækti það starf, eins og önnur störf sín, með skörungsskap og prýði. Ég veit, að ég þarf ekki að fara mörgum orðum um jafnþekktan mann, enda fellur mér margt betur en að bera lof á menn. Ég tel það víst, að hv. þdm. sé jafnkunnugt og mér um ástæður G. B. landlæknis. Það er sagt, að hann muni ekki vera efnamikill, og hv. dm. vita, að hann hefir allþunga fjölskyldu fram að færa, en er kominn hátt á sjötugsaldur.

Ég geng út frá því sem vísu, að hv. dm. taki þessu máli vel, þótt það sé svo seint fram komið. Það eru fordæmi fyrir því, þar sem einstöku heiðursmönnum hafa verið veitt full laun, þegar þeir létu af starfi. Má þar til nefna Geir Zoëga rektor, Magnús Helgason skólastj. kennaraskólans, séra Einar Jónsson fyrrv. prest á Hofi og séra Kjartan Helgason frá Hruna. Allir þessir menn fengu full laun, er þeir létu af embætti.

Ég þykist ekki þurfa að viðhafa fleiri orð til þess að opna augu hv. dm. fyrir því, að ekki er nema rétt og skylt að láta G. B. njóta sömu kjara og þá menn, sem ég nú hefi nefnt.

Jón Jónsson: Ég hafði satt að segja búizt við, að þeirri venju yrði fylgt, að þeir, sem bera hér fram till., mundu allir hafa talað fyrir þeim áður en ég stæði upp aftur.

Ég þarf ekki að þessu sinni að mæla mörg orð fyrir n. hönd. Hún hefir að vísu athugað nokkuð þessar till., sem fyrir liggja, en niðurstaðan hefir orðið sú um flestar þeirra, að n. vildi ekki taka til þeirra neina ákveðna afstöðu. Þó eru nokkrar till., sem n. hefir komið sér saman um að taka afstöðu til, og er því rétt að gera grein fyrir því.

Þá verður fyrst fyrir I. till. á þskj. 342, um byggingarstyrk til sumarskýlis símamanna í Reykjavík. N. leit að vísu svo á, að það gæti verið mjög ánægjulegt, að slíku skýli yrði komið upp. Og það væri í sjálfu sér ánægjulegt fyrir ríkissjóðinn að geta styrkt það eitthvað, en hinsvegar dylst n. þó ekki, að þetta er aðallega til skemmtunar fyrir símafólkið og einn af þeim útgjaldaaukum, sem hægt er að komast hjá. Nú í kreppunni verður að reyna að forðast öll þau gjöld, sem ekki eru beinlínis nauðsynleg. Verður n. því að ráða frá því að samþ. þessa till.

Þá er X. till. á þessu sama þskj., um hækkun á framlagi til stundakennslu við menntaskólann í Rvík, 2000 kr. Tilgangurinn er sá, að einn kennarinn, Guðmundur G. Bárðarson, geti verið laus við kennslustörf í vetur. Nú hefir þessi kennari haft leyfi frá kennslustörfum undanfarið ár, og virtist n. því ekki brýn ástæða til þess að veita frekara fé í þessu skyni, enda telur hún það tæplega rétt gagnvart öðrum kennurum. Ræður n. því frá að samþ. þessa till.

Þá er XIV. og XV. till., um styrk til bókasafns í Hafnarfirði. Þetta var til meðferðar um daginn, og sá n. sér þá ekki fært að mæla með því, því að á þann hátt myndi þetta safn fá miklu hærri styrk en söfnin á Ísaf. og Seyðisf., sem þó eru fjórðungasöfn. En bókasafnið í Hafnarf. er undir handarjaðrinum á Reykjavík, og geta menn því frekar aflað sér bókakosts þaðan. N. var að þessu athuguðu á móti því að veita þennan styrk, en þó hafa nm. óbundin atkv. um þetta atriði.

Þá er XVII. brtt., styrkur til Sambands ísl. karlakóra. N. sér sér ekki fært að mæla með þessari fjárveitingu. Það er nú þegar kominn inn í fjárlögin styrkur til Karlakórs Rvíkur, og n. fannst, að við svo búið yrði að sitja að þessu sinni.

Þá er brtt. XIX á sama þskj., um 1600 kr. styrk til dr. Guðbrands Jónssonar, til þess að semja ísl. miðaldamenningarsögu, og til vara 1400 kr. Þessi till. var borin hér fram við síðustu umr. og var þá farið fram á nokkuð hærri upphæð.

N. sér sér ekki fært að mæla með þessari till., þar sem maður þessi hefir í mörg ár haft styrk í þessu skyni í fjárl., en enginn árangur hefir sézt af starfi hans.

Þá vil ég minnast á brtt. XXI og XXX, sem báðar eru um fjárframlög og lánveitingar til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum. Hefir n. ekki séð sér fært að mæla með till. þessum. Fleiri till. hafa komið fram, sem ganga í svipaða átt, og má þar fyrst og fremst nefna till. frá hæstv. forsrh.

Um það, hve mikil þörf sé á atvinnubótum, er erfitt að segja. Það er vitanlegt, að miklir erfiðleikar steðja nú að þjóðinni. Afurðasalan hefir gengið mjög illa upp á síðkastið og allt er að falla í verði. Verða því allir landsmenn að leggja mjög hart að sér til þess að baslast áfram á þessum erfiðu tímum. Það eru uppi mjög skiptar skoðanir um það, hve mikið kveði nú að atvinnuleysi meðal verkalýðsins í kaupstöðum og kauptúnum. Er því illt að ákveða, hve brýn þörf sé nú á atvinnubótum. Mér er kunnugt um, að mjög lítið kveður að atvinnuleysi í sumum þorpum. Aftur á móti er sagt, að það sé mikið hér í höfuðstaðnum, þótt skömm sé til að vita. Þó eru uppi um þetta skiptar skoðanir, eins og ég sagði áður. T. d. hefi ég heyrt fullyrt, að atvinna fyrir kvenfólk og unglinga sé nú með mesta móti. Hinsvegar sé minna um atvinnu fyrir karlmenn en undanfarið, en vonandi er, að úr því rætist nokkuð, ef gert verður út í haust. Líka má benda á það, að kaupgjald hefir verið mjög hátt undanfarið og dýrtíðin fer minnkandi, og ætti það nokkuð að létta undir með mönnum.

Meiri hl. n. lítur svo á, að skyldan til þess að sjá verkafólkinu fyrir vinnu hvíli fyrst og fremst á sveitar- og bæjarfélögunum. Og að skoðun meiri hl. er nokkuð bætt úr vandræðunum með till. hæstv. forsrh. Ættu þær ráðstafanir a. m. k. að duga til næsta þings.

Aftur á móti álíta sumir, að kreppan sé svo hörð hér í Reykjavík og Hafnarfirði, að gera verði sérstakar ráðstafanir til þess að draga úr henni á þessum stöðum. Fyrir þá virðist mér sjálfsagt að samþ. till. frá hv. þm. Hafnf. um framlag til Hafnarfjarðarvegar.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Af þeim ástæðum, sem ég nú hefi lýst, leggur meiri hl. n. eindregið á móti því, að till. hv. 2. landsk. verði samþ.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að gera grein fyrir fleiri till. fyrir n. hönd, þar sem hún hefir ekki orðið sammála um fleiri brtt. en þær, er ég nú hefi nefnt.

Vil ég þá minnast á nokkrar till. frá eigin brjósti eingöngu.

Ég á brtt. á þskj. 369 við 22. gr., þess efnis, að ríkissjóður greiði allt að helmingi þess tjóns, sem hlotizt hefir af brunanum að Flögu í des. síðastl., ef ástæða þykir til eftir að rannsókn hefir farið fram um orsakir brunans. Það hefir nokkuð verið rætt um þetta mikla slys hér í þinginu og mun það því öllum hv. þdm. kunnugt. Það er álitið, að bruninn hafi stafað af því, að eldingu hafi slegið niður í síma nálægt bænum. Virðist það því ekki ósanngjarnt, að ríkið taki nokkurn þátt í þeim skaða, sem hér hefir orðið. Hv. 1. landsk. ber fram till. um, að aftan við 19. gr. komi aths. um, að stj. sé heimilt að greiða skaðabætur til bóndans að Flögu af því fé, sem ætlað er til óvissra útgjalda. Ég kann ekki við það, að farið verði að ráðstafa þessu fé á nokkurn hátt. Því á að verja til útgjalda, sem ekki verður séð um fyrirfram, að nauðsynlegt sé að greiða, og á 19. gr. því að vera óbundin að öllu leyti. Þá finnst mér líka eðlilegra að binda fjárveitingu í þessu skyni því skilyrði, að rannsókn hafi farið fram áður á orsökum brunans, svo sem gert er í brtt. minni.

2. stafl. brtt. minnar á þskj. 369 gengur út á, að ábyrgðarheimildin fyrir samvinnufél. sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði falli burt. Eins og kunnugt er, var fyrir nokkrum árum veitt viðlíka heimild fyrir samvinnufélag sjómanna á Ísafirði. Þessu félagi hefir gengið vel og hefir það lyft mikið undir bæinn, sem var í talsverðri þröng, enda virðast allar aðstæður hafa verið góðar á þessum stað. En síðan ábyrgð þessi var veitt, hafa beiðnir um slíkar ábyrgðir dunið yfir þingið úr öllum áttum. Þannig hafa slíkar beiðnir komið frá Akureyri, Eskif., Seyðisf., Stykkishólmi og ég held líka frá

Siglufirði. Mér virðist því, að hér sé stefnt inn á ákaflega viðsjárverða braut. Eigi ríkið að bera ábyrgð á meiri hl. sjávarútvegsins í landinu, þá eru því með því bundnar þær byrðar, er það mun vart fá undir risið. Finnst mér því, að þingið ætti að sjá sig vel um hönd, áður en það heldur lengra inn á þessa braut. Það er fyrirsjáanlegt, að ef þingið samþ. slíkar ábyrgðarheimildir ár eftir ár, verða þær komnar kringum allt land áður en langt um líður. Um þessa ábyrgð, sem hér er um að ræða, er það að segja, að ástandið á Seyðisfirði er sjálfsagt slæmt; útvegur hefir gengið þar illa, og íbúarnir þar virðast hafa sýnt minni atorku við fyrirtæki sín en víða annarsstaðar. Fiskiganga er þar heldur ekki eins góð og á Vestfjörðum. Er því einsætt, að fyrirtæki þarna eiga illt með að bera sig, og væri því mjög áhættusamt fyrir ríkissjóð að ábyrgjast lán fyrir íbúa þessa bæjar. Mér dettur í hug, hvort það væri ekki betra, að ríkið blátt áfram ræki skipin heldur en að það ábyrgist atvinnufyrirtæki, sem það ræður engu um, hvernig rekin eru. Vil ég því eindregið leggja til, að þessi ábyrgðarheimild verði felld niður, og í samræmi við það verði allar slíkar ábyrgðir látnar niður falla. Vil ég mælast til þess, að hæstv. forseti beri brtt. þessa upp áður en ábyrgðarheimildirnar koma til atkvæða.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að brtt., sem aðrir hv. dm. flytja.

Það er þá fyrst stór till. frá hv. þm. Hafnf., um 200 þús. kr. fjárframlag til nýs vegar milli Rvíkur og Hafnarfj. Þetta mál er ekki vel upplýst, því vegamálastjóri hefir ekki ennþá slegið því föstu, að þennan veg skuli leggja eða hvernig byggingu hans skuli hagað. Sá vegur, sem nú liggur milli Rvíkur og Hafnarfj., er sæmilega góður, eftir því sem vegir gerast á voru landi. Virðist því vera meiri þörf fyrir vegi víða annarsstaðar á landinu. Ætti því að athuga málið vel frá öllum hliðum, áður en ákveðið er að leggja þarna nýjan veg, enda er það víst, að hann myndi kosta margfalda þá upphæð, sem hér er farið fram á. Um það, að mikil atvinnuþörf sé nú í Hafnarfirði og Reykjavík, er það að segja, að Rvík er sterkasta bæjarfélag landsins og ætti því nokkuð að geta séð fyrir sér sjálf, og hinsvegar geri ég ráð fyrir, að verði till. hæstv. forsrh. samþ., þá muni þessir bæir ekki fara varhluta af því fé, sem veitt verður til atvinnubóta samkv. till. hans.

Þá eru tvær till. um aukið framlag til flóabátaferða. Vil ég ekki leggja á móti till. þessum, en ég verð að segja það, að mér þykir það ekki nema sjálfsagt, að flóabátaferðum verði eitthvað fækkað um leið og strandferðirnar hafa verið bættar svo stórkostlega sem gert hefir verið. Annars geri ég ráð fyrir, að hv. samgmn. athugi þetta mál. Hún hefir ekki gert það enn, en gerir það máske á næstunni.

Þá vildi ég minnast á brtt. XII og XIII, um aukin framlög til tveggja skóla, Kvennaskólans í Reykjavík og húsmæðraskóla kvenfél. Óskar á Ísafirði. Kvennaskólinn í Rvík hefir nú sama styrk og hann hefir haft undanfarið og kvenfél. Ósk sömuleiðis. Virðist mér það varla sanngjarnt að fara fram á, á þessum krepputímum, þegar allt verður að spara, að aukin séu fjárframlög til privatstofnana eins og þessara. Álít ég, að þær séu fullsæmdar af því að halda þeim framlögum, sem þær hafa haft undanfarið.

Það er auðvitað, að margt af því, sem hér er farið fram á, að styrkt sé af ríkisfé, er í sjálfu sér gott og gagnlegt, og væri gaman að geta verið með sem flestum brtt. En þess verður að gæta, að fjárlögin eru nú orðin mjög ógætileg. Gjaldabálkurinn er orðin hærri nú en nokkurntíma áður í fjárl., og virðist það atriði allvarhugavert í öðru eins kreppuári og þessu. Og nú þegar er kominn allt að því 50 þús. kr. tekjuhalli á fjárlagafrv., þó að áætlunin sé svona há, má samt búast við, að raunveruleg gjöld verði heldur meiri. Á síðasta ári fóru þau um 2 millj. kr. fram úr áætlun. Ég veit að vísu, að nú verður allt gert til þess að láta gjöldin ekki fara fram úr áætlun, en það er þó öllum ljóst, að sumir liðir eru of lágt áætlaðir.

Þá er að líta á tekjuhliðina og athuga, hvort hún megi vera hærri eða ekki. Tekjurnar eru nú áætlaðar hærri en

nokkurntíma áður, eins og gjöldin. Till. hafa komið frá hv. þm. Hafnf. um að hækka suma tekjuliðina ennþá. Ef litið er á þessa liði hvern fyrir sig, þá verður fyrst fyrir manni tekju- og eignarskattur. Hann hefir að vísu farið allmikið fram úr áætlun á síðustu árum, 1929 og 1930. En á það ber að líta, að þessi ár voru sérstök árgæzkuár. Hinsvegar varð skatturinn ekki nærri því eins hár tvö árin þar á undan. Árið 1927 nam hann rúml. 827 þús. kr. og 1928 rúml. 1056 þús. kr. Virðist því einsætt, að ekki sé hægt að áætla þennan tekjulið hærra en gert er nú. Við megum þakka fyrir, ef við lendum ekki í verri kreppu nú heldur en á árunum 1926—1927.

Þá vill hv. þm. Hafnf. hækka áfengistollinn upp í 550 þús. kr. Þessi tollur var að vísu nokkuð hærri tvö síðustu ár, eða um 700 þús. kr. Aftur á móti var hann mun lægri árið 1927—28. Hann er nú áætlaður 500 þús., en varð 441 þús. 1928 og 442 þús. kr. 1927. Virðist því engin leið til að hækka hann frá því, sem nú er, enda ætti að mega vænta þess, að á þessum krepputímum komi tekjurýrnunin fyrst og fremst niður á óþörfum vörum.

Um tóbakstollinn er nokkuð svipað að segja. Hann er nú áætlaður 1050 þús. í fjárlagafrv., en var nokkuð hærri undanfarin ár, eða um 1250 þús. kr. Aftur á móti varð hann ekki nema 949 þús. kr. árið 1927, eða um 100 þús. kr. lægri en hann er áætlaður nú. Get ég því ekki séð, að varlegt sé að áætla þennan tekjulið hærra en gert er.

Ef litið er á aðra tekjuliði, þá bendir margt til þess, að þeir muni varla ná áætlun. Það er öllum kunnugt, að það eru fjórir tekjuliðir í fjárl., sem drýgst mjólka í ríkissjóðinn, nefnil. verðtollur, vörutollur, útflutningsgjald og tekju- og eignarskattur. Það mun öllum koma saman um, að horfurnar séu nú mjög iskyggilegar. Ef litið er í hagskýrslurnar, sjáum við, að innflutningurinn er meira en þriðjungi lægri en í fyrra. Þessi mikla rýrnun mun fyrst og fremst koma niður á verðtolluðum vörum. Verðtollurinn er nú áætlaður 1650 þús. kr. Af reynslu þeirri, sem við höfum fengið af fyrri hluta þessa árs og af samanburði við önnur ár, má ráða það, að þetta sé langt of há áætlun. Hið sama má segja um vörutollinn. Rýrnunin verður þar máske nokkuð minni, en hún verður samt áreiðanlega mjög mikil. Hið sama verður uppi á teningnum, ef litið er á útflutningsgjaldið. Afurðasalan fer hríðversnandi og verðið á framleiðslu vorri fer sílækkandi. Það er því enginn vafi á því, að þessi liður verður miklu lægri en undanfarið.

Hið sama má enn segja um marga aðra liði fjárlagafrv. Allt er teygt og togað. Tekjurnar eru alstaðar áætlaðar svo hátt sem frekast er hægt. Það þarf því engan að undra, þó að það fari e. t. v. svo, að rekstrarhalli verði á fjárl. Þess vegna er það skylda vor allra að hækka fjárl. sem allra minnst úr þessu og neita sér um allt, sem hægt er að vera án. Og það er skylda hvers Íslendings að taka karlmannlega á móti kreppunni, að neita sér um það, sem hægt er að komast af án, og bjarga þannig fósturjörðinni frá þeim hörmungum, sem kreppan getur yfir hana leitt, ef hagsýni, sjálfsafneitun og ráðdeild eru ekki látin sitja í fyrirrúmi.

Ingvar Pálmason [óyfirl.]: Ég á aðeins eina brtt. við fjárlagafrv. Það er XXVIII. brtt. á þskj. 342. Ég flutti þessa brtt. einnig við 2. umr., en þegar til atkvgr. kom, tók ég hana aftur til 3. umr., vegna þess að mér virtist þá vera allmikill slátrunarhugur í hv. þd., en ég vildi halda voninni um líf í till. í lengstu lög. Þetta er heimild handa stj. að ábyrgjast kaup á fiskiskipum fyrir samvinnufélag Eskfirðinga, allt að 50 þús. kr., með þeim tryggingum, sem fram eru teknar í till. Ég mælti nokkur orð um þessa brtt. við 2. umr. og benti þá hv. d. á aðalástæðurnar fyrir þeirri till., sem hér ræðir um. Aðalástæðan er sem sé sú, að þetta kauptún hefir orðið fyrir nokkrum hnekki á yfirstandandi ári, þar sem fóru burt úr kauptúninu tvö stærstu fiskiskipin, sem til voru. Annað var gufuskip, en hitt vélbátur milli 20 og 30 tonn að stærð. Þetta er ekki í neinu sambandi við það, sem hv. frsm. fjvn. minntist á um Austfirði, að honum virtist þar minni fiskisæld en annarsstaðar hér við land. Ég ber ekki á

móti því, að þetta sé rétt hjá hv. frsm., en hinu mótmæli ég, sem kom fram í ræðu hans, þegar hann minntist á ábyrgðarheimildina fyrir Seyðisfjörð, sem nú er í fjárlagafrv., að þar mundi vera minni atorka en annarsstaðar Þessum orðum vil ég algerlega mótmæla, og þarf ekki einu sinni að færa rök fyrir því hér. Austfirzkir sjómenn eru þekktir víðar en á Austfjörðum, og ég hygg, að þeir standi alls ekki öðrum sjómönnum að baki. Hitt er satt, að fyrir Austurlandi er minni fiskimergð en víða annarsstaðar, en mér virðist það engin sérstök ástæða til að mæla á móti því, að hlaupið sé undir bagga með þessum mönnum og þeim hjálpað til að endurnýja sinn fiskiveiðaflota, þegar hann rýrnar af sérstökum ástæðum Ég tel einmitt, að helzt eigi að hjálpa þeim mönnum, sem illa eru staðir, því að heilbrigðir þurfa ekki læknis við. Það þarf ekki að rétta sjávarútveginum hjálparhönd, þar sem hann gengur vel. Spurningin er bara þessi: Er þessi lánsheimild tryggð þannig, að ríkinu stafi ekki hætta af? Ég lít svo á, að það sé fyllilega gert, þar sem það er tryggt með ábyrgð félagsmanna, ábyrgð Eskifjarðarhrepps og 1. veðrétti í skipunum. Ég verð því að segja, að hagur ríkissjóðs hljóti að vera tryggður í þessu efni.

Ég vil að endingu bæta því við, að þar sem Nd. hefir álitið réttmætt, að stj. væri heimiluð ábyrgð fyrir Seyðisfjörð, þá sé það ekki rétt að fella þessa till., því að hér er gert ráð fyrir öllum þeim sömu tryggingum og í ábyrgðarheimildinni fyrir Seyðisfjörð. Ég vil því vænta þess, að hv. þd. samþ. þessa till., og ekki síður fyrir það, þó að hv. þm. álíti, að hagur þessara fiskimanna sé lakari en annarsstaðar á landinu.

Páll Hermannsson [óyfirl.]: Ég á enga brtt. við fjárlagafrv. nú, en það eru 2—3 atriði í sambandi við frv., sem mig langar til að minnast örlítið á.

Hv. 3. landsk. talaði nú fyrir skömmu um ábyrgðir, sem ríkið hefði tekizt á hendur og væri smám saman að takast á hendur fyrir einstök félög og fyrirtæki. Hann benti á það, að sú braut gæti orðið óheppileg, þegar fram í sækti. Ég ber ekki á móti, að svo geti verið, en ég verð að segja það, að mér finnst geta staðið misjafnlega á í þessu efni, og ef við samþ. þá till. um þetta efni, sem hv. þm. flytur á þskj. 369, að taka út af fjárl. ábyrgðarheimild fyrir Seyðisfjörð, þá álít ég, að ekki sé rétt að farið.

Hv. þdm. er kunnugt um það, að Seyðisfjörður er kaupstaður, sem hefir að undanförnu orðið fyrir stórum áföllum, því að þar hefir hrunið í rústir nær því allur sá atvinnurekstur, sem kaupstaðnum hefir haldið uppi að undanförnu. Það er því mikil þörf á því, að ríkið rétti þessum kaupstað hjálparhönd, ekki sízt nú á þessum erfiðu tímum.

Það hefir komið til orða oftar en einu sinni að leggja veg yfir Fjarðarheiði, sem verður talsvert dýrt fyrirtæki, en yrði atvinnubót fyrir menn þar eystra, og þá sérstaklega fyrir Seyðfirðinga. Ég skal líka játa, að það yrði mikil samgöngubót með tímanum, en ég hefi alltaf litið svo á, að hjálp Seyðisfirði til handa ætti miklu frekar að vera innifalin í því að greiða fyrir þeim til að reka sína atvinnu, fyrst og fremst á sjónum og auk þess á landi, því að Seyðfirðingar hafa gnótt af góðu ræktunarlandi.

Mér er kunnugt um það, að þm. þessa kjördæmis, sem er kunnugur á þessum slóðum, hefir nú við meðferð fjárlagafrv. í Nd. komið þessari ábyrgðarheimild inn í frv., með það í huga, að þessi hjálp myndi verða einna líklegust fyrir Seyðfirðinga. Ég er ekki eins kunnugur Seyðisfirði og ég býst við að hann sé, en það er samt mín skoðun, að það sé vel þess vert að gera tilraun til að rétta við atvinnuvegi Seyðfirðinga á þann hátt, sem í þessari till. felst. Þess vegna mun ég greiða atkv. á móti því, að hún verði felld niður. Auk þess veit ég ekki, hvernig Nd. tæki því, að Ed. færi nú að fella niður stóra liði, sem Nd. hefir samþ. Ég býst ekki við, að henni mundi líka það.

Hv. 2. landsk. minntist á Fjarðarheiðarveginn. Það er vitanlega framkvæmd, sem gæti orðið atvinnubót í bili og samgöngubót í framtíðinni fyrir Seyðisfjörð, en ég tel mjög lítið gagn að slíku, samanborið við aukningu framleiðslunnar þar, þó að nokkur bót væri ráðin á með lagningu vegarins.

Hv. 2. landsk. var að drepa á misskilning, sem hann sagði, að ætti sér stað fyrir austan í sambandi við Fjarðarheiðarveginn. Ég man ekki vel, hvernig orðin féllu, en ég vil bara segja það, að ef þingskrifararnir láta þau ummæli koma í ræðu hans rétt og samvizkusamlega, sem ég efast ekkert um, að þeir gera, þá nægja þær upplýsingar þar eystra. Það hlýtur öllum skynbærum mönnum að vera það ljóst, að þau ummæli voru byggð á misskilningi.

Fyrst ég stóð upp, þá vil ég minnast með nokkrum orðum á þá afstöðu, sem þingið hefir nú tekið í sambandi við námsstyrki og einstaka sjúkrastyrki. Mér hefir fundizt, að sérstaklega við 2. umr. málsins hafi fallið hér orð um það, að það væri hálfgerður vansi fyrir þingið að veigra sér við því að veita ýmiskonar námsstyrki, en ég lít öðruvísi á það. Ég álít, að það eigi ekki að veita slíka námsstyrki, ekki vegna þess að það gæti ekki verið um nauðsyn að ræða, sem ætti fullan rétt á sér, heldur af því að ég álít, að Alþingi sé einna verst til þess fallið að veita slíka styrki með nokkurri sannsýni. Mér hefir virzt, að framgangur slíkra fjárbeiðna hafi að miklu leyti farið eftir því, hversu duglegir þeir menn hafa verið, sem hafa tekið það að sér að bera slíkar till. fram, enda skilst mér, að þingið hafi að undanförnu verið á þessari skoðun, því að undanförnu hefir nú einu sinni verið ákveðin talsverð fjárhæð, 24 þús. kr., til stúdenta, sem stunda nám við skóla erlendis. Auk þess hafa um 10 þús. kr. verið veittar menntamálaráðinu til ráðstöfunar handa þeim, sem vilja stunda nám erlendis. Einnig hefir verið veittur styrkur í fjárl., þótt lítill sé, eitthvað 4000 kr., til þeirra, sem hafa viljað stunda verklegt nám utanlands. Þetta allt bendir á það, að þingið vill losna við að sitja dögum saman við að þjarka um þessa litlu styrki, sem svo oftast nær er úthlutað af handahófi og meira og minna ranglátt.

Jónas Jónsson: Hv. þm. Hafnf. hélt hér alllanga ræðu, sem lauk þó þannig, að hann hafði ekki hrakið neitt af því, sem ég sagði. Ég vil samt gera honum skil út af ræðu hans. Ég lagði hér fram og las upp nokkra reikninga, sem tveir landlæknar höfðu fjallað um, en reikningarnir voru frá hv. þm. sjálfum og praktiserandi lækni hér úr bænum, einmitt mönnum, sem höfðu ætlað með meiðyrðamálum að sanna, að þeir væru ekki reikningsharðir við landið, og þm. tók það svo nærri sér, að hann taldi það sérstakar svívirðingar um fjarstadda menn.

Það er satt, að annar þessi læknir er fjarstaddur, en ég get ekki séð, hvernig hann eða hv. þm. Hafnf. gat búizt við, að opinber skjöl, sem þeir hafa sjálfir búið til, séu þess eðlis, að það sé skömm fyrir þá, að þau séu lesin upp, því að annað var ekki gert. En ef þetta er rétt hjá hv. þm., þá á hann það við sjálfan sig og starfsbróður sinn í Keflavík.

Hv. þm. sagði, að það væri eitt það ljótasta, sem hægt væri að hugsa sér, að þessir reikningar væru lesnir upp. Hvernig gátu reikningar, sem þm. hafði sjálfur búið til, sett þm. í svona vont skap? Ég hafði sagt, að það kostaði 10 kr. á dag að liggja á þessum umræddu spítala, og nú sannaði ég með frumheimildunum sjálfum, að þetta var laukrétt. En hvers virði er þá málssókn þessa læknis, sem einmitt átti að breiða yfir 10 kr. legukostnað á dag?

Hv. þm. sagði, að þessi maður, sem ég minntist á, mundi stækka í augum allra við ræðu mína. Ég ætlaðist hvorki til að hann stækkaði né minnkaði. Það var aðeins viðskiptaatriði, að ég vitnaði í þessa reikninga, og það er dálítið neyðarlegt fyrir hann að fá þá nú eftir meiðyrðamálið. (**PM:** Er dómurinn þá rangur?). Hv. þm. veit, að hans stétt gerir ráð fyrir því, að dómar geti verið rangir, og ég býst við, að hann sé þar ekki heldur eins óskeikull og páfinn er álitinn meðal kaþólskra manna.

Þá hélt hv. þm. Hafnf. því fram, að það væri óleyfilegt að lesa upp þessa reikninga með áritun Guðmundar Björnsonar og bréf frá Guðmundi Hannessyni. Af hverju var það óleyfilegt? Ég býst við, að honum hafi þótt það óleyfilegt af því að það kom honum illa, að þessir reikningar voru lesnir upp. Reikningarnir sýna fremur leiðinlegan innri mann hjá honum, hugarþel, sem hann vill dylja fyrir almenningi eins lengi og hægt er. Það

ber vott um það, að hann hefir orðið fyrir þeirri hneisu, að skrifa reikninga til ríkissjóðs, sem yfirmaður hans, landlæknirinn, gerir hann ómerkan að, eins og ég skal nú sýna.

Hv. þm. hafði þau brjóstheilindi, eftir að ég hafði lagt fram þessa reikninga, að hann sagði, að hann hefði alltaf fengið hvern eyri borgaðan af sínum reikningum. Hér er einn reikningur frá honum upp á 80 kr., sem hann fær 36 kr. borgaðar af. Það væri köllað vanskil af manni í bönkunum, ef hann borgaði ekki meiri hluta af skuld sinni en þetta, en hér er um siðferðisleg vanskil að ræða.

Hér er annar reikningur, 135 kr., borgaðar þar af 53 kr. Hv. þm. vill kannske halda því fram, að hann hafi komið fram einhverjum gjörningum, svo að hann hafi fangið borgað hjá ríkisféhirði meira en landlæknir ætlaði honum, en ég býst nú samt ekki við, að hv. þm. haldi því fram.

Þá er hér einn reikningur, 155 kr., borgaðar af honum 66 kr., og annar upp á 75 kr., borgaðar 44 kr.

Ég er ekki að segja, að hv. þm. Hafnf. hafi þótt skipta svo miklu máli, hvort hann fékk helminginn af þeim borgaðan eða ekki. Hitt skiptir meiru máli fyrir hann, þegar það kemur í ljós, að hann er gerður ómerkur að kröfum sínum á ríkissjóð, eins og hrossaþrangari, sem enginn trúir. Sérstaklega þótti mér þó óviðkunnanleg þau orð, sem hann hafði um landlækni, þegar hann athugaði, hvað mikil lítilsvirðing það var fyrir hann, að hafa sent svona reikninga. Ég vil þess vegna halda því fram, að það sé óhugsanleg og óverjandi röksemdafærsla hjá hv. þm., þegar hann reynir að halda því fram og láta líta svo út, að reikningar til ríkisins frá praktiserandi lækninum í Hafnarfirði komi engum við og að það sé svívirðing að lesa þá upp. Það er ómögulegt að fá neitt vit í þetta, nema hann hugsi, að það sé eyðileggjandi fyrir sig og sinn málsstað að lesa upp þau skjöl, sem hann hefir sjálfur samið.

Út frá þessum reikningum sagði hann svo, að það væri ekkert að marka, hvað landlæknarnir Guðmundur Björnson og Guðmundur Hannesson segðu, af því að þeir væru ekki sérfræðingar. (BSn: Ég sagði það aldrei; ég sagði, að landlæknir hefði ekki eins góða aðstöðu til þess og sá læknir, sem stundaði sjúklinginn). Ég skrifaði þetta orðrétt eftir honum. Nú voru margir af þessum sjúkdómum algengir uppskurðir, og hefðu þessir kunnu læknar, Guðmundur Björnson og Guðmundur Hannesson, átt að geta dæmt um slíkar lækningar eins vel og hinn gáfnatregi þm. Hafnf. En ef hv þm. hefir átt við það, að þeir hafi ekki getað dæmt um reikningana sjálfa, þá hlýtur að vera þar um tvennt að gera, annaðhvort að landlæknarnir Guðmundur Björnson og Guðmundur Hannesson séu tiltakanlega heimskir menn, eða að reikningarnir eru bjánalega gerðir frá hendi hans sjálfs, þannig að þessir skýru menn hafi ekki getað áttað sig á þessu.

Þá tók hv. þm. nokkur dæmi enn til að sýna fram á, að landlæknarnir væru ekki færir um að dæma um þessa reikninga, og þó sérstaklega á móti bréfum Guðmundar Hannessonar um það, að menn væru látnir liggja á dýrum spítala, sem ættu þar ekki að vera, en að því kem ég síðar. En svo minntist hann sérstaklega á einn lækni, sem nú er mjög frægur orðinn, en ég tók ekki mjög mikið mark á, þegar þessi svokallaði sérfræðingur kom til mín og sagði, að ég væri brjálaður. Hefði ég nú átt að bjarga þessum manni, þá hefði ég átt að verða brjálaður. Með því einu móti var hægt að bjarga honum frá þeirri skömm, að verða útlagi tveggja konungsríkja og sérstakt undur í hópi lækna. En fyrst ég vildi ekki gera læknaklíkunni þann greiða, þá er það almennt álitið, að íslenzkir læknar hafi við þetta beðið stórkostlegan ósigur, því að það er skömm, og það ekki lítil skömm, að sérfræðingur þekki ekki heilbrigðan mann frá svo hættulega veikum manni, að þurfi innan 12 tíma að svipta hann umboði, sem borgarar landsins höfðu falið honum. Hér er því aðeins um tvennt að gera: Annaðhvort stendur þessi Helgi Tómasson á svo afskaplega lágu þekkingarstigi í sinni fræðigrein, eða að eitthvað af hans karakter er svo slæmt, að slíkur maður geti ekki átt upp á pallborðið í fleirum en tveimur konungsríkjum. Ég held því, að þeir fáu menn, sem nú hlusta á í

kvöld, og þeir mörgu menn, sem síðar lesa þingtíðindin, sjái, hvað mikið ég átti að gera til þess að gleðja hann og hans flokksblöð, nefnilega að verða allt í einu bandvitlaus og bjarga manninum þannig frá að lenda í þessari skömm.

Þá kom hv. þm. að því, að úr því að hann hefði unnið meiðyrðamál út af of háum reikningum, þá hlytu reikningarnir að vera réttir og ekki of háir. Það getur nú enginn ætlazt til meira af honum um vitsmuni heldur en þessi framsláttur bendir til, en það hefði kannske mátt búast við meiru af hv. 4. landsk. Hér liggja nú fyrir skjalfest gögn um það, að hv. þm. Hafnf. hafi tekið helmingi, stundum þriðjungi meira en rétt var fyrir sjúklinga sína af því opinbera, og að það hafi orðið í þessu efni að meðhöndla hann eins og hrossaprangara. Þetta eru opinber skjöl og þúsundir af slíkum skjölum ættu að vera lagðar fram, svo almenningur gæti séð þau og dæmt um þau. Þá sagði hv. þm. Hafnf., að ég væri trúlaus á sérfræðingana. Og ennfremur sagði þessi hv. þm., að ég hefði átt að vinna að því, að háskólinn yrði lagður niður. Ég held, að það sé nú almennt viðurkennt, að þeir, sem við háskólann kenna, séu ekki allir miklir sérfræðingar, enda mun það rétt, að allur þorri landsmanna veit, að þar vinnur töluvert af liðléttingum. En ef hv. þm. athugaði þau skjöl, sem til eru viðvikjandi byggingarmáli háskólans, þá myndi hann sjá, að ég hefi unnið meira en aðrir landar mínir að því, að háskólinn fengi þak yfir höfuðið. Og ég hefi gert það án tillits til þess, þó eitthvað væri þar nú af lítilfjörlegum mönnum. Ég vil minna þennan hv. þm. á það, að öðrum manni hefir dottið í hug að leggja niður háskólann, og sá maður er enginn annar en aðalmaður flokks hans. Sá maður kom á þingi 1924 með till. um að leggja niður þjóðlegu deildina við háskólann. Íhaldsliðið gerði það sem það gat til þess að koma þessu í framkvæmd. En það var öðrum mönnum að þakka, að þetta varð ekki, og þá aðallega okkur framsóknarmönnum.

Þá hafði hv. þm. veitt því eftirtekt, að í bréfum þeim, sem ég las upp frá Guðmundi Hannessyni, þáv. landlækni, var talað um nokkra sjúklinga, sem óþarft myndi vera að halda á spítala. Hann taldi þetta bera vott um spilltan hugsunarhátt hjá mér og fór að gera mér upp þau orð, sem ég las upp úr bréfum G. H. landlæknis. Þau orð sýndu, að hann leit svo á, að nokkuð mikil frekja kæmi fram í þessum reikningum. Þessi hv. þm. þarf að skinna svolítið upp á skilning sinn, ef hann á ekki að gera öðrum manni upp þau orð, sem þessi læknir segir.

Þá taldi hv. þm. það lúalega aðdróttun til sín og Matthíasar Einarssonar, að ég las upp nokkra reikninga, sem sýndu, að þeir hefðu ekki verið beinlínis lítilþægir í kröfum sínum. Nú skulum við hugsa okkur, að þetta væri öfugt, og Sólrún Kristjánsdóttir hefði ekki fengið reikning nema upp á 44 kr., en landlæknir hefði hækkað hann upp í 95 kr., eða þá að læknirinn hefði sagt, að það væri nóg að fá 66 kr., en landlæknir hefði sagt, að hann vildi hækka það upp í 135 kr. Ég held, að fólk hneigðist frekar að þeirri skoðun, að reikningarnir sýndu óeigingirni, ef landlæknir hefði hækkað þá. Og ég býst við, að fólki muni ganga illa að trúa því, að það beri vott um sérstaka óeigingirni að hafa reikningana 100% hærri en þeir eiga að vera, eins og nú er sannað um hv. þm. Hafnf.

Þá kom hv. þm. með ásökun, sem myndi ganga mér mjög nærri, ef sönn væri, og það var sú ásökun, að ég hefði átt að stuðla að því, að hann ætti sæti í þessari hv. d. Ég skal játa, að þetta er þungur áburður, því það lítur ekki út fyrir, að d. ætli að verða gagn eða prýði að veru hans hér. En ég verð nú að halda því fram, að ég sé algerlega saklaus í þessu efni. En það er ekki nema náttúrlegt, að honum finnist það óeðlilegt, að hann skuli hafa verið kosinn, og þurfi því að reyna að leita einhverra óeðlilegra orsaka til þess. En um skýringuna á þessu veit enginn betur en hv. 2. landsk. Það var af því, að hann smeygði sér upp í hina miður þrifalegu flatsæng Íhaldsins síðastl. vor, að hann og flokkur hans beið töluverðan álitshnekki. Það var því að kenna hv. 2. landsk., sem óafvitandi eða vitandi vits varð til þess að fara upp í þessa áðurnefndu flatsæng og varð með því þess valdandi, að þessi hv. þm. var kosinn í Hafnarf.

Þá kom hv. þm. að sjálfri till., sem er um það að draga saman 500 kr. til kennslu í lagalæknisfræði og 1000 kr. til kennslu í augnlækningum og binda það því skilyrði, að maðurinn, sem kennsluna á að hafa á hendi, sé bæði reglusamur og skyldurækinn. En hv. þm. vill hafa það óákveðið, hvort hann á að vera svo eða ekki, og að maður, sem hvorki er reglusamur né skyldurækinn, geti fengið stöðuna. Nú er í fjárl. eins og þau koma frá Nd. ákveðnar 1000 kr. til augnlæknis í Rvík, og styrkurinn er þar bundinn því skilyrði, að læknirinn segi stúdentum til við háskólann og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp einu sinni í viku. Þetta vill hv. þm. fella burt. Ég tók það fram áður, að ef hans till. yrði samþ. og óheppilega valinn maður fengi stöðuna, þá myndi það hafa þau áhrif, að slíkur maður myndi ekki fá að vinna við landsspítalann. Þar af leiðandi tapar þetta augnveika fólk aðstöðunni til þess að komast á landsspítalann og verða þar aðnjótandi ódýrrar læknishjálpar, og í öðru lagi tapar almenningur ókeypis læknishjálp. Allt þetta vill hv. þm. vinna til þess, að maður, sem er ekki reglusamur, komist að starfi við háskólann. Þá skýrði hv. þm. þessa skoðun sína nánar og sagði, að það væri auðvitað gott, að maðurinn væri reglusamur og skyldurækinn, en það væri ekki nóg, og svo kom það, að það væri eiginlega ómögulegt, að reglusamur maður gæti verið góður kennari. Ég held nú aftur á móti, að það sé alveg óhugsandi, að maður, sem er hvorki reglusamur né skyldurækinn, geti verið góður kennari.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að allir læknarnir við landsspítalann væru prófessorar við háskólann. En af þessum 3 er Gunnl. Claessen ekki starfsmaður við háskólann og tekur ekki þátt í fundahöldum þar nú, þótt hann hafi einhverntíma gert það. Þetta hefði nú hv. þm. átt að vita. Þá sagði hann, að það hefðu ekki verið hæfileikamenn, þessir læknar, sem embætti fengu á meðan ég var í stjórninni. Það er skrítið, hvað þessum hv. þm. er laus höndin við stéttarbræður sína. Hann hefir farið hinum ósæmilegustu orðum um Guðmund Björnson landlækni, en sá síðar, að þau voru óviðeigandi og tók þau eiginlega aftur. Í þessum flokki, sem hér um ræðir, eru læknarnir við landsspítalann, þeir Jón Hjaltalín, Gunnl. Claessen og Guðmundur Thoroddsen. Þessir menn hafa allir fengið störf sín með formlegri undirritun minni. Margir af héraðslæknum þeim, sem fengu embætti í minni tíð, eru ungir menn, sem yfirleitt eru í meira áliti en hv. þm. Hafnf. sem læknar, og einkum sem menn. Þar sem hv. þm. sagði, að ekki hefði verið farið eftir vilja fólksins, þá er því til að svara, að það komu fram ákveðnar undirskriftir um 3 héruðin og ekki annarsstaðar, og voru þau veitt eftir tilmælum fólksins þar. Þessi héruð voru Seyðisfjörður, Dalasýsla og Stykkishólmshérað. Þar sem engar óskir komu fram, varð að taka álitlegasta umsækjandann af þeim, sem löglega sóttu, og það hefi ég alltaf gert. Hv. þm. Hafnf. hafði þau orð um hús Sigv. Kaldalóns, að það væri „recreationsheimili". Já, sannleikurinn er nú sá, að heimili Sigvalda er merkilegt, og ekki einungis fyrir það, að Sigvaldi er sjálfur merkilegur maður. Fólkið í Grindavík hefir sem sé skotið saman í læknisbústað handa Sigvalda Kaldalóns. Og mér er ekki kunnugt um, að nokkur læknir annar hafi fengið samskonar viðurkenningu. Landið hefir oft styrkt lækna til þess að byggja yfir sig, en það er einsdæmi, að í einu þorpi sé skotið saman 15 þús. kr. til að byggja hús yfir lækninn. Það er varla hægt að hugsa sér meiri ósigur fyrir þennan hv. þm., sem gerði allt, sem hann gat, til þess að spilla fyrir því, að Sigvaldi fengi Keflavíkurhérað. Það er merkilegt, að sá læknir, sem læknaklíkan ofsótti, skuli hafa orðið fyrir svona miklum heiðri af héraðsbúum sínum. Það er vel viðeigandi að kalla heimili Sigvalda hressingarhæli, því það er áreiðanlegt, að Sigvalda hefir orðið mikil hressing að því að finna þennan hlýja hug streyma til sín, um leið og hann mætti leiðinlegri framkomu frá lítilsigldum manneskjum í sinni eigin stétt, læknastéttinni.

Það lítur út fyrir, að hið langgáfulegasta, sem hv. þm. Hafnf. hefir gert, sé það, að hann sló því föstu við framboðið í Hafnarfirði í vor, að hann ætti ekki að halda nema eina ræðu; því að með hverri

ræðu, sem hann heldur, gefur hann nýjan höggstað á sér.

Ég vil nú aðeins rifja upp helztu atriði þess máls, sem hér er deilt um. Í stjórnarfrv. eru ákveðnar 500 kr. til kennslu í lagalæknisfræði og 1000 kr. til augnlæknis. Þessi læknir á að kenna við háskólann og einnig að vinna við landsspítalann, ef hann er sómasamlegur maður. Þessu vill hv. þm. breyta í einn lið, þannig að til aukakennslu við háskólann skuli varið 2000 kr. og ráðstafi læknadeild því fé. Hér er alls ekki ákveðið, hvernig með þessa upphæð skuli farið. Hann virðist gefa í skyn, að nokkuð af þessu eigi að fara til kennslu í lagalæknisfræði, og telur, að engin lagalæknisfræði muni verða kennd, ef min till. yrði samþ. Því er nú til að svara, að sá maður, sem hefir haft þetta með höndum, hefir fengið svo margar vænar sneiðar, að hann ætti að geta gert þetta án nokkurrar aukaborgunar.

Ef till. hv. þm. verður samþ., þá hefst þar með frægur kapituli í sögu þingsins, ef það kemur í ljós, að á Alþ. þurfi að tryggja háskólanum, að óskylduræknir og óreglusamir læknar sætu þar fyrir starfi. Það er eðlileg afleiðing af því að kjósa til þings menn, sem standa á sama menningarstigi og hv. þm. Hafnf., ef Alþingi fer að tryggja með sérstökum ráðstöfunum helztu ódyggðir opinberra starfsmanna.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Það er spaugilegt að heyra hv. 5. landsk. tala. Hann heldur, að hann hafi vit á öllu. Hann er ekki að hika við að telja mann heimskingja, ef maður segir eitthvað annað en það, sem honum gott þykir.

En svo að ég víki að því, sem hann segir, að ég hafi sagt, þá tekur hann upp eftir mér orð, sem ég hefi aldrei sagt, og hamast svo við að hrekja það. Hann segir mig hafa sagt, að hann hafi svívirt landlækni. En ég var ekki að tala um landlækni. Það var Matthías Einarsson, sem ég sagði, að hann hefði svívirt. Þetta vita allir, sem á mig hlustuðu.

Í öðru lagi gerir hann mér upp þau orð, að sá maður geti ekki verið góður kennari, sem er skyldurækinn og reglusamur. Það mun enginn annar en þessi hv. þm. dirfast að segja, að ég hafi sagt þetta. Þannig gerir hann mér upp orðin og hrekur þau ummæli, sem ég aldrei hefi viðhaft. Það má halda margra klukkustunda ræðu með þeim hætti.

En svo að ég víki að meiðyrðamálunum, þá segir hann, að ég hefði farið í meiðyrðamál, af því að ég fengi ekki reikninga mína nógu vel borgaða. En þar sem svo átti að heita, að hann væri minn yfirboðari, þar sem hann var heilbrigðismálaráðh., þá áleit ég, að ég gæti ekki þagað yfir því, þegar hann bar fram aðra eins svívirðingu og þá t. d., að ég og annar læknir hefðum ætlað að láta sængurkonur og dauðvona menn kenna á því, að dómsmrh. træði á rétti okkar læknanna. Slíkar hugmyndir geta ekki fæðzt í heilbrigðs manns heila.

Ég met það þó við þennan hv. þm., að honum hefir þótt það leiðinlegt, að hann fór að svívirða fjarlægan lækni. Það sýnir, að eftir á getur hann skammazt sín, eða einhver flokksmaður hans hefir bent honum á, hvílik svívirðing þetta er, enda kemur það ekki svo sjaldan fyrir, að flokksmenn hans þurfa að setja ofan í við hann. En út af þessu meiðyrðamáli vil ég taka það fram, að á alþingshátíðinni var dómsmrh. úr framandi heimsálfu, sem sagði, að þótt réttarfarið væri slæmt í Ameríku, þá hefði dómsmrh. þar orðið að segja af sér, ef hann hefði verið dæmdur í svona máli, því að slíkt hefði hvergi verið þolað nema í Niagararíki í Ameríku.

Annars sagði þessi hv. þm. svo margt ósegjanlega fáránlegt, svo sem eins og það, að ég hefði skrökvað því upp, að ég fengi reikninga mína borgaða. Ég hefi fengið alla reikninga mína borgaða upp í topp, og það meðan þessi hv. þm. var dómsmrh. Ég hefi sent þá beint til sveitarfélaganna og fengið þá borgaða umsvifalaust. En ég hefi ekki sett reikningana lægra, af því ég hefi viljað hafa hvern reikning sanngjarnan, miðað við verkið, sem unnið hefir verið. Og það er enginn sá, sem ekki hefir borgað, og þar með játað, að verkið hafi verið þessa virði.

Ég hélt, að ég hefði tekið það fram áður, að það, sem farið er eftir, er taxti frá 1908. Þá höfðu óbreyttir verkamenn um tímann 25 aura, en nú kr. 1,36. Það er

svo sem auðséð, að það er enginn sanngirni í því, að taxti læknanna hefir ekki verið hækkaður. — En þegar við sendum reikning, þá miðum við við það, sem við álítum sanngjarnt fyrir okkar verk. Og praktiserandi læknar eru ekki á neinn hátt bundnir við gjaldskrá héraðslækna. Og ég er viss um, að þessi hv. þm. hefir borgað Kjartani eins og hann hefir sett upp og þar með viðurkennt það sanngjarnt.

Þá hefir hv. þm. oft sagt, að ég hafi farið niðrandi orðum um landlækni. Það eru hrein og bein ósannindi. Ég ætla að láta ummæli mín standa óbreytt eins og ritarinn hefir gengið frá þeim, svo að hver og einn getur séð þau. Ég sagði, að ef það ætti að fara í ljóslækningum eftir áliti þess manns, sem bezt hefði vit á þeim, þá væri það Gunnlaugur Claessen. Í því var ekkert niðrandi fyrir Guðmund Björnson landlækni. Með þessu er líka svarað því, er hann sagði, að ég bæri landlækni það á brýn, að hann væri ekki fær um að dæma um reikningana, og þarf ég ekki að svara því frekar.

En svo kom þetta geðveikistal í þessum hv. þm. Hann sagðist ekki hafa viljað gleðja læknana með því að verða vitlaus. Ég býst við, að þessi sérfræðingur hafi kveðið upp dóminn, af því að hann hafi ekki þurft að fá fleiri sannanir fyrir máli sínu. Ég er ekki fær um að dæma í þessu máli, en ég treysti á dóm sérfræðingsins í þessu efni. Ég efast ekki um, að hann hefði aldrei gefið upp álit sitt, ef hann hefði ekki haft nægar sannanir. Og hv. þm. hefir hagað sér á sama hátt síðan og hann áður gerði og glatt sérfræðinginn með því.

Viðvíkjandi reikningunum vil ég geta þess, að ég er ekki á móti því að draga þá fram, en ég mótmæli því, að gerð sé tilraun til að svívirða góða þegna, sem hvergi eru nærri. Ég býst við, að hann hefði getað komið svívirðingum sínum öðruvísi fram, t. d. í Bláu bókinni, því að þá hefðu þessir menn getað borið hönd fyrir höfuð sér.

Ég læt mér það mjög í léttu rúmi liggja, hvaða álit þessi hv. þm. hefir á hæfileikum mínum. Mér er alveg sama, hvort hann kallar mig prýðilega gefinn eða skilningssljóan. Það kemur mér ekkert við. Það væri allt annað, ef héraðsbúar mínir, sem til mín þurfa að leita, hefðu slæman huga til mín og lítið álit á mér. En mér finnst ljóst dæmi þess, að þeir hafi ekki sömu skoðun á mér og hv. þm., vera það, að ég er kominn hér inn í þingið, m. a. til að skattyrðast hér við hv. þm.

Það er á sömu bókina lært, þegar hv. þm. fer að tala um, hvað ég hafi sagt um læknaveitingarnar. Hann sagði, að síðustu 3 veitingarnar hefðu verið í trássi við læknafélagið og minntist þar á prófessoranna við landsspítalann. En ég þarf ekki að gefa skýringu á því, að það var sameiginlegt álit allrar læknastéttarinnar, að þeir væru sjálfkjörnir að verða yfirlæknar, sem haft höfðu kennsluna í þessum greinum við háskólann. Svo að ef dómsmrh. hefði gert öðruvísi, þá hefði hann fengið ákúrur fyrir það.

Gagnvart öðrum læknum við spítalann er það þannig, að yfirlæknunum var það í sjálfsvald sett, hverja þeir tækju fyrir undirmenn. Við þessu er ekkert að segja. Það var ekki dómsmrh., sem ákvað um þetta, heldur fór hann þar eftir till. þessara manna, eins og honum hefði áður verið skammar nær að gera við till. landlæknis í veitingamálum. En þá var landlæknir ekki á sama borði og nú.

Það eru hrein og bein ósannindi, að ég hafi spillt fyrir Kaldalóns, heldur hefi ég sem nágrannalæknir hans unnið mikið með honum. Þegar hann les þetta, þá er ég viss um, að hann skammast sín fyrir að hafa verið í þessu kompaníi, sem hann komst í.

Ég ætla nú ekki að lengja þessar umr. öllu meira, en vil þó enn minnast lítillega á landsspítalann. Ég gat þess fyrri, að ég vildi láta taka hærra gjald af þeim, sem eru stuttan tíma. Operationir eru dýrastar allra lækninga, af því að þær krefjast miklu meiri viðbúnaðar en aðrar lækningar. Læknar þurfa að hafa dýr tæki, sem kosta fleiri þúsund kr., og spítalarnir leggja til dýrar stofur, sem til þeirra eru eingöngu notaðar. Mér finnst sjálfsagt, að fátæklingar, sem þurfa að liggja langar legur, þurfi ekki að borga fyrir þá, sem eru þar aðeins fáa daga og eru innan skamms vinnufærir. Ég býst við, að hverjum og einum ætti að vera það ljóst, að þetta

væri æskilegt. Ég verð að benda hv. þm. á, að þetta er mjög víða gert í nágrannalöndunum á þann hátt, að aðstoðarlæknunum við operationirnar er alveg goldið af þeim, sem opereraðir eru. Auk þess er víða tekið dálítið af þeim, sem upp eru skornir, og notað til að endurnýja verkfæri. Ég væri ekki á móti því, að koma þessu fyrirkomulagi hér á.

Og svo er loks með þessa till. hv. þm., að ef hún verður samþ., þá er fellt niður úr lögum gjald fyrir að kenna lagalæknisfræði. Og þótt hann segi, að Guðm. Thoroddsen ætli að kenna þetta, þá hefi ég ekki hans orð fyrir því. Og ekki er hægt að treysta því, sem þessi hv. þm. segir.

Loks lýsi ég það ósannindi, þar sem hann segir, að Kjartan Ólafsson hafi aldrei komið í landsspítalann. Hann hefir komið þangað og opererað þar sjúkling.

Jón Baldvinsson: Svo mætti virðast sem það væri eitthvert stórvægilegt málefni, sem hv. þm. Hafnf. og hv. 5. landsk. deila um. En um það stendur deilan, að hv. þm. Hafnf. vill veita 2 þús. kr. fjárveitingu þar sem hv. 5. landsk. vill veita 1 þús.

Það er ekki sjaldan, að róið er á geðveikismiðið hjá hv. 5. landsk. Aldrei hefir hér á landi nokkrum stjórnmálamanni verið rétt betra vopn af andstæðingi en hv. 5. landsk. var rétt í hönd af flóni því, sem kom „stóru bombunni" af stað. Áður en það skeði býst ég að vísu við, að hv. 5. landsk. hafi átt dálítið — ekki mikið — fylgi, en enga „sympatiu", en „stóra bomban" veitti hvorttveggja, og hv. 5. landsk. hefir gert sér oft og tíðum mikinn mat úr þessu, svo að umr. um þetta mál eru orðnar vægast sagt heldur ógeðfelldar. Það er ekki fyrir tilverknað hv. 5. landsk. sjálfs, að hann er svona umþráttuð persóna og hefir haft svona mikil áhrif. Það eru andstæðingar hans í flokki sjálfstæðismanna, sem hafa slegið honum svona upp. Langmesti uppsláttur hans var þó geðveikismálið, og á því miði er hann sífellt að fiska, svo ég held, að það fari bráðum að verða uppurið.

Ýmislegt kom fram í umr. hv. 5. landsk. um læknana, sem var frekar spaugilegt, en ég ætla ekki að fara út í það frekar. En það kom ýmislegt fram í skjölum þeim, sem hv. 5. landsk. las upp, sem sýnir svo glöggt hugarþel ýmsra lækna til fátækasta hluta landsmanna, að ég get ekki stillt mig um að fara um það fáeinum orðum. Mér er vel kunnugt, að margir læknar veita fátæklingum mikla og óeigingjarna hjálp, og má þar t. d. nefna Matthías Einarsson, sem öllum fátæklingum, er til hans hafa leitað, er kunnur að góðu einu. Hv. 5. landsk. las áðan upp bréf frá landlækni. Það var viðvíkjandi reikningi út af sjúkrahjálp þurfalings eins. Ég hefi ekkert við reikninginn að athuga, en mér þótti tónninn í bréfinu sýna greinilega hugarþel þessara háu herra til smælingjanna. Í bréfinu stendur: „Við reikninginn hefi ég ekki annað að athuga en það, að óþarflega hár kostnaður virðist þetta vera út af einum þurfalingi". Þetta bréf er dags. 8. marz 1922. Landlækni þykir aðeins ástæða til þess að tala um þennan mikla kostnað, af því að sá, sem í hlut átti, var þurfalingur. — En athugum nú, á hvaða tíma þetta er. Árið 1922 var enginn landsspítali til, þá var ekki búið að byggja Kristneshælið, ekki búið að byggja spítalann á Ísafirði, ekki búið að byggja berklahælið í Kópavogi, ekki heldur hælið á Reykjum í Ólfusi. Síðan hafa ótal sjúkraskýli verið byggð víðsvegar um land. Þá hefir líklega ekki verið um annan spítala hér að ræða en franska spítalann, fyrir utan Landakot, sem alltaf var troðfullt. Fyrir sjúklinga utan af landi var því ekki nema um tvennt að ræða í mörgum tilfellum, annaðhvort vera sendir heim á sína sveit til þess að deyja drottni sínum, eða reyna að hola þeim niður í þessa tvo spítala. Í bréfi frá landlækni er ennfremur talað um menn, sem hafi ólæknandi kvilla, og fundið að því, að þeir skuli vera látnir liggja á spítölunum. Þarna kemur fram sami kuldinn og áður í garð þeirra, sem bágt eiga. Ég held, að hv. 5. landsk. hefði ekki átt að hampa þessu bréfi eins mikið og hann gerði; þótt það ætti að vera til þess að þjóna hans illa málsstað, hefir það gert annað, opinberað hug þessara háu embættismanna landsins til smælingjanna, þeirra, sem við bágust kjör eiga að búa.

Hv. 5. landsk. og hv. þm. Hafnf. hafa deilt hér allfast í kvöld. En það hefir verið smávægilegt karp um persónulega smámuni. Í aðalatriðunum, hinum stærri þjóðmálum, eru báðir þessir hv. þm. alveg sammála. M. a. hefir hv. þm. Hafnf. stuðlað að því, að hv. 5. landsk. gengur til sængur í kvöld sem ráðh. Þegar það verður tilkynnt í Sþ. á morgun, að hv. 5. landsk. sé orðinn ráðh., þá á hann það að þakka fyrst og fremst geðveikralækninum fyrrv. á Kleppi, hv. þm. Hafnf. og öðrum sjálfstæðismönnum. Það er stóra bomban í fyrra og aðgerðir sjálfstæðismanna á þinginu í sumar, sem gefa framsóknarmönnum nú tækifæri til þess að setjast í stjórnarsætið, í stað þess að ganga til kosninga í haust. —

Ég ætla þá að hverfa frá þessu óskemmtilega efni og snúa mér að aðalefni kvöldsins, umr. um einstakar brtt. við þessa umr. fjárl.

Á þskj. 374 ber ég fram brtt., sem fer fram á ríkisábyrgð fyrir samvinnufél. sjómanna á Siglufirði. Plögg þessu viðvíkjandi voru send til Alþ. í vetur, en svo undarlega vildi til, að þau töpuðust í meðförunum. Á Siglufirði hefir verið stofnað samvinnufél. sjómanna, og hefir bæjarstj. þar samþ. ábyrgð fyrir 300 þús. kr. handa því til skipakaupa. — Nú eru komnar inn í fjárl. ábyrgðir, sem eru ætlaðar til þess að hrinda þessum fyrirtækjum af stað. Alstaðar er sama sagan: gömlu fyrirtæki einstaklinganna hrynja í rústir, og þá tekur fjöldinn til sinna ráða með að byggja upp á ný. Og þessi viðleitni sjómanna víðsvegar um land til þess að bjarga atvinnuvegunum með því að stofna samvinnufélög, er glöggur vottur um aukið félagslyndi og þroska hjá ísl. alþýðu. Það sýnist ekki vera mikil áhætta fyrir ríkissjóð að ganga í þessa ábyrgð fyrir siglfirzka sjómenn. Þarna er fremur góð aðstaða, þar sem bærinn er fyrsti ábyrgðarmaður og auk þess yrði lánið tryggt með 1. veðrétti í skipunum, og ríkisstj. gæti vafalaust haft hönd í bagga með ráðning forstjóra og stjórn fyrirtækisins yfirleitt. Tilraun Ísfirðinga á þessu sviði, sem hefir verið eina bjargráð þess héraðs nú um 1½ árs skeið, sýnir berlega, hvað slík fyrirtæki geta gengið vel. Öll líkindi eru til þess, að Siglufirði mundi lánast eins vel, eftir öllum aðstæðum að dæma. Hv. 3. landsk. ber fram brtt. þess efnis, að samskonar ábyrgð fyrir Seyðisfj., sem komin er inn í fjárlagafrv., verði felld niður. Ég ætla að taka undir það með hv. 2. þm. N.-M., að engin vanþörf mun á því að bæta úr atvinnuskorti Seyðfirðinga, en um leið ætla ég að benda sama hv. þm. á það, að 10 þús. kr. fjárveiting, sem hann var á móti, hefði getað gert þó nokkuð í þá átt. Hv. þm. var sannfærður um, að rök mín með Fjarðarheiðarveginum mundu verða talin misskilningur einn, þegar kunnugir menn þar austur frá læsu þau í Alþt. En ég þori óhræddur að leggja þau undir dóm austfirzkra alþýðumanna.

Þá talaði hv. þm. á móti því, að Alþ. úthlutaði námsstyrkjum. Ég held, að Alþ. sé a. m. k. eins vel til þess fallið og stj. Það má vel vera, að einhver hafi fengið styrk frá Alþingi, sem ekki átti hann skilið, en hitt er víst, að margir styrkir, sem Alþ. hefir veitt, koma að góðu gagni. Menntamálaráðið veitir nú ekki eingöngu stúdentum styrk, og sá styrkur, sem þeir hafa fengið, er engan veginn nægur til þess, að þeir geti haldið áfram námi, ef þeir eiga enga að, sem geta styrkt þá. Ég bar fram brtt. við 2. umr. um að hækka þennan styrk, því að margir þessara stúdenta lifa reglulegu sultarlífi, og mikil bót væri að hvað lítilli hækkun sem væri.

Það var víst ekki fleira, sem ég þurfti að víkja að í þetta sinn; áður hefi ég minnzt á till. mínar um fjárveitingar til atvinnubóta, svo ég þarf ekki miklu við það að bæta. Nú hafa komið frá hæstv. forsrh. allmargar till. í þessa átt. Það er gott að heyra, að stj. hefir umráð yfir bjargráðasjóði og ætlar að lána sveitarfél., sem illa eru stödd, fé til atvinnubóta úr honum með góðum kjörum.

En ég vil ekki skiljast svo við fjárl., að leggja ekki ríkt á það við hæstv. stj. að nota sér þær heimildir, sem kunna að verða samþ. í atvinnubótaskyni. Ég tel sjálfsagt, að strax í haust verði gerður nauðsynlegur undirbúningur undir atvinnuframkvæmdir. Það hefir sýnt sig að undanförnu, að margt þesshátta fyrirtækja hefir farið í handaskolum, af því að undirbúningur var lítill eða enginn. Og þar sem flestir munu sammála um

það, að dökkt útlit sé framundan, þá má ekki bíða eftir því, að þessi fjárl. komi til framkvæmda, heldur verður að byrja strax. Ég segi þetta í trausti þess, að eitthvað af till. minum nái fram að ganga. Ég skil ekki í því, að stj. geti með nokkru móti daufheyrzt við þeim kröfum um atvinnubætur, sem berast nú alstaðar að af landinu. Það er þjóðinni lífsnauðsyn, að á þeim verði byrjað þegar í haust.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þessar umr. gefa mér aðeins tilefni til þess að mæla fáein orð. Hv. 2. landsk. gerði að umtalsefni till. minar til atvinnubóta, og skildist mér á honum, að hann teldi þær spor í rétta átt. Í sambandi við till. minar notaði hann tækifærið til þess að leggja ríkt á við stj. að nota hverja þá heimild sem fyrst, sem samþ. væri í þessu skyni. Mér finnst þetta einkennileg áskorun og ekki í sem beztu samræmi við framkomu þessa hv. þm. við afgreiðslu fjárl. á þessu þingi. Hann hefir verið á móti hverri tekjuaukaheimild, sem fram hefir komið, en nú skorar hann á stj. að veita fé, veita mikið fé. Hann vill ekki láta stj. fá heimild til þess að innheimta nauðsynleg gjöld, en vill samt láta veita stórar fúlgur til framkvæmda, sem ekki hefir verið veitt til áður. Þessi hv. þm. greiddi atkv. bæði á móti verðtollinum og fjárl., og það virðist óneitanlega vera meira samræmi í að stuðla að því, að stj. hefði eitthvert fé með höndum, áður en komið er með slíkar áskoranir sem þessar.

Guðrún Lárusdóttir: Ég held, að það hafi verið tómur misskilningur, sem vakti fyrir hv. 5. landsk., þegar hann gerði síðast að umtalsefni styrkinn til Stórstúkunnar. Hann virtist líta svo á sem Stórstúkan ætlaði að miðla þessum styrk til undirstúknanna, og þær að nota hann til dansleika og annars gleðskapar. Þetta er fullkominn misskilningur. Stórstúkan starfar alveg sjálfstætt, er félagasamband; hún hefir eftirlit með starfi undirstúknanna, en leggur þeim ekkert fé. Það er m. a. s. alveg öfugt; undirstúkurnar leggja Stórstúkunni til mestan hluta af starfsfé hennar, því að þær greiða allar skatt til hennar. Þessi ríkisstyrkur er því eingöngu notaður til útbreiðslu bindindis í landinu. Hv. 5. landsk. benti á ýmsar leiðir til þess, en svo undarlega hittist á, að það voru einmitt þær leiðir, sem Stórstúkan hefir hugsað sér að fara. Nú ætlar hún t. d. að senda reglubóða um land allt. Það hefir áður tíðkazt og gafst oft vel. Þetta hefir verið lagt niður um nokkurra ára skeið, því að til þess þarf mikið fé. Það er ekki hægt að fá góða menn til þess að starfa án þess að ætla þeim sæmileg laun. Einnig ætlar Stórstúkan að víkka starfshring sinn, stofna fræðsluhringi víðsvegar um land, sem halda uppi fræðandi starfsemi um bindindi og önnur mál. Ennfremur á að breyta til um útgáfu Templars, stækka blaðið og upplagið og breyta ýmsu viðvíkjandi útgáfufyrirkomulaginu.

Ég hefi talað nýlega við stórtemplar, og skýrði hann mér frá þessum framkvæmdum og ýmsum öðrum, sem Stórstúkan hefir í hyggju að ráðast í á næstunni og hafa mikil útgjöld í för með sér. Ég virði mjög bindindisáhuga hv. 5. landsk., en tel, að hann hefði getað verið búinn að koma þessari bindindisfræðslu á í skólum landsins áður; ég á við meðan hann var kennslumálaráðh. Það hefði hann getað, og án þess að höggva stórt skarð í styrk til reglunnar. Ég er hv. 5. landsk. alveg sammála um nauðsyn bindindisfræðslu og okkur greinir aðeins á um smáatriði. Hann vill greiða kostnað við aukna bindindisfræðslu í barnaskólum af styrk Stórstúkunnar, en ég vil, að Stórstúkan fái styrkinn allan til umráða.

Ég hefi ekkert blandað mér í þær löngu og leiðinlegu umr. um læknamálin, sem hér hafa farið fram í kvöld, og ætla mér ekki að gera það. Aðeins vil ég taka það fram, að mér finnst með öllu óviðurkvæmilegt að vera að gera gys og gaman að útlegð dr. Helga Tómassonar, sem hv. 5. landsk. kallaði útlaga tveggja konungsríkja. Útlegð dr. Helga frá Kleppi er of raunaleg til þess að vera að gera gaman að því. Vesalingarnir á Kleppi hafa verið sviptir ágætri læknishjálp, og margir hverjir jafnframt batavon sinni, og það sýnist ekki vera neitt gamanmál. Ég tel það sorglegt, að jafnvönduð stofnun og Nýi-Kleppur er, skuli ekki koma að meira liði sem geðveikrahæli en raun ber vitni um, og úr því verður ekki bætt,

fyrr en dr. Helgi Tómasson tekur þar við stöðu sinni aftur.

Jón Baldvinsson: Það var hæstv. forsrh., sem gaf mér tilefni til að gera aths. Hann tók það réttilega fram, að ég vildi stj. litlar heimildir gefa og fannst því ekki sitja á mér að tala eins og ég gerði um að stj. notaði þær heimildir, sem fjárl. kynnu að fela í sér. Um mínar till. er það að segja, að þær eru yfirleitt fyrirskipanir til stj. Aðaltill. mínar í atvinnubótamálinu eru fyrirskipanir til stj., ríkisframkvæmdir fyrirskipaðar fyrir 250 þús. kr., styrkur til bæjar- og sveitarfélaga gegn ⅔ framlags á móti 250 þús. Hjá mér er því ekki um að ræða aðrar heimildir en þær, sem felast í till. í XXX. brtt. En nú hefir það verið upplýst, að hæstv. ráðh. hefir bjargráðasjóð til þess að lána sveitar- og bæjarfélögum, svo till. er óþörf, og eins hitt, að taka lán til atvinnubóta. Ég skýrði það líka í gær, að ég teldi, að líklegt væri eftir venju, að fjárl. gæfu svo mikinn afgang, að á slíku væri ekki þörf.

Þá vill hæstv. forsrh. heimta það af mér og mínum flokksmönnum, að við greiðum atkv. móti stefnu okkar í skattamálum. Við höfum komið með till. um það, á hvern hátt ríkið eigi að mæta þessari kreppu. En þetta frv. hefir ekki verið virt þess að taka það til afgr. á þinginu. Þessari stefnu og málum okkar er því hafnað, því þinginu verður vafalaust slitið bráðlega, svo það verður ekki útrætt frekar en ýms önnur mál.

Hæstv. forsrh. og flokkur hans hefir borið fram frv. í Nd. um dálitla úrbót í þessu efni. Eftir þessu frv. er ætlazt til, að veitt sé úr ríkissjóði 500 þús. kr. til atvinnubóta, og ríkissjóður afli til þess tekna á sérstakan tiltekinn hátt, og svo er heimtað af bæjar- og sveitarfélögum, að þau leggi fram ⅔ á móti. Þetta yrðu talsverðar atvinnubætur, ef unnið væri fyrir 1½ millj. En nú skildist mér á hæstv. forsrh. í gær, að ekki væri tækifæri til að koma þessu í framkvæmd. Ég geri ráð fyrir, að þessi till. hafi haft fylgi flokks hæstv. ráðh. og það hafi því verið líkur til, að hún næði samþ. á þinginu. En hvernig stendur þá á því, að þetta er ekki samþ.?

Jónas Jónsson: Ég býst nú ekki við að gera eins langa aths. og hv. þm. Hafnf., en ég vildi nota tækifærið til að leiðrétta dálitlar misfellur, sem fram komu hjá honum. Hann hafði stór orð um það, að verið væri að svívirða hér einn mann, sem minnzt var á. Hann hafði gefið reikninga sem sönnun í opinberu máli. Þetta bendir til, að hv. þm. finnist það leiðinlegt fyrir menn eins og hann og hans vini að fá skjölin á borðið, sem hafa átt að draga til þeirra fé úr ríkissjóði. Annað var ekki gert, og ef einhver hefir gert lækninum rangt til, þá er það hann sjálfur með því að gera þessa reikninga og senda þá. Um Sigvalda Kaldalóns er það vitanlegt, að hv. þm. var einn af þeim, sem gekk frekast fram í því að reka hann úr læknafélaginu. En hv. þm. gat ekki hrakið það, hvernig Sigvalda var tekið af Grindvíkingum, og hve þakklátir þeir voru honum sem lækni og manni. — Gaman hefði ég haft af því að heyra dómsmrh. í Manitoba segja það, sem hv. þm. hafði eftir honum, því eftir því sem mér hefir fundizt hv. þm. ósannsögull um hluti, sem honum eru nær, þá kæmi mér ekki á óvart, þó þetta væri líka ósatt með öllu. En hvað viðvíkur meiðyrðamálum, þá gera allir gys að þeim, sem halda, að þeir græði á slíkum málarekstri. Gott dæmi um slíkra sigra er það, að Björn Jónsson og Einar Kvaran voru dæmdir fyrir að kalla einn sýslumann dánumann. Í Danmörku var einusinni frægt mál, þar sem maður var dæmdur fyrir það að kalla annan mann heiðursmann.

Hv. þm. segist ekki hafa sagt annað um Guðm. Björnson í sambandi við ljóslækningar en að minna væri að marka hans dóm um ljóslækningar en Gunnlaugs Claessens. Þetta kemur ekki málinu við, úr því að Gunnlaugur er ekki landlæknir. En það, sem kemur málinu við og ég ætla að láta standa í þingtíðindunum aftur, ef hv. þm. strikar það út í ræðu sinni, er, að hann sagði, að ekki væri að marka það, sem Guðm. Björnson segði um þessa hluti, af því að hann væri í vösum tiltekins manns í landstj., manns, sem ekki er læknir. Þetta veit öll deildin, að hv. þm. sagði, og þar sem landlæknir er í þessu efni ráðunautur hverrar stj. um læknis-

fræðileg efni, þá er þetta árás á landlækni, eins og það er hugsað og sett fram. Eins og hv. þm. talar um þetta, þá er Guðm. Björnson lítilmenni, þar sem hann lætur embættislegan yfirmann sinn ráða úrskurði um læknisfræðileg efni. Þetta er það, sem ég fordæmdi, af því að það er ósatt, og ódrengilegt að segja það.

Út af læknaveitingunum við landsspítalann varð hv. þm. að játa, að ástæða væri til þess, að hans félagsskapur var ekki óánægður með þá. Um hina læknana er það mála sannast, að þó ég auðvitað vildi fyrst og fremst láta yfirlæknana ráða, hvaða menn þeir tækju sér til aðstoðar, þá gátu verið þeir menn, sem bæði voru óreglusamir og óskylduræknir, en hefðu aldrei, meðan þessi stjórn var við völd, getað komizt að sem læknar, enda veit hv. þm. það, að óánægja var hjá ýmsum, sem vildu komast að sjálfir, út af ráðningu minni viðvíkjandi þeim læknum. — Ég býst við, að hv. þm. hafi kynnt sér eitthvað fyrirkomulag á spítölum í Danmörku, sem sveitarfélög reka, og blandar því svo saman við ríkisspítala, og af því hafi hans skökku ályktanir komið.

Út af ræðu hv. 6. landsk. voru 2 atriði, sem ég vildi minnast á. Annað er sú skoðun hennar, að templarar þurfi 10 þús. kr. til þess að fá sérstakan regluboða. Þar sem hv. þm. gat ekki hrundið því, að reglan hafi gert mikið gagn fyrir eldri kynslóðir, en virðist ekki ná til unga fólksins, þá sýnist ekki neitt til fyrirstöðu, þar sem þetta er í raun og veru ríkur og fjölmennur félagsskapur, að samvinna takist milli fræðslumálastjóra og þessa framkvæmdarstjóra templara, sem nú hefir verið ráðinn.

Út af ástandinu á Kleppi verð ég að segja það, að mér þykir ákaflega merkilegt að heyra þennan fulltrúa kvenna fara blessunarorðum um þennan fluguútsending flokks hennar. Margir helztu læknar erlendis hafa sagt, að hann hefði spursmálslaust verið rekinn úr læknafélögum þar fyrir ódyggð sína. Og það er kunnugt, að hann fékk ekki embætti í danska ríkinu fyrir ástæður, sem ekki komu heim við skoðun hv. 6. landsk. Hinsvegar er það öllum kunnugt, að stofnun, sem þessi kona stendur nærri, Elliheimilið, hefir mikið gagn af honum eins og nokkurskonar meðhjálpara, þessum útlaga úr 2 konungsríkjum. Ég álít, að það sé ágætt, að þessi stofnun, sem hv. 6. landsk. ber fyrir brjósti, fái þarna góðan stuðning. Ég held, að ég hafi aldrei heyrt nokkra konu tala um framkomu þessa manns öðruvísi en sem einhvers aumingja. Þess vegna er það dálítið merkilegt, að þessi eina kona, sem situr á þingi nú, skuli hafa tekið þessa afstöðu í hinu viðbjóðslega hneykslismáli þessa læknis. Það passar sennilega vel við þær etisku skoðanir, sem hv. þm. hefir haldið svo mjög á lofti um sjálfa sig.

Jón Þorláksson: Ég á hér litla brtt. á þskj. 383, sem ég hefi ekki lýst ennþá og þarf nú ekki mörgum orðum um að fara. Þar er farið fram á að veita lítilfjörlegan styrk til dóttur Stefáns Eirikssonar tréskera, sem veitir nú forstöðu því verkstæði og þeirri kennslu, sem faðir hennar hafði á hendi meðan hann lifði. Samskonar till. var felld hér við 2. umr. Ég held, að það hafi verið fremur af því, að mér hafi ekki tekizt að gera nægilega grein fyrir till. heldur en af hinu, að meining hv. þdm. sé að vilja endilega nema burt úr fjárl. þennan litla styrk, sem er í fjárl. yfirstandandi árs, að till. var felld. Þess vegna vil ég leyfa mér að bera fram nýja till. um þetta með nokkuð lækkaðri upphæð.

Ég ætla ekki að tala um einstakar till. n. og annara þm., en ég vil ekki láta þetta fjárlagafrv. fara út úr d. án þess að lýsa þeirri skoðun minni, að öll niðurröðun og allt skipulag frv. markar mjög mikla afturför frá því, sem hingað til hefir verið. Það hefir hingað til verið mjög aðgengilegt að líta yfir fjárlagafrv., annarsvegar hafa tekjuliðir verið taldir upp í samfelldum röðum, og hinsvegar útgjaldaliðir taldir upp í gjaldabálkinum og aftan við það yfirlitsgrein, sem telur upp heildarupphæðir hverrar greinar fyrir sig. Nú er allt orðið svo ruglingslegt, að það er mjög erfitt fyrir þá, sem ekki fást við samningu þessara laga, að greina sundur, hvað eru tekjuáætlanir og hvað gjaldaheimildir, frá ýmsu öðru, sem þarna er hrært innan um. Ég vil nefna sem dæmi upp á það, sem óskipulegt og óskýrt er,

3. gr. frv., að undanskildum aðeins fyrsta undirlið, a, sem er sæmilega skýr. En þarna er hvað innan um annað, ýmsar fjárveitingar og tekjuáætlanir og svo tölur, sem merkja allt annað. Innan um útgjaldaheimildir í gjaldabálkum standa upphæðir, sem ekki eru útgjaldaheimildir.

Loks er í yfirlitsgreininni, sem nú hefir verið tekin upp í nýrri mynd, gerð sú breyt., sem ég álít hættulega, að samningsbundnar afborganir fastra lána eru ekki taldar upp í rekstraryfirliti, eins og hingað til hefir verið gert og Alþ. hefir samþ. árum saman með samþ. sinni á landsreikningunum. Þetta atriði hefi ég gert sérstaklega að umtalsefni hér í d. í sambandi við frv. það, sem er hér á ferðinni um ríkisbókhald og endurskoðun, og þarf ég því ekki að fjölyrða um það. En fyrir utan þetta, að allt frv. er nú óskipulegra og ruglingslegra en áður var, þá er eitt atriði, sem leiðir af þessu, og það er, að ekki er unnt að gera samanburð á þessu frv. við fjárl. undanfarinna ára, nema fyrir þá, sem eru þessu alveg sérstaklega kunnugir.

Ég tók eftir, að form. fjhn. sagði, að útgjöld eftir þessu frv. væru nú orðin fullar 13 millj. kr., en enga slíka tölu, sem hann nefndi og vafalaust hefir farið rétt með, er hægt að sjá af frv. sjálfu. Þetta stafar af því, að öllu er ruglað saman og horfið er frá þeirri venju að skoða hina einstöku gjaldaliði símamála og póstmála og annara slíkra stofnana sem útgjaldaheimildir eins og önnur útgjöld fjárl. Nú er þetta ekki lengur gert, heldur er slengt saman bæði tekjum og gjöldum þessara stofnana. Eitt af því, sem er mikilsverðast til þess að geta haldið fjárl. í lagi, er, að á hverjum tíma sé auðvelt að gera samanburð á því, sem er að verða, og því, sem á undan er gengið. Það er eitt af því, sem mest einkennir fjármálastj. síðustu ára, sem ég tel að sé sú lélegasta, sem við höfum átt við að búa síðan 1874, að nú er tekið föstum tökum á því af þessari sömu stj., bæði í fjárlagafrv. og hvað snertir samningu landsreikninganna, að gera sem allra erfiðast fyrir að bera saman niðurstöðu þá, sem nú er komin fram sem ávöxtur af starfi hennar, við það, sem á undan er farið. Fjárl. eru samin þannig, að samanburður er ómögulegur nema fyrir þá, sem fást við þessa samningu, og nú er ákveðið að gera landsreikninginn fyrir 1930 ekki í samræmi við fjárl. þess árs, heldur með nýju sniði, sem gerir ómögulegan samanburð á niðurstöðu landsreiknings þessa árs við niðurstöðu undanfarinna ára.

Ég tel þetta ákaflega illa farið, en skoða það í raun og veru sem einn lið í þeim ófarnaði í fjármálastjórn, sem svo sorglega hefir einkennt þetta síðasta kjörtímabil.

Þá ætla ég að segja örfá orð út af umr., sem hafa orðið hér um læknamálið, sérstaklega af hálfu 5. landsk. Ég tek undir það, sem hv. 6. landsk. sagði um það, hvílík sorgarsaga það er að sjá, hvernig farið er með vesalingana á þessari myndarlegu stofnun, Nýja-Kleppi, þar sem þeir eru sviptir læknishjálp þess eina hérlenda læknis, sem í raun og veru er fullfær til að veita þeirri stofnun forstöðu. Allir þeir sjúklingar af þessu tæi, sem þurfa að leita sér læknishjálpar, forðast geðveikraspítalann eins og hann er nú, ef ættingjar þeirra gera þeim kleift að leita til dr. Helga Tómassonar. Bæði þeir og aðstandendur þeirra brjótast í því af vanefnum að fá að njóta hjálpar þess læknis, sem ógæfusöm landsstjórn rak úr embætti fyrir engar sakir. Þessa sér jafnvel merki á fjárlagafrv., því að þar er komin inn fjárveiting til aðstandenda eins sjúklingsins, sem orðið hefir að leita til dr. Helga, af því að talið var vonlaust um bata hans á spítalanum.

Það er því í mesta máta óviðeigandi, þegar hv. 5. landsk. hælist um af þessu hermdarverki. Ég get að vísu skilið, að hann hafi getað skoðað það sem móðgun við sig, að dr. Helgi skyldi koma inn á heimili hans, að fengnu leyfi þó, og láta í ljós, að hann hefði grun um, að ráðh. væri haldinn af sjúkdómi. En það er langt stig á milli þess, að ráðh. telji sig móðgaðan, og hins, að þing og þjóð sætti sig við það, að ráðh. hefni sín fyrir raunverulega eða ímyndaða móðgun, á þann hátt, að það komi fyrst og fremst niður á þeim, sem allra sízt geta gætt hagsmuna sinna í þjóðfél. og allra manna mest er þörf á góðri og réttsýnni stjórn, en það er aumingjar þeir, sem

geðbilaðir eru eða taugaveiklaðir. Því að þá hitti hefndin, en ekki lækninn.

Hv. 5. landsk. hældist yfir því, að dr. Helgi væri útlægur úr tveim konungsríkjum. En sú regla gildir í öllum siðuðum löndum, að dómstólar eiga að meta misgerð þess, sem brotlegur hefir orðið. Þessi regla er föst og viðurkennd. Hitt er afneitun á þjóðfélaginu sem réttarfélagi og konungsríkinu sem réttarríki, að láta hefnd valdhafans koma í stað úrskurðar dómstólanna.

Hv. 5. landsk. talaði um viðbjóðslegt hneykslismál. Hið eina hneyksli í sambandi við þetta mál er í því fólgið, að það vald, sem þjóðin trúði ráðh. sínum fyrir, var misnotað til að koma fram hefnd sjúkrar sálar ráðh. sjálfs fyrir ímyndaða eða raunverulega móðgun, og að sú hefnd hitti þá, er sízt skyldi.

Jónas Jónsson: Það er nú farið að styttast í fundartímanum, og mál þetta er auk þess svo kunnugt orðið, að ég þarf ekki að hafa mörg orð um það.

Ræður hv. 1. landsk. um þetta efni í kvöld er ekki annað en framhaldssönnun fyrir því, að tilræði Helga Tómassonar var pólitísk ofsókn, runnin undan rifjum Íhaldsflokksins. Rógur sá, sem hann breiddi út um mig við kunningja sína og ýmsa, sem mér voru nákomnir, og loks sú yfirlýsing hans, að ég yrði að víkja úr stjórninni með 12 stunda fyrirvara, stefndi allur að því sama: að veikla þingflokk þann, sem ég vann í, og koma mér úr stj., til þess að hægara yrði að velta tapi Íslandsbanka yfir á landið. Það tókst nú að vísu að nokkru leyti, en þó ekki á þann hátt, sem til var ætlazt. Morgunblaðið og Vísir og flokkur hv. 1. landsk. tók H. T. þegar upp á sína arma og gerði hann að spámanni sínum, enda hafði hann verið útvalinn til þess að hjálpa Íhaldinu og glæframönnunum til að ná völdum í landinu.

Eftir hina dæmalausu heimsókn dr. Helga Tómassonar til mín, er hann bíður um leyfi til að heimsækja mann á næturþeli til að svíkja hann frá starfi og heilsu, hefði hið eina, sem gat bjargað áliti læknisins, verið það, ef sá „heimsótti“ hefði tekið flugumanninn hátíðlega. En fyrst ég varð ekki veikur af ofsókninni, var ekki nema um tvennt að gera: Annaðhvort þekkti H. T. ekki óbrjáluðan mann frá brjáluðum, eða þá að hann var verkfæri í höndum annara manna til svívirðilegra verka. Hvort sem var, hvort sem þessi framkoma H. T. stafaði af skorti á vitsmunum eða mannkostum, hlaut öllum að vera ljóst, að Helgi Tómasson var allra Íslendinga óhæfastur til að vera geðveikralæknir landsins eftir þetta.

Það er nú kunnugt orðið, að Íhaldið hafði ekki eins mikla ánægju af Helga Tómassyni og það hafði búizt við. Hv. 1. landsk. tók með sér annan aumingja úr sömu stétt og H. T. á landsmálafundina í fyrra og seldi sá læknir, Kolka úr Vestmannaeyjum, aðgang að fyrirlestrum um ágæti Helga Tómassonar og brjálsemi mína. Átti þetta að verða Íhaldinu til framdráttar við landskjörið. Bæði hv. 1. landsk. og flokkur hans höfðu hina mestu skapraun og skaða af þessum fylgihnetti hv. 1. landsk. Auðvitað hefði verið langhyggilegast hjá Íhaldinu, þegar fyrsta tilræðið hafði misheppnazt, að afneita Helga, eins og það gerði t. d. við Einar Jónasson. En það er eins og það séu álög á Íhaldinu að geta aldrei látið þetta mál kyrrt liggja, þótt það sé enn og hafi alltaf verið að hjálpa mér og mínum flokki. Sex þús. manns fordæmdu þegar framkomu Helga Tómassonar með undirskrift sinni og fluttu mér um leið árnaðaróskir fyrir að hafa siglt heilu skipi framhjá vítisvélum Íhaldsins; og á landsmálafundaferðum mínum fyrir landskjörið varð ég var við svo almenna samúð í öllum byggðarlögum, að helzt má bera það saman við þann hlýleik, er Skúla Thoroddsen og fjölskyldu hans var sýndur, er hann varð fyrir ofsóknunum vestra. Sú samúð entist Sk. Th. til æfiloka. Hvort sú samúð, sem ég hefi hlotið af tilræði Helga Tómassonar, verður svo haldgóð, skal ég ekki segja um, en ég get ekki verið að leyna hv. 1. landsk. því, að hingað til hefi ég unnið bæði samúð og fylgi á þessu máli.

Vegna þess, sem hv. 1. landsk. sagði um hefnigirni mína, vil ég taka það fram, að ég myndi hafa tekið nákvæmlega jafnhart á þessu atferli H. T., þótt það hefði komið fram við einhvern annan,

þar á meðal við hv. 1. landsk. Mér voru þau börn með öllu ókunnug, sem urðu fyrir harðýðgi af hálfu skólastjóra eins á Norðurlandi. En ég vildi ekki bera ábyrgð á, að slíkt ætti sér stað, og tók því í taumana og lét þann mann fara úr embætti. Ég hefði talið Helga Tómasson jafnóhæfan til að stjórna Kleppi, þótt heimska hans eða vöntun á manndyggð hefði snúið að einhverjum öðrum en mér. Það breytir engu í þessu máli, þótt eitthvað af veikluðu fólki leiti enn til H. T.

Viðvíkjandi þeim styrk, sem veittur hefir verið í fjárl. og hér hefir verið gerður að umtalsefni, er það að segja, að konu þeirri, sem þar á hlut að máli, var boðinn styrkur til þess að maður hennar gæti siglt til að fá bót meina sinna, en hún hafnaði því boði á móti ráðum frænda og vina, sem síðan hafa brotizt í að greiða fyrir dvöl manns hennar undir hendi Helga Tómassonar, sem er allra manna dýrseldastur, eins og kunnugt er.

Ég vil að lokum segja hv. 1. landsk. það, að mér er ekki nema þægð í því, að hann og flokkur hans bindist sem föstustum tengslum við Helga Tómasson. Og nokkurri mannlund lýsir það óneitanlega hjá Íhaldinu, að vilja ekki skiljast með öllu við þennan flugumann sinn í þrengingunum. En auðvitað er ég fús á að þiggja allt það pólitiska gagn, sem Íhaldið vill gera mér með heimsku sinni og illgirni í þessu máli sem öðrum.

Jón Þorláksson: Hv. 5. landsk. gat ekki fremur en vænta mátti komið fram neinum vörnum fyrir því, að hann hefir sett hefnd valdhafa í stað úrskurðar dómstólanna, að öðru leyti en því, að hann setti sig sem dómara um hæfileika dr. Helga, og kvað hann allra Íslendinga óhæfastan til að vera læknir á Kleppi, eftir þeirri reynslu, sem hann sjálfur hefði haft af honum. Ég held, að þegar sjálfsálitið er komið á svo hátt stig, að maður, sem enga þekkingu hefir á læknisfræði, fellir slíkan dóm, þá lýsi það óvenjulega lítilli dómgreind hv. þm. sjálfs. M. ö. o. hefir hann í þessu máli misst skyns á því, hvað hann er bær að dæma um og hvað ekki. Ég þarf ekki að dvelja við þá staðhæfingu hv. 5. landsk., að Sjálfstæðisflokkurinn hafi sent dr. Helga sem flugumann. Slíkt eru höfuðórar, sem enginn trúir, nema e. t. v. hv. þm. sjálfur.

Hitt get ég leiðrétt, að dr. Helgi sé dýrseldur, því að mér er kunnara um að svo er ekki en hv. 5. landsk. um læknishæfileika hans. En hitt er því miður satt, að dvöl þeirra sjúklinga utan spítala, sem þurfa sífelldrar gæzlu, hlýtur oft og tíðum að verða mjög dýr aðstandendum sjúklinganna, ef hið opinbera tekur engan þátt í kostnaðinum. En sökina á því, að sjúklingarnir flýja opinbera spítalann, á fyrst og fremst sá ógæfumaður, sem varð til þess að svipta ógæfusömustu sjúklingana á landinu batavon og læknishjálp.

Guðrún Lárusdóttir: Ég vil aðeins leiðrétta þann misskilning hjá hv. 5. landsk., að Helgi Tómasson hafi verið meðhjálpari á Elliheimilinu. Það hefi ég aldrei heyrt fyrr. Og ég vil bæta því við, að hv. 5. landsk. er alveg óhætt að greiða atkv. með hækkuðum styrk til Elliheimilisins, það kemur ekki Helga Tómassyni að neinum notum. Hitt er annað mál, að Helgi Tómasson hefir flúið þangað með sjúklinga sína, þar sem þeir hafa ekki getað fengið hlé á því hæli, sem landið hefir komið sér upp með miklum tilkostnaði. Það er allt og sumt, sem dr. Helgi Tómasson kemur Elliheimilinu við.

Annars get ég ekki séð, að hv. 5. landsk. hafi ástæðu til þess að víta mig, þó ég minntist á þetta Kleppsmál; því að hann gaf fyllilega tilefni til þess sjálfur, þar sem hann hældist um út af útlegð þessa vesalings fólks. Ég mun hafa mína skoðun á því máli, og mun hvorki sækja um leyfi til hv. 5. landsk. né nokkurs annars í því efni. Ég hefi þá skoðun á málinu — burtséð frá því, hvað farið hefir á milli hv. 5. landsk. og hins umtalaða læknis —, að það sé mjög illa farið, að það hæli, sem þjóðin hefir reist með ærnum tilkostnaði, skuli ekki koma að fullum notum, vegna þess, að ekki starfar þar sá maður, sem er fyllilega fær um að gegna því starfi, án þess að ég sé að lasta þann

mann, sem þar er nú, því að mér hefir reynzt hann persónulega viðkunnanlegasti maður, þótt ég beri hann ekki saman við dr. Helga Tómasson hvað kunnáttu snertir í geðsjúkdómum.

Ef hv. 5. landsk. hefði mætt konu nokkurri, sem ég mætti á götu hér í Reykjavík, daginn eftir að þetta leiðindatilfelli varð, að læknirinn var flæmdur burt frá starfi sínu, og horft á hana grátandi vegna dóttur sinnar, sem hún var að taka af spítalanum, af því að hún gat ekki treyst þessum hlaupamönnum, sem voru sendir þangað hver af öðrum, þá býst ég við, að hann hefði sparað sér umvöndunarorðin til mín, þótt ég talaði máli þeirra vesalinga, sem jafnhart urðu úti. Og það má hv. 5. landsk. vita, að það verða miklu fleiri konur í landinu heldur en ég, sem fylla þann flokkinn, er álítur, að geðveika fólkið á Kleppi væri betur komið undir hjálp og umsjón bezta geðsjúkdómalæknisins, sem við Íslendingar eigum.

Jón Jónsson: Ég ætla að athuga svolítið það, sem hv. 1. landsk. sagði út af þessu fjárlagafrv. Hann hélt því fram, að það væri miklu óskýrara en undanfarin frv. hefðu verið, og sagði m. a., að ekki væri hægt að komast að þeirri niðurstöðu, sem ég komst að. Mér finnst frv. vera fullt eins skýrt, þegar búið er að setja sig inn í formið, og mér virðist það eðlilegri færsla, að sama regla sé höfð um allar starfsgreinir ríkissjóðsins, þannig að annaðhvort séu taldar nettótekjur ellegar þá brúttótekjur, en ekki ýmist, eins og áður hefir verið. Nú eru taldar aðeins nettótekjur í heildaryfirlitinu, en í 3. gr. eru skýringar um þessar stofnanir, sem gera það allt saman ljóst. Það er því mjög einfalt að fá út þessar tölur; það er ekki annað en að taka sjóðsyfirlitið í 21. gr. og leggja svo við það samkv. 3. gr. gjöldin t. d. af póstinum eða símanum eða útvarpinu, og draga svo aftur frá fyrningarnar, sem líka má sjá, hvað eru miklar, og hagnaðinn af Vífilsstaðabúinu og Kleppsbúinu. Þetta er all skýrt og glöggt og er nú komið í betra horf en áður. Ég get ekki séð, að það sé að nokkru leyti óskýrara; það má vera fyrst í stað, meðan menn eru að átta sig á því, en undir eins og maður er kominn inn í það, þá er það ljósara form heldur en verið hefir.

Ég er sannast að segja alveg forviða yfir því, hve geysilega miklar umr. eru orðnar út af þessari till. hv. þm. Hafnf. um lítilsháttar styrk til aukakennslu í háskólanum. Mér virtist þessi till. ósköp sakleysisleg og þótti eðlilegt, að sá skóli, ekki síður en aðrir skólar, þyrfti lítilsháttar styrk til aukakennslu, sem forstöðumenn skólans gætu svo ráðstafað. Ég álít líka, að við þessa stofnun, eða læknad., séu prófessorarnir þeir sæmdarmenn, að þeim sé fyllilega trúandi til þess arna. En nú verð ég að segja, að hv. þm. Hafnf. hefir gert það með sínum umr., sem hann hefir getað, til þess að spilla fyrir því, að þessi saklausa till. næði fram að ganga, þar sem hann hefir verið að draga inn í umr. fyrrv. yfirlækni á Kleppi og verja í sambandi við þetta það frumhlaup, sem hann gerði að fyrrv. dómsmrh. landsins, sem allir vita, að er eitt hið versta verk, sem menn vita til, að læknir hafi unnið hér á landi. Það er ekki með öðru frekar hægt að spilla fyrir máli, sem ég tel, að sé út af fyrir sig gott, heldur en með því að setja það í samband við svona lagaða hluti.

Mér sýnist þessi fjárhæð vera mjög lítil og hógvær, og litlu meiri en undanfarið hefir verið veitt til kennslu í lagalæknisfræði og augnlækningum, og skil því ekki, að margt fleira þurfi að blandast þar inn í.

Nú er það freisting fyrir mig, sem ætlaði að greiða atkv. með þessari till., að gera það ekki, eftir slíka málfærslu, en það er hart að láta háskólann gjalda þess, þótt hann hafi svo óheppilegan málsvara hér í þinginu, sem minntist á einn hinn mesta ólánsmann, sem verið hefir í ísl. læknastétt. Ég býst því við að láta háskólann ekki gjalda þess, en mína atkvgr. ber ekki að skilja svo, að þetta sé bundið við neinn ákveðinn mann eða kennslugrein, heldur geri ég þetta í þeirri trú, að prófessorarnir muni nota þetta læknavísindunum til hags, en ekki misbrúka það á nokkurn hátt.

Jakob Möller: Ég hélt, að umr. væru að hverfa af þeirri braut, sem hv. 5.

landsk. kom þeim inn á, þegar hann hóf þessar umr., sem hv. frsm. fjvn. var nú að tala um. Því að það er áreiðanlega misskilningur, að það hafi verið hv. þm. Hafnf., sem beindi umr. inn á þessa braut. Það var hv. 5. landsk., sem dró þetta gamla mál inn í þær. Það er enginn vafi á því, að þetta er rétt athugað hjá mér, en rangt hjá hv. frsm.

Ég ætla annars ekkert að fara að ræða þetta mál. Mér þótti leiðinlegt, þegar ég sá, að hv. 5. landsk. kom með gömul skjöl úr meiðyrðamálum, sem tveir læknar neyddust til þess að höfða gegn honum, og hann tapaði í. Það var leiðinlegt, að hann skyldi draga þetta mál inn í umr. að óþörfu, því að það verður aldrei út skafið, að þessir reikningar voru lagðir fram sem gögn í tveimur málum, en fengu þó ekki áorkað því, að hv. 5. landsk. yrði sýknaður af því að hafa farið óviðurkvæmilegum orðum um þessa menn, því að hann var dæmdur í allstórar sektir, þrátt fyrir alla þessa reikninga. Ég held þó, að jafnvel honum komi ekki til hugar, að sá dómstóll, sem dæmdi í þessum málum, væri hlutdrægur andstæðingum hans í vil.

Ég læt svo útrætt um þetta, ekki af því, að ekki sé nóg tilefni í ræðum hv. 5. landsk. til þess að segja ýmislegt, t. d. um tildrögin til þessara málaferla, þar sem hann alveg að ástæðulausu fór í blaðagrein að ráðast á einn allra vinsælasta lækni landsins með villandi ummælum, sem ég skal ekki segja, hvort stöfuðu af ókunnugleika eða voru viðhöfð í agitatorisku augnamiði. Þessi mæti læknir, Matthías Einarsson, stendur náttúrlega jafnréttur fyrir öll skrif og allar ræður hv. 5. landsk. í þessari hv. d.

Ég vil svo aðeins víkja að tveim brtt., sem ég flyt hér og hv. 5. landsk. minntist á. Það er fyrst till. um styrk til listmálaranema, XVIII. till. á þskj. 342. Hv. 5. landsk. upplýsti, að þessi maður hefði notið styrks frá einstökum mönnum til þess að læra málaralist, og þetta er rétt. En ég vil vekja athygli hv. 5. landsk. og annara á því, að það er ákaflega lítil trygging fyrir því, að hann haldi þeim styrk áfram. Jafnvel þótt hv. 5. landsk. lýsi yfir því, að hann muni styrkja hann áfram, þá get ég ekki skilið þau ummæli þannig, að hann vilji taka ábyrgð á því, að hann fái þann styrk, sem honum er nauðsynlegur til þess að geta lokið námi. Þessi styrkur, sem þessi mjög efnilegi maður hefir haft, hefir verið svo skorinn við nögl, sem eðlilegt er, þar sem honum er skotið saman af mönnum með mismunandi getu, að ef menn vissu, hvað skammt hann hefir í raun og veru hrokkið, þá myndu menn ekki telja honum algerlega borgið með honum. Sannleikurinn er sá, að oft og einatt hefir hann, þrátt fyrir þennan styrk, orðið að hálfsvelta og láta sér nægja viðurværi, sem við myndum ekki kjósa fyrir okkar vandamenn.

Ég vil um leið geta þess, að ég hefi fyrir vangá skýrt rangt frá í fyrri ræðu minni, að hann myndi eiga tvö ár eftir við nám; hann á ekki eftir nema eitt ár; en skjöl, sem ég hefi í höndum og ég byggði mín ummæli á, eru eins árs gömul. Fyrst hann á aðeins eftir eitt ár, þarf ekki að óttast, að hann komi aftur í næstu fjárl., ef hann verður samþ. nú.

Svo er það styrkurinn til Stórstúkunnar. Hv. 5. landsk. sagði, að hann vissi ekki til, að Stórstúkan hefði áður sinnt þeim störfum, sem nú væru ráðgerð, en hefði þó haft sama styrk. En hann veit ekki, að þau störf, sem hún nú á að annast, hafa ekki verið í hennar höndum, heldur umdæmisstúkunnar. Taki nú Stórstúkan þetta í sínar hendur, verður því annað fyrirkomulag á bindindisstarfseminni en verið hefir.

Annars er mér ekki ljóst, hvernig hv. 5. landsk. ætlast til, að brtt. hans verði framkvæmd, þar sem ⅓ styrksins á að verja til bindindisfræðslu í skólum landsins. Ég veit ekki, hvernig á að skilja þetta frá almennu bindindistarfseminni. Ég get ekki skilið till. öðruvísi en þannig, að með þessu sé verið að binda þriðjunginn af styrknum, svo að hann verði ónothæfur fyrir Stórstúkuna. Ég vona því, að þeir, sem vilja ljá þessu máli lið hér í d., greiði atkv. á móti þessari till. Ennfremur geri ég ráð fyrir, að jafnvel þótt hægt sé að framkvæma till. eins og hún er orðuð, þá komi hún ekki að tilætluðum notum, heldur þvert á móti verði til þess að spilla fyrir því máli, sem ætlazt er til, að hún vinni gagn.

ATKVGR.

Brtt. 346,I.1—4 felld með 7 : 5 atkv.
— 342,I (aðaltill.) felld með 7 : 5 atkv.
— 342,I (varatill.) felld með 8 : 6 atkv.
— 342,II.1 (aðaltill.) felld með 11 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, BSn, GL.
nei: JBald, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, PM, EÁrna, HSteins, IP, GÓ.
Brtt. 342,II.1 (varatill.) felld með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSn, GL, HSteins, JakM, JónÞ.
nei: PH, PM, EÁrna, IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, GÓ.
Brtt. 342,II.2 (aðaltill.) felld með 7 : 6 atkv.
— 342,II.2 (varatill.) felld með 7 : 7 atkv.
— 342,III felld með 7 : 6 atkv.
— 342,IV felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM.
nei: JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, GÓ.
Brtt. 342,V felld með 7 : 7 atkv.
— 342,VI felld með 7 : 7 atkv.
— 346,II samþ. með 9 : 1 atkv.

Pétur Magnússon: Ég get ekki skilið, að hærri till. eigi ekki að koma til atkv. fyrst, því að ef lægri till. er samþ., er hin þar með útilokuð. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að bera upp till. hv. 5. landsk. í tvennu lagi, upphæðina sér og ákvæði till. sér.

Bjarni Snæbjörnsson: Mér finnst það liggja í hlutarins eðli, að till. eigi að bera upp í tvennu lagi, því að vel getur verið, að sumir hv. þdm. vilji samþ. orðalagið, en fella upphæðina. Ég vil ennfremur benda á það, að ef þetta er ekki gert og till. er samþ. eins og hún liggur fyrir, þá brjótum við lög á háskólanum, því að það er beint tekið fram, að 1000 kr. skuli varið til kennslu í lagalæknisfræði. Ég vildi því eindregið mælast til, að þetta verði borið upp í tvennu lagi.

Jónas Jónsson: Ég vil aðeins benda á, að þessi till. er orðuð beint sem brtt. og því á að bera hana upp fyrst, enda er það venja í öllum siðuðum þjóðfélögum. Það er því eintóm vitleysa hjá hv. 4. landsk., að fyrst eigi að bera upp hærri upphæðina, úr því hún er ekki í brtt.

Pétur Magnússon: Ég vil aðeins beina því til hv. þdm., að það er ekki þeirra sök, þótt hv. 5. landsk. hafi orðað brtt. sína vitlaust, og hv. þm. verður að lúta venjulegum þingsköpum í þessu efni. Það nær vitanlega ekki nokkurri átt, að þeim dm. sé ekki heimilt að greiða atkv. með hærri upphæðinni, sem það vilja gera.

Jón Þorláksson: Mér hefir skilizt, að sú venja hafi ríkt hér á hv. Alþ., þótt um brtt. væri að ræða, að hærri upphæðin sé borin upp fyrst. Annars skilst mér, að hér sé ekki um neina brtt. að ræða, þótt hún sé orðuð svo í fyrirsögn, því að till. eru efnislega alveg óskyldar.

Jónas Jónsson: Hv. 1. landsk. virðist ekki ljóst, um hvað hér er að ræða. Eins og ég hefi bent á, eru brtt. bornar upp á undan aðaltill. í öllum siðmenningarlöndum.

Forseti (GÓ): Ég hefi þegar kveðið upp minn úrskurð í málinu og sé ekki, að neitt það hafi komið fram í umr., sem gefi mér ástæðu til að breyta honum.

Brtt. 342,VII samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JBald, JónasJ, MT, PH, EÁrna, GL.
nei: HSteins, JakM, JónJ, JónÞ, PM, BSn.
GÓ greiddi ekki atkv.
Brtt. 342,VIII þar með fallin.
— 346,III felld með 7 : 7 atkv.
— 342,IX felld með 7 : 6 atkv.
— 342,X.a—b felld með 8 : 5 atkv.
— 342,XI felld með 7 : 5 atkv.
— 342,XII felld með 7 : 7 atkv.
— 346,IV samþ. með 9 : 1 atkv.
— 342,XIII.a felld með 7 : 6 atkv.
— 342,XIII.b felld með 7 : 6 atkv.
— 346,V felld með 7 : 6 atkv.
— 383 felld með 7 : 7 atkv.
— 342,XIV.a—b felld með 8 : 3 atkv.

Brtt. 342,XV.a—b felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald.
nei: JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, GÓ.

Brtt. 346,VI felld með 7 : 5 atkv.
— 342,XVI samþ. með 8 : 2 atkv.
— 342,XVII (aðaltill.) felld með 8 : 5 atkv.
— 342,XVII (varatill.) felld með 7 : 5 atkv.
— 342,XVIII.1 samþ. með 8 : 5 atkv.
— 369.I.1 felld með 7 : 5 atkv.
— 342,XVIII.2 felld með 8 : 6 atkv.
— 342,XIX (aðaltill.) felld með 7 : 3 atkv.
— 342,XIX (varatill.) felld með 8 : 4 atkv.
— 342,XX felld með 7 : 5 atkv.
— 342,XXI.a felld með 8 : 3 atkv.
— 342,XXI.b felld með 11 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, BSn, GL.
nei: HSteins, IP, JakM, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, PM, EÁrna, GÓ.

Brtt. 346,VII felld með 8 : 3 atkv.
— 346,VIII.1 samþ. með 9 shlj atkv.
— 346,VIII.2 samþ. með 8 : 5 atkv.
— 342,XXII.1 felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM, GÓ.
nei: JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, JBald.

Brtt. 342,XXII.2 felld með 7 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónÞ, BSn, GL, JakM, GÓ.
nei: JónasJ, MT, EÁrna, HSteins, IP, JBald, JónJ.
PH, PM greiddu ekki atkv.

Brtt. 369,I.2 (aðaltill.) felld með 7 : 5 atkv.
— 369,I.2 (varatill.) felld með 7 : 6 atkv.
— 346,IX felld með 8 : 2 atkv.
— 346,X,1 felld með 7 : 4 atkv.
— 342,XXIII samþ. með 8 : 6 atkv.
— 346,X.2.a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 346,X.2.b samþ. með 11 shlj. atkv.
— 342, XXIV (aðaltill.) felld með 9 : 2 atkv.
— 342,XXIV (varatill.) felld með 7 : 5 atkv.

Brtt. 342,XXV samþ. með 9 shlj. atkv.
— 346,X.3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 342,XXVI samþ. með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, HSteins, JakM, JBald, JónJ, JónÞ, PM, BSn, EÁrna, GÓ.
nei: IP, JónasJ, MT, PH.

Brtt. 342,XXVII.1 felld með 7 : 6 atkv.
— 342,XXVII.2 felld með 7 : 6 atkv.
— 342,XXVII.3 felld með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁrna, GL, JónJ, JónÞ, PH.
nei: PM, BSn, IP, JakM, JBald, JónasJ, MT, GÓ.
HSteins greiddi ekki atkv.

Brtt. 369,II.1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 369,II.2 felld með 7 : 3 atkv.
— 342,XXVIII samþ. með 8 : 3 atkv.
— 374 felld með 7 : 4 atkv.
— 346,X.4 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 342,XXIX samþ. með 10 : 3 atkv.
— 342,XXX.a felld með 8 : 2 atkv.
— 342,XXX.b felld með 8 : 3 atkv.
— 346,XI.1—5 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 342,XXXI.a felld með 7 : 5 atkv.
— 342,XXX.b felld með 7 : 6 atkv.
— 342,XXX.c felld með 7 : 7 atkv.
— 346,XII samþ. með 10 shlj. atkv.
— 342,XXXII samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8 : 1 atkv. og endursent Nd.

Á 34. fundi í Nd., 20. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 391).

Á 35. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr. (A. 391, 413).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 413. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 : 2 atkv.

Frsm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Fjárlagafrv. þetta hefir tekið nokkrum breyt. í hv. Ed. Frá þessari hv. d. fór það með 20 þús. kr. tekjuafgangi, en nú kemur það frá hv. Ed. með 60 þús. kr. tekjuhalla. Eins og gefur að skilja, mega breyt. þær, sem hv. Ed. hefir gert á frv., teljast sumar réttmætar og aðrar órétt-mætar. En það hefir verið venja undanfarinna þinga að taka við fjárl. úr Ed.

án þess að fjvn. Nd. gerði nokkra breyt. á því. Þessi regla er vitanlega ekki sjálfsögð og gæti m. a. verið töluvert varhugaverð. En breyt. hv. Ed. á frv. eru ekki þess eðlis, að fjvn. Nd. hafi viljað fara að hrófla við þeim, þótt henni þætti ýmsar brtt. varhugaverðar. Til að finna þessum orðum stað, vil ég taka nokkur dæmi. Ég vil minnast á styrkinn til Stórstúkunnar. Ed. hækkaði hann um 2 þús. kr., en við 3. umr. tekur hún svo af Stórstúkustyrknum $^1/_3$ til stjórnarráðstafana. Þetta er mjög einkennileg ráðstöfun hjá hv. Ed. Það lítur út fyrir, að d. hafi ekki viljað láta Stórstúkuna hafa þennan styrk, sem Nd. ákvað, og haft þá leið, að hækka styrkinn fyrst um 2 þús. og taka svo af honum 3300 kr. Þetta er mjög einkennilegt, en fjvn. vill þó ekki hrófla við því.

Þá má benda á styrk til kennslu í lagalæknisfræði. Hér er um smáupphæð að ræða, og sá meiri hl. n. ekki ástæðu til að hrófla við því, þótt við teljum afgreiðslu hv. Ed. ekki rétta og eðlilega.

Breyt. þær, sem að öðru leyti valda ágreiningi, eru í 22. gr., um heimildir til ábyrgða. En meiri hl. n. hefir ekki viljað gera breyt. á því, hefir óttazt, að ef farið er að opna fjárl. af nýju, þá komi þar inn nýjar villur.

Ég ætla ekki að þylja neinn reiðilestur yfir hv. Ed. fyrir þessar villur, því að hv. Nd. getur heldur ekki verið þung í dómum, þar sem hún hefir sjálf sínar syndir að bera. En út af umr. um það, að hið nýja form fjárl. sé óaðgengilegt til samanburðar við eldra formið, þá vil ég leyfa mér að lesa upp samanburð á eldra forminu, svo að menn sjái niðurstöðurnar.

	Inn	Út
Niðurstöðutölur frv. eru: sjá 21. gr.	11.764.253.00	11.823.841.13
Við bætist:		
Gjöld póstsjóðs (dregin frá tekjum)	540.344.00	540.334.00
— síma	1.441.758.00	1.441.758.00
— útvarps	268.150.00	268.150.00
	14.014.505.00	14.074.093.13
Frá dregst:		
Fyrningar	353.905.00	
Hagnaður prentsmiðjunnar	40.000.00	
— vélsmiðju	30.000.00	
— Vífilsstaðabús	4.000.00	
— Kleppsbús	3.000.00	
	430.905.00	430.905.00
	13.583.600.00	13.643.188.13
Tekjuhalli	59.588.13	
	13.643.188.13	13.643.188.13

Þessar hefðu niðurstöðurnar orðið, ef fylgt hefði verið gamla fyrirkomulaginu, og eins og hv. þdm. sjá, er ekkert erfitt að fá samanburðinn, það eru aðeins nokkrar tölur, sem þarf að bæta við og aðrar, sem þarf að draga frá.

Samkv. þessu yfirliti eru gjöld fjárlagafrv. orðin 13,6 millj. kr., ef miðað er við það form, sem hingað til hefir verið á frv. Í fjárl. yfirstandandi árs eru gjöldin 12,8 millj. kr., og er því um 800 þús. kr. hækkun að ræða. Í heild stafar þessi hækkun þó ekki af auknum fjárveitingum, heldur af hinu, að nú eru hin lögboðnu útgjöld áætluð nær sanni en venja hefir verið til Þannig eru vextir og afborganir skulda áætlað um 700 þús. kr. hærri í frv. en í núg. fjárl., og er þó ekki hægt að búast við, að þessi liður verði hærri á yfirstandandi ári en næsta ár. Sama má segja um ýmsa aðra liði frv.; t. d. er í 16. gr. áætlun um 110 þús. kr. meiri gjöld vegna jarðræktarlaganna og um 100 þús. kr. vegna laga um tilbúinn áburð.

Frv. hefir tekið þeim breyt. í meðferð

þingsins, að nú er veitt til ýmsra verklegra framkvæmda í 13. gr. (vega, brúa, síma, vita og hafnarmála) eins og mest hefir verið, og talsvert meira en veitt hefir verið að meðaltali á árunum 1925—1931. Allar ásakanir á þing og stj. um litlar fjárveitingar til verklegra framkvæmda, um „sultarfjárlög" og þesshátt-ar, eru því ástæðulausar og óréttmætar. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að aldrei fyrr hefir verið veitt jafnmikið fé og nú í fjárl., sem rennur til hinna vinnandi stétta í landinu, og þegar þess er gætt, að stj. er heimilað að verja auk fjárveitinga allt að 300 þús. kr. til atvinnubóta, verður ekki annað sagt en að sæmilega sé séð fyrir atvinnuþörf landsmanna miðað við það, sem verið hefir.

Vil ég svo að lokum fyrir hönd meiri hl. fjvn. óska þess, að frv. verði samþ. eins og það nú kemur frá Ed., þótt ýmsa galla megi á því finna.

Magnús Jónsson: Minni hl. fjvn., sem er aðeins 2 af 7, ég og hv. þm. Borgf., getur ekki fallizt á, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég get að ýmsu tekið undir röksemdir frsm. meiri hl., bæði um það, er hann sagði um réttmæti þess, að Nd. breytti frv. eftir að það kemur frá Ed., og eins um till. okkar. En það skilur, að við viljum draga rökréttar ályktanir af þessu. Hann sýndi fram á það, að það er ekki heilbrigt eða sjálfsagt, að Nd. feli Ed. fullnaðarákvörðun um fjárl. Þetta hefir tíðkazt, en það er fjarri öllum sanni, að sú deildin, sem er sterkari og á ýmsan hátt skoðuð aðaldeildin, láti í minni pokann fyrir hinni deildinni.

Það hefir oft verið sagt, að fjárl. versni við langa meðferð. En ég býst ekki við, að hv. Alþ. vilji fallast á þetta, enda er þetta alllagleg sneið til hins háa Alþingis, að lögin verði því verri, því lengur sem það hefir þau til meðferðar. Ég get fallizt á það, að fjárlög eins og önnur lög geti orðið fyrir skemmdarverkum, en þingsköp okkar byggjast á því, að það muni bót að því að fá lög til endurtekinnar meðferðar. Það eru ekki nein tákn á sólu og tungli, þótt Nd. breyti því aftur, sem Ed. hefir breytt. Það þarf ekki stórskyssur að hafa hent Ed., þótt Nd. vilji breyta af nýju.

Ég skal játa, að till. þær, sem minni hl. ber fram nú, eru ekki stórvægilegar. Ef litið er á tölurnar, eru þær mjög smávægilegar. Ein þeirra er ekkert fjárhagsatriði, heldur aðeins um það að nema í burt aths. Önnur hljóðar upp á 500 kr. og sú þriðja 6000 kr. En það, sem gerir það að verkum, að við komum með þessar till., er, að það er vanvirða að láta lögin fara með þessum liðum eins og þeir eru núna.

Frsm. meiri hl. tók af mér ómakið með að mæla fyrir þessum till., og sagði um tvö atriði frv., sem till. okkar eru um, að þau væru ákaflega kynleg.

Í 14. gr. fjárl. hafa verið 500 kr. til kennslu í lagalæknisfræði. Það hefir aldrei neinn amazt við þessari upphæð og hún hefir aldrei verið til umr. En nú er þessi upphæð tekin út úr og önnur sett inn um kennslu í augnlæknisfræði, 1000 kr. En í 12. gr. 5. lið eru líka 1000 kr. til augnlækninga. Ég veit ekki, hvort með því er það sagt, að fjárveitingarnar eigi við sitt augað hvor. En svo bætist við aths., sem er reyndar mjög svo falleg, að maður sá, sem til starfans er valinn, sé reglusamur og skyldurækinn við lækningastörf. Það er náttúrlega enginn að amast við því út af fyrir sig. En mér finnst dálítið einkennilegt að setja þetta skilyrði við þessar einu 1000 kr. af öllum þeim tugum og hundruðum þúsunda, sem annars eru veitt til ýmsra manna á landinu. Það mætti kannske af illviljuðum mönnum álíta, að allt hitt fé mætti borga til manna, þó að þeir væru reyndir að illu, úr því að tekið er fram sérstaklega, að maðurinn, sem hér ræðir um, þurfi að vera reglusamur og skyldurækinn. Þá liggur í augum uppi, að enga áherzlu þurfi að leggja á reglusemi og skyldurækni hjá öðrum mönnum, sem fé er á einhvern hátt veitt til í fjárl., eða bara, að í þessu sé fólgin tituprjónsstunga til ákveðinna manna. Og ég hygg, að eins og till. var borin fram í Ed. og fyrir henni var mælt þar, sé þetta einungis tituprjónsstunga. Ég býst við, að sá maður, sem bar hana fram, sem nú er orðinn hæstv. dómsmrh., hafi borið þetta fram bara til þess að geta fengið tækifæri til þess að svala sinni lund og tala um sína gömlu vini, læknana, og hafi alls

ekki búizt við, að þetta yrði samþ. Við vildum því ræða þetta hér í d., því við teljum ekki neitt athugavert við, að Nd. leyfi sér að breyta fjárl. og taka upp aftur fjárveitingu til kennslu í lagalæknisfræði, 500 kr., eins og áður var. Ég held, að það sé þreföld vangá í þessari einu till., þó að hún sé ekki stór.

Næsta till. er svo um það, að teknar verði upp 6000 kr. til Fiskveiðasjóðs. Ég þarf ekki að mæla með till. Menn láta í ljós hugarþel sitt til þessarar stofnunar með því, hvernig þeir greiða atkv. um þetta. Það má kannske segja það, að það sé ekki jafnsjálfsagt þetta gjald til sjóðsins eins og áður. Allt fyrirkomulag hefir breytzt. Ég álít, að ekki sé rétt að vera nú að kippa út þessum smástyrk til þessarar stofnunar, sem áreiðanlega hefir of lítið fé til þess starfs, sem sjóðnum er ætlað. Mér finnst það sýna mjög leiðinlegan hug til þessarar stofnunar að vera að seilast í þessa smáupphæð, sem getur smátt og smátt safnazt saman og orðið sjóðnum að töluverðu liði.

3. till. er um Stórstúkuna. Hv. frsm. gat þess, að það hefði verið samþ., að ⅓ af styrknum til Stórstúkunnar skuli veittur eftir fyrirmælum kennslumálaráðuneytisins til eflingar bindindisstarfsemi í skólum landsins. Það mætti alveg eins hækka styrkinn til bókmenntafélagsins upp í 20 þús., með því skilyrði, að það verði 18 þús. kr. til vegalagninga á Austfjörðum. Þetta er ákaflega leiðinlegur misgáningur, sem Alþ. ætti alls ekki að láta frá sér fara. Og ég hygg, að þessar mörgu umr., sem lög eiga að ganga í gegnum, séu m. a. til þess að hreinsa út úr lögum og frv. einmitt slíkar vitleysur sem þessa. Ef á að veita þetta til bindindisstarfseminnar og taka að sama skapi af stúkunni, þá ætti, eins og hv. frsm. sagði, að veita Stórstúkunni 6600 kr. og svo 3300 kr. til eflingar bindindisstarfsemi í skólum landsins. Ég verð að segja, að ég skil ekkert í þessari meðferð Ed., að hækka fyrst styrkinn til stúkunnar og taka svo af honum ⅓ og láta það standa á nafni Stórstúkunnar, sem ekki kemur henni við. Að ég ekki geti um það, að þeir, sem vilja, að Stórstúkan geti haldið áfram sínu starfi óhindrað, þeim þykir auðvitað illt, að stúkan verður að fella niður eitthvað af sínu starfi, úr því að styrkurinn er lækkaður. — Ég vil geta þess um þessar 3 till. allar, að þær komust inn í Ed. með litlum atkvæðamun, 1—2 atkv. mun, og það mælir frekar með því, að d. haldi sínum vilja fram í þessu máli og láti þá skeika að sköpuðu um það, þar sem d. vinna á sameiginlegum vettvangi um það, hvort skuli breyta fjárl. eða ekki. Ég skal svo ekki mæla fleira með þessum till. og skal ekki fara neitt út í almennar aths. hv. frsm.

Eins og kunnugt er, erum við ekki sammála um þetta nýja form fjárl. Hv. frsm. segir, að ekki þurfi annað en að taka upp nokkrar tölur til þess að gera samanburð á fjárl. eins og þau eru og eins og þau hafa verið áður.

Þetta er náttúrlega gott og blessað fyrir mikinn reikningsmeistara, að segja, að ekki þurfi annað en að taka nokkrar tölur. Einmitt hin flóknustu stærðfræðilegu viðfangsefni eru ekki annað en að taka nokkrar tölur, en vandinn er bara, hvaða tölur á að taka. Ég leyfi mér að fullyrða það, að ef 100 þús. manns eru í landinu, þá séu mikið yfir 99000, sem alls ekki geta gert þetta nema með tilsögn, en það má sjálfsagt kenna þetta flestum. Hv. frsm. getur hlegið að þessu, en hann veit þó, að þetta vafðist fyrir n. Ég sé ekki, hvað er varið í það að leika sér að því að gera ytra form fjárl. á neinn hátt nokkuð flóknara en nauðsynlegt er. Það á að vera eins ljóst og skilmerkilegt og mögulegt er. Ríkið má hafa sína bókfærslu flókna, en það verður að hafa öll plögg, sem fara til almennings þannig, að allir geti gert sér ljósa grein fyrir því, hvernig fjárhagurinn er. Þetta er eins og með flókin vísindaleg viðfangsefni; vísindamenn geta gert þau eins flókin og þeir vilja, en ef þau eiga að koma almenningi að gagni, þá verður að setja þau þannig fram, að allir geti fylgzt með. Ég þori að fullyrða, að flestir í landinu standi eins og glópar, ef þeir ætla að gera samanburð á fjárl., og eins verður með landsreikninginn.

Við höfum ekki borið fram neina till. um breyt. á þessu formi. En það er af því í fyrsta lagi, að við viðurkennum, að þetta form sé ekki rangt, en sérstaklega vegna þess, að við töldum alveg augljóst,

að við hefðum ekki till. fram að þessu sinni, og ef mönnum finnst það vera léttvæg ástæða, þá vil ég geta þess, að slík till. hefði orðið að gerbreyta öllum fjárl., ef samþ. hefði verið; það yrðu svo víðtækar breyt. Ég vil bara segja þessi orð hér, af því að hv. frsm. gaf tilefni til þess, til þess að sýna, að við hefðum ekki breytt um skoðun á þessu, þó að við hefðum ekki borið fram neina brtt. Ég skal ekki heldur fara út í það, sem hv. frsm. var að tala um, hve mikið væri ætlað til verklegra framkvæmda í fjárl. Þingið hefir verið að reyna að miðla einhverju til verklegra framkvæmda, en það er réttnefni á fjárlagafrv. eins og það kom frá stj. að kalla það sultarfjárlögin, því þar er ekki lagt neitt til verklegra framkvæmda, sem ekki hefir staðið fast í lögboðnum liðum ár eftir ár, ekkert til vegalagninga, brúa, síma eða vita. Okkar fjárl. eru að færast í það horf, að það verður annað tveggja að láta verklegar framkvæmdir vera mjög litlar, eða að ráðast verður í það að hækka skatta, þyngja skattabyrðina á landsmönnum. Nema menn vilji nema burt eitthvað af lögboðnum gjöldum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, heldur aðeins óska þess, að d., ef hún ætlar á annað borð að samþ. fjárlagafrv., lofi því að vera með þessum breyt., sem við flytjum, hv. þm. Borgf. og ég.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég ætla aðeins að taka undir þau tilmæli með hv. frsm., að fjárlagafrv. verði afgr. án breyt. Það eru ekki svo stórvægilegar brtt., sem fram hafa komið, að ástæða sé að hrekja frv. milli d. þess vegna; það mundi og flýta fyrir þingslitum, ef fjárl. yrðu afgr. að þessu sinni. — Að öðru leyti finn ég ekki ástæðu til að segja margt um þessi fjárl. Ég tek við þeim fullbúnum, líkt og fjárl. yfirstandandi árs.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Við jafnaðarmenn flytjum enga brtt. við fjárlagafrv., ekki af því að við teljum réttlátt að afgreiða þau með þeim hætti, sem nú er, heldur af því einu, að bersýnilegt er, að fjárl. verða afgr. óbreytt hér úr d. Íhaldsflokkurinn hefir gengið í lið með Framsókn til að koma þessum fjárl. fram í því horfi, sem þau eru nú. Hv. frsm. lét svo um mælt, að fjárl. væru hvað snertir verklegar framkvæmdir mjög svo sómasamleg, eins og hann orðaði það. Ég verð að segja það, að hv. þm. metur ekki sóma sinn mikils, ef hann telur fjárl. sómasamleg. Ég hefi margsinnis bent á það hér í d., að fjárframlög til verklegra framkvæmda á næsta ári verða ekki nema tæplega ¼ af því, sem varið hefir verið til verklegra framkvæmda á 2 síðustu árum. Annars er þörfin fyrir atvinnu og framkvæmdir fyrir landsmenn margfalt ríkari á næsta ári en undanfarið, vegna atvinnukreppunnar, sem nú er byrjuð og magnast áfram.

Í sambandi við afgreiðslu fjárl. vildi ég mega beina fyrirspurn til þeirra tveggja ráðh., sem loks eru fæddir á þessu þingi. — (**Forsrh.:** Það er langt síðan við fæddumst). Þá hefir síðasti liður fæðingarinnar tekið langan tíma, ef aðalhríðin er afstaðin fyrir löngu. (**Forsrh.:** Það gengur alltaf lengur með tvíbura), Ég vildi reyna að spyrja hæstv. ráðh. að því, því ég veit, að það er gagnslaust að spyrja forseta, hvort það sé svo, að Framsóknarfl. hafi ákveðið að láta frv. hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Dal. um tekju- og eignarskatt til atvinnubóta ekki ganga fram. Þetta frv. kom nokkrum sinnum á dagskrá. Hæstv. forsrh. hefir þrívegis látið þau orð falla, að Framsóknarfl. sýndi með þessu frv. sínu góða vilja til þess að bæta úr atvinnuleysinu. En nú er svo komið, að frv. er tekið aftur og lagt í salt með samþykki stj. Mér er sagt, að það hafi verið samþ. á flokksfundi í Framsókn að láta frv. ganga fram, og mér er sagt, að tveim dögum síðar hafi aftur verið samþ. að láta málið ekki ganga fram. Mér þætti gott að fá ummæli hæstv. forsrh. um þetta. Eigi málið að ganga fram, er sjálfsagt að taka það strax á dagskrá, ekki mun veita af, því tíminn er orðinn naumur.

Til stj. hefi ég lítið að segja. Mig furðar á þeim umr., sem urðu hér, þegar tilkynningin kom. Ég verð að lýsa mestu ánægju minni yfir hinni nýju stjórn! Ég tel hana mjög við hæfi flokksins og hann við hennar hæfi, og sé það langt frá því að vera lof á hvorugan.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. þm. Seyðf. bar fram fyrirspurn út af frv. um atvinnubætur. Hann hefir áður gert þetta að umtalsefni, og ef ég man rétt, látið falla mjög köld og lítilsvirðandi ummæli í garð þessa máls. En hefir hv. þm. veitt athygli 22. gr. fjárlagafrv.? Þar hafa verið tekin upp öll atriði úr frv., sem snerta ráðstafanir um atvinnubætur, og allur sá grundvöllur, sem meiri hl. n. bar fram um það, hvernig þetta yrði af hendi leyst, er tekinn upp í 22. gr. frv. Hinu hefi ég gert ráð fyrir, að það mundi ekki vinnast tími til að afgreiða sjálft frv. á þessu þingi. En það er gott að eiga von á aðstoð, þar sem hv. þm. býður hana fram, á næsta þingi.

Frsm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Út af þessum brtt., sem liggja fyrir, þarf ég ekki að segja mikið. Hv. 4. þm. Reykv. hefir gert grein fyrir þeim, og eins og hann tók fram, er aðeins um smáupphæðir að ræða. Ef ekki væri um annað að ræða en upphæðirnar sjálfar, þá er ekki mikil ástæða til að tefja málið á þingi þeirra vegna. En eins og hann tók fram, er að vísu um meira að ræða en upphæðirnar sjálfar. Ég er að sumu leyti ekki samþykkur meðferð Ed. á þessum lið, t. d. liðnum til Stórstúkunnar; ekki þó svo að skilja, að ég hafi viljað láta hækka styrkinn upp í 10 þús. Ég var á móti því hér í d., en hinsvegar hafði ég ekki neina tilhneigingu til að draga úr honum, nema því aðeins, að hann væri tekinn alveg út úr fjárl. En þessi meðferð, sem hv. 4. þm. Reykv. gat um, er ofur skiljanleg, og þó að ég greiði atkv. móti till., hefi ég ekki sýnt, að ég fallist á meðferð Ed. í þessu máli.

Um styrkinn til Fiskveiðasjóðs Íslands, 6 þús. kr., hefi ég það að segja, að sjóðurinn fær sinn styrk á lögbundinn hátt, og þetta er orðin nokkurskonar eftirlega frá fyrri árum. Þá má segja, að Fiskveiðasjóðnum veiti ekki af 6 þús. kr. fyrir utan lögboðinn styrk, en þar sem þetta virðist ekki miðast við neitt sérstakt, þá tel ég rétt að láta það falla niður, og ef menn vilja hækka tekjur Fiskveiðasjóðsins, þá má gera breyt. á þeirri löggjöf, sem um hann er.

Um fyrstu brtt., um styrk til kennslu í lagalæknisfræði, er það svo, að þessi útgjöld eru bundin með reglugerð, því það er beint tekið fram, að þetta eigi að vera ákveðin prófgrein í skólanum, og leiðir af því, að ríkið hlýtur að kosta það, sem þarf til þess, að sú kennsla geti farið fram.

Um aths. hv. þm. Seyðf. út af því, sem ég sagði, skal ég geta þess, að ég skil ekki, að það sé minni vansæmd hv. þm. sjálfum heldur en mér, ef það á að vera ósómasamlegt að afgreiða fjárlagafrv. með þeim verklegu framkvæmdum, sem þar eru tilteknar, því hv. þm. Seyðf. hefir sjálfur verið með að samþ. fjárlagafrv., þar sem fjárveitingar hafa ekki verið meiri en það, sem hér er veitt, heldur margfalt minni; t. d. var í fjárl. fyrir árið 1928 veitt 200 þús. kr. minna til bygginga og viðhalds þjóðvega. Og ef það er ósómasamlegt af hv. þm. að samþ. fjárlagafrv. nú, þá var það ósæmilegt af honum 1928, að samþ. 200 þús. kr. minni fjárveitingar á þessum lið.

Hv. 4. þm. Reykv. var að tala um samanburð á fjárl. nú og eldri fjárl. með eldra formi. Mér skildist á honum, að það gæti ekki nema 1 maður á landinu eða svo skilið þessi ósköp. Ég held, að það sé ekki svo mikill vandi, að hv. 4. þm. Reykv. gæti ekki gert það, og þá býst ég ekki við, að það mundi væflast fyrir mörgum. (**MJ:** Var eitthvað skemmtilegt á ferðinni, ég var að tala í síma). Ég er alveg viss um, að hv. 4. þm. Reykv. getur gert þetta eins og að drekka (**MJ:** Nú, að reikna?), að finna samanburð á milli gömlu og nýju formanna. (**EA:** Var ekki n. í vandræðum með það?). Það er bara hugarburður hjá hv. 4. þm. Reykv. og hv. sessunaut mínum (PO). Mér fannst það afarljóst, þegar við fórum að tala um þetta. Hv. þm. Borgf. þóttist reyndar ekki skilja þetta, en ég sá það á honum, að hann skildi það vel, og hv. 4. þm. Reykv. komst undir eins í réttan skilning, þegar hann virkilega fór að líta á það. Hann hafði aldrei lagzt svo lágt að líta á þetta og var fyrirfram ákveðinn í að vera á móti þessum ósköpum. En undir eins og hann fór að athuga þetta, fann hann, að það var ósköp létt að finna þennan samanburð. Þeir, sem hafa lesið fjárl. og landsreikninginn, sjá undir eins, hvað

það er, sem er breytt, en það má vera, að þeir, sem aldrei hafa lesið landsreikninginn eða fjárlögin, geti ekki sagt, að hve miklu leyti þetta nýja form er frábrugðið hinu eldra. En ég held, að þegar menn athuga það nánar, liggi það afarljóst fyrir.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Út af því, sem hæstv. forsrh. svaraði mér áðan, að efni frv. um sérstakan tekju- og eignarskatt til atvinnubóta væri nú tekið upp í fjárl., þá verð ég að segja, að mig furðar stórkostlega á því, að hæstv. forsrh. skuli taka sér önnur eins orð í munn, sem hann og aðrir vita, að eru bláber vitleysa.

Ég held, að ég verði að rifja upp dálítið af sögu þessa máls hér í d. vegna hans og hans flokks, sem ætti þó ekki að þurfa.

Upphaflega var málið flutt þannig, að leggja skyldi á sérstakan tekju- og eignarskatt, 360 þús. kr., þegar á þessu hausti. Flm. og n. féllust þó á, að þessi upphæð væri allt of lág. Brtt. kom því frá fjhn. um að bæta við þetta 100 þús. kr., og á móti yrði lagt tvöfalt á viðkomandi héruð. Þetta fékk góðar undirtektir hjá hv. flm. og n., sem ég talaði við. Það var vitað, að í því formi mundi meiri hl. dm. vera því fylgjandi. En einmitt þegar það er séð, flýtir einhver á flokksfundi Framsóknarflokksins sér að fá samþykkt fyrir því, að málið skuli ekki vera látið ganga fram.

Hæstv. forsrh. segir, að sama efni og er í þessu umrædda frv. komi nú í 22. gr. fjárl. En brtt. hans fer fram á að heimila stj. að taka fé að láni til þess að verja til atvinnubóta. Það er allt og sumt, sem þar stendur, og það er gert að skilyrði, að héruðin skuli leggja á móti tvöfalt framlag, án þess að nokkuð sé gert til þess að létta þeim að leggja fram þetta fé.

Ég verð að segja, að viðskilnaður hæstv. ráðh. og flokksins yfirleitt við það frv., sem ég verð að telja, að helzt hafi verið sýnd viðleitni í til þess að ráða bót á ástandinu, sem er framundan, sé í mesta máta til hneisu fyrir hæstv. ráðh. og flokk hans.

Það er rangt mál hjá hv. frsm., að verklegar framkvæmdir í fjárl. 1928 hafi verið minni en nú. Þær voru milli 800 og 900 þús. kr., þótt einn liður, þjóðvegir, væru lægri þá en nú. Það eru skröksögur, þegar hv. frsm. flytur þetta á þinginu. Árið 1928 var hærra en nokkurt ár undanfarið annað en 1925. Fjárl. fara vaxandi ár frá ári, og ríkissjóður verður stærri og stærri vinnuveitandi í landinu. Svo veit hv. frsm. mætavel, að þótt taldar séu upp framkvæmdir í fjárl., þá er þar í ekki helmingur þeirra framkvæmda, sem ríkissjóður hefir látið vinna, t. d. í vegamálum, og ekki nema 20% af því, sem varið er til skólabygginga. (**HJ**: En eru engar fjárveitingar í 22. gr.?). Ég veit ekkert, hvort stj. notar heimildina í 22. gr. og hvort héruðin geta lagt fram á móti, eða hvort stj. fær þetta lán. En jafnvel þótt þetta sé lagt fram, þá nær þetta ekki framkvæmdunum 1928 og ekki ⅓ af því, sem unnið hefir verið undanfarin ár fyrir ríkisfé. Á þennan hátt eru skornar niður framkvæmdir ríkisins, einmitt á þeim tíma, þegar atvinnuþörfin er mest, og það er ósæmileg afgreiðsla á fjárlögunum.

Annað held ég, að ég sjá ekki ástæðu til þess að segja. Við munum greiða brtt. minni hl. fjvn. atkv., ekki fyrir það, að ég telji þar neinu máli skipta, en við viljum reyna, hvort ekki er með neinu móti hægt að fá breyt. á fjárl., til þess að unnt verði að taka þau aftur til nýrrar afgreiðslu.

Um form fjárl. hafa þeir leitt saman hesta sína, hinir sprenglærðu fjvn.menn, hv. frsm. og hv. 4. þm. Reykv. Ég tel hið nýja form betra en hitt, sem fylgt var áður. Það er laukrétt, sem hv. frsm. fjvn. sagði svo skýrt og greinilega, að þetta er enginn vandi, aðeins að leggja nokkrar tölur saman og draga nokkrar tölur frá, þá er það fengið.

Magnús Guðmundsson: Það er aðallega út af forminu á fjárlagafrv., sem bæði hv. þm. Seyðf. og frsm. n. hafa verið að syngja lof, sem ég vil segja fáein orð. Ég efast ekki um það, að hægt sé að komast að réttri niðurstöðu um hag ríkissjóðs eftir því fyrirkomulagi, sem hér er ráðgert, og bera hann saman við, hvernig hann hafi verið áður, þó

að ég telji ýmsa galla á þessu nýja formi og erfiðara að átta sig á því en hinu gamla.

En það er sérstaklega eitt atriði, sem ég vildi spyrja hv. frsm. um, og það eru fyrningarnar. Á fjöldamörgum liðum í þessu frv. eru útgjaldaheimildir, sem heita fyrningar. Nú skil ég þannig frv. um ríkisbókhald, að ríkisreikningar eigi framvegis eins og hingað til að vera í sama formi og fjárl., og þá skilst mér, að það eigi í reikningi ríkissjóðs að telja greiddar á hverjum þessum lið þær fyrningar, sem fjárl. telja. En ef svo er, þá verða taldar á reikningi ríkissjóðs ýmsar fjárhæðir greiddar, sem alls ekki hafa verið greiddar. Og til þess að bæta úr þessu, þá er svo talið í sjóðsreikningi, að allar þessar upphæðir, sem eru taldar hafa verið borgaðar út, en aldrei hafa verið borgaðar út, séu endurgreiddar í sjóð.

Ég kann ákaflega illa við þessa bókfærslu. Ég kann illa við, að skrökvað sé í reikningi ríkissjóðs, að borgaðar hafi verið út 30—40 upphæðir, 3—400 þús. kr., þegar það hefir aldrei átt sér stað, og líka skrökvað, að þetta hafi verið borgað inn, sem alls ekki hefir verið gert, af þeirri einföldu ástæðu, að það hefir aldrei verið borgað út.

Ef meiningin væri að leggja þetta fé til hliðar í fyrningarsjóð, þá væri góð meining í þessu. En til þess er ekki ætlazt. Eins gæti verið góð meining í því, þegar verið er að gera upp rekstur ríkissjóðs, að taka þá í einu lagi upphæð til þess að koma á móti fyrningunum, og það gæti verið sama upphæð og þessar samanlögðu smáupphæðir. En hitt er ákaflega óviðkunnanlegt, að segja í landsreikningi, og upphæðir hafi verið borgaðar út og inn, þegar það hefir aldrei átt sér stað.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að þetta form er miklu flóknara en það, sem nú er, og erfiðara að fá yfirlit yfir niðurstöðurnar.

En út af ummælum hv. frsm. um það, hversu hátt gjöldin væru áætluð í fjárlagafrv., vil ég minna hann á, að ástæðan til þess, að hækkaðir hafa verið ýmsir liðir, er einmitt sú, að það hefir sýnt sig á síðustu árum hjá fyrrv. og að nokkru leyti núv. stj., að ýmsir gjaldaliðir hafa hækkað svo stórkostlega, að það hefir farið langt fram úr því, sem nokkru sinni hefir verið áður, og þarf ekki annað en benda á útgjöld til dómgæzlu og lögreglustjórnar til þess að sýna þetta, og þótt það sé áætlað hátt nú, þá hefi ég enga tryggingu fyrir því, að það fari ekki fram úr áætlun eins og áður. Eins og núv. dómsmrh. hefir ekki farið neitt eftir því, sem áður var veitt í þessu skyni, eins má búast við því framvegis. Um þetta veit ég ekkert, og hv. frsm. veit heldur ekkert um það.

Annars er það auðvitað rétt, að mikið er af útgjöldum, sem alls ekki er áætlað neitt fyrir í fjárl., og nefndi hv. frsm. þar stærstu liðina, lög og þáltill. o. fl., t. d. til Eimskipafél. 150 þús. kr., til atvinnubóta allt að 300 þús. kr. og svo lóðakaupin, sem þarf að vísu ekki að borga mjög mikið af á næsta eða yfirstandandi ári, en verður talsverður baggi í framtíðinni. Í 22. gr. eru auk þessara fjölmargir liðir, sem hrúgað hefir verið inn, sem ég verð að telja mjög óheppilegt og alltaf er að fara í vöxt.

Pétur Ottesen: Ég verð nú að segja það, að mér finnst, að fjmrh. hinn nýi ætti að vera viðstaddur, þegar rætt er um fjárlögin. Það ætlar þá að fara eins, þótt þrjú verði höfuðin á stj., og var meðan aðeins var eitt eða sem næst því, að ekki séu fleiri höfuð sjáanleg.

Mér finnst hæstv. fjmrh. hefja harla einkennilega göngu sína hér í d., þegar hann fer að mæla á móti því, að brtt., sem við í minni hl. fjvn. flytjum, verði samþ. Og það þegar af þeirri ástæðu, að um 1. brtt. má segja, að sú upphæð, sem þar um ræðir, sé lögboðin; það er nefnilega um að taka upp aftur 500 kr. fjárveitingu til þess að kenna lagalæknisfræði í háskólanum. Mér skilst, að það sé skilyrði fyrir því, að menn geti fengið próf frá læknadeild háskólans, að þeir verði hlutgengir læknar, að þeir eigi kost á því, að fá fræðslu í þessari grein. Því að í reglugerð, sem gefin var út árið 1912, var hreint og beint sett það skilyrði, að menn hefðu próf í lagalæknisfræði, til þess að þeir gætu öðlazt rétt til þess að verða læknar. En til þess að þeir

geti tekið próf, verður vitanlega að sjá þeim fyrir fræðslu í þessu efni.

Mér virðist því koma harla undarlega fyrir, að mælt skuli á móti því, að lagfært sé aftur það glappaskot Ed., að fella þetta niður. Og það er harðast að heyra, þegar rödd frá hæstv. stj. kemur fram til þess að andmæla þessari sjálfsögðu tillögu.

Í þeirri breyt., sem Ed. gerði um ráðstöfun á því fé, sem gert er ráð fyrir að veita til Stórstúkunnar, felst tvennt. Í fyrsta lagi það, að styrkurinn er lækkaður um 3300 kr., eða fyllilega það. Í öðru lagi felst í aths. við þennan lið svo hrapallegt vantraust á starfi Stórstúkunnar í landinu, þar sem það þykir nauðsynlegt að taka af henni umráðin yfir þessum hl. fjárins. Það er því hvorttveggja, að minnkað er það fé, sem hún á að fá til umráða, og ennfremur er það yfirlýst, að þeir menn, sem goodtemplarar velja til þess að standa fyrir bindindismálunum, séu ekki verðugir þess að fá þetta fé til ráðstöfunar. Þetta er hnefahögg framan í bindindisstarfsemina í landinu og blóðugt sár á þessari hreyfingu.

Ég held, að engir aðrir menn í þessu landi inni af höndum óeigingjarnara starf né þarfara en það, að koma í veg fyrir óreglu og drykkjuskap í landinu. En það er þá Alþingi, löggjafarvaldið, sem fyrir þetta óeigingjarna og þjóðnýta starf réttir þessum mönnum þann löðrung, sem felst í þessari aths. Ég vil bæta því við, að það er náttúrlega ekki úr háum söðli að detta um tillögur og athcina núv. og fyrrv. stj. til þessara mála. Því að einn af ráðh., sem var í gömlu stj. og var nú aftur að skjóta upp höfðinu í dag, skrifaði mikið um það í sitt blað, að menn ættu að drekka vín eins og kaffi, og að Íslendingar væru alls ekki samkvæmishæfir öðruvísi en undir áhrifum víns. Og þeir menn, sem voru og eru í landsstj., — ég undanskil þar hæstv. fjmrh. að öðru leyti en því, sem felst í ummælum hans, þegar hann leggst á móti þessari till. — hafa barizt með hnúum og hnefum á móti því, að styrkurinn til bindindisstarfsemi héldist. Stj. hefir fært hann niður í hvert skipti, sem hún hefir lagt fjárl. fyrir þingið, og það hefir orðið að vera verk Alþingis að hækka þennan styrk aftur. Þetta hefir hún alltaf gert og gerir það enn, og þá með þeim ósköpum, sem ég hefi nú lýst.

Um þriðju till. er það svo, eins og hv. 4. þm. Reykv. hefir lýst, að í Ed. var klipið af þeirri litlu fjárhæð, sem staðið hefir í fjárl. um mörg ár til Fiskveiðasjóðsins. Þótt ákvæðin um sjóðinn hafi verið bætt þannig, að fara á frekari leiðir til fjáröflunar, þá er þessi sjóður svo ákaflega vanmegnugur þess að inna af hendi það hlutverk, sem hann á að vinna, að honum myndi sannarlega ekki veita af því að halda þessu fé áfram. Frá sjálfstæðismönnum hefir legið fyrir frv. um að auka þennan sjóð, og seinast var það borið fram á þessu þingi, en við höfum ekkert komizt áfram með það, svo að ég legg ekki mikið upp úr þeim ummælum hv. frsm., að hækka mætti tekjur sjóðsins með því að breyta löggjöfinni um hann.

Náttúrlega mætti afsaka það, að vera á móti slíkri till. sem okkar, ef eitthvað væri í húfi um afgreiðslu fjárlaganna við að samþ. hana. En hvað getur verið í húfi? Ég held, að því sé yfirlýst bæði af stjórnarfl. og sjálfstæðismönnum, að þeir ætli að greiða fjárlagafrv. atkv. út úr þinginu. Hvað leiddi þá af því, að það, sem gert var í Ed., væri leiðrétt hér? Ekkert annað en það, að frv. væri samþ. hér í dag og á morgun óbreytt í Ed. Hv. frsm. talaði um, að í staðinn fyrir leiðréttingu, — og hann viðurkenndi, að þetta væri óréttmætt —, þá mundi koma annað. En það liggja ekki neinar brtt. fyrir aðrar en þessar þrjár. Það yrði þá Ed., sem yrði til þess að hefta framgang fjárlagafrv., og ekki er minnsta ástæða til þess að ætla það. Það er því engin ástæða á móti þessum brtt., að af því muni leiða aðrar eða meiri breyt. á frv. en þær, að lagfæra það, sem aflaga fór í Ed. Ég sé því enga skynsamlega ástæðu til þess að mæla á móti till. okkar, og því síður, þar sem enginn mælir brtt. Ed. bót.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Í þeim tilmælum mínum, að allar brtt. yrðu felldar, lá ekki það, að ég væri út af fyrir sig andstæður þeim öllum eða hverri einstakri, heldur lá hitt í því, að ég vildi,

að hv. d. lenti ekki í þrátefli við Ed. út af smáatriðum; því að ef við förum að breyta smáatriðum, hefir Ed. alveg sama rétt til smásmygli og við.

Það er einmitt trúin á það, að frv. verði nú samþ. án breyt., sem hefir komið í veg fyrir fjölda brtt., enda hefir það komið fram í umr., að brtt. stöðvuðust, vegna þess að menn gerðu ráð fyrir endanlegu samþ. frv. Þetta er aðalástæðan fyrir að breyta frv. ekki nú, og það er skylt að sjá svo til, að þeim, sem hafa látið till. sínar niður falla, verði að trú sinni.

Hv. þm. hélt því fram, að ég byrjaði einkennilega mína göngu, með því að óska eftir, að fjárlagafrv. yrði samþ. óbreytt. Hann hefir þó um langt skeið stutt hiklaust fjmrh., sem óskaði sömu afgreiðslu á fjárl. ár eftir ár í þessari hv. d. eins og nú er óskað eftir. Það er ekkert einkennilegt við þá ósk mína, en það mætti segja, að einkennilegt sé, að ég setjist einmitt í þennan sess við eina umr. fjárl. í Nd.

Pétur Ottesen: Ég þarf ekki að svara þessari ræðu hæstv. ráðh. að öðru leyti en því, að hann hélt því fram, að ég hefði alltaf orðið við tilmælum fyrrv. fjmrh. að undanförnu um að bera ekki fram brtt. við fjárl. við eina umr. í Nd. Ég held, að það sé hvorttveggja. Ég hefi oft verið með því að samþ. fjárl. óbreytt við eina umr. En mér hefir líka fundizt þau stundum það vansmíði, að ég hefi borið fram brtt. við þau, og svo er ástatt nú. En ég minnist þess aldrei, að till. þess eðlis sem þær tvær, um lagalæknisfræðina og gagnvart Stórstúkunni hafi verið samþ. í Ed. Þær eru þannig, að það þarf meira en meðalbrjóstheilindi til þess að kyngja þeim.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ef búizt hefði verið við því, að fjárl. yrðu opnuð, hefðu drifið að brtt. Það getur vel verið, en með því að enginn hefir haft hugboð um þetta, þá var tilganginum náð, þannig að þótt fjárl. væru nú opnuð og þessar brtt. samþ., þá er ekki um aðrar till. að ræða, af þeirri einföldu ástæðu, að engar aðrar brtt. liggja fyrir.

Ég gleymdi áðan að segja nokkur orð út af umr., sem orðið hafa út af formi fjárl. Það er nú raunar máske ekki mikið að marka, hvað ég segi um þá hluti, því að ég er nú ekki mikill reikningsmaður, enda reyndist mér þetta nýja form töluvert tormelt, og ég man ekki betur en að svo væri því einnig farið með hv. frsm. fjvn., þótt hann sé nú ákaflega reikningsglöggur og bókfærslufróður. Ég man nefnilega ekki betur en að við í fjvn. á þinginu sál. í vetur stæðum alltaf í þeirri meiningu, að við mættum verða heldur örari í till., því að við höfðum þó alltaf fyrningarupphæðina í bakhöndinni, og það var töluvert liðið á þetta þing, þegar sá óttalegi leyndardómur rann upp fyrir okkur, að þarna væri enginn varasjóður, heldur væri hér um færsluatriði að ræða. Þetta flæktist sem sagt fyrir nefndinni, og þá einnig fyrir hv. frsm., enda virtist mér sem hann treysti ekki hv. þdm. betur en svo til að átta sig á þessu, að hann tók að gera samanburð á nýja fjárlagafrv. og því gamla, svo sem til útskýringar fyrir þá.

Maður skyldi nú ætla, að þessir 28 menn, sem hér eru saman komnir í deildinni, væru heldur af skárri endanum, þar sem þetta eru kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, og þegar hv. frsm. verður nú að skýra þennan óttalega leyndardóm fyrir þeim, hvernig fer þá fyrir fólkinu úti um landið, sem á ekki kost á að njóta handleiðslu þessa reikningsfróða manns í þessum efnum? Þetta er sem sagt, eins og hv. 4. þm. Reykv. tók fram, e. t. v. bókfærslulega rétt, en svo er formið bezt, að hver meðalgreindur maður geti áttað sig á, hvernig hið raunverulega ástand er, en mér virtist sem þetta nýja form sé eingöngu skref aftur á bak í þeim efnum.

Frsm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. um fyrningarnar vildi ég segja honum það, að þær eru settar á rekstrarreikning til að sýna, hver hinn raunverulegi rekstrarkostnaður ríkisins er. Annað mál er það, að sjóðsreikninginn má færa á margan hátt til þess að fá hið rétta út, því að sjóðurinn á að vaxa um það, sem upphæðinni nemur, og fyrningar að geymast þar. Ef þær eru aftur teknar út, þá geymast þær í sérstökum reikningi og eignir ríkisins umskrifast í fastan sjóð. Um

þetta atriði þarf ég svo ekki að fara fleirum orðum.

Um það, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, að tekjuáætlunin væri lág, hefi ég ekki margt að segja, því að það er rétt hjá hv. þm. Þannig hefir það alltaf verið, og hv. 1. landsk. gat þess oft hér áður á þinginu, að svo væru tekjur varlegast áætlaðar, að þær reyndust 15—20% hærri en áætlunin næmi. En fjvn. hefir reynt að vinna að því, að tekjuáætlunin yrði sem næst sanni, til þess að fyrirbyggja þá allt of lágu áætlun, sem verið hefir.

Um það, sem hv. þm. Borgf. sagði, að hann efaðist um, að hugur fylgdi máli hjá mér viðvíkjandi Fiskveiðasjóðnum, þá er það að segja, að ég hefi ekkert loforð gefið í því efni. Hitt sagði ég, að rétta leiðin til að afla honum fjár væri að breyta löggjöfinni, en gaf engin loforð því viðvíkjandi. — Hv. þm. sagði, að engar brtt. lægju fyrir aðrar en þessar, og að engin hætta væri á, að fleiri kæmu, og því væri sjálfsagt að samþ. þær, en hv. þm. Seyðf. gat þess, að hann myndi fylgja þessum brtt. til þess að koma fleirum að, og á því getur hv. þm. séð, að fleiri hafa hug á að koma með brtt. Mér finnst það annars nokkuð djarft af hv. þm. Borgf. að bera hér fram till. um að hækka styrkinn til Stórstúkunnar, þegar búið er að lækka hann úr 10 þús. niður í 8 þús. í hv. Ed.

Hv. þm. var að tala um, að n. hefði ekki skilið hið nýja form sem bezt, en ég verð að mótmæla því fyrir mitt leyti. Ég var aldrei í efa um það, enda sjá hv. þdm. það, ef þeir lesa frv., að það, sem komið er inn í sjóðsreikningi, er greitt út í rekstrarreikningi, og hvernig geta menn þá látið sér detta í hug, að þarna sé um varasjóð að ræða?

Þá var hv. þm. að tala um það, að ég hefði vantreyst hv. þdm. til að skilja þetta nýja form og því hefði ég gert samanburð á því og hinu gamla. Ég vil mótmæla þessu sem staðleysu, en ég var við umr. fjárl. í hv. Ed. og heyrði þá, að einn flokksmaður hv. þm. Borgf. talaði um, að ekki væri hægt að gera þennan samanburð, og þess vegna var ég að sýna fram á, að það væri leikur einn.

Hv. þm. Seyðf. var að gera gys að skýrslu minni og hve erfitt væri að finna út ýmsar færslur í hinu nýja formi. Máske hefir hann verið einn af þeim hv. þm., sem héldu, að þarna væri fjársjóður mikill, þar sem fyrningarnar voru, og því fé mætti verja t. d. til vegagerða. Mér er mikil ánægja að því, ef nýtt ljós hefir runnið upp fyrir hv. þm. hvað þetta snertir við ræðu mína, og honum þyki það ekki lengur mikill vandi að finna þetta út.

Viðvíkjandi gamla forminu á fjárl. vildi ég svo að endingu taka það fram, að það var svo ófullkomið, að ekki var hægt að gera þar samanburð milli ára nema stórvillandi, en þetta form er þess eðlis, að nú er auðvelt að gera slíkan samanburð. Og hvernig á yfirleitt að hugsa sér, að bókfærslu ríkisins verði komið í sæmilegt horf nema með því að gera breyt.? Heldur hv. 2. þm. Skagf., að þetta form, sem hann fann upp 1924, megi ekki breytast, eða heldur hann, að það sé ekki hægt að bæta það og gera það ennþá skipulegra. Annars vil ég geta þess, að mér er það ljóst, að þetta form er ekki alfullkomið, eins og t. d. fyrningarfærslan, en slíkir smágallar standa til bóta.

Að endingu vil ég taka það fram, að ég mun greiða atkv. á móti öllum brtt., sem fram kunna að koma við þetta frv. Geri ég það ekki af því, að ég sé á móti brtt. í sjálfu sér, heldur af hinu, að ég er mótfallinn því, að opnaðar verði dyrnar þannig að fleiri brtt. komist að.

Magnús Guðmundsson: Hv. frsm. fjvn. hefir alveg misskilið mig, ef hann hefir skilið mig svo, að ég hefði á móti því, að áætlað væri fyrir fyrningum. Ég sagði, að þetta mætti gera með einni færslu í rekstrarreikningi, sem kölluð væri t. d. fyrning ríkissjóðseignа. Hitt virðist mér ekki rétt, að skrökva upp greiðslum til fyrninga í 30—40 stöðum í frv. og taka það svo aftur í sjóðsreikningi. Það gladdi mig, að hv. frsm. var sammála mér um þetta, og ég geri ráð fyrir, að þetta geti aldrei staðið lengi, heldur verði fljótlega úr því bætt. Þessir liðir eru uppdiktaðir með öllu, enda mun það koma á daginn síðar, og þýðir því ekki að vera að deila um þetta, en mér virðist sem hv. fjvn. hefði getað lagfært þetta

nú. Það verður gaman að sjá landsreikninginn fyrir 1931. Þar á að vísa til fskj. með hverjum lið. Ef um fskj. væri að ræða með þessum fyrningarliðum, ætti það að vera kvittun frá ráðh. um, að hann hefði tekið fé þetta úr sjóði ríkisins, en ég er þegar sannfærður um, að slíkt kemur aldrei til, því að enginn ráðh. mun fást til að skrökva þessu. Annars þýðir ekki að deila frekar um þetta; reynslan mun fljótlega sanna mál mitt, og það er hægt að bíða þangað til.

Pétur Ottesen: Ég vildi aðeins leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. frsm. fjvn., þar sem hann var að tala um styrkinn til Stórstúkunnar og hélt því fram, að ég færi fram á hækkun á honum með brtt. minni. Þetta er algerlega rangt, því að hið eina, sem ég legg til, er, að felld sé niður sú aths., sem tengd var við fjárveitinguna í hv. Ed. Annars vil ég benda hv. frsm. á það, að sú styrkupphæð, sem Stórstúkunni er ákveðin nú, er gagnstæð vilja allra þdm. Sumir hv. þdm vildu veita henni 12 þús. kr. styrk, en þeir, sem skemmst fóru, 10 þús. kr., og virðist því full ástæða að fella þessa aths. niður.

Magnús Jónsson: Það hefir sitt af hverju komið fram hér í umr., sem ástæða er til að tala um. Hv. þm. Seyðf. var að sneiða að okkur sjálfstæðismönnum fyrir það, að við ætluðum að samþ. fjárl. þrátt fyrir öll hreystiyrðin. Mér er ekki vel ljóst, við hvað hann á, en ég vil benda honum á, að ég greiddi atkv. á móti þeim, er þau fóru héðan úr deildinni, sökum þess, að búið var að fella till., sem fór fram á að binda hendur stj. þannig að hún mætti ekki misnota stöðu sína til fjársóunar, en heimila henni aftur á móti að skera niður framlög eftir eigin geðþótta, sem ákveðin voru í fjárl. Eins og hæstv. fjmrh. sagði, hefir verið talað hér allmikið um sambúð flokkanna, en nú hygg ég, að engum dyljist lengur, milli hvaða flokka sambúðin er, og þarf ég ekki annað en að vitna til ummæla hv. 3. þm. Reykv. um, að jafnaðarmenn varðaði ekkert um það, hvernig stj. væri mynduð og myndu því ekki amast við henni. Það voru ekki kaldar kveðjur, sem nýja stj. fékk frá jafnaðarmönnum, enda vita allir, að það er ekki á móti þeirra vilja, að hv. 5. landsk. er í stj., þar sem hann er tengiliðurinn milli flokkanna.

Ég veit ekki, hverju hæstv. forsrh. svaraði hv. 3. þm. Reykv. viðvíkjandi atvinnubótunum, sökum þess að ég var kallaður burt á meðan, en ef einhverjar ráðstafanir verða gerðar, þá get ég frekar fallizt á, að hæstv. stj. verði veitt lánsheimild en að nýr skattur verði lagður á. Eins og ég hefi áður sýnt fram á, er það, að leggja á nýjan skatt, nákvæmlega það sama og að draga úr atvinnu og skapa nýtt atvinnuleysi, með því að atvinnurekendur neyðast til að draga saman seglin og hætta öllum framkvæmdum. Ef á að gera ráðstafanir til atvinnubóta, er því eina eðlilega leiðin að fá fé til að ráðast í nýjar framkvæmdir, án þess að úr hinum dragi, sem nú er unnið að.

Hæstv. fjmrh. var að afsaka það, að hann væri nú svo nýlega seztur í þann sess, að hann hefði ekki skipt sér mikið af afgreiðslu fjárl., en mér skildist á hæstv. forsrh., að stj. hefði verið mynduð fyrir löngu. (**Forsrh.:** Hún var mynduð 1927). Nú, það var þessháttar orðaleikur, sem hæstv. forsrh. var með, en annars hélt ég, að stjórnarflokkurinn hefði það eins og ein dýrategund í Ástralíu, að ala fyrst ungana, en bera þá svo í poka þangað til ástæða þykir til að hleypa þeim út. Ég hefi það fyrir satt, að svo muni hafa verið, en ýmsra orsaka vegna hafi flokknum ekki þótt hyggilegt að lofa þjóðinni að sjá framan í tvíburana.

Annars skildist mér á ræðu hæstv. fjmrh., að hann væri að afsaka það vítaverða gáleysi Framsóknar, að skipa engan fjmrh., sem nokkuð léti til sín heyra meðan á afgr. fjárl. stóð, og ég álít, að það sé hrein hundaheppni, að ekki skuli vera í meira óefni komið en komið er með afgreiðsluna sökum þessara aðgerða, eða öllu heldur aðgerðaleysis.

Mér virtist hæstv. fjmrh. mæla á móti því, að fjárl. væru opnuð, sökum þess að það myndi draga þingið um nokkra daga, og var auðheyrt á ræðu hans, að nú ríður á, að þinginu verði slitið sem fyrst, úr því að hin nýja stj. er nú loksins komin fram á sjónarsviðið.

Ég hefði haft gaman af að fara nánar út í ræðu hæstv. fjmrh. um heimskreppuna, því að mér fannst þar kenna margra einkennilegra grasa, eins og t. d. er hann sagði, að erfiðleikunum yrði ekki mætt, nema viðurkennt væri, að stj. ætti enga sök á því ástandi, sem nú ríkir. Mér skilst, að þetta sé einmitt öfugt og að okkur ríði á því að gera okkur grein fyrir, hvað sé orsakað af okkur sjálfum, til þess að úr því verði bætt eftir megni, og þau víti séu til að varast. Við skulum t. d. taka bónda, sem kemst í heyþrot á hörðum vetri og segir sér til huggunar: „Ég felldi féð mitt, af því að það var svo harður vetur", og gengur svo áfram í þeirri villu, í stað þess að reyna að hafa nægilegt hey næsta vetur. Sannleikurinn er sá, að broddurinn í kreppunni er innanlands stjórnleysi. 1925 og 1926 mætti stj. kreppunni með því að létta af sumum þeim sköttum, sem lágu þyngst á framleiðendunum, til þess að geta aukið framkvæmdir að miklum mun. Það varð að vísu lítilsháttar tekjuhalli á landsreikningnum frá því ári, en ekki meiri en ríkissjóður var vel fær um að bera og ekki meiri en eðlilegt var og sjálfsagt hefði verið að láta jöfnunarsjóð bera á þeim erfiðu árum. Nú eru skattar aftur á móti hækkaðir og dregið úr framkvæmdum, í mótsetningu við það, sem fara á að, þegar kreppur skella á.

Ég skal ekki þræta við hv. frsm. um það, hvort það sé mikill vandi að bera saman fjárl. með gamla og nýja forminu. Hann sagði, að ég hefði getað það, og því mundi öðrum ekki verða skotaskuld úr því. Það er satt, ég er ekki stærðfræðingur, en ég vil segja það, að þótt honum, svo reikningsglöggum manni, sé það leikur, þá er það engin sönnun þess, að öðrum gangi það vel, sem lítið þekkja inn í slíkt.

Mér finnst það óheppilegt hjá hv. frsm., þegar hann var að verja þetta nýja form, að hann skyldi þá vitna í það, að fjvn. hefði getið skilið það. Ég veit ekki, hver ætti að skilja það, ef fjvn. skildi það ekki. Fjvn.menn eru búnir að sitja margar vikur yfir frv. Það væru meiru óskaplegu tossarnir, ef þeir væru ekki farnir að skilja það nú. En hinu getur hv. frsm. ekki neitað, að það er þó nokkuð þungskilið, en þó ekki svo, að hver meðalgreindur maður geti ekki lært það, með góðum kennara, en ég er viss um, að þeir verða margir, sem ekki fá rétt út úr samanburðinum tilsagnarlaust.

Hv. frsm. svipar í þessu efni til kennara eins, sem var ágætur latínumaður. Hann sagðist ekkert skilja í þeim mönnum, sem ekki gætu skrifað latneskan stíl rétt. Eins er með hv. frsm. Hann er reikningsglöggur maður, af því að hann hefir sérstaka aðstöðu til að vera það bæði sem yfirskoðunarmaður landsreikninganna og sem kaupsýslumaður. Þess vegna getur hann ekki komið því inn í sitt höfuð, að almenningi verði þetta torskilið.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ræða hv. 4. þm. Reykv. var á þá leið, að eitthvað skyldi að öllu vera.

Það er ómögulegt fyrir hv. þm. að mæla með neinum rökum á móti þeirri staðreynd, að samþykkt þessa frv. flýtir fyrir þingslitum, og það þykir ekki heppilegt að sitja lengur á þingi en þangað til búið er að gegna þeim ákveðnu og nauðsynlegu störfum.

Það er rétt, sem ég hefi sagt, að sú kreppa, sem nú gín við okkur, stafar af erlendum orsökum fyrst og fremst, og því nær eingöngu, en það er annað mál, hvernig við erum við henni búnir. Þetta er rétt, og út úr því verður ekki snúið.

Ég skal ekki fara langt út í það, hvernig fyrrv. stj. skapaði góðæri úr kreppunni 1924—25 með því að létta af sköttum. En hv. þm. veit það, að þær ráðstafanir voru gerðar fyrir tilstilli fjhn. Nd., sem ég átti þá sæti í, og sú n. var þar í andstöðu við þáv. fjmrh.

Ég vil svo að lokum segja það, að mér þykir óvarlegt af prestvígðum manni að tala svo mjög um poka í slíkri ræðu sem þessari.

Magnús Jónsson: Mér skildist á upphafi ræðu hæstv. fjmrh., að hann áliti um sjálfan sig, að þarna væri loksins kominn maður, sem ekkert væri hægt að finna að, og þótti óviðeigandi, að ég skyldi reyna það. Ég held, að þetta sé of mikið álit hjá hæstv. ráðh., án þess

að ég vilji vera að sneiða að honum, því að ég hefi von um, að hann reynist vel í starfi sínu, en hitt held ég að bregðist, að hann reynist óaðfinnanlegur.

Það er satt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þessi kreppa stafar að miklu leyti af erlendum orsökum. Það verður sjálfsagt svo með flestar heimskreppur, að við getum lítið úr þeim dregið. Það eina, sem við getum, er að vera viðbúnir, þegar kreppurnar koma. Við megum ekki láta þær koma að okkur óviðbúnum. Það er alveg eins og með bóndann. Hann getur ekkert við það ráðið, þó að harður vetur komi, það eina, sem hann getur gert, er að eiga nóg hey.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri annað mál, hvernig við værum við kreppunni búnir. Já, það er annað mál, og það verður hver maður að hafa hugfast, að það verður að hafa viðbúnað gegn þeim kreppum, sem að garði kann að bera.

Ég get að lokum játað það, að mín ræða er ófullkomin hjá ræðu hans. En óþarfi er það af honum að þola ekki að heyra poka nefndan þar sem hann er inni.

ATKVGR.

Brtt. 413,1 felld með 14 : 10 atkv.
— 413,2 felld með 14 : 9 atkv.
— 413,3 felld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTH, PO, EA, GÍ, HG.

nei: LH, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, HV, IngB, JörB.

Tveir þm. (JónasÞ, StgrS) fjarstaddir.

Atkvgr. um frv. sjálft frestað um stund, en síðar á sama fundi var frv. samþ. með 18 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍ, HStef, HJ, IngB, JÓl, LH, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, JörB.

nei: HG, HV, JJós, JAJ, MJ, VJ.

MG, ÓTh, EA greiddu ekki atkv.

Einn þm. (JónasÞ) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 422).

---

2. Fjáraukalög 1930.

Á 1. fundi í Nd., 15. júlí, var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1930 (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Nd., 17. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta frv. var fullprentað í vetur, er þing var rofið, en hafði ekki verið útbýtt. Er ekki ástæða til að fara um það mörgum orðum að þessu sinni, þar sem því fylgja ýtarlegar aths. Ég vil aðeins minna á, að árið 1930 var einstakt ár í sinni röð vegna hátíðarinnar, enda standa ⅔ hlutar gjalda á fjáraukalögunum í beinu sambandi við alþingishátíðina. — Vil ég leggja til, að þessu máli verði vísað til fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjvn. með 16 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 268).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Eins og hv. þdm. hafa séð af nál. því, sem hér liggur fyrir, kom fjvn. sér saman um að mæla með frv. óbreyttu til samþykktar. Ég vil samt leyfa mér að fara nokkrum orðum um ýmsa liði frv. Ætla ég þá fyrst að athuga 2. gr. Þar er veitt til aðgerðar á ráðherrabústaðnum 35 þús. kr. N. fannst þetta nokkuð hátt, þar sem fyrir fáum árum voru veittir tugir þúsunda króna til viðgerðar á þessu sama húsi. N. fékk þær upplýsingar, að þessi upphæð hefði aðallega farið til þess að láta stækka borðstofu, mála húsið utan og innan og setja steingirðingu kringum mestan part lóðarinnar. Það þarf svo sem ekki að kippa sér upp við það, þótt viðhald opinberra bygginga hér í Reykjavík sé ekki sérlega ódýrt. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem Alþingi kemst að raun um það. N. vildi ekki átelja þennan

kostnaðarlið. Það þurfti margt að gera slíkt fyrir hátíðarárið 1930; þá var von á fjölda erlendra gesta og leiðinlegt, að opinberar byggingar sem þessi væru ekki í sæmilegu ástandi. En n. væntir þess, að nú megi lengi una við þessa umbót á húsinu og Alþingi þurfi ekki að veita mikið fé næstu ár í þessu skyni.

Þá ætla ég að minnast nokkuð á 3. gr. frv. Það er kostnaður við tollmerkingu og söfnun innflutningsskýrslna, 33057.27 kr. Í aths. þeim, sem fylgdu frv., er ekkert minnzt á þetta atriði, en síðan n. lauk störfum, hefi ég aflað mér upplýsinga um, í hverju þessi kostnaður væri fólginn. Eftir þeim upplýsingum fer mestur hluti þessa kostnaðar í tollmerkingu tóbaks hér í Reykjavík; t. d. hefir verið greitt á árinu 1930 einu saman 25695 kr. fyrir þetta starf. Tollmerkingin fer hér fram á tollstöðinni undir eftirliti Grímúlfs Ólafssonar, og vinna að henni 3 kvenmenn og 1 karlmaður. Ég gat ekki fengið nákvæmar upplýsingar um kostnað við þessa merkingu úti um land, en hann er líklegast eitthvað nálægt 2000—3000 kr. Tollmerkingin ein mun því nema um 28 þús. kr., og er það þá langmestur hluti þeirrar upphæðar, sem færð er undir 3. lið.

Ég hygg, að þetta hafi ekki fyrr verið fært á sérstaka liði, heldur hafi verið látið heyra undir greiðslur samkv. sérstökum lögum. Í lögum nr. 48 frá 1925 eru gerðar breyt. á tollalöggjöfinni, á þá leið, að merkja skuli allar tóbakstegundir undir eftirliti lögreglustjóra eða umboðsmanns hans. Kostnaður við þessa merkingu hefir hingað til ekki verið færður sem sérstakir liðir í fjárl., en þann sið virðist sjálfsagt að taka upp, fyrst þessi upphæð er svona há.

Þá er undir sama lið færður kostnaður við söfnun innflutningsskýrslna. Það mun hafa verið árið 1925, að lögreglustjórum og sýslumönnum var boðið að safna þessum mánaðarskýrslum. Sýslumönnum mun hafa verið lofuð einhver þóknun fyrir þetta starf, og hafa þeir síðan sent reikninga til stj., suma allháa, fyrir þessum kostnaði. Stj. hefir ekki séð sér fært að greiða alla þessa reikninga að fullu; ég held, að hún hafi venjulegast greitt sýslumönnum frá 250 til 550 kr. fyrir söfnun þessara skýrslna.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þessa liði. Þeir eru báðir samkv. lögum, og sé ég því ekki ástæðu til þess að gera frekari aths. við þá.

Um 4. gr. er óþarft að fjölyrða. Aðalgreiðslan þar er til aðgerðar á gamla spítalanum á Kleppi, 35 þús. kr., og eftirstöðvar af byggingarkostnaði nýja spítalans á Kleppi, 7 þús. kr., og er það síðasta greiðsla.

Viðvíkjandi 5. gr. vil ég vísa til aths., sem fylgja frv. Það eru útgjöld til byggingar síma- og pósthúss á Selfossi, 30 þús. kr. Þessi bygging fór langt fram úr áætlun og hefi ég heyrt, að von muni á einhverjum reikningum í viðbót. En ekki tjáir að fást um það; húsið er nú komið upp, og ríkið verður að greiða kostnaðinn.

Þá er undir þessum lið allstór upphæð til flugfélagsins, og var hún greidd samkv. áskorun margra þingmanna.

Allstór upphæð er einnig til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki. Þessa fjárupphæð varð að veita strax, til þess að verjast frekari skemmdum á landi en þegar voru orðnar. Sama er að segja um sjóvarnargarðinn á Siglufirði.

Viðvíkjandi 6. gr. þarf ég ekki að taka margt fram. Aðalútgjaldaliðurinn þar er til undirbúnings nýs kirkjugarðs í Rvík, og 10 þús. kr. fjárveiting til aðgerðar og breytinga á menntaskólanum í Rvík, og er þetta greiðsla fyrir það síðasta, sem þar hefir verið unnið.

Þá er þarna ferðakostnaður handa biskupi á Ólafshátíð í Þrándheimi, 1200 kr., og aðrar 1200 kr. til Jóns Ófeigssonar yfirkennara, til þess að sækja námsskeið í sambandi við heilbrigðismálasýningu í Dresden. Þetta er eins og gerist og gengur; þegar embættismenn þjóðarinnar eru boðnir á erlend mót, er ekki hægt að skorast undan því að veita einhvern styrk til þess úr ríkissjóði.

Um 7. gr. er heldur ekkert verulegt að segja. Þar er veittur nokkur viðbótarstyrkur til dr. Bjargar Þorláksdóttur, og er það vegna þess, að hún bilaðist á heilsu suður í löndum og varð þar févana. Þar er líka veitt nokkur fjárupphæð til Vilhjálms Þ. Gíslasonar fyrir að-

stoð á landsbókasafninu þann tíma, sem Árni Pálsson bókavörður var á fyrirlestraferð í Ameríku, og er ekkert sérlegt við það að athuga.

Við 8. gr. eru svo greinilegar aths., að ég held, að hún þurfi tæpast skýringa við. Ég vil aðeins minnast á 3000 kr. fjárframlag til Skeiðaáveitunnar, í viðbót við þær 6000, sem veittar voru í fjárl. fyrir 1929. Kostnaður við þetta fyrirtæki verður því 9000 kr., í stað þeirra 6000 kr., sem áður var ákveðið. Varð að veita þessa viðbótarupphæð, svo að áveitan kæmi að fullum notum.

9. gr. er um greiðslu viðbótarlauna til nokkurra fráfarinna embættismanna, og er það samkv. venju, og því ekki ástæða til þess að fjölyrða um þann lið nú.

Þá kemur að 10. gr. frv., sem er aðalgrein þess. Þar er færður kostnaður við alþingishátíðina, samtals 608999,35 kr., og er það mikill hluti þeirrar upphæðar, sem fjáraukalög þessi hljóða upp á. N. sá ekki ástæðu til þess að fara nákvæmlega út í sundurliðun þessa kostnaðar, því að síðar mun gerð nákvæm grein fyrir öllum kostnaðinum við alþingishátíðina.

Þá er þar undir sama lið kostnaður vegna sænska ullarmálsins, 10000 kr. Ég hefi fengið þær upplýsingar, að mestur hluti þessa fjár hafi farið upp í greiðslu til oddamannsins í gerðardóminum, sem settur var í þessu máli, norska hæstaréttardómarans Alten. Og ég geri ráð fyrir, að einhver kostnaður við þetta mál sé enn óframkominn, en þó mun það ekki vera stór upphæð. Mér finnst, að við megum vel una við endalok þessa máls, þar sem við unnum það gersamlega og spöruðum okkur þar stór fjárútlát.

Ég hefi þá ekki meira að segja um þetta frv., aðeins vil ég geta þess, að 2 hv. nm. skrifuðu undir nál. með fyrirvara, en samt held ég, að þeir séu okkur hinum sammála í öllu, sem máli skiptir.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Nál. ber það með sér, að ég og hv. 4. þm. Reykv. höfum skrifað undir með fyrirvara.

Frsm. n. hefir nú aflað sér ýmsra upplýsinga, sem n. hafði ekki, þ. á m. um þessar 33057,27 kr., sem færðar eru í 3. gr. Þegar við yfirförum fjárlagafrv. síðastl. vetur, og líka í sumar, héldum við, að eitthvað af þessum kostnaði fælist í 12. lið í 11. gr., sem hefir verið áætlaður af stj. 15000 kr., en landsreikningarnir undanfarið hafa sýnt, að ekkert vit er að áætla hann lægra en 110 þús. kr. Við héldum, að þessi kostnaður, sem hér ræðir um, mundi heyra undir þennan lið, en nú er komið fram, að svo er ekki, og hefir hv. frsm. fjvn. útskýrt, hvernig þessari greiðslu er varið. Það kom fram í ræðu hans, að mikill hluti þessa kostnaðar, eða 25000 af 33000 kr., hefir farið til tollmerkingar tóbaks í Reykjavík. Hann skýrði frá því, að að þessu ynnu 3 kvenmenn og 1 karlmaður. Mér finnst það óhugsandi, þó að verkalaun séu há hér í Reykjavík, að öll þessi upphæð sé verkalaun til þessa verkafólks. Auðvitað býst ég við, að þetta sé húsaleiga o. fl., en samt finnst mér þessi liður nokkuð hár. En það virðist sjálfsagt að taka upp í fjárlagafrv. einhverja upphæð, sem mæti þessum kostnaði.

Í 2. gr. er farið fram á 35000 kr. fjárveitingu til aðgerðar á ráðherrabústaðnum. Fyrir n. lá ekkert um það, í hverju þessar aðgerðir ættu að vera fólgnar, en nú er komið fram, að þær aðgerðir hafa verið í sambandi við hátíðina 1930. N. þótti þetta grunsamlega mikil fjárupphæð, einmitt af því, að í fjárl. fyrir árið 1926 var veitt þessi sama upphæð í sama tilgangi. Þangað til hafði hirðingu hússins verið mjög ábótavant, og varð að dubba það upp utan og innan. Þá var það málað allt og veggfóðrað, sett í það miðstöð, og yfirleitt gert svo úr garði, að það sæmdi slíkri byggingu og þeim mönnum, sem þjóðin velur til þess að standa við stýrið á þjóðarskútunni. Í landsreikn. 1929 var liður, er nam 10 þús. kr. og varið hafði verið til viðgerðar á ráðherrabústaðnum og stjórnarráðshúsinu, en mér er ekki kunnugt um, hvað af því fé hefir lent til ráðherrabústaðarins. Þetta eru ekki neinar smáræðis upphæðir. Þó að það sé dýrt að taka hendinni til hér í Rvík, þá er þó hægt að byggja gott hús fyrir 35000 kr., og væri illt, ef þyrfti áfram að veita þá upphæð á 4 ára fresti, til viðgerðar ráðherrabústaðnum.

Þá er það 4. og 5. gr. Þar er gengið inn á nýja braut, með því að veita embættismönnum fé til kaupa á húsgögnum í

skrifstofur sínar. Einhver upphæð mun bæjarfógetanum í Reykjavík hafa verið veitt í þessu skyni, en nú eru allstórar fjárveitingar til kaupa á innanhúsmunum í skrifstofu landlæknis og í póst- og símahús í Neskaupstað. Ég veit ekki betur en að þeir, sem hafa veitt forstöðu pósthúsum hingað til, hafi sjálfir orðið að leggja sér húsgögn, og það yrði enginn smáræðis kostnaður fyrir ríkissjóðinn, ef hann ætti að fara að leggja hverju póst- og símahúsi á landinu húsgögn, og er þetta hættulegt fordæmi.

Í 5. gr. eru veittar 30 þús. kr. til póst- og símahúss á Selfossi. Hv. frsm. n. gaf það í skyn, að þessi upphæð mundi ekki vera nóg til þess að greiða þann mismun, sem varð á kostnaðaráætluninni og því, hve dýrt húsið varð í raun og veru. Við hv. 4. þm. Reykv. lítum svo á, að þegar eins stendur á og hér, eigi stj. að leita leyfis þingsins, **áður** en þessar fjárhæðir eru greiddar, en ekki láta sér nægja að koma eftir á og biðja þingið um blessun sína yfir þessu ráðlagi. Við vildum taka þetta skýrt fram, og var það aðalástæðan til þess, að við skrifuðum undir nál. með fyrirvara.

Við lítum svo á um þetta, og sama má segja um viðgerðina á ráðherrabústaðnum, að það var ekki aðeins réttara, heldur sjálfsagt, að stj. hefði áður leitað til þingsins um fjárframlög til þessara hluta, og þá fór það náttúrlega eftir vilja og ákvörðun Alþingis, hvort þetta yrði gert, og þá hvort það skyldi gera nú eða síðar.

Þá er í þessu fjáraukalagafrv. kostnaður við þrjár nefndir, sem setið hafa að störfum. Til póstmálanefndar eru veittar 3500 kr. fyrir starf hennar á árinu 1930, til kirkjumálanefndar 4799 kr., og loks er það í þriðja lagi kostnaður við hina svokölluðu laxanefnd, sem átti að athuga veiði í vötnum og ám, 2700 kr., og auk þess er í aths. sagt, að greiddar hafi verið 300 kr., sem ekki eru teknar upp í fjáraukalagafrv., svo að kostnaðurinn hefir verið alls 3000 kr. Og ávöxturinn af þessu er svo það frv., sem við höfum séð, um laxa- og silungaklak, og þingið virðist hafa viljað leggja ósköp litla rækt við.

Það er sagt í aths., að þetta sé lokagreiðsla til kirkjumálanefndar og að hún hafi nú lokið störfum. Nú er vitanlegt, að töluvert er eftir af þeim verkefnum, sem nefndin átti að vinna að samkv. því erindisbréfi, sem stj. gaf henni í öndverðu. Það ber væntanlega að líta svo á, að stj. áliti nóg komið af svo góðu og ætli ekki að veita meira fé til þess að nefndin ljúki þeim störfum, sem henni hefir ekki tekizt að koma í framkvæmd á þessum árum, sem hún hefir setið, og það er síður en svo, að ég sé að átelja stj. fyrir það. Ég býst við, að þetta sé ekki óskynsamleg ráðstöfun hjá henni.

Hitt er vitanlegt, að störfum póstmálanefndar og till. hennar hefir verið illa tekið af landsmönnum, og að því leyti sem þing og stj. hafa farið eftir þeim, hefir rignt yfir þingið áskorunum um að breyta til aftur. Niðurstaðan hefir því orðið sú, að þetta hefir verið lagt í hendur samgmn. hér í Nd., og ég var að lýsa eftir því fyrir nokkrum dögum, hvað þessu starfi n. liði, því að á stóru svæði í mínu kjördæmi eru menn mjög óánægðir yfir póstsamgöngunum, þar sem þeim hefir verið komið fyrir samkv. till. póstmálanefndar, og vil ég nota tækifærið til þess að endurtaka áskoranir mínar til samgmn.

Í þessu fjáraukalagafrv. er yfirleitt lítið um utanfararstyrki umfram það, sem fjárlög heimila, og miklu minna en áður hefir verið. Þó er hér viðbótarstyrkur til Finnboga R. Valdimarssonar til þjóðréttarnáms, og til Jóns Ófeigssonar yfirkennara, til þess að sækja námsskeið í sambandi við heilbrigðismálasýningu í Dresden. Það er ekkert við þessu að segja; það er sjálfsagt gott og nytsamlegt, að þessi maður kynni sér og hlusti á fyrirlestra um heilbrigðismál, sem að gagni mættu koma fyrir skólana, en það er mjög mikils um vert fyrir skólalíf okkar, að gætt sé hinnar ströngustu varúðar í þeim efnum. En mér virðist þetta koma dálítið undarlega fyrir, eftir því, hvernig stj. tók í það, að Kennarafélag Íslands ætti þess kost að hlusta á nokkra heilbrigðisfyrirlestra á samkomu, sem haldin var austur á Laugarvatni. Kennararnir voru búnir að gera mjög skynsamlegar ráðstafanir til þess að fá nokkra lækna eða sérfræðinga til þess að halda þar fyrirlestra um heilbrigðismál, en svo

er mér sagt, að hæstv. heilbrigðismálaráðh. hafi algerlega gripið í taumana og orðið þess valdandi, að enginn læknir fékk einu sinni að stiga sínum fæti þangað, hvað þá að segja eitt einasta orð um heilbrigðismál. — Þessi greiðsla til Jóns Ófeigssonar er nú eldri en þessi atburður, og þá virðist mér mikil afturför hjá heilbrigðisstj. um að vaka yfir heilbrigðismálum skólanna.

Ástæða væri til þess að minnast á fleiri liði. Langsamlega stærstu liðirnir eru í 10. gr., eins og hv. frsm. hefir tekið fram, en n. átti ekki færi á að athuga öll þau miklu útgjöld, sem þar um ræðir, t. d. 600 þús. kr. til alþingishátíðarinnar. Það verður auðvitað hlutverk endurskoðenda landsreikn. að lesa það niður í kjölinn. Alþingishátíðarnefndin skilar auðvitað öllum reikningum í hendur stj., og er líklega búin að gera það.

Ég vil undirstrika, að meginástæðan fyrir því, að við hv. 4. þm. Reykv. skrifum undir nál. með fyrirvara, er, að við álítum, að um ýmsar af þessum greiðslum hafi stj. borið skylda til að leita til Alþingis um heimild, áður en ráðizt var til framkvæmda. Það kunna að vera einstaka framkvæmdir, sem hefir borið svo bráðan að, að það hefir ekki verið hægt, og það er afsökunarvert; en meginið af þeim er svo vaxið, að fullkomlega var unnt að leita til Alþingis. Það er þetta, sem við vildum með okkar fyrirvara undirstrika og átelja.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru ekki nema fá orð, sem ég þarf að láta falla út af ræðum hv. frsm og hv. þm. Borgf.

Ég er sammála hv. þm. Borgf. um það, að þegar um framkvæmdir er að ræða, sem vitanlegt er fyrirfram, að þurfi að koma í verk, þá eigi það að vera regla að fá það tekið upp í fjárl. Hinsvegar lít ég svo á, að langstærstu upphæðirnar í þessu frv. falli ekki hér undir. Stærstu upphæðirnar eru vegna alþingishátíðarinnar. Alþingi skipaði sérstaka nefnd til þess að annast ráðstafanir vegna hennar, og auðvitað hlutu stórar upphæðir að fara til þess.

Af einstökum liðum nefndi hv. þm. réttilega 5. gr., póst- og símahús á Selfossi, og ég er honum sammála um, að það hefði átt að vera búið að koma til þingsins og fá sérstaka fjárveitingu í þessu skyni. En stj. áleit, að ekki yrði hjá því komizt að taka þá ákvörðun að flytja póstafgreiðsluna að Ölfusá, því að þar var orðin miðstöð héraðsins. Það var gert alllöngu áður en stofnað var til þess að koma þessu húsi upp, og þá var náð samkomulagi við hið nýreista Flóabú um að koma póstinum þar fyrir. En svo breyttist aðstaðan, þannig að ekki var lengur hægt að koma honum þar fyrir. Helzt hefði þá verið um að ræða að fá húsnæði í Tryggvaskála, en að öllu athuguðu þótti það ekki heppilegt; og þegar við vorum reknir út með póstinn, var ekki annað að gera en að sjá póstinum og símanum fyrir húsrúmi á þann hátt, sem gert var. En það fór því miður um þetta hús eins og svo margt annað, sem áætlanir hafa legið fyrir um, að þegar ákvörðunin var tekin að reisa þarna hús, var rætt um miklu lægri upphæð heldur en síðar kom á daginn, að húsið kostaði.

Þessa skýringu vildi ég láta koma fram. Það voru þessar sérstöku ástæður, sem ollu því, að ekki var hægt að leita til þingsins áður.

Það er rétt hjá hv. frsm. og hv. þm. Borgf., að það er ekki skemmtilegt að fá svona háar upphæðir um aðgerð á ráðherrabústaðnum, svo stuttu eftir að hann hefir fengið viðgerð. Húsameistara ríkisins var falið að koma húsinu í lag, og megnið af þessum kostnaði féll til, meðan ég var fjarverandi. En ég vildi geta þess, að orðalagið á liðnum er ekki tæmandi. Það var ekki aðeins um að ræða stækkun á borðstofu, málningu o. s. frv., heldur líka steingirðingu á tvo vegu, sem stafaði af því, að nágranninn reisti myndarlegt hús og steinvegg, sem ríkið varð að taka þátt í, og svo var einnig girt á aðra hlið. En í þessu er líka innifalið ýmislegt, sem nauðsynlegt var að kaupa til hússins og fylgir bústaðnum áfram, svo sem borðbúnaður og húsgögn.

Hv. þm. Borgf. gerði sérstaklega að umtalsefni tvo liði í 6. gr. Um viðbótarstyrk til Finnboga R. Valdimarssonar vil ég geta þess, að það var gert samkv. till. utanríkismálanefndar. Við þurfum að eignast menn, sem viðbúnir séu á sínum

tíma til þess að takast á hendur hin auknu störf, þegar við tökum utanríkismálin í okkar hendur.

Spaugsyrði hv. þm. út af styrknum til Jóns Ófeigssonar sé ég enga ástæðu til þess að fara út í.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 4).

Á 31. fundi í Ed., 17. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til fjvn. með 6 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 21. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 396).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfði og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Árnason): Fjvn. hefir athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd. Í aths. við frv. fylgja skýringar á flestum liðunum, og ætla ég ekki að þreyta hv. dm. á að endurtaka þær, heldur láta nægja að minnast á einstaka liði.

Það er þá fyrst 4. liður í 5. gr., sem er 20 þús. kr. fjárveiting til Flugfélags Íslands. Þessi heimild kemur ekki glöggt fram í frv., og ætla ég því að skýra hana dálítið. Ástæðan fyrir þessari fjárveitingu er sú, að stj. barst skjal frá meiri hl. hv. þm., þar sem þeir skora á stj. að veita flugfélaginu þessa upphæð.

Um næsta lið er það að segja, að hann er veittur samkv. till. samgmn. Að vísu var til heimild fyrir þessari fjárveitingu í fjárl. 1929, en fjárins var ekki krafizt fyrr en þetta.

Þá er það 7. liður í 8. gr. Eins og kunnugt er, hefir verið starfað að því undanfarið að undirbúa tryggingarstarfsemi hér á landi. Ríkið hefir haft mann, sem er kunnugur þeim málum, nokkuð lengi í þjónustu sinni, og ennfremur hefir n. haft þetta mál með höndum. Þessi upphæð er öll starfslaun, bæði þessa manns og n. Hér í þessu tilfelli er fylgt gömlum venjum og slíkar upphæðir eru oft í fjárlögum, en flestar smávægilegar.

4. liður í 10. gr. er kostnaður vegna sænska ullarmálsins. Var það mál sett í gerðardóm, og varð Ísland að greiða kostnað við oddamann að sínu leyti, og auk þess 7500 kr. í málskostnað til að fá úrskurð.

5. liður í sömu gr. er greiðsla til Páls Torfasonar. Sú greiðsla fór fram samkv. skriflegri áskorun meiri hl. allra þm.

Annars er ekki ástæða til að fara frekar út í frv. Legg ég til fyrir n. hönd, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónÞ, JónasJ, MT, PM, BSn, EÁrna, HSteins, IP, JBald, JónJ, GÓ.

nei: GL, JakM.

Einn þm (PH) fjarstaddur.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 428).

3. Fjáraukalög 1929.

Á 1. fundi í Nd., 15. júlí, var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929 (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., 17. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta frv. var borið fram í sama formi og nú á síðasta þingi, en náði ekki afgreiðslu. Því var þá vísað til fjhn., og vænti ég þess, að svo verði og gert að þessu sinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 177).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Fyrir hönd n. hefi ég ekki annað að flytja en það, sem segir í nál. á þskj. 177. Í frv. er leitað aukafjárveitingar á öllu því, sem yfirskoðunarmenn landsreikninganna gera till. um, og leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 17 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JÓl, LH, MG, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, JörB.
nei: EA, HV, MJ.
VJ, HG, JJós, JAJ, ÓTh, PO greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (ÁÁ, JónasÞ) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 13 ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 : 6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 2).
Á 29. fundi í Ed., 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 371 og 380).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Sú varð raunin í þetta sinn, eins og venja hefir verið undanfarið, að fjáraukalögin komu ekki til þessarar d. fyrr en nú undir þinglokin. Hefir fjhn. því, nú sem áður, haft lítinn tíma til athugunar á frv., en hún hefir notað þennan litla tíma, sem gafst, eins vel og tök voru á. N. hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu frv., eins og nál. ber með sér, en meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, og byggir þá till. sína bæði á þeirri athugun, sem n. vannst tími til að gera, og þó ekki síður á þeirri athugun, sem fjhn. Nd. gerði á frv. Var frv. lagt fyrir Nd. strax í þingbyrjun, og hefir því n. þar haft nægan tíma til athugunar á frv., og er því óhætt að leggja allmikið upp úr till. hennar. Og þar sem niðurstaða fjhn. Nd. kom að öllu heim við þá niðurstöðu, sem meiri hl. n. hér hefir síðar komizt að við athugun frv., sáum við meirihlutamenn ekki ástæðu til annars en að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt eins og það kemur frá Nd. — Ég vil geta þess strax, að hv. minni hl. hreyfði í n. þeirri aths., sem koma fram í nál. hans, en þar sem ég geri ráð fyrir, að hann muni gera frekari

grein fyrir þeim í umr., sé ég ekki ástæðu til að fara inn á þau atriði að svo stöddu. Mér þykir þó rétt að taka það fram, að þau ár, sem ég hefi átt sæti hér á Alþ., hefi ég jafnan átt hér sæti í fjhn., og minnist ég þess ekki, að nokkru sinni hafi orðið ágreiningur um atriði í fjáraukalögum, sem væru að nokkru leyti hliðstæð þeim atriðum, sem hv. 1. landsk. gerir nú ágreining út af og endurskoðendur landsreikningsins hafa ekki gert neinar beinar till. um. Hitt er annað mál, að um sum atriði í fjáraukalögum hafa endurskoðendurnir vísað til aðgerða Alþ., og hefir það þá verið svo að skilja, að atkvgr. skyldi skera úr. En eins og ég sagði, mun ég ekki að svo stöddu fara út í þessi ágreiningsatriði, sem hv 1. landsk. gerir hér á. Ég skal að vísu játa, að ég hefi ekki haft tækifæri til að kynna mér þau gögn, sem lögð voru fyrir endurskoðendur landsreikningsins, þegar endurskoðun hans fór fram, en þar sem fjhn. Nd. lagði til, að frv. væri samþ. óbreytt, og í henni á sæti einn endurskoðandi, sem er flokksbróðir hv. 1. landsk., virðist mér þar með allgildar stoðir renna undir það, að ekki sé ástæða til að gera ágreining um þessi atriði, sem hv. 1. landsk. hefir tint til. — Þykist ég svo ekki þurfa að hafa um þetta fleiri orð fyrir hönd okkar meirihlutamanna, fyrr en hv. minni hl. hefir skýrt frá þessum ágreiningsatriðum sínum.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Á þskj. 380 hefi ég leyft mér að bera fram 3 brtt. við þetta frv., og hefi ég í nál. mínu á sama þskj. gert allýtarlega grein fyrir þeim.

Útgjöld ríkissjóðs hafa orðið óvenjumikil árið 1929, meiri en nokkru sinni áður, og virðist því sérstök ástæða fyrir þingið að gefa því gaum, hvort ekki sé eitthvað í þessum útgjöldum, sem sé svo aðfinnsluvert, að rétt sé að gera tiltal út af því, eða jafnvel neita um greiðslur. Hefi ég valið úr 3 upphæðir, sem yfirskoðunarmenn landsreikningsins hafa gert sérstakar aths. við, og legg til, að þær verði látnar ganga út af frv.

1. brtt. mín er þess efnis, að neitað verði að samþykkja 398 kr. greiðslu, sem vikublaði stjórnarflokksins hefir verið greidd fyrir það, sem kallað er að birta dóm í máli gegn tilteknum borgara. Er það einsdæmi, að stj. noti svo ríkisfé til að borga blaði flokks síns fyrir að flytja lesmál, sem stj. lætur því í té að öðru leyti. Hefir stj. ef til vill haft heimild til að láta blaðinu þetta lesmál í té — ég skal ekkert um það segja út af fyrir sig —, en ég sé enga ástæðu til að greiða fyrir þetta fé úr ríkissjóði, enda hafa yfirskoðunarmenn landsreikningsins átalið þetta og gert till. til úrskurðar í þá átt að átelja hlutdræga notkun ríkisfjár, og er aths. til aðvörunar framvegis. Er þetta allkröftug áminning, samdóma frá öllum endurskoðendunum, og finnst mér því rétt að neita um heimild fyrir þessari greiðslu úr ríkissjóði, og þá sjálfsagt, að hlutaðeigandi vikublað endurgreiði upphæðina. Sýnist mér það hinn eini rétti endir á þessu máli.

Önnur brtt. mín gengur út á það að neita að svo stöddu um greiðslu á 9450 kr., sem færðar eru til gjalda sem kostnaður við „útdrátt nokkurra mála", eins og það er kallað. Yfirskoðunarmenn óskuðu eftir skýringu á þessum lið, en fengu ekki þá skýringu, sem þeim þætti fullnægjandi, því að þeir segja:

„Svarið er ófullnægjandi og því er ekki unnt að gera till. til úrskurðar".

Ég álít, að það sé ekki rétt að samþ. slíka fjárveitingu, meðan yfirskoðunarmenn telja sig hafa fengið svo ófullkomin svör, að þeir vilja ekki gera neina till. til úrskurðar. Ef fram kæmu þær upplýsingar síðar, sem þættu réttlæta þessa fjárveitingu, mætti veita heimild til að greiða þetta á því þingi, sem slíkar upplýsingar kæmu fram á.

Þriðja brtt. mín fer fram á það, að frestað sé að samþykkja fjárnotkun eða umframgreiðslu til héraðsskólanna, sem yfirskoðunarmenn landsreikningsins hafa gert aths. um. Veittar höfðu verið 20 þús. kr. til þess að reisa nýja héraðsskóla í sveitum, en stj. hefir notað rúmlega 137 þús. kr. í þessu skyni. Leiða yfirskoðunarmenn athygli að þessari miklu umframeyðslu og spyrjast jafnframt fyrir um það, hvaðan fé það hafi komið, sem lögum samkv. átti að koma á móti, því að ekki er heimilt að veita fé úr ríkissjóði til skólabygginga, nema framlög

komi á móti annarsstaðar frá. Yfirskoðunarmenn láta það ekki sérstaklega uppi, hvort þeim þykir svar stj. fullnægjandi, en það er á þá leið, að það, sem á kunni að vanta framlag annarsstaðar að til jafns við helmingstillag ríkissjóðs, verði að færast skólanum til skuldar. Get ég ekki annað sagt en að þetta er mjög ófullnægjandi svar, þar sem lög ákveða, að leggja megi fram til skólabygginga helming kostnaðar úr ríkissjóði gegn helmingsframlagi annarsstaðar frá. Það getur ekki staðizt, að eitthvað af síðari helmingnum sé ógreitt, en fengið að láni einhversstaðar og talið skólanum til skuldar. Hafa yfirskoðunarmenn og fleira við þetta að athuga, en úrskurðartill. þeirra er á þá leið, að heildarreikningur yfir kostnað af byggingu Laugarvatnsskólans sérstaklega, frá byrjun til ársloka 1930, verði saminn af fagmanni og lagður fyrir yfirskoðunarmenn landsreikn. 1930, og færa yfirskoðunarmenn þau rök fyrir, að reikningar yfir byggingarkostnað þessa skóla fyrir árin 1928 og 1929 séu svo ógreinilegir, að ekki sé við unandi. Með þessu fresta yfirskoðunarmenn til næsta árs að gera úrskurðartill. að efni til um þessa upphæð, og legg ég til, að Alþ. geri hið sama, og að liðurinn gangi að svo stöddu út af frv. Hinsvegar er þetta ekki till. frá mér um endanlega synjun fyrir þessari fjárveitingu, en ég vil, að þingið geymi sér að taka afstöðu til þessa, þar til yfirskoðunarmenn hafa fengið þær upplýsingar, sem þeir fara fram á, og gert fullnaðartill. til úrskurðar um þennan lið.

Að vísu gefa fleiri aths. og úrskurðtill. yfirskoðunarmanna fullt tilefni til að bera fram brtt. við þetta frv., en ég hefi látið hér við sitja að sinni, enda snerta þær aths. ekki allar upphæðir í þessu frv., og á því ekki við að gera þær að umtalsefni hér í sambandi við það, en um frv. í heild sinni vildi ég segja það, að þó að sú upphæð, sem farið er fram á aukafjárveitingu fyrir, sé óvenjulega há, eða tæpar 3 millj. kr., fer því þó fjarri, að frv. feli í sér heimild fyrir öllu því, sem eytt hefir verið árið 1929 umfram áætlun fjárl. Fjárnotkunin virðist hafa verið 17 eða 18 millj. kr., en útgjaldaheimild fjárl. nam tæplega 11 millj. Það hefir því fyrir utan það, sem felst í þessu frv., eyðzt umfram áætlun eitthvað 4—5 millj. Sýnir þetta bæði það, að mikið örlæti á ríkisfé hefir verið ríkjandi hjá þeirri stj., sem með völdin fór á þessu tímabili, en það sýnir líka hitt, að þessi tilhögun, sem hér er fylgt og fylgt hefir verið um samning og samþykkt fjáraukal., er mjög ófullkomin. Fjárlagafrv. sjálft hefir verið skýrt til yfirlits, og ekki nema um afturför að ræða í þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á formi þess að tilhlutun núv. stj., en hér er full þörf á umbótum að því er snertir meðferð fjáraukal., og gott tækifæri fyrir stj. til að bera fram umbótatill. um gerð þeirra, svo að greiðara væri að fylgjast með í því, hvort stj. fylgir ákvæðum fjárl. eða ekki, og þá að hve miklu leyti stj. víkur frá ákvæðum fjárl. Verður ekki annað sagt en að það séu léleg skil, þó að lögð sé fram sundurliðun á rúmum 2 millj. kr., þegar eyðzt hefir umfram fjárlagaáætlun alls í kringum 6—7 millj. kr.

Ég legg því til, að brtt. á þskj. 380 verði samþ. og geymi að gera frekari grein fyrir afstöðu minni til frv. í heild, þar til ég sé, hvernig fer um þessar brtt.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Hv. minni hl. hefir nú gert grein fyrir brtt. sínum, og þykir mér því rétt að gera grein fyrir afstöðu meiri hl. með örfáum orðum.

Um fyrstu brtt. er það að segja, að ég sé ekki, að aths. endurskoðenda gefi beint tilefni til hennar. Að vísu telja endurskoðendur þessa greiðslu athugaverða og að hún sé til viðvörunar framvegis.

Um aðra brtt. er það að segja, að vitanlegt er, að endurskoðendur hafa enga aths. gert við þann lið, sem brtt. fjallar um, og þar sem einn endurskoðandinn á sæti í fjhn. Nd. og skrifar undir nál. án fyrirvara, þá álít ég, að hann hafi talið, að við svo búið mætti standa. (J. Bald: Hann sá að sér síðar). Það getur verið, en ég ætlaði, að fara mætti eftir skjallegum heimildum.

Að því er síðustu brtt. snertir, þá hafa endurskoðendur gert ákveðna aths. við þann lið, sem hún fjallar um, en ég lít svo á, að ekkert sé dregið úr krafti

þeirrar aths., þó að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég sé svo enga ástæðu til þess að fara frekar út í þetta mál. Ég tel, að það sé Alþingi, sem á að skera úr um þessi mál, og get látið hjá líða að deila um þessa liði, sem ég skal játa, að ég hefi ekki getað kynnt mér nægilega. Ég held mér við till. meiri hl. og vona, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 2 umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. var borin undir atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, GÓ.

nei: HSteins, JakM, JónÞ, PM, BSn, GL.

JBald greiddi ekki atkv.

Forseti (GÓ): Ég lýsi því yfir, að ég tek til greina ástæður hv. 2. landsk. fyrir því, að hann greiddi ekki atkv., og 1. gr. frv. er því samþ.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): 2. málsgr. 44. gr. þingskapa mælir svo um, að engin ályktun sé lögmæt, nema meira en helmingur fundarmanna þeirra, sem atkvæðisbærir eru, greiði atkv. með henni. Nú eru hér 14 fundarmenn, og ég hefi heyrt, að hv. 2. landsk. hefir ekki greitt atkv., en ég veit ekki annað en að hann sé atkvæðisbær. Það er þá ekki meira en helmingur þeirra fundarmanna, sem atkvæðisbærir eru, sem hafa greitt atkv. með 1. gr.. frv.

Forseti (GÓ): Hv. 1. landsk. er títt um að vitna í 44. gr. þingskapa, en ég vil segja þar á móti, að það er önnur gr. í þingsköpunum, ekki langt frá þessari, sem telur þann mann ekki atkvæðisbæran, sem forseti getur metið ástæður hans gildar. Það er 47. gr.

Jakob Möller: Ég sé þetta bara ekki í 47. gr. Hún segir ekki annað en það sama og 44. gr. „Það er afl atkvæða, ef meiri hl. þm. þeirra, sem á fundi eru og atkvæðisbærir, gera annaðhvort að játa eða neita". Ég hefi hvorki heyrt hv. 2. landsk. játa né neita og ekki færa ástæðu fyrir. Enda má minna hæstv. forseta á það, að hann hefir áður fellt úrskurð samkv. 47. gr. gagnstæðan þeim, sem hann er nú að reyna að fella.

Forseti (GÓ): Ég nenni ekki að karpa við hv. 1. þm. Reykv. um þetta. **(JakM:** Gefst upp!). Það getur verið, að hann beri af flestum þm., en ég held mér við þennan úrskurð, sem ég hefi gert.

Jakob Möller: Ég vil þá skýrara minna hæstv. forseta á það, að við atkvgr. um frv. til l. um laun ljósmæðra á þinginu 1929 felldi hann alveg gagnstæðan úrskurð þessum úrskurði, einmitt byggðan nákvæmlega á sömu gr.

Forseti (GÓ): Sá úrskurður var alveg í samræmi við þennan.

2. gr. borin undir atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PH, EÁrna, IP, JónJ, JónasJ, GÓ.

nei: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JónÞ.

JBald greiddi ekki atkv.

Forseti lýsti 2. gr. samþ.

Brtt. 380,1 felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JBald, JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins.

nei: JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, GÓ.

Brtt. 380,2 felld með 7 : 7 atkv.

3. gr. borin undir atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, GÓ.

nei: GL, HSteins, JakM, JónÞ, PM, BSn.

JBald greiddi ekki atkv.

Forseti úrskurðaði, að 3. gr. væri samþ.

4.—5. gr. bornar undir atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, GÓ.

nei: JakM, JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins.

JBald greiddi ekki atkv.

Forseti úrskurðaði, að 4.—5. gr. væru samþ.

Brtt. 380,3 felld með 7 : 7 atkv.

6.—11. gr. bornar undir atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, GÓ.

nei: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM.

JBald greiddi ekki atkv.

Forseti lýsti 6.—11. gr. samþ.

Jakob Möller: Ég vildi gjarnan fá hreinan úrskurð forseta um það, af hvaða ástæðum hann telur hv. 2. landsk. óatkvæðisbæran. Þessi hv. þm. sagði í ræðu sinni áðan, að hann ætlaði ekki að greiða atkv., en ég man ekki eftir og ég held að ekki sé hægt að tilfæra neina ástæðu, sem hann hafi fært fram, sem geri það að verkum, að hann teljist óatkvæðisbær. Hann sagði ekki, að sér væri málið of skylt, þar sem hann var stuðningsmaður stj. 1929, þegar þessu fé var ráðstafað, en það gæti að vísu talizt ástæða til að úrskurða hann óatkvæðisbæran, en þá yrðu líka fleiri hv. þdm. óatkvæðisbærir, og þá ekki sízt hæstv dómsmrh. Mér finnst því engin önnur ástæða vera fyrir hendi en að þennan hv. þm. skorti skilyrði til þess að geta gert sér grein fyrir málinu, sem borið er undir atkv. Vildi ég gjarnan fá úrskurð hæstv. forseta fyrir því, af hvaða ástæðum hann telji hv. 2. landsk. óatkvæðisbæran. En ef sá úrskurður fæst ekki, skoða ég það sem viðurkenningu hæstv. forseta um, að hæfileikaskort hv. 2. landsk. sé um að ræða.

Forseti (GÓ): Ég er búinn að úrskurða þetta og get því ekki gert það aftur við þessa umr.

Jakob Möller: Hæstv. forseti hefir ekki úrskurðað, hvort hv. 2. landsk. sé atatkvæðisbær.

Forseti (GÓ): Hv. 2. landsk. hefir skýrt frá því, af hvaða ástæðum hann greiði ekki atkv., og ég hefi úrskurðað, að þær ástæður skuli gildar teknar. Ég get ekki séð að hægt sé að skilja það öðruvísi en að ég hafi þar með úrskurðað um atkvæðisbæri hv. þm.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, GÓ.

nei: JakM, JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins.

JBald greiddi ekki atkv.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Ég óska þess, að það sé innfært í gerðabók, að ég hafi, fyrir hönd þeirra þm., sem greiddu atkv. móti þessu frv., mótmælt því, að þetta frv. sé löglega samþ. og vísað til 3. umr., og vísa í því sambandi til 44. gr., 2. mgr. og 47. gr. laga um þingsköp Alþingis.

Jón Baldvinsson: Mér var kunnugt um skilning hæstv. forseta á þessu ákvæði þingskapanna, síðan hann felldi úrskurð sinn um atkvgr. í ljósmæðramálinu, og ég held, að sá úrskurður sligist ekki undir hv. 1. landsk. Annars skal ég segja það, að ég álít úrskurð, sem felldur var í Nd. við svipaða atkvgr., ekki réttan. Þar var málið talið samþ. með 14 : 13 atkv., þótt einn þm. hefði lýst því yfir, að hann greiddi ekki atkv., og ekki komu fram sömu forsendur sem nú í þessari deild.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 4 : 6 atkv.

Á 38. fundi í Ed., 22. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Jakob Möller: Ég ætla í raun og veru ekki að ræða málið sjálft. (**Forseti:** Ég veit þá ekki, hvers vegna hv. þm. hefir staðið upp). Ég tel, að þetta mál sé ekki réttilega komið hingað til 3. umr. Ég skoraði á hæstv. forseta í lok 2. umr. um LR. að bera þann úrskurð sinn, að hv. 2. landsk. væri ekki atkvæðisbær, undir þessa hv. deild. Þessu neitaði hæstv. forseti, þrátt fyrir skýlaust ákvæði 44. gr. þingskapa, að gera slíkt, sé þess krafizt af einhverjum þm. Hæstv. forseti bar því við við 2. umr., að málið væri þegar afgr. til 3. umr. Hvort málið er því hér löglega eða ólöglega til umr., byggist á því, hvort þessi úrskurður forseta er réttur eða rangur. Þess vegna krefst ég þess, að

þessi úrskurður hæstv. forseta sé borinn undir hv. deild, og ef deildin fellir úrskurðinn, er málið hér ólöglega til umr.

Forseti (GÓ): Ég ætla, hv. 1. þm. Reykv. til skýringar, að lesa upp 4. mgr. 44. gr. þingskapa. Hún hljóðar svo:

„Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins".

Ég lít svo á, að þessi þm., sem hér er nefndur, sé sá þm., sem um er deilt, en ekki hv. 1. þm. Reykv., og álít því að ekki þurfi að taka kröfu hans til greina.

Jakob Möller: Ég gat búizt við ýmsum tiltektum af hæstv. forseta, ekki af því, hvernig hann er sjálfur gerður, heldur vegna þeirrar neyðar, sem flokkur hæstv. forseta er í. En ég hefði ekki trúað því, að hæstv. forseti léti sér detta í hug að úrskurða, að það væri aðeins sá þm., sem neitar að greiða atkv., sem hér væri átt við, því það er eini þm. í deildinni, sem vist er, að aldrei gerir kröfu til þess, að það sé borið undir deildina, hvort úrskurður forseta sé réttur. Það liggur og í augum uppi, að ef það væri þessi þm. einn, sem rétt hefði til þess að krefjast þess, væri það skýrt fram tekið, að „þingmaðurinn" gæti krafizt þess. En í þessari mgr. er aðeins „þingmaður", og á það að sjálfsögðu við hvern þm. sem er. Þetta er tvímælalaus skýring á þessu ákvæði. Hæstv. forseti getur því sleppt þessum krókaleiðum. Hann ætti heldur að neita því skýringarlaust að bera þetta undir deildina heldur en að bera þessu við. Það liggur í hlutarins eðli, að þm., sem um er deilt, hvort atkvæðisbær sé eða ekki, hefir allra þm. minnst um það að segja. Ég held því fast við þá kröfu mína, að hæstv. forseti skjóti þessu undir deildina, og tel hann hafa brotið þingsköpin ella.

Magnús Torfason: Ég er á sömu skoðun og hæstv. forseti um það, að það sé aðeins þm., sem um er deilt, sem hafi rétt til þess að skjóta úrskurði forseta undir atkv. deildarinnar, og það því aðeins, að úrskurður forseta gangi honum í móti. Skal ég í þessu sambandi lesa upp síðari mgr. 53. gr. þingskapa, sem hljóðar svo:

„Ef þingmaður er fjarstaddur í leyfisleysi, þegar til atkvæða er gengið, eða neitar að greiða atkvæði við nafnakall, án þess að færa gildar ástæður (44. gr.), þá missir hann af dagkaupi sínu þann dag".

Það, sem við er átt í 44. gr. og þm. getur skotið undir deildina, er því það, hvort hann eigi að sæta þeim viðlögum að missa af dagkaupi.

Forseti (GÓ): Ég held, að hv. 2. þm. Árn. hafi komið hv. 1. þm. Reykv. í skilning um, að það skipti mann ekki litlu máli, hvort hann er atkvæðisbær eða ekki. En það var einmitt hv. 1. þm. Reykv., sem hélt því fram, að það væri eini maðurinn í deildinni, sem kæmi það ekkert við. (**JakM** hlær). Ég vildi óska, að hv. þm. hlæi ekki hátt, þótt mikill sé spekimunur okkar. Það er því ekki til neins að þrátta við mig um þetta, og hv. 1. þm. Reykv. verður að tala við sjálfan sig um það, ef hann vill tala meira.

Pétur Magnússon: Ég vil alls ekki fara fram á það við hæstv. forseta, að hann hagi úrskurði sínum hér í deildinni þannig, að það komi í bág við hagsmuni hans eigin flokks. En hins vil ég óska, að hann meti þessa deild svo mikils, að hann felli ekki úrskurð, sem komi í bág við heilbrigða skynsemi og feli það álit í sér, að það gildi ekki meir en eins dags kaupmissi að greiða atkv. móti betri vitund. Slíkt tel ég móðgun við þessa hv. deild. Ég hefi enga tilhneigingu til þess að gremja hæstv. forseta, en þessum úrskurði verð ég fyrir hönd **flokks míns** að mótmæla.

Forseti (GÓ): Ég held, að hv. 4. landsk. sé ekki ljóst, hvað hann er að segja, þótt hann sé lögfróður. Hér er ekki um það að ræða, hvort hv. 2. landsk. eigi að missa kaup sitt eða ekki. Hv. þm. gerði grein fyrir því, hvers vegna hann greiddi ekki atkv., og ég tók þær ástæður gildar.

Jakob Möller: Út af þeim ummælum hæstv. forseta, að standa ætti „deildarmaður" í 4. mgr. 44. gr. þingskapa, ef ekki væri átt við, að það væri sami þm., sem úrskurða á, hvort atkvæðisbær sé og sem getur skotið þeim úrskurði til deildarinnar, vil ég segja það, að mig undrar, hve illa hæstv. forseti les þingsköpin áður en hann fellir úrskurði. Ástæðan til þess, að stendur „þingmaður", en ekki „deildarmaður", kemur skýrt fram í 3. mgr. 44. gr., því hún sýnir, að það er ekki einungis átt við deildarmann, heldur einnig þm. í Sþ. En ef átt væri við ákveðinn þm., yrði að taka það sérstaklega fram. Hver þm. á því þessa kröfu. Þessi undanfærsla hæstv. forseta frá að bera þetta undir deildina er því gersamlega óréttmæt.

Forseti (GÓ): Það getur verið rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að það ætti að standa „hver þingmaður", en ekki „hver deildarmaður", en hitt er, að það stendur aðeins „þingmaður". Annars skal ég láta hv. þm. vita, að ég talaði um þetta mál við einn af flokksbræðrum hans, sem nærri því er eins skynsamur og hv. þm., og var hann á sama máli og ég um þetta atriði.

Jón Jónsson: Mig furðar á þessum umr. Það er rifizt út af þingsköpum, og það eftir að hæstv. forseti hefir fellt úrskurð. Ég veit ekki, hvernig á að fara öðruvísi að en hæstv. forseti hefir gert. Hann hefir úrskurðað skýrt og greinilega og í samræmi við úrskurð, sem hann hefir fellt fyrr hér í þessari hv. deild. Eða hvernig á forseti öðruvísi að fara að?

Um það atriði, hvort það sé þm. sá, sem í hlut á, einn, sem megi skjóta úrskurði forseta til deildarinnar, sýnist mér ekki þurfa að deila. Það er því hreinasti sleggjudómur hjá hv. 4. landsk., að hæstv. forseti hafi móðgað deildina. Vildi ég skjóta því til hv. deildar, hvor hefði móðgað deildina meira, hæstv. forseti eða hv. 4. landsk.

Halldór Steinsson: Hv. 2. þm. Árn. hefir látið lögfræðiljós sitt skína hér í þessari hv. deild bæði í gær og í dag, en svo óheppilega vildi til, að hann fór þar í gegnum sjálfan sig. Hv. þm. vitnaði í gær til 44. gr. þingskapa því til sönnunar, að forseti gæti ráðið því, þegar svo á stæði, hvort þm. væri atkvæðisbær eða ekki. En nú í síðustu ræðu sinni segir hann, að þetta atkvæði 44. gr. nái aðeins til 53. gr. að því er snertir þingvíti.

Ég álít, að yfirleitt geti forseti engu um það ráðið, hvort þm. sé atkvæðisbær eða ekki. Það er aðeins á einum stað í þingsköpum, sem gert er ráð fyrir því, að þingmaður sé ekki atkvæðisbær, og það er þegar um fjárveitingu til hans sjálfs er að ræða. Annars lít ég svo á, að þm. sé alltaf atkvæðisbær og forseti geti ekkert úrskurðað um það.

Nú eru hér í deildinni 14 atkv., en með málinu hefir ekki fengizt nema helmingur þeirra. En það er skýrt fram tekið í 47. gr. þingskapa, að meira en helming atkv. þurfi til þess að mál sé löglega afgreitt.

Magnús Torfason: Ég skal ekkert um það segja, hvort úrskurður forseta um það, hvenær þm. sé atkvæðisbær, sé réttur eða ekki. Það stendur svo á, að forseti hefir oft úrskurðað þetta. Við umr. fjárl. var það t. d. margoft tekið gilt, að brtt. væri samþ. með 7 : 6 atkv. og 1 greiddi ekki atkv. (**HSteins:** Það var af því, að því var ekki mótmælt).

Ég hefi ekkert sagt um það, hvort úrskurður forseta sé réttur eða rangur. Það, sem ég sagði, var, að úrskurður forseta væri lög fyrir deildina í þessu efni.

Hvað það snertir, hver geti kært úrskurð forseta, var þeim skilningi, sem ég hefi haldið fram, slegið föstum á vetrarþinginu 1916, fyrsta þinginu, sem þessum þingsköpum var beitt.

Pétur Magnússon: Ég vil benda hv. þdm. á, að þótt þessi lög verði talin samþ. og fái staðfestingu konungs, öðlast þau aldrei lagagildi og er því þýðingarlaust að samþ. þau undir þessum kringumstæðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. og 41. fundi í Ed., 22. og 24. ágúst, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 24. ágúst, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 : 6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 456).

Jón Þorláksson: Ég vil biðja þess getið í gerðabók d., að við atkvgr., sem fór fram með handauppréttingu, hafi ekki nema helmingur viðstaddra þdm. greitt atkv. með frv., og ég mótmæli því, að frv. sé löglega samþ.

Forseti (GÓ): Ég lýsi yfir því, að ég færi fram sömu ástæður og áður fyrir því, að ég skoða hv. 2. landsk. ekki atkvæðisbæran í þessu máli, og tek gildar ástæður þær, sem hann bar fram fyrir því fyrir 3 dögum, að hann myndi sitja hjá atkvgr.

---

4. Landsreikningur 1929.

Á 1. fundi í Nd., 15. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum 1929 (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Nd., 17. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Um þetta frv. er hið sama að segja og hið fyrra (frv. til fjáraukal. 1929), og óska ég, að því verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3. n. 178, 179).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Fyrir n. hönd get ég að mestu leyti látið nægja að vísa til nál. á þskj. 178. Reikningurinn sjálfur, með aths. yfirskoðunarmanna, svörum ráðh. og till. yfirskoðenda til úrskurðar hefir legið fyrir og hann gefur nákvæmt yfirlit, svo að ekki er hægt að gefa jafnnákvæmt yfirlit í ræðu.

Yfirskoðunarmenn hafa gert allmargar aths. og till. til úrskurðar, að fengnum svörum ráðh. Það væri of langt mál að rekja þetta allt hér, enda er það óþarfi, af því að þetta liggur allt fyrir skjallega með landsreikningnum.

Yfirskoðunarmenn hafa verið sammála um allar till. nema eina, 38. till. En sú till. verður borin sérstaklega undir álit og atkv. d., með því að hv. 2. þm. Skagf., sem er yfirskoðunarmaður og einnig í fjhn., hefir borið fram brtt. á þskj. 179 út af þessari aths. Jafnframt má geta þess, að þáltill. sú út af samþ. LR., sem fjhn. ber fram, snertir einnig þetta sama atriði.

Um leið og n. leggur til, að reikningurinn verði samþ., vísar hún almennt til till. yfirskoðunarmanna. Sérstaklega vill hún þó vekja athygli á 23., 27., 33. og 34. till.

Að svo stöddu hefi ég ekki fyrir n. hönd meira að segja, og leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 3. umr.

Magnús Guðmundsson: Eins og hv. frsm. fjhn. tók fram, á ég brtt. á þskj. 179 við þetta frv., og til þess að skýra hana vil ég vísa til 38. aths. yfirskoðunarmanna LR. fyrir 1929. Þar er bent á, að á árinu 1929 hefir verið greitt úr ríkissjóði á aðra millj. króna, sem síðan er talið endurgreitt í maí 1930 og fært undir 31. des. 1929. Svo er þetta fært sem gjöld á árinu 1930 og verður þannig til þess að minnka útgjöld á árinu 1929, en auka þau á árinu 1930. Hér er um að ræða stórar upphæðir, sem skipta verulegu máli. Það er til síldarbræðslustöðvarinnar 450 þús. kr. rúmar, til Þingvallavegar rúml. 250 þús. kr., til Arnarhváls 115 þús. kr. og til landsspítalans 225 þús. krónur.

Ég verð að segja það, að mér finnst það undarleg reikningsfærsla að telja, að svo mikil upphæð sé endurgreidd ríkissjóði, þegar langt er komið fram á næsta reikningsár, án þess að nokkur endur-

borgun hafi átt sér stað. Það er búið til í bókum ríkisins, að þessar endurborganir hafi farið fram, en þær hafa aldrei farið fram. Þetta hefir þau áhrif, að 1929 er enginn tekjuafgangur, heldur tekjuhalli, þótt á reikningnum sé tekjuafgangur talinn tæp 1 millj. kr.

Í LR. kemur þetta þannig fram, að talið er í 18. liðnum, að sjóður hafi aukizt á árinu um rúml. 1 millj. 300 þús. kr., í stað tæpl. 300 þús. kr., því það er upplýst, að af þessari upphæð, sem talin er aukinn sjóður, er búið að greiða reikninga, sem eru talsvert á 2. millj. kr. Hér er því um beina villu að ræða. Mér finnst því hvorki sæmilegt né rétt af Alþingi að samþ. reikninginn eins og hann liggur fyrir.

Það getur verið, að mér verði svarað því, að það hafi komið fyrir áður, að greiðslur hafi verið fluttar milli ára, og er það rétt, en það hefir verið í svo smáum stíl, að ekki hefir verið ástæða til að gera aths. við það, því að það hefir fjárhagslega ekki skipt máli. En þegar þessar millifærslur nema milljónum eða meira, þá verður þingið að grípa í taumana, því reikningar ríkissjóðs mega ekki gefa ranga hugmynd um afkomuna, en það gerir þessi reikningur.

Til þess að sýna, að hér er ekki farið í neina lúsaleit í þessu efni, heldur aðeins teknar þær upphæðir, sem máli skipta, skal ég geta þess, að það eru ýmsar fleiri upphæðir, sem greiddar eru á árinu 1929 og taldar endurgreiddar pr. 31. des. 1929, en eru svo færðar til gjalda á árinu 1930. Ég hirði ekki um að greina þessar tölur hér, en hefi þær á reiðum höndum, ef á þarf að halda. Þessar upphæðir skipta þó nokkrum tugum þúsunda, og þori ég að fullyrða, að áður hefir það ekki þekkzt að færa stærri upphæðir milli ára.

Ég skal svo ekki fyrst um sinn segja meira um þessa till., en ætla að drepa hér á örfáar af þeim athugasemdum, sem endurskoðendur landsreikninganna hafa gert.

Ég skal fyrst nefna 1. aths., sem er um það, hve síðbúinn landsreikningurinn 1929 var. Það ætti að vera hægt að hafa landsreikninginn tilbúinn ekki síðar en um miðjan október næsta ár á eftir, enda ætlast endurskoðendur til, að það verði svo framvegis.

Þá vil ég nefna hér 20. aths., sem er viðvíkjandi holdsveikraspítalanum í Laugarnesi. Það sést af reikningum ríkissjóðs, að árið 1929 var varið hárri upphæð til þess að gera við holdsveikraspítalann og að ennfremur hafa verið gerðar þar íbúðir fyrir ýmsa menn, en á reikningnum er ekki færð til tekna nein leiga af þessum íbúðum. Nú hefir stj. svarað því á þann veg, að leigan muni nema því, sem svarar vöxtum af því fé, sem varið hefir verið til íbúðanna, og er þess að vænta, að hún komi til tekna á reikningnum 1930. Annars er mér sagt, að þessar íbúðir séu leigðar óhæfilega ódýrt. Auk þess er hér að gæta, að eftir því sem ég veit bezt, er þetta hús ekki eign ríkissjóðs nema á meðan þess er þörf fyrir holdsveika menn, og ætti þess vegna auðvitað ekki að leggja í kostnað nema með samþykki eigenda þess, og þá ekki nema að fáist a. m. k. fullir vextir af því fé.

Þá vil ég ennfremur benda á 21. aths. Hún sýnir, að ríkissjóður hefir í árslok 1929 skuldað Eimskipafél. vegna strandferða nær því 70 þús. kr. Þessi upphæð er hvergi færð með lausum skuldum ríkissjóðs í árslok 1929, eins og hefði átt að gera. En náttúrlega hefir þessi upphæð verið greidd 1930, svo þetta skiptir ekki verulegu máli, en réttur verður þó reikningurinn ekki með þessu lagi.

Um 23. aths. er það að segja, að mér skildist hv. frsm. beinlínis ítreka það, sem endurskoðunarmennirnir fara fram á, að fá greinilega reikninga yfir byggingarkostnað Laugarvatnsskóla frá byrjun til ársloka 1930, því að reikningarnir, sem endurskoðunarmennirnir fengu, voru svo ógreinilegir, að okkur fannst ekki vera hægt að átta sig á þeim. Enda þótt ekki sé borin hér fram bein till. um þetta frá n., fannst mér allir nm. vera með því, að þessir reikningar væru gerðir og lagðir fram.

Þá vil ég nefna hér 29. aths. Þar er kostnaður til viðhalds búinu í Breiðuvík í Rauðasandshreppi talinn hátt á 5. þús. kr. Það er upplýst, að þetta er kostnaður við bú, sem fyrrv. sýslumaður Barðstrendinga átti þar. Núv. sýslumaður þar

hefir sagt mér, að þetta sé allur rekstrarkostnaður búsins, en svo hafi komið tekjur af búinu um 2000 kr., svo tap ríkissjóðs hefir verið um 3000 kr. á tveim árum. Það er mikill vafi, hvort ríkissjóður hefði þurft að hafa þennan halla af búrekstrinum, því það sýnist svo, sem hefði mátt selja búið strax, þótt málinu væri áfrýjað, þar sem sýslumaður mun hafa skilið það eftir í reiðuleysi, og átti stj. þá að fara sem hagkvæmlegast að fyrir alla hlutaðeigendur og selja búið strax.

33. aths. er viðvíkjandi kostnaði við eftirlit með bifreiðum. Sá kostnaður þykir okkur yfirskoðunarmönnum mjög mikill. Er ég þess fullviss, að þegar þingið setti lögin um bifreiðaeftirlit, var ekki við því búizt, að þau myndu valda ríkissjóði útgjöldum. Talsvert mikill hluti þessara útgjalda er vegna bifreiðakaupa og laun handa eftirlitsmönnum. En ég veit, að það var meining þingsins, að allur kostnaður af eftirlitinu væri greiddur af bifreiðaeigendum. Það er vitað, að þessar bifreiðar, sem voru keyptar til eftirlitsins, hafa verið notaðar miklu meira til annars en eftirlits samkvæmt bifreiðalögunum. Það er eins og stj. hafi verið hálfsneypt yfir öllum þessum kostnaði, því að honum er peðrað á fjölda liða. Jafnvel á ótrúlegustu stöðum, svo sem í saka- og lögreglumálakostnaði, er hann að finna. Er þar talin milligjöf 2—3 þús. kr. (JAJ: Hefir þá einhver stolið bifreið?). Ég skil ekki í því, að ríkissjóður hafi þurft að gefa í milli, þótt einhver hefði stolið bifreið. Hér sýnist vera um bifreiðaskipti að ræða. Í 19. gr. er bifreiðakostnaður og á landhelgisgæzlureikningnum er talið um 12 þús. kr. af þessum kostnaði. Þá hefir landhelgissjóður kostað hesta fyrir um 5000 kr. og um 5000 kr. hafa farið til risnu, og sér maður því, að landhelgissjóður hefir ekki farið varhluta af útgjöldunum heldur.

34. aths. ræðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Hefir til þess verið varið árið 1929 rúmlega 11 þús. kr. En það er beinlínis brot á lögunum um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Stj. hefir ráðið 2 menn með föstu mánaðarkaupi til þessa eftirlits, en lögin mæla svo fyrir, að þeir taki borgun hjá þeim mönnum, sem þeir framkvæmdu eftirlitið hjá. Nú hefir á árinu 1929, þrátt fyrir þessi gjöld, sem bæði eru laun og skrifstofukostnaður, ekki verið greiddur einn eyrir í ríkissjóð fyrir þetta eftirlit, en vera má, að eitthvað greiðist árið 1930, og hefir því ekki þótt rétt að gera beina till. út af þessu. Er rétt að sjá, hvort þessi upphæð fæst endurgreidd síðar með eftirlitinu. En það var ekki tilætlun þingsins, að þannig væri farið að.

Þá er 39. aths., sem er viðvíkjandi viðlagasjóði. Á landsreikningnum 1928 var gerð aths. um það, að viðlagasjóður skuldaði ríkissjóði um ½ millj. kr. Var því þá svarað af hálfu stj., að sú skuld væri öll endurgreidd á árinu 1929, en svo þegar reikningurinn 1929 kemur, skuldar viðlagasjóður ríkissjóði ennþá 207 þús. kr., en aftur hefir viðlagasjóður tekið lán hjá bjargráðasjóði, um 300 þús. kr. Það er auðsætt á því, hvernig reikningurinn er færður, að þessi ½ millj. kr., sem viðlagasjóður skuldaði ríkissjóði í árslok 1928, var talin peningar í sjóði. Var þá gerð aths. um þetta, en þegar það svar kom frá stj., að þessir peningar væru endurgreiddir, var ekki gert meira í því. En þegar það sýnir sig, að þetta svar er rangt, er ekki hægt að láta þetta ganga svo lengur, því ekki má una við það, að ár eftir ár séu hundruð þúsunda kr. talin í sjóði, sem þó eru í láni hjá öðrum, og jafnvel svo um samið, að þær skuldir skuli endurgreiðast á 8 árum, eða svo er það um skuldir viðlagasjóðs við ríkissjóð, að því er stj. hefir upplýst. Ég hygg, að Búnaðarbankinn hafi lofað að borga ⅛ af þessum 207 þús. kr. á ári, og náttúrlega getur það ekki gengið að telja þá upphæð í sjóði, sem lánuð er út til 8 ára.

Ég skal svo ekki þreyta hv. d. lengur í bili.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég gat ekki hlýtt á alla ræðu hv. 2. þm. Skagf., en það eru 2 atriði í ræðu hv. þm., sem ég vil víkja að.

Annað atriðið er skipti viðlagasjóðs og ríkissjóðs. Ástæðan fyrir þeim skiptum er sú, að Alþingi hefir oft heimilað ríkisstj. að veita lán úr viðlagasjóði, og

hefir það sumt verið til þeirra framkvæmda, sem Alþingi og ríkisstj. hafa lagt mikla áherzlu á, að kæmust á, t. d. til frystihúsa, til kjötútflutnings eða rjómabúa. En þar sem viðlagasjóður gat ekki lánað þessa peninga, urðu þessi skipti hans við ríkissjóð til, að ríkissjóður lagði út peningana. Þessi skipti voru vitanlega öll gerð upp um leið og viðlagasjóður var afhentur Búnaðarbankanum, en að það hafi ekki allt verið gert upp í reiðum peningum, þarf engum að koma á óvart. Enda eru skiptin milli ríkisins og Búnaðarbankans þannig, að það stendur upp á ríkið að veita peningum til Búnaðarbankans, svo það er enginn stórkostlegur hlutur, þótt bókaðar séu upphæðir milli ríkisins og Búnaðarbankans.

Hv. þm. minntist hér á eftirlitsmenn með verksmiðjum og vélum. Ég ætla að geta þess, að það var óhjákvæmilegt, að þessir starfsmenn fengju föst mánaðarlaun, því þeir hafa enga aðstöðu til þess að innheimta sjálfir gjöldin fyrir eftirlitið. Það eru lögreglustjórar, sem innheimta þau, og er ekki hægt að hafa það öðruvísi. Ég veit ekki betur — ég hefi ekki fylgzt svo vel með í atvinnumálaráðuneytinu upp á síðkastið — en að það, sem inn kemur, hrökkvi nú fyllilega fyrir gjöldunum, en hitt er rétt, að fyrsta árið urðu tekjurnar minni en laun eftirlitsmannanna.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. hefir dálítið misskilið það, sem ég sagði um lánveitingar úr viðlagasjóði. Ég nefndi ekki, hvort lánveitingarnar hefðu verið réttmætar eða ekki. Mér er kunnugt um, að þær voru margar réttmætar, en sumar voru líka óréttmætar. Það voru ekki lánveitingarnar, sem ég var að ávíta, heldur hitt, að telja, að þessar upphæðir væru í sjóði ríkisins. Það er röng reikningsfærsla, sem ekki má láta viðgangast. Ég hefi ekkert á móti því, að þetta fé sé lánað til 8 ára, en það má ekki færa það sem það sé í handraðanum hjá ríkissjóði. Það verða allir menn að játa, að slík reikningsfærsla er óhafandi.

Hæstv. ráðh. sagði, að það stæði upp á ríkið að veita peningum til Búnaðarbankans. Þetta er víst rétt, og það gefur tækifæri til þess að spyrja, hvort ríkissjóður hefir greitt Búnaðarbankanum þær 1 millj. 300 þús. kr., sem samkvæmt skýrslu fjmrh. á síðasta þingi stóðu inni í ríkissjóði til ráðstöfunar þaðan, eftir því sem þar segir. Mér hefir skilizt, að þessi upphæð hafi átt að fara til Búnaðarbankans, og þar sem það er kunnugt, að hann er mjög peningalítill nú, væri æskilegt, að hann fengi þessa upphæð, ef hann er ekki þegar búinn að fá hana.

Ég vildi gjarnan heyra, hvað hæstv. ráðh. segir um þessa upphæð, hvort hún liggur enn ónotuð í ríkissjóði, sem ég býst þó ekki við, þar sem ríkissjóður hefir orðið að taka bráðabirgðalán til daglegra greiðslna, eða hann hefir þegar borgað Búnaðarbankanum hana.

Þá er eftirlitið með verksmiðjum og vélum. Hæstv. forsrh. sagði, að öll hin greidda upphæð mundi endurgreiðast ríkissjóði. Reynslan sýnir þetta, en það verður ekki skafið út, að í lögunum um eftirlit með verksmiðjum og vélum stendur berum orðum, að skoðunarmenn eigi að fá borgun hjá þeim, sem þeir skoða vélar hjá, og þá samkv. gjaldskrá, en ekki hafa föst mánaðarlaun, eins og hæstv. ráðh. hefir látið þá fá.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Ég skal fyrst minnast á brtt. hv. 2. þm. Skagf. á þskj. 179, sem fer fram á það að taka upp í reikninginn tilteknar upphæðir, sem greiddar voru á árinu, en fluttar hafa verið til næsta árs og nema lítilsháttar á 2. millj. kr. Þetta eru, eins og menn sjá af aths. sjálfri, tilteknar 4 upphæðir, sem eru reikningar tiltekinna ríkisframkvæmda, sem ekki hafa fullgerða reikninga í árslok, og hefir því verið tekið það ráð að flytja þær til næsta árs og færa til útgjalda í einu lagi, þegar reikningar þessara stofnana verða fullgerðir.

Það virðist ekki hafa úrslitaþýðingu, hvort gert er, að taka þetta upp í reikninginn og breyta niðurstöðutölum hans, eða láta við svo búið standa. Það væri ekkert um það að segja, þó að gerð væri till. um að taka þetta upp í reikninginn, ef þetta væri einstakt fyrirbrigði. En nú er ekki svo, heldur er það almenn venja um lengri tíma undanfarið. Ég vil ekki

sérstaklega vera að mæla með þeirri reikningsaðferð, að flytja ólokna reikninga til næsta árs; þó þykir mér ekki ástæða til þess að fara að taka upp nýja hætti í þessu efni, sem taka til atvika liðins tíma. N. hefir þó viljað lýsa áliti sínu í þessu máli, og kemur það fram í þáltill. þeirri, er n. flytur út af aths. við LR. Með þáltill. er þinginu gefinn kostur á að gefa úrskurð sinn um það, hvernig þessu skuli haga eftirleiðis Það eitt skiptir máli. Ástæðan til þess, að meiri hl. n. getur ekki fallizt á till. hv. flm., er sú, að slíkur flutningur á milli ára er ekkert einsdæmi, þar eð það hefir verið gert áður óátalið, og í öðru lagi það, að till. tekur aðeins til liðins tíma, en nær ekki til framtíðarinnar.

Til þess að benda á, að hér er ekki um neitt einsdæmi að ræða, skal ég greina nokkrar færslur úr LR. fyrir 1926. Tek ég þó til samanburðar aðeins einn málaflokk úr einni grein fjárl., vegamálin, og fæst alls ekki um að fara víðar yfir.

Á LR. fyrir 1926 eru færðar til útgjalda við Kjalarnesveg 8000 kr., en unnið að veginum fyrir tæp 31 þús. kr. Á þessum eina lið eru því tæpar 23 þús. kr. fluttar til næsta árs, eða næstum þrefalt á við fjárveitinguna.

Fjárveiting til Holtabrautar er 20 þús. kr., fært á reikninginn 20 þús. kr., en flutt til næsta árs 8500 kr. Miðfjarðarbraut: Fjárveiting 20 þús. kr. Eytt til brautarinnar 25⅓ þús., 5⅓ þús. fært yfir á næsta ár. Til Sauðárkróksbrautar er fjárlagaveiting 20 þús. kr. og jafnhá upphæð færð á reikning, en 9½ þús. flutt til næsta árs. Til Hróarstunguvegar eru tæpar 17 þús. kr. greiddar umfram fjárveitingu, til Vaðlaheiðarvegar 14½ þús. umfram fjárveitingu, og loks er á því ári eytt til Norðurárdalsvegar tæplega 30 þús. kr., sem engin fjárveiting var fyrir, — allt flutt til næsta árs.

Til Vestmannaeyjavegar eru greiddar 2½ þús. kr., sem engin fjárveiting var fyrir, og til gistihúss í Fornahvammi 51 þús. kr., og allt flutt til næsta árs.

Þetta er nú aðeins um þennan eina lið LR. 1926, og þó kom þá engin till. um að taka það upp í reikninginn, sem þó hefði verið nokkru nær en um sjálfstæð fyrirtæki. Annars er ágreiningurinn um þetta ekki róttækur. Hann er ekki efnislegur, heldur aðeins formlegur, og allri n. sýnist að leggja meira upp úr því að gefa bendingu um framtíðina heldur en að gera reikningsbreyt., sem aðeins hafa þýðingu fyrir liðinn tíma og engu raska um raunverulegan hag ríkissjóðs nú.

Um þær sérstöku aths., sem hv. 2. þm. Skagf. gerði við reikninginn, skal ég geta þess, að bæði í nál. og í framsöguræðu minni vísaði ég til aths. og till. yfirskoðunarmanna út af þeim, sem fyrir liggja með LR. Ætlast n. til, að þær till. verði teknar til greina eftirleiðis, eftir því sem ástæður liggja til. Og þar sem bent var á sérstakar till. í ræðu minni, gerði ég það til þess að leggja áherzlu einmitt á þær, þar á meðal var t. d. till. yfirskoðunarmanna út af reikningum Laugarvatnsskólans.

Ég hefi ekki ástæðu til að finna að því, þó að hv. 2. þm. Skagf. færi að rekja upp einstakar aths., svör stj. og till. yfirskoðunarmanna til úrskurðar. Hinsvegar er það þýðingarlaust og óþarft, því að það liggur allt skjallega fyrir með LR. sjálfum.

Hefi ég svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni fyrir hönd n. eða þess n.hluta, sem ekki getur fallizt á brtt. hv. 2. þm. Skagf.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., 10. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég vildi út af aths. endurskoðenda LR. minnast örfáum orðum á nokkur atriði, og í fyrsta lagi á vélaeftirlitið og kostnaðinn við það, en þar sem hæstv. forsrh. er ekki staddur í d., en ég vil gjarnan, að hann heyrði mál mitt, þá mun ég fresta um stund að minnast á það atriði, en hverfa að öðru.

Ég get minnzt á það, að mér þykir það næsta undarlegt, að þessi LR. kemur fyrst úr 25. apríl, eftir hálft annað ár, en venjan hefir verið sú, að við höfum fengið hann sendan heim til okkar fyrir nýár það ár, sem á að samþ. hann. Þessi dráttur orsakast auðvitað af því, að hæstv. stj. hefir veitt svo mikið fé utan fjárl.,

að hún hefir verið í vandræðum með að koma því fyrir á LR. Það ætti þó að vera regla hjá fjárveitingavaldinu eða stj. að ákveða um leið og hin ýmsu útgjöld eru greidd, á hvaða grein fjárlaganna þau eiga að færast, svo að hægt sé a. m. k. að koma einhverju nafni á reikninga ríkisins á réttum tíma. En þetta hefir nú brugðizt að þessu sinni, og mun ástæðan efalaust vera sú, er ég gat um, að stj. hefir ekki haft hugmynd um, hvernig hún ætti að koma fyrir hinum ýmsu útgjöldum, sem hún hefir ákveðið utan fjárlaganna.

Þar sem ég sé, að hæstv. forsrh. er nú kominn í d., mun ég snúa mér að vélaeftirlitinu. Mér er að nokkru kunnugt um þetta starf og veit, að annar maðurinn, sem að því vinnur, er algerlega óhæfur til starfsins. Enda var hann ekki settur til þess að vinna neitt að því, a. m. k. lét hann svo um mælt í margra manna áheyrn vestur á Ísafirði, að hann hefði hinn manninn til þess að vinna verkið, en sér þætti það ekki nema mátulegar sárabætur frá forsrh., þótt hann hefði fengið þetta starf, því svo mikinn greiða hefði hann gert honum. Og ég veit, að það hefir verið svo, þegar vélaeftirlitsmennirnir hafa komið á Austur- og Vesturland, að þá hefir hinn maðurinn orðið að framkvæma allt eftirlitið, og hafi það komið fyrir, að hann hafi verið upptekinn við önnur störf, t. d. á Siglufirði eða í Eyjafirði, en hinn ólærði maðurinn hafi verið á Ísafirði, þá hefir ekkert þýtt að senda til hans, því að hann segir einungis, að hann geti ekki annazt þetta, en að hann skuli senda hinn manninn undir eins og hann komi. Ég veit ekki betur en að það sé þessi félagi mannsins, sem leysir allt starfið af hendi. Þessi embættisveiting er það, sem vægast verður kallað ósæmileg.

Hv. frsm. fjvn. sagði, að það væri leiðinlegt að vera að gera breyt. á LR., sem væri fyrir liðinn tíma. Mig furðar stórlega, þegar ég heyri þetta. Hvernig er hægt að gera breyt. á reikningnum fyrr en hann er kominn fram? Og hvenær er gerður reikningur nema fyrir liðinn tíma? Það er svo hjá smáfélögum, að gerðar eru breyt. á reikningum, ef þeir eru að einhverju leyti öðruvísi en rétt þykir. Ef gjaldkerinn hefir t. d. greitt skakkt út upphæð, þá verður hann að endurgreiða hana.

Ég veit, að þessa eru fleiri dæmi. En ef stj. hefir borgað út meira en hún mátti, hefir hún gert það á sína ábyrgð, og ef einhver fjárveiting verður felld niður af LR., verður hún að borga það.

Það hefir verið minnzt á það, og mér þykir það undarlegt, að landsreikningarnir skuli ár eftir ár vera bornir upp í einu lagi, því að í hvaða félagsskap, sem ég þekki, er hver aths. við reikninga félagsins borin upp fyrir sig. Nú eru gerðar meiri aths. við þennan LR. en gerðar hafa verið við nokkurn annan LR. Á einum eða tveimur stöðum a. m. k. átelja allir yfirskoðunarmennirnir hlutdrægni hjá stj. í meðferð á ríkisfé. Ég álít, að bera eigi þessar aths. hverja um sig undir atkv. Og þar sem allir endurskoðunarmennirnir átelja hlutdrægni í meðferð á fé ríkissjóðs, tel ég, að hvorki sé siðferðislega eða lagalega rétt að borga það úr ríkissjóði, og þá sjálfsagt að láta þá, sem tekið hafa, endurgreiða það.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri ómögulegt fyrir eftirlitsmenn með verksmiðjum og vélum að innheimta sjálfir gjöldin fyrir starfa sinn. En því geta þessir menn ekki beðið lögreglustjóra um að innheimta þau? Annars er sagt um annan þessara starfsmanna, að hann beri ekki nokkurt minnsta skyn á starf sitt, en hafi fengið þessa stöðu vegna veittra fjármunalegra velgerða. En það er hægt að átelja svo margar embætta- og sýslunarveitingar núv. hæstv. stj., að það verður ekki gert í stuttri ræðu. Ég vil aðeins minna hæstv. forsrh. á þetta, svo hann sjái að sér í slíkum efnum, því hér er um stórhneyksli að ræða.

Þá ætla ég að víkja nokkuð að till. hv. 2. þm. Skagf. Ég get ekki séð, hvernig deildin sóma síns vegna getur fellt slíka till., þegar vitanlegt er, að borgað hefir verið út á því ári 1 millj. kr. fram yfir það, sem stendur á reikningnum. Það er hægt að segja, að þetta sé ekki fjárhagslega nauðsynlegt, en það er svo reikningslega eðlilegt, að ótækt er að fella þessa brtt. Ég er hræddur um, að oddviti í smáhrepp fengi á baukinn hjá hreppsbúum, ef hann segði það vera í

sjóði í árslok, sem hann hefir borgað út á árinu, og vildi færa það yfir á næsta ár. Það getur verið, að hægt sé að blekkja almenning með þessu móti, en ég álít, að LR. eigi að vera rétt mynd af fjárhag ríkissjóðs á hverjum tíma, og ef svo er, er sjálfsagt að samþ. till. hv. 2. þm. Skagf.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég var bundinn við fjárlagaumr. í Ed. og gat því ekki komið fyrr en mér bárust þau boð, að hv. þm. N.-Ísf. hefði látið þau orð falla í minn garð, sem ég gæti ekki látið ómótmælt.

Hv. þm. gerði það að umtalsefni, hverjum ég hefði veitt starfann við eftirlit með verksmiðjum og vélum. Mér finnst það dálítið undarlegt að koma með slíkar aðfinningar nú, svo löngu eftir að þetta hefir gerzt. Ég hygg, að liðin séu 3 eða 4 þing síðan þessir menn voru skipaðir, og það er undarlegt af þv. þm., ef hann meinar nokkurn skapaðan hlut með því, sem hann segir, að hann skuli hafa legið á þessu ár eftir ár. Þetta ber ekki vott um, að það sé mikið tilefni til þess, sem hv. þm. segir. Hv. þm. meinar auðsjáanlega ekkert með því, sem hann segir. Hann vitnar á orð fjarstadds manns. Á slíku er ekkert mark takandi.

Um skipun þessara manna er það að segja, að þegar átti að skipa þá, var ekki nema einn maður til hér á landi með sérnámi í þessu efni. Það var sótzt eftir að fá þennan mann til starfans, og fékkst hann til þess. Hinn maðurinn, sem tekinn var, sá, sem hv. þm. N.-Ísf. áfellir mig nú fyrir að skipa, er sá maður, sem af öllum innlendum mönnum hafði lengsta reynslu í verksmiðjurekstri. Var hann lengi fyrir verksmiðju á Ísafirði, sem studd var af ríkinu. — Annar þessara manna er skyldur fjölskyldu minni — mér er hann ekki skyldur —; þess tilefnis vegna leyfir þessi hv. þm. sér að hafa eftir honum þau orð, að þetta sé borgun fyrir fjármálalegan velgerning. Ég skora á hv. þm. að segja þetta utan deildar. (**JAJ:** Ég skal endurtaka það utan deildar, svo hæstv. ráðh. geti stefnt mér til ábyrgðar). Ég ætla ekki að stefna þessum hv. þm. Ég hefi gert mér það að reglu að stefna aldrei og mér dettur ekki í hug að taka slíkar aðdróttanir alvarlega. Það er engin ástæða fyrir mig til þess. Það eru orð annars manns en mín, sem hv. þm. er að fara með. Það er þess manns vegna, sem ég skora á hv. þm. að endurtaka orðin utan deildar, og hann er maður að minni, ef hann gerir það ekki. Ég held, að hv. þm. hafi talað þetta af því að ég var ekki viðstaddur, og ég vona, að hann sjái að sér, þegar um slíka hluti sem þessa er að ræða.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Sökum þess að hv. 2. þm. Skagf. flytur hér brtt. á þskj. 179, vil ég spyrja hann að því, hvort hann teldi rétt, að umrædd upphæð sé færð á rekstrarreikning ríkissjóðs eða sjóðsreikning sem einn liður til útgjalda. Ég vonast eftir, að hv. þm. geti svarað þessu úr sæti sínu. (**MG:** Ég fæ orðið á eftir). Úr því að hv. þm. vill ekki svara þessu, vil ég segja honum það, að ekki kemur til mála að færa þessar upphæðir á rekstrarreikning ríkisins, af þeirri einföldu ástæðu, að þessar framkvæmdir voru gerðar fyrir lánsfé og var heimild til þeirra lántaka í sérstökum lögum eða fjárlögum. Síldarbræðslustöðin er t. d. byggð samkv. l. nr. 49, 7. maí 1928, og er þar heimiluð lántaka til hennar. Þingvallavegurinn er lagður samkv. heimild í fjárl. 1929 og er þar heimiluð lántaka til þessa verks. En þessi heimild var ekki notuð, þegar til kom, og kostnaðurinn settur á rekstrarreikninginn fyrir árið 1930.

Arnarhváll er byggður samkv. heimild í fjárl. 1930, og er þar heimild til lántöku. Landsspítalinn er byggður samkv. l. nr. 74, 28. nóv. 1919, og er í þeim lögum heimild til lántöku. Með þáltill. á þskj. 575 1927 var svo hert á stj. að framkvæma þetta verk. Af þessu er auðséð, að þingið hefir ætlazt til þess, að þessar framkvæmdir væru gerðar fyrir lánsfé, og því eru þessar upphæðir ekki færðar á rekstrarreikninginn 1929. En þetta væri ómögulegt að færa til gjalda á sjóðsreikningi, og skal ég játa, að það er ef til vill réttast að færa niðurstöðuna á sjóðsreikning ríkissjóðs. Þetta var greiðsla, sem fyrirsjáanlegt var, að ríkissjóður fékk inn einum mánuði eftir að LR. voru undirskrifaðir. Þetta var því aðeins bráðabirgðalán, fé, sem ríkis-

sjóður átti útistandandi og gat gripið til á næstunni og átti því, ef það væri fært í gegnum sjóðinn, frekast að heyra undir aukna innstæðu. En þessi aukna innstæða er á eignaskýrslum ríkisins einmitt talin peningar í sjóði. Það ber því að sama brunni, að hvorttveggja er talið á sjóðsreikningi. Munurinn er aðeins sá, að innstæðan á sjóðsreikningi hefði orðið önnur, en næsta tala leiðrétt það, svo niðurstaðan hefði orðið sú sama á eignaskýrslunni sjálfri. Hefði þetta verið gert, hefði breytingin 1930 orðið sú, að innstæðan hefði minnkað sem þessari upphæð nam, en sjóðsreikningurinn sjálfur vaxið að sama skapi. Þetta eru öll áhrifin, sem þessi færsla hefir á reikningana árin 1929 og 1930. (**JJós:** Það er þá ekki allt gull sem glóir í landsreikningnum. Aukni sjóðurinn er þá ekki til). Aukni sjóðurinn er til sem peningar í sjóði, innstæða eða á hlaupareikningi í banka, peningar, sem koma skömmu eftir að LR. er lokað. Ég býst við, að hv. þdm. geri ekki mun á því, hvort peningar eru í kassanum eða í banka, eða eru hjá stofnun, sem kemur einum mánuði eftir að reikningnum er lokað. (**MG:** Hv. þm. er að svara allt öðru). Þetta eru borgaðir reikningar, sem ætlazt er til, að greiðist af lánum, sem vissa er fyrir að fáist.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að endurskoðendurnir hefðu verið sammála um að víta hlutdrægni í notkun ríkisfjár. Á þessu vil ég gefa nokkra skýringu.

Þegar hv. 2. þm. Skagf. skrifaði þessa till., færðist ég nokkuð undan því að skrifa undir hana og vildi fá skýringu á, hver væri meiningin með þessu orðalagi. Það, sem hann gaf upp, og ég býst við, að hann standi við, var, að hann teldi það hlutdrægni í notkun ríkisfjár að birta undirréttardóm í máli á kostnað ríkissjóðs í opinberu blaði, en birta ekki líka hæstaréttardóminn.

Ég hefi ekki meira um þetta atriði að segja. Mér finnst mjög hæpið, að rétt sé að samþ. hana samkv. þeim rökum, sem hv. flm. hefir fært fyrir henni.

Allar þær upplýsingar, sem hv. þm. N.-Ísf. gaf, voru firrur og fjarstæður, og virðist svo sem hann hafi lítið vit á bókfærslu og reikningshaldi, þótt hann hafi haft slíkt með höndum.

Einar Arnórsson: Ég var einn af þeim 3 þm. hér í þessari hv. deild, sem greiddu atkv. móti fjáraukal. fyrir 1929, þegar þau voru hér til 2. umr. Ég fékk þá ekki tækifæri til þess að gera grein fyrir, hvernig stóð á því, að ég greiddi þannig atkv. En með því að sömu ástæður liggja til þess frv. og frv. um samþykkt á LR., sem hér liggur fyrir, skal ég rökstyðja það nokkru nánar.

Frv. um samþykkt á landsreikningnum, það, sem lagt er hér fyrir þingið, fer nú sem fyrrum fram á syndakvittun handa stj. fyrir það fjárhagstímabil, sem landsreikningurinn nær yfir. Það er yfirlýsing þingisns um það, að það sé eftir atvikum ánægt, eða a. m. k. ekki svo óánægt með ráðsmennskuna, að það segi annað en já við henni. Það hefir líka oftast verið svo, að afskipti þingsins af þessu máli hafa verið meira að formi til en efni. Það hafa venjulega aðeins komið fram einhverjar till. í fleiri eða færri liðum, þar sem skorað er á stj. að gera eitthvað eða gera eitthvað ekki. Slíkar till. eru þó, að því að mér skilst, í sjálfu sér lítils virði.

Nú er það kunnugt, að andstöðuflokkar hæstv. stj., a. m. k. annar þeirra, hefir talið stj. ýmislegt til synda um meðferð fjárins, og þá einnig fyrir það tímabil, sem hér um ræðir, 1929. Ég er sammála mörgum þeim áfellisdómum, sem andstöðumennirnir hafa kveðið upp um fjármeðferðina, og af því að ég er sammála þeim, er það rökrétt afleiðing, að ég get ekki greitt atkv. með frv. um samþykkt á landsreikn. Það eru greiðslur á honum, sem mér er ómögulegt að gefa stj. kvittun fyrir.

Eins og kunnugt er, eru greiðslur umfram það, sem stendur í fjárl., venjulega margar. Sumar eru óhjákvæmilegar, og hefi ég vitanlega ekkert að þeim að finna. Það er oft um hreinar áætlunarupphæðir að ræða í fjárl., og þá getur þingið ekki gert annað en að samþ. greiðslurnar. Þá eru umframgreiðslur, sem eru tiltölulega ósaknæmar, því þeim er varið til þarflegra hluta. Þótt ekki sé víst, að hyggilegt sé að verja svo miklu afgangsfé til verklegra framkvæmda sem gert hefir verið, er ekki hægt að segja annað en að stj. hafi varið því til nauð-

synlegra hluta, er hafi komið þjóðarbúinu að liði. Um þessa eyðslu gæti ég líklega líka gefið stj. kvittun, þó með þeim fyrirvara, að hún hafi farið óbúmannlega að ráði sínu.

Svo eru margir aðrir liðir, sumir ekki stórir, aðrir nokkuð stórir, sem ég vil ekki gefa stj. kvittun fyrir.

Endurskoðendur landsreikninganna hafa gert ýmsar aths. við þá, en ég verð að segja það, að mér virðast þær gerðar af töluvert miklu handahófi. Mér finnst, að þeir hafi gripið niður á ýmsum stöðum, sem rétt hefir verið að gera aths. við, en þeir hafa líka sleppt ýmsum atriðum, sem mér skilst, að ekki hefði síður verið athugaverð. Hv. frsm. fjhn. hefir nefnt 4 af þessum aths. endurskoðendanna, og mun hafa átt að skilja það svo, að hann sé að benda stj. á að breyta eftir þeim.

23. aths. er um það, að það vanti reikningsskil fyrir því fé, sem farið hefir til Laugarvatnsskólans. Meðan þau reikningsskil eru ókomin, virðist mér ógerlegt að gefa stj. kvittun fyrir greiðslu alls þess fjár.

Þá er það 27. aths., um 1350 kr. fyrir kappróðrarbát. Þótt þessu sé eytt í heimildarleysi, álít ég þetta tiltölulega saklaust á móts við sumt, sem óátalið er látið. Og hefði því verið fullt svo mikil ástæða til þess að gera aths. við einn lið í 19. gr. fjáraukal., þar sem greiddar eru 5—6 þús. kr. fyrir ferð í Vaglaskóg. Ég veit ekki, með hvaða heimild þetta hefir verið borgað út. (**MG**: Þetta er frá því 1926, en ekki borgað fyrr en 1929). Ég get samt ekki séð, að ríkinu hafi borið nein skylda til að borga þetta út. Það er víst tepruskapur hjá yfirskoðunarmönnunum, að þeir hafa ekki að þessari greiðslu fundið.

Þá gera yfirskoðunarmennirnir aths. við það, að prestinum í Vallanesi hafa verið greiddar 86 kr. til þess að hita upp kalt steinhús. Ég held, að þeir hefðu átt að sleppa því að gera aths. við þennan lið, þar sem af mörgum fleirum er að taka. Ég held, að það megi segja það sama um starf yfirskoðunarmannanna og skráð var við formála í bók nokkurri. Bók þessi var skrifuð á latínu, og getur höfundur þess í formálanum, að hann hafi leitað til sérstaks kunnáttumanns í latínu og hafi hann leiðrétt margar villur. Annar latínumaður skrifaði þá út á spássíuna „en skyldi þó margar vitleysur eftir". Mér finnst, að sama megi segja um starf yfirskoðunarmannanna. Þeir hefðu mátt gera margar fleiri aths.

Í 40. aths. finna þeir að því, að bifreiða- og hestakostnaður, um 21 þús. kr., hefir verið settur á reikning landhelgisjóðs. Mér er sama, á hvaða lið þessi upphæð er færð, fyrst féð hefir verið borgað út. Ég hefði fundið að því, að það skyldi yfirleitt hafa verið borgað út. Auk þessa er allmikill bifreiðakostnaður færður annarsstaðar. Rekstur ríkissjóðsbílanna er t. d. talinn 6000 kr., og á öðrum lið eru 3000 kr. o. s. frv. Virðist varla hafa verið bráðnauðsynlegt að verja svo miklu fé í slíkan hégóma. Þar er líka risna o. fl. Hví finna endurskoðendur eigi að öllum þessum fjáraustri?

Þá kem ég að 13. aths., um styrkinn, sem Tíminn fékk til að flytja dóminn í máli Jóhannesar Jóhannessonar. Ég skil ekki, að neinu hefði þurft til að kosta til að fá þetta birt, þótt nauðsyn hefði þótt bera til að birta. Hvert blað hefði átt að vera fegið að fá svona efni til birtingar, sem hefði valdið því, að blaðið hefði verið meira lesið og mátt selja það í stórum stíl á götum úti. En engin ástæða var að styrkja blað til að birta dóminn.

Ég hefi heyrt sagt, að hæstv. forsrh. sé mjög óánægður með ýmislegt, sem gert hefir verið, og efa ég ekki, að það sé rétt. Sést það m. a. af því, að hann vildi gefa yfirlýsingu um það, eftir að breytingin varð á stj. í vetur, að ríkisvaldinu skyldi ekki verða misbeitt fram yfir kosningarnar í vor, því að með því gaf hann það svo ótvírætt upp, að áður hefði ekki allt verið með felldu. (**Forsrh.**: Þetta er mjög hæpin lagaskýring). Vill hæstv. ráðh. neita því, að hann léti bera þessi boð til flokkanna? (**Forsrh.**: Þetta var miðað við framtíðina, en ekki við fortíðina). Það er undarlegt, að hæstv. ráðh. skyldi taka upp á því að gefa svona yfirlýsingu, ef stj. hefði áður verið flekklaus í þessum efnum. Það væri eins og ef maður, sem alltaf hefði verið heiðarlegur, færi upp úr þurru að gefa yfirlýsingu um það, að hann skyldi ekki stela næstu 2 mánuði. Ég geri ráð fyrir

því, að hæstv. ráðh. hugsi of rétt til þess að hann sjái þetta ekki.

Þó að hægt sé að taka miklu fleiri liði, þá ætla ég að sleppa því. Ég hefi gert grein fyrir því, hvers vegna ég get ekki samþ. frv. til landsreikningalaga, eins og það liggur hér fyrir. Hitt skil ég ekki, að fjhn. öll hefir orðið sammála um að samþykkja frv. En auðvitað erum við hinir ekki bundnir af þeim till. hennar og verðum að haga okkur eftir því, sem okkur réttast þykir.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég endurtek það til forsrh., að ég skal utan þings standa við allt, sem ég hefi sagt. Ef hann treystir sér til að segja, að ég fari með ósatt mál, þá standi hann við það. Og ég get sagt honum privat, hver það var, sem fræddi mig um málið.

Hann veit það vel sjálfur, í sambandi við hina umræddu embættisveitingu, þótt hann haldi því fram, að maður þessi hafi haft lengsta reynslu allra í verksmiðjum, að hann hafði aðeins um tíma verið við niðursuðuverksmiðju á Ísafirði og hafði þar yfirmann. Reynslan sýndi, að hann kunni ekkert til starfsins og eyðilagði stórfé fyrir ríkissjóði og bönkunum. Enda bendir viðurnefnið til annars en að honum væri sérlega sýnt að líta eftir hollustuháttum. Veitingin var eingöngu af persónulegum ástæðum. Hér er völ á hundruðum manna til aðstoðar þeim, sem hefir hið verklega yfirlit. Og hann hefir sagt, að hann hefði ekkert gagn af þessum manni og vildi vera laus við hann, enda nóg að hafa einn mann. Þetta er bara til þess að veita bitling.

Hv. þm. V.-Húnv. bregður mér um litla kunnáttu í bókfærslu. En svo mikið kann ég í bókfærslu, að ég vil ekki telja greidda reikninga sem peninga í sjóði. Byrjunin á sjóðþurrð er venjulega skökk reikningsfærsla, — og svo endar það með glæp. Ég vil ekki, að ríkissjóðurinn taki slíkt upp. Þeir, sem lenda í sjóðþurrð, reyna að dylja svo lengi sem þeir geta, segja annað en er og reyna að blekkja með slíku. Að það sé lítilvægt atriði viðvíkjandi reikningum ríkissjóðs, hvort upphæðin er í sjóði eða er ekki í sjóði, það þykir mér næsta undarleg kenning.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. þm. N.-Ísf. hefir átt illt með að átta sig á því, út á hvaða braut hann er kominn. Það hefir ekki nægilega þýðingu, að hann standi við orð sín. Hann segir, að einhver annar hafi sagt sér. Það er alveg hreint fyrir neðan allar hellur að fara að slúðra hér á Alþ. um eitthvað, sem einhver hefir sagt honum. Hann hefir lýst því yfir, að hann vilji gefa upplýsingar privat. Hvað á ég að gera við það? Ég frábið mér það alveg hreint. Hann verður fyrst og fremst að standa við það gagnvart þeim manni, sem í hlut á og gagnvart almenningsálitinu. Það er algerlega ótækt að taka fyrir menn utan þings, og það gerir það enginn nema þessi hv. þm. (**ÓTh**: Ætli fyrrv. dómsmrh. hafi aldrei gert það?). Hér er um að ræða skipun til 4 ára og lögin gera hiklaust ráð fyrir fleirum en einum. — Ef þm. fer að hafa orð eftir mönnum utan deildar, þá er að færa sönnur á það, og það verður hann að gera um það er lýkur.

Magnús Guðmundsson: Ég verð að svara hv. frsm. nokkrum orðum viðvíkjandi brtt. minni. Hann sagði, að ekki væri ástæða til að færa þessa umræddu 1 millj. kr. á landsreikninginn 1929, því að hér væri um sjálfstæðar stofnanir að ræða og reikningar fyrir þær væru ekki fullgerðir. Mér finnst landsspítalinn ekkert sjálfstæðari en hver önnur opinber stofnun, og það verður að færast á hvert ár, sem greitt er til hverrar stofnunar fyrir sig. Annars er reikningsfærslan röng og villandi. Hann sagði, að þetta hefði áður verið algeng venja. En það er ekki rétt. Það hefir aldrei fyrri verið um svipað því svona stórar upphæðir að ræða. Smærri upphæðir hafa áður verið færðar milli ára, og það hefir einnig verið gert nú, en ég tók aðeins fyrir stóru upphæðirnar. Hinar minni lét ég liggja, til þess að ekki liti út fyrir, að ég væri að fara í lúsaleit. Þessar minni upphæðir, sem ég hefi sleppt, nema mörgum tugum þúsunda. Ég vil sem sé láta það koma skýrt fram, að ég flyt mína brtt. til þess að rétt mynd komi fram af fjárhagnum, en rétt getur hún ekki orðið, þegar skakkar millj. eða meira frá því, sem LR. segir. Þegar svona skekkja er, þá

er það eitthvað annað en flutningur milli ára, sem nemur fáum tugum þúsunda. N. sjálf gerir till. um það, að það eigi að færa allar greiðslur á þau ár, sem þær eiga við. Það er alveg í samræmi við till. mína, og er því merkilegt, að meiri hl. n. skuli ekki vilja samþ. mína till.

Eftir því yfirliti yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu 1930, sem hæstv. stj. gaf á síðasta þingi, var auðsætt, að stj. hefir hugsað sér að flytja ½ millj. kr. af gjöldum ársins 1930 yfir á árið 1931. En þegar þetta komst upp, þótti það óhæfilegt og var hætt við þetta. Að þessu athuguðu kemur það undarlega fyrir, að stj. og hennar fylgifiskar vilja nú láta það viðgangast, að yfir 1 millj. kr. sé á þennan hátt flutt milli áranna 1929 og 1930. Í þessu er ekkert samræmi. Það þarf enga illgirni til að geta þess til, að þetta sé gert til að láta líta svo út, að ekki hafi orðið rekstrarhalli á ríkisbúskapnum 1929. En ef allar þessar stóru upphæðir eru teknar með, þá kemur í ljós, að það er tekjuhalli 1929. Það var upplýst af fjmrh. á þinginu 1930, að tekjuafgangur 1929 væri 1700 þús. kr., en þegar reikningurinn er rétt gerður upp, þá sýnir sig, að það er tekjuhalli, en ekki tekjuafgangur. Þetta er náttúrlega ekki skemmtilegt fyrir stj. Hún hefir gefið þinginu ranga skýrslu. Hv. frsm. sagði, að hér væri um formsatriði að ræða, allir vissu, hvernig þetta væri. Það er rétt, allir vita þetta. En ég skoða það meira en formsatriði, að segja tekjuafgang 1700 þús. kr., þegar ekki er um neinn tekjuafgang að ræða. Ég vil ekki segja ósatt um það.

Þá gerði hv. þm. V.-Húnv. fyrirspurn til mín. Hann spurði, hvort ég liti svo á, að þessi umdeilda milljón ætti að færast á rekstrar- eða sjóðsreikning. Ég skil ekki, hvers vegna hann spyr. Það er hvorki rekstrar- né sjóðsreikningur, sem hér er verið að samþykkja, heldur reikningur um inn- og útborganir ríkissjóðs. Og þá held ég því fram, að þessar upphæðir eigi að vera með, og varðar ekki um í þessu sambandi, hvort þær eiga að vera á rekstrar- eða sjóðsreikningi.

Hann gerði mikið úr því, að lánsheimild væri fyrir þessum framkvæmdum. En í þessu sambandi skiptir það engu máli. Engin lánsheimild heimilar að skrökva til um, hvað sé í sjóði, ekki síst þar sem um er að ræða á 2. millj. kr. Af hverju má ekki segja eins og er? Og ef það má fara að á þennan hátt, þá er alltaf hægt að sýna tekjuafgang. Það getur aldrei orðið svo mikill tekjuhalli, að ekki sé hægt að hylja hann með þessari aðferð.

En ég verð að endurtaka það, að það er ekki nokkur meining að fara í smálúsaleit um þetta. Ég er búinn að sýna, að það eru sjálfsagt einar 50—60 þús. kr., sem ég hefi alls ekki tekið með hér, því að mér fannst það ekki upphæð, sem skipti neinu um heildarniðurstöðu landsreikningsins. En upphæð, sem er á 2. millj., skiptir sannarlega miklu máli um niðurstöðu ríkisbúskaparins; við erum nú ekki stærri en það. Hv. þm. sagði það vera sama, hvort peningar væru í sjóði eða í banka og kæmu í sjóð í næsta mánuði. Þetta veit ég vel, en það er allt annað að telja í sjóði stórfé í greiddum reikningum. Það sér hver einasti maður, að er gersamlega óskylt.

Þá skal ég víkja að aths. út af birtingu á dómi í bæjarfógetamálinu. Það er rétt, sem hv. þm V.-Húnv. sagði, að þessi ummæli eiga einmitt sérstaklega við það, að ekki var birtur dómur í blaðinu bæði frá undirrétti og hæstarétti. Þar í liggur hlutdrægnin. Auk þess álít ég, að það eigi alls ekki að þurfa að kaupa stjórnmálablað til að gefa slíkt út. En það er aukaatriði. Hitt er aðalatriðið, og um það var hv. þm. V.-Húnv. mér sammála; og mér er ánægja að heyra hann skýra alveg rétt frá samtali okkar.

Ég man ekki, hvort ég tók fram, að ég bar þessa brtt., sem ég ber fram, undir bann flokksmann minn, sem er í fjhn., hv. þm. G.-K., og hann er henni algerlega samþykkur.

Þá var það hv. 2. þm. Reykv., sem virtist talsvert óánægður við okkur yfirskoðunarmenn fyrir það, að við hefðum sumstaðar gert aths. út af litlum hlutum, sem ekki væru verðir þess að minnast á, en sumpart sleppt að gera aths. við þýðingarmikla liði. Ég get gjarnan viðurkennt, að oft er álitamál, hvað gera skal aths. um, og verður jafnan að ráða mat yfirskoðunarmanna og stundum samkomulag þeirra milli. En ég

vil benda hv. þm. á, að það er ekki undarlegt, þótt yfirskoðunarmenn spyrji: Hvers vegna á ríkissjóður að borga eldsneyti handa presti úti á landi? Þarna er vitanlegt, að um óréttmæta upphæð er að ræða. Svipað má segja um róðrarbátana. Yfirskoðunarmenn hafa ekki tekið neina afstöðu til þess, hvort yfirleitt sé rétt að styrkja róðrarbátakaup. En það lítur nokkuð undarlega út, þegar maður sér í reikningum ríkissjóðs, að stj. hefir keypt róðrarbáta, og maður veit ekkert, til hvers þeir hafa verið notaðir.

Það var held ég byggt á misskilningi, sem hv. þm. sagði um kostnað af konungskomunni 1926. (**EA**: Var refjast um að borga þetta?). Það veit ég ekki. Sýslum. á Akureyri hefir gleymt eða trassað að senda reikninginn svona lengi.

Hv. þm. talaði um kostnað landhelgisjóðs af bílum og hestum. Það var bent á af yfirskoðunarmönnum, hve mikill kostnaður af þessu væri; en þess ber að gæta, að búið er að gera aths. um þetta í mörg ár, og þingið hefir aldrei viljað gera neitt út af þessu.

Út af fálkaorðunni er því að svara hv. þm., að meðan þessari orðu er haldið uppi að lögum, þá er ómögulegt að gera það kostnaðarlaust. Og það þýðir ekkert fyrir neinn hv. þm. að standa upp og segja: Ég er á móti orðunni og við skulum neita stj. um peninga til hennar. Sá þm., sem ekki vill hafa orðuna, á þá að koma með þinglega till. um að afnema hana. Annars gæti ég trúað, að kostnaður vegna orðunnar hafi 1930 orðið ekki lítið meiri en venjulega, ef ég hefi lítið rétt á það stórkostlega krossaregn, sem átti sér stað það ár.

Þá held ég, að hv. þm. hafi nefnt 18. aths., kostnaðinn við prentun á útdrætti úr nokkrum málum. Þeirri aths. var svarað þannig: „Hér er um að ræða prentun á mörgum þýðingarmiklum skjölum, sem innan skamms munu koma fyrir almenningssjónir". Svo er þingið rofið þ. 14. apríl. Við skrifuðum okkar till. 4. apríl. Ég verð að segja, að mér fannst ekki liðið svo langt frá því að hæstv. stj. svaraði, frá 14. marz til 4. apríl, að ástæða væri að undrast um skjölin. Þess vegna hljóðaði till. til úrskurðar þannig, að svarið væri ófullnægjandi, og því ekki unnt að gera till. til úrskurðar. Ég sé ekki, hvað við gátum annað gert. Við ætluðum að bíða þangað til ritið kom. Og það er ókomið enn; og ég hefi orð hæstv. forsrh. fyrir því, að það muni aldrei koma, svo að nú er hægt að gera þær till. út af þessu, sem hver vill.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., 11. ágúst, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Það var aðeins örstutt aths., sem ég vildi láta koma fram áður en umr. er lokið. Það hefir láðst að taka fram í nál. fjhn. um landsreikninginn, að ég fyrir mitt leyti stend að till. hv. 2. þm. Skagf. og hafði ætlað að áskilja mér sama fyrirvara og hann gerir í nál. Ég vil svo aðeins segja það, að þó að ég hafi með undirskrift minni látið uppi, að ég myndi samþ. landsreikninginn eins og hann liggur fyrir, ef brtt. hv. 2. þm. Skagf. nær fram að ganga, þá er það ekki af því, að ég sé ánægður með hann, heldur það, að mér er ljóst, að stjórnarliðið hér í þessari d. er nægilega fjölmennt og ákveðið í þeim efnum til þess, að þessir reikningar verði samþ. Og vitandi það, að þessir reikningar verða samþ., legg ég meira upp úr því að fá þessa höfuðskekkju leiðrétta heldur en að láta í ljós óánægju, eins og svo margir aðrir hafa gert. Það hefir verið minnzt á margt af því, sem miður hefir farið í greiðslum ríkissjóðs. Það hefir ekki verið minnzt á margt af því, sem hefir verið greitt, en sem ég tel, að ekki hefði átt að greiða. Ég sé ekki ástæðu til að fara að rifja þetta upp, enda er það þýðingarlítið. Ég mun sýna afstöðu mína til málsins með því að greiða atkv. með till. hv. 2. þm. Skagf., en verði hún felld, greiði ég atkv. móti landsreikningnum. Ég ætla ekki að trúa því fyrr en ég tek á, að hv. þm. leggi á móti þeirri till., þar sem hún fer fram á, að ríkið færi reikninga sína eins og hvert einasta fyrirtæki á landinu gerir. Ef ég færði reikninga þess fyrirtækis, sem ég veiti forstöðu, á sama hátt og ríkið færir sína reikninga, og færi niður í Landsbanka og fengi lán

í því trausti, að hagur minn væri eins og reikningarnir gefa til kynna, og ef svo illa færa, að ég yrði gjaldþrota, þá er enginn vafi á því, að ég yrði dæmdur í tugthús fyrir sviksamlegt athæfi fyrir það að hafa ginnt lán út úr lánsstofnunum á grundvelli falskra reikninga. Slík hefir reikningsfærsla ríkisins verið. Ég álít það ekki gert í sviksamlegum tilgangi, en til þess að leyna þeirri staðreynd, að ríkisbúskapurinn var með öðrum hætti en fjmrh. þáverandi (EÁrna) hafði gefið til kynna með fjármálaræðu sinni, sem hann flutti á þingi 1930. — Ég get lokið mínu máli með því að endurtaka það, að ég ætla ekki að trúa því fyrr en ég tek á, að hv. þm. leggist á móti því, að þessu verði kippt í lag og láti þá umsögn sína í ljós, að þetta megi ekki koma fyrir aftur.

Einar Arnórsson: Ummæli hv. 2. þm. Skagf. hafa gefið mér tilefni til nokkurra aths. Ég skal kannast við það, að það er oft undir mati komið, við hvað skal gera aths. og við hvað ekki. En í raun og veru ætti þetta ekki að vera undir mati komið; í raun og veru ætti að vera svo um búið, að yfirskoðunarmennirnir gerðu aths. við hvað eina, sem ekki er í samræmi við fjárlög. En þetta fyrirkomulag, sem við höfum á endurskoðun ríkisreikninganna, er ekki heppilegt. Endurskoðunin byrjar í skrifstofu stjórnarinnar. Það er einungis töluendurskoðun, sem ekki á nokkurn hátt er til eftirlits á **stjórnina.** Það eru yfirskoðunarmennirnir, sem eiga að vera til þess að athuga gerðir **stjórnarinnar sjálfrar.** Nú er svo háttað, að Alþingi kýs 3 menn til þessa verks, og þetta verk er algert aukastarf. Enginn getur ætlazt til, að þessir menn geti lagt nema tiltölulega skammaan tíma til þessa verks, en hinsvegar er það allumfangsmikið, ef það væri gert svo, að í lagi væri. Endurskoðun á einkafyrirtækjum, t. d. bönkunum og einnig á reikningum sumra bæjarfélaga, t. d. í Rvík, er svo varið, að endurskoðunarmennirnir koma a. m. k. vikulega. Þeir fara í skrifstofu fyrirtækisins og athuga út- og innborganir og bera saman. Eitthvað í þessa átt þyrfti sú endurskoðun að vera, sem þingið lætur fram fara gagnvart stjórninni. En þess er varla kostur, að þetta verði með núverandi tilhögun. Það er ómögulegt að ætlast til þess, að þeir endurskoðunarmenn, sem þingið velur og borgar eins og það borgar, geti lagt eins mikinn tíma í verkið og þetta fyrirkomulag krefur.

En þetta fyrirkomulag er miklu tryggara en það, sem nú er. Endurskoðun landsreikninganna mun yfirleitt ekki taka til endurskoðunar á búskap þess árs, sem reikningarnir eru fyrir, fyrr en reikningarnir eru komnir út, og það löngu eftir að það reikningsár er liðið. Það, sem stj. gerir skakkt um fjárgreiðslur, þarf ekki að koma til endurskoðunarmanna fyrr en löngu seinna. Hver stj. myndi fara varlegar í þessu efni, ef hún ætti víst, að endurskoðunarmennirnir athuguðu jafnóðum gerðir hennar. Hún á þeirra dóm vísan yfir höfði sér strax og hún fremur eitthvað rangt um greiðslur. Það myndi áreiðanlega borga sig fyrir þingið og fyrir stj. sjálfa að breyta til og koma slíku skipulagi á þetta mál.

Það er haft eftir hæstv. forsrh., að útdráttur þessara málsskjala, sem talað hefir verið um af einstökum mönnum hér, muni ekki koma út, enda þótt búið sé að eyða 9—10 þús. kr. til prentunar á þeim. Ég býst við, að ef til vill sé vel farið, að þessi skjöl komi ekki út, en mér finnst skrítið, þegar búið er að verja tug þúsunda til prentunar þeirra, þá skuli það afráðið að setja þau undir mæliker. Ég vildi leyfa mér að spyrja, hvers vegna fyrst er ákveðið að gefa þau út og síðan ákveðið að birta þau ekki. Ég veit ekki, hvort hæstv. forsrh. á nokkurn þátt í þessari útgáfu; ég býst við, að það sé upphaflega gert að honum fornspurðum. En hv. 2. þm. Skagf. hafði það eftir hæstv. forsrh. í gær, að hætt væri við að láta þessi plögg koma fyrir almenningssjónir.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en ég vildi óska þess, að þessar aths. mínar um yfirskoðunina verði teknar rækilega til íhugunar.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég skal ekki þreyta þolinmæði hæstv. forseta;

aðeins gera stutta aths. En til andsvars hæstv. forsrh. vil ég segja það, að í fyrsta lagi er í lögum engin heimild til að borga eftirlitsmönnum föst laun úr ríkissjóði. Það stendur beint orðað í lögum, að eftirlitsmenn skuli skipaðir til 4 ára og þeir eigi rétt á þóknun samkv. gjaldskrá, og þar með er útilokað, að heimilt sé að borga þeim laun úr ríkissjóði. Það er því í algerðu heimildarleysi, sem þessum mönnum eru borgaðar 1000 kr. báðum til samans. Ef stj. ætlar að veita þessa þóknun, sem þeir eiga samkv. gjaldskránni, og borga þeim svo kaup úr ríkissjóði þar fyrir utan, þá fer skörin að færast upp á bekkinn, ef þessir menn eiga að fá 500 kr. aukalaun á mánuði og líka þessa þóknun, sem þeim ber að lögum. Hvað það snertir að hafa eftir privat samtöl hér í d., þá er það oft gert, og ég tel þm. heimilt að leita sér upplýsinga um starf opinberra starfsmanna, og maður þurfi ekki að hafa þær spurningar skriflegar. Annað hefi ég ekki gert, og ég hefi oft gert það við þá, sem ég hefi þurft að tala við, t. d. vegamálastjóra, landssímastjóra og vitamálastjóra o. fl. Ef maður hefir ekki tíma til að leggja skriflega fyrirspurn fyrir þá, þá verður maður að fara heim til þeirra. Ég hygg, að fleiri hv. þm. hafi þá aðferð að ganga til manna og tala við þá. Hæstv. ráðh. var nokkuð æstur, og lítur út fyrir, að ég hafi komið óþægilega við kaun hans. Ég býst ekki við, að hlutdrægnin með embættisveitingar minnki nema að því sé fundið, og það hefi ég gert með fullum rökum, og ef hæstv. ráðh. vill fá sannanir, þá skal hann fá þær með lögsókn. Ég gef honum leyfi til að lögsækja mig. Það kom hér maður í gær og spurði mig, hvort þessi skjólstæðingur hefði veitt honum lán eða ábyrgð. Mér var ekki um það kunnugt, en það væri æskilegt, ef hæstv. forsrh. vildi svara því.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Vitanlega er ekkert við það að athuga, þó að hv. þm. N.-Ísf. sem þm. færi til opinberra starfsmanna og bæði um upplýsingar viðvíkjandi þeirra starfi. Það dettur engum í hug að átelja þennan hv. þm., þó að hann hafi eftir þeim það, sem þeir hafa sagt um þá hluti, sem varða þeirra starf. En hv. þm. N.-Ísf. fór með orð eftir þessum starfsmanni, sem ég er alveg viss um, að þessi starfsmaður hefir aldrei sagt, þó ekki væri af öðru, þá þegar af þeirri ástæðu, að í þessum orðum lá árás á þennan mann sjálfan, enda sparaði hv. þm. ekki að fara niðrandi orðum um þennan starfsmann, jafnframt því sem hann vitnaði í hann. Þess vegna er það ekki þetta, sem þessi hv. þm. hefir gert, að fara til þessa manns og fá hjá honum upplýsingar, heldur fór hann með ósönn orð. Hv. þm. þarf ekki að gefa mér leyfi til að lögsækja sig. Ég get það, ef ég kæri mig um það. Hv. þm. veit það, að ég hefi gefið yfirlýsingu um það, að ég lögsæki menn ekki fyrir það að fara niðrandi orðum um mig.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það virðist ekki vera róttækur ágreiningur milli mín og hv. 2. þm. Skagf. út af brtt. hans. Við erum sammála um, að þetta sé aðeins form á færslu, sem engu breyti í raun og veru, reikningum eða niðurstöðu um núverandi hag ríkissjóðs. Við erum líka sammála um það, að það er ekki einstakt á árinu 1929, að flutt séu útgjöld yfir til næsta árs, heldur sé það gamalt og nýtt fyrirbæri. Það, sem á milli ber, er það, hvort taka eigi upp nýja reglu og heimta nú í fyrsta sinn að færa á fyrra ár það, sem hefir verið flutt yfir á næsta ár. Um þetta er ágreiningurinn. Hv. 2. þm. Skagf. skýrði sitt mál aðallega með því, að þetta væru svo háar tölur, sem um væri að ræða, en ég hefi áður bent á það, að þetta hefir ekki verið í svo tiltakanlega litlum mæli áður. Á þeim eina lið frá 1926, vegamálunum, sem ég tók til samanburðar, nam yfirfærslan rúmum 160 þús. kr. Það hefir aldrei fyrr verið gerð tillaga um að flytja slíkar yfirfærslur yfir til fyrra árs, enda þýðingarlítið, þar sem það tekur til meira en ársgamalla reikninga og upphæðirnar komnar þegar til reiknings á síðara árinu. Þó að upphæðirnar á þessum landsreikningi séu háar, er samt enginn eðlismunur á þeim og hinum, sem lægri eru. Ef nú á að taka upp nýjan hátt fyrir umliðinn tíma um þetta atriði, þá verður að fylgja annarihvorri reglunni: að flytja allt eða ekkert; þriðja

leið er ekki til. En ef brtt. er borin fram sem bending aðeins um framtíðina, þá skal ég ekkert um hana deila, enda er ég hv. þm. sammála hvað það snertir, að sú fasta regla sé upp tekin, að færa eftirleiðis hvort heldur eru tekjur eða gjöld á þann ársreikning, sem það að réttu lagi tilheyrir.

Hv. þm. G.-K. sagði, að láðst hefði að geta þess í nál., að fylgi hans við frv. væri bundið því skilyrði, að till. hv. 2. þm. Skagf. yrðu samþ. Ég vil taka það fram út af þessum ummælum, að ég heyri þetta nú í fyrsta sinn, enda skrifaði hv. þm. G.-K. undir nál. aths.laust. Ég minnist þess ekki, að hvorki hv. 2. þm. Skagf. né hv. þm. G.-K. lýstu því nokkurntíma yfir í nefndinni, að fylgi þeirra við frv. ylti á samþ. brtt., enda er það þvert ofan í bæði fundarbókun um málið og nál. Mér koma orð hv. þm. G.-K. því alveg á óvart. Hinsvegar er ég ekki með þessu að reyna neitt til þess að binda hendur þeirra í atkvgr. um frv. Auðvitað ráða þeir því sjálfir, hvort þeir breyta afstöðu sinni til málsins og greiða atkv. á móti frv., ef brtt. verður ekki samþ.

Ég sé enga ástæðu til þess, hvorki fyrir hönd n. né sjálfs mín, að vera að blanda mér nokkuð inn í þær umr., sem farið hafa fram um málið á víð og dreif, t. d. milli þeirra hv. 2. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Skagf. Það mátti skilja það á ræðu hv. 2. þm. Reykv., að hann var að mæla með sjálfum sér sem endurskoðanda landsreikninganna, og að hann þóttist færari hv. 2. þm. Skagf. til starfsins, og skal ég láta þá hlutlausa um að gera það upp sín á milli.

Um það atriðið, að óheppilegt sé, að endurskoðunin fari fram löngu eftir á, get ég verið hv. 2. þm. Reykv. sammála. Það atriði væri auðveldast að lagfæra í sambandi við umbætur á ríkisbókhaldinu, sem nú liggja fyrir. Þegar komið væri á tvöfalt bókhald, yrði hægt að framkvæma endurskoðunina fyrr en nú, eða jafnvel jafnhliða.

Magnús Guðmundsson: Ég sé enga ástæðu til þess að vera að karpa um þetta lengi og skal vera stuttorður.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um fyrirkomulagið á endurskoðun landsreikninganna, vil ég taka fram, að ég er honum sammála um það, að kominn sé tími til breytinga í þeim efnum. Það var allt annað verk að endurskoða þá reikninga fyrrum, þegar tekjur og gjöld námu ekki nema 1—2 millj., eða nú, þegar þessir liðir reikninganna eru komnir upp undir 20 millj. kr. Þetta, hve landsreikningurinn er jafnan síðbúinn, er atriði, sem þarf að taka til rækilegrar athugunar, enda þótt hann verði ekki svo síðbúinn næst sem hann var nú. Þegar reikningurinn kemur ekki fyrr en undir jól, þá er ekki mikið tækifæri til þess að endurskoða hann, svo fullnægjandi sé. Og ef tveir af þremur endurskoðendum búa úti á landi, þá er auðsætt, að ekki er hægt að endurskoða daglega, enda þó að að endurskoðendur hafi aðgang að bókum ríkisféhirðis.

Hv. frsm. sagði, að það væri ekki rétt, að ágreiningur hefði verið innan n. Það er rétt hjá hv. frsm. að því leyti, að ágreiningurinn var aðeins um landsreikninginn 1929. Ég skal ekki lengi deila um það atriði, en ég álít, að hér sé um svo háa upphæð að ræða, að hún skipti miklu máli. Hv. frsm. minnti aftur á dæmið frá 1926, en ég hefi sýnt fram á, að þar er ekki um meira að ræða en það, sem ég hefi ekki gert aths. um 1929. Ég er líka hræddur um, að á landsreikningnum 1927 hafi átt sér stað slíkar yfirfærslur í 13. gr. Ég hefi tekið eftir því, að í þeirri gr. er greidd nákvæmlega sama upphæð til ýmsra vega og veitt hefir verið til þeirra í fjárlögum. Eru það þessir vegir:

Kjalarnesvegur	26000 kr.
Stykkishólmsvegur	15000 —
Hvítárbraut	10000 —
Norðurárdalsvegur	60000 —
Miðfjarðarbraut	35000 —
Sauðárkróksbraut	18000 —
Vaðlaheiðarvegur	50000 —
Vallavegur	10000 —
Hróarstunguvegur	27500 —
Biskupstungnabraut	25000 —

Hér standast alstaðar fjárveiting og reikningur nákvæmlega á. Verð ég að segja það, að mér þykir næsta undarlegt, ef vegamálastjóri hefir getað hnitmiðað þetta svo niður, að kostnaðurinn kæmi nákvæmlega heim við fjárveitinguna í fjárl. Er ég ekki að segja þetta í á-

deiluskyni, því að ég geri ráð fyrir, að hér sé um smáar upphæðir að ræða, og skiptir þetta því ekki miklu máli.

Viðvíkjandi afstöðu hv. þm. G.-K. til þessa máls, skal ég aðeins geta þess, að ég hafði ekki talað við hann, er ég skýrði n. frá afstöðu minni. Hvort ég greiði atkv. með eða móti frv., sé ég ekki, að skipti miklu máli, og sé því enga ástæðu til þess að skýra frá því fyrirfram. Það mun sjást síðar. Það er vitanlegt, að nóg atkv. verða samt með frv., hvort sem ég greiði atkv. með eða á móti því.

Um hina nýju reikningsfærslu get ég ekki mikið talað, þar sem ég er henni lítið kunnugur. Mér virðist þó í fljótu bragði, að ekki sé neitt hægara að fá gott yfirlit yfir hag ríkissjóðs, þó að hún sé viðhöfð. Skal ég svo ekki lengja þessar umr. meir en orðið er.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Í landsreikningnum fyrir 1929 stendur á bls. IV, að áætluð útgjöld samkv. fjárl. hafi verið 10883600,00 kr., en útgjöldin þetta sama ár hafi numið 18376467,20 kr. Að frádregnum auknum sjóði og aukinni innstæðu, sem nema rúml. 1346 þús. kr., verða útgjöldin rúmlega 17 millj. kr., í stað rúmra 10 millj. 800 þús., sem áætlað var í fjárl. Það eru þannig fast að 7 millj. kr., sem ríkissj. hefir goldið á þessu ári umfram það, sem Alþingi ætlaðist til. — Að þessu ráðlagi hæstv. stj. hefir verið fundið af mörgum, og það að maklegleikum. En nú bregður svo við, að ekki virðist annað sýnna en að ýmsir þeir, sem hvað hæst hafa vítt hæstv. stj. fyrir þetta, hafi í hyggju að gefa henni allsherjar syndakvittun með því að samþykkja landsreikninginn eins og hann liggur hér fyrir.

Ég get tekið það fram fyrir mína hönd og minna flokksmanna hér í hv. d., að við munum hvorki samþ. fjáraukalögin fyrir árið 1929 né heldur landsreikninginn eins og frv. þessi liggja hér fyrir. Við teljum það með öllu óverjandi, að ríkisstj. skuli taka sér það vald að ráðstafa svo miklu fé úr ríkissjóði sem hér hefir verið gert, án vilja eða vitundar þingsins. Annað mál er það, að það virðist óneitanlega vera nokkuð eftir dúk og disk að vera að ræða um LR fyrir árið 1929 nú í ágústmán. 1931.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Það er rétt hjá hv. frsm. n., að ég mun ekki hafa sagt neitt um það í n., að ég myndi greiða atkv. á móti LR., ef brtt. hv. 2. þm. Skagf. yrði felld. Það má vera, að hin raunverulega ástæða til þess, að ekki var rætt um þetta í n., hafi verið sú, að okkur hv. 2. þm. Skagf. var það ljóst, að það skipti í rauninni engu máli, hvort við greiddum atkv. á móti frv. eða ekki; það yrði samt sem áður samþ. hér í hv. d.

En mér þykir rétt að láta hv. frsm. vita það, áður en gengið er til atkv., að vegna þess að ég tel það ósæmilegt af ríkisstj. að hafast það að, sem myndi vera bein tugthússök, ef einstaklingur ætti í hlut, þá mun ég greiða atkv. móti LR. í þetta sinn.

Ég get ekki fallizt á, að það skipti engu máli, hvort um stórar eða smáar upphæðir er að ræða í þessum efnum. Þó að slík færsla hafi átt sér stað í smáum mæli áður, þá réttlætir það alls ekki hæstv. núv. ríkisstj., sem hefir framkvæmt slíkar færslur í stórum stíl. Það getur auðvitað komið fyrir, að skakkar færslur séu gerðar óafvitandi, ef um smáar upphæðir er að ræða. En ég get ekki séð annað en að hæstv. núv. ríkisstj. hafi gert þetta vísvitandi, til þess að láta það líta svo út fyrir augum landsmanna, að fullt samræmi sé á milli afkomu ársins 1929, landsreikningsins og bráðabirgðayfirlitsins 1930. Sé það of sterkt að orði kveðið, að hér sé um sviksamlegt framferði að ræða, þá er hér a. m. k. að ræða um óviðfelldið atferli, sem þarf að kippa í liðinn svo fljótt sem unnt er.

Hv. frsm. sagði, að það skipti engu máli, hvort hér væri um smáar eða stórar upphæðir að ræða. Mér finnst, að hann ætti þá að vilja, að samræmi verði milli nútíðar og framtíðar í þessum efnum. En hann hefir sjálfur borið fram till. um að kippa þessu í lag á landsreikningunum framvegis. Með því að víta þannig, að þetta komi fyrir í framtíðinni, þá vítir hv. frsm. einnig fortíðina hvað þetta snertir.

Þá vil ég leyfa mér að skora á hæstv. forsrh. og fjmrh. að gera grein fyrir

því, hvernig á því stendur, að varið hefir verið fjárupphæð úr ríkissjóði, allt að 10 þús. kr., til þess að prenta ýms gögn, sem síðar hefir verið lýst yfir, að ættu ekki að koma fyrir almenningssjónir. Og ég vildi fá að heyra það af vörum hæstv. ráðh., hvort hann standi ennþá við það að láta plögg þessi ekki koma út. Þessi plögg, sem ég á hér við, er „Bláa bókin" svonefnda, sem flestir munu kannast við. Þegar hæstv. forsrh. lýsti yfir því í vor í viðurvist formanns Sjálfstæðisflokksins og formanns Alþýðuflokksins, að stj. skoðaði sig sem bráðabirgðastj., og lofaði því jafnframt, að hún skyldi ekki misnota ríkisvaldið fram yfir kosningar, þá mun hann hafa talið það upp í nokkrum liðum, hvað hann ætlaði að gera og hvað hann ætlaði að láta niður falla. Meðal þess, sem ógert átti að vera, var það að gefa út þetta rit, „Bláu bókina", sem kostað hafði verið til 10 þús. kr. úr ríkissjóði.

Nú vildi ég spyrja hæstv. forsrh. um það, að ef það verður hans hlutskipti að mynda væntanlega ábyrga, pólitíska stjórn, hvort hann ætli þá að sjá um, að þetta loforð, sem hann gaf um það, að ritið skyldi aldrei koma fyrir almenningssjónir, verði haldið, eða hvort hann ætli að lofa öðrum manni, sér verri, að rjúfa það, sem hann hefir lofað. Ég heyrði það í hv. Ed. fyrir skömmu, að maður einn lét alldólgslega og hótaði því, að þessi plögg skyldu bráðlega verða send inn á hvert heimili á landinu. Ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvort hér eigi svo að fara sem máltækið segir, að dómsmrh. svíki það, sem forsrh. lofar.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þær ályktanir, sem hv. þm. dregur um það, hvaða hugarfar hafi staðið á bak við yfirlýsingu mína í vetur um að ekki skyldi verða gefin út þessi umrædda bók, standa á hans ábyrgð. En um útgáfu bókarinnar var rætt í sambandi við kosningarnar og yfirlýsing mín var gefin í því sambandi og bókin hefir ekki komið út fyrir kosningarnar.

Einar Arnórsson: Ég finn ástæðu til að þakka hv. 1. þm. N.-M. meðmæli þau, er hann gaf mér sem fjármálamanni. En ég hefi aldrei talið mig fjármálasamvizku míns flokks. En hann hefir aftur á móti verið talin — og sjálfur víst talið sig — fjármálasamvizka síns flokks. Og er það eigi að ófyrirsynju, þar sem frá honum hafa komið ýms ágæt skattafrumvörp, svo sem frumvarpið fræga um sveitargjöld. Annars gleður það mig, að hv. 1. þm. N.-M. skuli finnast þörf á að breyta um skipulag endurskoðunar landsreikninganna og vill taka til athugunar, hvort ekki er hægt að taka upp það skipulag, sem ég hefi nefnt.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Ágreiningurinn milli mín og hv. 2. þm. Skagf. er svo ræddur og ljós orðinn, að ég fellst á það, að það er þýðingarlaust að deila um hann meira, og læt ég því umr. um það niður falla.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að hann og flokksmenn hans myndu greiða atkv. á móti samþ. landsreikninganna, vegna þess að fjárlögin hafi verið brotin. Þeir eru vitanlega sjálfráðir um það. En á það vil ég benda, að þá taka þeir upp alveg nýjan hátt, því að það hefir jafnan svo verið á hverjum landsreikningi, að hann hefir verið hærri en áætlað hefir verið. Auk þess er nú hér í deildinni búið að samþykkja fjáraukalög fyrir 1929, og þar með heimild fyrir öllu því fé, sem í þessum landsreikningi stendur. Að greiða atkv. á móti samþykkt landsreikninganna er því að ganga í berhögg við sjálfan sig, og á það bæði við hv. þm. Seyðf. og hv. þm. G.-K. Ef það er talið lagabrot og geti varðað tugthússök að flytja upphæðir milli ára, þá hefir sú sama sök legið fyrir á þingum áður, og hvílir á öllum, sem setið hafa á undanförnum þingum. Það væri því laglegur hópur, sem færi í tugthúsið, ef allir fylgjast þar að, sem eiga hér óskilið mál. Myndi hv. þm. G.-K. prýða þann hóp.

Þar sem hv. þm. G.-K. talaði um samræmi milli fortíðar og framtíðar, þá vil ég benda honum á það, að á umliðnum tíma hafa landsreikningarnir verið samþ., þótt umframgreiðslur hafi verið, og þær upphæðir allar samþ., ýmist undan eða eftir. Til þess að halda samræminu ber því að samþ. LR. óbreyttan nú.

Mér skildist, að hv. 2. þm. Reykv. tæki

það ekki vel upp, er ég benti á, að hann væri að halda sér fram yfir hv. 2. þm. Skagf. til að endurskoða landsreikningana. Rann út í fyrir honum, svo að hann fór að tala um framkomu mína í málum, sem hér liggja ekki fyrir. Hv. þm. kann ekki gott að þiggja. En dóma hans um þau mál, sem ég hefi flutt á þingi, tel ég mig hafa, á þessu stigi, fullan rétt til að kalla ómerka sleggjudóma.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég má sætta mig við, að fjármálaspekingur Framsóknarflokksins líti niður á kunnáttu mína í bókfærslu. Maður sér það á honum, hvílíkur spekingur hann er, á öllum hreyfingum hans, — já, þótt ekki sé annað en hvernig hann stendur upp, sýnir hvílíkur fjármálaspekingur hann er. En það vil ég segja hv. þm., að jafnvel þótt ég í n. hefði bundið mig við að samþ. landsreikningana, ef till. hv. 2. þm. Skagf. næði samþykki, þá hefir smáræða sú, er hæstv. forsrh. flutti hér áðan, algerlega leyst mig frá því loforði. Hann viðurkennir, að lagðar hafi verið fram 10 þús. kr. til að gefa út auvirðilegt níðrit, — svo lítilmótlegt, að hann lofaði, að það skyldi aldrei koma fyrir almenningssjónir, þótt búið væri að kosta útgáfuna.

Nú segir hæstv. ráðh. í dag, að þetta loforð hafi verið gefið í sambandi við kosningarnar. Á nú að gera annað miklu verra en þótt peningunum væri kastað í sjóinn? Því að svo vont sem það er að taka 10 þús. og brenna þeim, þá er hitt þá hálfu verra, að senda þetta svívirðilega rit út til þjóðarinnar. En ég skil á mæli ráðh., að hann er að komast niður í buxnavasa fyrrv. dómsmrh., þar sem hann hefir áður verið. Ég vildi heyra hann verja það, að rit þetta væri ekki hæft til að koma út fyrir kosningarnar, en væri hæft til þess, þegar þær eru afstaðnar. — Þótt ekki væri annað en að heyra hæstv. ráðh. mæla þannig, þá er það nóg til að leysa mig frá loforði um að samþykkja landsreikningana.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil undirstrika það, að þau samtöl, sem rætt hefir verið um, fóru eingöngu fram í sambandi við kosningarnar. Um efni bókarinnar get ég ekki talað; hefi ekki lesið hana. Hv. þm. G.-K. virðist hafa lesið hana, en ég hefi ekkert kynnt mér hana.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Skagf. mælti í gær, að það skipti ekki máli, hvort hin umrædda upphæð stæði á rekstrarreikningi eða sjóðsreikningi. Út frá því, sem hv. þm. G.-K. sagði, þá skiptir það ekki litlu máli. Hann hélt því fram, að þessi yfirfærsla væri gerð í þeim tilgangi, að landsreikningarnir væru í meira samræmi við skýrslu þá, sem fjmrh. gaf í vetur. En nú vil ég benda hv. þm. G.-K. á það, að skýrsla hæstv. fjmrh. er byggð á rekstrarreikningi. Ef þessi upphæð er því tekin inn á sjóðsreikning, þá hefir það engin áhrif á útkomu LR. við skýrslu fjmrh. Það er ekki lítilfjörlegt atriði, hvort það er á sjóðsreikningi eða rekstrarreikningi. Því að ef það er á sjóðsreikningi, þá vil ég spyrja hv. 2. þm. Skagf., hvernig ætti að færa það á landsreikningi 1930?

Ég sé ekki, að það geti komið til mála að gera þær breyt. á LR., sem hv. 2. þm. Skagf. fer fram á, fyrr en hann hefir skýrt, hvernig hann ætlist til, að það sé fært á landsreikninginn, hvort heldur á rekstrarreikning eða sjóðsreikning. Þess vegna er ekki ástæða til að samþ. till. hans, þar sem hann hefir ekki gert grein fyrir, hvernig fært skuli.

Út af því, sem hv. þm. Seyðf. sagði, að útgjöld hefðu farið 7 millj. fram yfir áætlun, þá er það ekki rétt. Því að ætlazt er til, að greiddar séu upphæðir samkv. sérstökum lögum og þáltill. samtals um 2 millj. kr., sem þannig kemur þar til frádráttar.

Þá þótti mér einkennileg skýring hv. þm. G.-K. um hegningarvert athæfi í sambandi við færslu landsreikninganna, sem varða myndi tugthússök, ef einstaklingar ættu hlut að máli. Nú er vitanlegt, að samskonar hefir átt sér stað áður. En hv. þm. segir, að þá hafi upphæðirnar verið minni. Eftir því mælir hann réttvísina í krónutali. Það er einkennilegt réttarfar, þar sem svo er að farið. Það hefir komið fyrir, að ef menn hafa orðið brotlegir í nógu stórum stíl, þá hafa menn sloppið, en ef brot þeirra hafa að-

eins verið af skornum skammti, þá hafa þeir verið dæmdir.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég ætla að minna hæstv. forsrh. á, að þegar hann var spurður, í sambandi við loforð það, er hann gaf um að misbeita ekki ríkisvaldinu, hvað hann ætlaði að gera til að uppfylla það loforð, þá svaraði hann: Bláa bókin skal aldrei koma fyrir almenningssjónir.

Ég þarf litlu að svara hv. þm. V.-Húnv. Ég sagði ekki, að landsreikningarnir væru færðir svo, að það varðaði tugthússök. En ég sagði, að ef ég færði reikninga mína með sama hætti, og færi með þá í lánsstofnanir og fengi þar lán og yrði síðan gjaldþrota og gæfi mig upp, þá lenti ég í tugthúsinu fyrir slíka færslu. Ef ég teldi sjóðseign það, sem ég hefi borgað út, þá er það reikningsfölsun og heyrir undir tugthús. Annars hélt ég, að hv. þm. ætti að vita það, að meira afbroti fylgir meiri hegning. (**EA**: Að öðru jöfnu). Já, að öðru jöfnu. Framsóknarmaður myndi t. d. fá vægari dóm.

Magnús Guðmundsson: Hv. þm. V.-Húnv. klifaði enn á, hvort ég vildi bókfæra hina umdeildu millj. á rekstarreikning eða sjóðsreikning, þótt ég hafi bent honum á, að hvorki rekstrar- né sjóðsreikningur liggur hér fyrir til samþykktar, heldur reikningur yfir inn- og útborganir. Og mín till. snertir vitaskuld þann reikning, sem hér er til umr., en ekki aðra.

Sami hv. þm. sagði, að það skipti engu, hvort upphæðin væri lítil eða stór. Jú, það skiptir máli, því að 1 kr. skiptir engu um hag ríkissjóðs, en 1 millj. kr. skiptir miklu um hag hans. Þetta er svipað og það, að enginn er talinn þjófur, þótt hann taki eina eldspýtu, en taki hann t. d. hest eða kind, þá er annað uppi á teningnum.

Út af ummælum hæstv. forsrh., þar sem hann segir mig og hv. 1. landsk. fara rangt með orð hans, er við segjum hann sagt hafa, að „Bláa bókin" kæmi aldrei út, þá skal ég lýsa því yfir, að ég er reiðubúinn til að sverja hvenær sem er, að hæstv. ráðh. sagði þetta við okkur uppi í stjórnarráði í vor í umræðum út af þingrofinu.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er óviðkunnanlegt, þegar menn greinir á um, hvað sagt er í prívatsamtali. Ég býst við, út af þessari reynslu, að það væri skynsamlegra, að orðsendingar færu fram skriflega. Hv. þm. G.-K. játar það rétt vera, að spurningin var eingöngu í sambandi við kosningarnar, og ég hefi það fyrir reglu að svara ekki meiru en ég er spurður um.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég vil benda hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. G.-K. á það, að ég hygg mann jafnsekan við landslög, hvort sem hann stelur hundi í Gullbr.- og Kjósarsýslu eða hesti norður í Húnavatnssýslu. (**ÓTh**: Eða asna í Húnavatnssýslu).

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég heyri sagt, að hv. frsm. segi lítið mark takandi á því, sem ég hefi sagt og að búið sé að samþykkja öll þau útgjöld, sem eru á landsreikningnum. Ég vil benda honum á, að það er ekki búið að samþykkja fjáraukalög fyrir 1929. Í öðru lagi hefir hann sagt, að ég hefði ekki vit á reikningsfærslu. Það þýðir ekki að tala um vitsmuni okkar, en ég vona, að hann sjái, að það eru fast að 6 millj., sem eru fram yfir áætlun, og af því eru 1700 þús. kr., sem greiddar hafa verið samkv. sérstökum l. og þál. Af því verður séð, hve miklu ríkisstj. sjálf hefir ráðstafað. Með þessu hefi ég svarað hv. þm. V.-Húnv. að öðru en því, sem snertir hundinn og hestinn.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það kemur hér fram sem oft endranær, að það er ekki gott að taka mark á orðum, sem flutt eru á milli. Ég hefi aldrei sagt, að hv. þm. Seyðf. hefði ekki vit á reikningsfærslu. Mín rök gagnvart því, sem hv. þm. sagði, voru án allrar persónulegrar áreitni í hans garð.

ATKVGR.

Brtt. 179,1—2 felld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EA, GÍ, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PO.
nei: BSt, BÁ, BKr. HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, JörB.
HG, VJ greiddu ekki atkv.

Frvgr. samþ. með 16 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, JörB.
nei: VJ, EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PO.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 9 atkv.

Á 28. fundi í Nd., 13. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 : 6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 3).

Á 29. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 3, n. 372 og 381).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Að því er snertir samþykkt landsreikningsins hefi ég litlu við að bæta það, sem fram kom við umr. fjáraukal. 1929. Þessi mál eru í svo nánu sambandi hvort við annað, að þegar rætt er um annað, þá er líka rætt um hitt. Þær aths., sem hv. minni hl. gerði við fjáraukalagafrv. 1929, hafa eðlilega áhrif á landsreikninginn. Að því er þær snertir hefi ég gert grein fyrir afstöðu meiri hl. n. við umr. um það mál. Ég skal aðeins geta þess, að meiri hl. n. leggur til, að landsreikningurinn verði samþ. eins og hann liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Í nál. mínu um frv. til fjáraukal. fyrir árið 1929 hefi ég gert grein fyrir, af hverju ég tel ekki að svo stöddu rétt að samþ. þrjár upphæðir, sem leitað er heimildar fyrir í því fjáraukalagafrv. Þessar þrjár upphæðir eru náttúrlega taldar í LR. fyrir árið 1929, og ég tel að sjálfsögðu ekki rétt að samþ. þær í LR. á meðan þær eru ósamþ. í fjáraukalagafrv. Og jafnvel þó þær yrðu samþ. í fjáraukal., teldi ég ekki rétt, eins og málið stendur, að samþ. þær í landsreikningnum. Hér við skal ég bæta, eins og stendur í nál. mínu á þskj. 381, að það er ýmislegt fleira en þessar þrjár upphæðir, sem er athugavert í landsreikningnum og snertir beint það frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum, er hér liggur fyrir. Þar má nefna 33. aths. endurskoðenda. Það er prentvilla í aths. endurskoðendanna; það er talin 34. aths., sem á að vera 33. — Það eru útgjöld upp á kr. 12105.64, sem færðar eru til útgjalda í 25. gr. fjárl., samkv. l. nr. 23 1927, um bifreiðar, og eru þar í innifaldar 4600 kr. fyrir bifreið, en hitt er ýmislegur kostnaður við þetta eftirlit. Út af þessu benda yfirskoðunarmenn á, að það muni ekki hafa verið tilætlun þingsins, er lög þessi voru samþ., að af þeim leiddi nein veruleg gjöld fyrir ríkissjóð.

Ráðh. svarar þessu svo, að þessi bifreið hafi verið keypt handa bifreiðarskoðunarmönnunum, og auk þess sé keypt ýmislegt til hennar, og ferðakostnaður og kaup skoðunarmanna einnig greitt af þessum lið.

Um þetta segja yfirskoðunarmenn í till. sínum til úrskurðar:

„Í lögum nr. 23 1927 er engin heimild til bifreiðakaupa né annara greiðslna úr ríkissjóði. Svarið er því ekki fullnægj-

andi, og er þessu því skotið til aðgerða Alþingis".

Mér finnst því ekki ástæða til að samþ. þetta frv. að svo stöddu, þar sem einnig margt annað er athugavert.

Þá er 34. aths., næsta aths. þeirra; það er viðvíkjandi kr. 11174,32, sem í LR. eru talin útgjöld samkv. 25. gr., með tilvitnun til l. nr. 24 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Út af þessu gera yfirskoðunarmenn þá úrskurðartill., að

„Í lögum nr. 24 1928 er engin heimild til að greiða eftirlitsmönnum með verksmiðjum og vélum annað úr ríkissjóði en ferðakostnað. Svarið er því ekki fullnægjandi, og er þessu skotið til aðgerða Alþingis".

Svo er loksins 38. gr. aths., sem leiðir athygli að því, að mjög stórar fjárhæðir, þ. á m. til síldarbræðsluverksmiðju, Þingvallavegar, Arnarhváls og landsspítalans, eru taldar endurgreiddar 31. des. 1929, og sjáanlega færðar til gjalda á árinu 1930. Þessar fjárupphæðir eru sundurliðaðar nánar í 38. úrskurðartill., sem borin er fram af öðrum endurskoðandanum, MG, og telur hann rétt, að upphæðirnar verði færðar til gjalda í LR. fyrir árið 1929. Upphæðirnar eru:

til síldarbræðsluverksmiðju	kr.	450174,90
— Þingvallavegar	—	253380,98
— Arnarhváls	—	115000,00
— landsspítalans	—	225000,00
Samtals	kr.	1043555,88

Ég verð að vera þeim endurskoðandanum, sem gert hefir till. um að færa þetta á reikninginn, sammála um, að svo beri að gera. Ég hefi ekki fundið neinar gildar ástæður fyrir því að skjóta þessum greiðslum yfir á árið 1930. En ég hefi, eins og tekið er fram í nál. mínu á þskj. 381, ekki borið fram brtt. um þetta enn, því ég gerði ráð fyrir samkv. venju, að frv. til fjáraukal. kæmi fyrst til atkv. En ég mun bera fram brtt. um þetta til 3. umr.

Þá tel ég það einnig sérstaklega athugavert í nál. mínu á þskj. 381, að í LR. eru gerðar tilraunir til að villa mönnum sýn um hag ríkissjóðs í árslok 1929, og á ég þar sérstaklega við ummæli, sem standa neðst á bls. XXIII í hinum prentaða landsreikningi, þar sem verið er að gera grein fyrir, hvernig standi á skuldahækkuninni á árinu 1929. Þar er frá því skýrt,

„að á árinu 1929 voru teknar kr. 2569400,00 út af viðskiptaláninu hjá Barcley's Bank, en af þeirri upphæð fór 1,5 millj. til Landsbankans, afgangurinn kr. 1065400,00, fór til sjóðsaukningar".

Með þessu er sagt um ákveðna upphæð, sem ríkissjóður hefir tekið að láni, að henni hafi ekki verið eytt, heldur sé hún í sjóði, og samkv. þessu sýnir reikningurinn hækkaða sjóðseign í árslok 1929. Ég verð að álíta, sérstaklega með tilvitnun til 38. aths., að þarna sé rangt skýrt frá og að þessi hluti af láninu frá Barcley's Bank hafi ekki verið fyrir hendi í sjóði um áramót, heldur hafi sú upphæð verið notuð þegar á árinu 1929. Og ég tel það alveg óviðeigandi og óverjandi, að í slíku skjali sem landsreikningurinn er, með þeim skýrslum, sem honum fylgja, sé þannig gerð tilraun til að villa landsmönnum og lánardrottnum sýn um slíka hluti. Ef ámóta kæmi fyrir hjá einkafyrirtæki, t. d. hlutafélagi eða samvinnufélagi, sem verður að gera opinber eða hálfopinber reikningsskil, mundi það vera talin röng aðferð. Og ég hefi ekki getað fundið neina ástæðu fyrir þessu, aðra en þá, að með þessu sé verið að gefa í skyn, að hagur ríkissjóðs í árslok 1929 hafi verið betri en hann í raun og veru var. Það er þetta, sem ég á við í nál. mínu, þar sem ég tala um, að verið sé að gera tilraun til að villa mönnum sýn. — Ég þarf ekki frekar um þetta að segja að svo stöddu.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Hv. 1. landsk. hefir hér að þessu sinni gert að umtalsefni þrjár aths. við LR., frá endurskoðendum, sem hann hefir ekki minnzt á áður. Fyrst er 33. aths., sem lýtur að því, að kostnaður við kaup á bifreið og kaup eftirlitsmanna sé þar fært án heimildar. Mér virðist, eftir þeirri athugun, sem ég hefi getað gert á þessu, þetta ekki að öllu leyti rétt hjá hv. 1. landsk., og tel heldur ekki athugasemdina á fullum rökum byggða hjá endurskoðendunum, vegna þess að það er tekið fram í svarinu, að tekjur komi fyrir þetta, sem eigi að endurgreiða þennan

kostnað. Og þá þarf enga heimild samkv. lögum til að greiða þetta, fyrst það verður endurgreitt. En mér hefir ekki unnizt tími til að bera saman þessar tvær fjárhæðir, tekjurnar og gjöldin, og sjá, hvort nokkur mismunur verður. En ég tel víst, að með sektum sé meira en búið að fá upp þann kostnað, sem leitt hefir af því að setja eftirlit með bifreiðaakstri, og að ríkissjóður eigi eftir að fá það áfram. Ég held þess vegna, að þessi aths. gefi enga ástæðu að hindra samþykkt landsreikninganna.

Svipað er um 34. aths. Þar er að ræða um kostnað við eftirlit með vélum og verksmiðjum. Endurskoðendur taka það fram, að í lögum sé það ekki ákveðið, að kostnaður þessi skuli greiddur úr ríkissjóði. En allir vita, að ríkissjóður á tekjur fyrir störf þessara eftirlitsmanna til að standast þennan kostnað. En það er sama tilfellið með þennan lið og hina fyrri, að enn er ekki kominn tími til að bera saman tekjur og gjöld. Hér finnst mér því um ástæðulausa aths. að ræða.

Þá er það 38. aths. Ég skal ekki fara langt út í það mál, en þær upphæðir, sem þar eru nefndar, veit ég ekki betur en að Alþ. ætlaðist til, að væru greiddar með lánum. En ríkissjóður hefir lagt fram fé til bráðabirgða, þar til lánin væru fengin. Enda kemur það fram í svari ráðh., að ríkissjóður hefir greitt þessum stofnunum af lánsfé. Það má deila um, hvort rétt hafi verið að færa þannig, en raunverulega þýðingu hefir það enga, og þar sem ráðh. upplýsir þessar upphæðir greiddar, þá er engin ástæða að taka til greina þessa aths. endurskoðenda.

Þá sagði hv. 1. landsk., að með þessu væri verið að gera tilraun til að villa sýn um raunverulega afkomu ríkissjóðs. En með skírskotun til þeirrar skýringar, sem gefin hefir verið, þá er ekki um neitt slíkt að ræða. Þessi upphæð er talin í sjóði. Um það má deila, hvort það er rétt, en hún kemur ríkissjóði til ráðstöfunar.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til andsvara gegn því, sem fram hefir verið borið.

Einar Árnason [óyfirl.]: Ég vildi gera örstutta aths. út af því, sem hv. 1. landsk. sagði um 2 aths. yfirskoðenda, 33. og 34.

33. aths. er út af því, að þeir telja, að í lögum um bifreiðar sé það ekki meiningin, að af þeim lendi nokkur sérstakur kostnaður á ríkissjóði. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé rétt. En af þessu er heldur ekki neinn kostnaður, sem ekki verður endurgreiddur. Kostnað þann, sem af lögunum leiddi 1927 og var nokkrar þúsundir og ríkissjóður lagði þá út, hefir hann fengið uppborið. Það er hægt að sýna það, að tekjur ríkissjóðs vegna þessara laga voru meiri en kostnaðurinn. Hér er aðeins um fyrirkomulagsatriði að ræða, en ríkissjóður hefir engu tapað. Þess vegna getur það ekki komið til mála, að þetta verði því til fyrirstöðu, að LR. verði samþ. Þótt þetta komi ekki inn fyrr en eftir á, þá er það ekkert aðalatriði. Aðalatriðið er það, að ríkissjóður hefir engan kostnað af þessu. Ef hv. 1. landsk. trúir þessu ekki, þá vil ég benda honum á að fara í fjmrn. og atvmrn. og fá þar að sjá útgjöld og tekjur vegna þessara laga og bera saman.

Um 34. aths. er sama að segja. Kostnaðurinn er laun eftirlitsmanna með verksmiðjum og vélum. Ríkissjóður greiðir föst laun, en tekur tekjurnar af stofnununum, sem skoðað er hjá. Í lögunum er ekki ætlazt til, að ríkissjóður beri neinn kostnað. En útkoman verður auðvitað sú, að tekjurnar, sem ríkissjóður fær, koma ári seinna, því að ekki er hægt að krefja stofnanirnar um greiðslu fyrr en eftir á. Þess vegna eru engar tekjur á 1. ári, en næsta ár koma tekjurnar og greiða kostnaðinn. Þessi aths. er byggð á því, að yfirskoðunarmönnum hefir ekki verið kunnugt um, að þessu var þannig varið. Þeir gátu ekki séð, að ríkissjóður hefði fengið neinar tekjur. En tekjurnar koma inn 1930, og LR. 1930 mun sýna, að tekjurnar koma.

Þetta hefi ég viljað taka fram, til þess að koma í veg fyrir, að þessi 2 atriði valdi misskilningi.

Jón Baldvinsson: Í umr. um verðtollinn, þegar hann fyrst kom til umr. í hv. Ed., lýsti ég því yfir, að ég greiddi atkv. gegn honum. Í umr. um fjárlögin lýsti ég því sama yfir, að ég byggist ekki við, að þau yrðu þannig úr garði gerð, að ég gæti

greitt þeim atkv. mitt, enda fór það svo, að till. mínar allar voru felldar. (**EÁrna**: Nema ein). Já, ein smábrtt. var samþ., en hinar allar felldar, svo að ég sá enga ástæðu til að greiða fjárl. atkv. Nú hafði heyrzt, að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að greiða atkv. gegn verðtollinum, og þá hefði stjórnarflokkurinn orðið að láta ganga til kosninga. Sama var um fjárlögin að segja; ef þau hefðu verið felld, þá hefðu kosningar orðið að fara fram. En þetta hefir ekki orðið, af þeirri ástæðu, sem formaður Sjálfstæðisflokksins lýsti yfir í dag í umr. þeim, sem fram fóru í sambandi við stjórnarskiptin. Hann lýsti þessu yfir og ég tók það upp orðrétt eftir honum. Það hefir ekki þótt rétt að hefja á þessu þingi baráttuna fyrir því að kippa í lag kjördæmaskipuninni. Þessu var hægt að ná með því að fella tekjufrumvörp og önnur mikilsvarðandi mál, sem hefðu haft þá þýðingu, að ekki hefði verið hægt að stjórna landinu og Framsókn því neyðzt til að ganga til kosninga. En að Sjálfstæðisflokkurinn ekki vill hefja á þessu sumarþingi aðgerðir til að kippa kjördæmaskipunarmálinu í lag, hlýtur að draga mjög mikið úr sjálfri kröfunni um breyt. á kjördæmaskipuninni. Því að Framsóknarfl. gerir það ekki nema tilneyddur, að ganga inn á slíkar breytingar; en þær aðgerðir hefðu getað orðið hjá andstöðuflokkunum, að hann hefði ekki getað hjá því komizt. En það hefir ekki orðið. En ég hafði gefið mína yfirlýsingu svo tímanlega, að sjálfstæðismenn vissu í tíma, að þeir gátu fellt þessi frv. og gert ómögulegt að stjórna. Því að það er öllum ljóst, að óhugsandi er, að við kosningar breyttist þannig, að Framsókn yrði í meiri hl. í Ed.

En sú ákvörðun virðist hafa verið tekin, að hefja ekki neinar aðgerðir nú á sumarþinginu, en hinsvegar að hafa gott upp úr yfirlýsingum mínum. Það skapaði sjálfstæðismönnum aðstöðu til að koma ýmsu fram, m. a. því, hvernig stjórnin yrði skipuð.

Ég geri þetta að umtalsefni, af því að verið er að tala um það í bænum, að Sjálfstæðisflokkurinn ætli að fella þennan landsreikning frá 1929 og fjáraukalög fyrir 1929, til að greiða nú eitt heljarhögg til að knýja fram kosningar, þegar annað er úr höndum gengið.

En nú ætla ég ekki að skapa sjálfstæðismönnum aðstöðu til að verzla í þessum málum (**JakM**: Og fara heldur að verzla sjálfur.), og lýsi því yfir, að ég greiði ekki atkv. um þetta mál. Annars myndi það eitt ske, að málið yrði tekið út af dagskrá og hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. mundu ganga á ráðstefnu með Framsókn og semja við hana um að fella eitthvað af þeim mikilsverðu málum, sem alþýðunni geta að gagni komið, og rétt eru að ná samþykki þingsins. Alveg eins og þeir hafa nú samið við Framsókn í tvö skipti, um verðtollinn og fjárlögin.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Hv. 2. landsk. byrjaði á því að lýsa því yfir, að hann myndi greiða atkv. á móti fjárlögunum og verðtollinum. Það var auðvitað af því að hann vissi, að Sjálfstæðisflokkurinn myndi ekki vera á móti þeim lögum. En ef hann hefði rennt grun í, að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði sér að vera ekki með, þá hefði ekki gengið eins vel með yfirlýsinguna.

Það virðist sem honum hafi verið orðið mál á að verzla. Flokksmenn hans greiða allir atkv. á móti samþykkt landsreikninganna í Nd., og þegar hann vill ekki greiða atkv. á móti, þá vita allir, að hann er keyptur. — ekki með fjárframlögum til hans sjálfs, heldur með einhverjum fríðindum fyrir flokk hans. Hann selur sig til þess að fylgja röngu máli, — láta þá óhæfu viðgangast, að samþykktir séu landsreikningar, þar sem stórar fjárhæðir eru, sem ekki nokkur minnsta heimild er fyrir.

Ég spurði í dag einn liðsmann stj. að því, hvort þeim þætti ekki hv. 2. landsk. nokkuð dýr, og þá svaraði hann: „Það er ég nú hræddur um, að sumum finnist". En ekki er enn komið í ljós, hvert verðið er, en það kemur á sínum tíma.

Það er einkennileg rás viðburðanna, að sama daginn sem stj. kemur til þessarar hv. d. til að biðja um kvittun fyrir meðferðina á fé þjóðarinnar, er það tilkynnt í sömu d., að sá maður, sem mesta sök á á óreiðunni, er tekinn í stjórnina. Það er meira en að það sé leiðinlegt, það

er þjóðarskömm, að svona menn skuli fara með völd, og samvizkusamir menn geta ekki annað en greitt atkv. á móti því, sem þeir vita, að er rangt, í stað þess að verzla með sannfæringu sína.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. 2. landsk. skýrði frá því, að hann hefði fyrirfram gefið yfirlýsingu um það, að hann myndi greiða atkv. gegn verðtollinum og fjárlögunum. En hann gleymdi að geta um það, að hann hafði líka gefið yfirlýsingu um að greiða atkv. á móti samþ. landsreikninganna. Hann segir, að hann hafi viljað gefa Sjálfstæðisflokknum tækifæri til að beita þvingunum til að koma fram kjördæmaskipunarmálinu. En hann sleppir því, að hann og hans flokksmenn voru reiðubúnir til að greiða atkv. með öðrum tekjustofnum.

Því held ég, að ekki hafi meira verið að byggja á yfirlýsingu hans í þessum efnum en á þeirri, að hann myndi verða á móti fjáraukalögunum og landsreikningnum. Hann vildi aðeins gefa yfirlýsingu um það, að rétt væri að verzla við hann. Nú fyrst hefir hann fengið tækifærið, og þá notar hann það til að verzla, gengur á bak orða sinna, af því að stj. samdi við hann, og sama myndi hafa orðið í hinum málunum, ef oltið hefði á hans atkv.

Ég vil vekja athygli á því, hver munur er á samþykkt fjárlaga og landsreikninga. Fjárlög eru nauðsynleg til þess að hægt sé að starfrækja þjóðarbúið, samþykkt á landsreikningum og fjáraukalögum er samþykkt á því, sem framkvæmt hefir verið án leyfis þingsins. Og nú er það ekki aðeins það, sem beint hefir verið tekið til flokksþarfa, sem ríkisstj. hefir misnotað. Innan um upphæðir fjárlaganna eru fjölda margar upphæðir, sem líkt stendur á um. Ég vil benda á umframgreiðslur vegna sakamálakostnaðar. Það er enginn vafi, að það eru stórar upphæðir, sem stendur mjög svipað á um. En auk þess er með samþykkt fjáraukalaga og landsreiknings fallizt á það og samþ. af þinginu, að stj. taki sér fjárveitingavaldið í hendur, — taki það af þinginu að mestu leyti. Hæstv. stj. leyfir sér að ráðstafa í raun og veru margfalt meira fé en þinginu er falið til umráða í fjárlögum, og það er þetta, sem er samþ. að sé réttmætt af stj. og hún hafi heimild til að gera framvegis. Í því sambandi vil ég minna hv. 2. landsk. á orð, sem féllu hjá flokksmanni hans í Nd., þegar sama mál var til umr. Hann lýsti hátíðlega yfir því, að hann skyldi aldrei ljá samþykki sitt til þess, að stj. hefði mátt ráðstafa 17 millj. af ríkisfé, þegar heimild í fjárlögum var aðeins um 10—11 milljónir. En það er þetta, sem hv. 2. landsk. ætlar að samþ., þó að hann rétti ekki upp hendina, af því að þess þarf ekki.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Út af þeim skýringum, sem hv. 2. þm. Eyf. gaf viðvíkjandi 33. og 34. aths. yfirskoðunarmanna LR., vil ég segja, að yfirskoðunarmenn hafa sent honum báðar þessar athuganir til umsagnar. Hann hefir haft tækifæri til að gefa yfirskoðunarmönnum allar upplýsingar, en þeir lýst yfir því, að þeir teldu þær ekki fullnægjandi. Það getur vel verið, að hv. 2. þm. Eyf. hafi nú hér sagt eitthvað meira og skýrt málið eitthvað frekar en hann hefir gert í sínu svari til yfirskoðunarmanna; en mér fyrir mitt leyti finnst réttast að láta endanlegan dóm um þessa upphæð bíða, þangað til hæstv. fjmrh. er búinn að gefa yfirskoðunarmönnum LR. skýringu, sem þeir telja fullnægjandi. Ég ætla þess vegna ekki að fara neitt verulega inn á efni þeirrar skýringar, sem hv. 2. þm. Eyf. gaf; en það verð ég þó að segja, að ég skil ekki ástæðuna fyrir því, að gjöld fyrir skoðun bifreiða og gjöld fyrir eftirlit með verksmiðjum og vélum geti ekki komið í landsreikning fyrr en árið eftir að þau eru innheimt, þar sem landsreikning er þó ekki lokað fyrr en a. m. k. þremur mánuðum eftir að hlutaðeigandi ár er liðið. Mér finnst féð hafa verið einhvern veginn óþarflega lengi á leiðinni í ríkisfjárhirzluna, þó að skýringin kunni að vera að öðru leyti rétt, sem ég get engan dóm á lagt.

Út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði um 38. aths., sem aðallega er á þá leið, að Alþingi hefði ætlazt til, að upphæðir, sem um er að ræða, rúm 1 millj., væru greiddar með láni, en ríkisstj. lagt fram

fé til bráðabirgða, þá er það að segja, að upphæðirnar virðast hafa verið greiddar af lánsfé á árinu 1929, og það hefði þess vegna átt að telja þær á LR. það ár. Ég hefi ekkert verið að véfengja það, enda ekkert farið út í rannsókn á því, hvort heimild hafi verið fyrir hendi til þess að greiða þetta af lánsfé. Það er ekki það, sem um er að ræða, heldur hitt, að lánið hefir verið tekið. En í stað þess að segja eins og er, að því hafi verið varið til þessara framkvæmda, þá er sagt, að peningarnir séu í sjóði um áramót.

Þá vil ég út af því, sem hv. 2. landsk. sagði, taka það fram, að hann misskildi nokkuð ummæli, sem féllu frá mér í dag, að ég sagði, að ekki þætti rétt að hefja þær aðgerðir á þessu sumarþingi. Hann vildi gera úr því, að ég meinti þær aðgerðir, sem þarf til að rétta kjördæmaskipunarmálið. En það var ekki, eins og ég þykist vita, að allir hv. þdm. hafi tekið eftir. Það, sem ég átti við — og ég held ég hafi sagt greinilega, — var, að þær aðgerðir, sem þarf til að koma fram ábyrgð á hendur þeirrar stjórnar, sem sat hér 14. apríl, fyrir hennar aðgerðir þá, þeim hefir af hálfu Sjálfstæðisflokksins verið skotið á frest, meðfram vegna þess, að þetta sumarþing er tiltölulega stutt, en hinsvegar ekkert sérstakt, sem rak á eftir með þetta. Það getur alveg eins beðið til vetrarþingsins. En hitt veit hv. þm. ákaflega vel, að ég gæti sagt miklu meira um það en hann kærir sig um, að sagt verði, að það hefir ekki staðið á Sjálfstæðisflokknum að gera þær ráðstafanir, sem í hans valdi stóð, til þess að knýja fram þegar á þessu þingi breytingu á ákvæðunum um skipun Alþingis. Það hefir ekki staðið á Sjálfstæðisflokknum, ef hann hefði fengið Alþýðuflokkinn í lið með sér.

Ég ætla ekki að segja meira um þetta, af því að ég vænti þess, að þótt ekki sé hægt að fá Alþýðuflokkinn til samvinnu um að taka þetta mál upp með hinni fyllstu alvöru á yfirstandandi þingi, þá megi treysta því, að Alþýðuflokkurinn fáist til samvinnu um þetta mál, áður en það er orðið of seint. Og mér þykir hv. 2. landsk. vera búinn að setja fram of oft á þessu þingi ásakanir í garð Sjálfstæðisflokksins um deyfð í þessu máli, af því að hann veit svo ofurvel, að það stóð ekki á öðrum en hans flokki.

Það hefir nú þegar verið svarað þeim ummælum hv. þm., sem lutu að því, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði getað gert stj. ómögulegt að stjórna nema leita til þjóðarinnar, þ. e. stofna til nýrra kosninga, ef flokkurinn hefði viljað fella framlengingu verðtolls og fella fjárlögin. Hv. þm. veit ákaflega vel, að hvað verðtollinn snertir, þá var stj. alls ekki knúð til nýrra kosninga eða að leita til þjóðarinnar, þótt Sjálfstæðisflokkurinn greiddi atkv. *móti framlengingu*, af því að Alþýðuflokkurinn var búinn að rétta fram tilboð sitt til stj. um nýjar tekjur í staðinn fyrir verðtollinn, svo að stj. þurfti ekki annað en snúa sér til hv. þm. og hans flokks, en alls ekki til þjóðarinnar.

Um fjárl. er nokkuð öðru máli að gegna. Ef þingið fellir fjárlögin, þá er náttúrlega ekki annað fyrir í þingræðislandi en stofna til nýrra kosninga. En ég verð að segja það eins og er, að í fjárlagafrv. fyrir 1932 er að vísu ýmislegt, sem ég og við sjálfstæðismenn hefðum heldur kosið öðruvísi. En yfirleitt eru ekki á því nein þau stórlýti, sem út af fyrir sig gætu réttlætt að greiða atkv. móti fjárlagafrv.

Þá talaði þessi hv. þm. um verzlun. Það er öllum ljóst, að nú hefir hann verzlað. Hann var sem sé búinn að lýsa yfir því og hans flokksmenn, að Alþýðuflokkurinn mundi greiða atkv. móti fjáraukal. fyrir 1929 og landsreikning fyrir sama ár. Í raun og veru er það nú ekki alveg óeðlilegt, að hv. þm. hafi horfið frá þessu. Hér er nú um það að ræða, hvort það eigi að gefa þeirri stj., sem sat árið 1929, kvittun fyrir hennar meðferð á ríkisfé. Hv. þm. var sjálfur í reyndinni einn af aðalstuðningsmönnum þessarar stjórnar. Flokkur hans veitti stj. hlutleysi, og það var lífsskilyrði fyrir stj. Hv. þm. og hans flokkur höfðu þess vegna mjög sterka aðstöðu gagnvart stj., eins og raun bar vitni, bæði um löggjöf og stjórnarframkvæmdir þessara ára. Náttúrlega má segja, að það væri illa gert af þessum hv. þm. að bregðast nú þeim, sem hafa gert við hann jafnhagstæða verzlun eins og Framsóknarflokkurinn og stj.

gerði við hv. 2. landsk. og Alþýðuflokkinn á þessum árum. Ég segi, að bregðast þeim nú og vilja gera þá ábyrga fyrir þær athafnir á fjármálasviðinu, sem hann sjálfur og hans flokkur sannarlega bera fullkomna meðábyrgð á siðferðislega, þótt ekki sé máske lagaleg. Það lítur nú samt út fyrir, að Alþýðuflokknum hafi ofboðið meðferð stj. á landsfé, sem lýsir sér m. a. í því, að þetta frv. telur gjöld upp á 17 millj., en áætlun fjárl. er milli 10 og 11 millj. króna. En að þetta hefir tekizt, er að þakka velvild hv. 2. landsk. Og nú ætlar hann ekki að gera endasleppa þá vinsamlegu sambúð, sem var þessi árin, 1929 og bæði fyrir og eftir, milli hans og framsóknarstjórnarinnar. Auðvitað hefir hv. 2. landsk. látið borga sínum flokki fyrir þetta. Og það er ekki nema beint framhald af því, sem hefir verið, sem nú er að gerast. Þó að hv. 2. landsk. hafi í dag lýst andstöðu sinni gegn hæstv. stj., sem hér settist í stóla í dag, þá sýnir afstaða hans í þessu máli það, að hann er ennþá reiðubúinn að veita þessari stj. hlutleysi sitt, hvort sem henni tekst að gera þau boð um borgun, sem hv. þm. telur sér nægja. En við sjálfstæðismenn viljum hafa hreinan skjöld í þessu máli. Við álítum, að það hafi verið ákaflega margt aðfinningarvert og vítavert í fari fyrrv. stjórnar. En við teljum þó, að á sviði fjármálanna liggi margar af hennar stærstu syndum, og við finnum ekki ástæðu til að leggja okkar atkv. til þess að gefa henni kvittun fyrir þær syndir.

Jón Baldvinsson: Þau hafa komið óþægilega við kaunin á hv. sjálfstæðismönnum í hv. deild þessi fáu orð, sem ég sagði áðan, — þessi sögulega lýsing á þeirra starfi hér í þinginu nú, hvernig þeir runnu á hverri yfirlýsingunni eftir aðra, hafa etið ofan í sig öll stóru orðin, sem þeir voru búnir að æsa sína kjósendur upp með. Þetta vita kjósendur hér í Rvík ákaflega vel; og það eru ekki blíð orð, sem þeir láta svona út í frá falla um foringja sína fyrir ræfilsskapinn, sem þeir kalla, í atkvgr. í þinginu. Hv. 4. landsk. sleppti sér nú alveg, þessi rólyndi maður, og rauk hér upp með stóryrði. En hann má eiga það, sá góði maður, að þegar hann var búinn að sleppa stóryrðunum út úr sér, tók hann þau undir eins aftur og bað velvirðingar. Þess vegna ætla ég ekki að gera þau að miklu umtalsefni.

Það, sem hann seinast sagði, var það, að ég fylgdi máli, sem ég vissi að væri rangt. Hvað haldið þið, að það sé, sem ber á milli hans flokks og stjórnarflokksins? Maður skyldi halda, að það væru öll lifandi ósköp, sem þá greinir á um landsreikning og fjáraukalögin 1929. Ég las upp í ræðu nál. úr Nd.; undir það skrifaði öll n. og leggur til, að samþ. verði óbreytt, en í henni eru hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. G.-K. Síðan kemur allur þessi hvinur hjá flokksmönnum þeirra hér í Ed.

Annars þarf ég raunar ekki að svara hv. 4. landsk. Hann var yfir sig reiður, og honum fataðist alveg sú rólega yfirvegun, sem hann er annars vanur að viðhafa í ræðum.

Það fór líka svo fyrir hv. 1. þm. Reykv., sem eiginlega er hverjum manni rökfimari. Hann hafði engu að svara, nema dylgjum. Hann sagði, að ég hefði gengið á bak orða minna, og að ég hafi lýst yfir, að ég yrði á móti landsreikningnum. Ég veit ekki til, að ég hafi gefið neina yfirlýsingu í þessu máli áður. Hv. þm. fór svo að verja framkomu þeirra í verðtollsmálinu. Þær koma sitt á hvað, ástæðurnar, sem færðar eru fram í því máli. Í útvarpsræðum nýlega hélt bæði hv. 4. þm. Reykv. og 2. þm. Skagf. fram, að þeir hefðu fylgt verðtollsmálinu af því að það væri þeirra stefnumál. Sama sagði hv. 1. landsk. í ræðu í þessari hv. deild. Og ég má segja, að eitthvað líkt kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. Ég lýsti aðeins yfir um verðtollinn, að ég greiddi atkv. á móti því frv. Og hv. þm. veit, að ef sjálfstæðismenn hefðu greitt atkv. móti verðtollinum, væri hann fallinn. Hv. þm. segir þetta mót betri vitund, til þess að færa fram varnir fyrir sig og sinn flokk í þessu máli.

Þá kvað hv. 1. landsk. mig hafa misskilið orð hans í dag um það, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði ekki talið rétt að hefja aðgerðir á þessu sumarþingi til þess að kippa í lag kjördæmaskipunarmálinu. (**JónÞ:** Það var út af þingrof-

inu). Fyrir minum augum var samband þarna á milli. Annars get ég tekið aths. hans um skilning á orðum hans trúanlega.

Hv. þm. sagði, að Alþýðuflokkurinn hafi borið fram tekjufrv. handa stjórninni, sem hún hefði getað samþ. og notað, ef verðtollurinn var felldur. Það var hið svokallaða kreppufrv. Þar voru tekjurnar algerlega bundnar. Tekjur af tóbakseinkasölunni voru ekki bundnar í sjálfu frv., en í frv. um rafveitulánasjóð Íslands, sem ég flutti samtímis, var tekjum af tóbakinu ráðstafað. En þegar ég sá, að þetta frv. mundi ekki ná fram að ganga, flutti ég viðaukatill. við tóbakssölufrv., um að binda tekjur af tóbakinu, svo að þær færu ekki til almennra útgjalda ríkissjóðs. Þannig hefðu tekjur af frv. okkar jafnaðarmanna ekki verið lagðar stj. upp í hendur til hvaða útgjalda sem er, en aftur hefir hún óskorað vald yfir verðtollstekjunum.

Það má vera, að viðvíkjandi okkar eigin frv. höfum við jafnaðarmenn ekki ávallt látið yfirlýsingar fylgja hverju þeirra, að við gengjum á móti þeim, ef úr væru felld þau ákvæði, sem tiltaka notkun teknanna, sem frv. útvega ríkissjóði. En þetta kom þó fram í umr. um verðtollinn.

Hv. 1. landsk. vill hafa hreinan skjöld í þessu máli. Hann hefir hreinan skjöld gagnvart stjórninni. Hann bjargaði henni með verðtollinn og fjárlögin. Og hvað er það svo, sem hann vill láta breyta í fjáraukalögunum? Það eru hér tvær till.: að í stað kr. 98849,90 komi kr. 98411,49; og að í stað kr. 38647,22 komi kr. 29197,22. Þetta er aths., sem hann vill gera við fjáraukalagafrv. 1929. Að öðru leyti leggur hann til, að það verði samþ. Ég býst við að greiða atkv. með þessum brtt. hv. 1. landsk. En það gæti ekki verið út af þessu sá hvellur, sem hljóp í þessa hv. þm. og fékk þá til að rjúka upp hér í hv. deild. En þeir vilja halda þessari aðstöðu, sem þeir höfðu hér út af minum yfirlýsingum um verðtoll og fjárlög. Þeir vildu geta gengið til stj. og sagt: Við viljum fá eitthvað til að vera með landsreikningi og fjáraukalögum. Hvað skeður eiginlega, ef landsreikningurinn er ekki samþ. á þessu þingi? Er það stór-„pólitískt" mál? Það er ekki sambærilegt við að fella verðtoll eða fjárlög. Það skeður ekki neitt, nema málið bíður til vetrarþings eða er þá tekið út af dagskrá og „forhandlað" við sjálfstæðismenn, hvort þeir vilji greiða atkv. með því, sem þeir eru í raun og veru með, eins og sést á nál. í Nd.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hv. 2. landsk. lét svo um mælt í síðustu ræðu sinni, að ég legði til, að frv. til fjáraukalaga fyrir 1929 yrði samþ., að áskildum tveimur brtt., sem ég ber fram. En þetta er ekki rétt með farið. Ég hefi ekki komið með till. um, að frv. yrði samþ. Og þó að ég hafi ekki borið fram nema þrjár brtt., — hann nefndi nú ekki nema tvær — þá hefi ég nægilega lýst yfir því, að það væri ýmislegt fleira, sem gæfi tilefni til brtt. við frv., en ég hefi ekkert sagt um, hvort ég legg til, að frv. verði samþ. eða ekki.

Þá vék hv. þm. að því, að upphæðirnar, sem ég hefi gert till. um, séu smáar. Það er alveg eftir því, hvernig á það er litið. Það er satt, að önnur upphæðin er 398 kr., en yfirskoðunarmenn LR. hafa einróma — og eru þó stjórnarstuðningsmenn þar í meiri hl. — samþ. úrskurðartill., sem hljóðar svo, að yfirskoðunarmenn átelji hlutdræga notkun ríkisfjár. Það er stórt mál, hvort þingið vill samþ. fjárgreiðslu, sem yfirskoðunarmenn einróma fara þeim orðum um, að sé hlutdræg notkun ríkisfjár. Með því að fella þennan lið sýnir þingið, að það vill ekki, að höfð sé um hönd hlutdræg meðferð ríkisfjár. Það verður að teljast þýðingarmikið mál, hvort þingið vill láta þennan vilja sinn í ljós. Allir vita, að eins stendur á um hina upphæðina, 9—10 þús. kr., að það er hlutdræg notkun ríkisfjár, sem þar er um að ræða.

Þriðja brtt. mín veit að því, hvort samþ. eigi fjárhæð, sem hefir verið greidd úr ríkissjóði án þess að fullnægja skýlausum lagafyrirmælum sem þurfti til þess að greiðslan væri heimil.

Ég held, að út af því, sem rætt hefir verið um verzlun stjórnarflokksins við hv. 2. landsk. í þessu máli, sé nú rétt, að það sjáist líka á sínum tíma, að það kom hér fyrir í sambandi við þessi mál

dálitið óvenjulegt atvik í gær. Það var lokið umr. frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929. Það var búið að kalla hv. þdm. inn í d., og þeir voru komnir með tölu, allir 14. Þá tók hæstv. forseti málið út af dagskrá, sem honum var vitanlega fullkomlega heimilt. Allir þdm. voru viðstaddir og ekkert var eftir annað en að greiða atkv. En það var eftir að gera verzlun við hv. 2. landsk. Því er nú lokið.

ATKVGR.

Tekjuhlið frv. samþ. með 8 shlj. atkv.

Gjaldahlið frv. borin undir atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, JónJ, GÓ.

nei: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald greiddi ekki atkv.

Forseti lýsti gjaldahlið frv. samþ.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, JónJ, GÓ.

nei: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald greiddi ekki atkv.

Jón Þorláksson: Ég mótmæli því, að þetta frv. sé löglega afgreitt til 3. umr., og vísa í því sambandi til 44. gr., 2. mgr., og 47. gr. þingskapa.

Magnús Torfason: Vegna þeirra ummæla, sem hér hafa þrásinnis komið fram, vil ég leyfa mér að benda á 4. mgr. 44. gr. þingskapa. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir ekki atkv., og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður getur skotið þeim úrskurði undir atkv. deildarmanna eða þingsins".

Með þessari gr. er það lagt í vald forseta, hvort hann tekur rökin gild eða ekki, og það, sem forseti gerir í þessu efni, er því löglegt.

Jakob Möller: Út af þessum ummælum hv. 2. þm. Árn. verð ég að segja það, að mér skildist, að hverjum þm. sé rétt að skjóta úrskurði forseta undir atkv. deildarinnar. Ég vil þess vegna skv. þessu ákvæði 44. gr. þingskapa leyfa mér að skjóta þeim úrskurði hæstv. forseta, að hv. 2. landsk. sé ekki atkvæðisbær, undir atkv. deildarinnar.

Forseti (GÓ): Ég álít þessa kröfu of seint fram komna, þar sem málið hefir þegar verið afgreitt til 3. umr.

Á 36. fundi í Ed., 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. og 41. fundi í Ed., 22. og 24. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 24. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 : 6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 457).

Jón Þorlákssón: Þetta frv. er ekki löglega samþ., þar sem ekki greiddu því atkv. nema 7 af 14 dm., og óska ég þess getið í gerðabók deildarinnar.

Forseti (GÓ): Það skal verða gert, og sömuleiðis ástæður mínar.

5. Innflutningur sauðfjár.

Á 1. fundi í Nd., 15. júlí, var útbýtt:

Frv. til l., er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Sigurður Kristinsson): Þetta frv. var lagt fyrir Ed. á síðasta þingi og kemur nú fram hér eins og það var samþ. við 2. umr. í þeirri deild. Skal ég

ekki fara neitt út í frv. hér, en vil aðeins vísa til þeirra aths., er frv. fylgdu á síðasta þingi.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til landbn.

Umr. lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 27. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 105, 116).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég get haft um þetta fá orð. N. leggur einhuga með því, að þetta frv. nái fram að ganga. Henni er ljóst, að þarna getur að vísu verið um að ræða nokkra sýkingarhættu fyrir innlent fé og einnig um allmikinn kostnað. En þegar litið er á, hver nauðsyn er að leita allra bragða, sem hægt er að finna, til þess að létta undir með hinum íslenzka landbúnaði í þeim þrengingum, sem hann á við að stríða, telur n., að þessa tilraun verði að gera og æskir skjótrar afgreiðslu á málinu. Hinsvegar treystir hún því, að öllum varnarráðstöfunum verði beitt af hálfu ríkisstj. gegn sýkingarhættu og gætt hinnar ýtrustu sparsemi í fjármálunum.

Um brtt. þær, sem fram hafa komið frá hv. þm. Ak., hefi ég það að segja fyrir n. hönd, að hún telur þær flestar til bóta og allar meinlausar.

Brtt. 116,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 116,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 116,3 felld með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JAJ, LH, PO, TrÞ, BSt, GÍ.
nei: IngB, JÓl, MG, ÓTh, StgrS, SvbH, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BKr, EA, HStef, HJ, JörB.
HV greiddi ekki atkv.
Fjórir þm. (HG, JónasÞ, MJ, SvÓ) fjarstaddir.
6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 105,1.a—b samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 105,2 samþ. án atkvgr.
11. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 105,3.a samþ. með 18 shlj. atkv.
— 105,3.b samþ. með 15 shlj. atkv.
— 105,3.c samþ. með 15 shlj. atkv.
— 116,4 tekin aftur til 3. umr.
13. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 105,4 samþ. án atkvgr.
17. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
18.—20. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 29. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 127, 129).

Pétur Ottesen: Af því að hv. frsm. n. er ekki viðstaddur, skal ég fara nokkrum orðum um brtt. þær, sem n. flytur. 1. og 3. brtt. eru aðeins orðabreyt., sem ekki er ástæða til að fjölyrða um.

Um 2. brtt., við 13. gr., frv., er öðru máli að gegna. Hún er öryggisákvæði, sem n. vill setja inn í frv., til enn frekari tryggingar gegn tjóni af þessum fjárinnflutningi, og er hún ein af þeim brtt., sem hv. þm. Ak. hafði komið með við frv. við 2. umr., en var þá tekin aftur. Þessi brtt. fjallar um það, að ef fyrir kæmi ómerkingur, sem líkur gæti verið til, að væri af þessu einblendingsfé, þá væri heimilt að selja þá með þeim skildaga, að þeim væri lógað innan viku frá söludegi. Þetta er ein af þeim mörgu öryggisráðstöfunum, sem settar eru í þessu frv. gegn þeirri hættu, sem leitt gæti af innflutningi þessa fjár, ef ekki er gætt hinnar ýtrustu varfærni.

ATKVGR.
Brtt. 129,1 samþ. án atkvgr.
— 129,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 129,3 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 30. júlí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 145).

Á 18. fundi í Ed., 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 145, n. 206).

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta frv. er flestum hv. þdm. kunnugt frá vetrarþinginu síðasta. Ríkisstj. lagði þá fram frv. þessa efnis fyrir þessa hv. d. Það frv. var rækilega yfirvegað í nefnd og varð fyrir allmiklum breyt. og var afgr. frá þessari hv. d. með góðu samkomulagi.

Nú hefir frv. þetta verið lagt fyrir Nd. og er nú komið þetta áleiðis. Það hafa verið gerðar á því nokkrar breyt. í Nd., en allar eru þær aðeins orðabreyt. eða leiðréttingar, en engar efnisbreyt.

Þetta frv. var rætt ýtarlega í vetur og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þær umr. nú, þar sem þdm. eru flestir þeir sömu.

Það, sem ætlazt er til að með frv. náist, eru aukin gæði og aukið verð á landbúnaðarvörum, kjöti og skinnum, og er nokkur von til þess, að sá tilgangur náist. Hinsvegar er um hættu að ræða í þessu sambandi. Bæði er hugsanleg sýkingarhætta af innfluttu fé og sömuleiðis spjöll með kynblöndun á hinum innlenda fjárstofni. En gegn þessu setur frv. þær varúðarráðstafanir, sem ættu að nægja. Vitanlega stafar af þessu kostnaður fyrir ríkissjóðinn, bæði strax í byrjun og síðar. En maður hefir mikla ástæðu til að ætla, að sá kostnaður borgist margfaldlega með bættum atvinnurekstri.

Vil ég ekki þreyta hv. d. með lengri umr., en legg til fyrir hönd landbn., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.
5.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.
10.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn III. kafla samþ. án atkvgr.
17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn IV. kafla samþ. án atkvgr.
18.—20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn V. kafla og fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 10. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 255).

---

6. Búfjárrækt.

Á 1. fundi í Ed., 15. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um búfjárrækt (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Ed., 17. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Sigurður Kristinsson): Frv. þetta var borið fram í Nd. á síðasta þingi og var þá afgr. til Ed. Nú er það lagt hér fyrir í sömu mynd og það var samþ. við 3. umr. í Nd. Að öðru leyti vísast til grg., sem þá fylgdi frv. Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 5. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 171).

Frsm. (Jón Jónsson): Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru dregin saman í eina löggjöf ýms eldri lög, sem snerta

búfjárrækt, en jafnframt er bætt við nýjum bálki um þau atriði búfjárræktar, sérstaklega sauðfjárrækt, sem engin lög voru til um áður. Lögin eru því öll endurskoðuð og að áliti n. bætt.

Með frv. þessu er stefnt að því, að hliðstæð löggjöf og stuðningur verði veittur búfjárræktinni eins og jarðræktinni var áður veittur með jarðræktarlögum. Og það er engu síður nauðsynlegt að endurbæta búfjárræktina en jarðræktina, því jarðræktin er til lítils, ef búfjárræktin er ekki í góðu lagi.

N. athugaði þetta frv. í vetur, og var það lagt fyrir þingið nú eins og hún skildi þá við það. Við nm. nú getum að mestu leyti fallizt á þetta frv., en höfum þó leyft okkur að koma fram með nokkrar brtt. á þskj. 171, sem sumar eru aðeins orðabreyt., þótt sumar séu aftur nokkrar efnisbreyt.

1. brtt. er við 11. gr. Þar er lagt til, að 2. málsgr. falli burt. Í þessari 2. málsgr. er það tekið fram, hvað skuli ákveðið í samþykktum nautgriparæktarfélaga og að þar á meðal skuli vera fyrirmæli um fitumælingar í mjólk. N. álítur þetta eðlilegt, en sér ekki ástæðu til þess, að lögin hafi ákvæði um þetta, því í sömu gr. er gert ráð fyrir því, að félög geti verið til, sem fái styrk, þótt ekki séu gerðar fitumælingar. Því er lagt til, að þessi mgr. falli niður.

2. brtt. er við 20. gr. N. vill, að það komi skýrt fram, að gert er ráð fyrir, að kynbótanefndin hafi heimild til að kaupa kynbótahesta, ef þurfa þykir.

3. brtt. er við 21. gr. Þar er lagt til, að seinni málsl. falli niður. En hann hljóðar svo: „Þó má ekki kaupa kynbótahest nema hrossakynbótanefnd samþ. valið á hestunum". Með því að hvergi í frv. er gert ráð fyrir öðru en að kynbótanefnd ein hafi leyfi til þess að kaupa kynbótahesta handa sveitinni, þykir óþarft að taka það fram hér.

4. og 5. brtt. eru aðeins orðabreyt., og þarf því ekki að fara frekar út í þær.

6. brtt. er við 44. gr. Þar er ákveðinn árlegur styrkur til sauðfjárræktarfélaga. Okkur fannst fullhátt að ákveða hann 75 kr.; fannst viðunandi, þótt hann væri ekki nema 50 kr. Aftur fannst okkur þessi styrkur helzt til lágur, þegar miðað var við ærtölu, en samkv. frv. er hann ákveðinn 20 kr. Við leggjum því til, að hann verði hækkaður í allt að 50 kr.

7. brtt. er við 45. gr. Á henni er klaufalegt orðalag, þar sem talað er um, að Bún. Ísl. hafi rétt til þess að ráðstafa kynbótafé „við ábúðendaskipti". N. leggur til, að í stað þess komi „ef styrkþegi hættir að reka búið". Hér er það út í hött að tala um ábúendaskipti, en ef kynbótabúrekstrinn hættir af hálfu styrkþega, virðist nauðsynlegt, að kynbótastofninum sé bjargað áfram til almannagagns.

8. brtt. er ekki annað en leiðrétting. Í 55. gr. frv. er vitnað í 56. gr., en á að vera 57. gr.

9. brtt. er við 57. gr. Hér er um nokkra efnisbreyt. að ræða. Fóðurbirgðafélög eru nú alls á öllu landinu innan við 10, og höfum við rekið okkur á, að það hefir dregið úr stofnun þeirra, hver kostnaður fylgir því. En það er ekki vafi á, að þau geti verið til mikils gagns, og viljum við því greiða fyrir stofnun þeirra með því að lækka tillag hvers einstaklings frá því, sem er í frv. Aftur er ekki viðurhlutamikið, þótt sveitarsjóður greiði meira en áður, þar sem gert er ráð fyrir, að hann megi greiða það á 10 árum.

10. brtt. er við 58. gr. N. þótti þessi gr. nokkuð glannalega orðuð, því þar er gert ráð fyrir, að fóðurbirgðafélögin eigi kröfu á láni úr bjargráðasjóði, ef það kemur fram við skoðun, að sjóður þeirra þurfi viðbótartryggingar. En þetta nær ekki nokkuri átt, þar sem bjargráðasjóður er auk annars að mestu leyti bundinn í útlánum og getur því ekki orðið til ráðstöfunar í skjótri svipan nema að nokkru leyti. Því er sjálfsagt að takmarka kröfu hvers hrepps við hluta hans í bjargráðasjóðnum.

Síðasta brtt. er við 75. gr. Hún á að vera trygging fyrir því, að skepnur, sem vátryggðar eru í búfjártryggingarsjóði, standi að lögveði fyrir iðgjöldum.

Eins og hv. þdm. sjá, eru þessar brtt. flestar smávægilegar. Ég tel þó, að sumar þeirra skipti nokkru máli, og þá einkum 9., 10. og 11. brtt., og legg ég áherzlu á, að þær nái fram að ganga.

Ég hefi svo ekki fleira um þessar brtt. að segja, en óska, að þær verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 171,1 samþ. með 7 : 1 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
12.—17. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 171,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 171,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 171,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
25.—29. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
30.—40. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
41.—42. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 171,5 samþ. með 7 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 171,6.a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 171,6.b samþ. með 9 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 171,7 samþ. með 9 shlj. atkv.
45. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
46.—51. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
52.—54. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 171,8 samþ. án atkvgr.
55. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
56. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 171,9 samþ. með 9 shlj. atkv.
57. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 171,10 (ný 58. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
59.—63. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
64.—71. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
72.—74. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 171,11 (ný 75. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
76.—86. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
87.—90. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 7 ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 210, 219).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 219. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Við umr um fjárl. í Nd. í gær, bar hæstv. fjmrh. fram brtt., sem fól í sér heimild handa stj. til þess að draga allt að 25% af þeim fjárveitingum fjárl., sem ekki eru lögboðnar eða samningsbundnar, ef stj. álítur þess þörf sökum fjárhagsörðugleika.

Þetta er mjög alvarleg till. og hefir í för með sér mikinn niðurskurð á þeim litlu framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir í frv. stj. Það er alveg víst, að útgjaldalækkun þessi lendir nær eingöngu á verklegu framkvæmdunum, og með því er þá stigið stórt spor í þá átt að skapa erfiða afkomu og jafnvel neyð hjá þeim, sem undanfarið hafa notið þessarar vinnu.

Þetta frv. um búfjárrækt, sem er nú til síðustu umr. hér í d., fer fram á aukin útgjöld úr ríkissjóði til landbúnaðarins um 20—30 þús. kr. á ári fyrst um sinn, eftir því sem hv. þm. Mýr. sagði. En hann gerði ráð fyrir, að þessi upphæð myndi innan skamms nema hundruðum þúsunda. Það yrði alls ekki langt þangað til hún kæmist upp í 150—200 þús. kr., vegna þess að fleiri og fleiri vildu auðvitað nota sér þau hlunnindi, sem frv. veitir bændum landsins.

Þegar svo alvarleg tíðindi gerast, eins og hæstv. fjmrh. hefir sjálfsagt orðað það, þegar hann bar fram þessa brtt. í Nd., að draga þarf úr verklegum framkvæmdum ríkisins vegna fjárskorts, þá er sannarlega ekki ástæða til þess að setja af stað nýja útgjaldabálka, heldur fresta því svo lengi sem menn hyggja, að þetta erfiða ástand muni vara. Hv. 1. þm. Reykv. og ég höfum því borið fram brtt. um að fresta framkvæmd þessara laga til ársins 1933. Það er gert ráð fyrir því í brtt. okkar, að lögin komi því aðeins til framkvæmda 1. júlí 1933, að verklegar framkvæmdir á árinu 1932 hafi eigi verið minni en fjárl. gera ráð fyrir. Þessi till. er í anda og samkv. stefnu stj. og flokks hennar, svo að ekki ætti að vera nein mótstaða frá þeirra hálfu um að fresta að koma þessum lögum í framkvæmd og

frelsa þannig ríkissjóð frá auknum útgjöldum. Það hefir sýnt sig, að þótt byrjað sé í smáum stíl á slíkum útgjöldum, sem frv. þetta fer fram á, þá vaxa þau afarört, sökum hinna víðtæku ákvæða laganna.

Við leggjum því eindregið til, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem við berum fram.

Ég vona, að Framsóknarfl. verði sjálfum sér samkvæmur viðvíkjandi meðferð frv., eins og hann hefir verið við afgreiðslu fjárl., og samþ. því þessa brtt. okkar.

Frsm. (Jón Jónsson): Þessari till. hefir nú fyrst verið útbýtt hér á fundinum, svo að ekki hefir gefizt tóm til mikilla athugana. Ef til vill væri ástæða til þess að fá málið tekið út af dagskrá, en þar sem þessi till. er ekki stórvægileg, þá mun ég þó ekki fara fram á það.

Mér skilst, að með till. sé stefnt að frestun á framkvæmdum laganna um hálft annað ár. Ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til þess að samþ. till. Hér er um mjög merkilegt frv. að ræða, sem tryggir eflingu allskonar búnaðarframkvæmda. Landbúnaðinum er einmitt hin mesta þörf á slíkri löggjöf, þar sem hann er enn á byrjunarstigi. Ég álít því, að ekki sé rétt að stemma stigu fyrir framkvæmd þessara laga. Hvað því fjárhagsbjargráði viðvíkur, sem hv. flm. virðast halda, að í till. felist, þá held ég, að frestun á framkvæmd laganna um hálft annað ár geti ekki orðið mikið bjargráð.

Það er ekki líklegt, að það, sem ríkið þarf að greiða vegna þessara l., taki svo miklum breyt. á jafnstuttum tíma og hálfu öðru ári, að það komi að neinu haldi, þótt það fé yrði sparað. Við nm. létum reikna það út, hve mikil aukin fjárútlát mundu verða frá því, sem nú er, með svipaðri starfsemi og nú, og það reyndist að geta orðið um 20—30 þús. kr.

Ég skil ekki, að rétt sé að standa á móti þessum framkvæmdum, þegar þær kosta ekki meira fé, og vil ég því vona, að hv. d. sjái sér ekki fært að samþ. þessa till., þar sem það getur haft í för með sér mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn, en skiptir ríkissjóð engu.

Páll Hermannsson: Hv. 2. landsk. er aðalflm. að brtt. við frv. um búfjárrækt. Þessi sami hv. þm. hefir átt sæti í landbn. þessarar d. um nokkurt skeið, og því er ekkert undarlegt, þótt fram komi frá honum till., sem snerta landbúnaðinn, en þessi brtt., sem hann nú kemur fram með, er að mínu viti algerlega misheppnuð og afarundarleg, með tilliti til þess, að hv. flm. hefir jafnmikla æfingu í landbúnaðarmálum.

Það, sem ég sérstaklega set út á till., er það, að ég álít, að hún sé í raun og veru ekki miðuð við eða orðin til vegna þessa búfjárræktarfrv., heldur vegna afgreiðslu fjárl. í gær. Ég kann illa við það, að samþ. brtt. við ákvæði frv., sem miðað er við allt annað mál. Svo er nú brtt. sjálf þannig vaxin, að ég held, að hún sé mjög óvenjuleg. Það er tekið fram í till., að lögin um búfjárrækt skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1933. Þetta út af fyrir sig er ekki athugavert, en svo er sett skilyrði fyrir því, að ef verklegar framkvæmdir ríkisins verði minni en í fjárl. er ætlað á árinu 1932, þá eigi lögin, að mér skilst, aldrei að koma til framkvæmda. Þetta er að mínum dómi afaróeðlileg og óvanaleg brtt., og ég mun gera mitt til þess að hún verði felld.

Ef hv. flm. líta svo á, að frv. sjálft eigi að standa eða falla með þessari brtt., þá eiga þeir um það við sjálfa sig. Ég ætla, að það stafi þá af því, að þeir geti ekki fallizt á, að þær umbætur, sem í frv. felast, séu kaupandi svo dýru verði sem fyrir þær þarf að koma.

Það, sem hv. 1. flm. benti á í sambandi við þau útgjöld, sem ætla mætti, að frv. hefði í för með sér, skal ég ekki deila neitt um við hann, hve mikil þau kunna að verða þegar fram líða stundir, en hitt held ég hljóti að vera fjarri sanni, að fyrst um sinn þurfi að nefna þær upphæðir í þessu sambandi, sem hann nefndi, 150—200 þús. kr. á ári.

Jón Baldvinsson: Þeir tala öðruvísi nú, þessir framsóknarmenn, en þeir töluðu í Nd. í gærkvöldi. (**PH:** Þeir, sem hér hafa talað, töluðu ekki í Nd. í gær). Er það nú ekki allt sama tóbakið? Mér skilst, að bak við þau ræðuhöld og þær samþykktir, sem gerðar voru í Nd. í gær,

standi sami flokkurinn og sá, sem hv. framsóknarþm. Ed. eru í, nema orðið hafi einhver breyt. á síðan í gær, sem okkur er ekki kunnugt enn.

Hv. 3. landsk. sagði, að engin ástæða væri til að samþ. þessa till., sem við höfum borið hér fram. Ég bar fram sem ástæðu afgreiðslu fjárl. og till. hæstv. fjmrh. um að draga allt að ¼ af framkvæmdum þessara fjárl. En ef það er ekki ástæða til að spara útgjöldin nú, þá veit ég ekki, hvenær það er. Ég sé ekki annað en að þessi till. hafi fullkomlega rétt á sér, þegar ríkisstj. álítur nauðsyn á að draga stórum saman nauðsynlegustu útgjöld til framkvæmda í landinu.

Það er rétt, sem hv. 3. landsk. sagði, að þetta er merkilegt mál og nauðsynlegt að styðja að því, að búfjárrækt verði gerð arðvænlegri, — en hvaða orðalag nota framsóknarmenn hér á þingi, þegar þeir eru að mæla á móti ýmsum till., sem mega að gagni koma? Þeir segja, að á svona vandræðatímum verði að draga úr útgjöldunum og ekki ráðast í það, sem hægt er án að vera.

Hv. 3. landsk. segir, að landbúnaðurinn þurfi þessa fjár með, og það er alveg rétt. En heldur þessi hv. þm., að verkafólk þarfnist ekki meiri atvinnu en gert er ráð fyrir að verði árið 1932 samkv. fjárlagafrv., eða að landsmenn þurfi ekki meira af vegum, símum, höfnum eða vitum en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. því, sem nú er verið að afgreiða upp til Ed.? Sannarlega þurfa menn allt þetta. Við, sem flytjum þessa till., höfum ekkert annað gert en að taka upp rök framsóknarmanna í Nd., sem sýndu sig þar við umr. og atkvgr. um fjárlagafrv. — Hv. 3. landsk. gerir ekki ráð fyrir, að það verði nema um 20—30 þús. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð fyrst um sinn. Þetta orðalag bendir til þess, að það væri æskilegt, ef hægt væri að láta mikið fé í þetta, og ég býst við, að það yrði svo eftir skamman tíma. Við þekkjum, hvernig slíkir útgjaldaliðir margfaldast jafnvel á einu ári. Ég geri ráð fyrir, að árið 1933 mundi þessi kostnaður verða kominn langt yfir 100 þús. kr. Ég býst við, að kostnaðurinn fyrsta árið mundi verða um 50 þús. kr., því að bændur mundu fljótt sjá, að þarna væri þeim veittur mikill stuðningur, og þeir mundu auðvitað nota sér hann alveg eins fljótt og þeir hafa verið fljótir að nota sér þann fjárstuðning, sem hingað til hefir verið veittur landbúnaðinum aðallega með sérstakri löggjöf.

Hv. 2. þm. N.-M. var fyrst að ræða um starf mitt í landbn. þessarar deildar að undanförnu og sagði, að það væri undarlegt, að slík till. sem þessi skyldi koma frá þessum æfða landbúnaðarmanni, sem bæri hag landbúnaðarins fyrir brjósti. Ég þykist hafa sýnt það með atkv. mínu að undanförnu, að ég hefi ekki gengið á móti styrktarmálum landbúnaðarins, en ég skil, að þessi bústjóri ríkisins og lærður búfræðingur þykist hafa í öllum höndum við mig og mína þekkingu í þessu máli, því að honum er kunnugt um það eins og öðrum, að ég hefi ekki fengizt við sveitabúskap, þó að ég hafi einu sinni verið smali og sé alinn upp í sveit. Ég viðurkenni hans miklu þekkingu á þessum málum, enda er það sannleikur, að hann hefir ekki verið ánægður yfir því, að ég skuli hafa setið fyrir honum í landbn. að undanförnu. Ég man ekki, hvort hann er kominn þangað nú, en ég hugsa, að hann komist bráðum þangað og geti þá látið þar ljós sitt skína.

Hv. þm. kom svo loks að ástæðunni fyrir því, að ekki ætti að samþ. þessa brtt., og það var þá aðallega formsatriði. Hann lýsti því ekki af sinni miklu þekkingu og lærdómi, hvílíkt gagn þetta gæti unnið landbúnaðinum, heldur var það bara formsatriði, sem hann talaði um, og þótti mér það undarlegt af búlærðum manni.

Hv. þm. sagðist kunna illa við, að fram væri borin till., sem kæmi fram vegna annars máls. Er þetta frv. þá ekkert áhangandi fjárlagafrv.? Útgjöld vegna búfjárræktarlaganna hljóta að lenda á fjárl. á næsta þingi, svo að í þessu er fullt samræmi að forminu til. Hv. þm. sagði ennfremur, að þetta væri óvanaleg og óeðlileg till. Þetta eru nú engin rök, en ef þessi till. er óvanaleg og óeðlileg, hvers miklu fremur mætti þá ekki segja það um brtt. hæstv. fjmrh. á þskj. 207, sem veitir stj. heimild til að draga úr öllum framkvæmdum ríkisins að ¼ hluta, eða 25%, þegar hún hefir leyft sér

að eyða meira en 25% fram yfir það, sem Alþingi hefir heimilað. Ef það er vanaleg till. í augum hv. þm., þá sé ég ekki betur en að mín till. sé í alla staði rétt og viðeigandi.

Þá hefi ég minnzt á það, sem fram hefir komið viðvíkjandi þessari till., og bent á, hversu veigalítið það er. Ég hélt, að till. mundi ekki verða tekið svona, heldur mundu framsóknarmenn grípa þetta fegins hendi og reyna að spara landsfé með því að fresta þessum útgjöldum um nokkurt skeið, eins og þeir þykjast vilja spara á fjárl.

Magnús Torfason: Þessi till., eins og hún er orðuð hér, er varla frambærileg, því að ef það skilyrði kemur fram, sem í till. er sett, að verklegar framkvæmdir árið 1932 verði minni en samkv. fjárl. það ár, þá koma lögin aldrei til framkvæmda, jafnvel þó að árið 1933 yrði mokár að tekjum. Þetta nægir til þess, að þeir, sem nokkuð leggja upp úr þessu frv., geta ekki gengið að þessari till.

Þá skal ég svara hv. 2. landsk. — Það, sem hann sagði um þessa till., hafði við nokkuð að styðjast að sumu leyti, en ekki að sumu leyti. Það stendur svo á því, að slík lög sem þessi eru ekki aðeins til útgjalda, heldur eru þau líka tekjulög. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég hefir svo mikla trú á þessum lögum til bóta fyrir landbúnaðinn og til fjáröflunar fyrir þá atvinnugrein, að þetta verði undirstaða fyrir allmiklar tekjur ríkissjóði til handa í framtíðinni. Frá þessu sjónarmiði verður að líta svo á, að við verðum að leggja kapp á, að lögin gangi sem allra fyrst í gildi.

Jón Baldvinsson: Hv. 2. þm. Árn. sagði, að þessi till. væri ekki frambærileg, því að samkv. henni kæmu þessi lög aldrei til framkvæmda, ef þau ættu ekki að koma fyrst til framkvæmda 1933. En það koma væntanlega saman tvö þing þangað til lögin féllu niður samkv. þessu, svo að þau þing gætu eftir ástæðum breytt þessu.

Hv. 2. þm. Árn. gerði jafnvel ráð fyrir því, að fjárl. mundu ekki verða framkvæmd samkvæmt áætlun árið 1932. En ef ekki er nægilegt fé til að framkvæma áætlun fjárl., þá er sannarlega ástæða til að láta þetta frv. ekki koma til framkvæmda á því ári, svo að á þann hátt er till. fullkomlega frambærileg, — eða hefir það enga þýðingu í augum hv. 2. þm. Árn., ef ekki er hægt að framkvæma fjárl.?

Hv. þm. sagði, að þetta væru líka tekjulög; þau mundu verða til fjáröflunar fyrir landbúnaðinn og ríkissjóði þannig til styrktar. Það er vitanlega svo með allan slíkan stuðning, að hann er til óbeins fjárafla fyrir ríkissjóð. Það má einnig segja þetta um það fé, sem fer til verklegra framkvæmda, að það kemur aftur nokkur hluti af því í ríkissjóð, af því þeir, sem fá þar atvinnu við, kaupa fyrir það ýmsar nauðsynjar, sem ríkissjóður hefir fengið gjald af. Sama er að segja um t. d. vegi, sem eru lagðir til að gera mönnum alla framleiðslu auðveldari, svo að það er ekkert sérstakt með þetta búfjárræktarfrv. En það er ekkert tekjuaukafrv., eins og hv. 2. þm. Árn. veit vel, heldur er hér aðeins um óbeinan hagnað að ræða. En spurningin er, hvort ekki megi fresta þeim útgjöldum, sem frv. felur í sér, þegar fjárl. eru afgr. með þeim ummerkjum, sem Nd. hefir nú gert.

Páll Hermannsson: Það er í sjálfu sér gagnslaust að vera að elta ólar um þetta við hv. 2. landsk. Ég tel víst, að hv. þdm. hafi áttað sig á því, sem hér er að gerast. Það er misskilningur hjá hv. 2. landsk., að ég væri að sneiða að honum og hans störfum í landbn.; samskonar misskilningur og þau orð, sem hann beindi til mín. Hv. þm. sagði, að ég væri lærður búfræðingur, en ég hefi aldrei komið í búnaðarskóla. En ég ætlaðist til þess af hv. þm., af því hann hefir átt sæti í landbn. og að jafnaði reynzt þar vel, að till. hans í landbúnaðarmálum væru bornar fram með hliðsjón af þeim málum — landbúnaðarmálunum — og í fullri alvöru, og að hann geri sér grein fyrir, hvort þær umbætur, sem í frv. felast, séu þess verðar, að lagt sé út fyrir þær það fé, sem frv. gerir ráð fyrir. Hann hefir ekkert um þetta talað, heldur verið aðallega að tala um fjárl. Það situr því illa á honum að tala um, að aðrir komi ekki með rök. Hinsvegar álít ég það, að það

sé ekkert aðalatriði, hvort þessi lög koma fyrst til framkvæmda 1932 eða 1933. Hitt er aðalatriðið, hvort þau koma nokkurntíma til framkvæmda, en auðvitað bezt sem fyrst.

Pétur Magnússon: Það er hjákátlegt að heyra hv. 2. landsk. rökstyðja þessa brtt. sína með því, að ríkissjóði eigi að sparast útgjöld með þessu. Hann hefir í öllum ræðum sínum talað um, að með þessu mætti spara ríkissjóði 150—200 þús. kr. En hv. frsm. landbn. tók fram við 2. umr., að sá maður, sem bezt þekkir til þessara hluta, hefði upplýst landbn. um það, að þessi kostnaður mundi verða nálega 20 þús. kr. árið 1932. Ég hefi nú hlustað á ræður hv. 2. landsk. og hann hefir alltaf verið að tala um þennan stórkostlega kostnað, sem þessi lög hefðu í för með sér. Þó að hagur ríkissjóðs sé nú öðruvísi en æskilegt er, þá gera þessar 20 þús. hvorki til né frá. Það vildi svo vel til, að ráðunautur sá, sem með þessi mál hefir að gera, var nú staddur í næsta herbergi, og ég bar undir hann, hvort það væri ekki rétt skilið, að kostnaðurinn mundi verða um 20 þús., og hann játaði því.

Þá vil ég benda á annað, sem ekki hefir verið hreyft við hér áður, að það er óheppilegt, að lögin komi til framkvæmda á miðju ári, af því að mikill hluti af þeim gjöldum, sem til búfjárræktarinnar færu, gengur í gegnum Búnaðarfél., en eftir brtt. á þskj. 219 ætti kostnaðurinn við búfjárræktina 1933 að skiptast milli Búnaðarfélagsins og ríkissjóðs. Ég ætla, að þetta mundi verða mjög óheppilegt, og get ekki komið auga á, hvaða ástæða er til að gera þetta. Það væri þá skynsamlegra að fresta framkvæmdinni til 1. jan. 1934.

Jakob Möller: Ég er meðsekur hv. 2. landsk. við þetta frv., og finnst mér skylt að gera grein fyrir, hvers vegna. Það er vegna þess að stj. hefir verið veitt heimild í Nd. til að skera niður framkvæmdirnar, ef hún álítur fjárhaginn krefjast þess. En ef Alþingi vill binda svo verklegar framkvæmdir, þá eigum við nú að ganga á undan að takmarka þær nýju framkvæmdir, sem samþ. eru á þessu þingi, þær framkvæmdir, sem er ekki bráðnauðsynlegt, að fram komi á því ári. Ef nokkur sanngirni er í því að veita stj. heimild til að draga úr framkvæmdunum, þá er sjálfsagt, að ný lög eigi að lúta því sama, og þó öllu frekar en framkvæmd fjárl.

Hv. 4. landsk. segir, að þetta sé ekki svo stór upphæð. Það má nú eins segja um ýmislegt af því, sem stj. er leyft að draga 25% af. Margar fjárveitingar fjárl. eru miklu minni en 25—30 þús., svo að ¼ af þeim er auðvitað miklu minna.

Pétur Magnússon: Ég er samþykkur hv. 1. þm. Reykv. um það, að það er óheppileg leið, sem Nd. hefir valið, þegar hún að nokkru leyti afsalaði sér fjárveitingavaldinu og í hendur stj., en það verður að gá að því, að fjárlagafrv. er ekki komið í gegnum þingið og þessi till. á eftir að koma hér til umr. og atkv., og ég er sannfærður um það, að þessi hv. d., sem hefir orð á sér fyrir að vera varkár í fjármálum, lætur það óhapp ekki henda sig að láta þessa till. ganga fram, heldur tekur hana úr fjárl. hér, og hv. 1. þm. Reykv. mun sanna, að svo fer.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég vil benda á það, að ef þessi till. er samþ., þá er það ekki eingöngu, að ríkissjóði séu spöruð þessi útgjöld, heldur er þá líka komið í veg fyrir ýmsar framkvæmdir búfjárræktarinnar, og það verð ég að telja mjög óheppilegt, því að ég held, að allir hljóti að vera sammála um það, að okkur ríði mest af öllu á að efla okkar atvinnuvegi, því að á þeim byggist velmegun þjóðarinnar. Þessi till. virðist vera fram komin af gremju út af þessari till., sem samþ. var í Nd., en það er óviðeigandi að gera svona mikla rekistefnu út af henni nú; það gefst væntanlega tími til að ræða hana seinna.

Ég vil leggja áherzlu á það, að þessi till. getur, eftir þeim áreiðanlegustu upplýsingum, sem hægt er að fá, alls ekki sparað meira yfir þennan tíma en 20—30 þús. kr., svo að það skiptir ekki miklu máli á þá hlið, en getur á hinn bóginn orðið til að draga allmikið úr merkilegum framkvæmdum fyrir annan aðalatvinnuveg landsbúa, landbúnaðinn.

Hv. 2. landsk. talaði um, að við framsóknarmenn skildum ekki, að þörf væri á framlagi til neins nema landbúnaðarins. Því fer fjarri, að svo sé, en það er okkar skoðun, að mest velti á því, að atvinnuvegirnir séu styrktir. Ég hygg, að Nd. hafi samþ. í gærkvöldi till., sem miða talsvert að því, að skoðun hv. 2. landsk., að styðja líka hinn atvinnuveginn og þá verkamennina í landinu, svo að hann þarf ekki neitt yfir þessu að kvarta. Annars held ég og vona, að þessir hv. jafnaðarmenn geri fullmikið úr þessu atvinnuleysi í landinu. Það er verið að tala um, að fjöldi fólks sé atvinnulaus í Reykjavík og þorpunum, en þegar verið er að biðja um að fá það upp í sveit, þá er ekki hægt að fá nokkra manneskju.

Það má, því miður, búast við alvarlegu atvinnuleysi hér í bænum, þegar fram á vetur kemur. Bærinn hefir dregið að sér meira fólk en atvinnuvegir hans hafa þolað, og því eðlilegt, að bærinn verði sjálfur að súpa seyðið af því og þurfi að verja fé til að bæta úr atvinnuleysinu, þegar kreppir í ári.

ATKVGR.

Brtt. 219 felld með 9 : 2 atkv.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 210).

Á 25. fundi í Nd., 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég vil beina því til hv. landbn., sem sjálfsagt fær þetta mál til athugunar, að hún athugi vel fjárhagshlið þess. Mér fannst í vetur við yfirlestur frv. sama efnis, að það gæti haft allmikinn kostnað í för með sér, ef það yrði að lögum. Ég vil m. a. benda á, að ég hygg, að kostnaðurinn vegna kynbóta hrossa verði bráðlega 40—60 þús. kr. á ári, en það munu flestir telja, að hrossaræktin sé ekki sérstaklega arðvænlegur atvinnuvegur í framtíðinni, og munu margir vera þeirrar skoðunar, að fækka beri hrossum frá því, sem nú er, en nú eru þau um 50 þús. Það er og vitanlegt, að úti í löndum fer notkun hrossa mjög minnkandi, þar sem bílar eru komnir í þeirra stað.

Ég held því, að vert sé að athuga, hvort rétt sé að leggja fram tugi þúsunda kr. úr ríkissjóði til þess að halda við ótakmarkaðri hrossaeign í landinu. Það má náttúrlega notfæra sér hrossin með því að slátra þeim, og ég hygg, að eftir fá ár verði hér ekki nema fáein áburðarhross og nokkur hross, sem alin eru til slátrunar.

Við yfirlestur þessa frv. í vetur sá ég, að innan nokkurra ára mundi svo geta farið, að kostnaðurinn vegna þessara laga yrði um 200 þús. kr. á ári. Ég skal gjarnan gefa n. útreikninga þá, sem ég gerði í þessu efni. En sérstaklega tel ég það varhugavert að kosta jafnmiklu til vegna hrossakynbóta sem verða myndi, ef þetta frv. yrði samþ.

Lárus Helgason [óyfirl.]: Vegna ummæla hv. þm. N.-Ísf. um þetta frv., ætla ég að segja hér nokkur orð.

Ég legg það til, að þessu frv. verði ekki vísað til n. Er það af þeirri ástæðu, að landbn. hafði frv. til meðferðar á síðasta þingi, og síðan hefir því ekki verið breytt svo neinu nemi. Það er því ekki til annars en að tefja málið, ef á að vísa því til nefndar.

Hv. þm. N.-Ísf. vakti hér máls á því, hver kostnaður myndi verða vegna hrossahalds, ef þetta frv. yrði samþ. Því er þar til að svara, að það eru nú í gildi lög um kynbætur hrossa, og þau lög geta haft svipaðan kostnað í för með sér eins og ef þetta frv. yrði að lögum.

Hv. þm. talaði um, að minna væri gert með hross nú, síðan bílarnir komu, en áður var. Þetta er rétt, og ég álít, að landsmenn eigi að stefna að því að fækka þeim, en þá jafnframt að bæta þau, en til þess þarf að bæta meðferð þeirra og kyn. Það er því ekki rétt að vera á móti því að bæta hrossakynið sem mest. Þetta land er svo stórt og hefir svo slæma vegi, að það mun alltaf þurfa mikið af hrossum. Er því full þörf á að bæta þau, því einn hestur af góðu kyni getur með góðri meðferð afkastað eins miklu og 2 aðrir hestar.

Loks vil ég endurtaka það, að það er ekki til annars en að tefja málið, ef því væri nú vísað til nefndar.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég vil aðeins benda á það, að það eru aðrir menn í landbn. nú en á þinginu í vetur, og ég býst við, að þessir nýkjörnu þm. vilji hafa tíma til þess að athuga þetta mál.

Ég ætla ekki að fara að fjölyrða um þetta mál, en um hrossaeignina er það að segja, að með þessu frv., ef að lögum verður, er mönnum gefin svo mikil hvöt til þess að auka hrossaeignina, að ég held, að í framkvæmd verði það meira til að auka hana en bæta. Hingað til hafa menn haft hvöt til þess að eiga góða reiðhesta, því þeir hafa verið í háu verði, og ég hygg, að fyrst um sinn verði viss markaður fyrir þá innanlands.

Mér finnst alveg ótækt, að slíkt frv. sem þetta fari ekki til n., svo hún geti aflað sér upplýsinga um, hve mikinn kostnað þetta hefir í för með sér fyrir ríkissjóð.

Lárus Helgason [óyfirl.]: Ég ætla að benda hv. þm. N.-Ísf. á það, að það er þegar fengin reynsla fyrir því, að lögin um kynbætur hrossa hafa meir orðið til þess að bæta en fjölga þeim. Hrossum hefir fækkað síðan lögin gengu í gildi, en aftur á móti hafa þau batnað. Hér er því stefnt í rétta átt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til landbn. felld með 13 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JJós, JAJ, MJ, SvÓ, VJ, BJ, GÍ, HG.

nei: LH, PO, StgrS, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, JörB.

MG greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (IngB, JÓl, Jónas Þ, ÓTh, BKr, EA, HV) fjarstaddir.

Á 27. fundi í Nd., 12. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Mér þykir það undarlegt, þar sem hér er um stórmál að ræða, að þá skuli ekki vera lagt út í að gera grein fyrir því, hvern kostnað muni af þessu frv. leiða. Ég minntist lítillega á þá hlið málsins við 1. umr. og óskaði þess, að málið væri látið ganga til landbn. til frekari athugunar.

Ég sé, að í hv. Ed. hefir verið sagt af frsm. þessa máls, að hér væri ekki um aukin útgjöld að ræða nema sem svaraði 20 þús. kr. á ári. Ég fór dálítið í gegnum þetta frv. á vetrarþinginu og ég komst að talsvert annari niðurstöðu. Það er fyrirsjáanlegt, að kostnaðurinn verður ekki einu sinni tvö- eða þrefalt hærri, heldur margfalt hærri en gert er ráð fyrir. Og það er næsta undarlegt, þegar borið er fram frv., sem hefir slík útgjöld í för með sér, að hvorki hæstv. atvmrh. né hæstv. fjmrh. skuli láta eitt orð um það falla. Ég sé ekki betur en kostnaðurinn af þessu frv. muni í náinni framtíð verða full 200 þús. eða e. t. v. meira á ári hverju. Vil ég nú reyna að færa nokkur rök fyrir þessum staðhæfingum mínum í sem stytztu máli.

Sumir hv. dm. hafa verið að segja, að þessi kostnaður væri áður hvort sem er. Þetta er alls ekki rétt. Enginn sá kostnaður, sem þetta frv. hefir í för með sér, er áður fyrir, nema sá kostnaður, sem getur um í lögunum um búfjártryggingar, og hann er nokkuð breyttur í frv. frá því sem í l., þótt það muni ekki ýkjamiklu. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að útgjöldin á árinu 1931 nemi 45 þús. kr., en í l. um búfjártryggingar eiga þau einungis að nema 20 þús. kr., svo að á þessu ári verður kostnaðurinn, sem frv. að þessu leyti hefir í för með sér, ef það nær fram að ganga, um 25 þús. kr.

Samkv. 11. gr. frv. á að greiða nautgriparæktarfél., sem stofnuð eru samkv. fyrirmælum 10. gr., allt að kr. 1.50—2.00 á ári hverju fyrir hverja kú og kelfda kvígu. Nú munu vera á landinu um 21 þús. kýr og kvígur. Og það má búast við, að fél. þessum fjölgi mjög fljótlega, þegar ríkissjóður fer að styrkja þau svo ríflega, og gera má ráð fyrir, að innan skamms verði nautgriparæktarfél. í hverri sveit og hverju kauptúni landsins. Það er því næst að álykta, að þegar þessi lög koma til framkvæmda, þá hafi ríkissjóður þarna um 31—40 þús. kr. út-

gjöld. Það má að vísu segja, að ekki verði allir, sem gefi mjólkurskýrslur og mæli fitumagn mjólkurinnar, þar sem ætlazt er til, að það sé gert þrisvar á ári, en útgjöldunum mun þó ekki skakka mikið frá því, sem ég hefi sagt.

Samkv. 12. gr. á að styrkja þessi fél. til að halda kynbótanaut með 75 kr. til nauta, sem fengið hafa 2. verðlaun, og 150 kr. til nauta, sem fengið hafa 1. verðlaun. Það er alveg víst, að ekki verða færri en 300 kynbótanaut á landinu, líklega um 100 1. fl. og 200 2. fl. naut. Styrkurinn til þessara nauta nemur allt í allt um 30 þús. kr. á ári.

Ennfremur á samkv. 13. gr. að styrkja fél. til þess að halda sýningar. Á að greiða kr. 0,50 fyrir hvern framtalinn sýningargrip og þeir munu verða um 30 þús., eftir þeim gripafjölda, sem nú er. Og ef landinu er skipt, eins og í frv. er ætlazt til, í 5 sýningardeildir, þannig að á 5 árum hafi sýningargjald verið greitt til allra nautgripa á landinu, þá mun það verða á þessum 5 árum um 15 þús. kr., eða 3 þús. kr. á ári. Þá á einnig að styrkja fél. til þess að koma upp nautgripagirðingum, og má í því skyni greiða 400 kr. til hvers þeirra. Ætla má, að ekki verði færri en 80 nautgriparæktarfél., sem njóta þessa styrks, og það eru þá um 32 þús. kr. á ári, eða um 320 þús. kr. tíunda hvert ár. Þessi eini liður verður því í mjög náinni framtíð a. m. k. 70 þús. kr.

Það er vitanlega ekkert á móti því, að reynt sé á þennan hátt að koma nautgriparæktinni í betra horf, en ég efast um, að tilganginum verði náð með þessu einu. Það þarf margt fleira til þess að koma nautgriparæktinni á þann rekspöl, sem æskilegt væri.

Þá eru það kynbætur hrossa. Þar er nú að mínu áliti farin alveg skökk leið. Eins og ég gat um við 1. umr., þá sé ég enga ástæðu til þess að vera að kasta tugum þúsunda í það að bæta þennan hestastofn, þar sem það er vitanlegt, að hestum er alltaf að fækka vegna aukinnar bifreiðanotkunar og fyrirsjáanlegt, að innan skamms munu bifreiðar að mestu notaðar til flutninga. Hinsvegar hafa bændur nægа hvöt til þess að bæta reiðhestakynið, með þeim markaði, sem er hér innanlands, því að það mun enn verða svo um nokkurt áraskeið, að þeir verða keyptir háu verði, svo að óþarfi virðist að greiða sérstök verðlaun til þess að rækta reiðhestakynið. Samkv. 33. gr. frv. á að greiða fyrir hverja hryssu, sem leidd er til kynbótahests, kr. 1,50, og ennfremur á að greiða upp í fóðurkostnað kynbótahestsins 100 kr. á ári. Ég er viss um, að a. m. k. 100 kynbótahestar verða í landinu, og fóðurkostnaður, sem greiddur yrði til þeirra úr ríkissjóði, myndi þá nema 10 þús. kr. á ári. Og ég hygg, að ef hrossarækt in verður eitthvað svipuð því, sem gera má ráð fyrir, þegar hún er styrkt á þennan hátt, þá muni aldrei verða færri en 1000 hryssur, sem leiddar verða til kynbótahests, og styrkur sá, sem ríkið þarf að greiða í því sambandi, mun nema um 15 þús. kr. árlega.

Samkv. 34. gr. á að styrkja þessi félög til þess að kaupa kynbótahesta og greiða sem svarar ⅓ hluta kaupverðs þeirra. Gert er ráð fyrir, að hvert kynbótafélag geti fengið 8. hvert ár styrk til þess, og sá kostnaður nemur minnst 5000 kr. á ári.

Þá eru hrossagirðingarnar. Til þeirra á að leggja 400 kr. til hvers félags. Jeg hygg, að það muni verða líkt og með nautgripagirðingarnar, að ætla megi 3000 kr. til þeirra. Og að endingu á ríkið að kaupa kynbótahesta, ef enginn vill eiga þá, en hrossarækt arráðunautur segir, að hestarnir séu af góðu kyni. Ég hygg, að það megi fullyrða, að slíkir hestar hafi verið seldir hingað til frá 500 upp í 1000 kr., en við skulum segja, að ríkið fengi þá fyrir 600 kr., og þarf það a. m. k. að kaupa fjóra slíka hesta á ári, og þá eru það 2400 kr. útgjöld. Til sýninga og til verðlauna á þessum gripum, og er þar miðað við, að greiddir séu 10 aurar í gjald fyrir hvern framtalinn hest eða grip, getur kostnaðurinn aldrei orðið minni en 31000 kr. á ári. Til afkvæmissýninga hesta á að veita úr ríkissjóði 300 kr. verðlaun fyrir 1. flokks afkvæmi, 200 kr. fyrir 2. flokks og 100 kr. fyrir 3. flokks afkvæmi. Kostnaðurinn af þessu verður aldrei minni en 4—5000 kr. á ári, en eigendum þessara hesta og þessara afkvæma er lögð sú byrði á herðar að leggja til sýningarstaðinn. Það er allt og sumt, sem þeir

þurfa að gera, að leggja til eitthvert holt eða mel. Ég hygg, að með þessu fyrirkomulagi verði þeir æðimargir, sem vilja sýna þessa gripi og fá, þótt ekki sé nema 3. verðlaun, 100 kr., fyrir léleg tryppi, svo að þessi kostnaður gæti allt í allt orðið skollans mikill. En það er sérstaklega þessi kafli búfjárræktarl., sem ég tel afskaplega varhugaverðan og tilgangslausan, því samkv. honum á að kasta tugum þús. kr. úr ríkissjóði til þess að rækta hross, sem engin þörf er fyrir í landinu, og því miður er ekki hægt að selja út úr landinu. Ég álít, að kostnaðurinn verði aldrei minni en 50—60 þús. kr. á ári.

Um sauðfjárræktina er öðru máli að gegna. Þar á að styrkja félögin til þess að hafa kynbótahrúta með 50 kr. fyrir hvern 1. fl. kynbótahrút og 50 kr. fyrir hverjar 100 kynbótaær. Það er ekki gert ráð fyrir, að þessar ær þurfi að vera 1. fl. Gætu því verið 2. eða 3. fl., ef þær einungis eru kynbótaær. Og ekki er sett neitt hámark á þeirri upphæð, sem greiða skal úr ríkissjóði. Mér finnst óvarlegt að koma fram með slíka till. sem þessa á þeim tímum, sem nú eru, því að ég álít, að kostnaður, sem af þessu muni leiða, verði a. m. k. 10—15 þús. kr. á ári.

Þá eru hér ákvæði um, að styrkja megi 8 sauðfjárræktarbú með allt að 800 kr. hvert. Sömuleiðis skal halda hrútasýningar fjórða hvert ár, og er landinu skipt í 4 umdæmi, og skal halda sýningar í þeim til skiptis. Geri ég ráð fyrir, að kostnaður af þessu nemi um 3—4 þús. kr. á ári.

Þá er og ákveðið, að stofna megi til samkeppnissýninga, og má veita til þess allt að 5000 kr. á ári. Til sauðfjárræktar mun því verða veitt á ári hverju um 25 þús. kr.

Þá eru fóðurbirgðafélögin. Þau njóta árlegs styrks úr ríkissjóði, og er hann 10 kr. fyrir hvern bónda, sem býr einn á jörð, en ef tveir bændur eða fleiri búa saman á jörð, er styrkurinn 10 kr. fyrir einn bóndann, en 5 kr. fyrir hinn eða hvern hinna bændanna. Þessi styrkur getur því aldrei orðið minni en 65 þús. kr. á ári.

Loks vil ég nefna búfjártryggingarsjóðinn. Skal ríkissjóður hafa lagt sjóðnum til 45 þús. kr. fyrir árslok 1931 og síðan 15000 á ári í 17 ár. Þetta fyrirkomulag er nokkuð svipað því, sem var í lögunum frá 1928, en framlagið er hér ákveðið meira en helmingi hærra en samkv. þeim lögum. Ég sé því ekki betur en að kostnaðurinn af búfjárræktarlögunum verði innan skamms orðinn um 150 þús. kr. á ári. Þar við bætast svo 65 þús. kr. til fóðurbirgðafélaganna og 15 þús. kr. til búfjártryggingarinnar. Alls verður þetta því nokkuð yfir 200 þús. kr. á ári. Ég skal ekki fullyrða, að þessu verði komið í kring næstu 3—4 árin, en að þessu stefnir, þar sem styrkurinn er svo hár. En sérstaklega er þó varhugavert að samþ. kaflann um kynbætur hrossa, því eins og ég hefi bent á, er það bein hagsýni að fækka hrossunum, en með þessu frv., ef að lögum verður, er mönnum gefið mjög undir fótinn að fjölga þeim.

Ég get satt að segja ekki skilið, hvernig hv. landbn. getur leyft sér að neita að taka við málinu og afla sér upplýsinga um, hvern kostnað muni af því leiða. Mér finnst þetta sýna svo mikla léttúð í fjármálum. Það var nú reyndar fyrirfram vitað um hæstv. stj., en mig undrar, að hv. landbn. skuli láta þetta mál fara umræðulaust gegnum deildina, og bera því við, að hér væri um örfáa tugi þús. kr. að ræða, þegar vitanlegt er, að útgjöldin verða margfalt meiri.

Ég vil að endingu skora á hv. landbn. að afla sér upplýsinga í málinu eða hrekja útreikninga mína. En ég hygg, að þeir muni reynast réttir, þegar þetta fyrirkomulag er komið í kring. Í frv. er svo mikil hvöt fyrir bændur til þess að stofna búfjárræktarfélög, að þeir munu alstaðar gera það.

Steingrímur Steinþórsson [óyfirl.]: Ég get ekki látið hjá líða að minnast örlítið á ræðu hv. þm. N.-Ísf.

Það, að þessu máli þarf ekki að vísa til n., réttlætist af því, að það hefir fengið hér rækilegan undirbúning á þinginu í vetur, þar sem það var komið í gegnum þessa hv. deild eftir að hafa verið í landbúnaðarnefnd.

Mér virtist mikið af útreikningum hv. þm. N.-Ísf. um aukinn kostnað vera byggt á misskilningi. Hv. þm. virðist ekki vita,

að Búnaðarfél. Íslands ber nú kostnað þann, sem ræðir um í þessum lögum.

Hv. þm. áleit, að kostnaðurinn vegna nautgriparæktarfélaganna myndi verða um 30 þús. kr. á ári. Nú eru starfandi um 50 nautgriparæktarfél. hér á landi og njóta þau styrks eftir sömu reglu sem hér er farið fram á, eða kr. 1.50—2.00 á hverja árskú, sem er í félaginu. Þegar þetta frv. er orðið að lögum, lækka framlög úr ríkissjóði til Búnaðarfél. Íslands að sama skapi. Útgjöldin aukast því ekki nema nautgriparæktarfél. fjölgi, en ef rétt er að styrkja þau félög, sem nú eru, er einnig rétt að styrkja þau félög, sem stofnuð verða í framtíðinni. En þá er sama, hvort styrkurinn kemur frá Búnaðarfél. Íslands eða beint úr ríkissjóði.

Sama er um sýningarstarfsemina að segja. Hún er nú styrkt af Búnaðarfélagi Íslands eftir þeim reglum, sem gert er ráð fyrir hér í þessu frv. Sama er um girðingarkostnaðinn og annað slíkt að segja. Þetta eru ákvæði, sem tekin eru upp úr eldri lögum að mestu, en er nú steypt saman í eina heildarlöggjöf.

Ég get verið hv. þm. sammála um það, að stefna beri að því að fækka hrossunum. En ég get ekki verið hv. þm. sammála um, að ekki þurfi að efla hrossaræktina fyrir því. Því jafnvel þótt notkun hrossa til vinnu minnki að miklum mun, eru kynbætur hrossa nauðsynlegar engu að síður, svo þau verði betri til starfsemi. Þessi lög eiga ekki að ýta undir hrossafjölgun, og ráðunautarnir munu heldur ekki stuðla að því. Markmiðið er að fækka hrossunum, en bæta þau. Styrkurinn, sem veita á samkv. frv. þessu til hrossaræktar, er hinn sami sem Búnaðarfél. Íslands greiðir nú.

Þá hefir einnig verið veittur styrkur til að kaupa kynbótahesta, sýningar haldnar og verðlaun veitt. Þó er hér einn liður, sem ekki hefir verið áður í lögum, og er það kaflinn um fóðurbirgðafélög, og er augljóst, að ef sú starfsemi breiðist út, verður um aukin útgjöld að ræða.

Þá eru afkvæmasýningarnar. Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að þær stuðluðu að því, að hrossum fjölgaði, því að hann áleit, að hægt væri að fá 100 kr. verðlaun fyrir lélegt tryppi. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Afkvæmasýningarnar eru vegna stóðhestanna, og það eru stóðhestarnir, sem fá verðlaunin. Það er því ekki hvert tryppi, sem fær verðlaunin, heldur er það aðeins viðurkenning til stóðhestsins fyrir það, að hann hafi verið hrossaræktinni til hagsbóta. Hv. þm. verður líka að athuga, að Búnaðarfélag Íslands hefir hingað til styrkt þessa starfsemi, og vitanlega lækkaði styrkurinn til þess um það, er þessum lið nemur. Það hefir verið athugað, hversu aukinn kostnað fyrir ríkissjóð það myndi hafa í för með sér, ef þetta frv. yrði að lögum, og niðurstaðan er sú, að hann fari ekki yfir 20 þús. kr. á ári. Vitanlega getur hann þó aukizt, ef félögum fjölgar.

Það er ekki vafi, að ýmislegt í þessu frv. er til stórbóta. Má þar fyrst nefna það, að gert er ráð fyrir, að eftirlitsfélög rísi upp í hverjum hreppi og hafi það verkefni að bæta kúakynið. Hefir það sýnt sig þar sem slík félög hafa starfað, að þau hafa borið góðan árangur, jafnvel betri árangur en önnur búfjárræktarfélög.

Þá hafa fóðurbirgðafélög verið styrkt undanfarið. Mér skildist á hv. þm. N.-Ísf., að kostnaður ríkissjóðs af þeim myndi verða 65—70 þús. kr. á ári. Þetta er líklega rétt hjá hv. þm., ef stofnað yrði fóðurbirgðafélag í hverjum hreppi, en nú eru þau aðeins í 7—8 hreppum. En líklegt er, að innan skamms muni verða mikil hreyfing í þessu efni, því með slíkum félagsskap er fengin aukin trygging gegn fóðurskorti. Það, sem hingað til hefir staðið þessum félögum fyrir þrifum, er það, að tillögin fyrir einstaka gripi hafa verið nokkuð há og hafa menn því skirrzt við að ganga í slíkan félagsskap. Nú er lagt til, að þessi tillög lækki frá því, er áður var, og mun það verða til þess, að þessi félagsskapur breiðist út á næstu árum. Og ég mundi telja það lögunum mjög til ágætis, ef þau yrðu til þess, að slíkur félagsskapur myndaðist í sem flestum sveitum landsins. Þó býst ég við, að sá spádómur hv. þm. N.-Ísf., að kostnaður ríkissjóðs af þessum félagsskap verði um 65 þús. kr. á ári, eigi nokkuð langt í land með að rætast.

Í mínu kjördæmi er mikil hreyfing í þessa átt. Þar var á síðastl. vetri stofnað búnaðarsamband til þess að athuga og

koma skipulagi á stofnun fóðurbirgðafélaga í sýslunni. Varð þá ljóst, að ekki gæti orðið úr stofnun slíks félags nema tillög einstaklinga til félagsins væru lækkuð að mun, og var fulltrúum sýslunnar falið að styðja að því, að þau væru lækkuð.

Ég er ekki í vafa um, að fóðurbirgðafélögin auka mikið öryggi landbúnaðarins, og er ég viss um, að fyrst um sinn verður kostnaðarauki þess vegna ekki nema um 20 þús. kr. Eflist þessi félagsskapur í framtíðinni, eykst kostnaðurinn að sama skapi. En ef við viðurkennum, að þessi félagsskapur sé landbúnaðinum til þrifa, eigum við að stuðla að því, að hann megi aukast og eflast.

Við 1. umr. þessa máls greiddi ég atkv. móti því, að þessu frv. væri vísað til n. Ég hefi kynnt mér þetta frv., svo að ég greiddi hiklaust atkv. móti því, að því yrði vísað til n., enda þótt ég sé nýgræðingur í þessari hv. d.

Ég gat ekki látið hjá líða að gera þessa aths. af því mér skildist hv. þm. N.-Ísf. ekki skýra rétt frá.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Skagf. segir, að Búnaðarfélag Íslands hafi styrkt að nokkru leyti þá starfsemi, sem hér um ræðir. En það er dálítill munur á, hvort lög mæla svo fyrir, að ríkissjóður skuli styrkja þessa starfsemi, hvernig sem árar, eða Búnaðarfélag Íslands styrkir hana.

Hv. þm. vildi halda því fram, að hér væri aðeins um 20 þús. kr. hækkun á framlagi frá ríkissjóði að ræða. En ég hefi bent á, að hrossaræktarliðurinn einn eykur útgjöld ríkissjóðs um meira en 20 þús. kr. Og það er einmitt þessi liður, sem ég vil fella niður, því að ég álít, að það sé mönnum nægileg hvöt til þess að bæta hrossakynið, að þeir fái þá verðmeiri gripi. Og ef á að fara að kaupa menn til þess að vinna sér til hagsbóta, getur það hvatt menn til umbóta í fleiri atvinnugreinum en landbúnaði, t. d. sjávarútvegi.

Hv. þm. mótmælti því ekki, að fóðurbirgðafélögin væru að mestu leyti nýtt atriði í þessu máli. Og hv. þm. viðurkenndi einnig, að þegar þessi félög væru komin á verulegan rekspöl, myndi það kosta ríkissjóðinn um 60—70 þús. kr. á ári.

Ef það er borið saman, hvað ýmsir atvinnurekendur þurfa að borga til þess að tryggja eign sína, kemur það í ljós, að bændur borga mjög lítið í samanburði við það, sem útgerðarmenn verða að greiða fyrir tryggingar á skipum sínum, því þeir verða að borga 7—8% af virðingarverði skipanna, en þótt bændur greiði 15—20 kr. á ári til þess að tryggja bústofn sinn, er það miklu minni hundraðshluti.

Ég álít, að Búnaðarfélag Íslands eigi að styrkja nautgriparækt og sauðfjárrækt á þann hátt, sem verið hefir hingað til, en styrkurinn sé ekki greiddur beint úr ríkissjóði. Ég hygg, að hugsunarháttur bænda sé nú orðinn svo breyttur, að þeir setji svo vel á, að þeir hafi nægar fóðurbirgðir í flestum árum. Þetta hefir orðið vegna þess að menn hafa lært að skilja, að fóðurskortur bakar manni ekki einungis tjón þetta ákveðna ár, heldur er það atvinnuhnekkir í mörg ár. (**LH:** Það hefir alltaf verið svo). Já, en menn eru fyrst nú vaknaðir í þessu efni. Ég vænti, að hv. þm. V.-Sk. geti ekki neitað því, að það sé betra nú en var fyrir 20 árum. (**LH:** Það er stórhætta ennþá á ferðum). Ef það er stórhætta á ferðum, sýnir það, að það ástand, sem nú er, dugir ekki og það verður að grípa til þeirra ráða að refsa mönnum, ef þeir lenda í fóðurskorti vegna gáleysis eða kæruleysis. En hér á að fara þá leið að kaupa menn fyrir 60—70 þús. kr. til að sjá skepnum sínum farborða, og hygg ég, að sú aðferð dugi illa. Ég held, að þetta verði til þess, að menn fari að kasta öllum áhyggjum sínum upp á ríkissjóðinn. En hver á þá að borga?

Maður, sem á vélbát, sem kostar 20 þús. kr., verður að greiða um 1500 kr. í tryggingargjöld á ári vegna bátsins. Þykir það gott, ef báturinn getur framfleytt einni fjölskyldu. En hvað myndi þá bændur, sem hafa 5—8 þús. kr. viðskiptaveltu á ári, muna um að greiða 50—100 kr. fyrir það að ganga í fóðurbirgðafélag?

Ég hygg, að reynslan verði bezta ráðið til þess að sýna mönnum, hvernig þeir eiga að bjarga sér, en það, að ætla að borga mönnum til þess, sé ekki rétta leið-

in. Það getur hugsazt, að mönnum finnist það skömm að verða fóðurlausir, og ég veit, að þar, sem ég þekki til, er litið á þá, sem verða fóðurlausir án sérstakra atvika, sem nokkurskonar skussa. Og slíkt almenningsálit mundi bjarga mönnum bezt frá því að setja ógætilega á og lenda í fóðurskorti, en ekki ráðstafanir ríkisvaldsins.

Steingrímur Steinþórsson [óyfirl.]: Ég býst ekki við að karpa lengi um þetta. Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að það væri nokkuð annað, þó að Búnaðarfél. væri styrkt, en að taka fé beint úr ríkissjóði í þessu skyni. En með þessu viðurkennir Alþingi, að þessa starfsemi þarf að efla og halda henni áfram. Eðlismismunur er enginn á þessu. Féð er í báðum tilfellum úr ríkissjóði.

Sami hv. þm. sagði, að það væri nóg hvöt fyrir bændur að fá betri gripi. En reynslan hefir alstaðar orðið sú, að ríkið hefir orðið að greiða brautina. Nágrannar okkar verja stórfé í þessu skyni, og einstaklingurinn gerir slíkt ekki nema hafa til þess félagsstuðning og fjárhagsstuðning.

Að því er snertir fóðurbirgðafélögin skal það játað, að hugsunarhátturinn hefir breytzt. Bændur eru betur vakandi en áður fyrir því að tryggja skepnur sínar fyrir fóðurskorti. En hér er tvennt að athuga. Stundum stafar fóðurskorturinn af því, að fóðrið er of lélegt, en ekki af því, að það sé of lítið. En þetta sjá menn ekki fyrr en orðið er um seinan að bæta úr því. Þessu eiga fóðurbirgðafélögin að bæta úr. Ég veit t. d. um þrjá hreppa í Strandasýslu, sem hafa varizt vanfóðrun á þennan hátt. En hér verður að vera félagsskapur um og skilningur á því, að því er vel varið, sem fer til að styrkja þessa viðleitni. Og hér er um svo stórt mál að ræða, að þetta mega heita smámunir, sem kosta ekki meira fyrir alla bændur á landinu en 60 þús. krónur.

Það skal fúslega játað, að það er skylda hvers bónda að tryggja búfé sitt sem bezt gegn fóðurskorti. En það vill eigi að síður verða misbrestur á því. Sumir eru gálausir og steypa jafnvel heilum hreppum í voða með gáleysi sínu. Það er því sérstök ástæða til þess að hlynna að þessum félagsskap, til þess að knýja einmitt þessa menn með í samvinnuna.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum í sambandi við síðustu ræðu hv. þm. N.-Ísf. Hann vildi helzt fella kaflann um hrossaræktina alveg í burt. Það gæti komið til mála, þegar við erum komnir á það stig, að við getum látið vélar vinna öll þau störf, sem nú eru unnin með hestum. — Hv. þm. getur haft sína skoðun í friði um það, að sumt sé styrkt óþarflega mikið. Ég er ekki á því, enda má líka breyta lögunum, ef agnúar af þessu tæi eða öðru koma í ljós.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég vona, að hv. 1. þm. Skagf. hafi ekki misskilið orð mín. Ég er ekkert á móti fóðurbirgðafélögum. Ég hefi sjálfur átt þátt í að koma þeim á laggirnar, en gengið illa. En það, sem ég vildi taka fram, er það, að það þarf líka að styrkja aðra atvinnuvegi. Í öðrum löndum er sjávarútvegurinn styrktur með tilraunum um skipasmíðar, veiðarfæri og þar fram eftir götunum. Frakkar veita t. d. verðlaun fyrir útfluttan fisk. Hér eru verðlaun veitt fyrir útfluttar búnaðarafurðir, en allt lagt á sjávarútveginn. Og nú, þegar hann stendur undir þyngstum böggum, þá eru lagðar nýjar byrðar á þennan atvinnuveg, sem ærnar hefir áður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
18.—40. gr. samþ. með 15 : 1 atkv.
41.—51. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
52.—63. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
64. –86. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
87.—90. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 14. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 307).

7. Verðtollur.

Á 1. fundi í Ed., 15. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Ed., 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Fyrir þinginu í vetur lá allmikil syrpa frv. um endurskoðun á tolla- og skattalöggjöfinni. Það var árangurinn af starfi þeirrar nefndar, sem sett var á sínum tíma til þess að íhuga tolla- og skattamál landsins. Það hefði mátt liggja beint við að flytja frv. öll inn í þingið nú; en ríkisstj. leit svo á sem bæri að keppa að því, að þetta þing gæti orðið mjög stutt, og réðst því ekki í að bera fram önnur mál en þau, sem endilega þyrftu afgreiðslu nú. Hinsvegar er það vitað, að þegar farið er af stað með slík mál sem tolla- og skattamálin, geta þau ekki hlotið afgreiðslu nema á töluvert löngum tíma, og þess vegna taldi stj. ekki rétt að taka endanlega ákvörðun um þau fyrr en á því þingi, sem háð verður á næstkomandi ári.

Hinsvegar getur ríkissjóður ekki misst slíkan tekjustofn sem verðtollinn, og ber stj. því fram frv. um framlengingu verðtollsins. Fyrir henni er það þó ekkert aðalatriði, hvort verðtollurinn er framlengdur til ársloka 1933 eða 1932.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til fjhn., sem væntanlega tekur til athugunar, hvort hún vill fallast á þessa stefnu, að gera nú aðeins þessa bráðabirgðaúrlausn, eða hitt, að taka upp til afgreiðslu þau frv., er lágu fyrir síðasta þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 : 1 atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 29. júlí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Ed., 30. júlí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 5, n. 122).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég hefi ekki margt að segja fyrir hönd meiri hl. fjhn. um þetta fram yfir það, sem leiðir af þeirri stuttu grg., sem fylgir frv. Meiri hl. fellst á, að eins og nú standa sakir, sé ekki annað hægt en að framlengja lögin um verðtollinn, eins og þetta frv. fer fram á. Ég skal þó geta þess, að hv. minni hl. n., sem ekki hefir skilað áliti og ekki haft ástæður til að skila því, tjáði, þegar ákvörðun var um þetta tekin í n., að hann væri ekki fyllilega viðbúinn að taka afstöðu til málsins. Nú hefir hæstv. forseti lesið upp, að brtt. frá hv. minni hl. væri útbýtt. Um þær get ég ekkert sagt, fyrr en ég hefi séð þær, en þær eru ekki komnar í deildina ennþá.

Ég geri ráð fyrir, að það sé ekki ástæða til að hafa lengri framsögu fyrir hönd n. nú að sinni, en ég get búizt við, að meiri hl. þurfi að láta í ljós sína skoðun um brtt., þegar þær eru fram komnar.

Forseti (GÓ): Hér er fram komin brtt. frá hv. 1. landsk., og getur hún ekki komizt að nema með afbrigðum.

Jón Þorláksson: Ég varð lasinn upp úr því, að n. klofnaði í þessu máli, og þess vegna kom ég því ekki í verk að skila nál., en afhenti þessar brtt. til prentunar fyrir sólarhring síðan. Ég vil mælast til, að annaðhvort verði leyfð afbrigði, að brtt. megi komast að nú, eða þá að málið verði tekið af dagskrá, ef hv. þdm. vilja síður, að þær komist að nú.

Magnús Torfason: Ég vil skjóta því til hv. flm. brtt., hvort hann geti ekki tekið brtt. aftur til 3. umr., svo að málið geti komizt gegnum 2. umr. nú.

Jón Þorláksson: Ég get ekki látið mér það nægja, að brtt. komist að við 3. umr. Ég óska eftir, að þær fái að komast undir atkv. nú við 2. umr.

Forseti (GÓ): Ég mun leita afbrigða um till., og kemur þá í ljós, hvort hv. þd. vill, að þær komist hér að.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 140, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Jón Þorláksson: Ég kom að því áðan, að ég hefði ekki getað komið fram með minnihl.nál. sökum lasleika. Ég hefi því orðið að láta mér nægja að bera fram þessar brtt. á þskj. 140, sem ég hefi hugsað mér, að kæmu til álits við þessa 2. umr. málsins.

Eins og hv. þdm. muna, eru þessi verðtollslög frá árinu 1926. Þá voru sett lög um verðtoll af nokkrum vörutegundum, sem komu í stað laga um bráðabirgðatoll af nokkrum vörutegundum, sem sett voru meðal annara bráðabirgðaráðstafana, sem Alþingi 1924 greip til út úr því öngþveiti, sem ríkissjóður og landið allt var þá komið í.

Þegar þessi lög um bráðabirgðaverðtoll voru sett 1924 ásamt öðrum ákvæðum um nýjar álögur, þ. á m. um tolla af nauðsynjavörum, sem nauðsynlegt þótti að grípa til í bili, þá var því lofað, að sú löggjöf skyldi ekki standa lengur en þangað til af létti þeirri fjárhagskreppu, sem ríkissjóður var þá kominn í. Á þingi 1926 var nú lokið við að heita mátti að ráða fram úr þeim fjárhagsvandræðum, sem höfðu knúð þetta fram á þingi 1924. Þá vildi þingmeirihlutinn, sem þá var, standa við gefin loforð og létta sköttunum af. Það var líka gert með því að draga talsvert úr þeim tollum, sem lagðir höfðu verið á nauðsynjavörur, með því að breyta vörutollslögunum og með afnámi gengisviðaukans á vörutollinum. Þá var ennfremur í staðinn fyrir bráðabirgðavörutoll á nokkrum vörutegundum settur verðtollur, eins og lögin frá 1926 sýna. Aftur á móti þótti ekki rétt að fara svo langt að afnema verðtollinn alveg, því að það hefði orðið til þess, að ekki hefði verið unnt að létta verulega á vörutollinum. Það var álitið, sem ég hygg, að rétt sé, að þó að verðtollurinn hvíli á ýmsum nauðsynlegum vörutegundum, þá hittir vörutollurinn nauðsynjavörurnar með meiri þunga en verðtollurinn hefir gert og gerir. Því var það ráð tekið að láta lögin um verðtollinn haldast og ganga lengra í því að létta vörutollinum af, og það var í rauninni gert nokkuð meira en nam viðbótinni 1924.

Á þingi 1928 var svo samþ. veruleg hækkun á þessum verðtolli frá 1926. Þá þótti það orka nokkuð tvímælis hér á þingi, hvort sú skattahækkun, sem í þessu fólst, ásamt öðrum skattahækkunarfrv., sem þáv. stj. beitti sér fyrir, væri óhjákvæmileg nauðsyn. M. a. var deilt um þetta innan fjhn. þessarar þd. Það mál endaði svo, að við sjálfstæðismenn vorum ekki sannfærðir um, að þessar skattahækkanir væru nauðsynlegar fyrir ríkissjóð, en létum þó undan að miklu leyti og lögðumst ekki á móti þessari hækkun.

Reynslan sýndi nú, að við höfðum haft alveg rétt fyrir okkur í okkar áliti um það, að þessi tekjuhækkun væri ekki nauðsynleg. Þau 3 ár, sem þessi tekjuhækkun hefir gilt, þ. e. a. s. árið 1928 að talsverðu leyti og 1929 og 1930, hafa tekjur ríkissjóðs farið svo langt fram úr áætlun, að þess eru ekki dæmi um neitt samfellt 3 ára tímabil áður. Ríkisstj. hefir fengið um 5 millj. að meðaltali á hverju ári fram yfir það, sem fjárl. hafa gert ráð fyrir, og miklu af þessu fé hefir ríkisstj. ráðstafað eftir eigin geðþótta án heimildar frá Alþingi. Þetta hefir allt saman dregið okkar fjármálastjórn inn á þá braut, að fjárveitingavaldið er að miklu leyti komið úr höndum Alþingis og í hendur ríkisstj. Ég segi að miklu leyti, því að af þeim 11—12 millj., sem veittar eru í fjárl., er mestur hluti bundinn af öðrum lögum og venjum, svo að það er í raun og veru ekki nema 2—3 millj., sem fjárveitingavaldið hefir til að ráðstafa, en svo hefir ríkisstj. ráðstafað um 5 millj. á ári hverju eftir eigin geðþótta.

Ég þori að fullyrða, að þessi meðferð fjármála ríkissjóðs er komin langt út fyrir það, sem er þolað í nokkru öðru þingræðislandi. Því er ekki að neita, að alstaðar getur eitthvað komið fyrir milli þinga, sem getur útheimt fjárhagsráðstafanir af hálfu stj., en í þeim löndum, sem ég þekki til, heldur þingið svo fast í fjárveitingavaldið gagnvart ríkisstj., að það er alls ekki liðið, að stj. ráðstafi þeim málum eftir eigin geðþótta. Þegar þarf að ráða fram úr einhverju slíku máli milli þinga, er þess krafizt, að stj. leiti samþykkis þeirra fulltrúa, sem þingflokkarnir hafa kjörið til þess að vera í fyrirsvari um þessi mál fyrir sig á milli þinga. Það er t. d. alkunnugt í Danmörku,

að fjármálanefnd Fólkþingsins er ávallt kvödd til á milli þinga, ef stj. þykir þurfa að nota fé ríkisins fram yfir það, sem fjárl. heimila. Samt finnst mér það allmikið álitamál, hvort það eigi ekki að framlengja gildi þessara laga með tilliti til þess fjárlagafrv., sem fyrir þessu þingi liggur, þ. e. fyrir árið 1932. Því að þótt ég hafi látið í ljós það álit, að reynslan hafi sýnt, að sá tekjuviðauki, sem breytingin á þessum lögum 1928 veitti, hafi ekki verið nauðsynlegur undanfarin ár til þess að hægt væri að vinna að þeim framkvæmdum, sem Alþ. ætlaðist til, þá ber á það að líta, að þetta hafa verið hagstæð tekjuár, þar sem atvinnuvegirnir hafa staðið í miklum blóma. En þótt þessa hafi ekki verið þörf 1928 til 1930, þá er það engin sönnun þess, að ekki sé þörf þessa tekjuauka næsta ár. En hitt vil ég taka skýrt fram, að það er ekki rétt að framlengja gildi þessara laga, nema gefnar séu tryggingar fyrir því, að horfið sé af þeirri braut, sem fylgt hefir verið síðastl. ár, að fjárveitingavaldið sé tekið úr höndum Alþ. og í hendur stj. einnar og hún taki sér einræðisvald án þess að þingið sé kvatt til ráða. Með tilliti til þess mikilvæga atriðis er ekki hægt að taka afstöðu við þessa umr., og geymi ég mér því að taka endanlega afstöðu til 3. umr. Nú vil ég aðeins gera grein fyrir brtt. þeim, er ég ber fram á þskj. 140.

Fyrri brtt. fer fram á það, að framlenging l. nái aðeins til ársins 1932. Það er ekkert, sem kallar að að framlengja þau nema fyrir það ár, sem fjárlagafrv. er samið fyrir. Eins og menn muna, lá endurskoðun á skattalöggjöfinni fyrir þinginu í vetur og þar var gert ráð fyrir því, að þessi verðtollslög féllu úr gildi. Nú hefir ekki þótt heppilegt að taka þessa endurskoðun í heild upp á þessu sumarþingi, og hefi ég fyrir mitt leyti ekkert við það að athuga, en afleiðingum af því verður að taka með því að framlengja verðtollslögin um eitt ár. En á næsta þingi gefst tækifæri til að taka upp endurskoðun skattalöggjafarinnar. Við þetta er fyrri brtt. mín miðuð, að ég sé ekki ástæðu til að framlengja l. um verðtoll lengur en um eitt ár.

Eins og ég tók fram, hefir reynslan sýnt, að l. um hækkun verðtolls frá 1928 voru ekki nauðsynleg. Þó hefi ég ekki viljað koma með brtt. um það að færa tollinn niður í það, sem hann var 1926—1928, heldur hefi ég valið aðra leið. Ég fer heldur fram á að fella niður toll á nokkrum nauðsynjavörum, sem gefur ríkissjóði ekki verulegar tekjur, en heldur uppi vöruverðinu í landinu. Nú fellur margt af nauðsynjavöru undir þennan verðtoll. Ég hefi ekki séð mér fært að taka þær allar undan, heldur einskorðað till. mína við þær matvörutegundir, sem eru verðtollsskyldar.

Ástæðan til þess, að ég ber fram þessa brtt., er m. a. sú, að nú er það mikil tízka að tala um dýrtíðina í Reykjavík, sem ekki þjáir aðeins þennan bæ, heldur allt landið. Þegar mál það er krufið til mergjar, get ég ekki fundið nema 3 atriði, sem þar liggja til grundvallar. Fyrsta atriðið er það, að kaupgjald í Reykjavík hefir hækkað. Um það get ég sagt, eins og ég hefi oft áður tekið fram, að það er mín rótgróin skoðun, að kaupgjald eigi að vera svo hátt sem atvinnuvegirnir geta borið, og er ekki rétt undan því að kvarta. Ef atvinnuvegirnir í Reykjavík verða ekki færir um að greiða kaupið, þá fyrst er ástæða til að kvarta.

Annað atriðið er það, hve húsaleigan er há hér í Reykjavík. Allir kunnugir vita, að hin háa húsaleiga stafar af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi stafar hún af húsnæðiseklu, sem komst í algleyming á síðustu stríðsárunum, og verður ekki úr því bætt öðruvísi en með auknum byggingum. Í öðru lagi veldur dýrt og óhagstætt lánsfé til bygginga hinni dýru húsaleigu. Það neyðir menn til að reikna sér háa húsaleigu og leigja dýrt, því að húsaleigan þarf ekki aðeins að miðast við háa vexti af byggingarlánunum, heldur einnig óeðlilega háar afborganir 10 fyrstu árin. Þriðja orsökin til hækkunar húsaleigu er sú, að með vaxandi velmegun eru kröfur orðnar svo miklar til allskonar þæginda, að það er ekkert sambærilegt að leggja til sama herbergjafjölda og fyrir svo sem 15 árum. Þetta hleypir húsaleigunni vitanlega mikið fram, og er ein af orsökunum til dýrtíðarinnar í Reykjavík. — En um þetta atriði fer ég ekki fleiri orðum, þar sem það liggur fyrir utan það mál, sem hér er á dag-

skrá, en ég taldi nauðsynlegt að benda aðeins á þessi atriði í þessu sambandi. Annars er auðgert í öðru sambandi að benda á ráð til að koma húsaleigunni í Reykjavík í sannvirði.

Þriðja atriðið, sem veldur dýrtíðinni í Reykjavík, er það, hve vöruverðið er hátt. Hagskýrslur sýna, að verðlag á aðfluttum vörum í Reykjavík er í samræmi við verðlag annarsstaðar í heiminum. Ef verðvísitölur eru bornar saman við vísitölur frá 1914, þá eru þær að vísu hærri, en það kemur til af því, að krónan er í lægra gildi nú en þá. Ef vísitölunum væri breytt úr pappírskrónum í gullkrónur, þá kemur í ljós, að verðlag útlendrar vöru hefir lækkað hér sem annarsstaðar. Verðlag innlendu vörunnar hefir aftur á móti ekki fylgzt með í hinni almennu lækkun. Þetta stafar af eðlilegum orsökum. En það er aftur önnur ástæða þess, að verðvísitalan getur ekki sýnt sannan samanburð við 1914.

Kaupgjald er nú hærra í landinu en það var 1914, samanborið við vöruverð. Þótt einhver breyt. yrði á því, komum við því aldrei í það ástand, sem það var 1914. Vélar allar hafa tekið svo miklum framförum og aðrar ástæður, sem kaupháttum valda, gera það að verkum, að það spor verður ekki stigið til baka. Það, sem fyrst og fremst þarf því að gera, þegar um það er rætt að draga úr dýrtíðinni hér í Reykjavík, það er að nema í burt þær ráðstafanir, sem löggjöfin hefir gert til að halda uppi vöruverðinu — t. d. hár verðtollur á vöru, sem lítið flyzt inn af, en er framleidd í landinu sjálfu.

Aðra brtt. mína hefi ég því borið fram sem prófstein á það, hvort hv. d. vill taka afleiðingum af tali Framsóknarflokksins um dýrtíðina í Reykjavík og nema úr lögum þau ákvæði, sem þingið hefir sett og miða að því að viðhalda dýrtíðinni í Rvík.

Ég finn ekki ástæðu til þess að ræða um einstakar vörutegundir. Ég get gert það síðar, ef einhverjir hv. þdm. finna ástæðu til að gera einhverja þeirra að umtalsefni.

Jón Baldvinsson: Þegar þetta frv. var samþ. á þingi 1928, lögðum við Alþýðuflokksmennirnir ekki mikið til málanna, en hinir tveir aðalflokkarnir voru sammála um að samþykkja lög um verðtollinn. Hinsvegar samþykktum við með Framsókn vörutollinn gegn því, að tollurinn lækkaði á nauðsynjavörum, sem almenningur kaupir mest, að því er aukningunni svaraði, og nefnd yrði skipuð til að endurskoða og koma með till. um breyt. á skattalöggjöfinni yfirleitt. Skipun nefndar í skattamálin var orðin hin fyllsta nauðsyn, til að koma skipulagi á þau mál. Því að flest eða allt, sem í lögum var um þau efni, voru bráðabirgðalög, sem framlengd voru frá þingi til þings.

Nefnd þessi kom með frv. fyrir síðasta Alþ., en nm. voru ekki allir sammála. Fulltrúar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins voru sammála. Halldór Stefánsson og Magnús Guðmundsson báru fram frv. sameiginlega um að fella niður vörutollinn. Var það komið til þessarar hv. d., en mætti hér mótspyrnu af hv. 1. þm. G.-K., sem mun hafa komið til af tryggð hans við vörutollinn. En þessir tveir flokkar voru sammála í öllum meginatriðum um lausn þessara mála, en við Alþýðuflokksmenn vorum einir á móti. Nú fór svo, að þetta frv. varð ekki útrætt sökum þingrofsins. Þess vegna á nú að framlengja gömlu verðtollslögin um nokkur ár. Í skattamálunum situr allt við hið sama og áður. Það, sem átti að vera til bráðabirgða, er framlengt frá ári til árs.

Það er augljóst mál, sem hv. 1. landsk. drap á, að slíkur verðtollur sem þetta er stór liður í því að viðhalda dýrtíðinni í landinu. Nú skyldi maður ætla, að Framsóknarflokkurinn, sem mest hefir talað um dýrtíðina hér í Reykjavík, vildi að því vinna að fella niður eitthvað af því, sem heldur uppi dýrtíðinni. En það er síður en svo. Það á að viðhalda dýrtíðinni með háum tollum. En það verður vafalaust haldið áfram að tala um dýrtíðina í Reykjavík og að enginn geri neitt til að afstýra henni.

15% verðtollur á vefnaðarvöru, sem er mikil nauðsynjavara, hlýtur að auka mjög útgjöld fólks til vefnaðarvörukaupa, því að þar kemur ekki aðeins til greina grunnskatturinn, heldur einnig álagningin á þennan toll, svo að verð-

hækkunin nemur 20—30% af flestri vefnaðarvöru. Og þar sem þetta einnig kemur niður á ýmsar aðrar vörutegundir, sem nauðsynlegar eru almenningi, þá get ég þegar lýst því yfir skýrt og skorinort, að ég sé mér ekki fært annað en að greiða atkv. á móti frv., og sömuleiðis á móti fyrri brtt. hv. 1. landsk. um framlengingu verðtollsins til ársloka 1932. En að séðri þeirri atkvgr. mun ég greiða atkv. með síðari brtt. hv. 1. landsk., til þess þó síðan að greiða atkv. á móti frv. sjálfu.

Þessi tollur gaf ríkissjóði á árinu 1929 yfir 2 millj. króna, en í fjárl. var hann ekki áætlaður nema 1 millj. 325 þús. Svona mikið fór þessi liður fram úr áætlun. En þetta var eitt af því, sem stj. eyddi utan við landslög og rétt, og sem hún fékk í hendur fyrir of gætilega áætlun á tekjulið fjárl.

Ég þykist ekki þurfa að skýra það nánar, hvers vegna ég er á móti þeirri skattamálastefnu, sem kemur fram í þessu frv. Ég tel rétt, að tekjur ríkissjóðs séu teknar á annan og réttlátari hátt. Þetta er ekkert annað en nefskattur, sem allir greiða jafnt, fátækir og ríkir, með kaupum á nauðsynjavörum. Það er ekki hægt að færa rétt rök fyrir þessu máli, þótt Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkurinn séu sammála um að verja það, þrátt fyrir það augljósa ranglæti, sem fram í því kemur.

Rétt í þessu er hv. 5. landsk. að koma inn í hv. d. Hann hefir manna mest talað um dýrtíðina í Reykjavík og talið sjálfan sig manna sjálfsagðastan til að bæta úr henni. Um daginn lenti hann í deilum hér í d. við hv. 1. þm. Reykv. og sagði þá, að hann teldi hv. 1. og hv. 4. þm. Reykv. mjög óheppilega þm. fyrir Reykjavík. Um það er ég honum alveg sammála. Og ég skil vel, hvernig á því stóð, að hann studdi kosningu hv. 1. þm. Reykv. 1927. Það var einn liðurinn í því starfi hans að gera Reykjavík eitthvað til bölvunar, — það sama og fram kom í mótstöðu hans gegn Sogsvirkjuninni og fleiri velferðarmálum bæjarins, sem hann hefir staðið í móti. Við þessa umr. vildi ég láta koma fram þetta umtal hans um dýrtíðina og hvað flokkur hans hefir gert til að bæta úr henni.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég ætla fyrst að svara hv. 2. landsk. Hann hefir nú gert grein fyrir afstöðu sinni í málinu, og vil ég víkja að ræðu hans með nokkrum orðum. Það er ólíkt um hv. 1. og hv. 2. landsk. að því leyti, að hv. 2. landsk. er búinn að taka vissa afstöðu til málsins, en hv. 1. landsk. er ekki búinn að taka endanlega afstöðu til málsins.

Hv. 2. landsk. segist ætla að greiða atkv. á móti frv. Hinsvegar hefir hann ekki bent á neina leið aðra til þess að afla ríkissjóði tekna, og ekki gat hann þess, að hann áliti, að ríkissjóði væri ekki þörf á þessum tekjum.

Það lítur ekki út fyrir, að hv. þm. geri sér ljóst, hverjar skyldur hans og flokks hans eru, þegar hann tekur eingöngu þessa neikvæðu afstöðu til málsins. Og fyrst hv. þm. viðurkennir, að ríkissj. þurfi meira fé en hann fengi, ef verðtollurinn félli niður, þá er það skylda hans að benda á aðra leið til að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem nauðsynlegar væru, og þyrfti þó sérstaklega að fá, ef fram næðu að ganga þær breyt., sem hv. flokksbræður hans bera fram í Nd. og hv. 2. landsk. er væntanlega sammála.

Ummæli hv. 2. landsk., að Framsóknarflokkurinn og hv. 1. landsk. séu sammála í skattamálum, ætla ég ekki að gera að umtalsefni nú. Það er engin ástæða til að fara að rökræða hér nú um skattamál almennt, en hv. 2. landsk. veit það vel, að í skattamálum ber margt á milli Framsóknarflokksins og íhaldsmanna. Hann telur það bara „praktiskt" að halda þessu fram í þeirri „agitation", sem hann lætur nú ganga um land allt.

Ég vil leyfa mér að benda á eitt atriði, sem hv. þm. kom að. Hann sagðist sem sé vilja fella verðtollinn niður til þess að dýrtíðin minnkaði. Ég vil benda á það, að afleiðingin af því, að verðtollurinn félli niður, yrði sú, að auka til stórra muna innflutning til landsins. Verzlunarstéttinni væri það ljóst, að þótt verðtollurinn félli úr gildi, af því að samkomulag væri ekki á þingi um þessa löggjöf, þá mundi hann verða tekinn upp aftur eftir stuttan tíma. Þeir, sem reka verzlun, mundu því keppast um að koma sem mestu af vörum inn í landið, meðan verðtollurinn væri ekki. M. ö. o., ef hann

væri felldur niður, mundi hann verka öfugt á við innflutningshöft. Hann mundi, eftir því sem mögulegt væri, örva innflutning, og þá auðvitað sérstaklega á þessum vörum, sem verðtollur er lagður á nú, en margar af þeim eru einmitt þær, sem eru síður nauðsynlegar.

Ég býst við, að hv. þdm. séu mér sammála um það, að á slíkum tímum sem nú, þegar erfitt er að selja vörur landsmanna og ríkið og bankarnir þess vegna í kreppu, þá væri það óviturlegt, ef Alþingi veitti þessu máli þá afgreiðslu, sem hvetti menn til að kaupa og flytja inn í landið þær vörur, sem væru miður nauðsynlegar.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 1. landsk., sem eins og ég gat um hefir ekki tekið endanlega afstöðu til þessa máls. Sem forsendu fyrir þeirri yfirlýsingu kom hann með ýmsar almennar aths. um fjármálastjórnina undanfarið og aðstöðuna í því sambandi. Hann kom með yfirlit yfir sögu verðtollsins allt frá 1924. Nú ætla ég ekki að gera að umtalsefni þær almennu aths. hv. 1. landsk., en mér þykir vel við eiga að koma nokkuð inn á sögu þessa máls, sem hv. þm. kom með, og draga líka nokkuð af aðstöðunni innan þings og ástæðunum inn og út á við eins og þær voru 1924, þegar hv. 1. landsk. var að taka við fjármálastjórninni. Ég vil líka rifja upp endurminningarnar um það, hvernig þáv. andstöðuflokkur stj. taldi, að honum bæri, eigi síður en stjórnarflokknum, að leysa úr þeim vandræðum, sem þá voru fyrir ríkinu, bönkunum og einstaklingum.

Árið 1924 var að ýmsu leyti svipuð fjármálaaðstaðan og nú. Það höfðu gengið harðindi yfir landið. Og hvað sem segja mátti um fjármálastjórnina áður, þá voru aðstæðurnar að mörgu leyti svipaðar. Sala á innlendum afurðum var erfið, verzlunaraðstaðan var okkur óhagstæð og rétt fyrir þingbyrjun féllu peningar okkar mikið í verði. Þá urðu stjórnarskipti. Hv. núv. 1. landsk. og hans flokkur mynduðu nýja stjórn. Vitanlega höfðum við andstæðingar stj. þá sömu aðstöðu og hv. 1. landsk. hefir nú gagnvart þingmeirihlutanum, og við stjórnarandstæðingar höfðum margar aths. frá fortíðinni um fjármálastjórnina, sérstaklega fjármálastjórn samverkamanna hv. 1 landsk. Ég t. d. hafði mikið um það ritað og hafði ekki breytt þar um skoðun. Við hefðum því vel getað, ef við hefðum viljað, haldið uppi deilum um það, en látið stj. eina um það, hvernig reisa ætti við fjárhag landsins. Ég veit, að hv. 1. landsk. viðurkennir það nú, eins og hann viðurkenndi áður, að andstöðuflokkur ríkisstj. hagaði sér ekki svona þá. Við stjórnarandstæðingar, sem sæti áttum þá í fjhn., tókum höndum saman við fulltrúa stj. í þessum málum. Við lögðum mikla vinnu í að fara í gegnum fjárl. og leita eftir, hvar finna mætti leið til að spara og hvar mögulegt væri að draga úr erfiðleikunum. Við stóðum þá við hliðina á stjórnarflokknum til að setja löggjöf um auknar tekjur fyrir ríkissjóð, sem nauðsynlegt var.

Mér þótti vel, að hv. 1. landsk. kom í ræðu sinni inn á endurminningarnar frá þessum tímum, hvernig þingið tók þá afstöðu til þessara mála. Ég vildi bara bæta þessu við um þessar endurminningar og segja frá mínu brjósti, að ég álít, af því aðstaðan er svipuð nú, að andstöðuflokkur þingmeirihlutans álíti það skyldu sína að snúast eins við vandræðunum og andstöðuflokkur stj. gerði 1924. Ég þykist hafa fullkomlega leyfi til að beina þessu sérstaklega til hv. 1. landsk., af því það var hann, sem var sá ráðh., sem naut þessarar samvinnu, naut hennar frá þeim flokki, sem ég tilheyrði og tilheyri enn.

Ég sagði, að aðstaðan væri lík nú og hún var 1924, en hún er að því leyti verri nú, að horfur á sölu ísl. afurða eru nú verri en þá. Allir vita, hvernig það er með sjávarafurðirnar, og nú hafa ný tíðindi komið, sem gera það líklegt, að landbúnaðarafurðirnar fari niður fyrir það, sem nokkur hefir gert sér hugmynd um undanfarið. Það er því nauðsynlegt, að allir standi saman um það, að reyna að leysa vandræðin sem bezt.

Þá vil ég segja nokkur orð út af brtt. hv. þm. á þskj. 140. Fyrri brtt. er um það, að þessi framlenging verðtollsins skuli vara eitt ár, en ekki tvö ár, eins og fram er tekið í frv. Ég tel sjálfsagt að gera það ekki að ágreiningsatriði, ef flokkur hv. þm. leggur áherzlu á, að það

sé ekki nema eitt ár. Ég get viðurkennt, að hv. þm. hafi þar nokkuð til síns máls, því að ég geri ráð fyrir, að á þinginu í vetur verði betri tími en gera má ráð fyrir að verði nú, til að taka til rækilegrar athugunar, hvort þessi framlenging skuli gilda áfram, og get ég því mælt með því, að þessi till. verði samþ.

Út af síðari brtt. sinni kom hv. þm. talsvert inn á almennar aths. um vöruverð og dýrtíð í Reykjavík. Ég tel það fremur óviðeigandi við 2. umr. um verðtoll að fara mikið inn á almennar aths. um það efni, svo að ég leiði það hjá mér, en ég verð að láta í ljós þá skoðun, að mér virðist fyrri brtt. hans vera í mótsetningu við þá hugsun, sem fram kemur í síðari brtt. hans. Eftir fyrri brtt. álítur hann, að hér sé um bráðabirgðalög að ræða, og þá er síðari till. í ósamræmi við hana. Ég vil benda hv. þm. á það, að ef síðari till. er samþ., þá verður það til að koma af stað miklum deilum um þetta atriði, ekki fyrst og fremst í þessari deild, heldur í Nd. Hv. þm. veit, að í Nd. hafa komið fram raddir nú nýlega, sem fara í þveröfuga átt við þessa till., ekki eingöngu frá andstæðingum hv. 1. landsk., heldur líka frá áhrifa- og dugmiklum mönnum í flokki hans sjálfs. Hér er stungið upp á að létta verðtollinum af ýmsum þeim vörum, sem framleiddar eru í landinu sjálfu, en þessar till. í Nd. fara í þá átt, að settur verði verndartollur á þessar vörur, til að styðja þá innlendu framleiðslu.

Ég vil ekki fara langt inn á almenn atriði þessa máls, en þegar um var að ræða þá bráðabirgðaráðstöfun, að framlengja verðtollinn til eins árs, þá þótti mér ekki rétt að fara að koma með slíkt deilumál sem þetta. En eins og ég get samþ. þá till. hv. 1. landsk., að framlengingin nái aðeins til eins árs, eins finnst mér, að hv. 1. landsk. ætti að geta fallizt á það, að láta hina síðari till. sína bíða til síðari umr. um málið.

Jón Þorláksson: Ræða hv. 2. landsk. hefir ekki gefið mér tilefni til neinna andsvara. Hann lýsti eingöngu afstöðu síns flokks, og ég álít enga ástæðu í sambandi við þetta mál að koma inn á þann skoðanamismun, sem er á milli Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins um stefnur í skattamálum. Það eru þá aðallega ummæli hæstv. forsrh., sem hafa gefið mér tilefni til nokkurra andsvara.

Hann talaði fyrst um það, hverjar afleiðingarnar mundu verða, ef neitað yrði að framlengja verðtollinn. Hann gerði ráð fyrir, að það mundi hafa í för með sér stórum aukinn innflutning á verðtollsskyldum vörutegundum, vegna þess að menn mundu gera ráð fyrir, að verðtollurinn kæmi brátt aftur, og þá væri gott að hafa miklar birgðir, sem inn hefðu verið fluttar á þeim tíma, sem tollurinn hefði fallið niður. Ég er ekkert hræddur við þetta. Það er nú svo, að innflutningur kaupmanna ákvarðast aðallega af tvennu. Annað er það, hvað gengur út af vörunum, og hitt er það, hvað þeir eiga af ónotuðu lánstrausti. Ég held, að það sé nú svo, að verzlanirnar muni nú draga við sig að kaupa nauðsynlegar og ónauðsynlegar vörur, því að það eru sannarlega ekkert uppörvandi tímar fyrir kaupmenn að kaupa miklar vörubirgðir til að geyma í geymsluhúsum sínum. Það er vitanlegt, að lánsfé bankanna er nú fest svo mjög, að það getur ekki verið að ræða um neina aukningu á útlánum þeirra til eins eða annars. Það þarf sízt að gera ráð fyrir fleiri lánum til að kaupa geymsluvörur af þeim tegundum, sem nú eru verðtollaðar.

Ég er því ekkert hræddur við þetta, en það getur aftur komið til mála, að þetta geti haft gagnstæð áhrif á kaupmenn við það, sem hæstv. ráðh. vildi álíta. Ég gæti hugsað, að kaupmenn reyndu að koma í veg fyrir innflutning á þeim vörum, sem verðtollinum yrði létt af, meðan þeir væru að selja þær vörubirgðir, sem nú eru til — og það mun hafa verið óvenjulega mikið um síðustu áramót — og reyna þannig að firra sig tjóni af því að þurfa að setja niður vörur sínar í samræmi við þann afnumda verðtoll. Þetta mundi vega meira. Þessir hagsmunir liggja næst, að firra sig tjóni af þessu. En hitt, að fara að „spekúlera“ í einhverjum gróða, sem kynni að falla þeim í skaut, þegar löggjöfin hyrfi að verðtollinum aftur, það sýnist liggja nokkuð miklu fjær.

Hæstv. forsrh. vildi lítið fara út í þær

ástæður, sem ég benti á fyrir því, að vel gæti komið til mála, að rétt væri að neita um framlengingu á þessum verðtolli. Hann kaus aftur á móti hitt, að fara út í sögu málsins, sem ég rakti stuttlega áðan. Hann staðnæmdist sérstaklega við ástandið 1924 og talaði um afstöðu Framsóknarflokksins þá til þessa bráðabirgðaverðtolls, og dró svo út frá því þá ályktun, að stjórnarandstæðingar væru skyldugir til að vera með verðtollinum nú. En hann hefði varla átt að fara að koma með þá ályktun, að sagan eigi að endurtaka sig, nema að athuga fyrst, hvort ástæðurnar hefðu verið þær sömu. Hann gerði ekki tilraun til að hnekkja því, sem ég sagði, hvorki því, að þessi tollaaukning 1928 hefði reynzt ónauðsynleg, né hinu, að sá tekjuauki, sem stj. heimtaði og fékk, hafi ekki verið notaður til að framkvæma vilja Alþingis og fjárlaganna, heldur hafi hann allur — og meira að segja meira til — orðið eingöngu til að skapa fjárveitingavald, þar sem það á ekki að vera. Þessari ástæðu var ekki til að dreifa 1924.

Mér fannst hæstv. ráðh. skakka mjög í því eina atriði, sem ég tók eftir, að hann nefndi til samanburðar á ástandinu 1924 og nú. Hann sagði, að það hefði staðið eins á nú og þá, að harðindi hefðu verið undangengin. Þetta var rétt 1924 að því er snertir atvinnulífið og afkomu ríkissjóðs, að þar voru harðindi undangengin, sem stöfuðu af óhagstæðu vöruverðlagi í samfellt 4 ár á okkar útflutningsvörum móts við það almenna vöruverðlag í heiminum árin 1920—23, að báðum meðtöldum. En nú stendur sannarlega öðruvísi á. Nú eru undangengin góðæri fyrir atvinnuvegina á þessu þriggja ára tímabili, 1928—1930, svo að það eru hin hagstæðustu verzlunarár, sem hér hafa komið síðan 1914, að stríðsgróðaárunum ekki undanskildum. Nei, það stendur sannarlega öðruvísi á nú en þá. 1924 þurfti að gera harðvítugar ráðstafanir til þess að bæta úr því, sem áfátt hafði orðið undangengin verzlunarharðæri. Nú liggur fyrir að draga lærdóm af undanförnum árum eins og þá. En á þessum undangengnu góðærum hefir farið svo, að samfara gegndarlausum fjáraustri hefir fjárveitingavaldið dregizt úr höndum Alþingis og í hendur ríkisstj., og það stjórnar, sem ekki hefir getað lifað sig upp í það að skoða sig sem landsstjórn, sem bæri velferð allra fyrir brjósti, heldur skoðar sig sem stjórn síns sérstaka stjórnmálaflokks og hefir sýnt það í verkum sínum við hvert hugsanlegt tækifæri.

Það snertir þetta mál ekkert, þó að hæstv. núv. forsrh. hafi árið 1924 haft sitthvað að athuga við fjármálastjórn tveggja þeirra manna, sem þá gengu í ráðuneytið, á liðnum árum. Ég sé ekki, hvað það kemur þessu máli við.

Og satt að segja, þegar hann talaði um, að hann hefði skrifað um fjáraukalögin miklu, þá ætti hann ekki að minnast á þau skrif sín í samkomu, sem skipuð er mönnum, sem þekkja til þeirra mála. Það er hægt að nota slíkt á kjósendafundum, en hér vita allir, að tölurnar í fjáraukalögunum 1920—21 stöfuðu af því einu, að óvenjulega mikil útgjaldalög frá þinginu 1919 komu til framkvæmda, án þess að þingið 1919 hefði tekið upp þær upphæðir í fjárl. fremur en venja er til. Það er ekki venja, að þingið taki upp í fjárlög útgjöld, sem það sjálft stofnar til á sama þingi. Ég hefi ávallt ímyndað mér, að hæstv. forsrh., sem þá var eingöngu blaðamaður, hafi gert þennan mikla vind um fjáraukalögin miklu 1920—21 mót betri vitund, sem því miður er orðið svo algengt um þá menn, sem fást við blaðamennsku hér á landi, og ég met honum það hvorki til meiri né minni syndar en blaðamönnum yfirleitt. En hann ætti að telja það undir virðingu sinni að minna á þau skrif sín nú, þótt með óákveðnum orðum sé. Ekkert af því, sem þá var gert, er sambærilegt við það einræði í fjármálum, sem stjórn sú hefir tekið sér, sem hann hefir veitt forstöðu undanfarið kjörtímabil.

Hæstv. ráðh. vitnaði í það, að ég hefði gefið stjórnarandstæðingum 1924 þann vitnisburð, að þeir hafi gengið með okkur að því að útvega nauðsynlegan tekjuauka ríkissjóði til handa. Ég hefi viðurkennt þetta, eins og ég er alltaf vanur að unna andstæðingum mínum sannmælis, og kæri mig ekkert um að draga úr því, þótt raunar mætti minna á, að á einu sviði varð harður árekstur og skoðana-

munur milli okkar og Framsóknarflokksins í Nd. á því þingi.

Ég held, að það sé nú yfirleitt svo ólíku saman að jafna, hvernig á stóð 1924, eftir fjögurra ára harðæri fyrir atvinnuvegina, og nú, eftir hér um bil jafnlanga velgengni og óhófseyðslu stj., að ekki verði dregin ályktun af því að vitna í afstöðu manna 1924, eins og hæstv. ráðh. gerði.

Ég ætlaði mér ekki að fara að vekja illdeilur um það nú, hvernig farið hefir verið með fé ríkissjóðs á undanförnum árum. Ég minni aðeins á það til þess að gera það ljóst, að ég fyrir mitt leyti álít, að það megi ekki halda áfram þannig, að stj. komi til þingsins og heimti miklar tekjur, og hegði sér svo eins og hún ein hafi rétt og vald til þess að ráðstafa þeim tekjum, sem til falla, án þess að þingið sé til kvatt fyrr en eftir á, þegar allt er um garð gengið, og engu hægt um að breyta.

Ég get gert ráð fyrir því, eins og hæstv. forsrh., eftir ummælum hans að dæma, að um þetta verði nú talazt við fyrir 3. umr. málsins. Hann sagði að vísu: „ef andstöðuflokkar stj. vilja", og ég skal segja honum, að við sjálfstæðismenn erum fúsir til viðtals um þetta, ef við erum til kvaddir, en það er auðvitað stjórnarinnar að hafa forustu og frumkvæði í þessu eins og öðrum landsmálum. Og ég vil ekki, að því sé slegið föstu fyrirfram, að það sé skylda okkar að styðja stj. í því að fá þessar tekjur. Það fer eftir því, hver niðurstaðan verður af slíku samtali.

Þá minntist hæstv. forsrh. á brtt. minar og hafði ekkert að athuga við fyrri brtt., um tímamarkið, en lagðist heldur á móti seinni brtt. Í raun og veru færði hann litlar ástæður á móti henni. Hann sagði, að almennar umr. um dýrtíðina í Rvík ættu illa heima hér. Ef til vill má segja, að svo sé, en það er nú svo, að þessi brtt. mín lýtur alveg sérstaklega að þessu atriði um dýrtíðina í Rvík, svo að það er ekki hægt að færa rök fyrir henni án þess að koma inn á það mál, og þess vegna gerði ég það.

Hæstv. forsrh. vildi telja, að það væri ekki rétt að draga slíka brtt. inn í svona bráðabirgðaúrlausn á málinu. Þetta gæti nú kannske átt við einhver rök að styðjast, ef til þess væri ætlazt með þeirri skattlagabreyt., sem er annarsstaðar á döfinni, að einhver breyt. yrði á þessu, þannig að brtt. mín væri þá óþörf. En því víkur allt öðruvísi við. Samkv. þeirri endurskoðun skattalaganna, sem á vetrarþinginu hafði náð samþykki Nd. og var komin hingað, áttu einmitt allar þær vörutegundir, sem brtt. telur upp, að vera verðtollaðar. Það má þess vegna líta á þessa brtt. mína svo, að hún sé að vísu fyrst og fremst brtt. við verðtollslögin eins og þau gilda nú, en það liggur auðvitað jafnframt í henni, að ætlazt er til þess, að þessar sömu vörutegundir verði undanþegnar verðtolli í hinni endanlegu löggjöf. Og út frá þessu sjónarmiði get ég ekki annað séð en að réttmætt sé að bera þessa till. fram nú.

Þá gerði hæstv. forsrh. ráð fyrir, að þessi till. kynni að verða til þess að vekja deilur í Nd. Ég get vel trúað því, og ég er ekki viss um, að ég hefði farið út í það nú að bera fram slíka brtt., ef ekki hefði verið þetta stöðuga umtal um dýrtíðina í Rvík og þær ályktanir, sem af því eru dregnar. Þetta umtal hefir m. a. vakið upp tillögur um ýmiskonar löggjöf, sem nú er verið að flytja hér á þingi, sem að sumu leyti a. m. k. er þannig, að þar sem um einhver vandkvæði er að ræða, þá myndi slík löggjöf aðeins bæta gráu ofan á svart. Ég álít, að till. eins og þessi sé góður prófsteinn á það, hvort menn úti um sveitir yfirleitt meina nokkuð með því að tala um dýrtíðina í Reykjavík sem eitthvert þjóðarböl. Ég sé ekki annað, a. m. k. frá mínum bæjardyrum, en að annaðhvort verði menn nú að samþ. þessa brtt. með glöðu geði, — hún fer ekki fram á annað en að nema burt eina af orsökunum til dýrtíðarinnar í Reykjavík, sem er algerlega löggjafarráðstöfun, — ellegar þá að sansast á, að bezt sé að hætta að tala um þessa dýrtíð sem þjóðarböl og láta Reykvíkinga sjálfa glíma við hana.

Ég held svo, að ég þurfi ekki frekara um þetta að segja. Ég get þó raunar bætt því við, út af því, sem hæstv. forsrh. nefndi um óskir manna um verndartolla, að það getur verið mismunandi, hve réttmætir verndartollar eru; en í mínum augum eru þeir þó ávallt mjög varhuga-

verðir, og ég vil fá sérstaklega gildar ástæður fyrir þeim í hverju tilfelli. En í einu tilfelli held ég, að ekki sé með neinu móti hægt að mæla þeim bót, og það er þegar svo stendur á, að af tiltekinni vörutegund, sem framleidd er til nokkurra muna í landinu, er nokkur hl. seldur innanlands og nokkur hl. eða jafnvel meiri hl. fluttur til útlanda, og verður þá að sæta því verði, sem hinn erlendi markaður skapar. Þegar svona stendur á, eru verndartollar aðeins til þess að knýja það fram, að sá hluti framleiðslunnar, sem seldur er innanlands, njóti hærra verðs en hinn. Það er ekkert annað en að taka peninga úr vösum nokkurra landsmanna og láta yfir í vasa hinna, og vilji menn gera það, á að gera það á annan hátt en með ákvæðum, sem koma fram undir yfirskini skattalaga, en sem eru engin skattalög, af því að þau færa ríkissjóði engar tekjur. Það stendur svona á um sumar af þessum vörutegundum, sem eru taldar í brtt. minni, og ég get ekki álitið, að verndartollar séu réttmætir í slíku tilfelli.

Einar Árnason: Þrátt fyrir það, að hv. 1. landsk. er nú búinn að halda tvær alllangar ræður um þetta mál og þá brtt., sem hann flytur, hefi ég ekki enn komizt að niðurstöðu um afstöðu hans til þessa frv. Ég hefi ekki getað skilið það á ræðum hans, hvort hann setur samþykkt þessarar till. sem skilyrði fyrir því, að hann greiði frv. atkv., og þess vegna furðar mig, að hann skuli hafa talað svo langt mál um brtt. sínar, af því að þær eru svo nauðaómerkilegar. Þær geta ekki haft hin minnstu áhrif á kjör og afkomu fólksins.

Fyrri brtt. er aðeins um að framlengja verðtollinn um eitt ár í staðinn fyrir tvö. Þetta skiptir engu máli og um það er enginn ágreiningur.

Hin brtt. er um það að fella niður verðtoll af fáeinum vörutegundum, þ. á m. innfluttum fiski, innfluttu kjöti og innfluttu smjöri. Hv. flm. tók það fram í fyrri ræðu sinni, að þetta hefði lítil áhrif á þá upphæð, sem ríkissjóði áskotnaðist af verðtollinum yfirleitt, en færir sem aðalástæðu að ætla með þessu að minnka dýrtíðina í Rvík. Þetta þykir mér ákaflega furðulegt. Það, sem greip mig fyrst, þegar ég las þessa brtt., var það: Hvaða hugsun er það, sem vakir á bak við þessa till.? Fljótt á litið virðist sem brtt. sé flutt til þess að gera e. t. v. báðum aðalatvinnuvegum landsins, landbúnaði og sjávarútvegi, þyngra fyrir. En þetta eru okkar aðalútflutningsvörur, og tiltölulega ósköp lítið keypt, sem betur fer, af þessu inn í landið. Þess vegna getur það ekki haft minnstu áhrif á dýrtíðina í Rvík né upphæðina, sem ríkissjóður fær af verðtollinum, hvort till. verður samþ. eða ekki. Innflutt kjöt og innfluttur fiskur er aðeins lítill hluti af neyzluvörum fólksins. Það er allt annað, sem skapar dýrtíðina í Rvík en þetta. (**JakM:** Verðlagið á innlendu vörunum yrði að fylgjast með). Þetta er hreinskilnislega sagt af hv. 1. þm. Reykv. Þá er það meiningin með þessari till. að lækka fiskinn og kjötið í verði fyrir hinum innlendu framleiðendum. Þetta get ég skilið, en það hefir ekki komið fram í ræðum hv. flm. brtt. Hann hefir eingöngu fært sem rök fyrir till. sinni, að hann ætlaði að minnka dýrtíðina í Rvík; en ég veit, að hv. flm. sjálfur hefir enga trú á þessu.

Hv. 1. landsk. talaði um, að verðfallið á útlendum vörum í Rvík væri í samræmi við samskonar verðfall erlendis. Þetta er gott að fá að vita. En fólkið, sem kaupir vörurnar hér dýru verði, hefir ekkert gagn af þessu, þótt það fái að vita þetta. Það, sem hér er um að ræða, er að bera saman verðlag á útlendum vörum hér og úti um land, þar sem búið er að skipuleggja atvinnuvegina og verzlunina; upp úr því er eitthvað að leggja. Vitanlega er verðtollurinn ekki hærri hér í Rvík en annarsstaðar á landinu. En hvers vegna er þá 20—30% hærra vöruverð á beinum nauðsynjavörum hér en í öðrum kaupstöðum? Hv. 1. landsk. þarf að gera sér grein fyrir þessu. — Það er ekki verðtollurinn, sem skapar dýrtíðina í Reykjavík. Það er hægt að sanna með hægu móti.

Ég held, að þessi síðari brtt. hv. 1. landsk. sé flutt aðeins til þess að geta fengið tækifæri til þess að tala um þetta mál. Hún hefir engin raunveruleg áhrif, og það veit hv. flm. sjálfur. Hvort hún

er samþ. eða samþ. ekki, skiptir því engu máli.

Hæstv. forsrh. minntist á, að ef verðtollurinn væri numinn úr gildi nú, en hinsvegar mætti búast við, að hann yrði settur á aftur, myndu kaupmenn nota tækifærið til þess að kaupa vörur verðtollsfríar, í von um að græða á þeim síðar, þegar tollurinn kæmist á af nýju. Hv. 1. landsk. vildi telja, að þetta gæti ekki átt sér stað, og þ. á m. tók hann fram að kaupmenn myndu yfirleitt ekki hafa efni á að kaupa vörur til þess að liggja með þær. Þetta er rétt að nokkru leyti. Þeir eru margir, sem ekki hafa efni á því. En ég býst við, að hinir sterkari kaupmenn gætu þetta. Hv. þm. sagði, að bankarnir sköpuðu þetta að nokkru leyti, því að þeir gætu ekki lagt fram fé til þannig lagaðra vörukaupa, og vildu það ekki heldur. En hv. þm. veit, að kaupmenn fá oft vörur frá útlöndum án þess að fá lán í hérlendum bönkum. Ef verðtollurinn yrði nú afnuminn, má ganga út frá því, að visst tímabil verði, sem enginn verðtollur er, en síðar verði hann settur á aftur. Og þegar kaupmenn finna, að sá tími nálgast, þá munu þeir kljúfa þrítugan hamarinn til þess að flytja inn, og það er nokkuð auðgengið að því að fá vörur lánaðar frá útlöndum.

Þá var það hv. 2. landsk., sem flutti hér ræðu áðan, sem auðvitað var nákvæmlega í samræmi við það, sem hann og hans flokksmenn hafa á undanförnum þingum sagt. Það var dálítið skylt með þessum tveim hv. þm., að þeir ætla báðir að lækka dýrtíðina í Rvík með því að afnema verðtollinn. En þótt því verði ekki neitað, að verðtollurinn geri vörur yfirleitt dýrari, þá er þetta svo nauðalítið brot af dýrtíðinni í Rvík, að það er engin lækning á henni. Lækningin hlýtur að liggja í allt öðru. Miklu meiri áhrif geta ýmsar ráðstafanir haft, sem fólkið sjálft getur gert um sína eigin verzlun. En nú vil ég spyrja hv. 2. landsk.: Hvað hefir hann og hans flokkur gert til þess að lækka vöruverð í Rvík? Eftir mínum kunnugleika hefi ég ekki komið auga á neitt. Hvað hefir Alþýðubrauðgerðin gert til þess að lækka brauðverð í Reykjavík? Ég vil í þessu sambandi benda hv. þm. á það, að síðastl. ár tók samvinnufél. á Akureyri sér fyrir hendur að koma upp brauðgerð. Brauðgerð og brauðaverzlun hafði þá verið í höndum nokkurra einstakra manna og verðið breyttist ekkert. En þegar þetta félag hefir tekið málið í sínar hendur og tekið upp nýtt skipulag, þá féll brauðverðið tvisvar á árinu sem leið. (JBald: Ég held, að það hafi líka fallið tvisvar hér á því ári!). Það má vera, en verðfallið var helmingi minna hér en á Akureyri.

Þessir hv. landsk. þm. vilja láta í veðri vaka, að dýrtíðin í Rvík stafi af ráðstöfunum þingsins um tolla á vörum. Tollarnir eru hinir sömu hér og úti um land. Og hvernig stendur þá á því, að verðlag er hærra hér en annarsstaðar? Það er þetta, sem ég vildi láta þessa landsk. þm. gera grein fyrir.

Ég hefi í rauninni ekki meira um þetta að segja. Þessar brtt. eru svo lítilsverðar, að mér þykir skipta ákaflega litlu máli, hvort þær ná samþykki eða ekki.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Ed., 31. júlí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Baldvinsson: Hv. 2. þm. Eyf. hélt hér ræður í gær í hv. d. og vék þá nokkrum orðum til mín út af umr. um dýrtíðina, eða öllu heldur dýrtíðarskrafið í Rvík. Ég get nú verið sammála hv. 2. þm. Eyf. um það, að brtt. á þskj. 140, síðari liðurinn, sé ekki stórvægileg, að það skipti ekki miklu máli fyrir lækkun dýrtíðarinnar í Rvík, hvort hún verður samþ. eða ekki. Þó má geta þess, að þarna eru undanþegnar tolli vörur, sem verðlækkun á mundi hafa áhrif á verðlag innlendrar vöru, svo sem ný egg, kjöt og smjör. Þessar vörur, sem nú eru með verðtolli, eru nú svo dýrar, að þrátt fyrir þennan verðtoll er mér kunnugt um, að þær hafa náðst ódýrari frá útlöndum heldur en seljendur hafa heimtað fyrir samskonar vöru innlenda. Það segir sig nú sjálft, að þessar vörur mundu lækka í verði, ef verðtollinum væri létt af þeim, og minnka þá um leið dýrtíðina að þessu leyti. — Það er rangt hjá hv. 2. þm. Eyf., að það sé eitthvað eitt, sem þurfi að gera til að létta af dýrtíðinni í

Rvík. Það er margt, sem þarf að gera til þess; svo þó till. á þskj. 140 sé ekki stórvægileg, þá miðar hún í þá átt að lækka verð á þeim vörum, sem eru verðmælir á innlendu vörurnar. En þar skildist mér hv. 2. þm. Eyf. vera andvígur lækkun dýrtíðarinnar. Því undir umr. í gær, þegar hv. 1. þm. Reykv. greip fram í ræðu hv. 2. þm. Eyf., svaraði hv. þm. með nokkrum þjósti, sem annars er nú ekki venja hjá honum, og tók það óstinnt upp, að það ætti að fara að lækka vöruna í verði fyrir framleiðendum úr hans stétt. Hann vill ekki láta lækka þær vörur, sem hans stétt framleiðir, og vill því ekki, að dýrtíðin lækki hvað þá vöru snertir. Þetta er náttúrlega mannlegt, en hann verður þó að játa, að verðlag innlendrar vöru er ekki óverulegur þáttur í því að halda uppi dýrtíðinni í Reykjavík.

Ég býst nú ekki við, að það komi til greina, að fiskur verði fluttur inn, svo það er náttúrlega ekki „praktiskt" atriði, hvort verðtollur verður felldur niður af honum eða ekki. Hinsvegar hefir það komið fyrir, að það hefir verið flutt inn saltkjöt, og þrátt fyrir verðtollinn, sem á því hefir verið, hefir það verið selt ódýrara í smásölu í búðum hér en íslenzkt kjöt hefir fengizt fyrir á sama tíma. Ég man nú reyndar ekki eftir, að þetta hafi komið fyrir nýlega, en ég man þó þá tíð, að einmitt saltkjöt var flutt inn og selt ódýrara en íslenzkt kjöt. Það er náttúrlega ekki æskilegt, að það séu fluttar inn þær vörur, sem við framleiðum sjálfir, og æskilegt, að framleiðendur geti fengið hátt verð fyrir sína vöru, en það verður þó að vera í hlutfalli við það verð, sem fæst fyrir vöruna á heimsmarkaðinum. En það hefir nú oft brunnið við, að verðlag á íslenzku kjöti á haustin hafi verið hærra en fengizt hefir fyrir vöruna á erlendum markaði.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að ég og minn flokkur hefðum ekki gert neitt til að lækka dýrtíðina í bænum, með því að skipuleggja verzlunina. Nú, það var nú gerð tilraun til þess af mætum mönnum úr flokki hv. 2. þm. Eyf. í samráði við menn, sem voru í Alþýðuflokknum, um það, hvort hægt væri að halda hér uppi kaupfélagi, en það mistókst fyrir okkur. Það er eins vel hægt að játa það. Og ég held, að við munum enga gleði hafa af því að fara að rifja það upp, hv. 2. þm. Eyf. eða ég.

Svo spurði hv. þm., hvað Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn hefðu gert til að lækka dýrtíðina hér, og hvað t. d. Alþýðubrauðgerðin hefði gert til að lækka brauðverðið í bænum. En það er nú um það að segja, að hún hefir verið „control" á brauðverðið hér í bænum síðan hún var stofnuð. Hér um árið, þegar rúgmjöl hækkaði í verði og átti að setja brauðverðið mjög mikið upp, kom Alþýðubrauðgerðin í veg fyrir, að það hækkaði eins mikið og annars hefði orðið. Alþýðubrauðgerðin var þá stofnuð, sem gerði það að verkum, að brauðverðið fór ekki eins mikið upp og því hafði verið ætlað, og af því hefir það náttúrlega lækkað seinna en það hefði gert, ef það hefði verið hærra.

Svo kom hv. þm. með samanburð á því brauðverði, sem hér er, og því, sem er á Akureyri, þar sem hin mikla stofnun Kaupfélag Eyfirðinga er mjög stór þátttakandi í verzluninni. Hann sagði, að það hefði sett upp brauðgerðarhús og lækkað brauðverðið að miklum mun. Ég hefi nú reynt að afla mér upplýsinga um þetta. Það mun vera rétt, að skömmu eftir að Kaupfélag Eyfirðinga setti upp sitt brauðgerðarhús, lækkaði það brauðin um 5 aura. En skömmu síðar lækkuðu aðrir kaupmenn brauðverðið að miklum mun, og Kaupfélag Eyfirðinga neyddist þá til þess líka.

Það er rétt hjá hv. þm., að mismunur er á brauðverðinu á Akureyri og í Reykjavík; það er örlítið lægra á Akureyri en hér. Ég hefi kynnt mér þetta, og get tekið rúgbrauð til dæmis; það kostar 15 aura pundið í brauðinu á Akureyri, en 16⅔ hér. Það er satt hjá honum, að það er ódýrara á Akureyri en hér. En munurinn er ekki áberandi mikill, þegar þess er gætt, að ýmsir hafa haldið fram, að Akureyri væri fyrirmyndarbær. Þar á allt að vera gott, þrátt fyrir alla erfiðleikana annarsstaðar. En ég hefi nú heyrt, að ástandið á Akureyri sé ekki betra en í öðrum kaupstöðum landsins, þrátt fyrir hina góðu verzlun þar, eftir sögusögn hv. 2. þm. Eyf. og annara, sem sjálfsagt er rétt skýrt frá.

En það er athugandi í sambandi við þetta, að verkalaunin eru talsvert miklu lægri á Akureyri en í Reykjavík. Vinnan er þar talsvert verr borguð, svo að brauðgerðarmenn, sem fá þar 250—300 kr. á mánuði, fá hér nálægt 400 kr. og yfir 400 kr. á mánuði. Það er miklu betur borguð hér vinnan, og þar við bætist svo, að bærinn hér er stærri og kostnaður því meiri, t. d. við útsendingu, og meiri kröfur gerðar til vöruvöndunar og annars, m. a. það, að brauðgerðirnar hér hafa bíla við útsendinguna, í stað þess, að notaðir eru sendisveinar á Akureyri. Þetta kostar náttúrlega peninga, en fólkið heimtar þetta og vill borga fyrir það.

Svo þegar á allt er litið, er ekki þessi munur, $1^2/_3$ úr eyri á brauðinu, áberandi. En það er **munur**, það er rétt hjá hv. 2. þm. Eyf., það er munur.

En hv. 2. þm. Eyf. gleymdi að geta þess, að Alþýðubrauðgerðin ætlaði fyrir 2 árum að lækka verð á annari vörutegund, mjólkinni, og hafði komizt að samningum við mjólkurbú fyrir austan fjall um ákveðið mjólkurmagn fyrir lægra verð en annars var þá á mjólk. En þá kom samvinnufélag bænda og sagði við þá, sem þennan samning höfðu gert, að þeir væru að splundra samtökum bænda. Og þetta samvinnufélag sagði við þá: „Ef þið haldið þessa samninga, skulum við eyðileggja ykkar samtök". Og árangurinn varð sá, að þeir neyddust til að brigða þennan samning, og mjólkurverðið stóð í stað, af því að samvinnufélagið greip inn í og eyðilagði lækkunarsamninginn. Svo þegar út í þessar umr. er komið, sýnist svo sem „ýmsir eigi högg í annars garð". Og hv. 2. þm. Eyf. getur ekki neitað því, að það hefir verið mest skrafað í hans flokki um dýrtíðina í Reykjavík, og fyllilega bent á, að hann yrði að taka að sér að lækka hana. Og sérstaklega er það hv. 5. landsk., sem hefir látið sem hann væri sá kjörni maður til að lækka þessa dýrtíð. Ég býst við, að það stafi af þessu, að hann fékk alveg ótrúlega mörg atkv., þegar hann bauð sig fram hér í Reykjavík í vor. — En mér þykir nú „verkin tala" öðruvísi hér á þinginu en búast hefði mátt við eftir umr. fyrir kosningarnar.

Hv. 1. landsk. hefir ekki sagt neitt, sem gefur mér tilefni til að svara hans ræðu, annað en það, að hátt kaupgjald væri einn liður í dýrtíðinni. En af því að hann tók það skýrt fram, að hann legði engan dóm á það, hvort það væri of hátt eða ekki, sé ég ekki ástæðu til að ræða um það. Hitt er vitanlegt, að okkur greinir á um stefnuna í þessu máli, og getum við því ekki átt samleið í því að fella frv. Hv. þm. vill laga það, en fellst á skattastefnuna, sem í frv. felst, þá, að taka verulegan hluta af tekjum ríkissjóðs á þennan hátt, en ég vil fella frv. Um það er auðvitað ekkert að segja; það eru andstæðar skoðanir, eins og vitanlegt var.

Þá er það hæstv. forsrh., sem var að leggja mér þá skyldu á herðar að benda á aðrar leiðir til tekjuöflunar til að fylla það skarð, sem yrði við niðurfellingu verðtollsins. Hæstv. forsrh. hefði nú getað sparað sér það, því að hann kom inn á það, að Alþýðuflokkurinn hefir lagt fram í Nd. tekjuaukafrumvörp, og ég mun ekki þurfa að benda honum á það, að þar eru leiðir til að bæta tekjum í það skarð, sem niðurfelling verðtollsins gerir, þó þær komi ef til vill ekki að fullu í hans stað fyrir almenn útgjöld ríkissjóðsins. Ég get því alveg sparað mér að svara því. Hitt, að hæstv. forsrh. var að benda mér á skyldu, sem ég hefði sem þm. til að sjá ríkissjóði farborða, þá er því til að svara, að ég verð sjálfur að vera dómari í því efni. Hæstv. forsrh. getur ekki um það dæmt, og hann þarf ekki að bera ábyrgð á mínu atkv. Ég verð sjálfur að bera þá ábyrgð gagnvart mínum umbjóðendum, sem á mig kemur út af því, að greiða atkv. á móti verðtollinum, og þarf hæstv. forsrh. ekki að taka þá ábyrgð á sig.

Hæstv. ráðh. sagði, að af því myndi leiða, ef verðtollurinn yrði felldur niður, að verzlunarstéttin mundi keppast við að koma sem mestum vörum inn í landið, áður en lögin gengju í gildi. Það mundi því auka mjög innflutninginn, ef flokkarnir ekki kæmu sér saman í þessu máli nú.

Fyrstu verkanirnar af niðurfellingu verðtollsins mundu auðvitað verða þær, að ekkert flyttist inn af vefnaðarvörum til nýárs, því kaupmenn mundu selja út

dýrari birgðirnar, sem tollurinn hvílir á, áður en þeir færu að panta nýjar birgðir, sem yrðu ódýrari, af því enginn verðtollur væri á þeim. Því þeir mundu vita, að það kæmu engin lög um nýjan verðtoll fyrr en þing kæmi saman. En það er rétt hjá hæstv. forsrh., að þá gætu komið ný verðtollslög, þó það færi vitanlega eftir þeim stuðningi, sem hv. andstæðingar hans kynnu að veita honum. En það yki aldrei innflutninginn mikið vegna þeirrar kreppu, sem er, þó það kynni að gera það eitthvað lítillega. Vitanlega kynni að vera, að menn gætu fengið einhver vörulán erlendis, en það verður aldrei mikið, sem menn gætu flutt inn á þann hátt. En nú greiði ég ekki atkv. á móti verðtollinum til þess, að annar verðtollur kæmi seinna í staðinn. Ég ætlast til, að það komi ekki fram verðtollsfrv. eftir nýár, því þá væri þýðingarlaust að fella hann nú. Einu verkanirnar, sem afnám verðtollsins geta haft, er mjög takmarkaður innflutningur á þessum vörutegundum til nýárs, og síðan eðlilegur innflutningur úr því. Og hæstv. ráðh. getur ekki neitað því, að niðurfelling verðtollsins er einn þátturinn í því að lækka dýrtíðina í landinu.

Þá fór hæstv. ráðh. í hálfgerða bónorðsför til Sjálfstæðisflokksins. Það kemur mér nú að vísu ekki mikið við. Hæstv. ráðh. var mjög mjúkur í máli og minntist á fyrri velgerðir síns flokks við hv. 1. landsk., þegar hann átti að sjá um fjármál landsins. Nú, það fór nú vel á með þessum hv. þm., svo vel, að þetta samtal þeirra yfir borðin hér í hv. d. í gær minnti mig á atvik úr einni íslenzkri riddarasögu, þegar einn mikill stríðsmaður á Heljarslóð átti að etja við ofurefli liðs og fór á fund fornrar vinkonu sinnar, sem átti yfir miklu liði að ráða, gerði sig blíðan við hana og sagði: „Nú virðist oss sem öðruvísi muni á fundum standa heldur en í Skerborg seinast; manstu það Viktoría, að þá kystumst við bæði af vináttu og blíðu, og það hugði ég sízt þá, að þú mundir ganga í óvinaflokk mér á móti". Jú, Viktoría mundi kossana og öll ástaratlotin og kvaðst aldrei mundu bregðast honum.

Það fór eitthvað svipað fyrir hv. 1. landsk. Hann viknaði við endurminningarnar um liðna sælu í sambandi við hæstv. ráðh. frá fyrri árum og lýsti sig, eins og Viktoría við stríðsmanninn, fúsan til viðtals við hæstv. stj. um þessi mál.

Ég geri ráð fyrir, að þetta viðtal hafi farið fram í nótt, en hvort hv. 1. landsk. var eins kröfuharður við stj. og Viktoría drottning við stríðsmennina, að hann krefðist þess, að 1200 sjálfstæðismeyjar mættu kjósa sér 1200 framsóknarmenn, veit ég ekki. Býst ég við, að samkomulag hafi orðið og að frv. sigli hraðbyri gegnum þingið, þó að ég muni greiða atkv. á móti því.

Jón Þorláksson: Hv. 2. þm. Eyf. þótti ég halda nokkuð langa ræðu í þessu máli, og virði ég honum það til vorkunnar. Ég minntist þar á ýmislegt, sem segja mætti, að ekki kæmi málinu beinlínis við, og hefir hv. 2. þm. Eyf. auðsjáanlega fundizt óþægilegt, að það væri dregið inn í umr. En þó held ég ekki, að ég hafi sagt neitt það, sem ónauðsynlegt var að segja. Gæti ég sagt meira um það, hver óhæfa það er, hvernig farið er með fé landsins, hvernig fjárveitingavaldið er tekið frá Alþingi og fjárhag landsins siglt í öngþveiti, án þess að nokkur árangur sjáist af því fyrir landsmenn. Annars vil ég sleppa því að fara lengra út í þá sálma, því að ég fæ tækifæri til að minnast nánar á það síðar.

Út af því, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði um brtt. mína á þskj. 140, er það að segja, að hann virðist ekki hafa verið búinn að íhuga hana nákvæmlega og að það er eins og hún hafi snert skapsmuni hans. Sagði hann snemma í ræðu sinni, að tilgangur hennar væri sá, að gera tveimur aðalatvinnuvegum landsmanna, landbúnaði og sjávarútvegi, erfiðara fyrir. Næst sagði hann, að till. hefði engin áhrif á dýrtíð í Reykjavík, en í þriðja lagi, að ætlunin með till. væri að lækka fiskverð fyrir framleiðendunum. Það ætti þó að hafa áhrif á dýrtíðina, að fiskverðið lækkaði. Í fjórða lagi sagði svo hv. þm., að till. hefði engin áhrif á vöruverð. Er hann þar með aftur kominn gegnum sjálfan sig. Samanber þá niðurstöðu hagstofunnar, að vöruverð í Reykjavík sé yfirleitt lægra en annarsstaðar á landinu. Getur hv. 2. þm. Eyf. farið til hagstofustjóra og aflað sér upplýsinga um þetta, ef honum er það

ekki kunnugt. Held ég, að Reykvíkingar geti ekki verið því mótfallnir, að slíkur samanburður sé gerður. Vísitölur hagstofunnar sýna, að verðlag á innlendum vörum í Reykjavík hefir ekki lækkað að sama skapi og á útlendum vörum. Dýrtíð er í Reykjavík aðallega á innlendum vörum og svo vörutegundum, sem hagstofan kallar blandaðar, en það eru útlendar vörur, sem að einhverju leyti eru fullkomnaðar hér á landi.

Hv. 2. þm. Eyf. lét líka í veðri vaka, að dýrtíðin stafaði einungis af verðtollinum. Fór ég dálítið út í þetta mál, til þess að sýna, að dýrtíðin stafar einungis að litlu leyti þaðan. Hélt ég, að ég hefði gert það mál ljóst. Brtt. mín gengur ekki svo langt, að verðtollur verði afnuminn á öðru en matvörum. Held ég, að brtt. mín, ef fram næði að ganga, myndi lækka vöruverð nokkuð, bæði í Rvík og á landinu yfirleitt, ekki mjög mikið, en þó dálítið. Bar ég fram till. sem prófstein á það, hvort hv. þm. þessarar deildar vilja í rauninni lækka dýrtíðina hér, eins og ætla mætti eftir tali þeirra og ummælum bæði í blöðum og á kjörfundum.

Hv. 2. þm. Eyf. endurtekur þá skökku hugsun hæstv. forsrh., að afnám tolla leiði til aukins innflutnings á þeim vörutegundum, sem tollur er afnuminn af. Þetta er misskilningur. Það, sem hvetur menn til aukins innflutnings, er ekki vitneskja um það, að tollur falli burt á vörutegundinni, heldur óttinn við það, að nýr tollur verði lagður á hana. Afnám tolla dregur því þvert á móti úr innflutningnum í bili.

Út af ummælum hv. 2. landsk. hefi ég fátt að segja. Fannst mér þar kenna dálitillar afbrýðisemi út af samdrætti sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. Þó að ég viti, að erfitt er að útrýma afbrýðisemi, vil ég fullvissa hv. 2. landsk. um það, honum til hugarhægðar, að ekkert samtal hefir farið fram á þeim sólarhring, sem liðinn er frá síðasta þingfundi, milli forsrh. og mín um þetta mál. Reyndar er ekki ólíklegt, að hræðslan um, að slíkt samtal kunni að standa fyrir dyrum, muni trufla sálarrósemi hans.

En svo að við sleppum nú öllu spaugi, þá er það alvaran í þessu máli, að stj. hefir enga aðstöðu til að biðja Alþingi um framlengingu á þessum tekjustofni, nema hún færi þinginu tryggingu fyrir því, að horfið verði frá þeirri braut undanfarinna ára, þar sem látið var eins og fjárveitingavaldið væri ekki lengur hjá Alþingi. Þingið getur ekki haldið áfram að nota skattaálöguvaldið eins og lög mæla fyrir, en sleppa eftirliti um það, hvernig því fé er varið, sem veitt er. Þetta tvennt verður að fylgjast að. Í þessu efni er nú svo langt komið, að ég gat ekki gengið fram hjá því að minnast á nauðsyn þess að gera einhverjar ráðstafanir til þess að tryggja fjárveitingavald Alþingis.

Einar Árnason [óyfirl.]: Ég þarf ekki margt að segja um það, sem fram hefir komið hjá hv. þm. þeim, sem tekið hafa til máls út af ræðu minni í gær. Er það ekki ætlun mín að fara að leggja út í neinar deilur um dýrtíðina í Reykjavík. En ekki hefi ég getað sannfærzt um það af því, sem fram er komið í málinu, að þessi till., sem hér um ræðir, myndi gera mikið til þess að lækka dýrtíðina í Rvík. Hv. 2. landsk. tók það líka réttilega fram, að hv. 1. landsk. og flokkur hans hefðu ekki gert margt til þess að lækka þessa dýrtíð. Viðurkenndi hann þar með, að dýrtíð væri hér til, sem vinna þyrfti á móti og hægt væri að sporna við. Hefi ég þó ekki orðið var við það, að hér á þingi hafi komið fram till. í þá átt frá hv. flokkum 1. og 2. landsk., nema þá þessar till., sem hér liggja fyrir, en eins og ég tók fram í gær, held ég, að þær muni lítið gagn gera. Hv. 1. landsk. talaði um mótsagnir í ræðu minni, en ég held, að hann grípi til þess ráðs af því, að hann á örðugt með að rökstyðja till. sína á þeim grundvelli, sem hann reynir.

Þegar talað er um framleiðslu í landinu, er skiljanlegt, að mönnum detti í hug, hvort ekki væri eðlilegt, að við færum að sem aðrar þjóðir, að hlynna með löggjöf að þróun innlendrar framleiðslu. Vil ég í þessu sambandi benda á toll þann, sem Finnar settu á erlenda síld, svo háan, að ómögulegt er þar fyrir aðra að flytja síld inn í landið. Skýtur því nokkuð skökku við hjá hv. 1. landsk., að eina úrræði hans skuli vera það, að gera tilraun til að gera atvinnuvegum landsins

þyngra fyrir. Benti ég í gær á aðrar leiðir, er lægju nær. Get ég látið þau orð falla í garð hv. 1. landsk. að því er til verzlunarinnar kemur, að nær væri að vinna að lækkun vöruverðs á þeim grundvelli, að verzlun yrði rekin á heppilegri og skipulegri hátt en nú er. Í hinum mörg hundruð verzlunum, sem nú eru í Reykjavík, stendur fjöldi fólks aðgerðarlaus mikinn hluta af vinnutímanum, af því, hve lítið er verzlað. Betra skipulag myndi geta létt mikið undir með þessum verzlunum, sem oft eru mjög illa staðar, af því hve rekstrarkostnaður er mikill, húsnæði dýrt o. s. frv.

Ég drap á það í gær, að verðlag á erlendri vöru er í Reykjavík hærra en úti um land. Hv. 1. landsk. mótmælti þessu, en til þess að gefa honum tækifæri til að athuga þetta nánar, vil ég leyfa mér að lesa upp verðlag á nokkrum vörutegundum í Reykjavík eftir Hagtíðindunum, og svo verð sömu vörutegunda hjá Kaupfélagi Norðurlands. (**JónÞ:** Það væri vissara, að hvorttveggja væri tekið eftir Hagtíðindunum). Ef hv. 1. landsk. vill rannsaka þetta mál og hrekja það, sem hér er farið með, þá er honum það heimilt.

Vörutegund	Verð í Rvík	Kaupfél. Norðl.
Rúgmjöl	0.31 kr. 1 kg.	0.23 kr. 1 kg.
Hafragrjón .	0.50 ——	0.40 ——
Hveiti	0.46 ——	0.35 ——
Hrísgrjón ..	0.56 ——	0.40 ——
Sagógrjón ..	0.81 ——	0.60 ——
Bankab.mjöl	0.75 ——	0.32 ——
Heilbaunir .	0.88 ——	0.36 ——
Rúsínur	1.60 ——	1.20 ——
Sveskjur ...	1.45 ——	1.00 ——

Læt ég hér við sitja, þó að vel hefði mátt taka fleiri vörutegundir til dæmis. Tek ég það ekki gott og gilt, þó að hv. 1. landsk. lýsi hér yfir einu eða öðru, en vil heldur láta tölurnar tala. Sé ég ekki ástæðu til þess að fara nánar út í þetta, en vil aðeins segja það, að mér fyndist æskilegt, að innlendar vörur gætu orðið ódýrari í bæjunum en nú er. Er oftast nær mjög mikill munur á því, sem bændur fá fyrir afurðir sínar, og því, sem borgað er fyrir þær í bæjunum. Væri nauðsynlegt að athuga, hvort flutningskostnaður og annað slíkt, er hleypir upp vöruverðinu, getur ekki minnkað. Álít ég, að bæði 1. og 2. landsk. ættu að vinna að þessu máli, og er hér ærið verkefni fyrir þá og flokka þeirra. Fiskverð er t. d. oft 100% hærra hér í Rvík en það, sem fyrir fiskinn fengist á erlendum markaði. Get ég ekki séð, að óhjákvæmilegt sé að búa við slíkt skipulag, og held ég, að vel mætti eitthvað við því gera. Flokkar þessara tveggja hv. dm., sem minnzt hefir verið á, eru ráðandi flokkar hér í Reykjavík, og væri full ástæða til þess að vænta þess af þeim, að þeir væru búnir að gera eitthvað í þessa átt. Þá mætti og minnast á brauðverðið í þessu sambandi. Var það fullyrt í opinberu blaði nú fyrir skömmu, að brauðverð væri hér í Rvík 10—15% hærra en úti um land, og væri ekki vanþörf á því að athuga, hvort það gæti ekki lækkað eitthvað. Það virðist sem brauðið ætti að geta verið töluvert ódýrara hér en annarsstaðar á landinu, því að hér er svo margt neytenda brauðsins, að hér ætti að geta þrifizt stórt brauðgerðarhús, sem mundi lækka framleiðslukostnaðinn að miklum mun frá því, sem nú er. Er þarna einnig verkefni fyrir þá flokka, sem eitthvað vilja gera til þess að létta mönnum lífsbaráttuna hér í Reykjavík.

Magnús Torfason: Það hefir ýmislegt verið sagt um þetta mál, og hefir það að mestu farið framhjá því, sem kom til orða í fjhn., sem hafði þetta mál til meðferðar. Ætla ég ekki að fara út í þá sálma að öðru leyti en því, sem hv. minni hl. n., hv. 1. landsk., gaf mér tilefni til, þar sem hann setti hér fram í d. skilyrði fyrir samþykkt frv. að sínu leyti, sem mér fannst hann leggja aðalþungann og áherzluna á, og var þetta skilyrði það, að sett yrði trygging fyrir því, að núv. eða væntanleg stj. Framsóknarfl. væri hér eftir í meira samræmi við fjárveitingavaldið en verið hefir á síðustu árum. Með því nú að hv. 1. landsk. hefir borið þetta fram hér í d., en ekki í samtali við n. eða hæstv. stj., vildi ég mega beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann vildi ekki hér gefa upplýsingar um það, í hvaða átt þessar tryggingar eiga að ganga. Vænti ég þess, að hæstv. forseti leyfi hv. þm. að svara þessu í aths. sinni, þar sem hann hefir nú talað sig dauðan.

Jón Þorláksson: Ég held, að ég hafi látið það nægilega skýrt í ljós, í hvaða átt ég óskaði eftir, að þær tryggingar færu, sem ég tel þinginu nauðsynlegt að heimta fyrir því, að það fengi aftur í sínar hendur fjárveitingavaldið, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það nú út af fyrirspurn hv. 2. þm. Árn. Aðeins má minna á það, að ein leið að því marki hefir þegar verið orðuð í tillöguformi af sjálfstæðismönnum í Nd. við 2. umr. fjárl. þar, en sú till. náði ekki samþykki. En náttúrlega má halda áfram að ræða um þetta, annaðhvort í sambandi við þetta mál eða eitthvað annað.

Úr því að ég stóð upp á annað borð, vildi ég segja það út af verðsamanburði hv. 2. þm. Eyf., að ég get ekki tekið hann gildan, vegna þess að ég hefi enga tryggingu fyrir því, að þar hafi verið um sambærilegt verð að ræða. Það er kunnugt, á hverju smásöluverð Hagtíðindanna byggist. Þar er miðað við verð vörunnar útvigtaðrar í smæstu einingum og útbúinnar í smæstu umbúðum, eins og hún kostar heimsend til kaupanda. Slík er verzlunartízkan hér, af því að fólkið vill hafa hana svona. Kaupfélagsverðið, sem hv. 2. þm. Eyf. kallaði svo, getur hins vegar verið miðað við vöruna í stærri einingum, kössum eða pokum, afhentum í vörugeymsluhúsi seljanda, og er hér þá ekki um sambærilegt verð að ræða. Það hefði því verið réttara af hv. þm. að láta hagstofuna gera þennan samanburð, eins og einu sinni hefir reyndar verið gert áður, og kom þá í ljós, að verð útlendu vörunnar var tiltölulega lægst hér á staðnum. Ég skal játa það, að þetta er ekki full sönnun þess, að samanburðurinn yrði eins nú, en mér er nær að halda, að svo mundi reynast. Að öðru leyti skal ég ekki fara út í hugarhrellingar hv. 2. þm. Eyf. út af ástandinu hér í Reykjavík, en það er nú samt einu sinni svo, að þeim mönnum af íslenzku þjóðerni, sem dvelja hér á landi, þykir skást að dvelja hér í Reykjavík. Þar sem hv. þm. var að lýsa eftir því, hve lítið hefði verið gert fyrir Reykjavík í þá átt, sem hann vildi gera láta, á undanförnum árum, vil ég leyfa mér að minna þennan hv. þm. á það, að það er einmitt hans flokkur, sem farið hefir með stj. í landinu á þessu tímabili, og ef ekkert hefir verið gert, er það fyrst og fremst þessarar stj. að svara til sakar í því efni.

Einar Árnason [óyfirl.]: Ég vildi aðeins gera þá aths. út af ræðu hv. 1. landsk., að sá verðsamanburður, sem ég gerði, var miðaður við smásöluverð, bæði að því er snertir verð kaupfélagsins og verðið hér í Reykjavík, svo að misskilningur þurfti ekki að komast þar að.

Viðvíkjandi því, að Framsóknarflokkurinn hafi farið með völdin í landinu undanfarið og stj. flokksins því átt að gera eitthvað til að leysa vandræði manna hér í Reykjavík, vildi ég benda hv. 1. landsk. á það, að það er ekki Framsóknarflokkurinn, sem setið hefir við völd hér í Reykjavík, heldur er það flokkur hv. 1. landsk. sjálfs, sem ráðið hefir málum Reykjavíkur undanfarið.

Jakob Möller: Það hefir oft heyrzt, að vöruverð hér í Reykjavík væri miklu hærra en annarsstaðar á landinu, og hefir hinni „ágætu skipulagningu" verzlunarinnar úti um landið jafnan verið þakkað, hversu vöruverðið væri þar miklu lægra. Út af þessu vildi ég leyfa mér að benda á það, að sömu mennirnir, sem hafa beitt sér fyrir þessari „skipulagningu" verzlunarinnar úti um land, hafa einnig reynt þetta sama hér. Hér var í eina tíð stofnað kaupfélag, en því farnaðist illa og fór brátt á hausinn. Hvernig á þessu stendur, það er gáta, sem ég treysti mér ekki til að ráða, a. m. k. ekki þeim í vil, sem líta á verzlunarmálin með augum hv. 2. þm. Eyf. Ég get ekki lagt neitt upp úr þeim samanburði, sem þessi hv. þm. gerði á vöruverði hér og úti um land, af sömu ástæðum og fram kom hjá hv. 1. landsk. Það fer bezt á, að slíkur samanburður sé gerður af óhlutdrægum aðilja, en því verður ekki búizt við, að stjórn þessa kaupfélags, sem hv. þm. vitnaði í, sé óhlutdræg í svo nákomnu máli (**EÁrna:** Kaupfélagsstjórnin kom hér ekki að). Þá hefir það verið einhver, sem nálægt henni hefir staðið. Annars hefi ég heyrt sögu úr nágrenni þessa kaupfélags, sem hv. þm. mun hafa átt við, og er sú saga á þá leið, að innanhéraðsmenn leiti til verzlunar í næstu

héruð, af því að þeim bjóðast þar betri kjör en hjá þessu ágæta kaupfélagi. Ég fyrir mitt leyti hefi enga ástæðu til að leggja minna upp úr þessari sögusögn heldur en óstaðfestum verðsamanburði eins og hv. 2. þm. Eyf. kom með.

Það er að vísu rétt, að ýmsar vörur eru dýrari hér en úti um land, en til þess liggja ýmsar orsakir, t. d. er hér hærra kaupgjald en líklega nokkursstaðar annarsstaðar á landinu, húsaleigan er dýrari o. s. frv. Ég held t. d., að kaupgreiðsla við brauðgerð sé meiri hér en á þeim stað, sem hv. þm. vitnaði til um brauðverð. (**JBald:** Það munar 100 kr. á mann mánaðarlega). Já, ég gæti trúað því. Þetta kemur auðvitað fram í brauðverðinu, og þar sem munurinn á brauðverðinu hér og á Akureyri var ekki nema 10%, verður það síður en svo til að staðfesta verðsamanburð hv. 2. þm. Eyf.

Viðvíkjandi því, að andstöðuflokkar núv. stj. hafi ekkert gert til úrbóta í þessu efni hér í Reykjavík, er því til að svara, eins og hv. 1. landsk. benti réttilega á, að þessir flokkar hafa ekki farið með völdin í landinu undanfarið, því að það er misskilningur, ef hv. 2. þm. Eyf. heldur, að þessir flokkar hafi öll völdin í sínum höndum, þó að þeir hafi meirihl.aðstöðu í bæjarstj. Sannleikurinn er sá, að þeir geta lítið sem ekkert í þessa átt sem flestar aðrar án aðstoðar löggjafarvaldsins. Og eina tilraun hafa þó þessir flokkar alltaf gert til að bæta úr ástandinu, þar sem voru till. um að reisa verðdeildina við, svo að byggingar gætu hafizt hér á ný, en sú tilraun strandaði einmitt á hv. 2. þm. Eyf. og flokki hans, eins og hann vel má muna. En út í það mál ætla ég ekki að fara frekar að þessu sinni, heldur mun ég geyma mér það þar til síðar. Það er ýmislegt í sambandi við það mál, sem ég hefði gaman af að minnast á.

Viðvíkjandi því máli, sem hér liggur fyrir, vildi ég segja það, að ég lít svo á, að mjög vafasamt sé, hvort rétt er að afgreiða þetta tekjuaukafrv. eins og nú er ástatt. Þau orð hafa heyrzt úr forsetastóli, að andstöðuflokkum Framsóknarflokksins kæmi það ekkert við, hvenær og hvernig stj. í landinu væri skipuð, en engu að síður vilja þó þessir flokkar ráða því, hvernig þeir greiða atkv. í þeim málum, sem stj. þarf að fá fram í þinginu, og ég tel mjög hæpið að afgreiða þetta mál nú, á meðan allt er í óvissu um það, hvað við tekur, auk þess sem núv. stjórnarflokkur er í ósamræmi við vilja kjósendanna í landinu. Þessi hv. d. er nær því að vera í samræmi við vilja kjósendanna, og tel ég rétt, að stjórnarfl. viti það, að sú er meining andstöðuflokkanna í þessari deild að halda á rétti sínum í þessu efni. Vil ég hér skjóta því að hv. 2. landsk. í sambandi við það, sem hann sagði um sérstöðu sína í þessu máli, að það var ekki nákvæmlega rétt með farið, það sem hann sagði um meðferð málsins á þinginu 1928, að hans flokkur hefði þá verið á móti málinu. (**JBald:** Hann lét málið afskiptalaust). Ónei. Ég hefi athugað nál., sem fram kom um málið í Nd., og hafa allir nm. skrifað undir það ágreiningslaust, samherji hv. 2. landsk. engu síður en þm. hinna flokkanna. (**JBald:** Ekki í þessari d.). Ég skal ekki segja um það, en mér þykir ótrúlegt, að hv. þáv. 2. þm. Reykv., sem nú er 3. þm. Reykv., hafi haft meira svigrúm til að taka afstöðu í málinu en sjálfur hv. 2. landsk., en hann skrifaði undir nál. fyrirvaralaust, eins og ég áður sagði.

Magnús Torfason: Ég get ekki kannazt við það, að hv. 1. landsk. hafi bent á það, í hvaða átt þær tryggingar eiga að ganga, sem hann krafðist af Framsóknarflokknum eða stj. hans. Hv. þm. hefir þá verið svo myrkur í máli, að ég hefi ekki skilið hann. Hv. þm. vísaði að vísu til till., sem komið hefir fram undir meðferð fjárl. í Nd., en mér hafði ekki dottið í hug að skoða hana sem alvarlega tilraun til samkomulags milli flokkanna um meðferð fjármálanna yfirleitt. Till. var ekki þannig, að hægt væri að ganga að henni. En nú hefir hv. 1. þm. Reykv. drepið á þessar kröfur Sjálfstæðisflokksins, og kom þar fram hjá honum, að ástæðurnar til afstöðu flokksins í þessu máli eru aðrar en komið hafði fram hjá hv. 1. landsk. og í þá átt, sem ég þóttist áður hafa orðið var við. Er gott til þess að vita, að þetta hefir nú komið fram hér í d. Að því er tryggingarnar snertir verð ég að líta svo á, að það liggi á milli hluta, hverjar þær

verða, en það, sem vakti grun minn í þessu efni, var það, að mér virtist hv. 2. landsk. vera dálítið afbrýðisamur. Datt mér í hug, hvort hv. 1. landsk. mundi ef til vill vera fáanlegur til að hjálpa Framsóknarflokknum til að rétta við fjárhaginn. (**JónÞ:** Ætli honum sé viðhjálpandi?). Ef hv. 1. landsk. leggur þar hönd að, hlýtur það að ganga. — Mér kom þetta í hug, af því að þeir, sem afbrýðisamir eru, eru vanir fyrstir að fara nærri um það, ef um einhvern samdrátt er að ræða hjúa á milli.

ATKVGR.

Brtt. 140,1 samþ. með 9 : 1 atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 12 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, PM, BSn, EÁrna, GL[1]), IP, GÓ.

nei: JBald.

HSteins greiddi ekki atkv.

Brtt. 140,2 felld með 8 : 4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 : 1 atkv.

Á 19. og 20. fundi í Ed., 3. og 4. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., 5. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 160).

Jón Þorláksson: Við 2. umr. þessa máls sagði ég, að varhugavert væri að láta þá stj. fá til umráða tekjur þær, sem þetta frv. veitti ríkissjóði, sem hefir farið svo ógætilega og óráðslega í að nota tekjur ríkissjóðs, sem til falla umfram áætlun fjárl. Ég gerði þá ráð fyrir, að það yrði að koma breyt. á þetta og að þingið yrði að gera nú ráðstafanir til að draga fjárveitingavaldið aftur í sínar hendur, með því að setja einskonar hemil á það, hvernig stj. gæti ráðstafað fé án fjárveitinga milli þinga. Það virtist svo í umr., að hæstv. forsrh. tæki heldur liðlega í þetta. Hann bauð upp á samtal um þetta milli umr. Það hefir verið reynt að ná samkomulagi við hann um að fá einhverskonar tryggingu hjá honum gegn þessu, sem ég nefndi, en hingað til hafa þær tilraunir ekki borið árangur. Nú er þetta frv. til 3. umr. og það hefir orðið ofan á hjá mér og mörgum öðrum sjálfstæðismönnum, að þó að sú stj., sem sat síðasta kjörtímabil og ennþá situr að nokkru leyti, hafi sýnt óvenjulega ógætni í meðferð ríkisfjár, þá viljum við ekki setja það á oddinn á þessu stigi málsins að neita henni í eitt ár um framhald á þessum tekjustofni, þó ekki hafi ennþá náðst samkomulag um tryggingu Alþingi til handa fyrir því, að fjárveitingavaldið verði ekki áfram dregið úr höndum þingsins. Nú liggja fyrir þinginu 2 önnur mál, sem hlutast að þessu sama efni, eða a. m. k. gefa tilefni til að taka þetta sama málefni upp. Annað er náttúrlega fjárlögin sjálf, þar sem setja má ákvæði þessari misbrúkun til varnar, og hitt er frv., sem fer fram á að binda nokkuð hendur stj. um notkun tekjuafganga, sem verða kynnu. Við höfum þess vegna viljað sýna þá tilhliðrunarsemi að lofa þessu máli að ganga sinn gang, og eiga svo við um nauðsynlegar tryggingar fyrir Alþingi til að ráða meðferð ríkisfjár við meðferð þessa frv. og fjárl. í Nd. Að við erum fúsir til samkomulags, stafar að nokkru leyti af því, að náðst hefir samkomulag í stjórnarskrárn. hér í d. um að taka til meðferðar það mál, sem Sjálfstæðisflokkurinn skoðar nú sitt aðalmál, umbætur á skipun Alþingis og breytta kjördæmaskipun, og að skipa nefnd, eins og stj. hefir stungið upp á, í þessu máli. Ég ætla svo ekki að orðlengja frekar um þetta mál að sinni, en af þessum ástæðum vill Sjálfstæðisflokkurinn hér í d. ekki setja sig á móti því, að stj. fái þær tekjur næsta árs, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég sé ekki ástæðu til þess út af ræðu hv. 1. landsk. að fara inn á fortíðina eða ummæli, sem hann hafði um fyrri fjármálastj. Ég er vitanlega ekki samþykkur því. Ég lít svo á, að alvarlegt ástand sé framundan fyrir atvinnuvegi og þjóðarheildina, og það svo alvarlegt, að það komi ekki til mála, þegar allir verða að viðurkenna sem sitt stóra hlutverk, hvort heldur þeir, sem eru í stj. eða sitja á þingi,

1) Þm. Sjálfstæðisflokksins létu allir þá aths. fylgja jákvæði sínu, að þeir fylgdu frv. til 3. umr.

að reyna að verjast þeim áföllum, sem af því stafa, að vera að rífast við einn og annan um það, sem gerzt hefir í fortíðinni. Ég skoða yfirlýsingu hv. 1. landsk. sem vott um það, að hans flokkur sé sammála okkur um það, að nú séu þeir tímar, að hvað sem öðru líður, þá verði þetta mál að ganga gegnum þingið.

Jón Baldvinsson: Fyrir þingi í vetur lá frv. frá skattamálan., sem skipuð hafði verið samkv. ályktunum frá þinginu, og þá voru þeir sammála framsóknarmenn og sjálfstæðismenn um skipun skattamála. Þeir lögðu þá fyrir þingið verðtollsfrv., þeir skattanefndarmenn Halldór Stefánsson og Magnús Guðmundsson. Þetta frv. var komið í gegnum Nd. og var komið í n. í Ed. Þar stóð svo málið, þegar kosningarnar fóru fram í vor, að það var ekki útrætt, en kom nokkuð til umr. á kosningafundum í deilum við okkur jafnaðarmenn. Við héldum þar fram, eins og reynslan hefir sýnt undanfarið, að þessir tveir flokkar eru sammála í höfuðatriðum í skattamálum um það að viðhalda tolli, sem jafnmikið kemur niður á fátæka og ríka, sem lagður er jafnmikið á nauðsynjar hins fátæka manns og hins efnaða manns, og sem er viðurkenndur af öllum, sem um þessi mál tala, að vera ranglátur tekjustofn. Ég man eftir því, að í kosningunum vissu framsóknarmenn ekki, hvert þeir áttu að komast, þegar þeim var sagt, að þeir væru sammála Íhaldinu í skattamálum. Þeir þóttust hafa sína eigin stefnu í þessu máli og þeir þóttust vilja afla tekna sem mest með beinum sköttum, en afnema tolla. Þetta tóku þeir upp í kosningunum og héldu fram á kosningafundum. Því var haldið fram af okkur Alþýðuflokksmönnum, að þetta skyti nokkuð skökku við allt starf framsóknarmanna á þingi og það, sem nefndarmaður þeirra eftir 1½ árs athugun hafði borið fram á þingi. Þeir, sem ég heyrði til, vildu láta það vera skoðun þessa eina manns úr Framsóknarflokknum, og jafnvel margir áfelldust hann fyrir það. Mér er kunnugt um það, að þessi maður, hv. 1. þm. N.-M., er svo góður framsóknarmaður og í svo nánu samstarfi við sinn flokk, að ekki kemur til mála annað en að flokkurinn sé honum sammála um till. hans í skattamálum. Það, sem flokksþing framsóknarmanna samþ. í skattamálum, átti að vera ný stefna, sem Framsókn tók upp. Þetta var það, sem þeir héldu fram um kosningarnar. Nú er komið á daginn, hve mikil alvara hefir fylgt þessari stefnuyfirlýsingu. Það sýndi sig strax, þegar stj. lagði fyrir þetta þing framlengingu á verðtolli, — verðtolli, sem ekki þarf að lýsa fyrir hv. dm., því þeir vita allir, að hann kemur mjög þungt niður á nauðsynjum manna. Yfirlýsingar frambjóðenda Framsóknarflokksins á framboðsfundum í vor, allar umr. þeirra í Tímanum og öðrum blöðum þeirra eru nú sýnilega ekki annað en tilraun til að blekkja landsmenn, og ef til vill hefir þeim að einhverju leyti tekizt það. En nú hefir framsóknarstj. gerzt forvígismaður um að halda uppi allra íhaldssömustu stefnu, sem til er í skattamálum. Það er vitanlega ekki annað en látalæti hjá Sjálfstæðisflokknum að vera að taka málið svo oft fyrir hér í hv. Ed., af því að þessir flokkar hafa ekki talazt við. Og nú, þegar sérstakt fundarhlé hefir verið gefið til þess að flokkarnir mættu talast við og semja um málið til fullnustu, þá sýnir sig, að Sjálfstæðisflokkurinn hefir gefið alveg frá sér að setja nokkrar kröfur opinberlega, því þær kröfur, sem hann gerði til stj., hefir hann sett upp til málamynda, að hafa eitthvert eftirlit með því, hvernig stj. verði ríkisfénu. Mér var ekki alveg ljóst af ræðu hv. 1. landsk., í hvaða formi hefði átt að framkvæma þessa till. Hann talaði um að hafa eftirlit með því, hvernig stj. eyddi fénu, og hann talaði um, að þetta mætti gera með fjárl. og með frv., sem liggur fyrir í Nd. Mig langar til að spyrja hv. 1. landsk., hvaða frv. það er, sem hann á við. (**JónÞ:** Það liggur hér í skúffunni). Hann svarar því máske seinna. Það mundi náttúrlega gleðja mig, ef hv. 1. landsk. í þessu efni eins og sumum öðrum málum gengi inn á till. okkar jafnaðarmanna. En ég vona, að hann segi þá ekki, að hann hafi fyrstur fundið upp þetta mál, ef það er það, sem ég ímynda mér, frv. til laga um jöfnunarsjóð ríkisins, sem flutt hefir verið af okkur jafnaðarmönnum í nokkur ár. Ennfremur sagði hv. 1. landsk., að sam-

komulag hefði orðið í stjórnarskrárn. Það væri fróðlegt að fá að vita það hjá hv. 1. landsk., hvað það þýddi, að þeir hefðu orðið sammála um skipun n.; hvort það þýði, að þingið leggi einhvern grundvöll að starfi n., t. d. á svipaðan hátt og farið er fram á í till. „úr skúffunni" hjá okkur jafnaðarmönnum, þar sem gert er ráð fyrir, að n. starfi á þeim grundvelli, að þingflokkarnir fái sæti eftir þeim atkv.-fjölda, sem þeir fá. Ég býst ekki við, að þeir vilji segja, þessir flokkar, hvað það er, sem þeir hafa orðið sammála um. En ég teldi æskilegt, að þeir skýrðu frá því á þingi, ef það er ekki neitt sérstakt launmál. En sem sagt er ekki frá mínu sjónarmiði neitt við það að athuga, þó að flokkarnir hafi orðið sammála um þessa skipun í skattamálum. Þetta er þeirra skoðun, sem þeir vilja hvorugur ganga frá. Ég býst ekki við, að Framsóknarflokkurinn reyni til þess, en ég veit reyndar ekki, hvað þeir eru kjarkgóðir að halda því fram, að þeir séu frjálslyndur flokkur í skattamálum. Um Sjálfstæðisflokkinn má það segja, að honum hefir aldrei dottið í hug að halda því fram, að hann væri frjálslyndur í skattamálum, og hann fylgir sinni gömlu stefnu. Framsóknarfl. gerir það líka, en hann þóttist ætla að bregða út af því í kosningunum í vor. Þessir flokkar eru alltaf sammála um það, hvernig eigi að taka skatta í ríkissjóð, og það er á þann hátt, sem verðtollsfrv. segir.

Ég vil að síðustu skýra frá því, af hverju ég mun greiða atkv. á móti þessu frv. Ég tel fyrst og fremst þá skattastefnu ranga, sem kemur fram í því, og í öðru lagi verð ég að álíta, að svo miklar tekjur séu áætlaðar ríkinu til handa í fjárl., að þær fullnægi með öllu þörfunum. Þar sem svo er um hnútana búið, álít ég það alveg meiningarlaust að fá stj. margar millj. króna í hendur til þess að valsa með og ráðstafa eftir eigin geðþótta.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 2. landsk. talaði nokkuð um skattastefnur og hvaða samþykktir hefðu verið gerðar á flokksþingi framsóknarmanna nú í vetur, og taldi, að við værum nú horfnir frá þeim samþykktum. Ég vil benda hv. þm. á það, að hér er aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, þar sem hér er aðeins farið fram á framlengingu á verðtolli um eitt ár, en ekki verið að marka neina varanlega stefnu í þessum málum.

Ef við förum dálítið aftur í tímann, eða til ársins 1928, og athugum, hvernig þessum skatti var komið á, þá mun það koma upp úr kafinu, að enginn ágreiningur var í máli þessu millum Framsóknarflokksins og jafnaðarmanna, og við komum þessum skatti á í mesta bróðerni. Þess vegna verður útkoman sú, að ef hv. þm. vill ásaka okkur fyrir íhaldssemi í skattamálum, þegar við nú viljum framlengja þennan skatt um eitt ár, þá verður hann í sömu fordæmingunni fyrir að hafa stuðlað að því, að þessi byrði væri lögð á þjóðina til þriggja ára.

Annars hefir nú sú orðið raunin á, að það er erfitt að skipuleggja skattamálin, og einkanlega mun það reynast svo í þjóðfélagi eins og okkar, sem er í vexti og allt breytingum undirorpið, enda hygg ég, að þá hljóti aðeins að vera um bráðabirgðalöggjöf að ræða, en ekki ófrávíkjanlega stefnu.

Jón Þorláksson: Út af fyrirspurn hv. 2. landsk. út af samkomulagi því, sem orðið hefir í stjskrn., vil ég geta þess, að nál. mun verða útbýtt á morgun, og hygg ég, að hann muni geta þolað við þangað til.

Hv. þm. hélt svona af gömlum vana dálítinn fyrirlestur um skattamálin og stefnur þær, sem þar væru ríkjandi, og notaði hann þar venjuleg slagorð, eins og „frjálslyndi", sem hann hengdi á sjálfan sig til gyllingar, en talaði svo aftur um „íhald" í sambandi við okkur hina. En sannleikurinn er sá, að Alþýðuflokkurinn vill sýna þeim mönnum einum frjálslyndi í skattamálum, sem eru eyðslumenn, nota peninga sína í óþarfa, eignast aldrei neitt og gera aldrei neitt að gagni í þjóðfélaginu. Þessum mönnum vill Alþýðufl. ívilna með því að láta erlendar óþarfavörur vera skattfrjálsar, þannig að þessir menn geti eytt öllum sínum tekjum í slíkan munað, án þess að ríkissjóður fái af því nokkurn eyri. Svo nær frjálslyndið ekki lengra. Hjá þessum flokki er ekki um neitt frjáls-

lyndi að ræða gagnvart mönnunum, sem skapa verðmætin í landinu, sem eyða ekki því fé, sem þeir fá fyrir vinnu sína, heldur leggja það til hliðar og gera það arðbært. Af þessum mönnum á allt að heimta, og þá er gripið til beinu skattanna. Alþýðufl. sýnir þeim mönnum einum frjálslyndi, sem eyða fé sínu, en vill leggja sem hæstan skatt á þá, sem eiga arðberandi eignir, og það má nærri geta, hvort slíkt getur verið heppileg skattastefna, og þá ekki síst í þjóðfélagi, sem er að brjótast úr örbirgð áleiðis til bjargálna.

Ég hefi sagt þesum hv. þm. það áður, þótt hann sé nú enn með þetta glamur, að það, að Íslendingar hafa eignazt eitthvað, er fyrst og fremst því að þakka, að þeir hafa ekki fylgt þeirri skattastefnu, sem hlífir eyðsluseggjunum, en leggur hina forsjálli menn á skurðarborðið.

Annars verð ég að segja þessum hv. þm. það, að ég er alltaf tilbúinn að bera saman þessar tvær stefnur, þá aðfluttu óheillastefnu, sem hann gyllir á allan hátt, og hina hollu og heilbrigðu stefnu, sem hér hefir verið ríkjandi, því að hvenær sem ég ræði þessi mál við hann, munu allar hans gyllingar verða að engu, því að frjálslyndi hans nær aðeins til hinna eyðslusömu.

Jón Baldvinsson: Hæstv. forsrh. gleymir því nú, að samkv. hans till. var það alls ekki ætlun hans að framlengja verðtollinn aðeins um eitt ár, heldur vildi hann fá framlenginguna til tveggja ára, en það er sameiningu hans við hv. 1. landsk. að þakka, að úr því varð eitt ár, og mega þeir fyrir mér hafa af því sameiginlegan heiður, og ef nokkuð mætti af þessu draga, er það það, að nú hefir Framsóknaríhaldið og Sjálfstæðisíhaldið runnið saman í eitt í þessum málum.

Hæstv. forsrh. sagði, að við Alþýðuflokksmenn lentum í sömu fordæmingunni og hann og hans flokkur, sökum þess að við hefðum skapað fordæmið og framlengt verðtollinn 1928. Þetta er ekki rétt hermt hjá hæstv. ráðh., enda hlýtur hann að rugla því saman, að við gengum inn á nokkra hækkun á vörutolli, en um verðtollinn skilaði ég engu nál., tók ekki til máls og greiddi ekki atkv. um hann. Hinsvegar er það að segja um samkomulagið um vörutollinn, að við Alþýðufl.-menn fengum því til vegar komið, að kaffi- og sykurtollur var felldur niður, og nam það ekki lægri upphæð en hækkuninni nam. Þá náðist ennfremur samkomulag um það, að skipuð var sérstök mþn. til að athuga skattamálin og koma fram með till. í þeim, og var þá ekki hægt að ætla annað en að Framsókn vildi finna nýjan grundvöll til skattaálagninga, en nú virðist allt annað hljóð í strokknum. Um verðtollinn 1928 er ennfremur það að segja, að þá var engin andstaða hjá Íhaldinu gegn því að samþ. framlenginguna, en nú er ekki hægt að bera á móti því, að ýmsir af fylgismönnum hv. 1. landsk. hafa utan þings látið mjög hátt um það, að sá flokkur myndi ekki afhenda stj. þessar 2—3 millj. kr., sem verðtollurinn gefur af sér, til frjálsra umráða, og þess vegna hafa þessir samningar farið fram, sem vitanlegt er, að gerðir hafa verið. Aðstaðan hér í Ed. er þannig, að þeir 6 íhaldsþm., sem hér eiga sæti, hefðu auðveldlega getað fellt verðtollinn ásamt mér, því að ég hafði lýst yfir því, að ég væri honum andvígur. Hv. 1. landsk. hefir samt heykzt á því, og þykist nú hafa samið aðallega um mál okkar jafnaðarmanna, og ætti ég þá líklega að vera honum þakklátur fyrir það, — ef svo væri.

Viðvíkjandi ummælum hv. 1. landsk. um þá stefnu, sem við Alþýðuflokksmenn erum fylgjandi í skattamálum, vildi ég segja hv. þm., að það er alger misskilningur hjá honum, ef hann ímyndar sér, að hún sé eingöngu „socialistisk“, því að henni fylgja margir frjálslyndir flokkar í ýmsum löndum. Þeir hallast að því að taka sem mest af hinum ríku, en hlífa hinum, sem litlu hafa úr að spila. Hv. 1. landsk. orðaði þetta svo, að Alþýðufl. vildi helzt vernda eyðsluseggina, sem keyptu helzt óþarfar vörur, en hv. þm. veit það mætavel, hvaða till. við höfum komið fram með í skattamálunum, og gerir sig aðeins hlægilegan með slíkum fullyrðingum. Hann veit það mætavel, að við viljum, að fátækir menn, sem hafa þetta 4—5 þús. kr. í laun á ári, eigi að sleppa við skatt, sökum þess að þeim

veitir ekki af því fé til að framfleyta fjölskyldu sinni. Við viljum setja fast tekjulágmark, sem á að vera skattfrjálst, og ef hv. þm. athugar málið betur, þá sér hann, að tilgangur okkar er alls ekki sá, að ívilna eyðsluseggjum, heldur hið mótsetta. Við viljum ívilna þeim mönnum, sem berjast í bökkum og veitir ekki af að hafa fé sitt til sinnar framfærslu, en taka aftur á móti sem mest af hátekjumönnunum. Við höfum sýnt það, að við viljum ekki ívilna eyðslumönnunum, sem helzt kaupa óþarfavörurnar, með tillögum okkar viðvíkjandi tóbakseinkasölunni, því að þar ætlumst við til, að ríkið geti náð inn hærri skatti af þessum mönnum en það gerir nú.

Það var í sjálfu sér ekkert skrítið, að hv. 1. landsk. og hæstv. ráðh. flyttu fram sama málið í öllum meginatriðum nú í ræðum sínum, og því er nú slegið endanlega föstu, að þessir menn eru sammála í skattamálunum. Þannig er það augljóst, að Framsókn stendur ekki við fögru loforðin, sem hún gaf kjósendum sínum við kosningarnar, enda ætti hún að hafa ógagn af því, er hún sýnir, hversu hrapallega hún svíkur stefnuskrá sína.

Jakob Möller: Það getur farið vel á að tala um skattamálastefnur í þessu sambandi, en menn mega ekki tapa sjónar á því, að hér er aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, en enga varanlega stefnu. Mér finnst það sitja hálfilla á hv. 2. landsk. að vera að núa öðrum flokkum því um nasir, hversu illa þeir hagi sér undir kringumstæðum sem þessum, því að þessi neyðarráðstöfun var fyrst tekin upp, þegar fjárhagur ríkisins var kominn í hið mesta öngþveiti, og einmitt nú stendur eins á með það, og á því á hv. 2. landsk. og hans flokkur sína sök, því að undanfarið hafa þeir látið stj. haldast uppi fjáraustur á bæði borð og stutt hana í sessi. Það er öllum kunnugt, að þrátt fyrir undanfarin góðæri er nú ríkissjóðurinn svo tæmdur, að það verður svo að segja að lána fé til daglegra útgjalda, — og hverjum er þetta ástand að kenna öðrum en þeim, sem stutt hafa stj. í fjárbruðli hennar á þessum góðu árum? Annars vil ég segja hv. 2. landsk. það, að ef hann er að ásaka sjálfstæðismenn fyrir að vera linir í sókn í kjördæmaskipunarmálinu, þá vil ég vísa þeim ummælum aftur til föðurhúsanna. Hitt er annað mál, að það getur nokkuð dregið úr sókn flokksins í þessu máli, að hann hefir þann bandamann sér við hlið, sem erfitt er að treysta, sökum þess að ekki er hægt að finna, að þar fylgi hugur máli og að hann muni standa fast við þær kröfur, sem gerðar voru.

Þegar hv. 2. landsk. talar um það, að við sjálfstæðismenn séum að svíkjast undan merkjum með að samþ. þetta frv., þá vil ég einnig benda honum á það, að hann og hans flokkur virðist reiðubúinn að veita hæstv. stj. nóg fé í hendur, og nægir þar að vísa til þeirra frv., sem þeir hafa borið fram og nú liggja fyrir hv. Nd. Það er alkunnugt, að Sjálfstæðisflokkurinn hefir ætlað sér að koma fram kröfum sínum um réttláta kjördæmaskipun, og til þess notar hann vitanlega aðstöðu sína hér í þessari hv. d., og þar sem vitað var, að þessi hv. þm. ætlaði að greiða atkv. gegn þessu frv., þá var auðvitað sjálfsagt að nota það tækifæri, sem hér gafst, til að knýja stj. til nokkurrar tilhliðrunarsemi í meðferð kjördæmamálsins. Annars vil ég benda hv. þm. á það, að þetta frv. kemur aftur fyrir næsta þing, því að hér er aðeins um framlengingu um eitt ár að ræða, og þá mun reyna frekar á þolrif hans viðvíkjandi kröfunum um bætta kjördæmaskipun. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða mál þetta frekar; hér er ekki um neina skattastefnu að ræða, heldur aðeins neyðarráðstöfun til bráðabirgða. Þetta veit hv. 2. landsk., þótt hann látist ekki vita það, og því sé ég enga ástæðu til að svara honum nánar.

Guðrún Lárusdóttir: Ég skal ekki eyða löngum tíma fyrir þessari hv. deild. Það stendur einhversstaðar skrifað, að það sé ekki ráðlegt að breyta á móti sannfæringu sinni, og mín sannfæring í þessu máli er sú, að verðtollur sé ranglátur, sökum þess að hann tekur jafnt til þeirra, sem ekkert eiga, og hinna, sem eiga gnægð fjár, og í slíkum álögum er vitanlega ekkert réttlæti. Ég get því ekki greitt atkv. með þessu frv., og það því síður, þegar ekki er enn vitað, hverjir þeir munu verða, sem stjórn skipa, og þá

er heldur engin trygging fyrir því fengin, hvernig með féð verður farið. Tvær millj. króna er mikið fé; a. m. k. mun þeim öllum þykja það mikið, sem ekki hafa fundið lyktina upp úr kjötpottum landsins, og ég get tæplega talið það forsvaranlegt að samþykkja að leggja slíkan toll á þjóðina. Ekki get ég heldur séð, að það bæti mikið úr skák, þegar meiri hl. þings gefur þá yfirlýsingu, að stj. sé ekki bundin við fjárlögin, heldur megi hún fara eigin ferða án þess að taka tillit til fjárlagaákvæða Alþingis. Af þessum ástæðum mun ég greiða atkv. gegn þessu frv.

Jón Baldvinsson: Ég áfellist sjálfstæðismenn ekki fyrir samvinnuna við Framsókn í þessu máli. Ef áfellisdómur felst í því, sem ég sagði, þá veit ég ekki, hvernig maður á að haga orðum sínum.

Hv. 1. þm. Reykv. vildi láta mig bera ábyrgðina á því, hvernig komið væri fjárhag ríkissjóðs. Það getur verið satt að svo miklu leyti sem við Alþýðuflokksmennirnir höfum greitt atkv. með fjárframlögum. En þær einar till. hafa verið samþ. frá okkur, sem við álítum til gagns, þó að þær hafi ekki verið samkv. stefnu hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. En annars verð ég að segja það, að ég skil ekki þessa nýju vizku um hag ríkissjóðs, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv., þar sem fjmrh. hefir lýst því yfir, að tekjur ríkissjóðs hafi nú verið jafnmiklar og á árinu 1930. En þá fóru þær 5—6 millj. fram úr áætlun. Hafi því tekjurnar verið jafnmiklar og á sama tíma 1930, þá hlýtur ríkissjóður að eiga gnægð fjár. Og það því fremur, sem ekki hefir verið jafnmikið framkvæmt nú og síðastl. ár. Það getur því ekki verið rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að ríkissjóður sé illa staddur og þurfi lán til daglegra útgjalda.

Hv. þm. var að dylgja með, að stj. ætti hauk í horni þar sem Alþýðuflokksþingmennirnir væru. Hann sagði í öðru orðinu, að við myndum skaffa nægilegt fé í ríkissjóðinn, en í hinu, að vegna þess að ég hefði lýst því yfir við 1. umr., að ég myndi verða á móti verðtollinum, þá hefðu Sjálfstæðismenn þokað áfram samningum um kjördæmaskipunarmálið.

En viðvíkjandi þeim frv., sem við höfum borið fram til fjáröflunar, þá eru þeir peningar bundnir við framkvæmdir, sem við Alþýðuflokksmenn heimtum vegna sérstaklega erfiðs ástands. Það kemur ríkinu því ekki að gagni á sama hátt og verðtollurinn. — Ég þarf svo ekki fleiru að svara hv. 1. þm. Reykv. Ég hefi farið yfir flest, sem máli skiptir í ræðu hans.

Jakob Möller: Ég vildi segja örfá orð út af þeirri nýju vizku, sem hv. 2. landsk. sagði, að ég flytti um það, að ríkissjóður þyrfti að fá lán til daglegra útgjalda. Þessarar vizku hefði hv. þm. getað aflað sér eins og ég við umr. fjárl. í Nd. Þar var það upplýst, að ríkissjóður hefir stofnað lausaskuldir að upphæð ½ millj. En þessum hv. þm. ætti af reynslunni að vera kunnugt um starfsháttu stj., og sérstaklega þegar þess er gætt, að þessi hv. þm. var neyddur til að setja haft á hana. En það er dálítið hæpið fyrir fyrrv. stuðningsmenn stj. að vera að bera fram frv. sem jöfnunarsjóðsfrv., þar sem þeir ættu að hafa reynslu fyrir því, að henni er ekki trúandi fyrir að fara með fjármál. Það er nú hvorki meira né minna en 4 millj., sem Alþýðufl. ætlar að skaffa stj. Þetta veit hv. þm. eins vel og ég.

Jón Þorláksson: Ég hefi litlu við að bæta það, sem ég er búinn að segja um skattastefnu Alþýðuflokksins, að hún er frjálsleg gagnvart eyðslunni, en ófrjálsleg gagnvart sparnaðinum. Þeir vilja hafa þær lágmarkstekjur skattfrjálsar, sem ná til að framfleyta fjölskyldu. Þetta mundi taka sig vel út, ef allt hið vinnandi fólk væru fjölskylduframfleytendur. En því fer fjarri. Eftir þessari grundvallarreglu þeirra sleppa þá undan opinberum gjöldum allir þeir slæpingjar, sem hvorki framfleyta fjölskyldu né leggja aflafé sitt í að eignast eitthvað, heldur eyða því í óþarfa. Það fé, sem þannig er eytt í óþarfa, á eftir stefnu Alþýðuflokksins að vera laust við skatta. Atvinnurekendur eiga þá, auk þess, sem þeir bera allar byrðar ríkisins, að greiða þeim mönnum, sem skjóta sér hjá skattskyldu, það, sem að öðrum kosti myndi nægja til að framfleyta fjölskyldu.

Ég get fullvissað hv. 2. landsk. um það, að ef hann lítur í hagskýrslurnar og að-

gætir, hve margir framfleyti fjölskyldu og hve margir séu á vinnandi aldri, þá muni hann sjá, hve miklum hluta landsmanna hann vill sleppa undan skattgreiðslu þeirra, sem eyða afrakstri atvinnuveganna í óþarfa. Þessi skattastefna er frjálsleg gagnvart þeim, sem ekkert vilja leggja á sig, en hún er ekki til þess fallin að koma þjóðfélagi úr fátækt í efni.

Út af því, sem hv. 6. landsk. sagði, að hún gæti ekki greitt atkv. með verðtollinum, þá verður að viðurkenna það, að undir verðtollinn fellur nokkuð af vörum, sem eru nauðsynlegar. En þó að það sé satt, að verðtollurinn hvíli á nokkrum nauðsynjavörum, þá má yfirleitt segja, að hann hvíli á öllum ónauðsynlegum vörum. Og styrkur hans liggur einmitt í því, að hann tollar alla óþarfavöru. Hitt er auðvitað ófullkomleiki, að hafa tolla á nauðsynjavörum, en það hefir verið erfitt að greina alveg þar á milli. Það var gerð tilraun með vefnaðarvörur á fyrstu árum verðtollsins og reynt að hafa þær vefnaðarvörutegundir tollfrjálsar, sem ekki væru notaðar sem „luksus". En það var hætt við þetta, því það reyndist ekki svo auðgert að framkvæma þessa greiningu á verðtollinum. Til þess að gera framkvæmdina ekki of flókna verða menn að sætta sig við, að tollar og skattar lendi að einhverju leyti þar, sem menn ekki óska eftir, að þeir séu lagðir. Hitt, að leggja tolla á nauðsynjavörur, hefir ekki verið stefna neins flokks hér á landi. Það var byrjað á því 1913, þegar menn bjuggust við, að tekjur af áfengistollinum myndu hverfa, og þetta hefir svo haldizt, og þrátt fyrir það, þó áfengið gefi nú miklar tekjur í ríkissjóð, þá hafa menn ekki séð sér fært að falla frá þessu. Þarfirnar eru svo miklar, að það er ekki hægt að láta neinn nýtilegan tekjustofn ónotaðan.

Ég vildi taka það skýrt fram, að þó að ég greiði atkv. með framlengingu verðtollsins, þá er það ekki stefnumál míns flokks að halda tolli, að svo miklu leyti sem hann fellur á nauðsynjavörur. Ég bar fram till. við 2. umr. um að fella niður nokkrar vörutegundir, en þær voru felldar. En það er ekki svo stórvægilegt atriði, að það gefi mér tilefni til að vera á móti þessari löggjöf.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, PM, EÁrna, HSteins, IP, GÓ.

nei: JBald, GL.

BSn greiddi ekki atkv.

Frv. afgr. til Nd.

Á 21. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 160).

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv.

Á 26. fundi í Nd., 11. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 2 atkv.

Á 29. fundi í Nd., 14. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Áður en ég vík að frv. því, sem hér liggur fyrir, vildi ég enn á ný beina þeirri spurningu til hæstv. stj., eða til þess eina hæstv. ráðh., sem hér er viðstaddur, hvenær við getum vænzt þess að fá að sjá framan í nýja, pólitíska stjórn. Ég verð að segja það einu sinni enn, að varla er hægt að sýna þinginu meiri lítilsvirðingu en þá, að láta það sitja heilan mánuð með ópólitíska bráðabirgðastj. í ráðherrastólunum.

Ennfremur vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort sá orðrómur sé sannur, að hann sem forseti væntanlegrar stj. þori ekki að sýna þessari hv. d. framan í væntanlega meðráðh. sína.

Þá vildi ég gera grein fyrir því, hversvegna þessar útvarpsumr. fara fram. Þær

fara fram af því, að báðir íhaldsflokkarnir í sameiningu hafa tekið upp þá óhæfu reglu að flaustra þessu máli nefndalaust gegnum þingið, máli, sem skiptir hvern einasta mann á landinu. Að svo mæltu get ég vikið að efni frv., en fyrst vil ég með nokkrum orðum skýra frá undirstöðu flokkaskiptingarinnar í skattamálum.

Í málum þessum eigast við tvær stefnur. Önnur stefnan, stefna Íhaldsflokksins, er sú, að hlífa eignum og tekjum við sköttum, en ná fé inn í ríkissjóðinn með því að leggja tolla á nauðsynja- og neyzluvörur almennings. Hin stefnan, stefna Alþýðuflokksins, er sú, að leggja skatta á arð og eignir þar sem gjaldþolið er mest, og að skattarnir fari stighækkandi, eftir því sem eignir og tekjur eru hærri.

Þessi ágreiningur er undirstaða flokkaskiptingarinnar með hverri siðaðri þjóð, einn þátturinn í stéttabaráttu þeirri um kaup og kjör manna og yfirráð atvinnutækjanna, sem háð er í öllum löndum. Þessi barátta verður æ harðari með skarpari greiningu landsmanna í stéttir og með vaxandi ójöfnun arðsins. Tekjuþörf ríkissjóðs hlýtur jafnan að fara vaxandi með auknum framkvæmdum, og verður þá alltaf skarpari deilan um það, hverjir eigi að leggja fram fé, burgeisarnir eða alþýðan. Það er því eðlilegt, að þessi ágreiningur eigi einna mestan þáttinn í því að skipta þjóðinni í flokka. Þessi deila er þannig einn þáttur stéttabaráttunnar, sem aftur leiðir af þjóðskipulagi því, sem við eigum að búa við.

Tveir af þingflokkunum hafa ákveðna stefnu í skattamálum, Alþýðuflokkurinn og Íhaldsflokkurinn. Alþýðuflokkurinn vill leggja allháa skatta á hátekju- og stóreignamenn, en Íhaldsflokkurinn vill aftur á móti hlífa slíkum mönnum, en leggja tolla á vörurnar, sem fólkið notar, hvort sem það eru brýnar nauðsynjavörur eða ekki. Djúpið milli þessara stefna fer alltaf stækkandi og **baráttan** milli flokkanna fer sívaxandi með aukinni ójöfnun arðsins. Ójöfnun efnahagsins er nú orðin svo geypileg hér á landi, að hún er varla meiri í öðrum löndum, sem lengra eru komin á þróunarbraut auðvaldsskipulagsins.

Eftir skýrslum að dæma eiga nú 1000 menn $^3/_4$ — þrjá fjórðu — hluta allra skattskyldra eigna hér á landi. Samkv. skattskýrslum frá árinu 1927 voru það ekki nema 1150 menn á öllu landinu, sem höfðu meira en 4000—5000 kr. skattskyldar tekjur að undanskildum persónufrádrætti, og höfðu þar með fullan þriðjung allra teknanna. Allir hinir voru undir þessu marki, og 9000 gjaldendur voru undir því tekjulágmarki, sem telst nauðsynlegt til þess að framfleyta meðalfjölskyldu. Það er því ekkert undarlegt, þótt alltaf aukist ágreiningurinn milli flokkanna um það, hverjir það séu, sem eigi að leggja fram fé í ríkissjóðinn. Og hvaða flokkur hefir haft völdin og hvaða stefna hefir verið ríkjandi, sést bezt á því, hvernig tekjur ríkissjóðs skiptust niður á árunum 1924—1927. Þessi ár nam tekju- og eignarskattur 11,7% af tekjum ríkissjóðs. Beinir skattar námu alls 14,5%. Hinsvegar námu óbeinir skattar alls 85,5% af tekjum ríkissjóðs á þessum árum, og voru þannig fast að því sex sinnum hærri en beinu skattarnir á sama tíma. Aðeins þrír tollar, kaffi- og sykurtollur, vörutollur og verðtollur, námu 40% af öllum tekjum ríkisins á þessum árum, þó að taldar séu með tekjur af stofnunum ríkissjóðs, svo sem pósti og síma.

Þegar um álagningu skatta og tolla er að ræða, ber fyrst og fremst að líta á tvennt: Hag ríkissjóðs og afkomu gjaldenda, m. ö. o., það verður að athuga það, hvernig ríkissjóði verði bezt séð fyrir tekjum án þess að gjaldendum landsins sé íþyngt um of, þegar skattalög eða tolllög eru sett. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að í okkar löggjöf gæti hvorugs. Skatta- og tollalöggjöfin er óhæf handahófssmíð, og stefna hennar er ekki önnur en sú, að hlífa þeim við að greiða skatta, sem bezta hafa aðstöðuna til þess að greiða þá. Niðurstaðan verður svo sú, að beinu skattarnir verða 14,5% af tekjum ríkissjóðs, en óbeinir skattar 85,5%, eða nærri því sex sinnum hærri.

Nú liggur það í augum uppi, að ef tolla og skatta á að leggja á þá menn, sem hafa tekjur, sem aðeins hrökkva til nauðþurfta, þá er það ekki nema þrennt, sem

þessir menn geta gert. Í fyrsta lagi það, að eigi þeir einhverjar eignir, þá geta þeir étið þær upp. Í öðru lagi geta þeir leitað á náðir hins opinbera og beðið um sveitarstyrk, og í þriðja lagi geta þeir neitað sér og sínum um lífsnauðsynjar og liðið beinan skort.

Nú hefir hið háa Alþingi með l. um verkamannabústaði frá 1928 slegið því föstu, að til þess að sjá sér og sínum fyrir brýnustu lífsnauðsynjum þurfi hver fjölskyldufaðir að hafa minnst 4000 kr. tekjur, en hinir, sem minni tekjur hafi, eigi rétt á því að fá styrk frá hinu opinbera. Alþingi hefir þá slegið því föstu, að 4000 kr. tekjur hrökkvi aðeins fyrir óumflýjanlegum nauðsynjum. Sé nú lagður tollur á þessar tekjur eða þaðan af minni, þá verður sá, sem í hlut á, að leita til hins opinbera um styrk, eigi hann engar eignir til þess að éta upp eða vilji ekki beinlínis svelta. Heilbrigði hinnar ráðandi stefnu í skattamálum sést bezt á því, að menn, sem orðið hafa að flýja á náðir sveitarfélagsins og látið mannréttindi sín fyrir, hafa oft á sama tíma greitt hærri upphæð í tolla af nauðsynjavörum heldur en sveitarstyrkurinn nam.

Langmest af útgjöldum ríkis og sveitar- og bæjarfélaga er falið í kaupgjaldi og sveitarstyrk. Þessar greiðslur nema fast að 20 millj. kr. á ári. Samkv. útreikningi hagstofunnar eru það a. m. k. 10% af þessari upphæð, eða fast að 2 millj. kr., sem beinlínis eru til orðnar vegna tolla. Það virðist vera léleg fjármálavizka hjá hinu opinbera að leggja á þessa háu tolla, sem gera það að verkum, að það verður að greiða fast að 2 millj. kr. í aukið kaupgjald og aukinn sveitarstyrk, vegna dýrtíðar, sem hið opinbera sjálft skapar með þessum ráðstöfunum. Það, sem gert er með þessu, er ekkert annað en að það, sem tekið er úr öðrum vasanum, er sett í hinn.

Ég gat þess áðan, að bæði Alþýðuflokkurinn og Íhaldsflokkurinn hefðu ákveðna stefnu í skattamálum. Hið sama hefir ekki verið hægt að segja um Framsóknarflokkinn allt til þessa. Hingað til hefir afstaða hans til þessara grundvallarmála verið mjög á reiki. Á kosningafundi, sem ég var á í sumar, lýsti einn af helztu mönnum Framsóknar yfir því, að flokkurinn væri ekki ennþá búinn að taka ákveðna afstöðu til skattamálanna. Þessi staðhæfing var efalaust rétt, þegar orðin voru töluð, en hvort hún gildir ennþá, er aftur á móti mjög vafasamt, og skal ég víkja að því síðar.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er farið fram á, að verðtollurinn, sem fyrst var í lög leiddur árið 1924, verði framlengdur um eitt ár, eða til ársloka 1932. Í frv. hæstv. stj. var upphaflega farið fram á, að tollurinn yrði framlengdur til ársloka 1933.

Saga verðtollsins er allmerkileg. Eins og kunnugt er, eru það tveir tollar, sem mestan arð gefa í ríkissjóð, verðtollur og vörutollur. Vörutollurinn var lagður á þegar l. um áfengisbann gengu í gildi, til þess að vega upp á móti þeim tekjumissi, er af þeim hlauzt. Þessi tollur var mesta flaustursmíð, og hefir það lengi verið einróma álit manna, að skipun hans væri óhæf og brýna nauðsyn bæri til þess að flokka vörurnar af nýju — en það hefir aldrei verið gert, og situr því enn við það sama í þeim efnum. Árið 1924 var svo verðtollinum bætt ofan á hinn handvitlausa vörutoll. Geta menn gizkað á það sjálfir, hve mikillar hagsýni og skynsemi hafi gætt í þessari lagasetningu.

Ástæðan til þess, að verðtollslögin voru sett, var sú, að á árinu 1923 hafði orðið mikill tekjuhalli á fjárlögunum vegna gjaldhrunsins, sem þá stóð yfir. Tollurinn var lagður á til bráðabirgða, meðan gengið væri lágt, en átti ekki að standa lengur en meðan sterlingspundið væri yfir 28 kr., en það var þá 33 kr. Tollurinn var þá ekki ákveðinn lengur en til ársloka 1925. En á þinginu 1925 var hann svo framlengdur til ársloka 1926, síðan var hann framlengdur á árinu 1926 til ársloka 1928, þá frá 1928 til 1930 og loks frá 1930 til 1931. Lögunum hefir nokkrum sinnum verið breytt, en í öllum aðalatriðum eru þau lík því, sem þau voru í fyrstu. Verðtollurinn er lagður ofan á þrjá flokka vörutollslaganna, en í þeim flokkum eru allar vörutegundir nema kornvörur og ýmsar vörur, sem notaðar eru við framleiðsluna, timbur, kol og salt og örfáar fleiri. Allar aðrar vörur eru verðtollsskyldar.

Nú er verðtollurinn ákveðinn 15% af flestum vörum, en 30% af nokkrum vörum, sem taldar eru óþarfar. En með þessu er ekki allt búið. Ofan á þetta bætist vörutollurinn, sem er 1,80 kr. af hverjum 10 kg.

Þær vörur, sem mest eru keyptar og verðtollur hvílir á, eru fyrst og fremst allar vefnaðarvörur og fatnaður. Allur hinn dýrari fatnaður og efni í hann er tollaður með 30%, en allur annar fatnaður með 15%. Það, sem almenningur þarf því að greiða í toll af nauðsynlegum fatnaði og fataefni, svo sem regnkápum, frökkum, nærfötum og vinnufötum, er hvorki meira né minna en 20%, þegar verðtollur og vörutollur eru lagðir saman, eða fimmti hlutinn af verði vörunnar. Sama máli er að gegna um allan borðbúnað og búsáhöld, algengustu hreinlætisvörur og sumar matvörur, sem eru beinlínis nauðsynjavörur. Ég hirði ekki um að telja fleira upp, en yfirleitt má segja það, að verðtollurinn hvíli á flestum nauðsynjavörum almennings.

Verðtollurinn nam 2270 þús. kr. árið 1930, eða 115 kr. á hvert meðalheimili í landinu. Má óhikað gera ráð fyrir, að hann nemi 170—180 kr. að viðbættri álagningu verzlana. Á verkafólki í kaupstöðum og einyrkjum í sveitum, sem eiga mörg börn, verður tollurinn ennþá hærri. Til samanburðar má geta þess, að manni með 10—12 þús. kr. tekjur er gert að greiða um 460 kr. í tekjuskatt. —

Þetta var verðtollurinn einn, en ekki er allt þar með búið. Til viðbótar honum koma vörutollur og kaffi- og sykurtollur, sem til samans nema ca. 100 kr. á hvert meðalheimili í landinu. Það verða þannig fullar 300 kr., sem hvert meðalheimili verður að greiða árlega í þessa þrjá tolla, að viðbættri verzlunarálagningu.

Hinsvegar er manni, sem hefir 100 þús. kr. skattskyldar, ekki ætlað að greiða nema 220 kr., ekki nema ⅔ hluta af því, sem maður, sem hefir 3 þús. kr. skattskyldar, verður að greiða. Meira ranglæti er ekki hægt að hugsa sér, og meiri heimsku getur ekki frá sjónarmiði ríkissjóðs í skattalöggjöfinni.

Þá er afstaða Framsóknarflokksins til þessa máls. Ég sagði áðan, að Framsóknarflokkurinn hefði enga stefnu haft í skattamálum fram á seinasta ár. Sérstaklega vil ég minna á, þegar verðtollurinn var tekinn upp árið 1923. Þá talaði einn af helztu forgöngumönnum Framsóknarflokksins, hv. 5. landsk., um þetta mál úti um land. Þá flutti hann tvær ræður, sem sýna ljóst, hver stefna Framsóknarflokksins var í þessu máli. Í fyrri hluta ræðunnar er hann að tala um það, að hann sé þessu mótfallinn að ýmsu leyti. Hann segir, að tvær stefnur séu uppi í skattamálum. Önnur segir hann, að sé sú, sem hann segist fylgja, að bæta fjárhag einstaklinganna, til þess að fjárhagur landsins í heild batni á þann hátt. Þá talar hann nokkur orð um það, hvað lággengi sé mikið böl fyrir þjóðina. Þar kveður við annan tón en nú í þeim flokki.

Þessu næst spyr hann flm., hvers vegna sé ekki lagður tollur á hveiti. Hann segist hafa séð heila laupa af hveitibrauðum flutta út í togara á höfninni. Þetta eru rök hans fyrir því, að óeðlilegt sé, að hveiti sé ekki tollað.

Í næstu ræðu segist hann álíta heppilegt að leggja stóreignaskatt á í eitt skipti fyrir öll. En svo segir hann, að sér finnist rétt að leggja toll á allan skófatnað nema vatnsleðurskó. Ég tek þetta dæmi, af því það sýnir, á hvaða stigi framsóknarmenn hafa verið í skattamálum til þessa. Af þessu má sjá, að Framsóknarflokkurinn hefir þá ekki verið búinn að taka afstöðu til þessara mála. Annar Framsóknarmaður, hv. 2. þm. S.-M., var einnig á móti frv., en hann tók á því á annan veg. Þessi hv. þm. er sagður einn af helztu ráðamönnum stj. hér á þingi og hefir flutt einna flest frv. fyrir stj. á Alþingi. Hann hélt ræðu á móti frv., og er hana að finna í Alþt. 1924, B. 1566.—67. dálki. Þar segir hann svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæðurnar til þess, að ég er mótfallinn þessu frv, eru talsvert margar, og mun ég nú telja upp þær helztu.

Fyrsta ástæðan er sú, að ég tel þetta frv. reist á röngum grundvelli. Það er rangt að heimta inn tekjur handa ríkissjóðnum á þennan hátt. Það er hér um neyzluskatt að ræða, en þeir skattar koma jafn-

an þyngst niður á þeim, sem sízt mega við því, — barnamönnunum“.

Önnur ástæðan segir hv. þm. að sé sú, að þá þegar sé búið að ofbjóða gjaldþoli landsmanna, og bendir því til sönnunar á það, að tveir hreppar og einn kaupstaður (Hafnarfjörður) hafi sent þinginu hjálparbeiðni vegna fátækraþyngsla og atvinnuleysis.

Þriðja ástæðan segir hv. þm. að sé sú, að frv. verði til að auka dýrtíðina í landinu.

Ég er sammála þessum hv. þm. Þessi rök hans á móti frv. eru rétt og standa ennþá í sínu gildi. En ég veit ekki betur en að þessi hv. þm. hafi greitt frv. sitt atkv. í Ed. nú.

Ég er ekki frá því, að það sé álit framsóknarmanna, að það sé ekki sem bezt að hafa ekki tekið afstöðu til skattamálanna, því að á undanförnum þingum og árum hafa þeir verið að reyna að taka afstöðu til þeirra. Og loks á flokksþingi þeirra hér í Rvík síðastl. vetur var samin stefnuskrá Framsóknarflokksins í tolla- og skattamálum. Stefnan er þá þessi:

„Að lækka tolla, sem hvíla á nauðsynjavörum, en auka beina skatta og hækka tekju- og eignarskatt af miklum tekjum og eignum“.

Þessi stefnuskrá var samþ. af Framsóknarflokknum á fundi, sem haldinn var í apríl í vor, og var síðan prentuð með skrautletri á fremstu síðu í Tímanum og öðrum framsóknarblöðum og send út um allt land til að sýna, hvaða ágætismenn þessir framsóknarmenn væru.

Þessi stefnuskrá skýtur dálítið skökku við framkomu stj. hér á Alþingi, því að fyrsta verk stj. á þessu þingi var að reyna að fá verðtollinn framlengdan um 2 ár, en sá tollur er að mestu leyti tekinn af nauðsynjum fólks, þeim vörum, sem eftir stefnuskrá Framsóknarfl. átti að lækka tollinn á, en engin viðleitni er sýnd til að færa þetta í réttlátara horf. Þetta bendir á, að ennþá hafi lítið verið gert í tolla- og skattamálum — nema að gefa loforð. Þannig hafa þeir ginnt og gabbað kjósendur og breytt þvert ofan í það, sem þeir hafa lofað. Ég fullyrði það, að í hverju öðru landi hefði slík framkoma skapað slíkum stjórnmálaflokki aldurtila. Allt öðru máli er að gegna með Íhaldsflokkinn. Það er stefnumál hans að afla ríkinu tekna með því að leggja tolla á nauðsynjavörur. En engu að síður hafa þeir alveg eins og framsóknarmenn ginnt og gabbað sína kjósendur alveg eins og þursa.

Íhaldið hefir haldið því fram, að það vildi setja kjördæmaskipunarmálið mjög á oddinn, að það mundi meina stjórninni að fá nauðsynlegt fé til að reka ríkisbúskapinn og neyða stj. þannig til að gera eitt af tvennu, annaðhvort að stjórna landinu í fullkomnu lagaleysi eða láta undan þeirri sjálfsögðu réttlætiskröfu að koma kosningalögunum og kjördæmaskipuninni í það horf, að allir landsmenn hefðu jafnan kosningarétt. Frá þessu hefir Íhaldsflokkurinn svikizt og þar með gabbað sína kjósendur. Það hefir gengið svo langt, að formaður flokksins hefir látið hafa sig til þess að drepa till. þess efnis, að sú milliþinganefnd, sem skipa á til að athuga þetta mál, skyldi starfa á þeim grundvelli, að þingflokkarnir fengju þingmannatölu í hlutfalli við kjósendafjölda og þar með hrækt framan í kjósendur sína, gabbað þá og ginnt. Fer því vel á því, að þessir tveir flokkar séu hvor með öðrum í þessu máli.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. þm Seyðf. hóf mál sitt á því, sem hann hefir svo oft áður minnzt á, hvenær stj. mundi koma, og hefir hann viljað lofa landsmönnum að heyra þessa fyrirspurn sína. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. Seyðf. að því, hvort hann ætli að taka þátt í þessari stjórnarmyndun, — ekki af því, að við séum ekki einfærir um það. Ef hann ætlar sér það ekki, hefir hann ekkert meiri rétt til að vita þetta en aðrir menn. Um það þarf ég svo ekkert frekara að segja.

Hv. jafnaðarmenn hafa óskað eftir, að útvarpað yrði umr. um verðtollinn. Þetta eru fyrstu útvarpsumr., sem fram hafa farið hér í þinginu. Af líkum má ráða, að þeir hafi sérstakar ástæður til að telja það æskilegt fyrir sig að ræða þetta mál í áheyrn allra útvarpshlustenda landsins. Ég fyrir mitt leyti er ánægður yfir

að taka þátt í slíkum umr. og tel æskilegt, að þær fari fram, svo að landslýður geti hlustað á umr. um fjárhagsmál og framtíðarmál þjóðarinnar, en í slíkum umr. sem þessum er hægt að koma inn á slíka hluti.

Við umr. um verðtollsfrv. koma fram tvær hliðar. Önnur hliðin er sú, sem hv. þm. Seyðf. gerði að umtalsefni. Af ræðu hans varð það bert, að jafnaðarmenn hafa viljað ræða þetta mál svo að alþjóð heyrði, til þess að fá almenning til að trúa því, að afgreiðsla þessa frv. nú væri prófsteinn á skoðanir flokkanna í skattamálum. Þeir hafa viljað fá tækifæri til að telja sig þá einu réttlátu, sem vildu halda fast með beinum sköttum. Út frá þessu efni og ræðu hv. þm. Seyðf. vil ég benda á nokkur atriði.

Ég vil þá fyrst koma að því, hvort sá tími, sem nú stendur yfir, sé heppilegur til að ganga frá skattamálunum á þeim grundvelli, sem hv. þm. Seyðf. bendir á. Nú er sumarþing, og stj. hefir lýst því yfir, að hún vilji hafa það sem allra stytzt, og það er farið að síga á seinni hluta þess. Geta þá allir séð, hvort þessi tími er heppilegur til að fara að leggja nýjan grundvöll í skattamálunum, þegar svona stendur á.

Þá er annað atriði. Er hér um nýmæli að ræða, sem mundi marka nýja stefnu? Er hér á ferðinni ný stefna, sem landslýðurinn þarf að kynnast til að geta tekið afstöðu til? Nei, þvert á móti. Hér er ekkert nýtt, um enga breytingu að ræða, og er því engin ástæða til að draga almenn atriði um skattamál inn í umr. nú.

Þá er þriðja atriðið. Er hér að ræða um lagasetningu, sem búast mætti við, að landsmenn ættu að búa við um langan aldur? Nei, þvert á móti. Hér er að ræða um framlengingu á gildi laga um eitt einasta ár. Þar af leiðandi vil ég segja það, að allar ályktanir hv. þm. Seyðf. í þessari fyrstu þingræðu, sem hann flytur fyrir útvarpshlustendum, voru út í bláinn og óviðeigandi nú.

Þessi ræða hv. þm. var það, sem kallað er „tekin upp úr súru", því að hann hefir margsinnis lesið þennan lestur yfir okkur í þinginu, og allt, sem hann sagði í sambandi við þetta mál, var reykur út í loftið. Öll þessi orð, sem eiga að sýna, að jafnaðarmenn séu þeir einu hreinu og réttlátu Farísear, voru sögð út í loftið.

Svo er enn eitt atriði, sem undirstrikar allra greinilegast það, sem ég hefi sagt, og það er ýmislegt í forsögu þessa máls. Það er fróðlegt að minnast á fortíð jafnaðarmanna í þessu máli, þegar þeir eru að kasta steini að framsóknarmönnum og öðrum í sambandi við þessa bráðabirgðaafgreiðslu þessa máls.

Þessi verðtollur var settur á þingi 1928 í þeirri mynd, sem hann hefir nú. Þá stóð svo á, að kosningar höfðu nýlega farið fram og voru 5 jafnaðarmenn á þingi, 3 þeirra áttu sæti í þessari hv. deild, tveir, sem eiga hér sæti nú, hv. þm. Seyðf. og hv. 3. þm. Reykv., og svo þriðji flokksbróðir þeirra. Í Ed. voru 2, annar er formaður jafnaðarmannaflokksins, sem á sæti þar enn, og svo hv. þáv. fulltrúi Akureyrar. Hver var þá afstaða þessara manna, þegar þá var til umr. þetta mikla stefnumál flokkanna, sem þeir kalla svo? Hvað gerðu þeir, þegar átti að framlengja verðtollinn 1928? Ég skal taka það fram, að þá var farið fram á framlengingu til helmingi lengra tíma en nú, og þar að auki var um að ræða hækkun á tollinum frá því, sem áður var. Ég hefi athugað gaumgæfilega í þingtíðindunum, hver þá var afgreiðsla jafnaðarmanna á þessu frv. Útvarpshlustendum þykir ef til vill undarlegt að heyra, hvernig sú afgreiðsla var, þegar hv. þm. Seyðf. er nú að enda við að fordæma verðtollinn. Afgreiðsla jafnaðarmanna á framlengingunni 1928 var þannig, að enginn þeirra tók til máls, hvorki í þessari deild né Ed. Hv. þm. Seyðf. var þá ungur og óspilltur maður hér í þinginu, óflekkaður af hrossakaupum, jafnmælskur og nú og skörulegur eins og nú. Hvers vegna þagði hann 1928? Var hann að gabba kjósendur sína eins og hann segir, að við höfum gert? Frv. var samþ. í Nd. við 2. umr. mótatkvæðalaust. Við 3. umr. tók ekki heldur neinn til máls á móti frv. Við atkvgr. voru einhverjir þrír á móti. Ég veit ekki, hverjir þeir voru, getur verið, að það hafi verið einhverjir jafnaðarmanna, sem hafa þá til málamynda greitt atkv. á móti, þegar þeir sáu, að málið var komið í höfn, en ekki er að sjá, að þeir væru eindregið á móti

verðtollinum, fyrst enginn þeirra talaði eitt orð á móti honum.

Í Ed. var alveg það sama uppi á teningnum. Hvorugur jafnaðarmannanna fann ástæðu til að taka til máls við 2. umr., hvorki formaður flokksins né hans flokksbróðir. Hver einstök grein var þá samþ. mótatkvæðalaust. Frv. var vísað til 3. umr. með 13. shlj. atkv. Í deildinni eru 14 menn, svo að annar jafnaðarmaðurinn a. m. k. hefir hlotið að greiða atkv. með frv. Við 3. umr. var einn á móti frv., og það getur auðvitað verið, að það hafi verið annar jafnaðarmaðurinn.

Það eru ekki nema 3 ár síðan þetta gerðist. Á ég nú að áfellast hv. jafnaðarmenn fyrir þessa afgreiðslu þeirra eins og þeir áfellast sjálfstæðismenn og framsóknarmenn fyrir þeirra afgreiðslu. Ég hefði fulla ástæðu til þess. Alveg eins og hv. þm. sagði, að við hefðum svikið okkar kjósendur, hefði ég ástæðu til að segja, að þeir hefðu svikið sína stefnu. En ég ætla ekki að gera það. Ég ætla ekki heldur að segja, að þeir hafi þarna markað ný spor í skattasögu Alþýðuflokksins í heild. Ég vil ekki halda því fram, af því hér var eingöngu um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, og hana samþ. þeir sumpart með þögninni og sumpart með atkv. sínum. Nú er hér aftur um bráðabirgðatill. að ræða. Nú á að framlengja verðtollinn um helmingi styttri tíma en gert var 1928, og nú á í engu að breyta lögunum, eins og gert var þá.

Það þarf ekki að dæma jafnaðarmenn fyrir árásir þeirra á framsóknarmenn. Jafnaðarmenn hafa þar sjálfir dæmt sig. Sannleikurinn er sá, að þeir sviku ekki stefnu sína árið 1928 og mörkuðu engin ný spor í stefnu jafnaðarmanna, af því að þetta var bráðabirgðaráðstöfun. Við framsóknarmenn teljum ekki heldur, að við höfum markað neina nýja stefnu eins og nú stendur á, því að þessi framlenging er bráðabirgðaráðstöfun.

Þá vil ég segja nokkur orð um afstöðuna á okkar landi til skattamála. Úti í heimi eru þessi mál í föstum skorðum og búið að mynda þar skarpar línur. Hér á landi stendur öðruvísi á. Það eru tiltölulega fá ár síðan við fengum sjálfir fjármálastjórnina í okkar hendur. Þess vegna liggja fyrir fjöldamörg óunnin, nauðsynleg verk. Þess vegna er þörf á fjármunum til þess að leysa þau verkefni af hendi. Við verðum þess vegna að neyðast til að taka peninga þar, sem við getum fengið þá. Ég segi því, að framsóknarmenn og jafnaðarmenn þurfi hvorugir að iðrast þessarar bráðabirgðaráðstöfunar, sem gerð var 1928, þegar litið er á, hvað gert hefir verið til að bæta aðstöðu vinnandi fólksins til sjávar og sveita á þessu tímabili.

Þetta er það, sem snýr að þeirri hlið, þar sem talað er um skattamálin almennt í sambandi við afgreiðslu verðtollsins. En ég vil bæta því við í sambandi við jafnaðarmenn, að þar sem þeir greiða atkv. á móti verðtollinum, þá mundu þeir fella hann, ef þeir gætu. Afleiðingin af því yrði sú, að ríkið mundi missa um 3 millj. kr. tekjur. Verið getur, að vegna kreppunnar verði hann minni nú en áður, en það yrði þó alltaf mjög tilfinnanlegur tekjumissir fyrir ríkissjóð. Og það væri alvarlegur hlutur, ef ríkið ætti nú allt í einu að missa slíkan tekjustofn. Það er því mikill ábyrgðarhluti fyrir jafnaðarmenn að bera slíkt fram, því að enginn er eins harður í fjárbeiðnum frá ríkissjóði og þeir, bæði með laun til þeirra manna, sem vinna hjá því opinbera, og eins með framkvæmdir af hálfu þess opinbera. Það kemur því ekki vel heim hjá þeim hvort við annað, að heimta svo mikil fjárframlög frá ríkissjóði og vilja fella niður þennan mikla tekjustofn ríkisins. Það hefði verið annað mál, ef lagt væri til, að stórkostleg verðlækkun yrði á sumum mestu óhófsvörum, sem hingað flytjast, en þær eru tollaðar um 30%, eða í raun og veru meira, því að það er rétt, sem hv. þm. sagði, að það er lagt á tollinn líka. Ef verðtollurinn yrði afnuminn, mundi verðlækkunin vitanlega verða mest á þeim vörum, sem nú eru mest tollaðar, en það er ýmiskonar óþarfavarningur, svo sem flugeldar, gimsteinar, leikföng, loðskinn, silki og silkihattar, skrautfjaðrir, sólhlífar o. s. frv., og þá eru menn beinlínis hvattir til að kaupa þær vörur. Hvílík ráðstöfun í kreppunni að ýta undir það, að þjóðin kaupi slíkan varning.

Þriðja atriðið er það, að kaupsýslu-

menn vita, að þótt verðtollurinn yrði lagður niður í bili, þá væri ómögulegt að hugsa sér, að slíkar óhófsvörur sem þar eru, væru lengi ótollaðar. Afleiðingin yrði því tvímælalaust sú, að allir þeir kaupmenn, sem hefðu fjármagn eða lánstraust til þess, mundu reyna að draga sem allra mest að sér af þessum óþarfavörum, á meðan þær væru ótollaðar, til að græða á síðar, þegar tollurinn kæmi á aftur og þessar vörur hækkuðu í verði.

Hér væri þess full þörf að gera eitthvað til að draga úr innflutningnum á þessum yfirvofandi fjárkrepputímum. En það, sem hér er um að ræða, ef það væri gert, að fella verðtollinn, er það, að með því væri verið að ýta undir menn, beinlínis ýta undir þá að flytja inn alóþarfar vörur, sem flestir eða allir geta verið án. Það á beinlínis að ýta undir menn að kaupa þessar alóþörfu vörur. Og þetta ætla hv. jafnaðarmenn að gera á þeim tíma, þegar meira og alvarlegra atvinnuleysi steðjar að þjóðinni en nokkurntíma áður, þegar við erum í vandræðum með gjaldeyri fyrir nauðsynlegar erlendar vörur, **þegar** allar þær vörur, sem við framleiðum, falla svo stórkostlega í verði, að við fáum ekki fyrir þær nema part af því, sem við áður fengum, **þegar** við auk þess fáum lítið verð fyrir okkar framleiðsluvörur, ekki er hægt að selja nema part af þeim; það lítur t. d. út fyrir, að öll ullin frá þessu ári seljist ekki, og hér liggur mikið óselt í landinu af ull frá fyrra ári, **þegar** við þess vegna verðum að halda á öllu því fjármagni, sem við fáum erlendis fyrir framleiðsluvörur okkar, til að borga með erlendar nauðsynjavörur, bæði til framleiðslu og neyzlu í landinu og til að standa í skilum með allar greiðslur, sem við eigum að inna af hendi erlendis, **þá** er af hálfu hv. jafnaðarmanna stofnað til aukins innflutnings á óþarfa vörum, í skjóli snöggra breytinga, með því að fella þær stórkostlega í verði með því að fella niður toll á þeim. Ég lít svo á, að á slíkum tímum ætti að gera það gagnstæða Ég lít svo á, að það ætti að draga úr innflutningnum, búa sem mest að sínu, nota sem mest landsins eigin framleiðslu, en kaupa sem minnst af útlendum varningi að mögulegt er að komast af með. Þetta væru, frá þjóðhagslegu sjónarmiði, ráðstafanir til að auka atvinnu í landinu. En þær aðgerðir, sem hv. þm. Seyðf. mundi stofna til með því að vera á móti verðtollinum, sem sé aukins innflutnings á óþarfavörum, finnst mér vera beint á móti aðalviðfangsefni hv. þm. og hans flokks. Ég vil leyfa mér að minna á, til að kasta ljósi yfir þessa hlið málsins, að í lægra flokki eru tollaðar ýmsar þær vörur, sem framleiddar eru í landinu sjálfu og sem mesta atvinnu veita. Ef verðtollurinn væri afnuminn af þeim, yrði það til að auka á vandræði atvinnuveganna. En það yrði auðvitað til að auka á erfiðleika atvinnuveganna í landinu, að láta þá fá aukna samkeppni utanlands frá, nú á þessum krepputímum. Ég get nefnt sem dæmi kjöt, fisk, smjör og egg, sem á er verðtollur. Þetta er framleiðslan, sem mestan styrk fær frá ríkinu. Og það væri merkileg ákvörðun á þessum tímum að afnema nú toll á þessum vörum. Hv. jafnaðarmenn heimta, og það er óneitanlega æskilegt, að hinn vinnandi lýður fái sem mest að gera. Og svo gera þeir ráðstafanir til beinlínis að veikja aðstöðu framleiðenda, sem skapa atvinnu fyrir hið vinnandi fólk.

Ég hefi nú drepið á þessar tvær hliðar málsins. En nú skal ég leyfa mér að drepa á nokkur atriði til að varpa ljósi yfir fortíð hv. jafnaðarmanna í þessu máli, og um leið drepa á, hvaða afleiðingar yrðu af því að ýmsu leyti, ef þeir gætu komið því fram að fella verðtollinn nú á þessum alvarlegu tímum, og draga það þannig inn í flokkadeilurnar. Mér hefir þótt gott að fá tækifæri til að gera þetta. Mér hefir þótt gott að fá tækifæri til að láta birtu skína yfir aðstöðu hv. jafnaðarmanna til Framsóknarflokksins á fyrri þingum og framkomu þeirra nú hér á hv. Alþ., sem þeir algerlega láta ganga út yfir málin. Mér hefir þótt gott að fá fleiri til að hlusta á sannar fregnir af hv. Alþ., svo það verði ekki rekið ofan í neinn á eftir, hvað hver hafi sagt. En ég fullyrði, að það var mjög óheppilegt fyrir hv. jafnaðarmenn að velja einmitt þetta mál til að auglýsa með afstöðu sína til Framsóknarflokksins. Það var áreiðanlega grunnhyggja af þeim að velja þetta mál, þegar þeir óskuðu að

láta allan landslýð til sín heyra héðan af hv. Alþ. Því það er öllum bersýnilegt, svo ljóslega liggur það fyrir, að öll ummæli hv. jafnaðarmanna um verðtollinn, og þá sérstaklega hv. þm. Seyðf. hér í kvöld, öll ummæli hans um skattamálastefnur og lýsingar á skattafrv. við umræður um toll, sem aðeins á að framlengja til bráðabirgða og undir sérstökum kringumstæðum, þetta allt er ekkert annað en hjal frammi fyrir kjósendum til að reyna að veiða þá.

Í öðru lagi vil ég segja það, að um þetta atriði ætla ég ekki að dæma. Hv. jafnaðarmenn dæma sig sjálfir. Við framsóknarmenn förum nú í föt hv. jafnaðarmanna, stígum nú í spor hv. þm. Seyðf., sem árið 1928 tók sinn góða þátt í að samþ. þann sama verðtoll, sem hann nú vill fella. Að niðurfella verðtollinn nú þýðir milljónatap fyrir ríkissjóð. Og það kemur úr hörðustu átt, þegar það kemur frá hv. jafnaðarmönnum, sem gera háværastar kröfur í sambandi við afgreiðslu fjárl. og frv. þeirra, sem þeir bera fram, um fé af ríkissjóði, að niðurfella þennan toll.

Ég vil minna aftur á það stórkostlega verðfall og þann aukna innflutning, sem niðurfelling á verðtollinum af ónauðsynlegum vörum og hinum mestu óhófsvörum mundi valda. Og ég vil minna aftur á þá stóru erfiðleika, sem nú eru á framleiðslu landsins, og að ef hún nú þar að auki á að fara að heyja harðari samkeppni við erlendar vörur, þá mun það draga þann dilk á eftir sér, að það mun draga úr framleiðslunni og um leið auka atvinnukreppuna.

Og þetta er það, sem hv. þm. jafnaðarmanna óska að fá útvarpað. En ég er þeim nú svo velviljaður, bæði vegna þess, að skoðanir okkar fara sumstaðar saman, og svo vegna samvinnu minnar við þá á undanförnum árum, að ég hefði gjarnan óskað, að þeir hefðu fengið sér betra hlutskipti, þegar þeir fóru að velja mál, sem útvarpað skyldi umr. um.

En úr því hv. jafnaðarmenn hafa dregið inn í umr. almennar umr. um afstöðu hinna flokkanna til skattamálalöggjafarinnar í heild sinni, vil ég leyfa mér að bæta þar við nokkrum orðum, og enda um afstöðu hv. jafnaðarmanna líka.

Það mun öllum vera ljóst, sem til þekkja, að á þessu þingi hafa hv. jafnaðarmenn tekið upp nýj vinnubrögð. Áður á þingum voru þeir í samvinnu við aðra flokka, bæði um kosningar í þinginu og um ýms mál. Á síðasta kjörtímabili voru þeir þannig í samvinnu við Framsóknarflokkinn. Í þeirri samvinnu komu þeir fram mörgum merkilegum málum, og samfara þeirri samvinnu tóku þá hv. jafnaðarmenn á sig nokkra ábyrgð á meðferð málanna. Nú er þetta stórum breytt. Því er að vísu ekki lokið, að einstaka hv. jafnaðarmaður leiti samvinnu við Framsóknarflokkinn í einstökum málum. En höfuðsvipur þeirrar samvinnu er nú allur annar en áður var. Hitt er miklu almennara, að þeir hrindi frá sér allri samvinnu. Þeir heimta fé og gera alveg takmarkalausar kröfur í því efni, en benda ekki á neina leið til að fá fé til að standast þau útgjöld og vilja ekki neitt samstarf í því efni. Þess vegna greiða þeir nú atkv. á móti fjárl., móti landsreikningi og móti verðtolli, en heimta látlaust meira fé til verklegra framkvæmda. Það vita nú allir, hvers vegna þetta er gert. Hv. jafnaðarmenn álíta, að það sé hyggilegt fyrir flokkinn að haga sér svona, og geta svo komið á eftir til kjósenda og sagt: Við vorum á móti tollinum; það var hinum að kenna, að hann var samþ. Við vildum láta veita milljónir til atvinnubóta; það var hinum að kenna, að það var fellt. Engir erfiðleikar eru okkur að kenna; þeir eru allir hinum að kenna. — Það er ákaflega þægilegt að geta talað svona frammi fyrir kjósendum. En ég efast um, að hv. jafnaðarmenn fái tilætlaðan árangur af þessari framkomu sinni. Ég efast um, að þessi framkoma sé í samræmi við hið vinnandi fólk til sjávar og sveita. Það mun undrast þessar kröfur og ætlast til, að hv. jafnaðarmenn fari öðruvísi að.

Í sambandi við þessa nýju stefnu hv. jafnaðarmanna hér á þingi, vil ég í fyrsta lagi benda á það, að hún er í fullkominni mótsögn við framkomu hv. þm. jafnaðarmanna í atvinnu sinni. Hv. þm. Seyðf. og hv. formaður Alþýðuflokksins stýra hvor sínum banka. Í starfi sínu þar dettur þeim ekki í hug að forða frá

atvinnuleysinu með því að ausa fé á báðar hendur í hvern sem vera skal. Þar spyrja þeir fyrst og fremst: Hvað eru tryggingarnar? Þá finna þeir til fullrar ábyrgðar á verkum sínum. Nú, þá stýrir hv. þm. Ísaf. stórum spítala, og er auk þess einn af helztu stjórnendum í stórum bæ; hann er sem sé í bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar. Þar lætur ekki hv. þm. stjórnast af ábyrgðarleysi.

Í öðru lagi er þessi nýja stefna hv. þm. jafnaðarmanna í fullkominni mótsögn við fyrri stefnu þeirra. Og hvaða árangur hefir það svo haft fyrir þá að taka upp þessa nýju stefnu, sem er alveg tilefnislaus af hálfu okkur framsóknarmanna? Hjá okkur ríkir sami hugur, sami vilji til samstarfs, sama löngun til að bæta hag smælingjanna til sjávar og sveita eins og á meðan hv. jafnaðarmenn veittu okkur hlutleysi sitt. Ég get í þessu sambandi nefnt nýjustu tíðindin. Í gær eða fyrradag samþ. Framsóknarflokkurinn, að ríkið mætti taka á sig ábyrgð fyrir láni handa sjóði, sem hefir það hlutverk að húsa fyrir fátæka menn hér í Reykjavík. Hér í hv. d. var útbýtt í dag þskj., þar sem ætlazt er til, að gerðar séu ráðstafanir til að létta fólki kreppuna.

Loks er ég viss um það, að vinnandi fólk til sjávar og sveita ætlast ekki til þessarar framkomu af hv. jafnaðarmönnum. Nú er fyrir dyrum meiri kreppa en nokkru sinni áður á þessari öld; það er þegar farið að bera tilfinnanlega á henni í atvinnuvegunum, en þó á hún eftir að herða meira að. Undir þessum kringumstæðum er ég viss um það, að hið vinnandi fólk ætlast til, að nú eigi allir flokkar að sameinast um það að bjarga þjóðinni út úr þessari kreppu, en nú eigi ekki ímyndaðir flokkshagsmunir að ráða atkv. hv. jafnaðarmanna.

Nú verður Framsóknarflokkurinn að leita lags til að knýja hina flokkana til að bæta aðstöðu og kjör fátæklinganna, draga hina flokkana lengst í áttina til að hjálpa fólkinu. Þeir gera það, þó þeir viti, að það kosti þá að taka á sig ábyrgð. Þeir vita það, og fulltrúi hv. jafnaðarmanna, hv. þm. Seyðf., veit það líka, að eigi að fást árangur af slíku samstarfi, verða allir að vera samtaka.

Ég vil að síðustu bera fram þá ósk, að þegar hv. jafnaðarmenn óska að fá útvarpað umr. frá hv. Alþ. næst, þá sé það ekki til að sýna ófrjósama og tilgangslausa togstreitu um mál, sem allir verða að vera sammála um, heldur til að sýna árangur af samstarfi þeirra flokka, sem vilja vel hinu vinnandi fólki í landinu.

Magnús Guðmundsson: Mér dettur í hug, í tilefni að ræðu hv. þm. Seyðf. að rifja upp sögu þeirra laga, sem hér er ætlazt til, að verði framlengd um 1 ár.

Árið 1924 var fjárhagur ríkissjóðs ákaflega þröngur, og var þá tekið til þess ráðs að samþ. l. um bráðabirgðaverðtoll, sem áttu að gilda til ársloka 1925. Á þinginu 1925 var l. breytt með því að gera skiptingu á vörunum í 3 flokka, og skyldu þau gilda til ársloka 1926. Á þinginu 1926 voru enn sett lög um verðtollinn, sem áttu að gilda til ársloka 1929.

Með þessum l. var verðtollurinn lækkaður að talsverðum mun, enda hafði fjárhagur ríkisins þá stórbatnað, svo þáverandi stjórnarflokki fannst sjálfsagt að slaka til á sköttunum, enda ættu skattþegnarnir beinlínis kröfu til, að skattar lækkuðu, þegar kreppan minnkaði, en hún var nú horfin. En það var ekki eingöngu verðtollurinn, sem var lækkaður, heldur var einnig afnuminn gengisviðaukinn á vörutollinum. Þessar tvennar skattalækkanir, sem gerðar voru 1926, voru talsvert miklar, og sýndist Sjálfstæðisflokknum ekki ástæða til að íþyngja landsmönnum með sköttum, sem komizt yrði af án. En þrátt fyrir þessar skattalækkanir var þó verklegum framkvæmdum haldið uppi með fullum krafti.

Svona stóð í þessu efni fram til kosninga árið 1927. Eftir kosningarnar myndaði Framsóknarflokkurinn stjórn. Strax á þinginu 1928 fékk hún því til leiðar komið, að veruleg hækkun varð á verðtollinum, og skyldi hún gilda til ársloka 1930. Á þinginu 1930 voru þau lög framlengd til ársloka 1931, og enn á ný bar svo hæstv. stj. fram frv. á þessu þingi um að framlengja þessi lög um 2 ár. Í hv. Ed. varð sú breyting á frv. hæstv. stj., að nú er hér aðeins um framlengingu að ræða í 1 ár, eins og frv. liggur fyrir þessari hv. d.

Um afstöðu hv. jafnaðarmanna til verðtollsins á þinginu 1928 hefir nú hæstv. forsrh. rætt, og hefi ég þar litlu við að bæta, en skal þó taka það fram, að þeir munu hafa verið honum mótfallnir. En samt gerðist það einkennilega fyrirbrigði á þinginu 1928, er verðtollurinn var hækkaður, að jafnaðarmenn sögðu ekki eitt orð á móti því, enda voru þeir þá í svo miklu vinfengi við hæstv. stj., að þar gekk ekki hnífur á milli.

Jafnaðarmenn sýndu það 1928, að þeir gátu vel horft þegjandi á það, að lagður væri þungur tollur á landsmenn, og það þó ríkissjóður væri þá vel stæður, og miklu betur en nú. Síðan verðtollurinn var lögleiddur, hefir hann gefið tekjur í ríkissjóð svo sem ég nú skal greina:

Árið	1924	gaf hann	897 þús. kr.
—	1925	— —	2085 — —
—	1926	— —	1304 — —
—	1927	— —	957 — —
—	1928	— —	1667 — —
—	1929	— —	2226 — —
—	1930	— —	2268 — —

Þessar tölur sýna það tvennt, að sjálfstæðismenn léttu þennan skatt á landsmönnum stórkostlega, og að í stjórnartíð Framsóknar var hann hækkaður svo, að hann er nú stærsti tekjuliður ríkissjóðs, og nú, þegar um það er að ræða að svipta ríkissjóð þessum sínum stærsta tekjulið á óhentugum tíma, þá er það talsvert alvarlegt mál.

Eins og ég drap á áðan, taldi Sjálfstæðisflokkurinn rétt að leggja þennan skatt á vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs árið 1924. En hann taldi líka sjálfsagt að lækka hann aftur árið 1926, þegar hagur ríkissjóðs var kominn í gott horf, og reyna smátt og smátt að draga úr skattunum og skapa festu í skattamálum landsins. En eins og ég líka tók fram áðan, var það eitt meðal fyrstu verka framsóknarstjórnarinnar á þinginu 1928, að hækka þennan skatt aftur jafnmikið og sjálfstæðismenn lækkuðu hann, og á undanförnum góðærum hefir hann hvílt á landsmönnum með öllum sínum þunga, og á síðustu tveim árum verið stærsti tekjuliður ríkissjóðs.

Það hefir oft verið tekið fram í þessu sambandi og öðrum, hversu geysimikið tekjur ríkissjóðs hafa farið fram úr áætlun á undanförnum árum, svo að næstum 15 millj. króna hefir framsóknarstj. haft úr að spila á síðasta kjörtímabili, umfram það, sem ráðgert var. Etla mætti því, að ríkissjóður hefði digrum sjóði yfir að ráða nú, en svo er þó ekki. Hæstv. stj. hefir verið svo frek til fjárins, að að minnsta kosti 1 millj. kr. tekjuhalli hefir orðið á árinu 1930, því allra tekjuhæsta ári fyrir ríkissjóð, sem komið hefir yfir þetta land.

Nú vita allir, að útlitið er mjög ískyggilegt, mikið verðfall á afurðunum og atvinnuleysi yfirvofandi. Það hefði því verið mjög ánægjulegt, ef við hefðum getað létt eitthvað sköttum af landsmönnum nú. Það hefði verið skemmtilegra nú, að hafa látið þá menn ráða, sem vildu fara gætilega í fjármálastjórn ríkisins. En það hefði verið skemmtilegast, ef við hefðum nú getað sagt við skattþegnana: Ríkissjóður heimtar ekki af ykkur jafnþunga skatta nú og síðastliðin ár. En nú verðum við í þess stað að segja: Það er nú því miður ekki hægt að létta af ykkur sköttunum nú; ríkissjóður þolir ekki tekjumissinn; um það eru allir flokkar sammála.

En það er ekki nóg með það, að ríkissjóður eigi ekkert eftir af tekjum þriggja góðæra, heldur hefir þessi sömu ár verið hlaðið svo miklum gjöldum á ríkið, að það hefir nú lítið umfram brýnustu þarfir ríkissjóðs, þó vel ári, og veldur þar mestu um hin mikla vaxtabyrði af þeim stóru lánum, sem stjórnin hefir tekið á undanförnum árum.

Þessi aðstaða verður að koma til greina hjá hv. þm., þegar þeir eru að afgera, hvort verðtollurinn skuli framlengdur eftir till. hæstv. stj. eða ekki. Sjálfstæðisflokkurinn hefir rætt þetta mál og álítur, að það verði ekki hjá því komizt að verða við þessari beiðni hæstv. stj. í þetta sinn. Ríkissjóður má ekki lenda í þroti. En um leið og þetta frv. er samþ., verður að heimta það af hæstv. stj., að hún fari betur með fé ríkissjóðs framvegis en hún hefir gert hingað til. Hún er búin að pína skattþegnana til þrautar í góðærunum; hún hefir sóað öllu því fé, í stað þess að láta atvinnuvegina fá tóm til að safna varasjóði. Hún hefir verið svo óforsjál að eta upp allar tekjur góðu

áranna og geyma ekkert til hinna vondu áranna. Þetta hefir núverandi hæstv. stj. gert, og því er komið sem komið er.

Hv. þm. Seyðf. varði töluverðum tíma til að ræða um skattastefnur flokkanna yfirleitt. Ég vil nú út af því leyfa mér að benda á, að þótt hann sé mótfallinn verðtollinum, þá er langt frá, að hann telji, að ríkissjóður megi nokkurs í missa af tekjum sínum. Hann vill bara leggja á aðra skatta; hann vill stórhækka tekju- og eignarskatt og fasteignaskatt og bæta við nýjum sköttum. Það er svo fjarri honum að vilja létta sköttum af landsmönnum, að hann vill þvert á móti heldur þyngja þá, er verðfall afurðanna veldur því, að hrammur kreppunnar skellur yfir atvinnuvegina með ægilegum þunga.

Þegar ég því greiði atkv. með því, að verðtollurinn verði framlengdur, en hann á móti, gerum við það báðir með þeirri hugsun, að ríkissjóður megi einskis í missa af tekjum sínum.

Skattastefna Alþýðuflokksins hefir oft áður komið til umr. hér í hv. d., og það er þess vegna gömul vísa, sem hv. þm. Seyðf. hefir kveðið hér í kvöld. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hann heldur fram beinum sköttum, en er illa við óbeinu skattana. Báðar þessar skattastefnur hafa sína kosti og sína galla. Gallanna gætir því meir sem skattarnir eru hærri. Það hefir reynslan sýnt. Ég tel því, að bezt fari á því að sameina báðar þessar stefnur.

Það hefir áður verið sýnt fram á það, að það mun láta nærri, að helmingur allra skatta hér á landi séu beinir skattar. Ég held ekki, að það væri til bóta að raska því hlutfalli. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að hv. þm. Seyðf. er mjög fikinn í að hækka beinu skattana. Hann hefir meira að segja bundizt svo sterkum ástarböndum við þessa stefnu sína, að hann sér ekki neina galla á henni, en fengið svo mikið hatur á tollunum, að hann sér ekkert nýtilegt við þá.

Um alla skatta gildir það, að þeir eru óvinsælir og hvumleiðir þeim, sem þá eiga að gjalda. Af engum skatti má heimta það, að hann sé vinsæll. Á því sviði má ekki leita þeirra kosta. En af því hv. þm. Seyðf. heldur svo mjög fram tekjuskatti, vil ég sýna honum fram á, að þessi skattur hefir vissulega sína galla eins og aðrir skattar.

Það má enginn skilja orð mín svo, að ég sé mótfallinn tekjuskatti, ef hann er í hófi, heldur vildi ég, vegna afstöðu hv. þm. Seyðf., mega sýna fram á, að tekjuskattur er ekki eins hreinn og flekklaus og hv. þm. sýnist ætla.

Mér þykir rétt að taka það hér fram í þessu sambandi, að tekjuskattur er hér hærri en nokkursstaðar annarsstaðar nema hjá þjóðum, sem tóku þátt í heimsstyrjöldinni.

Ég vil þá benda á það, að tekjuskattur er fyrirhafnarsamur fyrir skattgreiðendur og dýr ríkissjóði í innheimtu. Nefna má það, að það er mjög hætt við, að menn komist hjá þessum skatti. Skatturinn er innheimtur eftir á, og verða menn því oft að greiða háan skatt í erfiðum árum, en af því leiðir, að mikið tapast af þessum skatti. Þannig mun á árunum 1926—1929 hafa tapazt hér um bil ½ millj. króna af þessum ástæðum. Þessi skattur er á ýmsan hátt óhentugur ríkissjóði. Hann er mjög misjafn frá ári til árs. Ef það ætti aðallega að byggja á svo óstöðugum tekjustofni, þá gæti það orðið ríkissjóði mjög bagalegt. Atvinnuvegirnir eru misbrestasamir, einkum við sjávarsíðuna. Þeir geta gefið tugi þús. kr. í tekjur, en tapið er oft jafnmikið næsta ár. En nú er því svo farið, að skatturinn af tekjum gróðaáranna á að greiðast á tapárunum. Sanngjarnt væri vitanlega að byggja á meðaltali síðustu ára. En sú réttlætiskrafa hefir ekki fengið áheyrn hér á landi.

Ég trúi ekki á tekjuskattinn í blindni, eins og hv. þm. Seyðf. virðist gera. Ég hefi trú á honum að vissu marki, en yfir það má ekki fara. Gífurlegur tekju- og eignarskattur er að vísu auðveld aðferð til eignarnáms. En þá er komið út fyrir grundvöll sjálfrar skattalöggjafarinnar, og er þá farið að nota skattinn til þess að koma fram óviðkomandi málum.

Þá er það annar skattur, sem hv. þm. Seyðf. hefir mikla trú á. Það er fasteignaskatturinn. Ég tel heppilegt að nota hann til þess að gera vegi, eins og sýsluvegasjóðslögin frá 1923 ákveða. Mörg sýslufélög kljúfa þrítugan hamarinn til þess að gera þetta, að bæta vegina. Það er

langt frá því, að ég telji, að þing og stj. myndi verja þessu betur. Lögin frá 1923 hafa einmitt sýnt sig að vera hentug til þess að hrinda áfram vegagerðum.

Hv. þm. Seyðf. vék að Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, að þeir myndu hafa tekið höndum saman til þess að koma fram verðtollinum. Við þessu er því að svara, að allir flokkar eru sammála um, að ríkissjóður má ekki við því að missa af þessum tekjum. Við sjálfstæðismenn teljum verðtollinn hentugri skatt en það, sem hv. þm. Seyðf. hefir á boðstólum. Við vissum vel, að stj. átti kost á öðrum sköttum, ef við hefðum hafnað þessum. Hér er um það eitt að ræða, hvort við eigum að halda þessum eða taka aðra. Þess vegna greiðum við atkv. með þessum.

Hv. þm. Seyðf. talaði eins og þetta ætti eitthvað skylt við kjördæmaskipunarmálið, og að Sjálfstæðisflokkurinn hefði slegið af kröfunum í því máli. En þetta er undarleg hugsunarvilla. Þetta er stjfrv., svo við þurftum ekkert að borga fyrir það, að það gengi fram. En hitt er rétt, að Sjálfstæðisflokkurinn vildi ekki afgreiða málið í Ed. fyrr en séð væri, hvernig færi um kjördæmaskipunarmálið. Það hefir verið notað til þess að fá 2 sjálfstæðismenn, 2 framsóknarmenn og 1 jafnaðarmann inn í nefndina, í stað 1 sjálfstæðismanns og 4 framsóknarmanna, eins og stj. hafði ráðgert. Svo hv. þm. Seyðf. og flokkur hans ættu að vera okkur þakklátir fyrir afskipti okkar af kjördæmamálinu. Og ég veit, að þeir eru þakklátir í hjarta sínu. Það er ekki til neins fyrir hv. þm. Seyðf. að vera að gefa í skyn, að hægt hefði verið að hafa fram þessa breyt. með því að fella verðtollinn. Jafnaðarmenn buðu nóga nýja skatta, þó að þessi hefði fallið.

Tekjur ríkissjóðs 1930 voru um 17 millj. kr. Það er um 170 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Þetta svarar til 850 kr. á 5 manna fjölskyldu. Þessi upphæð er svo há, að það er óhugsandi að ná henni inn, nema skattarnir komi oft hart niður. Það hefir því engin áhrif á mig, þó að hægt sé að sýna í einstökum tilfellum, að svo sé.

Við þetta bætast svo skattar til sveitarsjóðanna. Það undrar mig því ekki, þó að fram komi háværar raddir um, að nú verði að lina á sköttunum. Hv. þm. Seyðf. sagði það okkar stefnu að hlífa hátekjumönnunum, en leggjast á lítilmagnann. Þessu til sönnunar sagði hann, að það væru um 1150 menn, sem borguðu meiri hlutann af tekju- og eignarskatti í landinu. Nú er þessi skattur sjaldan undir 1 millj. kr. og oft á aðra millj. Þessi fámenni hópur hefir því greitt þessa upphæð, og sýnist það ekki vera nein hlíf. Hann nefndi, að maður, sem á 100 þús. kr. eign, gyldi 200 kr. í eignarskatt, og hann talaði eins og það væri einasti skatturinn, sem hann þyrfti að greiða. En hann borgar líka tolla, og hann borgar líka tekjuskatt, sem er margfalt hærri en í öðrum löndum, og auk þess útsvar oft mjög hátt.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég hefði viljað víkja máli mínu til hæstv. forsrh. til að byrja með, og þá til hv. 2. þm. Skagf., ef tími ynnist til.

Hæstv. forsrh. hóf ræðu sína á því að beina þeirri fyrirspurn til mín, hvort ég hefði ástæðu til að spyrjast fyrir um stjórnarmyndun. Ég vildi svara með því að spyrja, hvers vegna þetta gengi svo erfiðlega, að þeir þyrftu að fá aðstoð, eða hvort ætlunin væri kannske að bjóða mér einn af ráðherrastólunum. En ég get fullvissað hæstv. ráðh. um það, að ég mynda ekki stjórn með honum. En hann sagði meira. Hann sagði, að ég hefði ekki meiri rétt til að vita þetta en aðrir þm. En hann gætir þess ekki, að öll þjóðin á rétt á að vita þetta. Það er alveg óheyrilegt, að ópólitísk stjórn skuli fara með völd löngu eftir að kosningar eru um garð gengnar og þingið er í þann veginn að hlaupa heim frá störfum sínum.

Hæstv. forsrh. var að gefa okkur þm. reglur um hegðun hér í þinginu. Hann heldur auðsjáanlega, að það sé sín köllun. En ég held, að hæstv. ráðh. væri bezt að taka þetta til sín sjálfur, og reyna að breyta svo, að hans eigin kjósendum væri til hagsbóta, en ekki bölvunar.

Hæstv. ráðh. sagði, að tekin hefði verið upp ný stefna hér í þinginu, þar sem hér hefðu verið greidd atkv. móti fjárl. og LR. fyrir 1929. Taldi hann slíka fram-

komu ekki rétt samboðna þm. En í fjárl. þeim, sem nú er verið að afgreiða og sem almennt eru kölluð sultarfjárlögin, er gert ráð fyrir, að fé það, sem varið er til nýrra, opinberra framkvæmda, sé tæpur ¼ þess, er verið hefir undanfarin þrjú ár. Þó er nú gengin yfir landið alvarlegasta kreppa, sem komið hefir á þessari öld, að sögn sama ráðh. Og á þessum krepputímum dirfist stj. að leggja til að reka úr vinnu ¾ þeirra, er atvinnu hafa haft hjá ríkissjóði. Stjórninni var heimilað að greiða 11 millj. síðasta fjárhagsár. En hún hefir eytt 16 millj. — 5 millj. umfram það, sem ákveðið er í lögum. Og svo vill þessi hæstv. ráðh. fá syndakvittun á eftir! Og svo heldur hann, að sitji á sér að vanda um við þm.! Ef fjárveitingavaldið á að vera í höndum Alþingis, þá á stjórnin að vera bundin við fjárl.

Um stefnu sína í skattamálum talaði þessi hæstv. ráðh. ekki eitt einasta orð. Hann talaði ekkert um stefnu Framsóknar í þeim málum. Þetta ættu aðeins að vera bráðabirgðaráðstafanir vegna kreppunnar. En í hverju koma þessar ráðstafanir fram? Í því, að öllum, sem hafa lítið, á að hjálpa með því að leggja 20% á lífsnauðsynjar þeirra. Hann er að hjálpa bændunum, sem þurfa að kaupa fyrir segjum 200 kr., með því að taka 40 kr. af þeim. Naprara gys er ekki hægt að gera að mönnum, sem eiga bágt.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, hvernig afstaða okkar til verðtollsins hefði breytzt síðan 1928. En ég vil minna hann á það, að þegar verðtollurinn var fyrst samþ. 1923, þá greiddi sá eini þm. Alþýðufl., sem þá var á þingi, atkv. móti honum. Hæstv. forsrh. man kannske, að stj., sem sat að völdum 1928, þurfti á hlutleysi að halda til þess að geta setið. Hún fékk þetta hlutleysi. En hann lofaði þá, að lagasetningu yrði breytt um þessi atriði, t. d. að lækka skyldi kaffi- og sykurtollinn.

Mþn. í skattamálum var samþ. hér í þinginu og skipuð til þess að koma fram meira réttlæti í skattamálum en áður. Allt leit líklega út. Ég var ungur og óreyndur þá og trúði því, að einhver vilji væri bak við. En hæstv. forsrh. hefir gabbað fleiri en sína eigin kjósendur. Hann hefir líka gabbað mig. Nú hefi ég fengið reynsluna og veit, hvað leggja má upp úr orðum þessa ráðh. og flokks hans. Skattanefndin er búin að skila af sér störfum. Þar hafa Framsókn og Sjálfstæði látið svo dátt hvort að öðru, að hnífur hefir ekki gengið á milli. Og stj. gengur svo langt, að hún er farin að snapa upp gamlar íhaldsleifar. Hún snapar upp „litla og ljóta“ frv., hvað þá annað. Nú hefir hún fundið upp á því að bæta á verndartollum á fisk, kjöt, mjólk og egg. En þessi verndartollur þýðir ekkert annað en það, að það á að skattleggja verkamenn í kaupstöðum til hagsmuna fyrir bændur.

Ég hefi þá gert grein fyrir, af hverju vinnubrögð okkar hafa breytzt. Það er af því, að hæstv. forsrh. og flokkur hans hafa sem sagt ekki einungis svikið sína eigin kjósendur síðan 1928, heldur og okkur líka.

Spaugsyrði hæstv. forsrh. um innflutning gimsteina og flugelda er ekkert annað en hlægilegur leikaraskapur. Ég er a. m. k. ekki svo mikið barn, að ég vilji leggja 20% á nauðsynjavörur. af því ég sé hræddur við, að annars flytji menn inn gimsteina með of lágum tolli. Þetta er ekki annað en bráðabirgðaráðstöfun, segir hæstv. ráðh. Þetta er alveg út í loftið, úr því að skattan. er búin að ljúka störfum.

Út af skrafi hæstv. forsrh. um vilja Framsóknar til þess að líta í náð til smælingjanna, er ekki þörf á að segja margt. Hann talaði um tóbakseinkasöluna. Hann þarf ekkert að þakka sér, að það mál gekk fram. Það var á valdi Alþýðuflokksmannsins í Ed., hvernig um það færi, og þau skilyrði, sem hann setti, björguðu málinu. Þar ræðir um 1½ millj. til atvinnubóta. Það er að gera gys að sjálfum sér að ætla, að slík upphæð geri verulegt gagn, sérstaklega þegar ferföld sú upphæð er tekin af því fólki, sem kreppan skellur harðast á.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. þm. Seyðf. sagðist fyrst ætla að svara mér, en láta auðnu ráða um það, hvort hann svaraði hv. 2. þm. Skagf. Hann hefir nú svarað mér einum, en ekki 2. þm. Skagf. Ef tilgangur hv. þm. hefir verið sá, að auglýsa sérstaka stefnu sína í skattamál-

um, þá er það ekki heppileg aðferð að láta höfuðandstæðing sinn, hv. 2. þm. Skagf., verða útundan.

Hv. þm. Seyðf. er auðsjáanlega að stofna til kjósendaveiða hjá fólki úti um land, því að nú vex óðum sá flokkur hins vinnandi fólks til sjávar og sveita, sem álítur, að Framsóknarflokkurinn hugsi bezt um hag þess. Þess vegna beinir hv. þm. orðum sínum til mín. Hæddist hann að afstöðu Framsóknar til þessara mála og kvað hjálp okkar við verkalýðinn vera í því fólgna að framlengja verðtollinn. En þetta er nú einmitt sama hjálpin og hv. þm. og flokkur hans veitti verkalýðnum árið 1928. Hörðu orðin eiga alveg eins við um hans flokk þá, ef þau eiga við að þessu sinni. En sannleikurinn er sá, að hvorugir eiga hnjóðsyrðin skilið. Vegna vandræða og örs vaxtar í þjóðfélaginu, hefir ekki enn unnizt tími til að koma lagi á skattamálin.

Hv. þm. sagði enn og dró dár að því, að þetta væri nú 8. árið, sem verðtollurinn væri framlengdur, enda þótt hann hafi í fyrstu ekki átt að vera annað en bráðabirgðaráðstöfun. Ætlar hann að sýna með því, að þetta geti ekki hafa verið hugsað sem bráðabirgðaráðstöfun, fyrst alltaf hefir verið framlengt í 8 ár samfleytt. En hvaða eðlismunur kemur hér til greina, ef þess er minnzt, að hv. þm. tók sjálfur þátt í þessari framlengingu árið 1928, en það var 5. árið? Hér er enginn eðlismunur, því að framlengingin stafar í bæði skiptin af því, að ekki hafði tekizt að koma fastara og réttlátara skipulagi á skattamálin.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði gabbað sig 1928. Hann hefði samþ. framlenginguna af þeim ástæðum. (HG: Ég samþ. hana aldrei). Hvað er það annað en að samþykkja, að sitja hjá í deild við umr. málsins og opna ekki munninn? Þó að ég kynni nú að hafa gabbað þennan unga og óspillta mann 1928, hvernig átti ég aftur á móti að geta gabbað reyndan og gætinn mann eins og forseta Alþýðusambandsins, sem verið hefir þm. miklu lengur en ég? Sat hann þá í Ed. og sagði ekki orð á móti samþykktinni. Ég er alls ekki eins slyngur að leika á menn og hv. þm. vill vera láta, enda var ástæðan ekki sú, heldur hin, að Jón Baldvinsson hafði þá ábyrgðartilfinningu 1928, eins og hv. þm. Seyðf. líka hafði þá, að hann sá, að þessa bráðabirgðaframlengingu varð að samþykkja.

Ég vil í framhaldi af þessu beina þeirri spurningu til hv. þm., hvort hann telji ríkari skyldu fyrir jafnaðarmann að vinna að ímynduðum flokkshagsmunum og vilja enga ábyrgð taka á sig eða að láta það vera æðstu skyldu sína að gera ráðstafanir til að bæta kjör hins vinnandi fólks.

Fyrir nokkrum dögum ritaði ég sem fjmrh. undir 300 þús. kr. skuldabréf, og átti þetta fé að fara til þess að reisa fyrir verkamannabústaði. Eins samþykkti Framsókn í Ed. að verja helmingi af ágóða tóbakseinkasölunnar til hjálpar hinu vinnandi fólki. Framsókn vill gera öruggar ráðstafanir til að greiða úr vandræðum fólks í öllum héruðum og hefir í því skyni gert samband við héraðsstjórnir, og vita fulltrúar jafnaðarmanna þetta. Framsókn gengur fram fyrir skjöldu um það að bæta kjör verkalýðs hér á landi.

Ég hefi fulla ástæðu til að beina fyrrnefndri fyrirspurn til þingmanna jafnaðarmanna, því að allir lifa þeir í starfi sínu eftir þeirri reglu að láta ábyrgðartilfinninguna ráða. Hv. 3. þm. Reykv., sem selur þýðingarmikla vöru, sem sé olíu, lánar ekki olíuna takmarkalaust, til þess að draga úr atvinnuleysinu. Hann sýnir ábyrgðartilfinningu, því að hann er duglegur maður og vill sjá fótum sínum forráð. Hvers vegna sýnir þessi þm. ekki sömu ábyrgðartilfinningu á Alþingi og í einkalífi sínu?

Í fyrri ræðu minni leiddi ég hjá mér að svara hv. 2. þm. Skagf., fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, og hnútum hans í garð Framsóknar. Vil ég hér aðeins minna á, að verðtollurinn var upphaflega borinn fram af Sjálfstæðisflokknum sem hallærisráðstöfun í erfiðu ári, þegar líkt var ástatt og nú.

Magnús Jónsson: Flokkarnir hafa nú lýst stefnum sínum í skattamálum, að svo miklu leyti sem þeir hafa einhverja stefnu, og það hefir verið dregið hér fram, hversu hroðalegar afleiðingar það myndi hafa, ef ríkissjóður yrði sviptur

þeim tekjum, sem honum er ætlað að hafa af verðtollinum. En þótt ýmislegt hafi fram komið, sem kynni að vera þess virði að svara því, þá ætla ég samt ekki að verja þessum fáu mínútum, sem mér eru ætlaðar, til þess, enda aðallega kastazt í kekki milli gömlu hjónaleysanna, stj. og jafnaðarmanna, heldur ætla ég að verja þeim til þess að lýsa því með fáum dráttum, hvernig þetta lítur út frá mínum bæjardyrum. Nærri má þó geta, að það verður fátt eitt, sem ég get sagt um þetta geysivíðtæka mál á einum 15 mínútum.

Ég vík þá fyrst að jafnaðarmönnum. Samkv. hreinræktaðri jafnaðarstefnu eru allir skattar óþarfir. Þjóðfélagið á að eiga allt, og allar tekjur, sem til falla, eiga því að vera ríkistekjur, en ríkið miðlar svo aftur því, sem fólkið þarf til lífsviðurværis. En meðan jafnaðarmenn lifa í þessari syndumspilltu veröld auðvaldsskipulagsins, hallast þeir að því, sem þeir kalla „beina“ skatta. En það stafar af því, að þeir vita sem er, að þessir skattar muni fljótast leiða til þess takmarks, sem þeir hafa sett sér. Hvar sem fé safnast saman og fer að skapa möguleika til einhverra mikilla framkvæmda, er um að gera að koma þegar í stað með skattavöndinn á lofti. Einstaklingsfyrirtækin eru rammasta andstæða jafnaðarstefnunnar, og því er ekkert undarlegt, þó að þeir velji þá leiðina í skattamálum, sem bezt er til þess fallin að fæla menn frá þesskonar brölti og jafna á þeim gúlana, ef þeir samt sem áður leggja út í fyrirtækin.

Þetta er sá árangur, sem þeir vænta af sínum háu tekju- og eignarsköttum.

Jafnaðarmenn eru óánægðir með það þjóðskipulag, sem vér nú búum við, og þess er því ekki að vænta, að þeir vilji haga sköttum eða öðru eins og hentugast er í þessari veröld. Þeir vilja nýja jörð og þeir miða aðgerðir sínar við þetta. Þeir stefna að þessu marki, ríkisrekstri á öllu, eða eins og þeir oft nefna það, „þjóðnýtingu“, bæði eftir krókaleiðum og beinum brautum. Ein af krókaleiðunum er þessi skattastefna, sem ég nú hefi nefnt, afarháir beinir skattar, og þar með kollvörpun einstaklingsfyrirtækjanna. Og þegar það opinbera hefir þannig komið fyrirtækjunum á kné, þá er hrópað: Sko, þarna sjáið þið. Þetta er nú árangurinn af ykkar marglofaða einstaklingsframtaki.

Í sambandi við þetta sama stendur það, að jafnaðarmenn vilja yfirleitt hafa skatta sem hæsta. Þetta er alveg eðlileg afleiðing þeirrar stefnu, að þjóðfélagið eigi yfirleitt að taka allan afrakstur af vinnu og fyrirtækjum manna og ráðstafa honum. Þetta er ekkert annað en krókaleið að sama markinu.

Þetta gerir það að verkum, að það er yfirleitt erfitt að ræða skattamál við jafnaðarmenn. Því að við viljum byggja okkar skattakerfi á þeim grundvelli, sem er hagkvæmastur okkar þjóðskipulagi, en þeir vilja haga þeim á þann hátt, sem fljótast og öruggast veltir því í rústir. Tilgangurinn verður því sinn hjá hvorum. Við viljum ná nauðsynlegum tekjum í ríkissjóð með þeim hætti, sem atvinnuvegunum er sem hentugast, en þeir eru ekki fyrst og fremst að hugsa um það, heldur eru þeir að mæna á sitt fjarlæga mark, hina komandi Paradís þjóðnýtingarinnar.

Þetta sannast og af því, að hvenær sem þeir geta höndum undir komizt, yfirgefa þeir allar krókaleiðir og fara sínar beinu brautir. Þeir vilja auðvitað helzt taka ríkistekjurnar með beinum atvinnurekstri þess opinbera, og hefir eitt slíkt mál verið á dagskrá í dag, sem er tóbakseinkasalan. Þeir hafa og eðlilega stungið upp á fleiri þesskonar bjargráðum, og má í því sambandi benda á hið mikla 11 milljóna frumvarp jafnaðarmanna, sem nú er fyrir þinginu, sem valda myndi, ef samþykkt væri, mestu bylting í atvinnulífi voru, sem nokkru sinni hefir gerð verið að opinberri ráðstöfun.

Þá vil ég minnast á stjórnarflokkinn. En þar get ég verið stuttorður, því að hann hefir enga stefnu í skattamálum frekar en öðrum þeim málum, sem nú valda átökum í stjórnmálaheiminum, hér sem annarsstaðar. Í stefnunni mun hann þykjast vera með einstaklingsrétti gegn árásum jafnaðarmanna, en í reyndinni velkist hann eins og stýrislaust flak fyrir hinum ýmsu vindum, sem um hann blása. Þannig virðist hann vera til í ríkisrekstur, hvenær sem einhverjar svokallaðar

„sérstakar ástæður“ mæla með. Hann er til í að „skipulagsbinda“ eitt og annað og setja höft og hömlur á. Og þá sýnist hann ekki vera tiltakanlega varfærinn um það að gera alla skatta sem hæsta og tefla á fremsta hlunn um getu atvinnuveganna til þess að rísa undir byrðunum.

Gegn stefnu jafnaðarmanna stendur svo stefna sjálfstæðismanna, sem byggir á því að hvetja og örva einstaklingana til framkvæmda og skapa þeim möguleikana og skilyrðin til þess að það megi lánast.

Þegar mikla peninga þarf í ríkissjóðinn, er náttúrlega ekki til neins að gera sér neinar tálvonir um það, að hægt sé að ná þeim sköttum inn án mikilla erfiðleika fyrir atvinnuvegina. Þess vegna verður það fyrsta stefnuatriði sjálfstæðismanna að fara gætilega í fjármálum, ekki til þess að úr framkvæmdum dragi, heldur beinlínis til þess að þær aukist. Því að þó að ríkið geti náttúrlega framkvæmt eitt og annað fyrir þá skatta, sem það tekur af landsmönnum, og látið þannig „verkin tala“ sjálfu sér til lofs og dýrðar, þá eru þó allar meginframkvæmdirnar á vegum atorkusamra einstaklinga, og það, sem þá hvetur áfram, verður alltaf það happasælasta og mikilvirkasta. — En því miður er nú, með fjármálastjórn, — nei, fjármálaóstjórn undanfarinna ára gersamlega búið að útiloka alla von um vægð eða linun á þeim skattabyrðum, sem nú þjaka þjóðina. Enda hugsa nú ekki þessir herrar eða skrifa um annað en nýja og aukna skatta, og negla þannig einn naglann eftir annan í þá líkkistu, sem þeir, sennilega óafvitandi og í fávizku, eru að smíða utan um jarðneskar leifar okkar efnalega sjálfstæðis.

En úr því sem komið er, verður að reyna að ná þessum nauðsynlegu tekjum á þann hátt, sem minnst raskar atvinnulífinu. Og stefnan verður því að mínu viti að vera:

Í fyrsta lagi sú, að standa móti auknum byrðum.

Í öðru lagi sú, að haga sköttum þannig, að menn séu hvattir til sparsemi. En það verður gert með því að láta sparsemina fá sín laun, þannig, að sparsemdarmaðurinn njóti þess einnig hjá því opinbera, að hann er sparsamur, en hinn óspilunarsami sé frekar rúinn til hagsmuna fyrir ríkisheildina.

Og í þriðja lagi sú, að draga ekki kjark úr þeim, sem vilja leggja í áhættu til þess af afla mikils, né heldur hóta þeim, sem leggur upp peninga sína í stað þess að eyða þeim, með því að taka mikinn part af þessum spariskildingum í skatta, og það þá oft og einatt handa óspilunarsamri stjórn til meðferðar.

Í öllum þessum atriðum greinir okkur á við stefnu jafnaðarmanna, og við stjórnarflokkinn að svo miklu leyti sem hann lætur teyma sig út í vitleysuna.

Þó að menn nú greini þannig á um skattamálastefnur, þá er ekki svo að skilja, að til sé einhver algild aðferð í þessu efni. Allar aðferðir hafa galla, og menn reyna því að synda fyrir skerin með því að dreifa sköttunum og draga þannig úr göllum hvers um sig.

Aðalskiptingin, sem menn hafa viðhaft, er skiptingin í beina og óbeina skatta, eftir því hvort gengið er beint framan að manni og sagt: peningana eða lífið, eins og nú gildir um tekjuskatt, aukaútsvör o. fl., eða sú aðferð er höfð, að krækja í aurana svo að segja án þess að maður viti. Beinu skattarnir er sagt, að eigi að koma niður á mönnum eftir efnum og ástæðum, en hinir lenda á hverjum þeim, sem notar hlutinn, sem tollaður er. Má nefna vörutollinn sem gott dæmi upp á slíkan skattstofn. Eru báðar þessar tegundir skatta notaðar í okkar skattalöggjöf.

Ef við lítum nú á þann skatt, sem hér er til umræðu, verðtollinn, þá má segja, að hann fari í raun og veru bil beggja, og hann hefir, að mínu viti, töluvert af kostum beggja.

Fljótt á litið er hann nokkurskonar nefskattur. Hann er lagður á vöruna, en ekki manninn. Og hann er því jafnhár, hvort sem fátækur eða ríkur kaupir. Ég verð að borga sama toll af sama fataefni, hvort sem skattframtal mitt er 3000 eða 30000 krónur.

En sé nú nánar aðgætt, kemur í ljós, að verðtollurinn kemur í reyndinni út eins og nokkurskonar tekjuskattur. Því að þó hann sé jafnhár fyrir alla á sömu vöru, þá kaupa ekki allir sömu vöru. Sá,

sem hefir miklu úr að spila, kaupir e. t. v. fataefni fyrir 100 kr., þegar annar, sem hefir minna umleikis, kaupir sér í föt fyrir 30 kr. Og meira en það. Skattur þessi er mishár. Af nokkrum nauðsynjavörum er hann enginn. Af öðrum er hann fremur vægur. En af beinum óþarfavörum er hann mjög hár. Á þennan hátt verkar hann raunverulega sem tekjuskattur. En hann er laus við suma galla tekjuskattsins, t. d. þann, hve erfitt er að fá rétt framtöl. Hann er líka laus við þann ókost að þurfa að ganga beint framan að mönnum og taka af þeim peningana, því að reynslan er sú, að engir skattar eru óvinsælli. Og svo er hann laus við þann höfuðókost tekjuskattsins, að taka jafnhátt af tekjum manna, hvort sem þeim er varið vel eða illa.

Verðtollurinn er því einskonar tekjuskattur, sem kemur niður á mönnum eftir því, hvort þeir verja tekjum sínum vel eða illa. Hann er sem sé eyðsluskattur fyrst og fremst. Hátekjumaðurinn verður að borga gífurlega háan verðtoll, og það án þess að nokkurt framtal sé af honum heimtað, **ef hann sóar** sínum miklu tekjum. En ef hann sóar þeim ekki, þá koma þær þjóðfél. að gagni á annan hátt, og það á þann hátt, að það væri tap fyrir þjóðarbúskapinn að taka þær af honum í skatta. Þær lenda sem sé í viðauka við þjóðareignina, þær lenda í fyrirtækjum landsmanna, annaðhvort í fyrirtæki hans sjálfs eða þá í banka, og á þann hátt í fyrirtækjum annara.

Miklar tekjur, mikill afrakstur, er þjóðfél. gagnlegar. Verðtollurinn gengur heldur ekki beinlínis fast að þeim. En um leið og miklar tekjur teyma menn út í óþarfa eyðslu í kaupum á útlendum varningi, verða þær varhugaverðar, enda kemur þá verðtollurinn til af sjálfu sér og háskattar manninn. Verðtollurinn verðlaunar því það, sem er verðlaunavert, og ýmist varar við eða refsar fyrir það, sem er þjóðfélaginu óheppilegt. Hann gefur mönnum það rétta valfrelsi, sem tekjuskatturinn neitar mönnum um. Með honum er sagt við menn: Það getið komizt létt út af þessum skatti, og það án þess að beita nokkrum svikum. En þess er krafizt, að þið gerið föðurlandinu annan greiða í staðinn: þann að vera sparsöm og safna þannig rekstrarfé fyrir þjóðfélagið.

Ég hygg, að fáir skattstofnar henti betur okkar unga og efnalitla þjóðfélagi en einmitt verðtollurinn, því að hann kemst sennilega einna næst því að stuðla að efnaaukning í þjóðfélaginu með áhrifum sínum, en á henni höfum við ríka þörf, með öll ónunnu verkefnin fram undan og öll tækifærin til framkvæmda hér í þessu svo að segja ónumda landi. En það skal ég játa, að hann er of hár eins og hann er. Það er núverandi stjórnarflokkur, sem ber ábyrgðina á því að keyra hann upp í þetta hámark, eftir að sjálfstæðismenn höfðu lækkað hann, og þrátt fyrir það, að sjálfstæðismenn bentu á, að ekki var þörf á hækkun. Hann er því óneitanlega mjög þung byrði eins og hann er. Og hart er það, að eftir öll þessi veltiár og með aðra eins kreppu fram undan og nú, skuli ekki vera hægt að lina neitt á skattaskrúfunni, allt fyrir angurgapahátt og ráðleysi stjórnarinnar. En þessa menn, sem hækkuðu verðtollinn um 50% og hafa haldið honum í þessu hámarki og gert ómögulegt að lækka hann, þó að syrti að, þessa menn studdu jafnaðarmenn til valda og héldu hlífiskildi yfir árum saman og styðja óbeinlínis enn. Þessir sömu jafnaðarmenn, sem berja sér nú á brjóst og fella krókódílatár yfir þessum skatti, sem þeir sjálfir eiga svo drjúgan þátt í. Um slíka aðferð á ekkert betur við en hið fornkveðna: Vei yður, þér hræsnarar. Þeir munu ekki verða öfundsverðir af því fylgi, sem þeir fá á svo lélegum málstað.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Mér þótti fara mjög vel á því, að hv. 4. þm. Reykv. skyldi ljúka ræðu sinni með þessum orðum: Vei yður, þér hræsnarar. Til þess liggja tvær ástæður. Í fyrsta lagi, að það situr vel á manni í hans stöðu að taka sér í munn bibliunnar orð; og í öðru lagi kveður hann harðan dóm yfir sjálfum sér og allri sinni opinberu starfsemi.

Annars er það ekki mikið, sem ég þarf að taka til athugunar af ræðu þessa hv. þm., og reyndar ekki heldur ræðu hv. 2. þm. Skagf., vegna þess að þeir hafa nú báðir gengið í lið með samherja sínum,

hæstv. forsrh., og lagt til uppistöðuna í þann vef, sem hann hefir með höndum, svo að hann þurfi ekki sjálfur að leggja til annað en ívafið. Það hefir orðið sú verkaskipting, að hæstv. forsrh. talar með slagorðum um góðan vilja til að bæta kjör fólksins, en síðan hafa liðsmenn hans gerzt til þess að flytja fram að þeirra dómi hin frambærilegu rök fyrir því, að verðtollurinn sé hentugur skattstofn. Hv. 4. þm. Reykv. hefir vitaskuld mælt fyrir munn samherja síns, hæstv. forsrh., í þessu efni.

Ég vil benda á það í sambandi við þessar skattamálahugleiðingar, að þegar um er að ræða hvort heldur verðtoll eða aðra tolla, þá ber að sjálfsögðu að líta á það, hver annar úrkostur er fyrir hendi. Hér er ekki um það ræða, hve mikla peninga ríkissjóður þurfi, heldur um það eitt, á hvern hátt eigi að afla fjárins. Á að taka peningana með þessum hentuga skattstofni, sem hv. 4. þm. Reykv. kallar, eða á að taka þá með tekju- og eignarskatti og slíkum beinum sköttum? Það er skylt að bera saman, hvernig skattarnir verka og hve háir þeir eru. Ég hefi áður gert grein fyrir, hvernig verðtollurinn verkar, að hann er tekinn sem $^1/_5$ hluti af þeim tekjum verkamanna, sem renna til kaupa á nauðsynjum, fatnaði, búsáhöldum og fjölmörgum öðrum vörutegundum og svo matvælum. Tökum þá til samanburðar tekju- og eignarskattinn. Hv. 2. þm. Skagf. kvartaði um, að ég hefði tekið tekju- og eignarskatt sinn í hvoru lagi. Ég skal þá taka þetta aftur í einu lagi.

Maður, sem hefir 12500 kr. árstekjur og meðalfjölskyldu, á 100 þús. kr. skattskyldar eignir og 10 þús. kr. skattskyldar tekjur, verður að greiða .....*) í tekjuskatt og .....*) í eignarskatt. Þetta borgar hann til viðbótar þeim tollum, sem hann óumflýjanlega þarf að greiða, og sem er jafnt hjá lágtekjumanninum með jafnstóra fjölskyldu. Ég spyr hv. 2. þm. Skagf.: Finnst honum nokkur sanngirni að taka .....*) Þennan samanburð verða hv. þm. að gera, sem vilja ræða um réttlæti þessara tveggja aðferða.

*) Eyða í handr.

Um það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að verðtollurinn væri eyðsluskattur, þá er það vitanlega rétt. En að tala um eyðslu eins og hann gerði, nær vitanlega ekki nokkurri átt. Eyðsla er óhjákvæmileg, og hver maður verður að eyða svo og svo miklu af tekjum sínum, margir öllum tekjum, til þess að sjá fyrir lífsþörfum sínum og sinna. Á að skattleggja þessa eyðslu? Í verkinu segja bæði hæstv. forsrh. og þessir tveir málsvarar hans, að þetta eigi að gera, — skattleggja alla peninga, sem varið er til kaupa á fatnaði, búsáhöldum, matvælum og nauðsynjum öðrum. Eyðslu hinna mannanna, sem hafa margfaldar tekjur á við þetta, sjá þeir síður ástæðu til að skattleggja. Það á að hvetja menn til sparnaðar. En það er ekki svo auðvelt að spara, þegar tekjur hrökkva ekki fyrir einföldustu nauðsynjum. Á að spara föt á fjölskylduna? Á að spara húsnæði eða á að spara mat? Þessi viðurstyggð er í hvers manns munni. En þesskonar sparnaður er ekkert annað en drepa niður þroska og velgengni þeirra, sem sparnaðinn eiga að framkvæma.

Þetta læt ég nægja til að svara hæstv. forsrh. En honum til sérstakrar ánægju vil ég lesa upp stefnuskrá framsóknarmanna. Hún er á þessa leið: Að lækka tolla þá, sem nú hvíla á nauðsynjum, en auka beina skatta. — Stefnuskrá þess flokks, sem hæstv. forsrh. er formaður fyrir, er að lækka tolla á nauðsynjum, en auka beina skatta á eignum og tekjum. Nú er hann að framkvæma sína stefnuskrá á þann hátt að lögfesta í eitt ár — í tvö ár eftir frv. hans — 2 millj. kr. toll, sem að lang-langmestu leyti hvílir á nauðsynjum. Og svo ætlast hæstv. forsrh. til, að þetta sé tekið sem sjálfsagt og í samræmi við loforð hans og orð stefnuskrárinnar.

Hæstv. ráðh. talaði um kjósendur, — að mín ræða hefði verið flutt eins og kjósendaræða. Ég veit ekki, hvort hann heldur, að ef satt er sagt frá aðgerðum hans og hans flokks í skattamálum, mundi það verða til þess, að kjósendur hörfuðu frá honum og hans flokki, en mér finnst í þessum orðum bein viðurkenning þess. Enda er það ekki furðulegt, því að hæstv. ráðh. og hans flokk-

ur hafa haldið því fram, að þeir bæru hag sveitabænda sérstaklega fyrir brjósti, en með því að lögfesta tollinn eru lögð útgjöld á hverja einustu fjölskyldu, sem nemur a. m. k. hátt á annað hundrað kr. á hverju einasta ári. Miklu hærri er sú upphæð, sem þeir eiga að greiða, sem eru svo ólánssamir, liggur mér við að segja, að eiga mörg börn, þungt heimili og erfiðan efnahag.

Hæstv. forsrh. bar ekki á móti því, að hann hefði gabbað Alþýðuflokksmenn á þinginu 1928. Því að frv., sem hæstv. stj. gerði að sínu á þinginu, sem rofið var, ber þess greinilegan vott. En nú segir hæstv. forsrh., að það sé nauðsynjamál að laga eitthvað skattalögin, — eftir að hæstv. stj. er í vetur búin að taka saman við hv. 2. þm. Skagf. og hv. 1. þm. N.-M. um það að hækka verðtollinn, — ekki til bráðabirgða, heldur um alla eilífð. Svo segir hæstv. ráðh., að nauðsynlegt sé áður en langt um líður að endurskoða skattalöggjöfina, eftir að endurskoðuninni er lokið. Ég skil þetta ekki.

Má ég vekja athygli hæstv. forseta á því, að það hefir ekki heyrzt til mín í fimm mínútur, eftir því sem mér er sagt. Ég þyrfti því að fá *tímann lengdan*. (**Forseti**: Ég skal láta athuga þetta strax).

Þá beindi hæstv. ráðh. þeirri fyrirspurn til mín, hvort við teldum skyldu okkar að vinna fyrir ímyndaða flokkshagsmuni. Þessi fyrirspurn er alveg út í hött. Ég veit ekki, hvað hann á við með þessum ímynduðu flokkshagsmunum. Hann lét enga skýringu fylgja, nema ef hann skyldi halda, að okkar flokki mundi hraðaukast fylgi fyrir það að vera í beinni andstöðu við hæstv. stjórn, í stað hlutleysis. Getur verið, að það auki fylgi, en mér þykir býsna ólíklegt, að hæstv. forsrh. geri ráð fyrir því.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, hvort við vildum fá gerðar ráðstafanir til að bæta hag vinnandi stéttanna. Ég spyr: Hvað vill hann gera til þess? Það, sem rætt er um hér, er í fyrsta lagi það, ef við víkjum að fjárlögunum, að segja upp vinnu ¾ hlutum þeirra manna, sem hafa undanfarið unnið hjá ríkissjóði. Þetta kallar hæstv. ráðh. víst að bæta hag vinnandi stétta í landinu.

Ég svara hispurslaust: Ég vil ekki hjálpa hæstv. ráðh. til þess að bæta á þennan hátt hag hinna vinnandi stétta í landinu. Ég tel þeim gerða vera hina mestu bölvun með þessu.

Á hann við það, að lögfesting verðtolls í eitt ár verði til að bæta hag vinnandi stétta í landinu, sem er að tolla fyrir a. m. k. 2 millj. langmestu nauðsynjavörur? Ætlast hann til, að við hjálpum honum til að bæta hag vinnandi stétta í landinu með því að lögfesta þennan toll, sennilega af því að stefnuskrá framsóknarmanna í skattamálum er að lækka tolla, en auka skatta?

Þá sagði hæstv. ráðh., að flokkur hans vildi gera myndarlegar ráðstafanir til að bæta úr atvinnuleysinu. Hann getur ekki átt við annað en frv. tveggja framsóknarmanna um að leggja fram til atvinnubóta 360 þús. kr., sem nú er komið frá n. þannig breytt, að gert er ráð fyrir, að upphæðin nemi rúmlega 500 þús. kr. En sagan er ekki öll sögð enn. Í fjárl. er gert ráð fyrir framkvæmdum fyrir um 800 þús. kr., sem er ¼ hluti þess, sem áður var. Þetta kallar nú hæstv. forsrh. myndarlegar ráðstafanir til að bæta úr atvinnuleysinu. Og hæstv. ráðh. og flokkur hans hafa útvegað stj. heimild til þess að klípa af þessum 800 þús. kr. hvorki meira né minna en 25%. Þetta er líklega ein af ráðstöfunum hæstv. stj. til að bæta úr atvinnuleysinu á myndarlegan hátt. Ég hafði þau orð út af þessum skrípaleik hæstv. stjórnar, að mér er ekki kunnugt, að nokkur trúður hafi leikið snjallar listir sínar. Hæstv. forsrh. hyggst að bæta atvinnuástandið í landinu með því að leggja úr ríkissjóði til atvinnubóta 360 þús. kr., sem nú er komið upp í 500 þús. kr., samtímis því, sem ætlað er að bjarga fjárhag ríkissjóðs með því að taka af fénu til verklegra framkvæmda upphæð, sem nemur miklum hluta af atvinnubótaupphæðinni. Öllu skoplegri ráðstafanir og ömurlegri er ekki hægt að hugsa sér í þessu mikla nauðþurftarmáli.

Hæstv. ráðh. hefir tvívegis vikið að því, að starfsaðferðir okkar jafnaðarmanna hér á þingi séu mjög í ósamræmi við þau störf, sem við höfum með höndum. Hann talaði um, að ég væri banka-

stjóri, og sama væri að segja um formann Alþýðuflokksins, en hv. 3. þm. Reykv. væri formaður Olíuverzlunarinnar. Mér er óskiljanlegt, hvað hæstv. ráðh. á við með þessu. Ég sé ekki, hvernig olíusala Héðins og útlán bankaútibúsins á Seyðisfirði koma nokkurn skapaðan hlut við þessari till. um lagasetning á Alþingi. Nema ef hæstv. ráðh. á við það, að sökum þess að ég er kominn í þessa stöðu á Seyðisfirði, þá sé næsta óráðlegt að hreyfa miklum andmælum við núv. hæstv. stj. Getur verið, að hæstv. forsrh. furði sig á, að ég hafi skoðun á þessu máli og fylgi henni eftir.

Loks talaði hæstv. ráðh. um það, að okkur jafnaðarmenn skorti ábyrgðartilfinningu. Að við gerðum sí og æ kröfur án þess að vilja hjálpa til að afla tekna til að standast útgjöld. Hér fer hæstv. ráðh. með staðlausa stafi. Ég skora á hann að benda á nokkra till. eða frv. um opinberar framkvæmdir, sérstaklega atvinnubótaframkvæmdir, sem við heimtum án þess að benda á það, hvernig hægt sé að afla tekna. Í frv., sem við höfum lagt fram um ráðstafanir vegna atvinnukreppunnar, er sýnt fram á með óyggjandi rökum, að auðvelt sé á tveimur árum að afla skatttekna, sem nema 5 millj. króna. Framkvæmdirnar, sem gert er ráð fyrir til varnar kreppunni, þær byggjast á því, að þetta fé sé fyrir hendi, og ríkið taki 3 millj. króna lán, sem ég hygg auðvelt að fá á tveim árum, eins og gert er ráð fyrir. En það situr ekki svo mjög vel á hæstv. forsrh. að fara sterkum orðum um ábyrgðartilfinningu hv. þm. eða annara. Hvað mundi þá um ábyrgðartilfinningu þessa hæstv. ráðherra? Ég veit ekki, hvort honum finnst það lýsa ábyrgðartilfinningu, að hann vill nú á þessum tímum, sem hann kallar alvarlegustu krepputíma, sem hafa gengið yfir landið á þessari öld, vísa á gaddinn ¼ hluta verkamanna frá ríkinu, vitandi það, að fyrirtæki einstakra manna, sem rekin eru í gróðaskyni, fækka líka sínum verkamönnum á sama tíma. Ég veit ekki, hvort hæstv. forsrh. finnst það bera vott um ríka ábyrgðartilfinningu að ætla að liðsinna þessum atvinnulausu mönnum með því að taka af þeim 2 millj. króna verðtoll, til viðbótar vörutolli, sem nemur nær 2 milljónum; til viðbótar kaffi- og sykurtolli, sem nemur 10—1200 þús. kr.; til viðbótar þessu öllu að leggja á toll, sem nemur 300 kr. á margar fjölskyldur, þótt álagning kaupmanna sé ekki talin með. Mér finnst það einkennileg ábyrgðartilfinning, sem stjórnar hæstv. ráðh., ef hann vill létta kreppunni á þennan hátt.

Ég vil þá drepa á eitt mál, útflutningsgjald af síld, sem ég bar fram till. um, að fært yrði til samræmis við aðrar vörur. Síldveiðin á erfitt uppdráttar. Ef innflutningstollur er talinn með, þá eru það 2 kr. á tunnu. 7—8 krónur fást fyrir tunnuna, og er þá a. m. k. fjórða hver króna tekin af framleiðendum í þennan eina toll í ríkissjóðinn, í viðbót við alla aðra. Ef sjómaður vinnur fyrir 700 kr., þá eru einar 100 kr. teknar í ríkissjóð.

Þá vil ég ljúka máli mínu með því að lesa upp stefnuskrá framsóknarmanna um tolla og skatta. Hún hljóðar svo: Að lækka tolla, sem hvíla á nauðsynjum, en auka beina skatta. — Ég endurtek þetta: Að lækka tolla, sem hvíla á nauðsynjum, en auka beina skatta.

Ég vil mælast til þess, að þeir, sem orð mín heyra, vilji festa sér þessa stefnuskrá framsóknarmanna í minni, og ekki síður, hvernig hún er haldin, að lögfestur verður 2 millj. kr. skattur til viðbótar við þá, sem áður hvíldu á nauðsynjum alls almennings.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv þm. Seyðf. hefir hin sama hátt í sinni síðari ræðu sem hinni fyrri, og ég get látið mér það vel líka, að hann hefir það fullkomlega á tilfinningunni, að hann þurfi aðallega að snúa máli sínu til mín. Ég veit, að hann hefir fundið af viðskiptum þessum, að hann telur sig ekki hafa hlotið þann sigur, sem hann hugði sér, þegar hann óskaði eftir útvarpsumræðum.

Ég þarf aðeins einu atriði að svara úr ræðu hv. 4. þm. Reykv. Hann lýsti yfir því, að framsóknarm. hefðu enga stefnuskrá í skattamálum. Þessu get ég verið fljótur að svara, af því að hv. fulltrúi jafnaðarmanna hefir gert mér þann greiða að lesa upp stefnuskrá okkar framsóknarmanna, sjálfsagt þrisvar sinnum. Er ég honum þakklátur fyrir.

Þá mun ég víkja nokkrum orðum að síðustu ræðu hv. þm. Seyðf., en þar sem reglum um útvarp frá Alþingi er þann veg háttað, að hann hefir ekki leyfi til að tala aftur, mun ég ekki nota mér af því, þó að ég fái að tala á eftir honum, né bera fram neina hluti eða staðhæfingar, sem hv. þm. gæti talið ástæðu til að svara sérstaklega. Ég mun því aðeins fara nokkrum orðum um það, sem ræða hv. þm. gaf mér beint tilefni til.

Hv. þm. vildi enn halda því fram, að ég hefði verið svo slyngur að gabba hann og flokksbræður hans í þessu máli á þinginu 1928, og hefði ég fengið þá til að snúa frá stefnu síns flokks í málinu og taka upp aðra stefnu, sem ég hefði sjálfur fylgt fram. Vil ég algerlega neita þeim ákúrum, sem í þessu felast í garð hv. þm. Seyðf. sjálfs og flokksmanna hans, og þá einkum í garð sjálfs form. flokks hans, hv. 2 landsk. Hv. þm. gerir allt of lítið úr sjálfum sér og flokksbræðrum sínum. Sú afstaða, er flokkur hv. þm. tók til þessa máls 1928, átti ekki rætur sínar að rekja til þess, að ég hefði verið svo slyngur að geta vafið hv. jafnaðarmönnum um fingur mér, heldur var hún þann veg til komin, að jafnaðarmenn höfðu þá meiri ábyrgðartilfinningu til að bera en nú, og mátu meira að skapa sér aðstöðu til þess að geta raunverulega unnið að því að bæta hag hins vinnandi fólks. Þeir vildu þá taka á sig ábyrgðina á því að leggja byrðar á þjóðina að sínum hluta, til þess að verða þess megnugir að bæta aðstöðu og lífskjör hins vinnandi fólks úti um landið. Ég harma hina breyttu afstöðu hv. þm. Seyðf. og flokks hans, því að hún ber því vitni, að jafnaðarmenn láta ímyndaða flokkshagsmuni vega meira en að halda áfram samvinnunni við þá menn, sem reiðubúnir eru til að stuðla að bættum hag smælingjanna í sveitum og kaupstöðum landsins. Í þessu sambandi kom hv. þm. Seyðf. inn á það, sem ég hafði sagt um hina óliku aðstöðu og ábyrgðartilfinningu hans sem útibússtjóra Útvegsbankans á Seyðisfirði og sem þingmaður, og vildi hv. þm. láta skína í það, að ég héldi sverðinu yfir höfði hans og gæti svipt hann stöðunni, þegar mér sýndist svo. Vildi hv. þm. auðsjáanlega gera sig að einskonar píslarvotti út af þessu í augum hlustenda okkar beggja úti um landið. Mér er nú spurn: Gaf ég tilefni til þessa? Sagði ég nokkuð það, sem gæti gefið hv. þm. ástæðu til að koma með þessar aðdróttanir? Nei, þvert á móti. Ég sagði, og lagði áherzlu á það, að einmitt í skylduverkum sínum sem útibússtjóri hefði hv. þm. staðið vel í stöðu sinni og breytt rétt, þó að hið sama yrði ekki sagt um hann sem þm. Og eins féllu orð mín um flokksbræður hv. þm. Ég gaf einmitt hv. þm. traustyfirlýsingu fyrir það, hve vel hann rækti þetta starf sitt, svo að ef ég hefi valdið til að svipta hann stöðunni, fer því mjög fjarri, að hann þurfi að óttast um sig í þessu efni eða kvíða píslarvættis af minni hendi, þar sem einmitt sá maðurinn, sem að dómi hv. þm. hefir sverðið hangandi yfir höfði hans, hefir lokið lofsyrði á frammistöðu hans í þessu embætti. En hvað sem því líður, að ég hafi sverðið hangandi yfir höfði hv. þm. Seyðf. sem bankastjóra, þá hefi ég þó ekki valdið til að láta það hanga yfir höfði hans sem þm., svo gjarnan sem ég kysi mér það vald í hendur, því að sem þm. brýtur hann á móti því, sem vera á. Hann hefir staðið vel í stöðu sinni sem starfsmaður við útibú Útvegsbankans á Seyðisf., en illa sem umbjóðandi verkamanna og sjómanna á þessum sama stað. Hv. þm. Seyðf. og flokksbræður hans hér á þingi hafa látið hagsmuni hins vinnandi fólks úti um landið víkja fyrir ímynduðum hagsmunum jafnaðarstefnunnar hér á landi. Og er það illa farið.

Ég get látið þetta nægja út af ræðu hv. þm. Seyðf. og mun ekki víkja fremur að einstökum efnisatriðum í ræðu hans, og þá meðfram af því, að hv. þm. gefst ekki tækifæri til að svara mér aftur, en ég vil aðeins, um leið og sá tími styttist, sem ég hefi til umráða, láta í ljósi gleði mína yfir þessum umr., sem hafa varpað skýru ljósi yfir afstöðu flokkanna til þessa máls. Er gott til þess að vita, að fólkið úti um land hefir nú fengið ferskar og glöggar fregnir af þinginu og því, sem þar gerist, og vil ég sérstaklega láta það koma fram, hvernig ég álít, að flokkarnir eigi að ganga undir ábyrgðina á þessum alvörutímum, sem nú hafa komið yf-

ir okkar land. Vil ég því enda ræðu mína út frá því, sem hv. þm. Seyðf. beindi til mín og annara framsóknarmanna í niðurlagi ræðu sinnar, út af því, sem ég hafði sagt um ólíka ábyrgðartilfinningu jafnaðarmanna fyrr og nú. Hv. þm. Seyðf. beindi því til okkar framsóknarmanna, hvar væri ábyrgðartilfinning **okkar** og í hverju hún hefði komið fram. Er mér þetta kærkomið tilefni til að rifja upp sögulegt dæmi um það, hvernig við **framsóknarmenn** höfum sýnt það í verkinu, hvaða skyldur við álítum, að hvíli á þm. á slíkum alvörutímum. Þarf ég ekki að fara langt aftur í tímann til þess að finna þetta dæmi, því að það er frá þinginu 1924, því fyrsta þingi, sem ég átti sæti á. Þá voru nýafstaðnar nýjar kosningar, alveg eins og nú, og afstaðan í þjóðfélaginu að mörgu leyti lík sem nú er hún. Það höfðu gengið harðæri yfir landið, atvinnuvegirnir stóðu höllum fæti, afurðasalan var afaróhagstæð og kreppa og vandræði fram undan. Á **þessu þingi**, fyrir 7½ ári síðan, tók ný **stjórn** við völdum, stj., sem við framsóknarmenn vorum í fullri andstöðu við, enda höfðum við fulla reynslu um tvo af þremur ráðh. Hafði ég sem ritstjóri t. d. farið mjög hörðum orðum um það, hversu þessum mönnum hafði mistekizt í að stjórna landinu. En við framsóknarmenn létum það ekki ráða afstöðu okkar til þessarar stj. og mála þjóðarinnar á þessum alvörutímum, þó að við hefðum verið í andstöðu við stj. og treystum henni ekki til að stýra málefnum landsins — þegar voðinn stóð fyrir dyrum létum við ábyrgðartilfinninguna ráða og settum okkur alveg við hlið stjórnarvaldanna um fjármál landsins og afgreiðslu fjárlaganna. Við lögðum miklu vinnu í það að afgreiða fjárl. á forsvaranlegan hátt, tókum okkar þátt í því að afla ríkissjóði nauðsynlegra tekna og tókum á okkur ábyrgðina að okkar hluta um það að leggja óhjákvæmilegar byrðar á þjóðina, til þess að fleyta landinu yfir kreppuna. Við gerðum það að **eina** atriðinu að sjá landinu fjárhagslega borgið í kreppunni.

Nú stendur líkt á og 1924, og þó að sumu leyti enn erfiðar. Atvinnuvegirnir búa við enn skuggalegra útlit en þá. Verðfall afurðanna er þegar orðið gífurlegra en nokkru sinni áður, og má þó búast við, að ástandið versni enn. Nú hefir það komið fyrir, sem ekki var 1924, að í eitt ár var ekki hægt að selja eina aðalframleiðsluvöru landsmanna. Þess vegna ber nú eins og árið 1924 að láta allt annað víkja fyrir því að sjá landinu fjárhagslega borgið. Er nú gott að minnast þess, hvernig við framsóknarmenn vikumst undir ábyrgðina 1924 og studdum að okkar hluta að því að koma landinu þá yfir kreppuna. Nú eiga allir, eins og við framsóknarmenn gerðum þá, að láta það sitja fyrir öllu að standa í skilum og forða áföllunum. Sú skylda hvílir jafnt á öllum fulltrúum þjóðarinnar.

Nú, þegar aðeins eru ósögð síðustu orðin í þessum umr., vil ég með leyfi hæstv. forseta beina nokkrum kveðjuorðum til þeirra víðsvegar úti um land, sem nú í fyrsta skipti hafa hlustað á útvarp frá Alþingi.

Við þm. óskum heilla þeim mönnum víðsvegar úti um byggðir landsins, sem nú hafa hlustað á okkur. Við óskum þeim heilla um framleiðsluna í hinni góðu tíð, sem dregur úr afleiðingum ótíðar í vor og kreppunnar. Margir eru þeir í þingmannahópnum, sem vildu nú fegnir vera burtu úr hinum þröngu sölum Alþingis út í náttúruna, út til starfa mitt á meðal ykkar. Óskipta samúð vill Alþingi í heild geta sýnt hinu vinnandi fólki, hvar sem er á landinu, og stuðla að því, að áfram geti sem flest landsins börn fengið að njóta blessunar vinnunnar. En þó ríður mest á því, að við fulltrúar þjóðarinnar **vinnum saman** á þessum alvörutímum.

Hafi þeir svo þökk, sem hlýddu, hvar sem þeir eru staddir á landinu. Góðar nætur.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. fór um það nokkrum orðum, hve vel Framsóknarflokkurinn hefði snúizt við nauðsynlegum ráðstöfunum í kreppunni 1924. Skal ég ekki draga úr því, að flokkur hæstv. ráðh. lét þáv. stj. í té þann tekjuauka, sem nauðsynlegur var, en ég get þó ekki vegna þessara ummæla hæstv. ráðh. látið hjá líða að minna á það, að ekki hafði þó flokkur hans einbeittari vilja í þessa átt en það, að fresta varð

fundum hér í d., til þess að flokkurinn gæti ráðið með sér, hvaða afstöðu hann skyldi taka um þau mál. Sýnir þetta, að einhver efi hefir ríkt í flokknum um það, hvernig rétt væri að bregðast við um þessar málaleitanir þáv. stj. — Ég skyldi orð hæstv. ráðh. svo sem hann vildi þakka okkur sjálfstæðismönnum fyrir það, að við hefðum ekki snúizt gegn verðtollinum að þessu sinni. Mætti ýmislegt í því sambandi segja, en ég vil ekki fara út fyrir þann ramma, sem þessar umr. skapa. Þó get ég ekki látið því ómótmælt, að goðgá hefði verið, þó að dregið hefði verið úr verðtollinum á ýmsum sviðum frá því, sem hann er nú, eins og hæstv. forsrh. vildi halda fram. Ég lít þvert á móti svo á, að nauðsynlegt sé að draga úr tollinum á ýmsum nauðsynjavörum, því að það er fullvíst, að þær eru nú margar hverjar allt of hátt tollaðar. Vil ég taka undir það með hv. þm. Seyðf., að ekki fáar nauðsynjavörur almennings eru nú svo hátollaðar, að ekki nær nokkurri átt. Vill líka svo vel til, að bæði Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa látið uppi álit sitt um þessi mál, þar sem er frv. meiri hl. þeirrar milliþinganefndar, sem skipuð var í skattamálunum, um verðtollinn meðal annars. Vil ég í þessu sambandi benda á það frv., og ekki síður beina því til hv. þm. Seyðf. en hæstv. forsrh., því að hv. þm. Seyðf., sem einnig átti sæti í þessari mþn., hefir talað hér í kvöld eins og hann væri á móti verðtolli yfirleitt, hverju nafni, sem hann nefndist, en ekki greindi hann þó meira á við okkur samnm. sína en svo, að hann gat látið sér nægja að bera fram 2—3 brtt. við frv. okkar. En rétt er, að ég láti þess getið, að þær till. hans voru að vísu allróttækar.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að við sjálfstæðismenn hefðum svikið kjósendur okkar með því að láta stj. fá framlengingu á þessum tekjuaukalögum. Þessu vil ég algerlega neita. Ég veit ekki til þess, að nokkrar slíkar skuldbindingar hvíli á okkur sjálfstæðismönnum, enda á enginn flokkur að nota slíkar aðferðir, nema stj. brjóti svo mikið af sér, að með öllu sé óviðunandi. Ég þykist vita, að hv. þm. Seyðf. hafi með þessu átt við kjördæmaskipunarmálið, en stj. hefir ekki síðan eftir kosningar brotið svo mikið af sér í því máli, að ástæða sé til að neita henni um tekjur fyrir nauðsynlegum gjöldum. Vil ég fyrir mitt leyti bíða eftir því, að milliþinganefndin, sem skipuð verður í það mál, lúki störfum, en ef Framsóknarflokkurinn vill þá ekki unna öllum landsmönnum sanngjarns kosningaréttar, getur komið til mála að nota þau meðul, sem hv. þm. Seyðf. telur, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði átt að nota strax. Annars fer því mjög fjarri, að jafnaðarmenn hafi sýnt stj. slíka hörku, því að þeir hafa nú flutt meiri og stórkostlegri tekjuaukafrv. en nokkru sinni áður, og þó þau séu flutt í sérstökum tilgangi, er auðsætt, að stj. með þeim fengi svo mikið fé til umráða, að hún þyrfti ekki neinu að kvíða af þeim ástæðum.

Ég þarf svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég vil að lokum minna á það, að löggjafarvaldinu er skylt að stilla skattunum svo í hóf, að þeir drepi ekki niður atvinnuvegi þjóðarinnar. Er einkum ástæða til að minna hv. þm. Seyðf. á þetta, því að hann virðist oft gleyma því. Og hvað verður um hið vinnandi fólk, ef atvinnuvegirnir eru sligaðir með of háum sköttum?

Ég læt svo lokið máli mínu og óska öllum, sem enn eru vakandi og á mig hlusta, góðrar nætur.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 : 2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 315).

8. Ríkisbókhald og endurskoðun.

Á 1. fundi í Ed., 15. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um ríkisbókhald og endurskoðun (stjfrv., A. 12).

Á 5. fundi í Ed., 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta frv. er borið fram í sama sniði og í vetur, og get ég vísað til aths., sem fylgdu því þá. Ég vil aðeins leyfa mér að leggja til, að því verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til fjhn. með 7 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 264 og 275).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): [óyfirl.]: Þetta frv. er þess efnis að fyrirskipa með lögum, hvernig bókhald ríkissjóðs og ríkisstofnana skuli vera. Frv. þetta var flutt á vetrarþinginu í Nd. Var því þá vísað til fjhn., og hafði hún skilað nál. þegar þingið var rofið, en lengra var málið ekki komið.

Nú hefir fjhn. þessarar d. athugað frv. þetta allýtarlega og er sammála um að leggja til, að gerðar séu á því nokkrar breyt. Þessar brtt. eru á þskj. 264. Þær eru að vísu nokkuð margar, en eru flestar afleiðing af því, að n. lítur svo á, að ekki sé ástæða til að lögfesta það reikningsráð, sem frv. gerir ráð fyrir, að stofnað verði. N. lítur svo á, að á meðan verið er að koma skipulagi á bókhaldið, hafi það svo mikla aukna vinnu í för með sér, að aðalendurskoðanda sé ekki fært að inna það af hendi. En n. álítur, að þá megi láta aðalbókara ríkisins og skattstjórann í Reykjavík starfa að þessu með aðalendurskoðanda. En komi það í ljós síðar, að meiri kröftum þurfi á að skipa, er opin leið að fjölga mönnum. Það gæti komið til mála, að með tímanum yrði endurskoðunarstarfið sérstök skrifstofa í stjórnarráðinu, en að svo stöddu álítur n. ekki ástæðu til þess að bera fram till. um það. N. leggur því til, að felld séu niður öll ákvæði frv. um reikningsráð. Fjalla flestar till. n. á þskj. 264 um þetta. Aðrar breyt. eru smávægilegar og aðallega í því fólgnar að færa til betra máls orðalag frv. Þó er ein brtt. um laun aðalendurskoðanda. N. þótti rétt, að þetta embætti væri hliðstætt skrifstofustjóraembætti í stjórnarráðinu og ákveða launin samkv. því.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í einstakar brtt. Þær eru flestar afleiðing af því að fella niður reikningsráðið, en aðrar smávægilegar orðabreyt.

Ég skal geta þess um brtt. hv. minni hl. á þskj. 275, að n. var öll sammála um frv. og hv. minni hl. hreyfði þar engum brtt. Meiri hl. n. sér því ekki ástæðu til að fallast á hana, enda þótt hv. minni hl. geri hana að svo miklu atriði, að samþykkt frv. er frá hans hendi bundin því skilyrði, að þessi brtt. nái fram að ganga. Annars ætla ég ekki að minnast frekar á hana fyrr en hv. minni hl. hefir gert grein fyrir henni. — Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta á þessu stigi málsins.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Eins og tekið er fram í nál. á þskj. 275, álít ég að vísu ekki nauðsynlegt að setja lög um bókhald ríkissjóðs og stofnana ríkisins, því að fjmrn. hefir það á sínu valdi ennþá sem hingað til að skipa fyrir um þetta með reglugerð. Ég tel þó, að ekki sé ástæða til þess að vera á móti því, að sett séu lög um þetta efni, ef lagasetningin er ekki svo, að hún feli í sér afturför frá þeirri tilhögun, sem nú gildir. En það virðist mér þessi lagasetning gera í mjög veigamiklum atriðum. Langveigamesta atriðið er það, sem ég ber fram brtt. um á þskj. 275, og verð ég því að gera ofurlitla grein fyrir henni.

Brtt. fer fram á það, að ákveðið sé, að með gjöldum á rekstrarreikningi ríkissjóðs skuli taldar samningsbundnar afborganir af ríkisskuldum. Til þess að átta sig á þessu nýmæli er mjög hentugt að hafa fyrir sér 21. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1932, sem nú liggur fyrir þessari hv. d. Þar má sjá það, að í fyrsta sinn er tekið upp í fjárlagafrv. rekstraryfirlit og sjóðsyfirlit, sem svara nákvæmlega til tveggja af þeim reikningum, sem venja er síðan 1923 að birtir séu í landsreikningnum. Þá var tekin upp sú regla að semja landsreikninginn þannig, að auk yfirlits yfir tekjur ríkisins og gjöld voru birtir 2 reikningar, rekstrarreikningur og sjóðs- og viðskiptareikningur. Þetta reikningsform er nú komið í 21. gr. fjárlagafrv. og eru þessir reikningar þar nefndir rekstraryfirlit og sjóðsyfirlit, og svara þeir nákvæmlega til þessara tveggja reikninga, sem færðir hafa verið á landsreikninginn síðustu 7 árin, og er ekkert óeðlilegt við það að taka áætlun þessara reikninga upp í fjárlög. En þegar að er gætt, kemur fram færslumunur á

einum stað, og það er það atriði, sem ég vil gera að umtalsefni.

Á þessum rekstrarreikningi ríkissjóðs síðan 1923 hafa samningsbundnar afborganir af föstum lánum verið taldar sem gjöld á rekstrarreikningi. Í 21. gr. fjárlagafrv. 1932 er það aftur talið borgað út á sjóðsreikningi. Í þessu liggur mismunandi skoðun um það, í hverju horfi fjármálastjórn landsins eigi að vera, og er þessi ágreiningur alls ekki nýr. Hér var einu sinni fjmrh., sem hélt því fram, að telja ætti samningsbundnar afborganir ríkisskulda ekki rekstrargjöld, en allir aðrir hafa haldið því föstu. Sá ráðherra, sem vildi gera þetta, var Magnús Jónsson prófessor juris, og má vísa til 1. ræðu hans við fjárlagaumr. á þinginu 1923. Þar kemur þessi skoðun í ljós. Ég mótmælti þessu þá, og þingið hefir verið mér og þeim öðrum sammála, sem hafa haldið því fram, að þetta ætti að telja í rekstrarreikningi. Eðlismismunur á þessum gjöldum, sem talin eru í rekstrarreikningi eftir þessari reikningstilhögun, og þeim, sem taldar eru í sjóðsyfirlitinu hér, er sá, að um gjöldin á rekstrarreikningnum er fjármálastjórnin bundin þannig, að hún verður að útvega sér eiginlegar ríkissjóðstekjur til þess að standast þau gjöld. Þau eru þess eðlis, að það getur ekki talizt samrýmanlegt gætinni fjármálastjórn að þurfa að taka lán til þessara gjalda. Helzt er verjandi að taka til þess bráðabirgðalán í erfiðum árum og mæta því svo með tekjuafgangi í góðærum. Sé þetta aftur á móti fært gjaldamegin á sjóðs- og viðskiptareikning, er það talin arðberandi aukning á eignum, og verð ég að viðurkenna, að það er a. m. k. ekki óforsvaranlegt að greiða með lánsfé, ef svo ber undir. En auk þess sem fjárlagafrv. sýnir ýmsar inn- og útborganir, koma ýmsar hreyfingar á sjóðseigninni þegar reikningarnir verða gerðir upp í landsreikningnum.

Það, sem ég held fram, er, að ef menn vilja setja löggjöf um þessa reikningstilhögun og ef menn vilja halda óbreyttri þeirri tilfinningu fyrir nauðsyn gætilegrar fjármálastjórnar, sem verið hefir ríkjandi í landinu síðan 1874, haldi þeir fast við þá reglu að útvega nægar tekjur til þess að greiða samningsbundnar afborganir af ríkisskuldum án þess að taka til þeirra ný lán. Það má segja, að greiðsla á slíkum afborgunum feli í sér eignaaukningu, en það er sá munur á skuldabúskapnum og skuldlausum búskap, að sá, sem kominn er í skuldabúskap, getur ekki komizt af nema hann afli sér tekna til þeirrar eignaaukningar, sem felst í afborgunum hans, en sá skuldlausi getur komizt af án eignaaukningar. Ég álít því, að þetta sé að stinga þjóðinni svefnþorn fyrir því, hverjar kröfur hún verður að gera til sjálfrar sín á sviði skattamála, ef reikningshaldinu á að breyta þannig, að samningsbundnar afborganir af lánum séu færðar á þann reikning, þar sem eingöngu eru færð þau gjöld, sem forsvaranlegt er að greiða af lántökum, og ekki er nauðsynlegt að hafa skattatekjur á móti.

Ég skal taka það fram, að með þeirri tilhögun, sem er á fjárlagafrv. 1932, er gert ráð fyrir útgjöldum á rekstrarreikningi, sem getur að nokkru leyti komið upp í þessar samningsbundnu afborganir. Þetta er að vísu gert á ákaflega klaufalegan hátt. Það er dreift svonefndum fyrningum innan um útgjaldaheimildir fjárlagafrv. og skoðað þannig, að stj. sé heimilt að greiða þetta út. Þetta er skoðuð fyrning á ýmsum eignum, sem notaðar eru í þarfir ríkisins. Það eru því margar upphæðir, sem dragast inn í útgjaldakafla fjárl. En þegar kemur að yfirlitsreikningnum, eru vandræði með þessar upphæðir, því eins og fjárlagafrv. sýnir, eru þær horfnar inn í greiðslur á rekstrarreikningi, og engin ráð til önnur en að draga þær út af reikningnum aftur með því að tilfæra „jafnaðarupphæð" tekjumegin á sjóðsyfirlitinu. Sú upphæð — 352 þús. kr. — er kölluð fyrningargjald. En vitanlega nær engri átt, að fyrningargjald sé tekjur. Það er ekki annað en upphæð, sem færð er til jafnaðar. Það er ekki röng reikningsfærsla, heldur klaufaleg reikningsfærsla. Í góðri reikningsfærslu kemur það varla fyrir, að það þurfi að færa hinum megin upphæðir til jafnaðar við annað. Þar sem góð reikningsfærsla er, á hver upphæð að vera á sínum stað.

En samt má hafa tilhögunina þannig, að það má líta svo á, að sú upphæð sé

handbær til samningsbundinna afborgana á ríkisskuldum. En þegar ríkisbúskapurinn er kominn svoleiðis, að skuldir eru orðnar svo miklar, að samningsbundnar afborganir eru meiri en þessu nemur, þá er sú krafa ekki næg til að standast samningsbundnar afborganir. Ég óska því, að þetta sé orðað á þá leið, sem fyrir liggur í brtt. á þskj. 275, að fyrning sé ákveðin svo mikil sem samningsbundnar afborganir af ríkisskuldunum, eða hafa það eins og Svíar, að láta samningsbundnar skuldir koma á reikninginn í stað fyrningar.

Til sönnunar því, að ástæða sé til að telja fyrningu með því sniði, sem ég hefi stungið upp á, vil ég nefna tvö atriði. Í fyrsta lagi vil ég benda á það, að eignir ríkissjóðs eru annars eðlis en einkafyrirtækja, sem annars nota tvöfalda bókfærslu. Sá annmarki er á ríkiseignum frá sjónarmiði hagfræðinnar, að þær vantar eitt einkenni, sem þarf til að hagfræðin telji einhvern hlut verðmætan, sem sé að hann sé seljanlegur. Fjöldamargar ríkiseignir eru þess eðlis, að þær gefa ekki beinan arð og eru ekki seljanlegar. Þegar um slíkar eignir er að ræða, þá er það alveg handahóf, hvaða upphæð sé hæfileg til niðurfærslu á bókfærðu verði árlega.

Ég vil nefna eignir, sem kosta ríkið mikið fé, svo sem vegakerfið. Það er óseljanlegt og gefur ekki beinan arð. Það má einnig nefna aðrar eignir, sem ekki gefa beinan arð og ekki eru seljanlegar, móts við þann kostnað, sem í því liggur að koma þeim upp, svo sem kirkjur, sjúkrahús og skólar. Það er mjög vafasöm bókfærsla, að telja þessar byggingar með kostnaðarverði og færa þær svo niður um 1—2%, eins og stungið hefir verið upp á. Því að þær geta hæglega verið orðnar einskis virði, áður en búið er að afskrifa þær að fullu, með því að nota slíka aðferð.

Þess vegna er rétt í bókfærslu ríkissjóðs að telja þessar eignir með fasteignamatsverði. Það þýðir að bókfæra þær á 10 ára fresti, þegar framkvæmt er fasteignamat á öllu landinu. Má svo ef vill bókfæra það á efnahagsreikningi þannig, að ef verðið verður niðurfært við nýtt fasteignamat, þá megi jafna þann mismun á þeim reikningi, sem samningsbundnar skuldaafborganir eru á.

Ég fer ekki lengra út í þetta að því er snertir sjálfa tilhögun reikningsfærslunnar, enda er það ekki höfuðatriði. En vilji maður fá skipulegt yfirlit yfir fjármálaástandið, þá verða rekstrargjöldin að vera sér í bálki, og þar með þær afborganir af ríkisskuldum, sem ríkið er skuldbundið til að greiða. Tilfinning okkar hverfur annars fyrir því, að þessar afborganir séu liður, sem jafna þarf með skatttekjum. Ég vil ekki gefa atkv. til þess að sljóvga fjármálasamvizku þjóðarinnar, sem bezt hefir hjálpað okkur síðan við fengum okkar sjálfsforræði í fjármálum.

Þótt það komi ekki beint þessu máli við, get ég sagt það, að ég fór einu sinni niður í ríkisbókhald til að kynna mér framkvæmd þessa frv. Ég sá, að bókfærslan var sniðin eftir tillögum bókfærslufróðra manna, sem aðallega höfðu það fyrir augum, að sú aukna vinna, sem af tilhöguninni leiðir, yrði sem minnst. En ég saknaði þess, að það væri haft fyrir augum, sem ég taldi, að mest bæri að meta, þegar breytt yrði til. Það, sem mestu skipti, var það, að bókhaldið væri þannig, að fjmrh. gæti sem fljótast séð, hvað liði hverjum einstökum lið, svo að stj. gæti í tíma gripið inn í, ef eitthvað væri í ólagi, — veitt meira en leyft var í fjárl., eða tekjur minni en áætlað var. Það er mest um vert, að fjmrh. fái strax hugmynd um þetta. Hitt skiptir minnu, að sjá það 2 árum síðar, hvernig sakir hafa staðið. Þá er það of seint.

Ég sá af tilhöguninni, að við útfærslu þessa bókhalds hefir alveg vantað það sjónarmið, sem átti að koma frá fjmrh. Það er jafnvel erfiðara nú en áður að sjá í skjótri svipan, hvernig ástatt er á einstökum liðum, og var þó áður ábótavant. En það þarf fyrst og fremst að tryggja það, að bókhaldstilhögunin komi að notum í því, að stj. geti undir eins komizt að því, ef einhverju er áfátt í einhverjum greinum.

Einar Árnason [óyfirl.]: Það er sjálfsagt ekki neitt sérstakt fyrir okkur hér, þótt nýbreytni í bókhaldi eigi erfitt uppdráttar. Slík nýbreytni hefir alltaf og al-

staðar átt mótspyrnu að mæta, bæði frá því opinbera og einstaklingum. Þegar Danir tóku upp breytinguna hjá sér, var örðugt mjög að fá eldri mennina, sem starfað höfðu undir gömlu tilhöguninni, til að breyta til. Þetta er ósköp eðlilegt, og það getur vel verið, að það takist hér eins og sumstaðar annarsstaðar að draga endurbæturnar á langinn.

En nú er það ekki nóg að hafa það á móti breytingu á skipulaginu, að einstök atriði séu ófullkomin. Vitanlega er ekki hægt að setja upp neitt alfullkomið form. Reynslan verður að koma til og þoka þessu í áttina. Út af ummælum hv. 1. landsk. vil ég segja það, að það er langt frá, að ég haldi því fram, að þetta frv. sé fullkomið. Það er öðru nær. Ég er viss um, að þetta nýja bókhald þarf endurbótar við. En það er reynslan, sem verður að leiða það í ljós. Og það eru einmitt þau ákvæði í frv., sem miða að því að skapa þær endurbætur, sem nauðsynlegar verða. En þau atriði vill n. fella í burt. Ég ætla ekki að deila við neinn um það og ætla að sætta mig við það, þótt það verði gert, en álít það verra.

Ég vil aðeins taka það fram út af ræðu hv. 1. landsk., þar sem hann er að setja út á fyrirkomulag það, sem nú er á fjárlagafrv., að það er sniðið eftir danskri fyrirmynd og þetta skipulag hefir reynzt þar mjög vel. En mér dettur ekki í hug, að ekki sé hægt að endurbæta það frá því, sem nú er. En frv. þetta er undirbúið af bókhaldsfróðum mönnum, sem hafa kynnt sér það, hvernig þessu er fyrir komið í nágrannalöndunum. Formið á fjárlagafrv. er skapað af sömu mönnum. Annar þessara manna er viðurkenndur opinber endurskoðandi og ég veit alls ekki til, að hann sé ekki talinn vel fær í þeim efnum.

Hv. 1. landsk. tekur fram í sínu minnihl.nál., að hann telur lagasetningu um þetta ekki nauðsynlega, þar sem stj. geti skipað þessu eftir eigin vild. Þetta er að nokkru leyti rétt. Það er ekki alveg nauðsynlegt, en það er tryggara og betra. Ef sett er löggjöf, þar sem aðalskipulagið er ákveðið, þá gæti það fyrirbyggt deilur um færslu á reikningum ríkisins. Annars gæti alltaf verið um það að deila, ef stj. eiga að skipa fyrir um þetta, og það getur valdið ruglingi og óþægindum, ef hinar ýmsu stjórnir væru alltaf að breyta þessu.

Hv. 1. landsk. talaði um fyrirkomulagið í þessu efni í Svíþjóð. Ég vil benda á það, að þetta fyrirkomulag er öðruvísi en það, sem Svíar nota. Þess vegna er ekki rétt að fella hér inn ákvæði, sem Svíar nota. Það fellur hér ekki við.

Hv. 1. landsk. flytur brtt., og skilst mér, að hann telji, að í henni felist aðhald um gætilega fjármálastjórn. Ég sé ekki, að þessi till. valdi þar nokkru um, vegna þess, að þetta liggur opið fyrir, ef litið er á 8. gr. frv., sem hann telur óljósa. Ég er alveg sannfærður um, að hver einasti þm. sér þetta mjög glöggt, og þarf því engin sérstök ákvæði til þess að þeir átti sig á þessum hlutum.

Mér skilst á þessari brtt., að það eigi að miða fyrningar við afborganir skulda. En ég vil spyrja: Hvernig á að haga því? Nú hefir ríkissjóður tekið lán til að koma upp útvarpsstöð, og lánið á að afborgast á 5 árum. Á þá að afskrifa útvarpsstöðina á 5 árum? Mér skilst, að ekki geti komið til mála, að skuldaafborganir séu grundvöllur undir fyrningargjaldi. Ef lán er tekið til hlutar, sem endist lengi, en lánið er tekið til skamms tíma, þá er alls ekki sambærileg fyrning eignarinnar og afborgun skuldarinnar. Og hvernig er svo með eignir, sem engin skuld hvílir á? Mér er ekki ljóst, hvort hv. þm. ætlast til, að fyrning í heild eigi að svara til allra afborgana á ríkisskuldunum. Og ekkert er um það í till., hvernig að skal fara, ef eitt lánið er tekið til skamms tíma og annað til langs. En allt þetta finnst mér grípa hér inn í. Ég get ekki fundið, að þessi brtt. nái þeim tilgangi, sem hv. þm. ætlast til. En það er alveg víst, að þetta fyrirkomulag er bókfærslulega rangt. Þess vegna finnst mér, að ekki komi til mála að samþ. þessa brtt. Það verður að fara um þetta frv. og endurbætur þess eins og verkast vill. En eigi að setja í það ákvæði, sem ekkert erindi eiga og eru á móti reglum, sem annars er fylgt og á að fylgja, þá er betra að bíða, þar til menn sjá skýrar nauðsyn þessa máls. Og ég fyrir mitt leyti hefi fulla trú á því, að þeir menn, sem að þessu finna nú, nái því takmarki að geta gert málið

vel úr garði. Ég segi ekki, að þeir séu búnir að ná því, en þeir munu koma til með að ná því, svo framarlega sem þeir fá reglur, sem þeir vita, að ekki verður þá breytt til með, eins og mundi verða, ef löggjöf verður sett um þetta.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Út af því, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Eyf., vildi ég segja nokkur orð. Hann taldi, að með því að fella þessi ákvæði úr frv. væri málið komið í lakara form en frv. gerir ráð fyrir. Út af þessu vil ég taka það fram, að fyrst og fremst var litið svo á í fjhn., að það væri ekki brýn nauðsyn að lögskipa þetta reikningshald, til þess að geta komið þessu fyrirkomulagi á reikningsfærslu í sæmilegt horf, eftir því sem frv. í aðalatriðunum gerir ráð fyrir. Hinsvegar hefir meiri hl. drepið á það í nál. sínu, að hann telji, að á meðan verið er að koma þessu bókfærslufyrirkomulagi á, sé ekki ástæða til að lögfesta það reikningsráð, sem frv. gerir ráð fyrir, heldur mætti nota aðstoð aðalbókara ríkisins og skattstjórans í Rvík. N. hefir talið rétt að gera þessa breyt. á frv. Það er hér nál., sem fram kom í Nd. í vetur. Fjhn. Nd. komst sem sé að sömu niðurstöðu og fjhn. þessarar d. Og þegar svo er ástatt, taldi fjhn. hér í d. því meiri ástæðu til að koma með þessa breyt. á frv. strax, því að hún leit svo á, að það mundi greiða fyrir því, að frv. gengi fram, þar sem fjhn. Nd. er að mestu leyti skipuð sömu mönnum nú og á síðasta þingi. Þar sem fjhn. hafði þá skoðun, að það mætti fella þetta úr frv. að ósekju, þá taldi hún sjálfsagt að koma með brtt. í þá átt, því hún taldi víst, að fjhn. Nd. væri sömu skoðunar og á síðasta þingi.

Ég þarf ekki mörgu að svara hinni löngu ræðu hv. frsm. minni hl. Það, sem á milli ber, er í brtt. minni hl. Hann hefir skýrt hana, og það hefir komið fram í framsöguræðu hans eins og það kom fram í n., að hann telur, að þetta reikningshald sé að minna á, að það þurfi að sjá fyrir afborgunum af samningsbundnum skuldum eins og samningar stóðu til. Þessu mótmælir náttúrlega enginn. Hinsvegar lítur meiri hl. svo á, að afborganir af lánum tilheyri ekki rekstrarkostnaði. Og ég hygg, að svo muni vera um öll einkafyrirtæki, að þeim líðist ekki að telja afborganir af lánum til rekstrarkostnaðar. Auðvitað er það, að ríkið er ekki bundið við sömu bókfærslu og einkafyrirtæki. En það, sem álitið er röng bókfærsla hjá einkafyrirtækjum, getur ekki verið talin rétt bókfærsla hjá ríkinu. En ég skal játa það, að brtt. minni hl. er þannig fyrir komið, að það er ekki beinlínis hægt að segja, að um ranga bókfærslu sé að ræða. En ég álít, að með því móti að nota þessa aðferð komi fram skakkar niðurstöður, eða geti komið fram skakkar niðurstöður, ekki á rekstrarkostnaði beinlínis, heldur sérstaklega á eignaskýrslum. Því till. kemur ekki til framkvæmda nema því aðeins, að afborganir af samningsbundnum skuldum séu meiri en fyrningar. En ef maður gerir ráð fyrir því, að fyrningar séu á reikningunum í hvert sinn hæfilegar, þá er það gefin sök, að með því að færa eignir niður svo stórum upphæðum nemur, leiðir það af sér, að bókfærðar eignir verða lægri en þær eru í raun og veru. T. d. í þessu fjárlagafrv., sem við höfum hér fyrir okkur, er þessi munur mikill, og ef þessu heldur áfram ár eftir ár meðan verið er að afborga samningsbundnar skuldir, þá skilst mér, að eignir komist langt niður fyrir raunverulegt verð. Hitt kemur eiginlega ekki þessu máli við, hvaða eignir eigi að taka upp í eignaskýrslurnar. Ég játa það fyllilega, sem hv. frsm. minni hl. segir, að margar af eignum ríkisins séu þess eðlis, að ekki er hægt að færa þær upp á eignaskýrslur, vegna þess að þó þær séu verðmætar, þá er ekki hægt að telja það handbærar eignir. Aftur á móti er ég ekki eins sammála um það, að það sé skylda, a. m. k. meðan þetta fyrirkomulag helzt, að sjá menntaskólanum fyrir skólahúsi og söfnum í Rvík fyrir húsnæði og öðrum stofnunum, sem ekki gefa af sér vexti. Það, sem á milli ber, er það, hvort eigi að telja afborganir af samningsbundnum skuldum til rekstrarkostnaðar á einn eða annan hátt. Mér er nokkurnveginn sama, hver aðferðin er notuð, hvort heldur tekið er upp í gjöld á rekstraryfirlit afborganir af samningsbundnum skuldum, eða aðferð sú, sem minni hl. hefir stungið

upp á, að láta afborganirnar koma fram í afskriftum eigna. Ég skal játa, að á þessu tvennu er sá munur, að séu afborganir af samningsbundnum skuldum teknar upp í rekstrarreikning, er það brot á venjulegum bókfærslureglum. Það hygg ég, að minni hl. viðurkenni með mér. En ég skal viðurkenna, að sú aðferð, sem hv. minni hl. hefir stungið upp á, er ekki beint brot á bókfærslureglum. Ég get ekki séð, að í þessari brtt. felist það aðhald fyrir stjórnina um gætilega fjármálastj., sem hv. minni hl. vill láta vera. En ef svo væri, að um aðhald væri að ræða, þá er það þó einhvers virði. En ég tel þetta hvorki aðhald fyrir þing né stjórn, vegna þess að það virðist alltaf vera á valdi þingsins að ákvarða um það, hvernig fjárl. eru samin. Hitt mætti frekar vera, eins og komið hefir fram hjá hv. meiri hl., að ef það væri tilfellið, að með þessu fengist aðhald frá landslýðnum, þá væri um vinning að ræða. En ég álít, að það sé ekki á neinn hátt þægilegra fyrir þá, sem vilja fylgjast með afkomu ríkisins, þó að brtt. hv. minni hl. gangi fram, og afskriftir af eignum væru alltaf látnar mæta afborgunum af föstum lánum. Ég verð að líta svo á, að brtt. hv. minni hl. nái ekki þeim tilgangi, sem hv. minni hl. hyggst að ná með henni, en hún getur verið talsvert varhugaverð vegna þess, að af henni getur leitt röng niðurstaða, því ef t. d. eignir ríkisins eru afskrifaðar um 600 þús. kr. á ári meira en þörf er á, þá verður niðurstaðan af efnahag ríkisins ekki rétt. Eftir 10 ár skilst mér, að geti orðið allmikil skekkja á þeim niðurstöðum. Ég legg því ekkert upp úr því aðhaldi, sem till. veitir þingi og stjórn um gætilega fjármálastj. Ég er því sem fyrr á móti till., en hinsvegar get ég lýst yfir því, að þó svo fari, að till. verði samþ., sem ég tel, að ekki ætti að gera, þá mun ég alls ekki gera það að skilyrði fyrir því, að ég fylgi frv. áfram, því þó að frv. verði samþ. með þeim ágalla, sem ég þá teldi á því vera, tel ég samt sem áður vinning að fá löggjöf setta um þetta efni.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hv. 2. þm. Eyf. var að reyna að verja ákvæði frv., sem vonlegt var, þar sem það upphaflega mun hafa verið stjfrv., flutt af honum á þingi í vetur. Hann segir, að frv. og fjárlagafrv. 1932 séu sniðin eftir danskri fyrirmynd. Því fer fjarri, að fjárlagafrv. fyrir 1932 sé samið eftir dönskum fjárl. eins og þau eru nú. Það er eiginlega hálfleiðinlegt að þurfa að leiðrétta svona missagnir hjá fyrrv. ráðh. En ég verð að segja frá því í fáum dráttum, hvernig dönsk fjárlagafrv. eru samin, og þar af geta hv. dm. séð, að það er fjarri sanni, að þeirri fyrirmynd sé fylgt hér. Þar er hver ríkisstofnun tekin út af fyrir sig og sett áætlun um rekstrartekjur og rekstrargjöld, og með gjöldum hennar eru taldir vextir af öllu því fé, sem stendur í þeirri stofnun. Þar eru svo náttúrlega taldar fyrningar, líka af þeim eignum, sem þessi stofnun hefir undir höndum. Þannig er það í dönskum fjárl., að áætlun um hverja stofnun fyrir sig verður fullkomin rekstraráætlun. Svo þegar kemur í þær gr., sem fjalla um ríkisskuldir, þá eru dregnir saman tekjumegin þeir vextir, sem hver stofnun út af fyrir sig á að standa straum af, og gjaldamegin vextir af ríkisskuldum eins og þeir í raun og veru eru, og af almennum ríkistekjum þarf aðeins að greiða þann hluta vaxta, sem er umfram það, sem stofnanir eiga að standa straum af. En í þessu fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir, að hver stofnun standi straum af vöxtum þess fjár, sem í henni stendur. Þetta fjárlagafrv. er í raun og veru ekki annað en samræming við þá tilhögun, sem hefir verið á landsreikningnum síðan 1923, með þeirri viðbót, að sjáanlega er ætlazt til, að nú verði í staðinn fyrir skýrslu um eignir og skuldir ríkisins bætt við einum reikningi á landsreikninginn, nefnilega hreinum efnahagsreikningi. Því fer ákaflega fjarri, að þetta líkist nokkuð dönskum fjárl. Ég hefi bent höf. frv. á þetta. Hann sagði, að þeir hefðu ekki séð sér fært að fara út í það að láta hverja stofnun bera sína vaxtabyrði. En þar með er fallinn sá samanburður milli þessarar tilhögunar hér og þeirrar, sem framkvæmd er í Danmörku. Hv. 2. þm. Eyf. varði frv. með því, að það væri búið til af bókfærslufróðum mönnum. Ég efast ekki um, að allt, sem framkvæmt er eftir þessu frv., geti verið bókfærslulega rétt.

En ég hefi sjálfur verið það mikið riðinn við bókfærslustörf og útbúnað bókfærslu fyrir fyrirtæki, að mér er ljóst, að það er ekki nóg fyrir ríkisbúskapinn að láta bókfærslufróða menn hafa þetta starf á hendi, þótt það sé búið svo út, að það sé reikningslega rétt. Það er ýmislegt sérstakt, sem taka verður tillit til, þegar verið er að búa út bókhald fyrir einhverja tiltekna stofnun. Það er ekki von, að þessir bókfærslufróðu menn hafi nokkurt auga fyrir því, að það eru til hér fastar venjur, sem hafa verið ríkjandi hjá þjóðinni síðan 1874, og það er mjög varhugavert að uppræta þær, því okkar meginreglur í fjármálastj. hafa verið byggðar á þeim. Þetta hafa þessir bókfærslufróðu menn, sem eru nýkomnir frá skólum og enga reynslu hafa í þessum efnum, ekki auga fyrir, sem ekki er heldur von. Þessa hlið málsins ætti stj. sjálf að leggja til. Það eru eingöngu þau atriði, sem mér finnst vera ávant um.

Þessi brtt., sem ég ber fram, felur ekki aðeins í sér aðhald fyrir stj., heldur líka og ekki síður fyrir landsmenn. Ég skal gera ofurlitla grein fyrir þessu með dæmi. Það er handhægast að grípa til fjárlagafrv. fyrir árið 1932. Fyrri liðurinn í 21. gr. rekstraryfirlitsins endar gjaldamegin á upphæð, sem kölluð er rekstrarafgangur, og er hann talinn 810 þús. kr. Ég vil segja, að þm., sem lítur á þetta, verður að telja sér heimilt að fara nokkuð langt í því að koma með útgjaldatill., þar sem rekstrarafgangur er 810 þús. kr. í þessu frv. eins og það liggur fyrir. Hvað getur verið því til fyrirstöðu að ráðstafa rekstrarafgangi til nauðsynlegra útgjalda, þegar illa lætur í ári? En ef teknar eru 2—3 tölur, sín úr hverjum reikningi, þá get ég og aðrir fundið hinn eiginlega rekstrarafgang, sem er 223567 kr., því hitt fé er bundið í gjöldum með þeim samningum, sem landið hefir gert um afborganir á ríkisskuldum. Ég vil segja, að svona reikningsfærsla getur jafnvel villt einhvern af þm., og það er alveg vitanlegt, að þegar þessum tölum er slegið út í blöðum, þá villir það lesendur, þegar þeim er sagt, að fjárl. séu afgr. með 810 þús. kr. rekstrarafgangi. Þá halda þeir, að þessir peningar verði afgangs. Brtt. mín felur í sér, að á alveg reikningslega réttan hátt mundi gjaldaliður á þessum rekstrarreikningi hækka svo, að seinasta talan er sú, sem verður afgangs, þegar búið er að borga allt, sem skylt er að greiða og fjárveitingar eru fyrir. Ég legg áherzlu á, að ekki sé verið að rugla á þessu, og ekki finnst mér ná nokkurri átt að vera að tala um, að þetta séu umbætur á reikningstilhöguninni, sem gerir mönnum þær villingar, að þarna sé afgangur 587 þús. kr. hærri en hann í raun og veru er.

Ég vísa ekki til lakari fyrirmyndar en Svía, hvernig þeir ráða fram úr þessu. Það er svo sem auðvitað, að þetta spursmál, hvernig eigi að semja efnahagsskýrslu ríkisins, hefir verið margþvælt í öðrum löndum, og niðurstaðan hefir alls ekki alstaðar orðið sú sama. Ég bendi til Svía, því ég tel, að reglur þeirra eigi vel við hjá okkur sem stendur og séu í samræmi við þann hugsunarhátt, sem er alinn upp hjá kjósendum í þessu landi.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að sú tilhögun, sem ég sting upp á, væri bókfærslulega röng, en hv. frsm. leiðrétti þó þetta hjá honum. Það er líka alveg auðsætt, að mín tilhögun er bókfærslulega rétt, en hún miðar jafnframt að því að binda hendur fjárveitingavaldsins hvað færslu fjárl. snertir.

Þá tók hv. 2. þm. Eyf. það til dæmis, að ríkið hefði byggt útvarpsstöð og tekið til þess lán, sem á að afborgast á 5 árum, og spurði síðan, hvort það væri meining mín, að það ætti þá að afskrifa útvarpsstöðina á fimm árum. Þetta mun hafa verið gert áður fyrr í Svíþjóð, en Svíar hafa nú gefizt upp á því. Ég hefi ekki heldur hugsað mér þá leið, að ríkisskuldunum væri þannig skipt niður á eignirnar, heldur hitt, að þær upphæðir, sem ríkið hefir samið um, séu færðar á efnahagsreikning sem niðurfærsla á bókuðu eignaverði ríkissjóðs í heild, og er sú tilhögun án vafa bókfærslulega rétt.

Hv. frsm. meiri hl. benti á það nú, sem kom til tals í n., að af þessu fyrirkomulagi gæti það leitt, að niðurfærsla á bókfærðu verði ríkiseignanna gæti orðið hærri en svaraði eðlilegum fyrningum. Skal ég ekki mæla á móti þessu, en vil benda á, að þetta kemur ekki að sök, þó ríkið eigi einhverjar eignir, sem búið er

að færa niður um meira en hrörnun þeirra svarar. Þessari reglu er beitt við þau fyrirtæki, sem varlega eru rekin. Eigendur þeirra leyfa sér gjarnan að færa verðið á eignunum það mikið niður, að þær séu bókfærðar heldur lægra en hægt væri að fá fyrir þær. En ríkið kemst ekki svona langt í varfærni og gætni, því að seldi það eignir sínar, myndi kaupverðið sjaldnast ná bókuðu eignaverði, hvað þá heldur meiru. En þetta er þó enginn galli á móts við það, að bókfærslan sé látin gefa það í skyn, að fé sé til á rekstrarreikningi, sem nota megi til annara gjalda, þó að því sé í raun og veru samningslega ráðstafað til afborgana af ríkisskuldum.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Ég sé ekki ástæðu til þess að svara hv. 1. landsk. miklu. Ég vil aðeins gera nokkrar aths. við þau orð hv. þm., að sú aðferð, sem höfð væri í fjárlagafrv., að telja rekstrarafgang 800 þús., væri mjög varhugaverð. Hann bar þó ekki á móti því, að þetta væri rétt, en hann taldi það svo villandi, að það gæti jafnvel villt þm. sýn.

Ég verð nú að segja það, að þegar ætlazt er til, að ríkisbúskapurinn beri sig, þá er þetta rétt áætlað. Hitt er annað mál, og get ég ekki ætlazt til, að nokkur þm. viti það ekki, að ríkið er bundið samningum um skuldir. Svo verður hver þm. að gera það upp við sjálfan sig, hvort hann kjósi heldur, að þessum 800 þús. sé varið til aukinna framkvæmda eða að þeim sé varið til þess að greiða með þeim afborganir af skuldum ríkissjóðs. Þetta liggur hverjum heilvita manni í augum uppi og getur það ekki villt neinum sýn. Ég veit, að allir hinir gætnari þm. muni vera okkur hv. 1. landsk. sammála um það, að þessu fé beri fyrst og fremst að verja til þess að greiða með afborganir af samningsbundnum skuldum.

Þetta nýja form sýnir þannig ljóslega hver afkoma ríkissjóðs er, og fæ ég ekki séð, hvað við það getur verið athugavert.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að vera að karpa frekar við hv. 1. landsk. um þetta. Ég hefi áður gert það í n., og get því látið hér staðar numið.

Einar Árnason [óyfirl.]: Ég þarf ekki að tala langt mál út af síðari ræðu hv. 1. landsk., því að fátt nýtt kom fram í henni. Aðalkjarninn í ræðu hans var sá, að það væri rangt hjá mér, að formið á fjárlagafrv. væri sniðið eftir fjárl. Dana. Það, sem hv. þm. dró fram máli sínu til stuðnings, voru eingöngu smávægileg fyrirkomulagsatriði. Það er auðvitað ýmislegt í dönsku fjárl., sem við höfum ekki hér og getum ekki haft ennþá. T. d. eru hér ennþá ýmsar stofnanir, sem ekki er búið að koma á sérstöku reikningshaldi hjá, og getur færsla fjárlagafrv. því ekki verið eins fullkomin hjá okkur og hjá Dönum, en formið er það sama samt sem áður. Ég vil benda hv. þm. á, að uppi í fjmrn. liggur danskt fjárlagafrv. og getur hann þar gengið úr skugga um þetta.

Hv. þm. talaði mikið um bókhald og bókfærslufyrirkomulag almennt, og var margt af því, er hann sagði, í sjálfu sér rétt, t. d. það, að bókfærslunni þyrfti að vera þann veg fyrir komið, að nógu auðvelt sé fyrir fjmrh. að vita hvenær sem er, hvernig sakir standa. Það mundi auðvitað vera sízt af öllu erfiðara, ef fullkomið bókhald er viðhaft, heldur þvert á móti. Þessi sköpun fullkominnar reikningsfærslu og ákvæði frv. um reikningsráð mundu létta fjmrh. það stórkostlega, að fylgjast vel með í ríkisbúskapnum.

Það er alkunn venja, að menn, sem vanir eru orðnir gömlu fyrirkomulagi, eiga erfitt með að sjá galla þess, og vilja því ekkert breyta því eða bæta það. Það er ekki fyrr en nýir menn koma til skjalanna, að gallar koma í ljós, sem menn komu ekki auga á áður, og úrelt fyrirkomulag er afnumið, en fullkomið sett í staðinn.

Hv. 1. landsk. talaði um rekstrarafgang þann, sem sýndur er í fjárlagafrv., og taldi hann svo villandi, að hann gæti jafnvel afvegaleitt hina greindustu menn. Það eru auðvitað alltaf margir menn, sem ekki geta áttað sig á réttri bókfærslu. En á þá að halda ófullkominni bókfærslu til þess eins, að einstakir menn, sem ekki kunna bókfærslu, geti áttað sig á henni? Ég verð að álíta, að það sé harla lítil ástæða til þess.

Hv. þm. mótmælti því, að brtt. sín væri bókfærslulega röng. Hún er þá a. m. k.

bókfærslulega röng í eðli sínu, og er ekki mikill munur á því. Annars þýðir ekki að vera að deila um þetta við hv. þm. Við höldum að sjálfsögðu hvor sinni skoðun eftir sem áður.

Hv. 1. landsk. hefir tekið sér það hlutverk að halda í hið gamla og spyrna á móti nýjungunum á þessu sviði. Ég skal þó taka það fram, hv. þm. til verðugs lofs, að hann gerði nokkra bót á færslu landsreikninganna á sínum tíma. Hefði ég kosið, að hann hefði haldið lengra á þeirri braut, því að nóg verkefni voru fyrir hendi á þessu sviði. Það gerði hann því miður ekki, en samt sem áður á hann hrós skilið fyrir þær endurbætur, er hann gerði, og vil ég sízt taka þann heiður af hv. þm.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Ég ætti sjálfsagt að vera hv. 2. þm. Eyf. þakklátur fyrir það, að hann vill ekki taka af mér heiður, en raunar þarf ég hvorki að þakka né vanþakka hv. þm., því að ef ég á þennan heiður, þá situr hann fastur við mig, hvað sem ummælum hv. 2. þm. Eyf. líður.

Það, sem okkur ber á milli, er það, hvort eigi að halda áfram þeirri gætilegu fjármálastefnu, sem þjóðinni hefir verið innrætt, og m. a. lýsir sér í því, að ekki skuli tekin lán til þess að standast samningsbundnar afborganir af ríkisskuldum, heldur skuli aflað tekna til þess að greiða þær með. Hvort er í sjálfu sér rétt eða rangt, er ómögulegt að segja um. Deilan stendur aðeins um það, hvor aðferðin sé heillavænlegri fyrir þjóðina.

Hv. þm. sagði, að ég vildi halda í gamlar venjur. Ég skal ekki mótmæla þessu. Ég er fastheldinn á góðar venjur og vil, að þær séu virtar og þjóðinni þannig forðað frá því að komast út á glapstigu. En ég er ekki íheldinn á þessu sviði. Ég hafði vanizt tvöfaldri bókfærslu við ýmsar stofnanir, sem ég var við riðinn, áður en ég fór að gefa mig að stjórnmálum. Hitt kemur þessu máli minna við, hvað gert var í stjórnartíð minni. Við vorum ekki vanir að básúna það, sem við gerðum, í blöðum og á mannfundum, eins og hæstv. núv. stj. hefir gert í svo ríkum mæli um sínar gerðir. Ég get þó sagt hv. þm. það, að í minni stjórnartíð var byrjað á að endurbæta ríkisbókhaldið. Og við byrjuðum á réttum grundvelli, með því að byggja það upp neðanfrá. Það var fyrst og fremst í héruðunum, hjá bæjarfógetum og sýslumönnum, að bókfærslan var orðin úrelt. Þessu tókum við að kippa í lag og koma á fullkomnu bókfærslukerfi hjá þessum embættismönnum. Við vildum þó prófa hina nýju tilhögun verklega áður en hún væri fyrirskipuð með reglugerð, og kusum að byrja hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði. Hann var búinn að nota þetta bókfærslukerfi með bókum, sem við lögðum honum til, að því ég held í eitt ár, þegar framsóknarstj. tók við völdum. Má af þessu sjá, hvernig afstaða okkar var til þessara mála. Ég hefi oft síðan, mér til mikillar ánægju, séð þess getið í blöðum hæstv. stj., að bókhald bæjarfógetans í Hafnarfirði hafi verið fyrirmynd. Hitt finnst mér blátt áfram barnalegt, að stj. skuli vera að básúna það í ræðu og riti, ef hún gerir eitthvað, sem má teljast gagnlegt. Hæstv. stj. hefir án efa orðið vör við það, sem gert var í Hafnarfirði í þessu efni, og svo sennilega haft fyrirmynd sína þaðan.

Hv. 2. þm. Eyf. er ekki enn farinn að átta sig á muninum á íslenzkum og dönskum fjárl., þar sem hann heldur, að það séu ekki annað en smáatriði, sem skilja tilhögun þeirra og færslu. Ég get get frætt hann á því, að langstærsta breyt., sem gerð hefir verið á fjárl. Dana, var sú, er Bramsnæs ráðh. gerði og var í því fólgin, að vaxtagreiðslur og fyrningar voru færðar inn á rekstrarreikning einstakra stofnana. Hér er aðalbreyt. sú, að fyrningar eru bókaðar á sjóðsyfirliti. Það er ekki gert í dönskum fjárl. Þá er einnig öllum vöxtum sleppt í ísl. fjárl., og sýna því kaflar þessara fjárl. alls ekki rekstrarreikninga einstakra stofnana. Er auðsætt, hve mikilsvert atriði þetta er, þar sem fyrningar eru ekki ákveðnar nema 1—2%, en vextinir eru 5—6%. Ég tel mig því hafa fullan rétt til þess að bera á móti því, að þetta fjárlagafrv. sé sniðið eftir dönskum fjárl.

Ég hafði gaman af því, þegar hv. frsm. meiri hl. fór að tala um rekstrarafganginn. Hann sagði, að þessi tala, 800 þús. kr., sýndi, að við hefðum þetta fé af-

gangs til þess að greiða með afborganir af skuldum. Þetta sýnir bezt, að jafnvel þm. getur förlazt í þessu efni. Til þess að finna hinn raunverulega rekstrarafgang samkv. fjárlagafrv. verður fyrst að draga fyrningarnar, 354 þús., frá afborgunum lána, 921 þús. Þá koma út 567 þús. kr. Þennan mismun verður svo að draga frá rekstrarafganginum, 831 þús., og kemur þá út hinn raunverulegi rekstrarafgangur, sem er 264 þús. Það er ósköp klúðursleg bókfærsla, að þurfa að draga þannig tvisvar sinnum frá til þess að fá tölu, sem er svo þýðingarmikil, að hún ætti fremur flestum öðrum tölum að standa í fjárlagafrv. Ég er viss um, að það er ekki auðvelt fyrir alla að átta sig á því, hvað raunverulega er afgangs af þessum rekstrarafgangi, en það er vitanlega alveg sjálfsagt, að reikningsfærslan sé látin sýna það skýrt og greinilega.

ATKVGR.

Brtt. 264,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 264,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 264,3.a—d samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 264,4.a samþ. með 8 shlj. atkv.

— 264,4.b samþ. með 8 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 264,5 samþ. án atkvgr.

— 275 felld með 7 : 6 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁrna, IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH, GÓ.

nei: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JónÞ.

6. gr. samþ. með 9 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH, PM, EÁrna, GÓ.

nei: JakM, JónÞ, BSn, HSteins.

GL greiddi ekki atkv.

Brtt. 264,6 samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 264,7.a—b samþ. með 8 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 264,8.a—b samþ. með 8 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 264,9 samþ. með 7 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 264,10 samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 264,11.a samþ. með 8 shlj. atkv.

— 264,11.b tekin aftur.

13. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 264,12 samþ. með 7 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 264,13 samþ. án atkvgr.

15. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 264,14 (16. gr. falli burt) samþ. með 7 shlj. atkv.

— 264,15.a—b samþ. með 7 shlj. atkv.

17. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 264,16 (ný 18. gr., verður 17. gr.) samþ. með 7 shlj. atkv.

— 264,17 (ný 19. gr., verður 18. gr.) samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, GÓ.

nei: HSteins, JakM, JónÞ, PM, BSn, GL.

Á 30. fundi í Ed., 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 295).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁrna, IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH, GÓ.

nei: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JónÞ.

Frv. afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 295).

Á 31. fundi í Nd., 17. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 19. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 295).

Magnús Guðmundsson: Mig minnir, að þessu máli væri vísað til fjhn. nú fyrir tveimur dögum, og n. hefir ekki ennþá tekið málið til meðferðar vegna þess, að ýms önnur mál lágu fyrir. Nú vildi ég spyrja, hvernig á því stæði, að mál þetta er tekið á dagskrá, því að vitanlega er tilgangslaust að vísa málum til n., ef ekki er ætlazt til, að henni sé gefið tóm til að athuga þau. Ég segi fyrir mig, að ég er ekki undir það búinn að ræða mál þetta, sökum þess að ég bjóst ekki við, að það myndi tekið á dagskrá fyrr en n. hefði gefizt kostur á að athuga það.

Forseti (JörB): Ég hefi tekið mál þetta á dagskrá samkv. ósk, og form. fjhn. gat þess, að hann sæi ekki ástæðu til, að málið yrði ekki tekið fyrir, þótt n. hefði ekki látið uppi álit sitt.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forseti segist hafa tekið málið á dagskrá samkv. ósk, en þá vildi ég spyrja, frá hverjum sú ósk hefði komið. Mér finnst það harla undarlegt, ef hv. form. fjhn. (HStef), hefir gefið leyfi til þessarar aðferðar, vitandi það, að n. hefir ekki haft málið til athugunar, og þá fæ ég ekki skilið, til hvers n. hefir átt að fá það í sínar hendur. Ég tala vitanlega ekki um slíkt, ef n. hefði haft málið lengi til athugunar og trassað að afgr. það, því að þá hefði ekkert verið við þessu að segja. En þessu háttalagi vil ég mótmæla með öllu, einkanlega þar sem ég fæ ekki séð, að það velti á nokkru, hvort málið fær afgreiðslu á þessu þingi eða hinu næsta.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég þarf ekki að bæta miklu við orð hv. 2. þm. Skagf., en ég vil árétta það, að mér virðist engin ástæða til að vísa stóru og þýðingarmiklu máli til n., ef n. á svo ekki að fá tóm til að athuga það. Mér þykir það ennfremur skrítin framkoma hjá hv. form. fjhn., að tilkynna forseta, að málið megi koma á dagskrá án þess að n. hafi fengið tækifæri til að athuga það. A. m. k. get ég ekki séð, að hann hafi haft heimild til að lýsa yfir slíku fyrir n. hönd, heldur aðeins fyrir hönd sjálfs sín. Hv. form. hefði því átt að tilkynna n. þetta, svo að einstakir nm. hefðu fengið ástæðu til að kynna sér þetta nánar.

Halldór Stefánsson: Mér skilst, að hér hafi orðið umr., sem snerta afgreiðslu mála í fjhn., út af því að þetta mál hefir verið tekið á dagskrá án þess að n. hafi skilað um það áliti. Það er ekki spánnýtt, að mál séu tekin á dagskrá, sem fjhn. hefir haft til athugunar, án þess að n. hafi unnizt tími til að skila áliti. Menn munu minnast þess, að hæstv. forseti hefir tekið á dagskrá frv. um jöfnunarsjóð án þess að nál. væri skilað, og nú er eins ástatt með tvö mál á dagskránni í dag. Viðvíkjandi frv. um einkasölu á tóbaki er það að segja, að hæstv. forseti spurði mig að því, hvort ég hefði nokkuð á móti því, að málið yrði tekið fyrir, og sagðist ég fyrir mitt leyti ekkert hafa við það að athuga, þar sem málið væri svo þaulkunnugt í þinginu, en hinsvegar myndi n. skila áliti mjög bráðlega. Um hið síðara, frv. um ríkisbókhald og endurskoðun, er það að segja, að n. hefir ekki tekið það neitt til athugunar. Það var afgr. til n. fyrir tveim dögum, og því er ekki að undra, þótt ekki hafi unnizt tími til að athuga það. Ég var sömuleiðis spurður að því í gær, hvort n. hefði afgreitt málið, en ég sagði, að svo væri ekki, en að ég fyrir mitt leyti hefði ekkert á móti, að það væri tekið á dagskrá, af því að fjhn. í fyrra hefði afgr. málið nákvæmlega eins og það liggur fyrir nú. Frekara hefi ég ekki ástæðu til að taka fram þessum málum viðkomandi.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Það er rétt, sem hv. form. fjhn. segir, að það hefir komið

fyrir, að mál hafa verið tekin á dagskrá án þess að n. hafi skilað áliti, en þá hefir staðið öðruvísi á. Það var svo um frv. um jöfnunarsjóð, að það var afgr. til n. í byrjun þings, svo að full ástæða var fyrir hæstv. forseta að taka það á dagskrá, en þetta mál kom til n. fyrir tveimur dögum, og henni hefir því ekki gefizt kostur á að taka það til meðferðar.

Hæstv. forseti hefir með fyrirspurn sinni til form. fjhn. sýnt, að honum hefir ekki þótt eðlilegt að taka málið á dagskrá án þess að spyrja nm. að því, en form. segist hafa svarað fyrir sitt leyti, að hann hefði ekkert á móti því, sökum þess að málið væri hv. þdm. kunnugt frá í fyrra, en nú verða menn að gæta þess, að í fjhn. eru 3 nýir menn af 5, sem n. skipa, svo að þeim hefir ekki gefizt kostur á að athuga málið.

Ég veit ekki, hvort það er rétt hjá hv. form., að málið liggi hér fyrir eins og það var afgr. frá n. í fyrra, a. m. k. voru gerðar á því allmiklar breyt. í hv. Ed., en hvað sem því líður, fæ ég ekki séð, að þetta sé svo mikilsvarðandi mál, að ástæða sé til að knýja það fram með valdi á þessu þingi. Ég fæ ekki skilið, að það komi ekki alveg út á eitt, hvort það er samþ. nú eða á vetrarþinginu næsta.

Forseti (JörB): Mér skildist, að óskað væri, að málið fengi afgreiðslu nú á þessu þingi, og því tók ég það á dagskrá. Hinsvegar skal ég fúslega viðurkenna, að sá tími, sem n. hefir haft til umráða til athugunar á málinu, er svo skammur, að ekki er hægt til þess að ætlast, að hún fengi afgr. það.

Til þess að hliðra til, skal ég fresta málinu á dagskrá í því augnamiði, að takast megi að ná samkomulagi við hv. n. um málið og afgreiðslu þess.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 21. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 295, n. 392).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 : 1 atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson) [óyfirl.]: Eins og nál. á þskj. 392 ber með sér, þá leggur meiri hl. fjhn. til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Um afstöðu hv. minni hl. n. get ég ekkert sagt, vegna þess að þeir tveir hv. nm., sem ekki hafa skrifað undir nál., voru ekki á fundi, þegar málið var afgr. í n.

Þetta frv. lá fyrir vetrarþinginu og er nú lagt fyrir þetta þing. Fylgdi því ýtarleg grg., og um rök fyrir því læt ég mér nægja að vísa til hennar. Á vetrarþinginu fékk þetta mál allrækilega athugun í n. í þessari hv. d., og meiri hl. mælti eindregið með því, að það yrði samþ. Nú var það lagt fyrir hv. Ed. og athugað þar í n. og samþ. og er nú hingað komið.

Eins og menn vita, er ætlazt til með frv., að lögfest sé, að taka skuli upp sömu tilhögun um bókhald og endurskoðun ríkisreikninga og annara reikninga tilheyrandi ríkisrekstrinum eins og nágrannalöndin hafa komið á hjá sér fyrir löngu og gefizt hefir þar vel. Flest stærri fyrirtæki hér á landi og annarsstaðar hafa og tekið upp bókhald tilsvarandi því, sem hér er stungið upp á. En ríkið hefir orðið á eftir í þessu efni, og hefir haft gamalt og úrelt skipulag. Það virðist því vera kominn tími til þess að breyta þessu í viðunanlegt hort. Annars ætla ég ekki að fara nánar út í þetta mál.

Þetta mál hefir verið rætt mikið hér í hv. d., og það hefir verið vikið að svipuðu efni hér í dag í sambandi við fjárlagaumr., enda er nú orðið framorðið, og mér sýnist hv. dm. vera farnir að þreytast, svo að ég tel rétt að orðlengja ekki meira um þetta að sinni.

Magnús Guðmundsson: Þetta mál var tekið af n. eftir að það hafði verið hjá henni tæpan sólarhring, og þar af leiðandi hefir minni hl. ekki tekið neinn þátt í meðferð þess í n. Að sönnu frestaði hæstv. forseti því um 2 daga, vegna mótmæla frá mér, en ég hefi þrátt fyrir það ekki tekið neinn þátt í nál.

Ég hefi ýmislegt um þetta mál að segja og miklar aths. við frv. að gera, en nú er orðið svo framorðið og svo fáir í d., að ég er ekki viss um, að hún geti tekið ályktun um það. Ég mun því geyma mér að tala um málið þangað til við 3. umr., ef það er þá hægt að koma því til 3. umr. — mér sýnist svo fáir vera við. En ég vil

áskilja mér rétt til að tala þá um einstakar gr. frv.

Þá ætla ég ekki að segja meira um þetta af meðaumkun bæði með sjálfum mér og öðrum — fyrr en við 3. umr. Ég er orðinn syfjaður, og ég býst við, að svo sé um fleiri.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 : 1 atkv.

2.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

8.—16. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

17.—18. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 2 atkv.

Á 36. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 295).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 : 1 atkv.

Magnús Guðmundsson: Ég vil ekki, að þetta frv. verði svo að lögum, að ekki komi fram raddir á móti því, þar sem í frv. eru ýms atriði, sem þurfa frekari athugunar við. Ég skal þá fyrst benda á það, að löggjöf um þetta efni er ekki nauðsynleg. Það hefir stj. sýnt með því, að hún er búin að koma á flestum þeim breyt., sem ráðgerðar eru í frv. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að doka við. (Hringir). — Fundi verður slitið, ef þm. hafa ekki tíma til þess að gegna störfum). Þá er væntanlega óhætt að byrja aftur. Ég vil benda á, að frv. er samfara talsverð útgjaldaaukning. Það verður að bæta við nýjum embættum, þ. á m. nýjum yfirendurskoðanda, og það var tilætlun stj., að hann hefði hærri laun en skrifstofustjórarnir í stjórnarráðinu. En nú er búið að bæta úr þessu þannig, að hann á að hafa sömu laun. Annar maður hefir og verið tekinn, sem hefir 5000—6000 kr. í laun, og ég er ekki í neinum vafa um það, að fleiri þarf að taka, ef leysa á af hendi í stjórnarráðinu alla endurskoðunina. Það er sérstaklega einkennilegt, að engar reglur skuli gefnar um ríkisféhirði í þessu frv. Það eru engar reglur gefnar um það, hvað ríkisféhirðir á að hafa bak við sig, þegar hann borgar úr ríkissjóði. Ég álít, að þegar sett eru lög um ríkisbókhald, þá eigi ekki að sleppa ríkisféhirði. Það er auðséð, að sá maður, sem hefir úthúið frv., hefir verið ókunnugur fyrirkomulaginu og aðeins reikningsfróður og ekki tekið til greina þau atriði, sem viðkoma ríkisféhirði.

Í 4. gr. frv. stendur: „Bækur ríkisbókhaldsins skulu færðar þannig, að samkv. þeim verði saminn, í lok reikningsárs, ríkisreikningur Íslands". Tilætlunin sýnist því vera, að ríkisreikningurinn sé gerður strax í árslok. En þá er ómögulegt að hafa þá aðferð, sem áður hefir verið höfð og gert er ráð fyrir í frv., að tekjur og gjöld hvers árs séu ein heild og út af fyrir sig. Annars væri vel við eigandi, að í frv. stæði, hvenær landsreikningurinn ætti að vera tilbúinn í síðasta lagi. Ég geri ekki ráð fyrir því, að meiningin sé, þó þetta sé svona klaufalega orðað, að semja reikninginn strax í árslok, þar sem bíða verður til vorsins og sjá, hvaða tekjur og gjöld koma, sem tilheyra árinu. Það hefir viljað brenna við, að landsreikningurinn kæmi nokkuð seint. Það ætti að vera vel kleift að hafa reikninginn tilbúinn 1. sept. ár hvert. En það hefir komið fyrir, að landsreikningurinn hefir ekki verið tilbúinn fyrr en í nóv. eða des. En að fara bókstaflega eftir 4. gr. held ég, að sé ómögulegt.

Þá eru í 4. gr. taldir upp lokakaflar í ríkisreikningi Íslands, og eru þeir 3: rekstrarreikningur, sjóðsyfirlit og efnahagsreikningur. Þessir reikningar eru allir í reikningnum eins og hann er nú, og þar að auki 4. reikningurinn, sem Alþingi hefir hingað til samþ. Nú vil ég spyrja, hvort nokkur veit um það, hvort þessi reikningur á að falla niður.

Þetta nafn á reikningnum, að kalla hann ríkisreikning Íslands er mjög óviðfelldið. Við erum vissulega ekki að semja l. fyrir Kína eða Japan, og því óþarft að taka það fram, að reikningurinn sé reikningur íslenzka ríkissjóðsins.

Svo er 8. gr. frv.; þar er sagt um endurskoðunina í 2. lið, að hún eigi að gæta þess, „að greiðslur allar og viðskipti séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þar að lútandi samninga", og í 3. lið gr., „að engin útgjöld séu innt af hendi án lagaheimildar, að fjárveitingar séu réttilega notaðar samkv. fyrirmælum, og að

útgjöld, tekjur og aðrir liðir viðskiptanna séu bókfærðir á réttan hátt", og síðan er sagt í 13. gr., að yfirskoðunarmenn landsreikningsins eigi að sjá um þetta. Þetta er orðað þannig, að ómögulegt er að sjá annað en að yfirskoðunarmennirnir eigi fyrirfram að sjá um, að engin útgjöld séu innt af höndum, sem ekki eiga sér stað í l. Þetta er allt öðruvísi orðað í frv. en í 39. gr. stjskr. Ef þetta er samþ. svona, þá sé ég ekki betur en að yfirskoðunarmennirnir eigi blátt áfram að vera yfirfjármálaráðherrar. Og ég hygg, að engin stj. geti lagt sig undir slíkt. Þess hefir aldrei verið krafizt, að yfirskoðunarmennirnir sæju um, að engar greiðslur færu fram, sem ekki ættu sér stað í l. Þeir hafa aðeins átt að segja um það eftir á, hvort allar greiðslur væru l. samkvæmt.

Svo er yfirskoðunarmönnunum heimilað í frv. að fela fjmrn. að annast þann hluta af endurskoðunarstarfinu, sem um ræðir í 1. tölul. og niðurlagi 3. tölul. 8. gr. laga þessara. M. ö. o. eiga yfirskoðunarmennirnir að fela fjmrn. að sjá um, „að reikningarnir séu tölulega réttir og rétt samdir samkv. bókhaldsreglum, og að allir tekju- og gjaldaliðir séu sannaðir með viðeigandi fylgiskjölum", og ennfremur, „að útgjöld, tekjur og aðrir liðir viðskiptanna séu bókfærðir á réttan hátt". Hér er þá gengið út frá því, að yfirskoðunarmennirnir hafi viðtækari skyldu en nú er. Endurskoðunin á sem sé öll að hvíla á þeim, og sú umboðslega endurskoðun er ekkert annað en undirtylla þeirra, ef yfirskoðunarmennirnir eiga að hafa þetta vald. Það er auðséð, að hér er byggt á skökkum grundvelli.

Svo er „ákvæði um stundarsakir o. fl.". Þar stendur: „Ríkisreikninga Íslands fyrir 1930 skal semja samkv. l. þessum, að svo miklu leyti sem unnt er, enda þótt þeir verði ekki í fullu samræmi við fjárl. fyrir það ár". Ég veit ekki, hverskonar yfirlit fæst, ef ekki á að fylgja ákvæðum fjárl. eins og gert er ráð fyrir í frv. að öðru leyti. Svo er sagt, að það eigi að bera hann saman við önnur ár, en ekki tiltekið, hvaða ár það eru. En þetta er vitaskuld ekki ákvæði, sem ég legg mikið upp úr, samanborið við önnur ákvæði, en eigi að fylgja því, mun það kosta það, að gera þarf 2 reikninga að mestu eða öllu leyti.

Þá var í aths. við þetta frv. eins og það lá fyrir þinginu í vetur, bent á það, að ósamræmi hefði verið milli færslu tekna af síma í landsreikningnum 1929 og reikningum símans. En þetta er ekki rétt. Í landsreikningnum 1929 er tilfært nákvæmlega, hvaða tekjur hafi orðið af síma, og sundurliðað þannig, að fyrst eru taldar eftirstöðvar frá fyrra ári, þá tekjur tilfallnar á árinu, síðan hvað greiðzt hafði á árinu og loks eftirstöðvar til næsta árs. Landsreikningurinn hefir þannig inni að halda allar þær upplýsingar, sem hægt er að krefjast.

Þá hefir það verið fundið að landsreikningnum 1929, að hann hafi ekki talið allar tekjur ársins 1929 sem innkomnar tekjur. Þetta er rétt, að svona var reikningurinn útbúinn, en það er kostur á honum, en ekki löstur, því að það væri mjög óvarlegt og líka rangt að telja það greitt, sem ekki er greitt, en með núv. fyrirkomulagi er hægt að sjá, hvaða tekjur hafi raunverulega komið inn á hverju ári, og hvað hefir átt að koma inn.

Ég býst við, að þetta frv. verði samþ. hér eins og annað, sem hæstv. stj. vill vera láta, en ég vildi ekki láta hjá líða að benda á stærstu galla þess. Ég álít, að hæstv. fjmrh. gerði vel í því að fresta þessu máli til næsta þings og athuga það vel. Ég efast um, að hann hafi sett sig svo vel inn í einstök atriði þess, að hann geti svarað fyrir það. Um leið og ég lýk máli mínu, langar mig til þess að spyrja hæstv. fjmrh., hvernig hann hafi hugsað sér að fara með 8. gr. þessa frv., og þá sérstaklega 3. lið 8. gr.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég skal fúslega viðurkenna það, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, að ég mun ekki vera svo vel heima í þessum málum sem ég mun síðar verða, og gerði hann þá hvorttveggja í senn, að lasta mig og lofa. Þó hygg ég, að óhætt sé að óska þess, að hv. d. afgr. þetta mál nú, þar sem ekki hafa komið fram stórvægilegri aths. við frv. en raun er á orðin. Það er svo með þessar aths., að engin þeirra snertir aðalatriði málsins. Ég geng að sjálfsögðu út frá því, að þessi l. verði þannig úr garði

gerð, að þeim þurfi að breyta að einhverju leyti, er stundir líða fram, og ég mun að sjálfsögðu, ef ég sé þess þörf, koma fram með brtt. þegar á næsta þingi, en mikilla breyt. mun þó aldrei við þurfa skjótlega.

Ég hygg, að sá kostur sé við það að lögtaka ríkisbókhald og endurskoðun nú þegar, að þá færist endurskoðunin í samræmilegra horf en nú er, og það án teljandi kostnaðar fyrir ríkissjóð. Ég er ekki við því búinn nú að gefa skýrslu um það, hver kostnaðurinn yrði, borið saman við þann kostnað, sem nú er, en þar sem öll þessi endurskoðun fer nú fram — og til þess fara margar fjárhæðir, sem sumir kalla bitlinga —, þá hygg ég, að þetta nýja fyrirkomulag muni ekki valda auknum kostnaði, jafnvel sparnaði, þó ég sé ekki við búinn að sýna það og sanna.

Hv. þm. vildi halda því fram, að svona löggjöf væri ónauðsynleg, og má e. t. v. segja, að komast megi af án hennar. En þó hygg ég, að réttara sé að hafa um þetta löggjöf, og sé henni breytt eftir því sem nauðsyn krefur. Með því móti er síður hætt við, að samræmið milli ára raskist. Sérstaklega eru ákvæði um endurskoðun sjálfsögð. Engin hætta er á því, að þingið fáist ekki til þess að breyta ákvæðum laganna hvenær sem er, eftir því sem ástæða verður til, en rétt er, að athygli þingsins sé vakin á því með lagabreyt., þegar breyt. verður á ríkisbókhaldi.

Þetta fyrirkomulag er nú í fjárlagafrv. því, sem þegar hefir verið afgreitt, og í sambandi við það hafa ekki komið fram neinar stórvægilegar kvartanir. Annars hygg ég, að því verði ekki haldið fram með neinum rökum, að hér sé ekki um endurbót að ræða. Þvert á móti er hér komið því skipulagi á bókhald ríkisins, sem tíðkast í nágrannalöndunum, sem komin eru langt á undan okkur í þessari grein. Vöxtur ríkisrekstrar — og þar á ég ekki við þann ríkisrekstur, sem jafnaðar- og sjálfstæðismenn deila mest um — hefir verið mikill á seinustu áratugum, og bókhaldið fylgzt treglega á eftir, og fyrst með þessu skipulagi er hægt að segja, að það komist í það horf, að það sæmi svo miklum viðskiptum sem viðskipti ríkissjóðs eru.

Ég sagði, að mér virtust aths. hv. 2. þm. Skagf. ekki vera stórvægilegar og ekkert koma við stofni þessa máls. Ég tel það ekki mikilsvert atriði, þótt hér séu engar reglur um ríkisféhirði, því að hann hefir sérstakt erindisbréf og annast „mekaniskt“ greiðslur, án þess að hann komi í raun og veru nálægt bókhaldinu öðruvísi en þannig, að það byggist á starfi hans, og er það tekið fram í erindisbréfi hans, með hvaða hætti hann skuli annast útborganir. Hefir ekki hingað til verið að því fundið.

Hv. þm. virðist skilja svo ákvæði 4. gr., að ríkisreikning Íslands verði að fullgera þegar í lok hvers reikningsárs. En ég skil þau á þann veg, að ríkisreikninginn eigi að miða við árslok, og að þessi 1. málsgr. 4. gr. þýði lítið annað en það, að almanaksárið sé reikningsár ríkisins. Vantar þá í þessi l., hvenær lokið skuli uppgerð reikningsins. Vera má, að ekki sé tímabært eða hentugt að hafa neitt slíkt ákvæði í l. Það verður að sýna sig, hve langan tíma uppgerðin tekur og hvort beri að flýta henni sem mest.

Þá gat hv. þm. þess, að yfirlit yfir inn- og útborganir vantaði. Þetta er ekki rétt, því að annað yfirlitið, sem um er að ræða hér í fjárlagafrv., sem sé sjóðsyfirlitið, sýnir greinilega sundurliðaðar inn- og útborganir ríkissjóðs.

Hv. þm. spurði sérstaklega um það, hvernig ég skildi ákvæði 3. tölul. 8. gr., sem svo hljóðar: „Að engin útgjöld séu innt af hendi án lagaheimildar, að fjárveitingar séu réttilega notaðar samkv. fyrirmælum, og að útgjöld, tekjur og aðrir liðir viðskiptanna séu bókfærðir á réttan hátt“. Framkvæmd þessa fyrri hl. 3. tölul. er falin endurskoðendum Alþingis, og á að vera einn hl. af starfi þeirra, sem ekki verður falinn öðrum starfsmönnum ríkisins. Ég vil í þessu sambandi leggja áherzlu á orðalagið á 1. málsgr., að þeim beri fyrst og fremst að gæta þess, að engin útgjöld séu innt af hendi án lagaheimildar, og skil ég það svo, að þegar lagaheimild er ekki fyrir hendi, þá beri þeim að gæta þess, að það, sem greitt er án heimildar, komi í fjáraukalög, svo að í þessum III. kafla sé í raun og veru ekki annað en lýsing á núv. ástandi og valdi því engri breyt. Það er vitanlegt, að ekki

geta endurskoðendur Alþingis verið með nefið niðri í hverri ávísun hvenær sem er og fengið neitunarvald gagnvart ráðuneytinu. Um slíkt er ekki að ræða. Og það eru í raun og veru endurskoðendur Alþ., sem nú ráða mestu um það, um hvað beri að leita aukafjárveitinga.

Þá gat hv. þm. þess, að eftir ákvæðum 17. gr. myndi þurfa að gera tvöfaldan, eða því sem næst tvöfaldan landsreikning fyrir árið 1930, og mun það rétt vera. En ég hygg, að þetta verði framkvæmt þannig, að segja megi, að þessi gr. hefði eins vel mátt missa sig. Á hinn bóginn er ekki nauðsynlegt að breyta þessu í frv., því að í upphafi gr. stendur, að „Ríkisreikninga Íslands skal semja samkv. l. þessum, að svo miklu leyti sem unnt er". Niðurstaðan hefir orðið sú, að þetta er ekki unnt nema að litlu leyti, og lítil fyrirhöfn að gera það á þann hátt, að fullnægjandi skýringar fáist um eldri færslur í landsreikningnum. Það er þegar ljóst, að svona verður það. Greinin má því teljast óþörf, enda er hún ekki bindandi, sbr. orðalagið „að svo miklu leyti sem unnt er".

Fleiru finn ég ekki ástæðu til að svara að svo stöddu. Ég vil, að þetta frv. verði afgr., þótt því verði ekki neitað, að því kunni að þurfa að breyta síðar eins og öðrum l., og það jafnvel á næsta þingi. Um það er ég ekki bær að dæma að þessu sinni, að á allan hátt sé svo frá frv. gengið, að ekki þurfi það smávægilegra breyt. við innan skamms.

Magnús Guðmundsson: Ég get ekki verið allskostar ánægður með svör hæstv. fjmrh. við aths. minum. Þó fannst mér hann í rauninni ekki telja ólíklegt, að á næsta þingi þyrfti að breyta þessum l. Það er einmitt það, sem ég spáði, og ég er sannfærður um, að eigi að fara að lifa eftir þessum lögum, þá verður að breyta orðalaginu á þeim, og mér finnst lítil ástæða til að setja lög, sem vitanlegt er, að strax þarf að breyta. Annars er það ekki rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að mínar aths. hefðu ekki snert aðalatriði málsins. Þvert á móti, þær gerðu það mjög, því að þegar setja á heildarlöggjöf um bókhald ríkisins, má ekki sleppa öðrum aðalhlutaðeigandi bókhaldsins, sem er ríkisféhirðir. Það er auðvitað satt, að hann hefir erindisbréf, sem hefir verið sett af umboðsstj., en það hefði á nákvæmlega sama hátt mátt setja erindisbréf fyrir bókarann. Þetta sýnir, að þessi l. eru ekki nauðsynleg og hægt að gera það, sem frv. fer fram á, af framkvæmdavaldinu. En eigi að fara að setja l. um þetta, þá er meiningarlaust að sleppa úr þeim öllu því, er snertir bókhald ríkisféhirðis, því að á hans athöfnum byggist ríkisreikningurinn að mjög miklu leyti. Hann greiðir allt út, eins og kunnugt er, og frá honum koma fyrstu heimildirnar. Svo skiptir bókhaldarinn því niður á hina ýmsu liði.

Þá nefndi ég kostnaðarhlið þessa máls. Ég er sannfærður um, að þetta fyrirkomulag verður miklu kostnaðarsamara en það, sem nú er. Þetta er í mínum augum ekkert aðalatriði, því að ég er auðvitað meðmæltur góðri bókfærslu. En þegar á að fara að setja l. eins og þessi, þá á að leita til kunnugra manna og fara að þeirra ráðum. Sá maður, er býr til svona frv., þarf að hafa þekkingu á fleiru en bókfærsluatriðunum einum. Ég verð að segja, að ég lít svo á, að núv. ríkisbókhaldi — jafnvel eftir hina nýju breyt. — sé í ýmsu áfátt, og ég held, að ekki líði á löngu áður en þörf sé á að breyta því enn til talsverðra muna.

Hæstv. ráðh. sagðist vilja skilja 4. gr. þannig, að miða ætti ríkisreikninginn við áramót, og að þetta ákvæði sýndi aðeins, að reikningsárið væri almanaksárið. Það er nú afskammtað reikningsár með fjárl., svo að á því getur enginn vafi leikið, en þegar svo stendur í upphafi 4. gr., að bækur ríkisbókara skuli þannig færðar, að samkv. þeim verði saminn í lok reikningsársins ríkisreikningur Íslands, þá virðist það eiga að sýna, að það eigi að gerast strax í reikningsárslok. Og þó getur það ekki verið meiningin, því að það er ómögulegt. Sýnir þetta m. a., hve illa þetta frv. er undirbúið. Það er ekki hægt að heimta það, að reikningurinn sé til fyrr en í fyrsta lagi í lok maímán. Mætti helzt ekki setja markið fyrr en á að gizka 1. sept.

En það, sem ég hafði sérstaklega út á að setja, var hið frámunalega klaufalega orðalag 8. sbr. 13. gr., þar sem

komizt er svo að orði, að yfirskoðunarmenn Alþ. skuli gæta þess, að engin útgjöld séu innt af hendi án lagaheimildar. Eftir alm. málvenju getur þetta ekki þýtt annað en að það eigi að athuga fyrirfram, hvort þessar greiðslur styðjist við lagaheimildir, og er þetta öfugt orðalag við 39. gr. stjskr. Þar stendur, að yfirskoðunarmenn eigi að endurskoða reikninga um tekjur og gjöld ríkissjóðs, hvort tekjur séu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið greitt úr ríkissjóði án heimildar. En ef fara á eftir orðalagi þessarar gr. frv., getur það ekki öðruvísi skilizt en að yfirskoðunarmenn Alþ. eigi fyrirfram að athuga um greiðslur, hvort þær styðjist við l. Ég veit vel, að það getur ekki komið til mála að framkvæma þetta á þann hátt, sem orðin segja til. Það væri sama sem að gera yfirskoðunarmennina að yfirráðherrum. En því þá að mæla svo fyrir í l., að svona skuli þessu hagað? Hvers vegna á að segja við yfirskoðunarmennina, að þeir eigi að sjá um, að engin útgjöld skuli innt af hendi án lagaheimildar fyrst sá er ekki tilgangurinn? Það er eflaust svo, að það er sama þótt bent sé á svona vitleysur, þá verður frv. látið ganga fram engu að síður. En ég vil bara ekki láta líta svo út, að ég hafi ekki tekið eftir annari eins lokleysu og þetta er.

Þá er önnur kórvilla, sem ég talaði um, en hæstv. ráðh. minntist ekki á, og hún er sú, að yfirskoðunarmönnum er heimilað að fela fjmrn. þann hl. yfirskoðunarstarfsins, sem um ræðir í 1. tölul. og niðurlagi 3. tölul. 8. gr. þessa frv. Þessi gr. sýnir það alveg bert, að það er rauði þráðurinn í frv., að það séu yfirskoðunarmennirnir, sem eigi að annast endurskoðun landsreikninganna, bæði tölul. og allra annara, en geti falið fjmrn. að framkvæma nokkuð af því starfi. Til hvers er þá allur þessi her af endurskoðendum í stjórnarráðinu, ef þetta á allt að vera á valdi yfirskoðunarmanna landsreikninganna? — Annað eins og þetta nær ekki nokkurri átt.

Svo er það auðvitað óviðkunnanlegt, sem stendur í 13. gr., að yfirskoðunarmenn geti lagt fyrir fjmrn. að rannsaka nánar hvert það atriði, sem þeim sýnist. Ég hefi alltaf skoðað starf yfirskoðunarmannanna þannig, að þeir geti beðið um upplýsingar, en að þeir geti lagt fyrir stj. að gera þetta eða hitt, það hefir mér aldrei dottið í hug. En hver einstakur þeirra getur heimtað þær upplýsingar, sem hann vill. Það er réttur, sem er tryggður í 39. gr. stjskr. Eftir þessu frv. getur yfirskoðunarmaður LR. heimtað allt, sem honum sýnist, hversu ósanngjarnt sem það er. Yfirleitt er frv. byggt á algerðum misskilningi á starfsskiptingu milli framkvæmdavaldsins og yfirskoðunarmanna Alþ.

Mér þótti vænt um það, sem hæstv. ráðh. sagði um ákvæði um stundarsakir, því að ef fara hefði átt eftir því, sem gr. segir til, þ. e. a. s. eins og unnt er, þá hefði þurft að semja tvo landsreikninga fyrir árið 1930. Það er auðvitað unnt að búa til tvo reikninga. Það hlýtur hæstv. ráðh. að viðurkenna. En ég læt mér nægja yfirlýsingu hans um það, að það verði svipað form á reikningnum eins og á fjárl. fyrir árið 1930. Og skal ég þá ekki gera þetta að neinu ágreiningsatriði. En einmitt þetta, að það sýnir sig, þegar á að fara að búa til reikninginn, að ekki er hægt að fara að eins og frv. gerir ráð fyrir, það sýnir bezt, að sá, sem bjó til frv., hefir ekki verið eins heima í þessu eins og þurfti til þess að geta búið til frv. um þetta efni. Það er auðvitað ekki meining mín að halda því fram, að orðum frv. verði fylgt í framkvæmdinni; þessi lög verða að mestu dauður bókstafur, en það er leiðinlegt að setja ný l., sem að sumu leyti eftir orðalagi sínu riða í bága við stjórnarskrána eins og ákvæði 8. sbr. 13. gr. gerir, og sumpart byggist á misskilningi á starfsskiptingu yfirskoðunarmanna og framkvæmdavaldsins.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég sagði að vísu, að vel gæti komið fyrir, að jafnvel á næsta þingi þyrfti að breyta einhverju í þessum l. En ég benti á það aftur, að það, sem ég byggist við, að helzt mundi þurfa að breyta, væru aðeins smáatriði. Ég endurtek það, sem ég sagði áður, að aths. hv. þm. hafa aðallega snúizt um smámuni og einkum um orðalagið á tveim stöðum í frv., sem ég skal fúslega viðurkenna, að er óheppilegt. Væri ekki komið fram á síðasta dag þingsins,

þá myndi ég óska þess með hv. þm., að gerð væri breyt. á þessu orðalagi. En af því að nú er komið að þinglausnum, verður nú við svo búið að standa. Vegna þess, að á báðum þeim stöðum, er hv. þm. minntist á, er svo bersýnilegt, hvernið framkvæmdin hlýtur að verða, þá getur þetta orðalag ekki villt menn nema við yfirlestur. Þegar það er aðalatriðið, að orðalagið sé ekki sem nákvæmast á tveim eða þrem stöðum, þá verður ekki annað sagt en að málið sé í heild vel undirbúið.

Um misskilning á starfsskiptum yfirskoðunarmanna og framkvæmdavaldsins er það að segja, að ég hygg, að það sé svo í löggjöf annara þjóða um þessi efni, að endurskoðendur ríkisreikninganna séu taldir aðalmenn endurskoðunarinnar, rétt eins og hér er gert. Aftur á móti sé þeim sleppt við allt hið mikla verk, sem felst í færslum og athugun á öllum frumheimildum, og þurfi ekki að taka nema „stikpröver", þegar þeim býður svo við að horfa. A. m. k. getur þetta ekki valdið neinum örðugleikum, þegar þeim er svo falið í einni gr. l. að láta aðra vinna þetta aðalverk, sem vitanlega kemur ekki til mála að leggja á þá sjálfa.

Um undirbúning þessa máls að öðru leyti vil ég segja það, að aðalmaðurinn um undirbúning þess er óvenjulega vel gefinn maður og vel að sér um þessa hluti, enda hefir hann á ýmsan hátt unnið frábærlega vel að þeim vandasömu og margháttuðu breyt., sem hér er um að ræða. Þetta kemur bezt í ljós í því, að öll aðalatriði í verki hans standa aths.-laust. Þeim manni, sem að þessu hefir unnið, treysti ég í bezta lagi þeirra manna, sem ég þekki, til slíkra hluta.

Magnús Guðmundsson: Ég skal ekki tefja hv. d. lengi, en hæstv. ráðh. viðurkenndi, að aths. mínar væru réttar, en sagði, að það væru smáatriði og aðeins breyt. á orðalagi. En orðin eru til að láta í ljós, hvaða hugsanir felast á bak við þau, svo breyt. á orðalagi eru í sjálfu sér ekkert smáatriði, eða þurfa ekki að vera það. En eins og hann sagði, er það það, sem bjargar, að með frv. getur ekki verið meint það, sem í því stendur. M. ö. o., það á að bjarga þessu frv., að það er svo vitlaust, að það er ekki hægt að fara eftir því. Og þegar hæstv. ráðh. segir, að frv. sé ónákvæmt að orðalagi, þá þýðir það það, að það er svo vitlaust, að það verður aldrei farið eftir því.

Að því er stöðu yfirskoðunarmanna annarsstaðar snertir, þá er hún mjög ólík því, sem hér gerist, eftir því, sem ég þekki til. Þar eiga þeir daglega að líta á greiðslur, hvort þær eru réttar, en hér endurskoða yfirskoðunarmenn reikninginn eftir að hann er gerður.

Mér dettur ekki í hug að álasa þeim manni, sem undirbjó þetta mál. Ég sé á tveim meginatriðum í frv., að virkilega er maðurinn — þó hæstv. ráðh. segi það gagnstæða — ekki inni í því efni, sem hann átti að búa til löggjöf um, þó hann sé bókhaldsfróður. Hæstv. ráðh. hefir viðurkennt, að það orðalag, að yfirskoðunarmönnum sé heimilt að fela fjmrn. sumt af endurskoðuninni, sé ekki annað en vitleysa, og ennfremur, að hitt sé vitleysa, að yfirskoðunarmenn eigi að líta eftir því fyrirfram, að greiðslur styðjist við lög. Þetta eru vissulega tvö meginatriði.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil endurtaka það, að þó ég hafi viðurkennt, að orðalagið á 2—3 stöðum sé tvírætt, þá verði þau ákvæði frv. ótvíræð öllum kunnugum. Og þegar þessar umr. eru komnar í þingtíðindin, þarf ekki að óttast neinn misskilning.

Magnús Guðmundsson: Mér þótti gott að heyra síðustu orð hæstv. ráðh. Þau sýna mér, að þessar umr. hafa ekki orðið til einskis, ef þeirra var þörf til að skýra, hvað átt er við með frv. Og ég óska þessum hæstv. ráðh. til hamingju með þetta fyrsta frv., sem hann fær samþ. sem lög í sinni starfsgrein, þó að hann hafi fengið það að erfð. Ég óska, að þau frv., sem hann fær samþ. hér eftir, verði betur undirbúin en þetta frv. er, enda er ég viss um, að hann hefði búið það betur undir, ef hann hefði gert það sjálfur. Og það mun hann sjá síðar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 : 2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 450).

9. Byggingarsjóður verkamanna í Reykjavík.

Á 6. fundi í Nd., 21. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Byggingarsjóð verkamanna í Reykjavík (þmfrv., A. 73).

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Samkv. lögunum um verkamannabústaði á ríkið að ábyrgjast helming og bærinn helming af lánum til þeirra. Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík tókst ekki að fá lán með þessu móti, en fékk hinsvegar loforð um 200 þús. kr. lán hjá dönsku ríkistryggingunni gegn ábyrgð íslenzka ríkisins. Virðist ekki meiri hætta fylgja þessari ábyrgð en ýmsum öðrum, en þörfin hinsvegar óvenju aðkallandi. Þess má geta, að lán þetta er í raun réttri tekið samkv. samkomulagi miðstjórnar allra flokka milli þinga. Stendur því aðeins á formlegu samþykki þingsins til að fá láninu útborgað, en á því ríður mjög, að það geti orðið sem fyrst, því að þegar er byrjað á byggingunni. Vil ég mælast til, að málinu verði vísað til 2. umr. og afgr. út úr deildinni í dag með afbrigðum frá þingsköpum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj atkv.

Á 9. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 8. fundi í Ed., 23. júlí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 73).

Á 9. fundi í Ed., 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Frv. þetta var borið fram í hv. Nd. og var afgr. þar í gær í gegnum allar 3 umr., því að nauðsyn ber til, að málinu sé hraðað. Það hefir verið ráðgerð lántaka handa Byggingarsjóði verkamanna í Reykjavík að upphæð 200 þús. krónur hjá Statsanstalten í Danmörku.

Flutningur frv. er samkomulag milli allra flokka, en nauðsyn ber til, að því sé hraðað, svo að það nái afgreiðslu fyrir helgina, og eru það því tilmæli mín, að hæstv. forseti taki málið fyrir á þrem fundum í röð, án þess að því sé vísað til nefndar. Býst ég við, að þetta verði gert þar sem allir þingflokkar eru sammála um, að mál þetta eigi fram að ganga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 115).

10. Löggilding Súðavíkur.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu (þmfrv., A. 37).

Á 6. fundi í Nd., 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Þetta frv. var samþ. í Nd. á síðasta þingi, en dagaði uppi í Ed. vegna þingslitanna.

Ástæðan er hér sú venjulega fyrir því að fá löggiltan verzlunarstað, — máske þó ríkari þarna en víða annarsstaðar, vegna þess að fólkinu fjölgar talsvert ört í þorpinu. Einróma áskoranir liggja fyrir frá borgarafundi í þorpinu.

Ég sé ekki ástæðu til að láta málið fara til n., en óska, að það gangi til 2. umr. neíndarlaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 25. júlí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., 27. júlí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 37).

Á 15. fundi í Ed., 29. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Torfason: Þetta frv. var hér fyrir þinginu í vetur og var þá sett í nefnd.

Þetta er gamall verzlunarstaður, og er eiginlega merkilegt, að ekki er búið að löggilda hann fyrir löngu, en til þess er sú ástæða, að verzlun var á næsta bæ við Súðavík. Nú er sú verzlun lögð niður, og er því nauðsynlegt að löggilda þennan stað.

Ég sé ekki ástæðu til þess, að mál þetta fari til n., og geri það að till. minni, að það gangi áfram nefndarlaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 7 : 2 atkv.

Á 17. fundi í Ed., 31. júlí, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 4. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 201).

11. Lögreglusamþykktir utan kaupstaða.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna** (þmfrv., A. 65).

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Arnórsson): Frv. þetta lá fyrir síðasta þingi og var þá borið fram af allshn. Það þarf því eigi mikilla skýringa við í þetta skipti, enda er það stutt og laggott. Efni þess er það, að heimild sú, sem veitt er kaupstöðum með lögum nr. 1, 3. jan. 1890, skuli ná til allra hreppa á landinu. Það hefir sýnt sig, að í nágrenni Reykjavíkur og austur með vegum er þörf á, að settar verði reglur um greiðasölu o. fl. Frv. er upphaflega fram komið fyrir tilmæli og bendingar stórstúkunnar og lögreglumanna í Reykjavík, sem telja þörf á að setja slíkar reglur. Málið er áður komið frá nefnd, og sé ég því eigi ástæðu til að vera að tefja það með því að vísa því til nefndar af nýju.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 24. júlí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 27. júlí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 65).
Á 15. fundi í Ed., 29. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (GÓ): Þetta frv. er komið hingað frá Nd. og mun ekki hafa verið vísað þar til n. Ég geri það því að till. minni, að þetta frv. fari ekki til n.

Jakob Möller: Þetta mál var flutt hér á þinginu í vetur og fór þá til allshn. Nd., en ég veit ekki, hvort það var komið til Ed. þá Ég vil því gera það að till. minni, að því verði vísað til allshn.

Forseti (GÓ): Ég tek till. hv. 1. þm. Reykv. til greina.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 3. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 158).

Frsm. (Pétur Magnússon): Með l. nr. 1, 3. jan. 1890, var kaupstöðum landsins veitt alm. heimild til þess að setja sér lögreglusamþykktir. Með l. nr. 18, 20. okt. 1905, er öllum verzlunarstöðum veitt hin sama heimild, enda búi þá lögreglustjóri í þeim.
Á síðari árum hefir þó komið í ljós, að ákvæði þessi eru ekki lengur nógu víðtæk, og hefir oft borið á því, einkum í námunda við kaupstaði, að örðugt hefir reynzt að halda uppi góðri reglu, t. d. á fjölmennum héraðasamkomum, sérstaklega eftir að heimabruggað áfengi fór að verða eins útbreitt og nú er orðið. Má segja, að til vandræða horfi í þessu efni. Virðist öll sanngirni mæla með því, að hreppsfélögum sé ekki gert erfiðara fyrir en kaupstöðum um það að halda uppi lögum og reglu.
Frv. lá fyrir síðasta þingi eins og það er nú, og var flutt af allshn. Nd. að tilhlutun lögreglustjórans í Rvík og samþ. í þeirri deild óbreytt. En í þessari deild var það ekki útrætt. Hefir því verið vísað til allshn. þessarar deildar, og leggur hún

til, að það nái samþykki óbreytt. Er þetta sjálfsagt mál og óþarft að færa frekari rök að því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 5. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A 209).

---

12. Sjóveita í Vestmannaeyjum.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um sjóveitu í Vestmannaeyjum (þmfrv., A. 35).

Á 6. fundi í Nd., 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Það er eins ástatt með þetta mál og hið síðasta (frv. um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju), að það var flutt hér á þinginu, sem rofið var, sökum áskorana frá bæjarstj. í Vestmannaeyjum, og sætti þá engum mótmælum, en dagaði uppi í Ed. Eins og sést á grg., er bærinn að koma sér upp sjóveitu til fiskþvottar, og það er svo eðlilegt og sjálfsagt, að Alþ. styrki hann í því, að ég tel óþarft að fjölyrða um það frekar. Ég vil mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 24. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 85).

Frsm. (Einar Arnórsson): Það þarf ekki annað en lýsa því einu yfir, að allshn. hefir haft frv. þetta til meðferðar og ekki fundið neitt athugavert við það, og leggur því til einum rómi, að frv. verði samþ. eins og það nú er.

Jóhann Jósefsson: Ég vildi aðeins tjá hv. nefnd þakkir fyrir góða og fljóta afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 27. júlí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 35).
Á 15. fundi í Ed., 29. júlí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 213).

Frsm. (Jakob Möller): Ég þarf ekki að hafa neina framsögu um málið. Frv. þetta virðist mjög vel úr garði gert, og þetta er nauðsynjamál Vestmannaeyinga, sem sjálfsagt er að veita góðar undirtektir. Vitamálastjóri hefir haft mál þetta til athugunar, og fylgir því umsögn hans. Nefndin leggur til, að málið verði látið ganga áfram breytingalaust.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 10. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 254).

---

13. Hjúskapur, ættleiðing og lögráð.

Á 8. fundi í Ed., 23. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um hjúskap, ættleiðingu og lögráð (þmfrv., A. 88).

Á 12. fundi í Ed., 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 28. júlí, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Magnús Torfason): Þetta frv. var hér fyrir vetrarþinginu og kom þá til þessarar hv. deildar. Því var nú vísað til allshn., og álitu sumir, að ekki væri þörf á þessu, sakir þess að í 17. gr. stjskr. hefði stj. heimild til að gera slíka samninga sem þessa.
Nú, enda þótt þetta megi til sanns vegar færa að sumu leyti, þá er nú frá því að segja, að í hinum ríkjunum, sem hér eiga hlut að máli, þá eru slíkir samningar lagðir fyrir þingin þar, og það er vegna sérstaks ákvæðis í þessum samningum.
Í 22. gr. samningsins er ákvæði um, að úrskurðir og dómar í þessum málum í einu ríkinu skuli hafa gildi án rannsóknar og staðfestingar í hinu ríkinu.
Þetta mun nú vera sérstaklega það ákvæði samningsins, sem ekki er í samræmi við okkar löggjöf, og er þess vegna rétt að bera það undir þingið, eins og önnur ákvæði, sem breyta lögum. Þetta er fullgild ástæða til þess, að samningurinn verði samþ. af þinginu. Og með því að engin rödd hefir komið fram um það, að þessir samningar væru ekki heppilegir, sé ég ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 30. júlí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 88).
Á 18. fundi í Nd., 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 14 : 1 atkv.

Á 27. fundi í Nd., 12. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 247).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 14. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 304).

14. Innheimta meðlaga.

Á 8. fundi í Ed., 23. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga (þmfrv., A. 89).

Á 12. fundi í Ed., 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 28. júlí, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Magnús Torfason): Ég get að öll leyti vísað til þess, sem ég hefi sagt um mál það, sem hér var til umr. næst á undan (um hjúskap, ættleiðingu og lögráð). Það eru í 1. gr. þessa samnings ákvæði, sem ganga í sömu átt og ákvæðin í 22. gr. hins samningsins. Nú er, að því er þennan samning snertir, fyrir okkur enn ríkari ástæða til að samþykkja hann en nokkurntíma hinn samninginn. Það hefir vitanlega gengið seint og silalega að fá slík meðlög úr nágrannaríkjunum, og segi ég það án þess ég ætli sérstaklega að gefa nokkrum sök þar á. Ég vil því mælast til, að hv. d. samþykki þetta frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 30. júlí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 89).
Á 18. fundi í Nd., 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allsherjar. með 16 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 12. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 89, n. 246).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1 gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2 gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 14. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 305).

15. Atvinna við siglingar.

Á 4. fundi í Ed., 18. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar (þmfrv., A. 16).

Á 6. fundi í Ed., 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. var borið fram í Nd. síðasta vetur, en var

ekki afgr. þar frekar en önnur mál. Aðalbreytingin, sem frv. fer fram á, er sú, að framvegis verði ekki gefnir vitnisburðir í sjóferðabækur. Það hefir verið skylda hingað til, en þótt gefast illa, enda hafa siglingaþjóðir fellt það niður, og í Englandi hefir það aldrei verið í lögum. Bæði skipstjórar þeir og sjómenn, sem ég hefi haft tal af, hafa verið sammála um það, að þetta eigi að hverfa úr lögum.

Frv. er borið fram eftir eindreginni ósk Sjómannafélags Reykjavíkur.

Af því þetta er svo einfalt mál, ætla ég ekki að fjölyrða meira um það, en vil aðeins leggja til, að því verði að lokinni umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 31. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 136).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. fjallar um breyt. á 20. gr. l. nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar. Er aðalbreyt. fólgin í því, að vitnisburðagjafir til handa skipverjum falli niður úr sjóferðabókunum. Segir svo í grg. frv., að þessar vitnisburðagjafir séu gagnslitlar og verði jafnvel stundum til skaða þeim, sem fá þær. Hefir sjútvn. athugað þetta mál, og fellst hún á þau rök, sem fram eru færð fyrir því, að vitnisburðagjafirnar ættu að hverfa úr sjóferðabókunum, og að ekki sé rétt að skylda skipstjóra til að gefa þessa vitnisburði, eins og nú er gert. Hinsvegar telur n., þar sem 20. gr. nefndra l. er gerbreytt með þessu, að rétt sé að ganga svo frá breytingunni, að hún valdi ekki öðrum eða meiri breyt. en til er ætlazt. Hefir n. því flutt brtt. á þskj. 136, og er hún í þremur stafliðum. a.-liðurinn fer fram á, að orðin: „sem er 12 rúmlesta eða stærra“ í fyrstu málsgr. falli niður. Þetta telur n. óþarft í frvgr., því að það er tekið fram á öðrum stað í frv., að allir þeir skuli skráningarskyldir, sem ráðnir eru á 12 smál. báta og þaðan af stærri.

b.-liðurinn er aðeins leiðrétting. Í frv. hefir fallið niður tilvitnun í 17. gr. laganna, og er það leiðrétt. — c.-liðurinn fer fram á, að síðasta málsgr. í frv. falli niður. Þar eru tekin fram nokkur önnur sektarákvæði en nú eru í gildandi lögum, þannig að brot á 20. gr. eru metin lægra en önnur. N. sér enga ástæðu til þess og leggur því til, að þetta standi óbreytt eins og það er í lögunum, í 25. gr. Mismunurinn er sá, að hér er gert ráð fyrir, að lágmarkið verði 150 kr., en í lögunum er það ákveðið 200 kr.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um frv., en vil að lokum leggja áherzlu á það, að sjútvn. leggur til, að það verði samþ. með þessum breyt.

Jón Baldvinsson: Ég vil þakka hv. sjútvn. fyrir góða afgreiðslu á þessu frv. Þótt hún hafi komið fram með þessar brtt., þá eru þær sumpart leiðréttingar og sumpart svo lítilfjörlegar, að þær breyta í engu efni frv., nema hvað sektarákvæðið snertir. Ég get því fallizt á till. og vona, að frv. komist í gegnum þessa hv. deild og verði afgr. sem lög frá þessu þingi.

ATKVGR.

Brtt. 136,a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 136,b samþ. með 11 shlj. atkv.
— 136,c samþ. með 10 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 3. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 161).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 161).

Á 21. fundi í Nd., 5. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 12. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 161, n. 241).

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Sjútvn. hefir haft frv. þetta til meðferðar og leggur til, að það sé samþ. óbreytt. Frv. felur í sér allmiklar orðabreyt., en aðeins eina efnisbreyt., þ. e., að ákvæðið um, að skipstjóri riti inn í sjóferðabók hegðunarvottorð sjómanns, falli burt. Sjómenn eru mjög óánægðir með þetta ákvæði, og álítur n., að það nái ekki tilgangi sínum. Nágrannaþjóðir okkar hafa fellt það niður af sömu ástæðum, og sumar þjóðir, t. d. Englendingar, hafa aldrei lögtekið slíkt ákvæði. Vildum við því vænta þess, að frv. yrði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 14. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 306).

---

16. Skattgreiðsla h/f Eimskipafélags Íslands.

Á 15. fundi í Nd., 29. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (þmfrv., A. 135).

Á 17. fundi í Nd., 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta mál. Eins og grg. frv. ber með sér, flytur fjhn. Nd. málið fyrir tilmæli forsrh. Hafði forstjóri félagsins snúið sér til hans með beiðni um, að lögin um skattgreiðslu félagsins yrðu framlengd.
Nú er það öllum ljóst, að hagur félagsins er ekki betri nú en þá er lögin voru sett. Það eru því sömu ástæður til þess að framlengja l. eins og að setja þau upphaflega. Og eins og nú horfir við, virðist það ekki geta orðið mikill halli fyrir ríkissjóð að framlengja þau.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 3. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 135, 164).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 164 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 5. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 188).
Á 23. fundi í Ed., 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 188, n. 263).

Frsm. (Jón Þorláksson): Þetta frv. felur í sér framlenging um 2 ár á nú-

gildandi ákvæðum um skattgreiðslu Eimskipafélags Íslands og felur það í sér, að félagið losnar við að greiða tekju- og eignarskatt og útsvar gegn tilteknum skilyrðum. Að því er ríkissjóð snertir er þetta ekki neinn tekjumissir, því ekki er hægt að gera ráð fyrir, að um tekju- eða eignarskatt sé að ræða, sem nokkru nemi. Aftur má segja, að þessi löggjöf svipti Reykjavík einhverju í útsvari.

N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 1 atkv.

Á 30. fundi í Ed., 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 318).

---

17. Fiskveiðasjóðsgjald.

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47, 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald (þmfrv., A. 102).

Á 12. og 14. fundi í Nd., 25. og 28. júlí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 30. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bergur Jónsson): Þó að frv. þetta fari fram á breyt. á gjaldalögum, þá hefir það í raun og veru enga eða sáralitla fjárhagslega þýðingu. Það er aðeins flutt í þeim tilgangi að gera útreikningana auðveldari. Það er sjálfsagt af sanngirnisástæðum, að löggjöfin hefir ákveðið að draga fyrst útflutningsgjaldið frá söluverðinu, áður en fiskveiðasjóðsgjaldið er reiknað út. En af þessu leiðir, að það þarf að reikna 2 útflutningsgjöld, en peningalega séð skiptir það engu máli. Reiknast mér svo til, að breytingin á reikningsaðferðunum valdi aðeins ca. 1200 kr. mismun, ef gert er ráð fyrir, að útflutningsgjald af fiski og fiskiafurðum sé alls kr. 1000000,00.

Þetta mál er svo einfalt, að ég álít ekki þörf á að vísa því til n. En ef hv. d. óskar þess, þá hefi ég ekkert á móti því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 1. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 4. ágúst, var frv. tekið til 3 umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 102).
Á 22. fundi í Ed., 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 14. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 280).

Frsm. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er borið fram af hv. þm. Barð. og miðar að því að gera innheimtumönnum ríkissjóðs léttara fyrir með útreikning á þessum

gjöldum, eins og greinargerð frv. ber með sér. Bæði hv. Nd., sem samþ. frv. óbreytt, og hv. sjútvn. þessarar d. hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þótt þetta sé ekki stórmál, þá stefni það í rétta átt, og leggja því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 17. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 332).

18. Embættiskostnaður sóknarpresta og aukaverk.

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra (þmfrv., A. 86).
Á 11. fundi í Nd., 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Fjhn. hefir orðið sammála um að flytja þetta frv. Það er samið af mþn. í kirkjumálum og var flutt af ríkisstj. á síðasta þingi. Nefndin var sammála um, að launakjör presta væru svo slæm, að á þeim yrði að ráða einhverja bót. En hinsvegar ætlast n. til, að þegar launalögin verða endurskoðuð, verði tekið tillit til þeirra endurbóta, sem felast í þessu frv., og þau annaðhvort numin úr gildi og launin ákveðin í heild, eða þá látin standa og launin ákveðin að því skapi lægri.

Nefndin áleit ennfremur, að borgun fyrir aukaverk væri óviðunandi eins og nú er og taldi rétt að ákveða hana með 10 ára gjaldskrá í senn. Þetta er að vísu ekki mikil bót, en þó nokkur. Hygg ég, að prestar myndu sætta sig við, þótt önnur frv. kirkjumálanefndar næðu ekki fram að ganga á þessu þingi, ef þetta verður samþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 28. júlí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 30. júlí, var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 1. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 86).
Á 20. fundi í Ed., 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 14 ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 276, 278).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. fer fram á það, að tekið verði upp í lög að greiða sóknarprestum skrifstofu- og embættiskostnað, mismunandi háan eftir erfiðleika prestakallanna. Það hefir ekki áður verið venja að greiða þessum embættismönnum skrifstofukostnað, og ég lít svo á, að frekar beri að líta á þetta

sem launaviðbót en sem greiðslu á embættiskostnaði. Af þeirri ástæðu er það, að ég tel rétt að láta þetta mál ganga fram, því að viðurkennt er, að laun þessara manna eru óhæfilega lág. Hinsvegar skal ég kannast við það, að þetta form á launahækkuninni er í sjálfu sér ekki sem viðfelldnast, þar sem skrifstofu- og embættiskostnaður presta er ekki þess eðlis, að rétt sé að veita sérstakt skrifstofufé til hans. En það kemur berlega fram í grg. frv., að einmitt það sama og ég gat um hefir vakað fyrir fjhn. Nd., sem flutti frv. N. gerir ráð fyrir, að þegar launalögin verði endurskoðuð, þá verði þessi lög annaðhvort numin úr gildi eða tekið tillit til þeirra við ákvörðun launa þessara embættismanna.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ráðuneytið leggi sóknarprestum löggiltar embættisbækur og eyðublöð undir embættisskýrslur. Mér finnst þetta í rauninni eðlilegt og sjálfsagt, en þar sem prstum er ákveðinn sérstakur skrifstofukostnaður, þá mætti taka af því fé til greiðslu á þessum bókum og eyðublöðum. En einmitt þar sem ég lít svo á, að hér sé fremur að ræða um launauppbót en reglulegan skrifstofukostnað, þá tel ég rétt, að þessi ákvörðun verði látin standa í frv., og ég tel, að svo ætti að verða framvegis, þótt launakjörin breyttust eitthvað til hins betra.

Í n. var enginn ágreiningur um ákvæði 1. gr., en eins og sjá má af nál., og sérstaklega af brtt., þá telur einn nm. ekki ástæðu til þess, að þessi ákvæði 2. gr. standi, heldur verði gr. felld niður og verði látið sitja við fyrirmæli 1. gr. En þótt 2. gr. verði felld úr frv., þá er mikil réttarbót fólgin í 1. gr., og mér finnst fremur smávægilegt fyrir hið opinbera að vera að skorast undan því að leggja þessum mönnum embættisbækur, sérstaklega ef litið er á uppbót þá, sem 1. gr. heimilar þeim, fremur sem launauppbót en skrifstofukostnað.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um frv. N. leggur einróma til, að það verði samþ., en ég geri ráð fyrir, að flm. till. á þskj. 278 skýri hana betur.

Magnús Torfason: Ég verð að játa það með hv. frsm., að ég lít á þetta frv. aðallega sem launauppbótarfrv., en að því er 2. gr. snertir, þá fer hún í bága við þá venju og skipan, sem verið hefir hjá öllum embættismönnum, sem hafa miklu meiri skrifstofukostnað. Sýslumenn verða t. d. að leggja sér til embættisbækur af skrifstofufé því, sem þeim er greitt, og í reikningum sínum til stjórnarráðsins eiga þeir að gera grein fyrir, hve mikið þeir hafi þurft að kaupa af bókum. Að því er snertir eyðublöðin undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð, þá hefir það verið svo, að þegar yfirboðarar heimta, að ákveðna skýrslu skuli gefa, þá eru send eyðublöð frá skrifstofu héðan að sunnan, annaðhvort frá hlutaðeigandi d. stjórnarráðsins, hagstofunni eða frá biskupi. Þessar embættisskýrslur, sem prestar gefa, eru mjög mikilsverðar, sérstaklega fyrir alla mannfræði hér á landi. Það er áreiðanlegt, að þessar skýrslur eru að mörgu leyti beztu uppspretturnar, sem menn hafa til þess að kynna sér sögu og ástand landsins á hverjum tíma. Þess vegna er það, að t. d. manntalsskýrslur, greftrunarskýrslur og giftingarskýrslur þurfa að vera vandaðar. Nú vita menn, að þessar skýrslugerðir hafa verið ófullkomnar á ýmsan hátt, en nú er farið að gefa út eyðublöð handa prestum, svo þetta sé nokkurnveginn í lagi. Og ég býst við, að haldið verði áfram á sömu braut og prestarnir fái eyðublöðin undir þessar skýrslur á venjulegan hátt, og sérstaklega er líklegt, að hin svo nefnda „ministerial"-bók verði merkileg, og þarf því að vera vel til hennar vandað. Ég lít svo á, að í stað þess að gefa samandregna skýrslu úr þeirri bók, þá eigi prestarnir að senda í lok hvers árs hreint og beint afrit af henni til prófastanna, og þeir senda svo biskupi, eins og skýrslur þessar hafa gengið hingað til. En þá kemur þetta þannig fram, að þessar bækur, ministerialbækurnar, verða í sérstöku formi og skýrslurnar verða í sama formi og eyðublöðin, þ. e. bækurnar verða eiginlega ekki annað en innbundin eyðublöð, eins og á sér stað í sýslumannaembættum. Þessi eyðublöð ættu prestar sjálfsagt að fá á hverju ári.

Ég legg áherzlu á, að þetta verði gert, því enn sem komið er getur slíkar skýrsl-

ur vantað hjá prestum, en það er áríðandi, að slíkar skýrslur séu á hverjum stað, svo hægt sé að ganga að þeim, því ég veit, að mönnum hefir þótt það vandræði að geta ekki fengið réttar skýrslur frá prestum.

Aðalskrifstofukostnaður presta yrði þá að kaupa þessar löggiltu embættisbækur í fyrsta sinn, og get ég ekki talið það eftir þeim, þar sem skrifstofukostnaður þeirra er ríflegur miðað við skrifstofuverk þeirra.

Það er talað hér um löggiltar embættisbækur. En hver á að löggilda þær, biskup, prófastur, eða á að löggilda þær í stjórnarráðinu? Mér finnst sennilegast, að biskup gerði það.

Ég er á móti þessu vegna þess, að það fer í bága við það, sem gerzt hefir hjá embættismönnum hingað til, og er ekki í samræmi við greiðslu skrifstofukostnaðar skv. launalögunum frá 1919.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég hefi ekki ástæðu til þess að segja mikið vegna ræðu hv. 2. þm. Árn. Hv. þm. taldi það sjálfsagt, enda viðurkennd regla, að sóknarprestar fái lögboðin eyðublöð. Þarf ég svo ekki að fara frekar út í það mál.

Hv. þm. vill, að prestum sé gert það að skyldu að leggja sér hinar löggiltu embættisbækur til. Ég vil benda hv. þm. á, að ef það fyrirkomulag verður haft, getur svo farið, að ósamræmi verði í því, hvernig þessi embættiskostnaður leggst á einstaka embættismenn. Verið getur, að einhver prestur hafi verið svo óheppinn að hafa keypt þessar embættisbækur rétt áður en hann skiptir um prestakall, en verði svo að kaupa samskonar bækur þegar er hann kemur í nýja prestakallið. Mér finnst þetta vera smávægilegt atriði, en tel þó rétt, að það sama gildi um þessar bækur og um skýrslueyðublöðin, en um þau hefir ekki orðið neinn ágreiningur.

Mér finnst það ekki liggja hér fyrir, hver eigi að löggilda þessar bækur. En frá leikmannssjónarmiði virðist mér kennslumálaráðuneytið eigi að gera það. En hafi þessar bækur verið löggiltar hingað til, finnst mér rétt, að sömu menn geri það framvegis.

Jón Jónsson: Ég hefi að sönnu ekki athugað þetta mál mjög mikið, en vegna þess, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, vil ég geta þess, að ég hefi skilið ýmislegt allt öðruvísi en hann.

Ég álít, að embættisbækur séu yfirleitt lagðar til af hinu opinbera. Veit ég ekki betur en t. d. sýslumenn fái þær þannig. Þessu getur sýslumaðurinn, hv. 2. þm. Árn., svarað.

Hvað aðalefni þessa frv. viðkemur er það að segja, að það var ekki tekið til athugunar með launalögunum. Ég get því ekki skoðað það sem launaviðbót. Hitt get ég fallizt á, að skoða þetta sem greiðslu á sérstökum kostnaði, sem presturinn hefir þurft að leggja til, t. d. leigja bát til ferðar eða bifreið. Mér finnst sanngjarnt, að það sé greitt af því opinbera. Þessi kostnaður getur verið mismunandi eftir prestaköllum, og er ég því ekki viss um, að rétt sé að hafa aðeins tvö stig á þessu, svo sem er í 1. gr. frv. Mig minnir, að í till. kirkjumálanefndar væru þau fleiri.

Þótt laun presta séu lág, er þess að gæta, að laun annara manna eru líka lág. Sveitaprestar geta líka starfað auk prestsverka, þótt þeir messi svo sem 10 sinnum á ári og fari nokkrar ferðir til aukaverka, þurfa þeir ekki að borga mikið fyrir það. Hitt getur verið réttlátt, að borga sérstakan ferðakostnað skv. reikningi.

Ég mun greiða frv. eins og það nú liggur fyrir atkv. til 3. umr., en athuga svo, hvort rétt sé að bera fram brtt. við 1. gr.

Magnús Torfason: Það er ekki rétt hjá hv. 3. landsk., að sýslumenn fái bækur sínar yfirleitt frá stjórnarráðinu. Við höfum þvert á móti orðið að kaupa þær yfirleitt. Það er aðeins ein tegund bóka, sem hefir verið send okkur, og það eru bækur til reikningshalds skv. þessu nýja kerfi. Hvernig stendur á þessari undantekningu, skal ég ekki segja, en þetta nýja kerfi hefir aukið stórum erfiði sýslumanna frá því, sem áður var, og býst ég við, að þetta sé einskonar þokkabót fyrir það. Á hverju þingi er bætt störfum á sýslumenn án þess að þeir fái annað fyrir það en aukin útgjöld.

Hinn eiginlegi skrifstofukostnaður

presta er ekki nema fáir tugir kr. á ári. En lágmarksupphæðin, sem þeir fá skv. 1. gr., er 500 kr., svo það verður að skoða þetta hreina launaviðbót til þeirra. Við skulum hugsa okkur prest, sem hefir eina kirkju og 100—200 sóknarbörn. Sá prestur þarf engan ferðakostnað nema til verka, sem hann fær sérstaka borgun fyrir. En við sýslumenn fáum enga borgun fyrir aukaverk okkar. Því meir, sem við höfum að gera, því meiri útgjöld höfum við. Þetta er því sýnilega bein launahækkun.

Eins og ég sagði áðan, eiga bækurnar að vera í sama formi og eyðublöðin. Það verður nú almennara og almennara, að það opinbera sendi eyðublöð og vottorð undir skýrslur, svo að þær verði eins hjá öllum. En mér finnst þetta svo lítilfjörlegt atriði, að ekki taki því að fara að gera sérstaka breyt. á launalögunum vegna þessa. Það er auðvitað gamall málsháttur, sem segir, að seint fyllist sálin prestanna, og hygg ég, að líkt megi um þetta segja.

Guðrún Lárusdóttir: Það er vegna síðustu orða hv. 2. þm. Árn., að mig langar til að segja nokkur orð. Hv. þm. hafði yfir gamlan málshátt, sem allir þekkja og vita, af hvaða rót var runninn, og sízt fram kominn af velvild til presta. Oft hafa menn gripið til hans til að varpa rýrð að prestum, eða benda á fjársækni þeirra. En ég hygg, að nú orðið a. m. k. séu það ekki prestarnir íslenzku, sem lengst seilast ofan í fjárhirzlur ríkisins. Og það á því ekkert sérlega vel við að tala um „sálirnar þeirra, sem seint fyllist".

Hv. þm. bar saman presta og sýslumenn. Það er allt of óliku saman að jafna; allir vita, að sýslumenn hafa margföld laun á við presta og það er heldur ekki rétt að halda því fram, að prestar hafi engan kostnað af ferðum sínum.

T. d. hefir verið bent á það, að prestar í afskekktum héruðum verði að halda hesta til þess að ferðast á, og er það þeim töluverður kostnaður. Þar, sem góðir vegir eru, er auðvitað hægt að nota bíla, en vitanlegt er, að alltaf kostar sæti í bíl töluvert, jafnt fyrir prestana sem aðra ferðamenn.

Hvað embættisbókunum viðvíkur getur verið, að þær kosti ekki mikið, en ég held þó, að þær kosti svo mikið, að fátæka presta í rýru brauði muni um að höggva það úr launum sínum. Það getur því ekki talizt réttmætt að halda því fram, að rekstri prestsembættis fylgi enginn kostnaður. Hann er engu minni að tiltölu en kostnaður annara embættismanna. Við skulum taka til dæmis prest í afskekktu héraði að vetrarlagi. Hann verður ávallt að hafa hest á fóðrum, viðbúinn til þess að fara í embættisferðir sínar að jarða, skíra, gifta, húsvitja o. s. frv. Fyrir þetta fær presturinn að vísu aukaþóknun, en sú aukaþóknun hefir ekki æfinlega verið mikil. Einhverntíma fékk hann 2 kr. fyrir að skíra barn, og það þótt dagleiðir væri að fara. Og þegar presturinn þarf að hafa hest á járnum og fóðrum og borga þar að auki fylgdarmanni, þá sýnir það sig sjálft, að kostnaður hans er ekkert lítill. Ég tek þetta sem dæmi til þess að sýna, að það er ekki rétt að strika yfir þann kostnað, sem þessir menn hafa af embættisrekstri sínum, og láta þá borga það úr eigin vasa. Ég get því ekki litið svo á, að hér sé um launahækkun að ræða, heldur sé það fyrir ferðakostnað og skrifstofukostnað.

Magnús Torfason: Ég er ekki vanur að nota aths., en vegna ummæla hv. 6. landsk. verð ég að segja hér nokkur orð.

Ég var ekki að bera saman laun presta og sýslumanna, heldur var ég að tala um það, hvernig launagreiðslunum væri háttað.

Ég hélt, að hv. 6. landsk. myndi vera mér þakklát fyrir það, að ég er með frv. yfirleitt. Ég mælti með því í nefnd. (**GL:** Sei, sei!). Ég held, að þetta sé ekki nema launauppbót. Við getum talið lækna. Þeir hafa ýms skrifstofustörf, sem áríðandi er, að gerð séu vel. Þeir fá þó engan skrifstofukostnað. Og ef prestar eiga að fá greiddan skrifstofukostnað, eiga læknar engu síður að fá hann greiddan.

3. gr. frv. sýnir, að hér er um launauppbót að ræða. Þar segir, að fyrir aukaverk beri prestum þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

Ég hefi litið svo á, að þetta væri til

bóta fyrir presta í kauptúnum, sem þykja rýr brauð. En ég vil ekki gera neina breyt. á ákvæðum launalaganna um kostnað embættismanna, því með því væri skapað fordæmi, og má því búast við, að fleiri komi á eftir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 278 felld með 8 : 3 atkv.
2. gr. samþ. með 8 : 3 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 17. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 333).

---

19. Útflutningur á nýjum fiski.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að styðja að útflutningi á nýjum fiski (þmfrv., A. 45).

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Þetta frv. er í öllum höfuðatriðum shlj. frv. því, sem ég flutti á síðasta þingi um heimild fyrir ríkisstj. til að styðja að útflutningi á nýjum fiski. Það var þá rætt hér í þessari hv. d. í fulla 3 daga, svo að ekki er ástæða að þessu sinni til þess að hafa um það mörg orð.

Þær einu breyt., sem gerðar eru á frv. frá síðasta þingi, eru tvær, er nú skal greina.

Þá var gert ráð fyrir, að flutningsgjald yrði ákveðið þannig, að kostnaðinum skyldi jafnað niður á hvern farm fyrir sig, en í þessu frv., að Skipaútgerð ríkisins ákveði, í samráði við stjórnir fiskútflutningsfélaganna, flutningagjaldskrá fyrir fiskinn. Ennfremur er í 5. gr. gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilað að verja 200 þús. kr. á þessu yfirstandandi ári til þess að lána félögum bátaútvegsmanna til kaupa á veiðarfærum og fiskumbúðum.

Ég hefi rætt við framkvæmdastjóra ríkisskipanna um, hvað hann áliti, að hægt sé að fá skip fyrir mikið. Hann hefir fengið allmörg tilboð, og held ég, að flest þeirra hljóði upp á 7500—8000 kr. á mánuði fyrir skip með fullri áhöfn, er geti flutt 300—350 tonn. Telur hann, að allur kostnaður þyrfti ekki að vera meiri en ca. 12000 kr., og megi reikna með 2½ ferð á mánuði.

Eins og frv. ber með sér, er hér aðeins um að ræða heimildarlög. Heimildarlög þykja stundum gefast nokkuð misjafnlega. En nú vildi ég spyrja hæstv. forsrh., hvort hann myndi nota þessa heimild, ef frv. næði afgreiðslu.

Ég vil svo mælast til, að þessu máli verði vísað til hv. sjútvn., sem hafði það til meðferðar í vetur.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. þm. Seyðf. hefir spurzt fyrir um, hvort stj. mundi nota sér heimild, sem stungið er upp á með þessu frv., ef það yrði samþ. Ég vil út af þessu segja hv. þm. það, að við í Framsóknarflokknum erum að athuga þetta mál. Við höfum skipað nefnd í okkar flokki, og hún starfar með því markmiði að finna leiðir til þess að hjálpa smáútvegsmönnum til þess að komast að hinum enska markaði. Það er því tilætlun Framsóknarflokksins að taka á þessu máli með fullum skilningi. Hvort það verður afgr. í því formi, sem þetta frv. fer fram á, skal ég ekkert um segja, en við munum fúsir til þess að taka fyllsta tillit til till. hv. þm. um þetta mál, og vonum, að samkomulag geti orðið um, hvernig megi styðja þessa viðleitni.

Flm. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég geri ráð fyrir því, að þær rannsóknir og athuganir og leitun að leiðum, sem hæstv. forsrh. gat um, muni koma fram á þann hátt hér í þinginu, að hv. sjútvn., sem væntanlega fær þetta mál til

meðferðar, geri þá brtt. við frv., og þegar það kemur frá n., megi vænta umsagnar hæstv. forsrh. um, í hverri mynd stj. kýs, að þetta mál sé afgr. (**Forsrh.**: Það er tilætlunin).

En þá vil ég beina máli mínu til hv. sjútvn. og biðja hana að hraða þessu máli sem allra mest. Það, sem þú gerir, það gerðu fljótt, eins og segir í hinni góðu bók. Ef þetta á að koma að gagni, þarf að hraða málinu svo, að það komi til framkvæmda eigi síðar en í ágúst eða september.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 3. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 152).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Um flest, er snertir frv. á þskj. 45, get ég vísað til álits sjútvn. á þskj. 152. Þetta frv. lá fyrir síðasta þingi í líkum búningi og það hefir nú, en að vísu hefir því verið breytt nokkuð í áttina til þeirra till., sem þá voru gerðar af sjútvn., en aldrei komust undir umr. Það, sem skilur í raun og veru á milli n. og hv. flm., er það, að n. vill ekki hefja útflutning kælifiskjar í jafnstórum stíl og virðist vaka fyrir hv. flm., né heldur vill n. leggja til, að ráðizt verði í skipakaup til þessara framkvæmda. Það er kunnugt orðið, að síðan þetta frv. kom fram á síðasta þingi, hafa verið gerðar nokkrar tilraunir um útflutning á kældum fiski, og yfirleitt hafa þær tekizt fremur vel. En þess vegna hefir líka áhugi um það, að geta almennt komið á slíkum flutningum, orðið meiri og víðtækari. Í ýmsum verstöðvum, sem áður höfðu enga viðleitni í þessa átt, er nú gerður nokkur viðbúnaður til þess að taka upp þannig lagaða verkun fiskjar og sölufyrirkomulag.

Ég þykist ekki þurfa að fara mörgum orðum um þetta mál. Það er kunnugt frá fyrra þingi, hefir líka auk þess verið rætt talsvert í blöðum og á fundum víðsvegar um land, svo að málið ætti að vera öllum að nokkru ljóst.

Ég sé þá heldur ekki ástæðu til að fara að gera sérstaka grein fyrir hverri einstakri till., sem fyrir liggur á þskj. 152. Nál. skýrir þær, og þær eru í raun og veru að mestu leyti sniðnar eftir þeim breyttu ástæðum, sem nú eru frá því að málið lá fyrir síðasta þingi.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég vil þakka sjútvn. fyrir eftir atvikum skjóta afgreiðslu þessa máls. Hinsvegar get ég ekki neitað því, að mér finnst þær breyt., sem n. hefir gert á frv., ekki vera til bóta. Þó skal ég taka það fram, að þrátt fyrir það, þó að brtt. n. verði samþ., þá mun ég greiða frv. atkv. mitt.

Við 1. gr. frv. er sú breyt. gerð, að í staðinn fyrir, að þessi styrkur sé bundin aðeins við samvinnufélög, þá má veita sama styrk öllum félögum útgerðarmanna og sjómanna. Við þessu væri ekkert að segja, ef ætlazt væri til, að ríkissjóður legði fram svo ríflegt fé í þessu skyni, að unnt væri að fullnægja þörfum allra samtímis, en eftir því sem mér virtist á máli hv. frsm., þá er víst síður en svo, að til þess sé ætlazt.

Það er bersýnilega til þess ætlazt, að byrjað sé með þrjú skip, eða e. t. v. fleiri, ef brýn nauðsyn krefur. En með slíkum skipastól er með öllu ómögulegt að leysa vandræði nema fárra manna á landinu. Ef það er þess vegna meiningin að létta sérstaklega undir með þeim sjómönnum og bátaútvegsmönnum, sem gert hafa með sér samvinnufélög í þessu skyni, þá átti að sjálfsögðu að binda styrkinn við það. En eins og brtt. n. eru orðaðar, þá skiptir það engu máli, hvort það eru tveir eða fleiri útgerðarmenn, sem stofna félagið og fá sjómennina á sínum bátum með, eða hvort það er samvinnufélag allra sjómanna og útgerðarmanna í heilu þorpi. Mig furðar það stórkostlega, að postular samvinnunnar skuli hafa komið með aðra eins brtt. eins og þessa.

Þá er lagt til, að þessar 200 þús. kr., sem stj. má samkv. frv. verja til þessa, séu bundnar við það eitt að veita félögunum lán til þess að afla sér fiskumbúða og til þess að greiða kostnað við leigu skipa.

Ég get ekki séð annað en að það miði til hins verra að vera að binda þetta svona fast í lögum. Ég held, að það ætti að vera

kleift fyrir ríkissjóð að leggja fram fé til að kaupa fyrir dragnætur til kolaveiða. Mér er kunnugt um það, að Englendingar, sem semja við báta hér uppi um kaup fiskjar, hafa lagt lán til dragnótakaupa, gegn því að fá greiddan vissan hluta lánsins í fiski. Þetta sjá þeir, að þeim er með öllu óhætt, þar sem afli mannanna, sem þeir hafa lánað og samið við, fer allur um þeirra hendur. Sjómönnunum er það aftur á móti mikið hagræði að geta fengið lán svo snemma, að þeir geti fengið sér veiðarfæri áður en veiðin byrjar. Jafnáhættulaust ætti að vera fyrir ríkisstj. að veita samskonar lán, gegn hlut úr afla, ef hann gengi í gegnum hendur stj. eða skrifstofu, sem hún setti upp í því skyni að hafa eftirlit og umsjón með þessum málum. En það er bersýnilegt, að eigi þessi nýbreytni að verða til þeirrar hjálpar, sem ég vænti, þá verður að leggja meiri áherzlu á að veiða kola og annan dýran fisk til útflutnings en gert hefir verið hingað til. Þar er hinna mestu framfara að vænta, ef þessi veiði er upp tekin og útflutningur á lúðu nær að aukast.

Pétur Ottesen: Ég býst við því, að það sé réttmætt, og eins og nú er ástatt e. t. v. nauðsynlegt, að einhverjar ráðstafanir séu gerðar af hálfu hins opinbera, til þess að greiða götu manna í því efni að koma fiskinum á markað í því ástandi, sem markaðsskilyrði krefjast að hann sé, — að hann sé fluttur nýr út úr landinu. Ég hygg þess vegna, að frv., sem hnigur í þá átt, að hið opinbera styðji menn í því að koma fiskinum frá sér í markaðshæfu ástandi, eigi fullkominn rétt á sér. Það, sem einkum ber að stefna að, er það, að greiða fyrir fiskveiðamönnum með útvegun á skipum, sem til þess eru hæf að flytja fiskinn óskemmdan á erlendan markað. Hitt virðist mér ekki eins nauðsynlegt, að vera að ákveða það, að einhver sérstök stofnun á landinu eigi að standa fyrir rekstri skipanna, eins og hér er gert ráð fyrir, að Skipaútgerð ríkisins annist útgerð þeirra. Mér finnst, að þeim, sem veittur yrði slíkur atbeini sem frv. fer fram á, en það eru fiskimennirnir, að þeim ætti að vera trúandi fyrir því að sjá sjálfir um rekstur þessara skipa, og yfirleitt að koma sér þannig fyrir með sölu á þessum afurðum, að sem hagkvæmast væri fyrir þá sjálfa. En með þessu frv., og líka með brtt., er gert ráð fyrir að taka af þeim þessar framkvæmdir og láta Skipaútgerð ríkisins annast þær. Einnig á að koma upp söluskrifstofu, þar sem menn starfi að því að sjá um meðferð fiskjarins, sölu hans og útflutning. Ég held nú, að það sé svo hjá þeim, sem flytja út nýjan fisk, sem eru togarafélögin aðallega, þegar frá eru teknar þær tilraunir, sem gerðar voru á síðasta ári til þess að færa þennan útflutning á víðara svið, að útgerðarfél. semji við sölufél. á þeim stað, þar sem markaðurinn nú er, um það að taka að sér söluna. Og hjá þessu fyrirkomulagi verður ekki komizt, þótt sérstakir menn verði skipaðir hér til þess að annast þessar framkvæmdir. Mér virðist þess vegna, sem fullkomlega mætti treysta þeim mönnum, sem líklegir væru til þess að ganga í þennan félagsskap, til þess að semja við slík fisksölufélög í Englandi, þar sem aðalmarkaðurinn fyrir þennan aukna útflutning okkar myndi verða.

Mér virðist því vafasamt, hvort þetta hvorttveggja út af fyrir sig myndi verða til nokkurra bóta. Hinsvegar myndi af þessu leiða nokkuð meiri kostnað heldur en ef útgerðarmenn og útflytjendur höguðu þessu eftir því, sem helzt ætti við í það og það skiptið.

Ég felli mig að ýmsu leyti betur við brtt. n. heldur en ákvæðin í frv. Ég er n. sammála um það, að rétt sé að fara af stað eins og í till. hennar er gert ráð fyrir, þreifa fyrir sér í byrjun, en færa svo út kvíarnar, eftir því sem ástæður leyfa. Aðalatriðið með aðstoð hins opinbera á að vera það, að brjóta ísinn og stuðla að því, að framkvæmdir í þessum efnum hefjist og gera mönnum á allan hátt auðveldara fyrir.

Ég er sammála n. um það, að ekki sé rétt að einskorða aðstoð hins opinbera við samvinnufélagsskap. Við vitum það, að meginið af útgerð landsmanna er ekki rekið með því sniði, og ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess að útiloka einstaka útgerðarmenn og menn, sem hafa myndað félagsskap um útgerð, án þess þó að það sé samvinnufélagsskapur, frá stuðningi

hins opinbera. Ég sé ekki annað en að þeir sem hverjir aðrir þegnar þjóðfélagsins séu réttbornir til þess að njóta stuðnings ríkisins í þessum efnum. Ég felli mig að þessu leyti betur við till. n. Og ég skoða þetta svo, þar sem hér er sagt, að útvegsmenn og sjómenn hafi myndað með sér félagsskap til fisksölu, að þetta sé ekki bundið við neina sérstaka bátatölu, heldur að það geti heitið félagsskapur, ef menn á nokkrum bátum eða skipum koma sér saman um að koma afurðum sínum árlega á markað á þennan hátt.

Í nál. er vikið að því, að n. líti svo á, að fyrstu tilraunirnar eigi einkum að beinast að landshlutum þeim, sem skip og önnur tæki skorta til kæliflutnings á fiski, en félagsskapur sé hinsvegar hafinn til flutningsins. Ég held, að það sé svo yfirleitt um alla landshluta, að þá skorti skip til þessa flutnings, nema þar sem togaraútgerðin er. En eins og kunnugt er, þá eru togararnir notaðir jöfnum höndum til fiskveiða og til þess að flytja fiskinn á erlendan markað. Þegar togurunum sleppir, þá veit ég ekki til, að einn landshluti standi öðrum framar í því að eiga tæki og skip til þessa útflutnings, og þess vegna verður, að mínu áliti, að greiða úr þessu á þann hátt, sem þörfin kallar mest eftir og óskir koma fram um slíkan stuðning. Annars væri gott að fá að heyra það hjá n., hvað hún álítur, að felist í þessu, og hvort hennar meining sé, að einhver landshluti njóti þessa sérstaklega. Það á að koma skýrt fram, hvað í þessu felst, svo ekki verði farið að vitna í eitthvað og eitthvað, þegar þetta mál á að koma til framkvæmda. Hv. frsm. mun geta gefið upplýsingar um það, hvað hér liggur til grundvallar hjá nefndinni.

Ég hefi þá ekki ástæðu að svo stöddu til þess að minnast á fleira í sambandi við þetta mál. Ég mun greiða brtt. atkv. mitt, þó að ég sjái ekki ástæðu til frekari ráðstafana í þessu efni heldur en að veita fél. fiskimanna stuðning til þess að útvega sér skip til að annast þessa fiskflutninga.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Andmæli þau, sem fram hafa komið gegn till. n., eru að vísu ekki stórvægileg. Hv. flm. fann eiginlega þrennt að till. hennar. Fyrst og fremst þótti honum n. hafa verið smátæk um framkvæmdirnar, þar sem hún gerði ráð fyrir að byrja með þrem eða e. t. v. fleiri skipum, en ekki eins og í frv. stendur, hæfilega mörgum. Hver getur sagt fyrirfram, hvenær þau eru hæfilega mörg? Hv. flm. fannst það skemmd á frv., að n. leggur til, að þessara flutninga geti þær veiðistöðvar notið, þar sem félagsskapur myndast um fiskútflutning, og þá í nægilega stórum stíl til þess að útgerðin telji það borga sig að sinna því, eins þótt þessi félagsskapur sé ekki í samvinnusniði. Það, sem fyrir n. vakti þegar hún ákvað að gera ekki samvinnufélagsskapinn að skilyrði, var það, að í samvinnulögunum er svo mælt fyrir, að ákveðna tölu manna þurfi til þess að félagið geti heitið samvinnufélag. Ákvæði þetta hefði getað orðið þess valdandi, að vissar verstöðvar hefðu orðið útundan, með því að ríkskorða þetta svo mjög. Í þriðja lagi fann hv. flm. að því, að n. hefði fellt niður ákvæði úr frv. um það, að stj. skyldi heimilt að veita lán úr ríkissjóði til dragnótakaupa. N. vildi eingöngu binda fjárveitingar til byrjunar við þá þörf, sem mest er aðkallandi á þessu augabragði, og hefir því fyrst nefnt til fiskumbúðir og það annað, sem hafa verður til þegar flutningar eiga að hefjast. N. lítur hinsvegar svo á, að ekki sé meiri ástæða til þess að veita lán úr ríkissjóði til þessara veiðarfærakaupa en yfirleitt þá til allra slíkra kaupa. Veiðarfæri eru, eins og kunnugt er, keypt um land allt af útgerðarmönnum, án opinbers atbeina, jafnvel oft mun dýrari tæki á skip en ein til tvær dragnætur, og eru engar ráðstafanir gerðar af hálfu þess opinbera til þess að styrkja útgerðarmenn til slíkra kaupa síðan niður féllu lánveitingar eftir hinni gömlu skipulagsskrá Fiskveiðasjóðs.

Nú er þess að geta um frv., að með því er í raun og veru aðeins verið að hugsa um bráðabirgðaráðstöfun, sem gilda á fram yfir næsta nýár. 6. gr. frv. tekur það fram, að lögin skuli endurskoðuð á næsta þingi. Þetta er því aðeins tilraun til þess að bjarga yfir byrjunarörðugleikana, og koma einhverju bráðabirgðaskipulagi á flutningana, meðan

ekki eru mynduð svo öflug og örugg samtök, að framkvæmdunum sé borgið.

Ég finn ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessar aðfinnslur hv. flm. Hann lýsti því líka yfir, að honum þætti betra en ekki, að n. hefði afgr. málið á þennan veg. En ég verð að víkja nokkrum orðum að aths. hv. þm. Borgf. Hann er að vísu sammála n. í öllum meginatriðum, en ýmislegt fann hann þó að, sem mér þykir ekki ástæða til að deila um eða þörf að lengja umr. um. Honum virtist ekki þörf á því að setja lagafyrirmæli um starfshætti eða athafnir skrifstofu þeirrar, sem gert er ráð fyrir að setja upp í sambandi við útflutninginn. N. leit samt svo á, að það væri, eins og það er í 4. gr. frv., rétt að gefa fyllri fyrirsögn um það, hvernig þessi skrifstofa starfaði og hvað hún ætti að hafa á hendi. Um það má auðvitað deila, hvort þörf sé almennt á slíkum ráðstöfunum vegna þessa útflutnings, en þessar fyrirsagnir binda engar framkvæmdir aðrar en þær, sem nauðsynlegt er að hafa fastlega ákveðnar, meðan verið er að brjóta ísinn og koma kæliflutningnum í framkvæmd.

Þá kom fram fyrirspurn frá hv. þm. um það, hvernig skilja bæri þau orð í nál., að taka skyldi fisk fyrst og fremst frá þeim landshlutum, þar sem skilyrði skorti til að flytja út fiskinn, og þar með möguleika til þess að hagnýta kælifisksölu. Yfirleitt hnígur öll þessi ráðstöfun um ísfisksölu að því að bæta úr skák fyrir þeim, sem skilyrði skortir til að hrinda henni í framkvæmd nú þegar á eigin spýtur, og n. hefir einmitt viljað leita að hagkvæmum ráðum í því efni. Hinsvegar er það ljóst, að ekki tjáir að setja dýr leiguskip í áætlanir til annara staða en þeirra, sem einhvern flutning hafa að bjóða og möguleika til greiðlegrar afgreiðslu þeirra. Einnig lítur n. svo á, að á þeim stöðum, þar sem þessi flutningur er nú þegar tekinn upp og samningum bundinn við innlenda eða útlenda menn, þar sé engin ástæða til að hefja samkeppni um flutningana, fyrr en þá síðar, ef þeir samningar misheppnast. Ég vona þess vegna, að hv. þm. Borgf. gruni ekki n. um neina undirhyggju eða það, að hafa ætlað að setja neinar þær verstöðvar hjá, sem annars hefðu skilyrði til að njóta góðs af flutningunum.

Jóhann Jósefsson: Það var aðallega út af fyrirspurn hv. þm. Borgf., sem ég kvaddi mér hljóðs. Að vísu hefir hv. frsm. n. svarað henni, en ég vil fyrir mitt leyti lýsa einnig minni afstöðu í málinu, þar sem ég hefi undirskrifað nál. án nokkurs fyrirvara. Í þessu máli hefi ég svipaðan skilning á nál. og hv. frsm., að þessa tilraun beri fyrst og fremst að gera þar, sem þörf er mest fyrir þennan útflutning, frá þeim stöðum, sem óska eftir og geta uppfyllt þau skilyrði, sem tiltekin eru í brtt. við frv., sem sé, að þar sé félagsskapur manna, sem hefir nægilegan bátafjölda að baki sér. Þetta eru höfuðlínurnar að því er mér skilst á brtt., en þar er ekki átt við sérstaka landshluta eða hafnir. Reynslan verður að skera úr því, hvaða staðir koma helzt til greina.

Annars má segja það um þetta mál almennt, að þess er ekki von, að frv. eins og þetta verði afgr. þannig, að allir hlutaðeigendur verði ánægðir með hvert einasta ákvæði þess, því að þetta er allmikið nýmæli hér á landi. Það, sem n. virtist skipta mestu máli, var það, að samtaka tilraun sé gerð af hálfu þess opinbera til þess að hrinda útflutningi á nýjum bátafiski af stað, og að það sé svo hóflega gert, að mikill kostnaður geti ekki hlotizt af í byrjun, og ennfremur þannig, að breytingar megi gera á fyrirkomulaginu án stórfellds kostnaðar. Í slíku máli sem þessu mætti eyða heilu þingi í að ræða um, hvaða aðferð væri bezt og hvort eitthvert ákvæði í þessu frv. eða brtt. n. væri ekki óþarft. Eitt dæmi um þetta er söluskrifstofan, sem ég fyrir mitt leyti álít, að ekki sé mikil þörf fyrir. En ég vildi ekki gera ágreining um það, hvort stj. fengi heimild til þess; þess verður að gæta, að það er ekki nema heimild að hafa þarna einn mann til að líta eftir og gæta að hagsmunum fiskeigenda. Ég vil ekki setja mig á móti þessari heimild, því að það getur komið í ljós, að þörf verði á þessari skrifstofu, og ég hefi ekki svo mikla þekkingu á þessu máli, að ég vilji með öllu aftaka þessa heimild. Sama er að segja um fleira í þessu máli, t. d. að Skipaútgerð ríkisins sé falin umsjón

með flutningaskipunum. Þau verða auðvitað að vera undir einhverri stj., og ég tel, að til bráðabirgða megi vel una við það, að Skipaútgerð ríkisins annist þessar framkvæmdir. Komi það í ljós, að það tefji aðrar framkvæmdir hennar eða að afskipti hennar séu ófullnægjandi, þá er hægðarleikur að skipta um, því að eins og hv. frsm. minntist á, þá á að endurskoða þessi lög innan skamms. Framkvæmd þessi getur ekki verið yfirstjórnarlaus að öllu leyti eða afskiptalaus af ríkisins hálfu, þar sem ríkissjóði er ætlað að leggja talsvert fé fram, sem sagt, það ber að líta á till. n. eins og till. til bráðabirgðaráðstafana, eins og fyrsta sporið til að koma á föstum og reglubundnum ferðum með nýjan fisk frá Íslandi á heimsmarkaðinn. Hv. flm. sagði í vetur, að frv. væri frumsmíði. Sama má segja um till. n., þær eru frumsmíði. Lega landsins og fjarlægð til brezka markaðsins gerir það að verkum, að við höfum talsvert aðra aðstöðu í þessu efni heldur en Danir og Norðmenn. Frá Noregi hefir verið sendur fiskur með áætlunarskipum á brezka markaðinn nú í mörg ár. Norðmenn hafa um fleiri leiðir að velja en við og senda fiskinn bæði landveg og sjóveg, og Danir senda mikinn bátafisk með bílum beint inn í Mið-Evrópuríkin. Við verðum aftur á móti að halla okkur eingöngu að skipaflutningi, sem ætti að reynast eins haldgóður, þegar fram í sækir. Úr öllu þessu getur reynslan ein skorið.

Með öllum þessum forsendum álít ég vel forsvaranlegt að fylgja frv. með þeim breytingum, sem n. kemur með. N. er sammála um till., og þýðir það ekkert annað en að hún vill vera samtaka um að hrinda þessu nauðsynjamáli af stað, en vill ekki eyða tímanum í gagnslausar deilur um það, hvernig eigi að hjálpa bátaútveginum í þessu efni.

Ég vona, að þetta þing endi ekki að þessu máli óloknu, því að hér er að ræða um þá hjálp til handa útveginum, sem við megum ekki lengi án vera.

Pétur Ottesen: Ég ætla, að hv. þm. Vestm. geti ekki litið svo á, að ég hafi verið að vekja neinar deilur um þetta mál. Ég var að benda á fyrirkomulagsatriði, sem ég áleit, að betur væri fyrir komið á annan veg en hér er gert ráð fyrir, og auk þess kom ég með fyrirspurn, sem ég hefi nú fengið svar við. Út af þessu fyrirkomulagsatriði vil ég segja það, að ég sé ekki, að hjá þeim hafi neitt það komið fram, sem eiginlega bendir á, að þetta út af fyrir sig sé svo nauðsynlegt.

Þeir hafa verið að tala um, að það væri óforsvaranlegt að ætla þessu fyrirtæki enga yfirstjórn, þar sem ríkissjóður legði talsvert fé í hættu með því að taka skipin á leigu. Ég sé nú ekki, að ríkissjóði sé þetta fé neitt betur tryggt, þó að Skipaútgerð ríkisins hafi þetta með höndum, eða þó að söluskrifstofa sé sett upp, þar sem vitanlega er lafhægt að tryggja afskipti ríkissjóðs með því að láta hann fá forgangsveð í aflanum fyrir flutningskostnaði skipanna.

Út af þessu ákvæði um söluskrifstofuna skilst mér, að þeir, sem senda fisk með þessum skipum, séu ekki skuldbundnir til að nota þessa skrifstofu, og þurfi þá ekki heldur að taka þátt í þeim kostnaði, sem af henni leiðir (**SvÓ:** Alveg rétt), heldur eigi hann eingöngu að koma á herðar þeim, sem nota hana til milligöngu fyrir sig.

Ég get vel sætt mig við þessa skýringu á nál., að n. ætlist til, að fyrst og fremst sé uppfyllt það skilyrði, að félagsskapur sé til fyrir þennan útflutning, sem sé settur til þess, að þeir gangi fyrir þessum útflutningi, sem hafa skilyrði til að afla fljótlega farms í þessi skip, það séu þessir staðir, sem eiga að fá skip til þessara flutninga, og að þetta eigi að koma fram sem varúðarráðstöfun við því, að ekki sé verið að láta skipin elta uppi litlar útgerðarstöðvar eða að þau taki fisk, sem hefir verið safnað saman úr mörgum stöðum, sem er bæði dýrt, og mætti eins búast við, að farmur, sem væri þannig tekinn, væri ekki eins hæfur til sölu eins og þar, sem mikið er aflað á sama tíma.

Hv. frsm. talaði um, að þeir staðir ættu frekast að ganga fyrir, þar sem einhver rekspölur væri kominn á útflutning á nýjum fiski. Þetta er aðallega á tveimur stöðum. Annar staðurinn er Vestmannaeyjar. Þaðan mun nýr fiskur hafa

verið fluttur út síðasta ár, en hinn staðurinn er Ísafjörður. Annarsstaðar hafa engar framkvæmdir orðið í þessu, nema þar sem einstöku sinnum hefir ef til vill tekizt að selja í botnvörpunga, þegar fiskur hefir verið fyrir hendi, þegar togararnir hafa verið að leggja af stað til Englands og svo hefir staðið á, að þeir hafa ekki verið fullfermdir af fiski, en sú aðstaða er svo hæpin, að það er ekki hægt að byggja á henni.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég er ánægður yfir því, hvað þetta frv. fær betri viðtökur nú en í vetur. Ég vil þó minnast á nokkur atriði, og þá fyrst og fremst vildi ég spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort þessi heimild mundi verða notuð, ef frv. yrði samþ. Ég beindi þessari fyrirspurn til hans við 1. umr., og hann svaraði því þá, að þegar n. hefði gert sínar brtt. við frv., þá mundi hann taka afstöðu til málsins, sem væntanlega yrði í samræmi við meiri hl. n.

Hv. frsm. segir, að ég hafi fundið að því, að n. vildi binda sig við það, að skipin yrðu minnst 3. Þetta er misskilningur hjá hv. frsm. Ég er þessu einmitt sammála, að réttast sé að leigja skipin, þar sem n. gerir ráð fyrir eins og frv., að lögin skuli endurskoða fljótlega.

Hitt þykir mér undarlegt, að n. skuli breyta frv. þannig, að þessi styrkur skuli látinn í té félögum sjómanna gersamlega án tillits til þess, hvort þeir eru í samvinnufélögum eða ekki, en í frv. var það skilyrði fyrir þessari aðstoð, að það væri um samvinnufélagsskap að ræða hjá sjómönnum og bátaútvegsmönnum. Ég veit, að frv. frsm. er það a. m. k. ljóst, hver munur er á þessu. En um samvinnufélög er að ræða, sem njóta þessa stuðnings, þá er þar með tryggt, að sá félagsskapur sé opinn fyrir alla þá menn, sem stunda fiskiveiðar á því svæði, sem þessi félagsskapur nær yfir, því að hér er ekki eingöngu um útgerðarmenn að ræða, heldur einnig þá, sem eru ráðnir upp á hlut, en eftir till. n. eru það einhverjir fiskimenn og einhverjir útgerðarmenn, sem gera með sér einhverskonar félagsskap til að flytja út fisk, sem eiga að hafa jafnan rétt og samvinnufélög. Mig furðar á því, að jafnþaulvanur samvinnumaður og hv. frsm. skuli vilja breyta þessu atriði í frv. mínu. Ef þær eðlilegu afleiðingar af þessu eru raktar, þá er ekki annars að vænta en að útgerðarmenn kaupi fiskinn af þeim, sem eru ráðnir upp á hlut, í von um að hafa hagnað af, eða þá að einhverjir fiskkaupmenn kaupi hann til að geta notað ríkisfé til að koma honum á markaðinn. Þær hömlur, sem voru í þessu atriði í mínu frv., eru teknar burt með þessari brtt., svo að þessi ráðstöfun er ekki eingöngu fiskimönnum til handa, heldur það sem kallað er á fínu máli stuðningur við atvinnuveginn, hjálp til að koma vörunni í gott verð án þess að hugsa um, hvort fiskimennirnir verða þess aðnjótandi eða einhverjir, sem vilja græða á fiskinum. Mig furðar á því, að hv. frsm. skuli ekki hafa gert sér grein fyrir þessu. Þetta er það, sem í sjálfu sér er meginefnið í till. hv. sjútvn. Ég álít, að ef Alþingi veitir stuðning til þessa atvinnurekstrar, þá sé sjálfsagt að ganga svo frá, að sá stuðningur komi þeim að gagni, sem hans eiga að njóta, en það eru þeir, sem veiða fiskinn og hafa þar af sína afkomu.

Viðvíkjandi lánveitingum til kaupa á nýjum veiðarfærum vil ég segja það, að mér þótti leitt, að n. skyldi ekki geta fallizt á þá till., sem um það er í frv., því að eins og ég benti á í fyrri ræðu minni, þá veita Englendingar sjómönnum kost á slíkum veiðarfærum til kaups upp á hlut í aflanum. Ef ekki er hægt að veita mönnum hjálp til að kaupa dragnætur eða önnur þau veiðarfæri, sem þeir þurfa nauðsynlega með, þá er hætt við, að þeir verði að leita til Englendinga og kaupa veiðarfærin af þeim, sem þeir verða síðar að borga með 15—20% af aflanum.

Áhættan er lítil fyrir ríkissjóðinn, að veita þetta lán, þar sem hægt er að taka veð í afla til greiðslu á þeim. Yfirleitt hafa bankarnir lánað bátum til veiðarfærakaupa, og þau lán þá tryggð með veði í afla, mjög oft óveiddum, og þá miðað við saltfisk. Hér er því ekki um það að ræða, að geta veðsett aflann, sízt ef hann er áður að veði fyrir flutningsgjaldinu. Það er því ekki hægt eftir reglum bankans að fá lán út á það, þar sem slíkt veð er ekki fyrir hendi.

Ég vildi því leyfa mér að beina þeim

tilmælum til hv. n. fyrir 3. umr. þessa máls, hvort hún sæi ekki ástæðu til að taka upp í frv. af nýju ákvæði, sem tryggi það, að allir þeir, sem atvinnu hafa af veiðum, geti orðið þessa stuðnings aðnjótandi.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Ég verð að vikja örfáum orðum að ræðu hv. þm. Borgf. Ég skildi orð hans svo, að hann hefði grun um, að eftir þeim orðatiltækjum, sem n. hefir í 1. og 4. gr. frv., geti svo farið, að þeir, sem mesta þörf hafa stuðningsins af flutningunum, mundu fara þeirra á mis, ef þessi ákvæði frv. yrðu samþ.

Ef þetta væri rétt skilið, þá hefði illa til tekizt. En ég get ekki fundið, að nokkur heil brú sé í þessum tilgátum hv. þm. Mér finnst bæði 1. og 4. gr. taka það skýrt fram, að þessi stuðningur sé fyrst og fremst ætlaður þeim, sem ekki geta komið fiski sínum til útlanda í kældu ástandi af eigin rammleik. Það má vera, að finna mætti skýlausari orðatiltæki um þetta, en ég sé ekki, að það skorti nákvæmni í orðalagi.

Að því er snertir aths. hv. þm. um áhættu ríkissjóðs, þá finnst mér hún vera næsta lítil, þegar þess er gætt, að flutningar munu hefjast á þeim tíma, þegar vertíð er víðast á landi og veðurátt hagfelldust. Þá hlýtur flutningurinn að vera nægilegur og því nóg fyrir skipin að gera, og það þótt fleiri væru en hér er gert ráð fyrir. Ríkissjóður getur því ekki stefnt neinu í voða, því að flutningsgjöld yrðu vitanlega ákveðin með það fyrir augum, að flutningurinn bæri sig.

Hv. flm. hefir aftur komið með sömu kvörtun og áður, að tekið væri í burtu úr frv. samkv. till. n. ákvæðið um það, að félagsskapur sá, sem stuðningurinn er veittur, sé með samvinnusniði, en aftur sé tekið upp rýmra ákvæði, að stuðningurinn sé veittur sölufélagsskap á hverjum stað.

Þetta byggist á því, að í samvinnulögunum er gert ráð fyrir ákveðinni tölu félagsmanna, ekki færri en 15, til þess að það geti heitið samvinnufélag. Þetta ákvæði og fleiri formsatriði laganna þótti n. of þröng. Þótt félagar væru ekki nema 12 í stað 15, sem samvinnulögin gera ráð fyrir, þá er sjálfsagt að veita þeim einnig stuðning, ef um það flutningsmagn er að ræða, að skaðlaus sé viðkomu skipanna. Það segir sig sjálft, að sjómenn og fiskimenn eru hér ekki útilokaðir. Auðvitað spillir það ekki, þótt félagsmenn séu fleiri en 15. En mér finnst það undarlegur skilningur hjá hv. flm., ef honum finnst, að n. með þessum breyt. sé að stuðla að því, að einstakir fjáraflamenn geti einir setið að þessum stuðningi, sem frv. gerir ráð fyrir. Mér finnst hann ekki geta góðs til, að ætla n., að hún vilji gera slíkt.

Að öðru leyti sé ég ekki þörf að lengja umr. um þetta mál.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil geta þess út af fyrirspurn hv. þm. Seyðf., að ég tel sjálfsagt, þegar hv. Alþ. hefir sett heimildarlög sem þessi, sem hér eru á ferðinni, að láta framleiðendur njóta þess stuðnings, sem um er rætt. Ég get fallizt á brtt. hv. sjútvn. að öðru en því, að ég tel réttara, að stuðningurinn sé bundinn við samvinnufélagsskap. Ókostum þeim, sem bent hefir verið á í sambandi við það, má auðveldlega bæta úr með sérstökum undanþágum. Vil ég beina því til hv. n., að hún taki þetta til athugunar til 3. umr.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Mér þótti vænt um að fá yfirlýsingu hæstv. forsrh., og var hún mér algerlega fullnægjandi.

Hv. frsm. telur ástæðuna fyrir því, að n. vildi ekki binda stuðninginn við samvinnufélagsskap, vera þá, að ekki væri víst, að hægt væri að fá 15 menn til að mynda þennan félagsskap. Þetta er hreinasta fjarstæða. 15 menn eru ekki nema skipshöfn af 2 bátum. Það myndi því aldrei þurfa að koma til neinnar undanþágu, því að það er ekki hugsanlegur frá mínu sjónarmiði félagsskapur um útflutning, sem færri stæðu að en 15 manns. Ef allir þeir, sem að veiðunum standa, eru í félagsskapnum, þá geta þeir ekki færri verið. En ef hinsvegar er gert ráð fyrir, að útvegsmennirnir séu einir um félagsskapinn og fiskimennirnir séu þar ekki með, þá gæti verið erfitt að fá þessa tölu.

Jóhann Jósefsson: Ég verð að segja, að mig undrar það stórlega, hve mikla áherzlu hv. flm. og hæstv. forsrh. leggja á það, að binda þennan félagsskap við einhvern fastákveðinn ramma. Ég veit ekki til, að svo mikil reynsla sé fyrir hendi um nokkurn fastákveðinn ramma í þessum efnum, að ástæða sé til að gera veður út af því, þótt hv. sjútvn. hafi á þessu stigi málsins haldið þeim möguleika opnum að leyfa stuðning til félagsskapar um útflutning, þótt ekki væri hann með samvinnusniði. Þetta kemur til af því, að ég legg áherzlu á allt annað en það, í hvaða ramma þessi félagsskapur er. Ég legg alla áherzluna á það, að hér er um að ræða nýja leið til að koma afurðum landsmanna í verð. Hitt er mér algert aukaatriði, hvað sá félagsskapur heitir, sem sjómenn og útgerðarmenn koma á með sér. Og meginatriðin verður maður að meta meira en aukaatriðin. Ég álít það alveg skakkt að vera mjög þröngsýnn í þessum efnum og hafa ákveðinn ramma, þannig að þeir, sem af einhverjum ástæðum gætu ekki verið innan hans, væru útilokaðir.

Ef þetta kemur til að því, að þeir séu hræddir um, að sjómenn verði útilokaðir frá því að eiga þátt í félagsskapnum, þá er það alger misskilningur, því að félagsskapur í þessum efnum yrði að samanstanda af hvorumtveggja, bátaeigendum og sjómönnum. Því að öll meðferð þess fiskjar, sem á að seljast á ísmarkaði, verður að vera öll önnur frá byrjun en á öðrum fiski. Og það er því nauðsynlegt til þess að svona tilraun heppnist, að allir, sem við fiskinn fást, hafi þar hagsmuna að gæta.

Nauðsyn er á samvinnu allra, sem að fiskinum vinna, en á hinu er engin nauðsyn, að ákveða, eftir hvaða lögum sú samvinna sé. Þeir, sem eiga bátinn, verða að vera með, og ég býst við, að enginn hugsi sér framkvæmd í þessu efni án þess að sjómennirnir séu líka með.

Ef um lögboðinn félagsskap er að ræða, þá eru ýmsir annmarkar á því, að sjómenn geti tekið þátt í honum, ef þeir eiga ekki heima á staðnum. Ég held það sé erfitt að knýja þá til þess. Þess vegna renna margar stoðir undir það, að láta það óbundið meðan skriður er að komast á málið, hvernig félagsskapnum er háttað, en halda sig fast við meginatriði málsins, að veittur sé stuðningur til að koma þessari vöru á markaðinn.

Sá, sem kynni að halda, að einhver í landi færi að kaupa fiskinn og ísa, eins og hv. flm. gat um, hann getur huggað sig við það, að það myndu fæstir álíta sér það fært, eftir því fyrirkomulagi, sem hér liggur fyrir. Áhættan er svo mikil, og ekki aðlaðandi að kaupa fiskinn blautan úr sjónum og hafa ekki tryggingu fyrir, að með hann hafi verið farið á þann hátt, sem nauðsynlegt er með fisk, sem á að ísa. (VJ: Það hefir verið gert á Ísafirði). Það getur ekki hafa verið gert í stórum stíl. Það hefir líka verið gert í Vestmannaeyjum í smáum stíl og ég tel með því engan skaða skeðan. Þótt slíkt hafi verið gert á Ísafirði og í Vestmannaeyjum, þá tel ég það ekki hafa verið neitt þjóðarböl, þótt hv. þm. Ísaf. líti þannig á.

Þessi lög eru til þess ætluð og allur andi þeirra er sá, að bæði útvegsmenn og sjómenn eigi hér hlut að máli og myndi félagsskap um það að koma fiskinum á markað. Það horfir allt öðruvísi við fyrir þá að hafa áhættuna, sem sjálfir afla, en aðra, sem kaupa fiskinn í landi. Þess vegna er það ekki nauðsynlegt að ákveða það, hvort félagsskapurinn er hlutafélag eða samvinnufélag, heldur aðeins, að þessir aðilar stæðu að félagsskapnum. Sé hv. þm. það ljóst, að hér er um að ræða þungamiðju málsins, þá vona ég, að þeir fari ekki að gera smávægileg formsatriði að ágreiningsefni.

Gagnvart þessu atriði og öðrum fyrirkomulagsatriðum er mér það fyllilega ljóst, að hér er um tilraun að ræða, og enginn skal vera fúsari til breytinga en ég, þegar reynslan hefir sýnt, að breyta þurfi og hvernig breyta skuli. En á þessu stigi málsins virðist mér rétt að hafa fyrirkomulagið svo frjálst, að allir geti sameinazt um að koma bátafiski á þann markað, sem heita má alveg lokaður eins og nú er ástatt.

Jón Auðunn Jónsson: Hér er um svo smávægilega tilraun að ræða — aðeins 3 skip —, að það er ekki nærri helmingur þess, sem þyrfti til þess að það kæmi að fullum notum. Þetta er aðeins tilraun,

sem gerð er til að hægt sé að stofna til útflutnings á næsta hausti. Þess vegna væri það ekki vel farið, ef þeir, sem ekki geta stofnað samvinnufélag, gætu ekki notið þess stuðnings, sem lögin gera ráð fyrir. Það væri illa farið, ef þeir, sem kaupa vilja kassa, gætu ekki komizt að.

Eftir þeirri þekkingu, sem við höfum hlotið af þessum hlutum, þá má okkur vera það ljóst, að það þarf að setja menn í öll þau sjávarþorp, sem kassaflutningur væri frá, til að sjá um kasseringu og sorteringu. Í mörgum þeirra er enginn kostur þeirra manna, sem þekkingu hafa á þeim efnum. Hér eru til togaramenn, er kunna að slægja fisk og vita, að það þarf að vera mismunandi, eftir því hver fiskurinn er. En það er ýmislegt fleira, sem þarf að aðgæta. Eins og hv. þm. Vestm. tók fram, þá ver slorhúðin fiskinn í ísnum. Þess vegna má hann ekki vera svo gamall, að slorhúðin sé af. Þess vegna má ekki þvo hann fyrr en rétt áður en hann er lagður í ísinn. Annars er hætta á því, að hún sé eydd og haldi ekki fiskinum við í ísnum.

Steingrímur Steinþórsson: Ég skal ekki lengja umr. Það er aðeins út af brtt. við 1. gr., að ég vil taka það fram, að ég mun samþ. brtt. sjútvn. við 1. gr. við þessa umr., með þeim fyrirvara, að við 3. umr. mun ég líklega koma með brtt. um, að tekið verði aftur upp ákvæðið um, að stuðningurinn sé bundinn því skilyrði, að um samvinnufélag sé að ræða. Ég segi ekki meira en að líklega komi ég með þessa brtt., því að enn hefi ég ekki fyllilega áttað mig á þessu atriði. En mér er ljóst, hve mikla yfirburði þessi félagsskapur hefir yfir félög þau, sem mynduð eru á öðrum grundvelli. Þó þarf ef til vill ekki að koma til, að hlutafélög séu útilokuð. Ég vildi láta þessa getið, að þótt ég nú greiði atkv. með brtt. sjútvn., þá kemur sennilega brtt. frá mér um þetta atriði við 3. umr.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði, vildi ég segja nokkur orð. Hann sagði, að það væri um að gera, að það væri látið laust og óbundið, hvort stuðningurinn væri veittur til samvinnufélaga eða sölufélaga, sem stofnuð væru á öðrum grundvelli, og sjálfsagt væri gert ráð fyrir því, að sjómennirnir væru með í félagssamtökunum. En ég vil benda á það, að ef hlutafélag væri stofnað með þetta fyrir augum og þótt hluturinn væri ekki nema 25—50 kr., þá er það nóg til þess að útiloka einhverja þeirra frá þátttöku. Alstaðar munu fást nógir menn til að loka sjómenn og fiskimenn úti.

Segja má, að þótt stuðningurinn sé bundinn því skilyrði, að um samvinnufélag sé að ræða, þá hafi sjómenn ekki skyldur til að ganga í félagið, heldur aðeins rétt. En þar sem þetta félag myndi ekki þurfa samábyrgð félaganna, þá sé ég ekki, hvað því gæti verið til fyrirstöðu, að þeir gengju í þennan félagsskap. Ég sé heldur enga ástæðu til að vera á móti samvinnuákvæðinu, þótt gera mætti ráð fyrir, að á einhverjum stað væri ekki hægt að koma því við að stofna samvinnufélag, þar sem stuðningurinn verður svo lítill, að ekki verður hægt að veita hann nærri því öllum þeim, sem þörf væri. En ég tel sjálfsagt, að þannig sé frá lögunum gengið, að það sé algerlega tryggt, að þau verði til hagsbóta einnig fyrir sjómennina. Ég tel það mjög þýðingarmikið atriði, að fyrsta tilraunin sé byggð á heilbrigðum grundvelli. Ég tel þetta þýðingarmikið atriði og tel sjálfsagt, að fyrsta tilraunin sé byggð á þeim rétta grundvelli, að þetta verði til að hjálpa sjómönnum og fiskimönnum, en ekki þeim, sem vilja græða fé á kostnað annara.

Jóhann Jósefsson: Ég vildi aðeins geta þess, að þó að ég hafi hér bent hv. flm. og hæstv. forsrh. á ýmsa annmarka, sem kunna að vera á því að binda félagsskapinn við eitthvert ákveðið snið, þá er það ekki meining mín að vera eindregið á móti þessum félagsskap. Mér skilst líka á hv. 1. þm. Skagf., að hann ætli að hlaupa í skarðið fyrir sjútvn. og koma með brtt. í þá átt, og er líklegt, að n. verði þakklát fyrir, að hann ætlar að taka af henni ómakið í þessu efni!

Mér virðist, að ræða hv. flm. hafi hnigið að því, að hann með þessu frv. hafi ekki fiskimenn almennt fyrir augum, heldur sérstaka staði, þar sem samvinnu-

félagsskapur er, og þess vegna vilji hann halda svo fast við að rígbinda frv. við þennan sérstaka félagsskap. Hinsvegar er svo um mig, og ég vona, að það sé eins um hv. samnm. mína í sjútvn., að ég hefi fiskimenn almennt fyrir augum, og við höfum sett þetta í svona víðan ramma til þess að sem flestir geti haft aðgang að flutningnum. Það er nefnilega svo, að í till. hv. flm. í frv. felst takmörkun á því, hvaða sjómenn skuli njóta þessara fríðinda frá ríkissjóði, en ekki nein rýmkun.

Það er nú svo, að fiskveiðar landsmanna hafa komizt fram á þennan dag, þó þær hafi ekki verið reknar með þessu svokallaða samvinnufélagssniði, og hefir ekki ennþá verið sýnt eða sannað, að samvinnusnið væri það bezta við fiskiveiðar.

Annars hefi ég ekki hugsað mér að gera formsatriði að deilumáli í þessu efni. En ég var svo einfaldur í till. mínum, að ég hélt, að framkvæma mætti þetta í ýmsum veiðistöðvum á þann hátt, að vissir bátar, sem annars gefa sig að því að veiða fyrir ísfiskmarkaðinn, mundu mynda með sér fast samlag um að láta saman fisk sinn í kassa til að koma honum í þennan útflutning, og hefðu sölusamlag, sem ekki væri margbrotnara en svo, að hver sending væri gerð upp að söluferðinni lokinni. Þetta hélt ég, að gæti nægt til að byrja með, og bjóst við, að það væri nægilega tryggt á þessum stöðum, þar sem fiskurinn verður tekinn.

Það, sem hér verður að líta á, er það, að þessa tilraun á ekki að gera nema þar, sem fiskveiðar eru stundaðar og tryggt, að fiskur sé fyrir hendi þegar skip koma, og það ætti að vera bezt tryggt með því, að þeir fiskimenn tækju saman, sem líklegastir eru til að afla fiskjarins. Ég sé ekki, að það ætti að verða betur tryggt, þó knúð sé fram, að það sé með samvinnusniði. Ég vil í því sambandi benda á það, að það mun reynast erfitt að koma á gagnkvæmri samábyrgð fyrir þá menn, sem eru aðeins um stundar sakir í einni eða annari veiðistöð. Til þess að gera þeim mögulegt að eiga í þessum vörusendingum, held ég, að bezt væri að mynda samlag, sem starfaði fyrir vertíðina og gerði upp eftir hverja söluferð.

Ég skal svo ekki þreyta þolinmæði hæstv. forseta lengur, en eftir yfirlýsingu þessara „teoretikara“, sem talað hafa, er ég viss um, að fyrir þeim vakir meira „teori“ en það praktiska líf. En ég vil fremur reyna að mynda mér skoðun um það, hvernig hlutirnir verða í framkvæmdinni en hvernig þeir eru í „teoriunni“.

ATKVGR.

Brtt. 152,1 (ný 1. grein) samþ. með 12 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, JJós, JAJ, JÓl, MG, ÓTh, PO, StgrS.[1])

nei: TrÞ, VJ, BJ, BKr, HG, JónasÞ, LH, JörB.

Átta þm. (BÁ, EA, GÍ, HJ, HV, IngB, MJ, SvbH) fjarstaddir.

Brtt. 152,2 (2. gr. falli niður) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 152,3 (ný 3. gr., verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 152,4 (ný 4. gr., verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 152,5 (ný 5. gr., verður 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 152,6–7 samþ. án atkvgr.

6.—7. gr. (verða 5.—6. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 152,8 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

Á 21. fundi í Nd., 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 193).

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. Skagf., svo hljóðandi:

„Við 1. gr. Niðurlag 1. málsgr., „enda sé á þeim stöðum ... tekur gildan“, orð-

1) Með svofelldri grg.: Með skírskotun til þess, sem ég hefi áður sagt, til 3. umr.

ist svo: enda sé öllum frjáls þátttaka og atkvæðisréttur óbundinn að samvinnuháttum. Skal á þeim stöðum vera nauðsynlegur útbúnaður til fiskgeymslu og afgreiðslu skipanna, sem útgerðarstjórn tekur gildan".

Þar sem brtt. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifleg, verður að leita tvennra afbrigða frá þingsköpum, til þess að hún megi koma til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 231) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Þótt ég líti svo á, að frv. eins og það liggur fyrir tryggi í raun og veru það, sem í brtt. felst, sé ég þó ekki, að hún spilli þeim tilgangi, sem fyrir flm. og n. vakti, né heldur að samþykkt hennar þurfi að tefja fyrir framkvæmdum í þessu máli, sem ég annars óska og vona að geti hafizt mjög fljótlega. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta að öðru leyti, en óska þess, að málinu verði hraðað og að hv. þdm. taki því sem bezt.

Steingrímur Steinþórsson: Ég þakka hv. frsm. sjútvn. undirtektir hans. Ég gat þess við 2. umr., að ég myndi flytja brtt. við 3. umr., en það féll í gleymsku.

Það, sem fyrir mér vakir, er tvennt: Í fyrsta lagi, að þessi félög standi öllum opin, og í öðru lagi, að atkvæðisréttur sé ekki bundinn við hlutafé, heldur jafn fyrir alla.

Hv. frsm. sjútvn. taldi ekki rétt að binda þessi félög við ákvæði samvinnulaganna, en ég vona, að hv. þdm. geti verið sammála um, að þessu megi haga á þennan hátt og að hv. d. geti samþ. þessa brtt.

ATKVGR.

Brtt. 231 samþ. með 14 : 5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., 8. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 232).

Á 25. fundi í Ed., 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 14. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 232, n. 279).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og hefir nú legið fyrir sjútvn. þessarar d. til athugunar. Efni þess er að heimila ríkisstj. að gera ýmsar ráðstafanir til þess að greiða fyrir útflutningi á ísvörðum fiski. Ég geri ráð fyrir, að mönnum blandist ekki hugur um, að eins og nú er ástatt með sölu sjávarafurða, þá beri brýna nauðsyn til þess, að hafizt sé handa um að gera allt sem hægt er til þess að nota markaðinn fyrir ísvarinn fisk. En hingað til hefir almenningur ekki átt kost á því þar, sem gerð hafa verið út smærri skip til fiskiveiða, þótt þessi markaður sé nú einn hinn öruggasti. En að vísu er það svo um þennan markað, að hann er nokkuð breytilegur eftir árstíðum, en undir öllum kringumstæðum munu þó líkurnar meiri til þess að geta komið fiskinum í peninga, ef hægt er að flytja hann til neytenda á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Það hefir því orðið einróma álit sjútvn., að nauðsyn bæri til, að slíkar ráðstafanir, sem í frv. felast, verði heimilaðar ríkisstj., og væntir n. þess, að tiltækilegt verði að koma í framkvæmd nú þegar einhverju af því, sem frv. heimilar stj., ef það nær fram að ganga.

Það er gert ráð fyrir, að byrjað verði þannig, að ríkisstj leigi, ef mögulegt er, a. m. k. þrjú skip til flutninga á þessari vörutegund. Þarf ekki að búast við, að þetta verði ríkissjóði til mikilla aukinna útgjalda, ef allt gengur sæmilega. Það má gera ráð fyrir, að hægt verði að láta flutningsgjaldið af fiskinum vega á móti skipaleigunni og öðrum kostnaði að mestu leyti. En þó mun nauðsynlegt, að ríkissjóður leggi í byrjun fram fé til þess að hrinda málinu í framkvæmd, og sérstaklega mun reynast nauðsynlegt að

veita styrk til umbúðakaupa um fiskinn, ef nauðsynlegt reynist að flytja hann í umbúðum. Þetta er á byrjunarstigi og því erfitt að segja fyrirfram, hvernig takast muni, en undir núverandi kringumstæðum er þessi ráðstöfun lífsnauðsyn fyrir sjávarútveginn. Ég vænti því fastlega, að hv. d. verði sjútvn. beggja d. sammála um það að láta þetta frv. ná fram að ganga, í þeirri von, að það mætti að nokkru gagni koma fyrir annan aðalatvinnuveg okkar Íslendinga, sjávarútveginn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 17. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 334).

---

20. Útibú Útvegsbankans á Ísafirði og Akureyri.

Á 18. fundi í Ed., 1. ágúst, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir Landsbanka Íslands til þess að kaupa nokkurn hluta af víxlum og lánum útibúa Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði og Akureyri (þmfrv., A. 168).

Á 19. fundi í Ed., 3. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fjhn. flytur þetta frv. eftir tilmælum fjmrh. Um efni frv. þarf ég ekki að fara mörgum orðum, því það skýrir sig sjálft. Með frv. þessu er farið fram á að veita Landsbankanum heimild til að kaupa víxla Útvegsbankans á Ísafirði og Akureyri. Og ástæðan fyrir því, að farið er fram á heimildina, er sú, að Útvegsbankinn hefir ekki getað fullnægt seðlainnleysingunum, sem honum ber samkv. lögum. Ástæðan er í annan máta sú, að Landsbankinn hefir ekki heimild til að kaupa víxlana. Að öðru leyti tel ég nægja að vísa til ástæðna, sem fram koma í fylgiskjölum við frv., sem eru bréf frá bankaráðum Útvegsbankans og Landsbankans.

Ég vil taka fram, að einn nm. hefir óbundið atkv. um efni frv., þótt hann teldi rétt, að frv. væri flutt. Annars geri ég ráð fyrir, að flestir þdm. geri sér ljóst, hvað í frv. felst. Ég tel ekki ástæðu til að vísa málinu til fjhn., þar sem hún flytur frv.

Jón Þorláksson: Ég er ekki eins viss um það og hv. frsm., að almenningur geri sér ljóst, hvað í frv. felst. Ég vildi leiða athygli að aðalefni frv. Ég hygg, að í þessu frv. felist það, að útibúin á Ísafirði og Akureyri verði lögð niður, þó að það sé ekki beinlínis sagt í frv. né fylgiskjölum þess. En ég geri mér í hugarlund, að þessi sé tilætlunin. Nú vil ég minna á, að þegar lagt var fram fé af ríkissjóði og einstökum mönnum til viðreisnar Íslandsbanka, þá voru margir á viðskiptasvæðum útibúanna, sem lögðu fram helming af innstæðum sínum í Útvegsbankann og hafa fengið hluti þar. Ég tel varhugavert gagnvart þessum mönnum, að verið sé að gera ákvarðanir, undirbúnings- og umræðulaust, sem leiða til þess, að útibúin leggist niður. En þeir hafa einmitt verið að leggja á sig byrðar til þess að tryggja, að útibúin haldi áfram. Þeir munu ekki hafa neinn lagalegan rétt í þessu máli, en ég geri þær kröfur til Alþ., að það sýni ekki ósanngirni. Ég veit, að það verður á einhvern hátt að ráða fram úr vandræðum Útvegsbankans, þar sem hann hefir lagaskyldu til að innleysa seðla meir en hann hefir getu til.

Ég vildi ekki setja mig á móti því, að frv. væri flutt, en ég tók það loforð af form. n., að n. tæki málið til nýrrar athugunar. Það er auðgert að benda á þá leið, að leysa Útvegsbankann undan skyldu sinni til að innleysa seðlana.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég get tekið það fram við hv. 1. landsk., að ég hefi

ekki í huga að brigða nein loforð við hann um athugun á málinu. En ég sé ekki ástæðu til að vísa málinu til n., þó að hún hafi lofað að líta á till. hans.

Hv. 1. landsk. taldi það óviðeigandi af Alþ. að taka þessa ákvörðun að fornspurðum þeim mönnum, sem hlut eiga að máli. Á hann þar auðvitað við þá, sem lögðu fé í Útvegsbankann.

Ég verð nú að segja það, hvað mig snertir, að ég á engra sérstakra orsaka að gæta þar. Ég get lýst því yfir, að ég var á móti þeirri ráðstöfun, sem tekin var um Íslandsbankann. Ég get ekki fallizt á það með hv. 1. landsk., að þingið beiti hörku í þessu máli, þó að það verði við tilmælum um að veita Landsbankanum heimild til að kaupa þessa víxla. Ég lít svo á, að þar sé þingið að verða við tilmælum þeirra hlutaðeigandi manna, sem bera bezt skyn á málið. Þetta er lausn, sem þingið má ekki ganga framhjá. Og þó að aðrar lausnir mætti finna, þá er vafasamt, að Alþ., eins og það er nú skipað, sé færara að dæma um lausn á þessu máli en hlutaðeigandi bankastjórnir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um málið. Ég býst við, að hæfilegur tími verði milli umr., en umræður við 1. umr. eru afarnauðsynlegar, þar sem málið kemur frá nefnd og verður ekki athugað þar meira, að undanteknum þeim till., sem hv. 1. landsk. kann að bera fram. Annars á hér sæti í d. einn af bankastjórum Útvegsbankans, og ef honum finnst öðruvísi að farið en hann telur rétt, þá lætur hann vonandi til sín heyra.

Jón Þorláksson: Það er rétt hjá hv. form. fjhn., að hér er aðeins um heimild handa Landsbankanum að ræða, sem ég hygg, að leiði til viðurlagningar útibúanna, ef notuð verður. Það er rétt hjá hv. þm., að hér er um enga þvingun að ræða að þessu leyti. En sé svo, að Útvegsbankinn getur ekki framkvæmt seðlainnleysinguna án aðgerða, þá er orðin úr þessu þvingun, ef sú leið er tekin.

Ég held, að ekki sé rétt að slá fastri þessari einu leið, að hlutaðeigandi hluthöfum á Akureyri og Ísafirði fornspurðum.

Einar Árnason: Ég ætla aðeins að gera fáeinar aths. við ræðu hv. 1. landsk. Hann telur, að verið sé að ganga á rétt þeirra manna, sem lagt hafa fé í Útvegsbankann, ef útibúin verða lögð niður. En ég er alls ekki viss um, að svo verði, þótt þetta frv. verði samþ. En þegar ræða skal um þetta mál, má ekki einblína á þá hlið, sem snýr að einstökum mönnum. Aðalatriðið er það, hvort hægt sé að reka útibúin með hagnaði. Og ef svo er ekki, er það mikið álitamál, hvort beri að halda þeim uppi.

Ríkissjóður hefir lagt fram nokkrar milljónir sem hlutafé í þennan banka, og því er það eðlilegt, að Alþ. vilji hlutast til um, að honum sé sem bezt borgið fjárhagslega. Hvað því viðvíkur, að ef til vill mætti hjálpa bankanum með seðlainndrætti, og leið þeirri, er hv. 1. landsk. vildi láta fara, að fresta málinu, þá tel ég það enga leið út úr vandræðunum að fresta slíkum bráðnauðsynlegum framkvæmdum. Mér finnst yfirleitt ekkert vera því til fyrirstöðu, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, þar sem það er bara heimild, sem farið er fram á, og ekki verður notuð, nema bankastj. sjái, að það sé nauðsynlegt fyrir fjárhagsafkomu bankans sjálfs.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 5 ágúst, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 7. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 : 1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 168).

Á 25. fundi í Nd., 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil aðeins beina þeirri ósk til n., að hún athugi, hvort það er meiningin með þessu frv., að lögð verði niður útibúin á Ísafirði og Akureyri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 15. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 168, n. 289).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Í nál. fjhn. er vísað til grg. og fskj. frv. um ástæðurnar, sem liggja til grundvallar fyrir því. Frv. er borið fram til þess að gera Útvegsbankanum kleift að fullnægja innlausnarskyldu sinni á seðlum, og hefir náðst samkomulag milli bankanna, að það gæti orðið á þann hátt, sem hér er farið fram á, nefnil. að Landsbankinn keypti nokkurn hluta af lánum og víxlum útibúa Útvegsbankans á Akureyri og Ísafirði, sem nægði fyrir því, sem Útvegsbankinn þarf að draga inn. Þessi er ástæðan til þess, að þetta frv. er komið fram, og virðist það mjög viðunandi lausn á þessu máli. — Út af fyrirspurn, sem hv. þm. N.-Ísf. bar fram við 1. umr. þessa máls, þess efnis, hvort ætlun bankaráðsins væri sú, að leggja niður útibúin á þessum stöðum, hefi ég snúið mér til bankastj. Útvegsbankans og spurzt fyrir um þetta efni. Ég hefi nú í höndum svar bankastj. og ætla að lesa upp þann kafla, sem þetta áhrærir, með leyfi hæstv. forseta:

„Því miður er lánastarfsemi útibúa Útvegsbankans á þessum stöðum sama sem engin. Útibúin eru því lítill styrkur fyrir atvinnulíf þessara staða. Með því að þau starfa hinsvegar nær eingöngu með fé frá aðalbankanum, eru þau töluverð byrði á honum. Í stað þess því að draga inn lán, til að geta dregið inn seðla Íslandsbanka, sem eingöngu gæti skeð með miklu raski á atvinnulífinu, hefir bönkunum komið saman um, að Landsbankinn fengi að setja seðla út í þessu skyni, en Útvegsbankinn dragi inn jafnmikla seðla.

Þann 31. júlí síðastl. skuldar útibúið á Akureyri kr. 1669913,65 og útibúið á Ísafirði kr. 2320684,85 til aðalbankans, eða samtals kr. 3990598,50. Með því að inndráttur seðlanna nemur 4 millj. kr. að frádregnum 1,5 millj. kr. gullforða, eða alls 2500000 kr., yrði því eftir af skuld þessara tveggja útibúa um 1500000 kr. við aðalbankann, og auk þess fé það, sem bankinn starfar með úr nærliggjandi héruðum, sem mun nema um 600000 kr. Að þessu athuguðu virðast engin líkindi til þess, að hægt verði að leggja niður útibúin, þó yfirborðið af lánum færðist yfir til Landsbankans og starfsemi þeirra breytist þar með. Mundi inndráttur á þessum rúml. 2 millj. kr., er eftir standa, varla geta verið svo hraður, að hægt sé að tala um, að útibúin verði lögð niður nema á nokkuð mörgum árum, enda þótt annað væri ef til vill æskilegra.

Að öðru leyti heyrir þetta mál undir bankaráð vort".

Engar líkur er því til þess, að hægt verði að leggja útibúið niður fyrst um sinn, þótt yfirborðið af lánum færðist yfir til Landsbankans. Inndráttur gæti aldrei orðið svo hraður, að hann tæki ekki nokkuð mörg ár. Þetta atriði heyrir undir bankaráðið.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég heyri af ræðu hv. frsm., að ekki er um það að ræða að leggja útibúin niður, enda væri það annað en Ísfirðingar bjuggust við í fyrra, er þeir lögðu fram 100 þús. kr. í Útvegsbankann með því skýlausa fororði, að útibúið héldi starfsemi sinni áfram. Nú má svo heita, að útibúin starfi eingöngu að innheimtu skulda vegna veltufjárleysis, en þess er að vænta, að bráðlega rakni svo úr, að bankinn sjái sér fært að veita meira lánsfé til útibúanna á Akureyri og Ísafirði en verið hefir undanfarið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JónasÞ, LH, MJ, StgrS, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BKr, EA, H-Stef, IngB, JJós, JörB.

nei: HJ.

JAJ[1]), MG[2]), PO[3]), VJ[4]), BSt[5]), GÍ[6]), HG[7]), HV[8]) greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (ÓTh, TrÞ, BÁ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 1 atkv.

Á 32. fundi í Nd., 18. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 356).

---

21. Ríkisborgararéttur.

Á 8. fundi í Ed., 23. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 90).

Á 13. fundi í Ed., 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum (14) atkv.

Á 15. fundi í Ed., 29. júlí, var frv. tekið til 2. umr.

Ingvar Pálmason: Þetta frv. er næstum því shlj. frv., sem lá fyrir Alþingi síðastl. vetur. Það var þá komið í gegnum hv. Nd. og til n. í þessari hv. d., og eftir því, sem ég bezt man, hafði hún skilað nál. um málið. Ég átti þá sæti í allshn. og skrifaði undir nál. með fyrirvara. Áður en mál þetta gengur lengra, ætla ég að skýra frá, í hverju þessi fyrirvari var fólginn.

Ég hafði þennan fyrirvara vegna þess, að ég vildi fá það fram, hvern skilning ætti að leggja í síðustu mgr. frv., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisborgararéttur þessara manna er þó því skilyrði bundinn, að þeir áður en ár er liðið frá því, er lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmálaráðherra, að þeir eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir".

Ég geri ráð fyrir, að þetta beri að skilja þannig, að hlutaðeigandi menn sanni það fyrir stj., að ríkisborgararéttur þeirra í öðru landi sé því ekki til fyrirstöðu, að þeir öðlist ríkisborgararétt hér, en ekki beri að skilja það á þann veg, að þeir séu nú ríkisborgararéttarlausir, þótt orðalagið útiloki ekki þann skilning.

Eins og sjá má af frv., eru flestir þeirra manna, sem fara hér fram á að fá íslenzkan ríkisborgararétt, fæddir í Noregi. Ég aflaði mér því á síðasta þingi upplýsinga um, hve auðvelt þeim myndi vera að sanna, að þeir ættu ekki ríkisborgararétt þar. Ég fann því aðalræðismann Norðmanna hér, og var hann fús á að veita mér upplýsingar um þetta. Hann lánaði mér í því skyni lög um ríkisborgararétt í Noregi, hversu menn fá hann og missa, til yfirlestrar. Segir þar m. a., að menn missi norskan ríkisborgararétt, ef menn öðlist ríkisborgararétt í öðru landi. Það, sem ég vil fá að vita, er það, hvort þetta ákvæði norsku laganna sé þeim næg sönnun til þess að fá ríkisborgararétt hér. Annars gæti þeim orðið örðugt um sönnunina.

Ég veit, að 2 af þessum mönnum sneru

---

1) **JAJ:** Ég vil síður greiða atkv., vegna þess að ég veit ekki nema bankastj. noti sér lögin til að losna við útibúin. Ef lögunum á að beita þannig, er ég á móti frv., en annars með því.

2) **MG:** Greiði ekki atkv. af sömu ástæðum og hv. þm. N.-Ísf.

3) **PO:** Greiði ekki atkv. og færi engar ástæður fyrir. Forseti getur sett mig í víti, ef hann vill.

4) **VJ:** Greiði ekki atkv. Engar ástæður.

5) **BSt:** Greiði ekki atkv. af sömu ástæðum og hv. þm. N.-Ísf.

6) **GÍ:** Greiði ekki atkv. Sömu ástæður og hjá hv. þm. N.-Ísf.

7) **HG:** Greiði ekki atkv. af sömu ástæðum og hv. þm. N.-Ísf.

8) **HV:** Greiði ekki atkv. með sama fororði og hv. þm. Borgf.

sér til aðalræðismanns Norðmanna hér og báðu hann um aðstoð til þess að sanna, að ríkisborgararéttur þeirra í Noregi væri því ekki til fyrirstöðu, að þeir gætu öðlazt ríkisborgararétt hér, en hann taldi tvímælalaust, að bezta sönnunin fælist í þessari norsku lagagr.

Um 2 af umsækjendunum er það að segja, að annar er fæddur í Þýzkalandi, en hinn í Rússlandi. Ég er ekki svo fróður, að ég viti þau skilyrði, sem þeir verða að uppfylla til þess að öðlast hér ríkisborgararétt. Ég vil því fá það fram hér, hverjar sannanir Alþingi álítur þá þurfa að færa og hvort ákvæði norsku laganna séu Norðmönnunum ekki næg sönnun. Ég óska eftir því, að hv. allshn. svari þessu.

Pétur Magnússon: Eins og hv. 2. þm. S.-M. drap á, lá hér fyrir á síðasta þingi frv. shlj. þessu frv. Það kom hingað til allshn. og hafði hún skrifað nál., en frv. var eigi komið til 2. umr. þegar þing var rofið. N. lagði til, að 9. manninum, Harald Aspelund bókara á Ísafirði, yrði bætt við í frv. N. áleit, að það væru engu síður skilyrði til þess að veita honum ríkisborgararétt en hinum, sem fyrir voru.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði um niðurlagsákvæði frv., vil ég aðeins segja það, að mér virðist augljóst, að ætlazt sé til, að umsækjendur sýni fram á, að erlendur ríkisborgararéttur falli niður um leið og þeir öðlast ísl. ríkisborgararétt. Það nær engri átt að skilja þetta ákvæði frv. svo, að það sé skilyrði, að þeir eigi engan ríkisborgararétt nú. Hinsvegar skal ég játa, að það er ekki heppilegt að orða gr. þannig, að þeir verði að sanna, að þeir eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir, því hugsanlegt væri, að þeir hefðu áður öðlazt ríkisborgararétt í öðru landi en þeir eru fæddir í. Mætti breyta þessu, en ég held, að það muni ekki verða til baga.

Ég hefi ekki gert mér ljósa grein fyrir því, hverra sannana dómsmrn. krefst í þessu efni. Það verður að skera úr því sjálft, hverra sannana það krefur til þess að erlendur ríkisborgararéttur falli niður, og ég sé ekki neina ástæðu til þess að gefa stj. neinar reglur um þetta. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem úr þessu þarf að skera, og hefir sennilega einhver venja myndazt um það. En ef menn sýna fram á, að eftir þeirra landslögum falli ríkisborgararéttur niður, ef þeir öðlast ríkisborgararétt annarsstaðar, geri ég ráð fyrir, að það verði talið nægilegt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Ed., 8. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 90, 197).

Pétur Magnússon: Allshn. hefir flutt brtt. á þskj. 197, en við nánari athugun hefir n. orðið sammála um að taka hana aftur, og er það gert hér með.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 90).
Á 26. fundi í Nd., 11. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 15. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, n. 284).

Frsm. (Bergur Jónsson): N. leggur til, að frv. verði samþ. Síðan það kom fram, hafa borizt tvær umsóknir, og geri ég ráð fyrir, að n. flytji brtt. um að taka þær einnig inn í frv. við 3. umr., ef rétt virðist að taka þær til greina.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 18. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 357).

22. Efnivörur til iðnaðar.

Á 5. fundi í Ed., 20. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar (þmfrv., A. 53).

Á 9. fundi í Ed., 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Það er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um efni þessa frv. að þessu sinni. Í vetur var orðið fullt samkomulag um afgreiðslu þess, og vona ég því, að hv. d. samþ. það, þar sem það er nú borið fram í sömu mynd og áður. Legg ég til, að málinu sé vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 200).

Frsm. (Jón Þorláksson): Nefndin hefir athugað þetta frv. og borið það saman við frv., sem samþ. var í þessari d. á síðasta þingi. Finnur n. ekkert við það að athuga og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Vegna þeirra hv. þdm., sem ekki sátu síðasta þing, vil ég taka það fram, að aðalatriði frv. er það, að þegar tilbúinn hlutur er tollfrjáls, ef fluttur er til landsins, þá geti iðnaðarmenn, sem búa þann hinn sama hlut til hér í landinu, fengið endurgreiddan toll af þeim vörum, sem til þess þarf að búa hann til. Þetta er gert til að forðast það, að tollalöggjöfin verði til verndar erlendum vörum. Sömuleiðis ef hluturinn er tollaður lægra en efni það, sem til hans þarf, þá endurgreiðist iðnaðarmanninum tollmismunurinn.

Svo er ráð fyrir gert, að fjmrn. setji reglur um það, hvernig þessu verður framfylgt. En ef óttast yrði, að það yrði erfitt að hafa eftirlit með, að þetta yrði ekki misnotað, þá má benda á það, að iðnaðarmaðurinn verður að sanna rétt sinn til endurgreiðslunnar.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 10. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 53).
Á 27. fundi í Nd., 12. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 15. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 290).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál.
Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Frv. þetta er komið frá Ed., og leggur fjhn. einróma til, að það sé samþ. Frv. miðar að því að láta innlendan iðnað njóta jafnréttis við erlendan, og er það vitanlega sjálfsagt mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 18. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 358).

23. Fasteignamat.

Á 13. fundi í Ed., 27. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat (þmfrv., A. 125).

Á 14. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Flm. (Einar Árnason): Frv. að mestu shlj. þessu var borið fram á síðasta þingi af fjhn. Ed., og var það gert að tilhlutun stj. Frv. kom þá svo seint fram, að það varð ekki útrætt. Ég hefi nú leyft mér að bera það fram af nýju, því eftir að hafa kynnt mér hið nýja fasteignamat, álít ég nauðsynlegt, að n. sé sett til að athuga það og samræma það milli sýslna og héraða. Ég er hræddur um, að það kunni að vera allmikið ósamræmi í því milli hinna einstöku sýslna á landinu, og því sé nauðsynlegt að samræma það.

Ég hefi gert ráð fyrir, að þessi nefnd yrði skipuð aðeins 3 mönnum. Ég geri ráð fyrir, að niðurstaðan verði eins góð og þó fleiri væru í n., en þetta verður ódýrara.

Það er eins og menn muna, að til að athuga og samræma fasteignamatið, sem framkvæmt var á árunum 1916—1918, var sett yfirmatsnefnd, skipuð 5 mönnum. En þau lagaákvæði geta ekki gilt fyrir þetta mat, sem nú var verið að framkvæma. Þess vegna þarf að setja sérstök lög um þetta nú, ef þm. vilja láta einhverja endurskoðun fara fram.

Ég vona, að þetta mál fái greiðan gang í gegnum þingið. Það er nú orðið svo áliðið, að það er nauðsynlegt, að þetta mat fari fram síðari hl. sumars eða í haust. Því það er nauðsynlegt, að nýja fasteignamatið sé komið í gildi strax eftir næstu áramót. Ég geri ráð fyrir því, að þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að nýja matið komi í gildi 1. febrúar næstk., þá þurfi þessi n. að hafa lokið störfum á þessu hausti.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 3. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 167).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er flutt af hv. 2. þm. Eyf., fyrrv. fjmrh., í samræmi við frv., er fram kom á síðasta þingi um það að skipa yfirmatsnefnd, til þess að samræma fasteignamat, er fram fór á síðasta ári. Fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. Einn nm. hafði sérstöðu til málsins, og geri ég ráð fyrir því, að hann muni sjálfur gera grein fyrir henni.

Það er sjálfsagður hlutur, að svo hagar til víða í sveitum, að nauðsynlegt er, að yfirmat fari fram, til þess að samræma ósamræmi það, sem á sér stað milli hinna ýmsu héraða. Kom það greinilega í ljós við fasteignamat 1918—19, að ekki var sami grundvöllurinn lagður undir matið í öllum héruðum. Reyndar held ég, að minna muni bera á þessum mismun nú, en þó er sjálfsagt, að yfirmat fari fram. Um kaupstaði er öðru máli að gegna. Þar er erfiðara að bera saman og varhugavert að ganga þar alstaðar út frá sömu forsendum. Þess vegna er starfssvið n. að mínum dómi aðallega það að samræma fasteignamat í sveitum. Hinsvegar er varla hægt að telja nefndinni skylt að vinna þetta starf í kaupstöðum, þó að það þyrfti að gera, því að slíkt væri geysimikið verk.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum fyrir hönd n., enda geri ég ráð fyrir, að hv. d. líti svipuðum augum á málið og frv. nái fram að ganga.

Jón Þorláksson: Eins og hv. frsm. tók fram, hefi ég skrifað undir nál. með fyrirvara, og þýðir fyrirvari minn það, að ég get fallizt á, að slík yfirmatsnefnd sé skipuð til að endurskoða og samræma jarðeignamatið í landinu, en hinsvegar get ég ekki fallizt á það, að slíkri n. sé falið að breyta fasteignamatinu í kaupstöðunum. Við samanburð á jarðeignamatinu í sveitum landsins hafa menn ýms gögn í höndum til að fara eftir, en slík gögn eru ekki til að því er snertir húsamatið í kaupstöðunum. Ég vildi því óska eftir upplýsingum um það frá hv. flm. frv., hvort sú sé ekki meiningin, að starf þessarar n. verði einskorðað við endurskoðun jarðamatsins eingöngu, eins og gert var, er slík yfirskoðun síðast fór fram, en nái ekki til fasteignamatsins yfirleitt. Fái ég slíka yfirlýsingu frá hv. flm. frv., mun ég geta greitt frv. atkv. óbreyttu.

Einar Árnason: Ég skal fúslega verða við þeirri ósk hv. 1. landsk. að skýra frá því, hvað fyrir mér vakti með að flytja þetta frv. Orðalag frv. er að mestu shlj. því orðalagi, er var á l., sem sett voru í þessu efni, þegar síðasta yfirmat fór fram. Fannst mér rétt að halda orðalaginu, þó að ég hinsvegar byggist varla við því, að n. yrði ætlað annað verkefni en að samræma jarðeignamatið í sýslum landsins. Til þess að endurskoða matið í kaupstöðunum þyrfti sérstaka n., en ég sé enga ástæðu til, að það yrði gert, og vildi auk þess ekki heldur leggja út í þann kostnað, sem af því mundi leiða. Það er og víst, að eins og tíminn nú er hlaupinn frá okkur, verður ekki hægt að framkvæma slíka yfirskoðun nema að því, er snýr sérstaklega að jarðeignum landsins, og geri ég ráð fyrir, að lagt verði fyrir n. að vinna aðallega á þessu sviði. Það er nauðsynlegt, að þessi n. ljúki störfum sínum sem allra fyrst, svo að hægt verði að nota hið nýja mat þegar á næsta ári. Verður n. því að hafa lokið störfum sínum ekki síðar en í nóvember næstkomandi. — Ég vænti þess, að hv. 1. landsk. geti látið sér þessar skýringar nægja að því er snertir störf þessarar væntanlegu yfirmatsnefndar.

Jón Þorláksson: Ég get látið mér nægja þær skýringar, sem hv. flm. nú hefir gefið viðvíkjandi starfssviði þessarar n., og mun geta fylgt frv. eins og það liggur fyrir.

Guðmundur Ólafsson: Þó að það sé reyndar ekki vani minn að leggja orð í belg, þó að sitthvað beri nú á góma hér í d., get ég ekki látið hjá líða að segja nokkur orð út af ummælum hv. 1. landsk., sem hélt því fram, að einskorða ætti þetta yfirmat við jarðamatið eingöngu. Ég get að vísu fallizt á, að rétt sé að láta ekki þessa yfirskoðun ná til kaupstaðanna, því að þar mun matið yfirleitt vera í sæmilegu lagi, en hinsvegar vil ég ekki undanskilja kauptúnin. Hinar einstöku yfirmatsnefndir í kauptúnum og sveitum hringla með matið fram og aftur, og þó að ekki sé undan þessu kvartað, ættu allir að geta séð, hversu nauðsynlegt er að koma á heildarskipun í þessu efni, enda væru þá hæfir menn að þessu verki, en svo er nú yfirleitt ekki, þegar verið er að breyta matinu í skrifstofum sýslumanna, og þess eru jafnvel dæmi, að þar sé gengið svo langt, að menn breyti matinu á sínum eigin eignum, án þess að aðrir komi til. Er ekki unandi við slíkt ástand, og þar sem setja á slíka yfirmatsnefnd á annað borð, virðist sjálfsagt, að starf hennar taki einnig til fasteignamatsins í kauptúnunum. A. m. k. álít ég þess fulla þörf, eftir þeirri reynslu, sem ég hefi fengið í þessum efnum.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég get sagt það að því er mig snertir, og að ég hygg meiri hl. fjhn., að ég lít svo á, að þetta yfirmat eigi að gilda um sýslurnar og þá einnig þau kauptún, sem þar eru. Hinsvegar lít ég svo á, að matið eigi ekki að ná til kaupstaðanna. Þar sem svo er til ætlazt, að þetta yfirmat sé framkvæmt eftir reglum, sem stjórnarráðið setur, álít ég vel farið, að það skuli koma fram, hvernig einstakir þm. líta á, að matið skuli framkvæma. Ég skoða það sem leið-

beiningar fyrir stj., þegar hún fer að ákveða starfssvið þessarar yfirmatsnefndar. Get ég tekið undir það með hæstv. forseta þessarar deildar, að nauðsynlegt er, að undir nefndina heyri fasteignamatið í sýslunum yfirleitt, eigi síður húsamatið en jarðamatið, þó að ég hinsvegar geti fallizt á að undanskilja kaupstaðina, eins og ég áður sagði, því að þessi yfirskoðun er ekki eins nauðsynleg þar af ýmsum ástæðum, og auk þess allmiklum erfiðleikum bundin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 5. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 21. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 125).
Á 23. fundi í Nd., 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 270).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Fjhn. leyfir sér að leggja til við hv. d., að frv. á þskj. 125 verði samþ. Hún hefir gert eina efnisbreyt. á frv., og þarf ég í rauninni lítið annað en vísa til nál. hvað það snertir. Það er um að fasteignamatið gangi ekki í gildi fyrr en 1. apríl 1932, í stað þess að í frv. eins og það lá fyrir n. er ætlazt til, að það gangi í gildi 1. febr. N. hefir gert þetta af þeirri ástæðu, að sýnt þykir, að yfirfasteignamatinu muni ekki geta orðið lokið fyrir þann tíma.

Það leiðir vitanlega af sjálfu sér, að við framkvæmd eignarskatts á hinu nýja ári muni ekki verða hægt að fara eftir nýja matinu, enda hefði verið sjálfsagt að fara eftir hinu gamla, þótt miðað væri við 1. febr., því að menn telja fram eftir því ástandi, sem er um áramót. Fasteignaskatt má hinsvegar innheimta vorið 1932 eftir þessu nýja mati.

Að öðru leyti ber n. fram örfáar orðabreyt., sem ég sé ekki ástæðu til þess að tala um frekar.

ATKVGR.
Brtt. 270,1 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 270,2.a samþ. án atkvgr.
— 270,2.b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 270,2.c samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 292).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 292).
Á 33. fundi í Ed., 19. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 375).

24. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 23. fundi í Nd., 7. ágúst, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum (þmfrv., A. 218).

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv.
— Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Ég læt nægja að vísa til grg. og ástæðna, sem fylgja þessu frv. Það veltur hér aðeins á því, hvort þingið vill láta samskonar fyrirtæki í innlendum iðnrekstri njóta jafnréttis, þangað til liðinn er sá tími, sem ívilnun í tolli af innlendum tollvörutegundum fellur niður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 11. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 13. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 218).
Á 29. fundi í Ed., 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv.
— Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 218, n. 309).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. fer fram á, að innlend iðnfyrirtæki, sem stofnuð hafa verið eftir að lög nr. 50 1927 gengu í gildi, njóti sömu ívilnana um tollgreiðslur eins og þau, sem áður voru stofnuð.
Fjhn. telur till. í mesta máta sanngjarna. Og þó að þessi brtt. sé sérstaklega fram komin vegna eins fyrirtækis, þá álítur n., að fleiri gætu risið upp, og verði lögunum ekki breytt í þessa átt, þá eru ákvæði í 2. gr., sem hindrað gætu stofnun slíkra félaga. N. leggur því eindregið til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 19. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 376).

---

25. Rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Á 15. fundi í Nd., 29. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f (þmfrv., A. 133).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Samkv. ósk hæstv. fjmrh. (TrÞ) flytur fjhn. þetta frv. Ég þarf ekki fyrir hönd n. að hafa mörg orð um þetta frv. Það er flutt vegna þeirra erfiðleika, sem nú eru á sölu íslenzkra afurða. Þar sem þær mega heita óseljanlegar nú í bili, þá er það nauðsynlegt fyrir bankana að fá rekstrarfé til viðbótar, meðan svo stendur, og get ég vísað til grg. frv. um rök fyrir nauðsyn þess.

Sé ég svo ekki ástæðu til að segja fleiri orð um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 31. júlí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 3. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 133).
Á 21. fundi í Ed., 5. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 311).

Frsm. (Magnús Torfason): Tilgangur þessa frv. er sá, að sjá landinu fyrir útlendum gjaldeyri, og hefir verið tekið það ráð að láta þetta koma þannig fram, að Útvegsbanki Íslands h/f tæki lán með ábyrgð ríkissjóðs. Þetta má líka til sanns vegar færa, þar sem ástæðan til þess að þetta frv. er fram komið er sú, að sérstaklega illa hefir gengið með sölu sjávar- og landbúnaðarafurða. En eins og við vitum, þá eru sjávarafurðirnar mörgum sinnum meira virði en landbúnaðarafurðirnar. Af þessu leiðir aftur það, að sé erfitt um sölu sjávarafurða, þá má einnig búast við, að lítið verði um útlendan gjaldeyri í bili. Reynslan frá síðasta ári staðfestir þetta, þar sem meginið af sjávarafurðum frá árinu 1930 var ekki selt fyrr en á árinu 1931.

Með till. þessari er lögð mikil áherzla á það, að þetta lán verði tekið þegar á þessu ári. Við þm. vitum það líka, að afurðir hafa lækkað mjög í verði hin síðari ár, miklu meira en menn höfðu búizt við, og verður það því til þess að auka mjög á kreppuna. Þess vegna hefir það verið talið hreint og beint óhjákvæmilegt að veita nú þessa heimild, enda þótt stefna þingsins sé sú, að reyna að komast af með þann gjaldeyri, sem við höfum í landinu, en auka ekki útlend lán frekar en orðið er. En eins og ástandið er nú, þá er ekki varlegt og víst tæplega verjandi, að þingið hætti svo störfum, að það veiti ekki neina úrlausn í þessu efni.

Ég þykist ekki þurfa að hafa fleiri framsöguorð í þessu máli. Ég býst við, að hv. þdm. skilji, hver nauðsyn hefir knúð þetta frv. fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 19. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 377).

26. Bankavaxtabréf.

Á 23. fundi í Nd., 7. ágúst, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa (þmfrv., A. 223).

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19. shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 11. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 13. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 223).
Á 29. fundi í Ed., 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 223, n. 312).

Frsm. (Jón Þorláksson): Ég hefi eiginlega engu við það að bæta, sem sagt er um frv. í grg. fyrir því á þskj. 223 og nál. á þskj. 312. Fjhn. hefir athugað þær tvær breyt. á veðdeildarlögunum, sem hér er um að ræða og grein er gerð fyrir á þessu þskj., og hún leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 19. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 378).

27. Lendingarbætur á Eyrarbakka.

Á 4. fundi í Ed., 18. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um lendingarbætur á Eyrarbakka (þmfrv., A. 25).

Á 7. fundi í Ed., 22. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Ég hefi orðið þess var, að í hv. Nd. hafa verið borin fram þau hafnargerðafrv., sem afgr. voru þaðan á þinginu í vetur. Eitt af þeim var þetta frv., sem hér liggur fyrir, um lendingarbætur á Eyrarbakka. Fékk það

rækilega athugun í hv. Nd. og var vísað til Ed. með yfirgnæfandi atkv.fjölda.

Ég vil aðeins geta þess, að nú er verið að mæla leiðina og hafnarsvæðið nákvæmar en áður, enda þótt fyrir lægju mjög góðir og nákvæmir uppdrættir um þá hluti.

Að öðru leyti vil ég vísa til meðferðar þessa frv. á síðasta þingi, grg. þeirrar, er þá fylgdi frv., og þeirra þskj. allra. Vil ég svo óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 31. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 137).

Frsm. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er alveg shlj. öðru frv., sem lá fyrir hv. Nd. og var samþ. þar með litlum breyt. Það hefir nú verið athugað í sjútvn. þessarar hv. d., og mælir hún með því með þeirri einu breyt., að lánið fyrir sýslusjóðinn skuli tekið innanlands. Annars er óþarfi að eyða fleiri orðum að frv.

Halldór Steinsson: Það sést ekki í frv. þessu og kom ekki fram í ræðu hv. frsm., hvað mikið þetta verk myndi kosta, en mér er ókunnugt um, hvort nokkrar áætlanir liggja fyrir um það. Mér skildist þó, að ætlunin sé sú, að byggður verði landgarður til að varna sandframburði úr Ölfusá, og að þessar 80 þús. kr. myndu nægja til þess.

En það, sem ég vildi sérstaklega benda á, er, að í 2. gr. er ríkisstj. veitt ótakmörkuð heimild til að ábyrgjast allt fé, sem hreppurinn þarf til þessa verks. Ég verð að telja slíkar heimildir mjög óvarlegar meðan engin kostnaðaráætlun liggur fyrir. Mér hefði fundizt eðlilegt, að farin væri sú leið, sem venjulega hefir farin verið þegar um slíkar hafnarbætur er að ræða, að framlag ríkissjóðs sé miðað við einhverja ákveðna upphæð og veitt ábyrgð fyrir því, en ekki óákveðið, fyrir öllu því fé, sem ef til vill þarf til verksins.

Þessu vildi ég skjóta til hv. n. og vita, hvort hún myndi ekki fáanleg til að leiðrétta þetta fyrir 3. umr.

Jakob Möller: Að því leyti féllst ég á að mæla með þessu frv. ekki með sem beztri samvizku, að engar áætlanir liggja fyrir um kostnað við verk þetta, nema um þennan garð, sem ætlaður er til að varna, að sandur berist inn á höfnina á Eyrarbakka, og telst mönnum svo til, að hann muni kosta 72 þús. kr. Sú áætlun var gerð af vitamálastjóra, og átti ég tal við hann um málið, en hann sagði, að rétt myndi vera að gera þessa tilraun, án þess að vitað væri, að hve miklum notum garður þessi myndi koma. Hinsvegar er svo fyrir mælt, að þetta komi því aðeins til framkvæmda, að fé verði veitt til þess í fjárl., svo að þá má vænta, að betri upplýsingar verði fengnar þegar á næsta þingi, en þá er aðeins búið að veita þessar 20 þús. kr. til bráðabirgða. Hvað viðvíkur upphæðinni, þá get ég tekið undir það með hv. þm. Snæf., að réttast væri að ákveða hana, en ástæðan til þess, að n. vildi mæla með þessu frv. eins og það er, var sú, að hv. 2. þm. Árn. taldi, að það myndi létta frekari undirbúning fyrir þá aðila, sem hlut eiga að máli, og setja skrið á málið heima fyrir, og við vildum ekki spilla því, þar sem þingið er í raun og veru óbundið um fjárframlög framvegis.

Magnús Torfason: Ég leyfi mér að þakka hv. n. fyrir skjóta og greiða afgreiðslu þessa máls, enda get ég verið samþykkur þeirri brtt., sem fram hefir komið frá henni. Ég veit nú raunar ekki, hvernig ég á að skilja hana, hvort ég á að skilja hana svo, að sýslusjóður Árn. hafi að áliti hv. n. svo mikið lánstraust erlendis, að auðvelt myndi að fá lán þar, og þakka ég þá n. fyrir gott traust á stj. sýslumálanna þar.

Ég þykist vita með vissu, að ef frv. þetta nær fram að ganga, þá muni það flýta fyrir undirbúningi málsins í héraði og létta undir með aðilum, þannig að hægara verði að afla fjárins, sem þarf til þessa stórvirkis. Að því er undirbúning verksins snertir skal ég taka það fram, að áætlað var, að garðurinn myndi kosta 72 þús. kr., en hafnargerðin alls 160 þús.

kr. með því líka að dýpka siglingarleiðina og leguna. Í þessu sambandi skal ég taka það fram, að fyrir nokkrum árum var ráðizt í að byggja bryggjuna, en á henni hvílir nú 6000 kr. skuld. Það, sem aðallega þótti athugavert við þessa áætlun eystra, var, að 80 þús. kr. myndi vera helzt til lágt, en við nánari athugun urðu allir sammála um það, að þær sprengingar, sem þyrfti að gera, myndu tæplega eins kostnaðarsamar og haldið var. Til samanburðar höfum við hina svokölluðu Snepilrás á Stokkseyri. Fyrst var áætlað, að verkið myndi kosta 10 þús. kr., en þegar til kom var ekki hægt að nota þetta fé, svo að þessi fjárveiting stóð aftur og aftur í fjárl. Á þessu gekk í 10 ár, en stundum var ekkert hægt að vinna að þessu sökum óhagstæðs tíðarfars, sem varaði máske heil sumur. Auk þessa þarf sérþekkingu til þess að sjá um allar þær miklu sprengingar, og ef að líkum lætur, munu þær taka afarmörg ár. Þótt við höfum ekki áætlun frá hinum ágæta verkfræðingi, sem hefir hönd í bagga með þessu, þá er um þetta að segja, að hann gat þess, að hún gæti verið óviss, en mönnum, sem þarna þekkja til, hefir komið saman um, að þetta myndi duga.

Hvað viðvíkur ummælum hv. þm. Snæf. um það, að ríkisábyrgðin í 2. gr. sé takmarkalaus, þá vil ég taka það fram, að ég hefi alltaf skilið það svo, að fjárveiting væri bundin við þessar 80 þús. kr. og annað kæmi ekki til mála. Þetta virðist mér einnig styðjast við 1. gr. frv., sem er svo hljóðandi: „Til lendingarbóta á Eyrarbakka skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að".

Ég geri ráð fyrir, að annar skilningur komi ekki þarna til greina, einkanlega þar sem ég sem flm. málsins hefi tekið það fram, að ég skildi þetta svo.

Halldór Steinsson: Hv. 2. þm. Árn. hefir skýrt hér frá þeirri skoðun sinni, að hann álíti ábyrgð ríkisins bundna við 80 þús. kr., en mér finnst orðalag frv. vera svo, að réttara sé að breyta því og taka þetta afdráttarlaust fram. Það gleður mig að heyra, að hv. flm. leggur þennan skilning í það, en almennt tekið hygg ég, að þetta verði ekki skilið svo, og því þarf að breyta orðalaginu.

Jón Baldvinsson: Þegar fé er veitt úr ríkissjóði til fyrirtækja eins og hafna, sem koma einstökum mönnum til góða, þannig að land þeirra verður verðmætara, þá ættu þeir að greiða verðhækkunarskatt eða þá að jarðirnar verði eign hins opinbera. Það er ekki rétt að láta ríkissjóðinn hækka jarðir einstakra manna mjög í verði án þess að nokkuð komi á móti. Að vísu mun það svo í þessu tilfelli, að land það, sem hér um ræðir, mun að mestu eign Landsbankans, en ég veit ekki, hvort aðrir aðilar geta komið til greina; um það ætti hv. 2. þm. Árn. að geta gefið upplýsingar fyrir 3. umr.

Annað það, sem ég hefi að athuga við frv. þetta, er niðurlag 8. gr., sem hljóðar svo: „Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum".

Ég minnist ekki að hafa séð slíkt ákvæði fyrr í hafnarfrv., og ég myndi geta samþ. frv., ef þessi orð féllu niður.

Þá vil ég beina því til hv. flm., hvort hann álíti ekki hentugra, að sýslunefnd Árn. sé ekki falið það vald, sem henni á að veita samkv. 4. gr., því að hún kemur ekki saman nema einu sinni á ári, og því yrði of langt fyrir menn að bíða eftir svörum frá henni viðvíkjandi uppsátri og öðru slíku. Væri ekki hentugra að fela þetta þeirri n., sem talað er um í 5. gr.?

Þetta vona ég, að hv. n. taki til athugunar og hv. flm. geti sætt sig við að fella burt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 137 samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

3.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 10 : 1 atkv.

9.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Ákvæði um stundarsakir samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 3. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 162, 163).

Jón Baldvinsson: Þessi brtt., sem ég flyt á þskj. 163, er í samræmi við þá aths., sem ég gerði hér við 2. umr. þessa máls, um að fella úr 8. gr. ákvæðið um, að þessi gjöld gangi fyrir sjóveðum. Það er sem sé mjög óvenjulegt, að slíkt ákvæði standi í hafnarlögum, enda virðist nægjanlegt, að þeim sé tryggður lögtaksréttur. Með því að hafa þetta ákvæði, þarf ekki annað en að innheimtan dragist úr hófi, svo að fiskurinn sé seldur, og þá ganga þessi gjöld fyrir kaupi skipverja.

Nú er það að vísu svo, að í einum lögum um hafnargerð standa samskonar ákvæði, sem sé Þorlákshafnarlögunum. Ég var nú að vísu með að samþ. þau lög, en mér hefir skotizt yfir að sjá þetta ákvæði þá. Ég vildi nú mælast til, að brtt. mín yrði samþ., og vona, að hv. n. hafi ekki neitt á móti henni, né heldur hv. d.

Halldór Steinsson: Ég hafði búizt við, að hv. sjútvn. myndi flytja nú við frv. þetta brtt. í samræmi við uppástungu mína við 2. umr. málsins. En nú sé ég, að engar brtt. liggja fyrir frá nefndinni. Þess vegna vildi ég biðja hæstv. forseta að taka málið af dagskrá, eða, ef hann vill það heldur, að leyfa skriflegri brtt. að komast að, sem ég hefi hér tilbúna.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 189) samþ. með 12 shlj. atkv.

Magnús Torfason: Ég get strax lýst því yfir, að ég hefi ekkert á móti skriflegri brtt. frá hv. þm. Snæf. Hún gerir hvorki til né frá og getur ekki skaðað þetta mál. Að því, aftur á móti, er snertir till. hv. 2. landsk. á þskj. 163, um að fella niður ákvæðin um sjóveð, þá er ég ekki við búinn að greiða henni atkv. mitt. Þessi lög eru gerð samkv. l. um lendingarbætur í Þorlákshöfn frá 1929. Og þar er einmitt þessi sérstaka till. tekin upp í 8. gr.: „Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum". Það þótti nauðsynlegt þá að setja þetta ákvæði í lögin. Og það frv. fékk rækilegan undirbúning í nokkurskonar mþn. Að því er þessi mál snertir, þá reyndist þetta ákvæði mjög vel í Þorlákshöfn og engin óánægja með það þar. Og í staðinn fyrir að ríkissjóður legði fram 80 þús. kr., eins og heimilað var, lagði ríkissjóður fram 8000 kr., og allur kostnaður varð 16 þús. kr. Og það eru allir mjög ánægðir með þetta, og höfnin er nú komin í svo gott horf, að hún mun duga þorpinu lengi um ókominn tíma.

Nú, ég býst við, að kostnaðurinn við þessa höfn verði mun meiri en í Þorlákshöfn, þó ég vænti, að hér hafi verið svo ríflega til tekið, að það muni duga, því ég hygg, að hann nái aldrei 80 þús. króna. En bryggju, sem er þarna á staðnum, leggur lendingarsjóður til; hún var gerð fyrir 5 árum og kostaði 40 þús. kr. Henni var komið upp á þann hátt, að fengið var til hennar lán úr Fiskveiðasjóði. Fyrir utan styrk og lán lögðu útgerðarmenn og hásetar fram 13000 kr., og nú eru þeir búnir að borga niður helminginn af því fé.

Mér virðist því ekki ástæða til að taka þetta út úr þessum lögum nú, þar sem svo sérstaklega stendur á. Og hinsvegar er ég ekki óhræddur um, ef ákvæðið verður tekið út úr frv., að þá verði sýslunni gert erfiðara að fá lán til fyrirtækisins, því þó hv. d. líti væntanlega svo á, að sýslunefndinni sé trúandi fyrir peningum, þá mun sýslusjóðnum þó verða verra til að fá lán til sinna fyrirtækja, ef ekki er allt gert, sem hægt er til að tryggja þau. Því eins og vitanlegt er, þó að ábyrgð ríkissjóðs sé fyrir láninu, þá er þó fyrir okkur við bankana að eiga um lánið, og það hefir oft reynzt erfitt.

Yfirleitt er það um þetta mál að segja, að þetta er sjálfshjálp fyrir Eyrbekkinga, sem þeir svo að segja leggja sig í líma fyrir, og er því ekki vert að rýra þeirra hlut að neinu leyti.

Ég veit vel, að þetta sjóveðsákvæði hefir verið þyrnir í augum jafnaðarmanna, og skal ég ekki fara út í þær sakir nú. En þó að það sé stefna þeirra, þarf það ekki að koma þessu máli við; það gegnir allt öðru máli hér en með botnvörpuútgerðina og stærri útgerð.

En að því er þetta mál snertir er óhætt að segja, að það var ekki af neinni vangá, að þetta ákvæði var sett í frv. 1929. Það risu háar kröfur þá frá jafnaðarmönnum, að breyta öðrum lögum í þá átt, sem nú er farið fram á, því að

með þeim væri verið að rýra sjóveðið fyrir sjómönnunum. Svo ég get ekki hugsað mér, að þar sem var jafnglöggur maður og hv. 3. þm. Reykv. þáv., að það hefði gengið fram hjá honum. Við vorum þá saman í nefndinni, og varð þetta ekki að neinu ágreiningsefni.

Jón Baldvinsson: Það eru tvær ástæður, sem hv. 2. þm. Árn. hefir flutt fram fyrir því, að halda þessum forgangsrétti hafnargjaldanna fyrir sjóveðum í frv. Hið fyrra er það, að héraðið sé svo fátækt, að það megi ekki eiga á hættu neinn tekjumissi. Hið síðara er það, að sýslunni yrði verra til að fá lán, ef ákvæðið yrði fellt burtu.

Um fyrra atriðið er það að segja, að þó fátækt hérað eigi í hlut, þá ætlast hv. þm. þó til að rýra heldur hlut fátækustu mannanna í fátæku héraði. Mér finnst nú, að hér sé farið í öfuga endann.

Ég býst ekki við, að það myndi skipta neinu máli frá né til um lán til fyrirtækisins, hvort ákvæðið stæði í frv. eða ekki. Ég held, að það myndi ekki gera neitt til, þó það væri fellt niður. Nú hefir hv. þm. upplýst, að þar eystra séu menn ráðnir upp á hlut. Nú er notendum lendingarbótanna gert að greiða 6% af brúttóverði aflans fyrir afnotin. M. ö. o., 6 fiskar af hverjum 100, sem á skip koma, fara í þetta gjald, því nú er sennilegt, að það verði tekið af óskiptu, og mundi þá ekkert sjóveð þurfa. En ef ekki væru hlutaskipti, væri það sjálfsagt innheimt á venjulegan hátt. Nú, ef það væri svo ekki innheimt nógu tímanlega, þá gæti það komið niður á sjómönnunum. Ég býst við, ef aflinn er verkaður, að útgerðarmenn hafi alla sölu fiskjarins og meðferð á hendi. Nú er fiskur seldur, og það er ekki búið að taka þetta gjald, en andvirði fiskjarins hefir ekki verið notað til að greiða skipverjum sitt kaup eða sinn hlut, þá mætti ganga að skipinu og selja það fyrir gjaldinu.

Þetta ákvæði er aðeins til að rígbinda innheimtuna ennþá fastara en gert er með lögtaksheimild, og ég sé enga ástæðu til að ætla, að það verði um neitt hirðuleysi að ræða hjá hv. 2. þm. Árn. við innheimtu á þessu gjaldi. Hann á sem sé um þessi mál að fjalla, og hann er þekktur að reglusemi.

Hv. 2. þm. Árn. segir, að það hafi ekki verið í ógáti, að þetta ákvæði var samþ. í Þorlákshafnarlögunum. Ég skal náttúrlega ekki fullyrða neitt um þetta hvað hv. 2. þm. Árn. viðvíkur, en ég kom ekki auga á það þá. Öðrum kann að hafa verið það ljóst, en mér var það ekki.

Sem sagt, ég fæ engan veginn séð, að ástæður hv. þm. geri það æskilegt að halda ennþá þessu ákvæði í frv.

Hv. þm. sagði ennfremur, að þegar bryggjan var byggð þarna fyrir austan, hafi hásetar og útgerðarmenn lagt fé í bryggjuna. Þetta er sjálfsagt alveg rétt. En það er allt annað, hvað menn leggja fram af frjálsum vilja, eða hitt, þegar á að taka af mönnum rétt með lögum. Nú veit ég ekki, hvað stór skip eru þarna fyrir austan. (**MT:** Þau eru öll undir 12 tonnum). Það falla nú víst engin sjóveð á skip undir 12 tonnum. (**MT:** Ekki ennþá, en getur komið seinna). Nei, ekki ennþá. Þess vegna er þetta atriði fyrir hv. þm. ekki „praktiskt"; og sé ég þá ekki ástæðu til, að haldið sé í þetta. Það hefir ekkert að segja fyrir lánsstofnanir. Það er þá aðeins það, ef seinna kæmu þarna stærri bátar, að þá mætti ganga að skipunum. En það mundi þýða það, að skipin mætti selja til þess að þau greiði þau gjöld, sem eiga að greiðast af aflanum og sjóveð skipverja þar með ónýtt orðið. Því ef t. d. skipt væri í fjöru, og hver háseti færi burt með sinn hlut og verkaði hann sjálfur, og formaður tæki við þeim hlut, sem lendingarsjóður á að fá, þá væri um engar kröfur á hásetana að ræða.

Það sést nú ekki á frv. og hv. þm. hefir ekki skýrt, hvað þetta ákvæði eigi að þýða, hvort það megi ganga að skipinu og selja það fyrir gjaldinu. En ég býst nú við, að það verði settar nánari reglur um innheimtuna, og þá sett í reglugerðina ákvæði um það, hver skuli innheimta það, hvort t. d. formaður skuli halda til haga bryggjuhlut aflans, og á hvern hátt hann skuli með farinn. Annars væri auðveldast að skipta aflanum í fjöru og láta sjóðinn fá sinn hlut. Það væri náttúrlega langréttast, því þá fengi sjóðurinn sitt, og þá væri engin áhætta fyrir neinn. Og

í reglugerð mætti setja ákvæði á þann veg um innheimtuna, að þægilegt væri að framfylgja þeim.

Ég fæ ekki séð, að það geti verið neitt hagsmunamál að halda fast í þetta ákvæði.

Pétur Magnússon: Ég verð að játa, að ég skil ekki vel deilu hv. 2. landsk. og 2. þm. Árn. um sjóveðréttarákvæðin. Eftir siglingalögunum er það svo, að skipverjar eiga ekki sjóveðrétt í afla fyrir kaupi sínu, heldur einungis í skipi. Veit ég ekki til þess, að síðan hafi verið sett þau ákvæði, er gefi þeim sjóveðrétt í afla. — Í 8. gr. frv. segir, að í lendingarsjóð skuli árlega heimilt að innheimta allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið sé út til fiskiveiða á Eyrarbakka. Verð ég að líta svo á, að fyrir björgun ætti auk þess að koma sjóveðréttur í afla. Í 235. gr. siglingalaganna stendur: „Þær kröfur, sem kröfuhafi á sjóveðrétt fyrir eftir þessum kapítula (sjókröfur), eiga forgangsrétt að veðinu næst eftir opinber gjöld, sem á veðinu hvíla, er ganga fyrir öllum skuldum öðrum". Held ég fyrir mitt leyti, að gjöld þau í lendingarbótasjóð, sem minnzt er á í 12. gr. frv., myndu talin opinber gjöld og myndu þá ganga fyrir öðrum skuldum. Er ekki vanþörf á því, til tryggingar lendingarbótasjóði, að skýr ákvæði séu til þess að taka af allan vafa um það, hvað skuli talin opinber gjöld.

Jón Baldvinsson: Ég get sagt það sama og hv. 4. landsk., að ég var í dálitlum vafa um það, hvers vegna klausa þessi stæði í 8. gr. frv., ef svo hagar til þar austur frá sem sagt er. Skilst mér, að seinna meir megi búast við stærri útvegi þar, og gæti þá þetta atriði haft tilfinnanlegar afleiðingar, er kaupráðningar færu að tíðkast meira en áður. Á löngum tíma geta gjöld þessi dregizt saman og orðið svo verulegur hluti af andvirði skipsins, að sjómenn yrðu sviptir þeirri tryggingu, sem veðréttur í skipi veitir þeim. Virðist mér hv. 2. þm. Árn. vera þarna að ganga á rétt fátækasta fólksins austan fjalls.

Magnús Torfason: Hv. 2. landsk. sagði, að verið væri að ganga á rétt fátækustu mannanna í fátækasta héraðinu. Þetta er ekki rétt, því að skipgengir menn á Eyrarbakka eru áreiðanlega ekki þeir fátækustu. Vil ég jafnframt benda á það, að bryggjan á Eyrarbakka er til orðin fyrir samtök flestra sjómanna þar, bæði um verks- og fjárframlög, og eiga þeir því flestir hlut í bryggjunni. Sami þm. sagði líka, að till. sín væri ekki praktisk fyrir útgerðarmenn og höfnina, en ef hún er ekki praktisk fyrir höfnina, þá er hún, af undangreindum orsökum, ekki heldur praktisk fyrir sjómenn. (**JBald:** Misskilningur!). Held ég, að brtt. hv. þm. sé meira gerð fyrir stefnuna en sjómennina. Er það oft, að ýmsir menn hafa átt kröfur í afla, og hefir það gengið treglega, að þær væru greiddar. Getur það ákvæði, að gjöld gangi fyrir sjóveðum, haft þýðingu í þá átt, að kröfurnar verði heldur greiddar, þegar svo stendur á. Verð ég að mæla með því, að það verði ekki tekið út úr þessum lögum.

Pétur Magnússon: Mér er ekki vel ljóst, hvað deilt er um. Ef meiningin er, að þessi gjöld eigi að ganga fyrir öllum veðum í afla, þá er þetta mjög óheppilegt orðalag, sem í frv. stendur. Annars finnst mér réttast að óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá.

Jón Þorláksson: Mér dettur ekki í hug að skoða það sem mitt meðfæri að skera úr deilu svo góðra lögfræðinga, sem hér hafa átzt við. En ég skil ákvæðið þannig að eigendur aflans hljóti að vera ábyrgir fyrir gjaldinu. Nú getur afli að vísu verið eign annara en skipeiganda, en oftast munu eigendur afla og skips vera þeir sömu að einhverju leyti, og þýðir þá lögtaksrétturinn það, að unnt er að ganga að skipinu eins og öðrum eignum hins gjaldskylda.

Magnús Torfason: Út af fyrirspurn þeirri, sem fram kom, þori ég ekki að fara með það, sem talað var um frv. fyrir 2 árum. Segi ég það blátt áfram, að ég man ekki fyrir víst, hvað fyrir okkur vakti, þegar ákvæðið var sett þarna.

Pétur Magnússon: Viðvíkjandi þessu umrædda ákvæði vil ég einungis segja

það, að ef það er rétt, sem mér þykir líklegast, að það vísi einungis til skipa, er ekkert við orðalagið að athuga, en ef það vísar einnig til aflans, eins og hv. 2. landsk. virtist álíta, þá þyrfti að breyta því.

ATKVGR.
Brtt. 189 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 163 felld með 6 : 1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 : 1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., 4. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 190).

Á 22. fundi í Nd., 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 190, n. 308).

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Sjútvn. hefir haft þetta mál til meðferðar, og hefir n. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt.

Frv. þetta lá fyrir vetrarþinginu og hafði sjútvn. það þá einnig til meðferðar, og lagði meiri hl. n. þá til, að frv. yrði afgr. með rökstuddri dagskrá, þar sem ekki lægju fyrir fullnægjandi upplýsingar í málinu. Vísaði meiri hl. n. í þessu sambandi til viðtals við vitamálastjóra, sem hafði skýrt frá því, að engin áætlun hefði verið gerð um lendingarbætur á þessum stað. Aftur fylgdi frv. þá kostnaðaráætlun um byggingu varnargarðs til þess að varna því, að Ölfusá bæri sand inn í höfnina. En bygging slíks varnargarðs getur ekki talizt til lendingarbóta, þar sem garðurinn mundi aðeins varna því, að höfnin spilltist frá því, sem nú er. Um sjálfar lendingarbæturnar liggur ekkert fyrir nú fremur en í vetur, nema hvað það upplýstist í umr. málsins í Ed., að lengja ætti einhvern bryggjustúf þarna, sprengja einhver sker og dýpka höfnina á einhverjum stöðum. Hinsvegar lítur n. svo á, að nauðsyn beri til að gera lendingarbætur á Eyrarbakka, en gerir jafnframt þá sjálfsögðu kröfu, að það sé tryggt, að þær komi að tilætluðum notum. Hefir n. því lagt til, að frv. verði samþ. með þeim breyt. á 1. gr., að fé verði ekki greitt af höndum í þessu skyni fyrr en málið hefir verið rannsakað ýtarlega og kostnaðaráætlun liggur fyrir um það, hvað þetta verk muni kosta. Í samræmi við þetta leggur n. til, að viðbótarákvæði frv. (ákvæði um stundarsakir) verði felld niður, því að þar sem svo er til ætlazt, að rannsókn fari fram áður en hafizt verður handa um þetta verk, virðist óheppilegt að samþykkja slík ákvæði að svo komnu máli.

Einar Arnórsson: Ég vildi aðeins gera fyrirspurn til hv. n. út af ákvæðum 3. gr. frv. Það segir svo:

„Eigendur Skúmsstaða og Einarshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs, íveru- og fiskhúsa, allt að 20 þús. fermetrum, svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér".

Ég vildi spyrjast fyrir um það, hvort eigendur þessara jarða hafa lofað að láta þessi verðmæti af höndum bótalaust, og jafnframt að þola endurgjaldslaust þær kvaðir, sem þarna er talað um.

Jörundur Brynjólfsson: Ég hefði heldur kosið að tala á eftir hv. þm. Vestm., því að hann hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og ég vildi gjarnan vita, hvað fyrirvari hans þýðir, en þar sem hann er ekki viðstaddur, vildi ég segja nokkur orð.

Hv. sjútvn. hefir borið fram brtt. við frv. og vill, að 1. gr. verði orðuð öðruvísi en er í frv. eins og það hefir verið samþ. í Ed. Munurinn er þó ekki mikill, en það virðist vaka fyrir n. með þessu orðalagi, sem á brtt. er, að tryggja þessa

hafnargerð betur. Hvernig það megi verða, er mér þó ekki fyllilega ljóst, því að öll þau atriði, sem brtt. getur um, felast í frvgr. sjálfri eins og hún er. Þar er svo kveðið á, að ekki megi byrja á verkinu nema að fengnu samþykki stjórnarráðsins, en því er auðvitað í lófa lagið að heimta þær áætlanir, sem þurfa þykir, til þess að málið geti talizt sæmilega undirbúið. Ennfremur kveður gr. svo á, að ekki megi hefjast handa um þetta verk fyrr en fé er veitt til þess í fjárlögum, og hefir þingið því óskertan íhlutunarrétt sinn til að heimta þær upplýsingar, sem því þykir nauðsyn á, áður en byrjað er á verkinu. Þá er og á það að líta, að sýslusjóður mun krefjast þess, að málið verði sem vendilegast undirbúið, þar sem honum er ætlað að láta svo mikið fé af hendi í þessu skyni. Þó að brtt. n. sé meinlaus, ætla ég því, að hún hafi litla þýðingu, því að allt það, sem í henni felst, felst einnig í sjálfri frvgr. Það er fullkomlega tryggt eftir frv., að ekkert verði gert af stjórnarvaldanna hálfu fyrr en málið hefir verið örugglega undirbúið, og Alþingi hefir óskoraðan rétt til að heimta allar upplýsingar í málinu áður en fé verður veitt í þessu skyni. Brtt. n. verður því aðeins til að hrekja málið milli d. Praktiska þýðingu hefir hún enga. Þó að n. sé þeirrar skoðunar, að málið sé enn ekki nægilega undirbúið, er engin hætta á því, að hafizt verði handa fyrr en það hefir verið rannsakað að fullu og áætlanir liggja fyrir um væntanlegan kostnað af þessu verki, og til þess að knýja fram frekari rannsókn á málinu, má því alveg eins samþykkja frvgr. eins og hún er eins og þessa brtt. n. Annars hefir nú þegar farið fram allýtarleg rannsókn á þessu máli, þó að ég hinsvegar vilji ekki halda því fram, að fullnægjandi sé. — Ég hefði því óskað eftir því, að n. héldi ekki fast við þessa brtt. sína, né heldur hina brtt. um niðurfellingu bráðabirgðaákvæða frv., og vildi ég beina því til n., hvort hún gæti ekki fallizt á að taka þessar till. aftur til 3. umr., svo að mér gæfist kostur á að eiga tal við n. um málið, ef svo gæti farið, að samkomulag gæti orðið um afgreiðslu frv. Ég ætla, að n. hafi fengið ófullkomnar upplýsingar um málið og telji það meira hættuspil en það er í raun og veru, og vilji af þeim ástæðum slá málinu á frest að þessu sinni. Minnist ég í þessu sambandi greinarkorns, sem ég hefi fyrir ekki löngu lesið í einhverju dagblaðanna um þetta mál. Því var haldið fram í þessari grein, að breyt. sú, sem orðið hefir á skipalæginu á Eyrarbakka, stafaði alls ekki af framburði Ölfusár, heldur lægju til hennar aðrar orsakir, og er nokkuð vikið að þeim í greininni. En mér er óhætt að fullyrða, að þessi skoðun er byggð á miklum misskilningi. Straumfall Ölfusár er nú með öðrum hætti en verið hefir áður. Áður fyrr voru eyrar fram með ánni og aðalstraumur hennar rann í suðvesturátt. En í hafróti miklu fyrir nokkrum árum breyttist straumfall árinnar í ósnum, svo að aðaláin fellur ekki lengur suður og vestur með landi, heldur rennur áin nú austur með landinu. Frá því að þessi breyting átti sér stað, hefir sandur hlaðizt í skipalægið, og eru svo mikil brögð að því, að í stað þess að áður var gott dýpi við bryggjuna, er nú svo komið, að vélbátar geta nú aðeins lent við bryggjusporðinn þegar háflæði er. Þeir, sem kunnugastir eru þessum hlutum, telja óhikað, að þessi grynnkun stafi af því, að áin breyttist. Í greinarkorni því, sem ég drap á, er því haldið fram, að sandburðurinn stafi alls ekki frá Ölfusá, heldur komi hann úr lónunum fyrir austan Eyrarbakka, og það er dregið fram til sönnunar, að sandurinn í skipalegunni sé samskonar og sandurinn í þessum lónum. Skal ég ekki bera brigður á, að sandur þessi sé samskonar, en þó að svo sé, þá liggur samt skýringin í augum uppi. Sandurinn, sem er mjög léttur, hefir borizt með norðansjávarfalli, en að hann hefir ekki safnazt þarna fyrir áður, stafar af því, að hann hefir ekki mætt neinni mótspyrnu af hálfu árinnar. En eftir að breytingin varð á falli árinnar og hún fór að renna gagnstætt því, sem áður var, þá mætti sandurinn mótspyrnu, og er því eðlilegt, að hann safnist fyrir við bryggjuna meir en áður. Einnig skal ég geta þess, að samkv. upplýsingum frá manni, sem rannsakað hefir þessa hluti, er nákvæmlega samskonar sandur víða í bökkum Ölfusár og jafnvel á Kaldaðarneseyrum.

Ættu þeir, sem bezt eru kunnugir á þessum slóðum, að vera bezt dómbærir um þessa hluti.

Eyrbekkingum stendur hinn mesti stuggur af sandburðinum. Er hann alveg að eyðileggja vonir þeirra um það, að hægt sé að flytja þungavöru til Eyrarbakka og skipa þar upp. Bæði Eyrbekkingum og öðrum héraðsbúum er það mjög mikið áhugamál, að hægt verði að skipa upp vörum á Eyrarbakka hér eftir sem hingað til, og að gerðar verði skjótar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu. Lendingin er nógu stopul samt, þótt hún spillist ekki frá því, sem nú er.

Hv. frsm. sjútvn. sagði, að þó að garður þessi yrði byggður, þá gæti hann samt ekki talizt til lendingarbóta. Þetta er að nokkru leyti rétt, en garðurinn er engu að síður mjög nauðsynlegur. Hann kyrrir sjóinn og beinir árstraumnum út til sjávar, og kemur þannig í veg fyrir, að skipalegan fyllist af sandi. Þó að hann bæti ekki lendinguna frá því, sem nú er, en varni aðeins frekari spjöllum, þá verður hann samt sem áður að teljast mikilsverð lendingarbót. Og það er tilgangur þessa frv., að hún fáist.

Þá hygg ég, að ég hafi vikið nægilega að málinu eins og það liggur hér fyrir. Vil ég mega vænta þess, að hv. d. spilli ekki frv. frá því, sem það er. Það eru ekki of margar hafnir fyrir Suðurlandi, þar sem heita má alger hafnleysa alla leið frá Reykjanesi og austur til Berufjarðar, þó að hv. d. geri ekki sitt til þess að eyðileggja þær veiku vonir, sem bundnar eru við Eyrarbakka meðal héraðsbúa eystra. Ég veit, að hv. sjútvn. ber fram brtt. sínar vegna þess, að hún er ekki nógu kunnug öllum staðháttum þarna eystra. Vil ég því vona, að n. taki brtt. aftur til 3. umr.

Þá vil ég að lokum víkja örfáum orðum að hv. 2. þm. Reykv. út af ákvæðum 3. gr. frv. Að vísu hefir ekki ennþá verið samið til fullnustu við alla þá eigendur, sem þarna eiga hlut að máli, en það hefir verið talað við bankastjóra Landsbankans, sem á aðaleignirnar, sem þarna er um að ræða, og ég geri ráð fyrir, að bankinn muni leggja eitthvað af mörkum í þessu skyni. Ætti það að vera trygging fyrir því, að málið sé nægilega undirbúið. Þessar ráðstafanir munu líka verða til þess að gera staðinn byggilegri og hækka eignirnar í verði, svo að gera má örugglega ráð fyrir, þó að ekki sé búið að semja til fulls við þennan aðila, að hann muni ekki setja sig á móti framgangi málsins, heldur þvert á móti vera fús til að greiða götu þess. Annars skal ég jafnframt geta þess, að ákvæði 3. gr. eru mjög lík þeim ákvæðum, sem voru í frv. um lendingarbætur í Þorlákshöfn.

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um frv. að sinni, en vænti þess, að hv. þm. Vestm. láti frá sér heyra um afstöðu sína til málsins.

Jóhann Jósefsson: Ég get verið stuttorður. — Ég hafði nokkra sérstöðu innan sjútvn., eins og sést á því, að ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Þó að ég væri samþykkur meðnm. mínum um að breyta orðalagi 1. gr. frv., þá gat ég ekki fallizt á að láta „ákvæði um stundarsakir" niður falla. Ég hefi hugsað mér, ef brtt. við 1. gr. verður samþ., að bera þá fram skriflega brtt. við „ákvæði um stundarsakir". Ég tók eftir, að hv. 1. þm. Árn. vænti þess, að n. tæki brtt. sínar aftur til 3. umr. Það er ekki á mínu valdi að ákveða neitt um það, en þar sem mér þykir ekki ósennilegt, að n. muni verða við þessum tilmælum, þá skal ég ekki tala lengra mál að sinni um þetta.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Hv. 1. þm. Árn. taldi, að um óverulega breyt. væri að ræða, er n. vill breyta 1. gr. frv. Get ég verið honum sammála um, að breyting þessi er ekki stórvægileg, en hún gengur í þá átt að tryggja málið betur, með því að gera ráð fyrir ýtarlegri og fyllri rannsóknum á lendingarbótasvæðinu. Gæti slík rannsókn jafnvel leitt í ljós, að ekki þætti að öllu leyti heppilegt að byggja garðinn, heldur fyndist önnur hagkvæmari lausn á málinu, og verkinu yrði hagað á annan hátt en gert er ráð fyrir í frv. — Þegar talað er um lendingarbætur í frv., þá er ekki ljóst, við hvað er átt, því að ekki getur landgarðurinn kallazt því nafni.

Um „ákvæði um stundarsakir" er það að segja, að þar er gert ráð fyrir fjárveit-

ingu til verksins utan fjárlaga. Í þeirri áætlun, sem lá fyrir vetrarþinginu, er gert ráð fyrir, að garðurinn muni kosta 72 þús. kr., Í „ákvæði um stundarsakir" er gert ráð fyrir 20 þús. kr. fjárveitingu utan fjárlaga til byrjunar á garðinum. Þessar 20 þús. kr. eru ekki nema rúmur fjórði hluti af byggingarkostnaði garðsins. Virðist n. því varhugavert að fara að byrja á verkinu áður en full vissa er fengin fyrir því, að verkinu verði haldið áfram. Gæti það orðið til þess að kasta fénu á glæ.

Þá þótti n., að málið væri ekki svo vel undirbúið, að ekki mætti bíða þess, að fé yrði veitt til verksins í fjárl., og skyldi málið rannsakað betur þangað til, svo að því yrði komið á fastan grundvöll áður en veitt yrði til þess fé úr ríkissjóði.

Um það, hvort n. taki brtt. sínar aftur til 3. umr., skal ég ekkert ákveða, en vísa þar til hv. form. sjútvn.

Einar Arnórsson: Eftir því, sem mér skildist á orðum hv. 1. þm. Árn., hafa ekki ennþá verið gerðir beinir samningar við landeigendur þá, sem hér eiga hlut að máli. Ég skal játa það, að mér þykir eðlilegt, að þeir leggi nokkurt fé af mörkum í þessu skyni, en hinsvegar finnst mér mjög óviðkunnanlegt, að það skuli standa svo í frv., að landeigendur **skuli** leggja fram land og annað endurgjaldslaust. Ef þeir gera það ekki fúslega að láta af hendi land og þola kvaðir á landi sínu, þá er ekki hægt að þvinga þá til að gera það. Með því væri 65. gr. stjskr. brotin. Í sjálfu sér kemur gr. að fullum notum, þó að orðin „endurgjaldslaust" og „bótalaust" féllu niður. Eigendur myndu jafnt láta landið af hendi fyrir það. En verði orðin látin standa áfram í frv., þá yrði það til þess, að 3. gr. yrði nefnd sem ágætt dæmi um brot gegn 63. gr. stjskr.

Sveinn Ólafsson [óyfirl.]: Hv. frsm. sjútvn. hefir vísað því til mín að ákveða, hvort n. taki brtt. sínar aftur til 3. umr. eða ekki. Ég hafði nú búizt við því, að hann ákvæði þetta sjálfur fyrir hönd n., en úr því að hann hefir vísað þessu til mín, þá vil ég lýsa því yfir, að mér finnst engin ástæða til þess að taka brtt. þessar aftur. Þær eru svo ljósar og ótvíræðar, að ekki þarf að fresta atkvgr. um þær þess vegna, og þykir mér því fara bezt á því, að hv. þdm. kveði upp úr um þær nú þegar við þessa umr. Legg ég því á móti því, að þær verði geymdar til 3. umr.

Að því er snertir „ákvæði um stundarsakir", sem n. hefir lagt til, að fellt sé úr frv. og álítur óþarft, ef brtt. n. við 1. gr. verður samþ., þá gæti ég fallizt á að halda því öðruvísi orðuðu, með því að svo hljóðandi skrifleg brtt. kæmi í staðinn:

„Til byrjunar á landgarðinum til þess að aftra sandburði úr Ölfusá er stjórninni heimilt að greiða án sérstakrar fjárlagaveitingar allt að ¼ af framlagi ríkissjóðs til lendingarbótanna, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að og öðrum sömu skilyrðum og lög þessi tilskilja".

Ef „ákvæði um stundarsakir" er orðað á þennan hátt, þá hefi ég ekkert á móti því að fallast á það. Vil ég svo afhenda hæstv. forseta þannig orðuð bráðabirgðaákvæði og fallast á, að 2. liður brtt. n. sé tekinn aftur, en ekki fyrri liðurinn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá 1. þm. S.-M. (verður þskj. 337) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Ég skal ekki vera langorður.

Mér þykir það miklu miður, að hv. sjútvn. skuli ekki geta fallizt á að taka brtt. sína við 1. gr. frv. aftur til 3. umr. Hér eftir á ég ekki annars úrkosta en að óska liðsinnis hv. dm. til þess að fella þessa brtt., því að ég álít, að frv. verði sízt bætt með slíkri breytingu.

Skal ég þá fyrst víkja örlítið að hv. frsm. Hann kvaðst ekki sjá neina þörf til þess að flýta byggingu landgarðsins. Ég hygg, að hv. frsm. hafi þarna yfirsézt. Það er einmitt nauðsynlegt, að byggingu garðsins verði flýtt sem allra mest, því að skipalegan getur eyðilagzt á skömmum tíma, ef ekki er tekið í taumana og sandburðinum bægt frá henni. Auðvitað verður ekki ráðizt í verkið nema því aðeins, að fullkomin rannsókn liggi að

baki. Hún hefir líka verið framkvæmd, einmitt af verkfræðingi, sem mikið hefir fengizt við slíkar rannsóknir. Hygg ég, að varla verði þar mikið um bætt.

Hv. þm. hlýtur að vera það ljóst, að það er sitt hvað að leggja fram 20 þús. kr. í einu eða 80 þús. kr. (því að allt á verkið að kosta 160 þús. kr. og á ríkissjóður að greiða helming þess). Það er gert ráð fyrir, að nokkuð megi bæta úr ástandinu með 40 þús. kr., 20 þús. frá hvorum aðila. Með því að veita svo smáar upphæðir í einu verður verkið miklu viðráðanlegra fyrir héraðsbúa. Og það er augljóst mál, að ef hægt er að koma í veg fyrir áframhaldandi spjöll á skipalegunni, þá er mikið unnið. En haldi legan áfram að grynnka, þá myndi reka að því, að fá yrði dýpkunarskip til þess að fjarlægja sandinn, og myndi það kosta ærið fé.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, þá skal ég játa það, að þó að lík ákvæði og eru í 3. gr. frv. séu algeng í okkar löggjöf, þá brjóta þau í bága við 63. gr. stjskr. Vil ég alls ekki mæla þessu bót, en slík ákvæði eru orðin svo algeng í lögum okkar, að það er eins og hver taki eftir öðrum og enginn veiti þessu athygli. Slík ákvæði voru í l. um lendingarbætur í Þorlákshöfn og víða annarsstaðar, t. d. í vegalögunum, bæði frá 1907 og 1924, og hafa orðið málaferli út af þeim. En ég hygg, að hér komi þetta ekki að sök, því að eigendurnir munu vera manna fúsastir til þess að leggja eitthvað af mörkum til þess að koma í veg fyrir, að frekari spjöll verði á skipalegunni.

Hv. 1. þm. S.-M. vildi ekki fallast á að fresta því að láta bera brtt. undir atkv. og heldur því fast fram af n. hálfu. Mér þykir harla undarlegt, að hv. 1. þm. S.-M. skuli þrásinnis og æ ofan í æ gera tilraun til að koma slíkum málum fyrir kattarnef. Um breytinguna á „ákvæði um stundarsakir" get ég á það fallizt, að það orðalag verði viðhaft, sem hann leggur til, og hygg, að það sé heldur til bóta. Hinsvegar er um bráðabirgðaákvæðið það að segja, að ég hygg, að vel megi því hlíta eins og það er í frv. Ég ætla, að ég þurfi svo ekki að fjölyrða meira um þetta.

Einar Arnórsson: Aths. skal vera mjög stutt. Það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Árn., að það sé samskonar ákvæði í vegalögunum. Það stendur í 24. gr., að hver landeigandi sé skyldugur að láta land undir veg, og bætur skuli því aðeins greiddar, að þeirra sé krafizt. Þetta er nú að vísu alveg óþarft, því bætur eru aldrei greiddar nema menn krefjist þeirra. En ákvæði þessa frv. ganga lengra, og eftir því sem hv. 1. þm. Árn hefir upplýst, er samskonar ákvæði að vísu í Þorlákshafnarlögunum. En ekki sýnist það vera fyrirmyndarvert.

Jóhann Jósefsson: Síðan ég minntist á frv. hafa menn komið með brtt. við bráðabirgðaákvæðið, og mig undrar, að form. n. skuli ekki verða við tilmælum flm. um að athuga brtt. til 3. umr. Einnig hefir komið fram brtt. við frv. frá form. n., sem flm. telur sig ekki óánægðan með. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég mun greiða atkv. með frv., en er á móti brtt., sem fram hafa komið, nema þeirri, er 1. gr. snertir.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Ég vil leyfa mér fyrir hönd n. að mótmæla því, að hún sé að bregða fæti fyrir þetta frv. Þvert á móti hefir n. lagt til, að frv. verði samþ., svo að segja óbreytt að efni til. Og þó var n. ljóst, að frv. sem þetta er í raun og veru óviðeigandi að samþykkja, því að það er alveg undir samþykkt annara laga síðar meir komið, hvort það nokkurn tíma, þó það verði að lögum, getur orðið annað en nokkurskonar vonarbréf. Því samkv. ákvæðum frv. eins og það var borið fram er það beint skilyrði fyrir greiðslu ríkisstyrksins til lendingarbótanna, að fjárveiting til þeirra liggi fyrir í fjárlögum, sem héðan af gæti væntanlega í fyrsta lagi orðið á næsta vetrarþingi.

Hvað viðvíkur brtt. við 1. gr., þá er hún allveruleg. Í frv. er talað um áætlun, sem atvmrh. á að hafa samþ. Og fyrir vetrarþinginu lá áætlun um byggingu varnargarðs, að upphæð ca. 72 þús. kr., og mun það vera sú eina áætlun, sem gerð hefir verið viðvíkjandi hinum fyrirhuguðu lendingarbótum. Gert er þó ráð fyrir, að verkið allt kosti 160 þús. kr., en

hvað á að gera fyrir helming þeirrar upphæðar, hefir ekki verið upplýst nánar en það, að einhverjar lendingarbætur á Eyrarbakka skuli gerðar fyrir það fé. N. leggur til, að sett verði inn tryggingarákvæði í 1. gr., þess efnis, að í staðinn fyrir áætlun, samþykkta af ráðh., komi ýtarleg rannsókn sérfræðings og tillögur um tilhögun verksins og kostnaðaráætlun, samþ. af ráðh. og sýslunefnd Árnessýslu.

Jörundur Brynjólfsson: Aths. skal vera stutt. Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um ákvæði vegalaganna, þá hefir nú 24. gr. verið skilin svo, að það væri algerlega neitað um jarðrask á ræktuðu landi, en sandur og möl hafa verið tekin bótalaust og það hefir verið rökstutt með ákvæðum 24. gr. Og það hefir jafnvel verið gengið svo langt, að náma af steypuefni hefir verið uppurin bótalaust. Það var því ekki alveg ástæðulaust, að ég minntist á þau lög, þó ég á engan hátt vilji mæla þessu bót.

Ég vil þá víkja að því, sem hv. frsm. sagði. Nú talaði hann ákveðnara og sagði, að n. væri ekki beinlínis á móti málinu, en það þyrfti fullkomnari rannsóknar við, og hv. frsm. gerði lítið úr því, að ráðh. sá, sem yfir þetta væri settur, myndi vera dómbær um, hvað þyrfti til verksins og hvaða undirbúning þyrfti að gera. Ég ætla, að n. hefði þurft að ganga betur frá till., ef hún ber ekki traust til þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Það er hinn mesti misskilningur, að sett séu ákvæði í l. um það, hvort alls sé gætt við undirbúning málsins. Það er vitanlega komið undir þekkingu og skilningi þeirra, sem um málið fjalla. Hvað viðvíkur því, að það séu ekki glögg skilyrði um það í frv., að sýslun. Árn. fjalli um þetta, þá vil ég benda á það, að sýslun. á að hafa eftirlit með þessu. Og það má nærri geta, hvort sýslun. fer að leggja tugi þús. án þess að málið sé rækilega rannsakað og vel undirbúið.

Annars skal ég benda hv. frsm. á það, að það hefir farið fram ýtarleg rannsókn og nákvæmar hafnarmælingar verið gerðar. Þetta þekkir hv. þm. ekki. Ég get sagt honum frá því, að sá maður vann lengi að þessu, sem hafði meiri þekkingu á því en aðrir. Vitaskuld er ekki hægt að fara eftir henni, því sú hafnargerð, sem hann rannsakaði fyrst, var miðuð við stór skip. Og nú hefir sá maður, sem mest hefir fengizt við þetta upp á síðkastið, gert ýtarlega rannsókn á þessu svæði.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Hv. 1. þm. Árn. segir, að það hafi verið gerð nákvæm áætlun um hafnargerð á Eyrarbakka. Þetta má vel vera, en mér er a. m. k. ekki kunnugt um það, og í þskj. hefir það ekki komið fram. Í sambandi við lendingarbæturnar hefir aðeins verið getið um einn bryggjustúf á Eyrarbakka, að bílar geti gengið fram á hana, og að geymsluhús séu fyrir ofan bryggjuna, og að í höfninni séu sker, sem þurfi að sprengja. Þetta gefur ekki ástæðu til að halda, að fyrir liggi nákvæmar mælingar um lendingarbætur á svæðinu. Það er síður en svo.

ATKVGR.
Brtt. 308,1 felld með 14 : 9 atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 308,2 tekin aftur.
— 337 felld með 13 : 11 atkv.
Ákvæði um stundarsakir samþ. með 14 : 2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkv.

Á 33. fundi í Nd., 19. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 379).

---

28. Fiskimat.

Á 14. fundi í Nd., 28. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um fiskimat (þmfrv., A. 120).

Á 16. og 17. fundi í Nd., 30. og 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 3. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég vil leyfa mér að óska þess, að málin séu nú tekin fyrir eftir þeirri röð, sem þau hafa á dagskránni, og þetta mál sé látið bíða þangað til að því kemur.

Forseti (JörB): Það er svo áliðið tíma, að það er varla unnt að taka þau mál fyrir nú, sem standa ofar á dagskrá.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Heldur hæstv. forseti fast við það, að ekki megi taka nú fyrir þau mál, sem ofar eru á dagskrá?

Forseti (JörB): Um þau mál verða svo miklar umr., að þeim er ekki hægt að ljúka á þessum fundi.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég geri það auðvitað fúslega að tala fyrir hönd n. fáein orð í þessu máli, sem hæstv. forseti hefir ákveðið, að taka skuli fyrir nú þegar. Ég hefði nú kosið, að fylgt hefði verið réttri röð, en það dugar víst ekki að deila um það við dómarann. Og af því að þetta er nauðsynjamál, þá þykir mér rétt að lýsa með nokkrum orðum aðdraganda þess, að þetta frv. er borið fram nú.

Á Alþingi 1929 fluttu þeir hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. Borgf. þáltill. um það, að ríkisstj. skipaði nefnd til þess að endurskoða lög um fiskimat. Nefndin var svo skipuð með bréfi 23. sept. 1929, og áttu sæti í henni Jón Magnússon fiskiyfirmatsmaður hér í Reykjavík, Ólafur Thors forstjóri, Jón Ólafsson bankastj. og Kristján Bergsson forseti Fiskifélagsins. Þeir hafa skilað nál. og uppkasti að frv. til l. um fiskimat ásamt erindisbréfum fiskimatsmanna, sem ætlazt er til, að verði útgefin á ný samkv. hinni nýju löggjöf.

Þetta frv. n. hefir síðan fengið athugun fiskimatsmanna landsins á fundi, sem þeir héldu í Reykjavík í síðastl. mánuði ásamt fiskifulltrúa Íslands á Spáni og Ítalíu, hr. Helga Guðmundssyni, og komu ýmsar brtt. fram á þeim fundi. Sjútvn. Nd. hefir síðan fengið öll þessi plögg til athugunar, og það frv., sem hér er borið fram, er í meginatriðunum shlj. frv. mþn. Sjútvn. hefir að vísu gert smábreyt. ýmist af eigin hvötum eða samkv. till. fiskimatsmanna og fiskifulltrúa. Ég skal og geta þess, að n. hefir komið sér saman um að flytja brtt. um eitt atriði við 3. umr., og það er viðvíkjandi því, hverjir skuli vera ráðunautar fiskiyfirmatsmanna og fiskifulltrúa í þeim málum, sem þeir ræða sín á milli, ef ekki næst samþykki milli matsmanna og fulltrúa. Þeir eru þannig ákveðnir í frv. eins og það er nú, og forseti Fiskifélagsins og einn maður frá báðum sjútvn. Alþ., sem kosinn sé til eins árs í senn, skulu vera þar í ráðum með atvmrn., en samkv. till. mþn. er svo til ætlazt, að einn maður úr stjórn Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda eigi líka sæti þar, og geri ég ráð fyrir, að n. breyti þessu í svipað horf til 3. umr.

Í frv. mþn. var ekkert ákveðið um launakjör fiskimatsmanna, en þau eru eins og kunnugt er mikið fremur lág, meira að segja svo lág, að Alþingi hefir nú í mörg ár ekki séð annað fært en að veita þeim nokkra launauppbót í fjárlögum. Með þessu frv., ef það verður að lögum, eru miklu ríkari ákvæði um ýmis störf yfirfiskimatsmanna en í núverandi löggjöf og ýtarlega að orði kveðið um skyldur þeirra. Ennfremur er með þessu frv. farið fram á það, að ef um misfellur er að ræða í starfi yfirfiskimatsmanna, sem álitið er, að stafi af vítaverðri vangá eða vanrækslu, þá skuli yfirfiskimatsmaðurinn bera ábyrgð á því tjóni, sem þar af kann að leiða.

Ég hefi aðeins drepið á þessi atriði, til að sýna, að eftir þessu frv. eiga yfirfiskimatsmenn að hafa miklu meiri skyldur og ábyrgð en þeir hafa nú. Þetta er gert í fullri vitund þess, að landsmönnum er það hin mesta nauðsyn að vanda sem mest gæði saltfiskjarins. Íslandi er það hin mesta þörf að halda alstaðar því góða áliti, sem er á íslenzkum saltfiski.

Nú er, eins og ég gat um áðan, svo ástatt, að laun fiskimatsmannanna eru mjög lág, samanborið við launakjör ýmissa annara starfsmanna hjá ríkinu, sem eru á sínu sviði þarfir starfsmenn; en þó má segja, að yfirfiskimatsmaðurinn

hafi svo ábyrgðarmikið starf á hendi og þarft fyrir þjóðfélagið, að ef um samanburð væri að ræða í þessu efni, þá mundi yfirfiskimatsmaðurinn verða á meðal hinna allra þörfustu starfsmanna. Það var álit allra sjútvnm., að þar sem á nú að leggja þeim meiri skyldur á herðar en áður hefir verið og auk þess þá áhættu að verða dæmdir til þess að greiða skaðabætur eða verða vikið úr embætti, ef um vanrækslu væri að ræða, þá hlyti það óhjákvæmilega að verða þessu samferða, að launakjör þeirra yrðu bætt. Þess vegna hefir n. ákveðið að koma fram við 2. umr. með breyt. á launakjörum yfirfiskimatsmanna, þannig lagaða, að ekki þyrfti framvegis að láta standa í fjárlögum ákvæði um sérstaka launauppbót, eins og hingað til hefir verið.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira. Eins og frv. ber með sér, þá er það borið fram af sjútvn. samkv. tilmælum ráðuneytisins, og þar sem það hefir verið til athugunar í sjútvn., þá sé ég ekki ástæðu til, að það fari til n. aftur.

Ólafur Thors: Í grg. frv. er vikið að gangi málsins, og skal ég ekki gera hann að umræðuefni hér. En ég vil benda sjútvn. á, að á meðal þeirra ákvæða, sem hún hefir fellt inn í frv., er eitt, sem ég tel óheppilegt. Það er í 3. mgr. 7. gr. og er á þá leið, að fiskimatsmenn skuli fá greiddan úr ríkissjóði kostnað vegna tilrauna um geymsluþol fiskjar, bættar verkunaraðferðir, gæði salts o. þ. h., er þeir mega gera, eftir reikningi, sem atvmrn. úrskurðar. Ég held, að af þessu gæti leitt talsverðan kostnað og vil því setja þrengri skorður, þannig að ekki megi framkvæma þessar tilraunir nema samþykki ráðuneytisins sé fengið áður og það hafi borið málið undir þá n., sem á að vera því til aðstoðar í þessum efnum. Vænti ég þess, að sjútvn. athugi þetta til 2. umr. og beri þá fram brtt. um þetta. Að öðrum kosti mun ég gera það.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Um þetta atriði komu einmitt fram ýmsar till. í n. Þar á meðal var till. frá forseta Fiskifélagsins, sem fór fram á að skylda yfirfiskimatsmennina til að hafa þessar tilraunir, sem hv. þm. G.-K. drap á, á hendi. N. vildi fara milliveg og láta fiskimatsmennina hafa óbundnar hendur um þetta. Því var svo ákveðið, að leita skyldi samþykkis ráðuneytisins á reikningunum eftir á. N. áleit það nægilegan hemil. En sjálfsagt er þó að athuga fyrir 2. umr., hvort þörf muni vera á að þrengja heimildina.

Mér er kunnugt um, að fiskimatsmenn, sem eru vakandi yfir fiskinum, bæði meðan hann er í verkun og á eftir, geta gert athuganir til mikils gagns um fiskverkun og gæði salts o. þ. h. N. vildi því ekki binda hendur þessara manna, svo að þeir fengju ekki fyrirhöfn sína endurgoldna, en hinsvegar ekki gera þeim skylt að gera þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 5. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Dagskrá var að berast mér í þessu, og þess vegna var mér ekki kunnugt um, að þetta mál kæmi fyrir í dag, og erum við nm. því vanbúnir með brtt. þær, sem áttu að koma við frv. við þessa umr., en munum koma með þær til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 7. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 120, 215).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eins og getið var um við 2. umr. málsins, þá ákvað sjútvn. að flytja brtt. við þetta frv., og þær liggja nú fyrir á þskj. 215.

1. og 2. brtt. eru lítilfjörlegar orðabreyt. Dálítil efnisbreyt. er að vísu í 1. brtt., að því leyti, sem formaður Fél. ísl. botnvörpuskipaeigenda á að koma sem 3. maður í viðbót við forseta Fiskifél. og fulltrúa sjútvn. Alþ., til þess að gera till.

til atvmrn. um ágreining, sem upp kann að koma.

3. brtt. er um launakjör þessara manna. Sjútvn. sá sér ekki annað fært en að bæta að nokkru launakjör yfirfiskimatsmanna. Það er í samræmi við þá breyt., sem n. hafði gert ráð fyrir að bera fram við 2. umr. um hækkun á launum þeirra, en var ekki tilbúin þá. N. kaus að setja launaákvæðin beint inn í frv.

Ég vil geta þess fyrir mitt leyti, að þótt ég hafi ekki gert ágreining út af þessu í n., þá er ég hvergi nærri ánægður með launakjörin eins og till. n. hljóðar um. Ég áleit þó þýðingarlaust að gera ágreining um þetta, þar sem meiri hl. n. var ófáanlegur til þess að hafa launin hærri en hér er ákveðið. En verði frv. að lögum, er svo miklum auknum skyldum bætt á yfirmatsmennina, að ég álít algerlega óhjákvæmilegt að bæta laun þeirra.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að það væri heppilegt að gera einhverjar breyt. á 7. gr. frv., til þess að setja skorður við því, hvaða kostnaði yfirmatsmenn gætu bætt á ríkissjóð, með því að gera tilraunir með nýjar og bættar verkunaraðferðir og aðrar rannsóknir, sem getið er í gr.

Ég leiddi þá nokkur rök að því, að ástæða væri til þess að setja þessu takmörk og gerði ráð fyrir, að hv. sjútvn. mundi taka það til athugunar, enda lét frsm. svo um mælt. Nú vil ég spyrja hv. n., hvort hún hafi haft þetta að engu, eða henni hafi láðst að taka þetta til athugunar, og ef svo er, legg ég til, að málið verði tekið út af dagskrá, til þess að n. geti talað saman um, hvort þessar aths. mínar séu á viti byggðar.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Síðan hv. þm. G.-K. kom fram með tilmæli sín hefir enginn reglulegur fundur verið haldinn í n. Tíminn hefir allur farið í afgreiðslu fjárl. Hinsvegar höfum við talað um þetta okkar í milli, sumir nefndarmanna, og mér hefir virzt, að þeim hafi, eins og mér, ekki litizt hér svo hættulegt ákvæði á ferðum, að nauðsynlegt væri að gera sérstakar breyt. á því nú þegar. Það mætti a. m. k. sjá, hvort svo reyndist í framkvæmdinni, að þetta yrði nokkur stórkostlegur útgjaldaliður fyrir ríkissjóð.

Þessi 7. gr., sem hv. þm. er að fetla fingur út í, er þannig, að fyrst er yfirmatsmönnum gert að skyldu að ferðast um í umdæmi sinu og utan þess, til að leiðbeina í fiskimeðferð og fiskimati. Þá er þeim einnig gefin heimild til þess að banna fisksöltun úr salti, sem þeir álíta ónothæft; þetta er ekki sett að ástæðulausu, því að það kemur fyrir, að einstaka menn vilja spara fé með því að nota skemmt salt. Fyrir þetta fá þeir ferðakostnað greiddan úr ríkisjóði samkv. þeirri venju, sem nú gildir, þ. e. eftir reikningi, sem ráðuneytið samþ.

Þá er í þessari gr. um leið ákvæði um það, að þeir fái á sama hátt, eftir úrskurði, greiddan kostnað við tilraunir um verkunaraðferðir, rannsóknir á salti, geymsluþoli fiskjar og öðrum tilraunum, og enn fremur nauðsynlegan símakostnað, en það hefir verið áður.

Það, sem er nýtt í þessari gr., er því þetta: Yfirfiskimatsmenn geta sjálfir gert tilraunir um bættar verkunaraðferðir og rannsóknir á salti, og beinan kostnað fá þeir borgaðan eftir á, eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar. Ég sé ekki, að með þessu sé svo mikil hætta á ferðum, að þurfi að óreyndu að setja takmarkanir gegn þessu. Einn af milliþinganefndarmönnunum vildi hafa þetta miklu sterkara, þannig að yfirmatsmönnum yrði gert að skyldu að fást við þessar rannsóknir, og með tilliti til kostnaðarins hefði hann þá orðið miklu meiri en yrði samkv. þessu frv., þar sem þeim er þetta aðeins heimilt, en ekki skylt.

Yfirfiskimatsmenn munu ekki fara að leggja út í mikinn kostnað án þess að fá fyrirfram samþykki ráðuneytisins um kostnað, sem af þessum tilraunum og rannsóknum muni hljótast. Þeir eiga alltaf undir högg að sækja um, hvað þeim verður endurgreitt, því að álíti ráðuneytið kostnaðinn óhóflegan, getur það dregið að sér höndina með að borga hann. Það yrðu því aðeins minni háttar tilraunir, sem kostuðu lítið fé, sem skynsamir og athugulir fiskimatsmenn mundu gera samkv. þessari gr.

Við nm. höfum ekki álitið þetta svo veigamikið atriði, að þyrfti að kalla sam-

an fund í n. vegna þess, og ég er þeirrar skoðunar, að ákvæði 7. gr. séu engan veginn svo hættuleg, að þau megi ekki fara í gegnum þingið nú. Það yrði þá fyrst, ef ráðuneytið færi að kvarta yfir reikningunum, að ástæða væri til þess að draga úr þessu ákvæði.

Á hinn bóginn er það rétt, að áhugasamir og reyndir yfirfiskimatsmenn hafa samkv. frv. leyfi til þess að gera eitthvað í þessa átt, jafnvel þó það kostaði einhverjar smáupphæðir. En eins og nú er hafa þeir ekkert leyfi til þess að stofna til neins kostnaðar vegna rannsókna í þessu efni. Með ákvæðum 7. gr. er opnuð leið til slíkra tilrauna, en algerlega lagt undir úrskurð ráðuneytisins, hve langt megi fara, og þetta ætti ekki að þurfa að valda ágreiningi, a. m. k. ekki meðan ekki er farið að sjást, að þetta sé misbrúkað.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég ætla ekki að þessu sinni að fara langt út í rökræður um þetta mál, af því ég hugsa mér að bera fram þá ósk við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá, til þess að mér gefist tækifæri til að bera fram brtt.

Til að rökstyðja þessa ósk mína, vil ég skýra frá því, að mér er persónulega kunnugt um, að gerðar hafa verið tilraunir í þessu efni, sem kostuðu þann, sem þær gerði, tugi og jafnvel hundruð þúsunda. Og það er misskilningur, ef hv. þm. Vestm. hyggur, að ráðuneytið hafi í hendi sinni að neita að borga reikninga, að því leyti sem þeir eru réttir. Gr. segir skýrt, að yfirfiskimatsmenn eigi að fá greiddan úr ríkissjóði kostnað vegna tilrauna með nýjar eða bættar verkunaraðferðir, rannsókna á salti, geymsluþoli fiskjar og öðrum tilraunum, sem lúta að auknu verðmæti hans, eftir reikningi, sem atvmrn. úrskurðar. Það að úrskurða reikning þýðir ekki, að ráðuneytið megi neita honum, ef hann er réttur. Það þýðir að dæma um, hvort reikningurinn er réttur eða rangur, og hann á að greiðast, ef hann er réttur. Samkv. 7. gr. er yfirmatsmönnum heimilt að gera tilraunir, og ef þeir senda ekki reikning fyrir öðru en kostnaðinum við þær, þá á ráðuneytið að greiða hann. En ég vil ekki gefa þeim svo óbundnar hendur, af því að mér er sjálfum kunnugt um, hvað þetta getur kostað, en það er ekki af því, að ég telji slíkar tilraunir ekki nauðsynlegar; um það er ég sammála hv. frsm.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég vildi fara fram á það við hæstv. forseta, að þetta yrði ekki til þess að tefja málið, svo að það yrði því að aldurtila, því ég álít það heldur lítilvægar ástæður, sem hér eru færðar fram, til þess að taka það af dagskrá. Þetta er nauðsynjamál, og ef það verður nú tekið út af dagskrá, vil ég mælast til, að það verði fljótlega tekið fyrir aftur.

Ólafur Thors: Ég vil varpa þeirri spurningu fram, hvort ekki sé hugsanlegt, að málið verði ekki tekið af dagskrá, heldur frestað umr. nú. Ég get þá borið fram skrifl. brtt., og þetta er svo einfalt mál, að hv. dm. geta þegar áttað sig á því, hvort þeir vilja svona víðtæka heimild fyrir yfirfiskimatsmennina.

Það er rétt hjá hv. frsm., að þetta er nauðsynjamál, og vil ég ekki stuðla að því, að á því verði ónauðsynlegar tafir. Ég hygg, að megi leysa þessa þörf með því að fresta málinu í bili.

Forseti (JörB): Málinu er þá frestað um stund.

Síðar á sama fundi var fram haldið 3. umr. um frv.

Ólafur Thors: Ég get látið nægja að vísa til þess, sem ég sagði áður en umr. var frestað. Ég færði þá rök fyrir því, að það væri nauðsyn til þess að fella breyt. aftan við 3. málsgr. 7. gr., og þar sem hv. sjútvn. hefir ekki tekið aths. mína til greina, mun ég leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. um þetta, sem tryggir, að tilraunir þær, sem um ræðir í 7. gr., verði ekki gerðar á kostnað ríkissjóðs, nema samþykki ráðuneytisins hafi komið til.

Ég geng út frá því, að þegar ráðuneytinu berst fyrirspurn frá matsmönnum um það, hvort ráðuneytið samþykki að borga kostnaðinn við slíkar tilraunir, þá snúi ráðuneytið sér til hinnar ráðgefandi nefndar og fái sem ýtarlegast álit hennar um gagnsemi þessara tilrauna, og að

fengnu þessu áliti taki ráðuneytið sínar ákvarðanir. Þessi till. er með öllu óskaðleg, en nauðsynleg til að tryggja það, að kostnaður verði ekki úr hófi.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt., svo hljóðandi:

„Við 7. gr. Aftan við 3. málsgr. bætist: enda hafi ráðuneytið samþykkt, að slíkar tilraunir skyldu gerðar".

Til þess að brtt. þessi megi koma til umr. og atkv., þarf að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 236) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Sveinn Ólafsson [óyfirl.]: Ég sé, að hv. frsm. sjútvn. er fjarverandi, svo að ég verð að hlaupa í skörðin. Út af þessari brtt., sem fram er komin, vil ég upplýsa það, að svipuð till. lá fyrir n., en hafði fallið burt af vangá.

Síðustu tvo daga hefir ekki gefizt tækifæri til þess í sjútvn. að kippa þessu í lag. En ég er fullkomlega sammála um þessa till. og greiði henni atkv.

ATKVGR.

Brtt. 215,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 215,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 215,3 samþ. með 15 : 1 atkv.
— 236 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., 8. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 237).

Á 25. fundi í Ed., 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 237, n. 325).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 7 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Eins og drepið er á í nál., er frv. þetta samið af n., sem atvmrn. skipaði 1929. Eru í frv. þessu gerðar nokkrar breyt. á lögum, sem hafa gilt um þetta efni. Aðalbreyt. er sú, að ríkisstj. sé heimilt að greiða kostnað við rannsóknir á nýjum verkunaraðferðum á fiski, og rannsóknir á salti, sem yfirfiskimatsmenn leggja til, og er þetta bundið þeim skilyrðum, að ráðuneytið samþykki.

Það er kunnugt, að sumir yfirfiskimatsmenn hafa viljað gera slíkar rannsóknir og borið af því kostnaðinn, en tilraunirnar reynzt vel í því umdæmi. Hinsvegar er og kunnugt, að salt hefir verið flutt inn, sem var svo slæmt, að það gerði fiskinn að lélegri vöru. Þetta hefir lítið verið rannsakað hingað til. En það hefir mikið að segja í framtíðinni, þegar fiskurinn er, ef til vill, að falla, að þá sé ekki notað salt, sem spillir vörunni. Ég verð að líta svo á, að þetta frv. sé nauðsynlegt, og leit n. einnig svo á, að það væri til mikilla bóta. Þó að gera hefði mátt viðtækari breyt., þá telur n. ekki ástæðu til að koma fram með brtt. Þó skal ég játa, að betur hefði mátt gera. Ég leyfi mér samt að vænta þess, að hv. d. sýni frv. velvild og leyfi því að ganga hindranalaust gegnum þingið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 20 ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 401).

29. Notkun bifreiða.

Á 11. fundi í Nd., 24. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða (þmfrv., A. 104).

Á 14. fundi í Nd., 28. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 30. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég flyt þetta frv. nú í því formi, sem allshn. skilaði því á síðasta þingi. Þá flutti ég það ásamt hv. 1. þm. N.-M., og tók það nokkrum breyt. í n. Voru þær breyt. aðallega samkv. till. vegamálastjóra og miðuðu að því að gera reglur þær um notkun bifreiða, sem til eru, skýrari og fyllri. Hér er t. d. því ákvæði bætt við, að allir bílstjórar séu tryggðir, en um það er ekkert ákvæði nú, nema fyrir þá, sem vinna hjá öðrum. En nú er það svo víðast hvar úti um land, að vörubílastjórar eiga sjálfir bifreiðarnar, og er óeðlilegt í fyllsta máta, að þeir séu ekki tryggðir eins og þeir, er hjá öðrum vinna. Ennfremur er gert ráð fyrir, að tryggingarupphæðir af stórum bifreiðum aukist að miklum mun, og er það augljóst mál, að slíkt er nauðsynlegt. — Ég geri ekki ráð fyrir því, að málið þurfi að fara til n., þar sem allshn. athugaði það gaumgæfilega á síðasta þingi, en mun hinsvegar ekki setja mig á móti því, ef óskir koma fram þess efnis.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 1. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 4. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 104, 182).

Einar Arnórsson: Brtt. sú á þskj. 182, er ég flyt við þetta frv., gengur út á það að gera það skýrt og ótvírætt, að nægilegt sé að tryggja einn ökumann fyrir hverja bifreið, hvort sem hann heitir Pétur eða Páll. Ég geri ráð fyrir, að þetta hafi einnig verið tilætlun hv. flm., en það er ekki nægilega skýrt tekið fram í frv.

Héðinn Valdimarsson: Ég ætlaðist til þess sama með frv., en það getur verið, að það hafi verið of óljóst orðað.

ATKVGR.
Brtt. 182 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., 5. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 198).

Á 22. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 198, n. 269).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Torfason): Þetta mál er gamall kunningi minn. Það var til umr. í Nd. á vetrarþinginu, og var afgr. frá n. í d. og samþ. þar. Nú er það gengið aftur hér, og hefir að mestu verið í Nd. samþ. breytingalaust frá því, sem það var borið fram á vetrarþinginu. N. hér hefir líka litið svo á, að frv. væri fallið til þess að verða að lögum, en þó gert á því örlitlar breyt.

Fyrst við 3. gr. um ökuhraðann. Í frv.

eins og það kemur frá Nd. er ákveðið, að ökuhraðahámark skuli vera 50 í stað nú 40 km. N. varð ásátt um að leggja til 45, og er það í samræmi við till. þeirra manna, sem mest hafa látið sig þetta mál skipta, og fremur öðrum eiga að hafa vit á, hvað rétt er í þessu máli. Nú er frá því að segja, að menn greinir mjög á um þetta, og víst er um það, að í flestum stóru löndunum er ökuhraðinn miklu meiri en hér er lagt til, og á vissum svæðum ótakmarkaður. (**JónÞ:** Víðast ótakmarkaður). Það er nú ekki nema á sumum svæðum. Svo eru önnur lönd, sem hafa tiltekið hámark. En af því er okkur snertir, þá er okkar vegaeftirlit, eins og annað eftirlit hjá okkur, heldur fátæklegt. Við höfum ekki, með því strjálbýli, sem er hjá okkur, ráð á að hafa eins gott eftirlit og aðrar þjóðir. Meiri hluti n. áleit varlegast að taka tillit til kunnáttumanna í þessu efni og ákvað að fara mitt á milli. En að gefnu tilefni þykir mér rétt að taka það fram, að það var einn maður í n., sem hélt því fram um hraðann, að hér mætti hann vera 50, og gerði það til samkomulags við meiri hluta n. að gera ekki sérstakan ágreining um þetta.

Önnur brtt. er falin í því, að trygging fyrir bifreiðar verði nokkru hærri en í frv., sérstaklega þegar farþegum fjölgar. Það er byggt á því, að útgjöldin við hærri tryggingu eru sáralítil. Þau eru 100 krónur fyrir 6 manna bifreið, 110 krónur fyrir 7—10 manna og 120 krónur fyrir bifreið með meira en 10 farþega. Sjá allir, að ef þetta er ekki hækkað, verður tryggingin á stærri bifreiðum minni fyrir hvern mann en fyrir þá menn, sem ferðast í smáu bifreiðunum. Nú, þetta ákvæði er líka gert í samráði við þá menn, sem skyn bera á þessa hluti.

Þriðja breyt., við 8. gr., í 3 liðum, er að mestu leyti orðabreyt. og ákvæðið um reglugerðarákvæðin, sem stjórnin má setja, gert rýrara með okkar ákvæði. Við lítum svo á, að það beri að setja reglurnar fyrir því, hvað megi ákveða með reglugerð, svo víðar, að það geti ekki rekið sig á síðar. Ég skal t. d. taka það dæmi fram, að vörubifreið, sem fer ekki nema með 2 menn, og stundum ekki nema 1, er í lægsta flokki. En svo er hún stundum notuð til fólksflutninga, og þá er afarmargt fólk í henni. Þetta er ákvæði, sem stj. á að skipa fyrir um með reglugerð. Og þannig er ýmislegt fleira. Bifreiðaakstur er tiltölulega nýr hjá okkur, og í útlöndum er verið að breyta þessu á ýmsa vegu, og eins verður hér. Og þá er þægilegt, að ríkisvaldið geti breytt því með reglugerð, þegar þurfa þykir, án þess það þurfi að koma til kasta Alþingis að gera skipun þar á.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 : 1 atkv.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 269,1 samþ. með 8 : 1 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 269,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 269,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

9.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 294).

Jón Þorláksson: Við 2. umr. þessa máls greiddi ég atkv. á móti 1. gr. frv. án þess að gera grein fyrir ástæðunni til þess. Við nánari athugun hefi ég ekki talið rétt að láta þá breyt. á bifreiðalögunum, sem felst í 1. gr., ná fram að ganga án þess að ég segði a. m. k. nokkur aðvörunarorð út af því.

Þessi gr. fer, eins og kunnugt er, fram á það, að heimila breikkun á bifreiðum frá 1,75 m., sem hefir hingað til verið hin lögákveðna breidd, og upp í 1,86 m., eða um 11 cm. Ég hefi sjálfur fengizt ofurlítið við að aka bifreið hin síðari ár, og mér hefir orðið það ljósara á því tímabili, hvílíkum erfiðleikum það veldur bifreiðaumferðinni hér á landi, að vegirnir skuli vera svo mjóir. Ég hefi að vísu ekki athugað yfirleitt breidd þeirra bifreiða, sem hér eru á ferð, en ég tel víst, að fyrirmælum laganna hafi verið fylgt í því efni, þannig að þær séu ekki breið-

ari en þar er heimilað, 1,75 m., og sumar mjórri. En þannig er ástatt á mörgum vegum, að mjög miklir erfiðleikar eru á því fyrir tvær bifreiðar af þessari breidd að mætast. Og ef rannsókn væri um það gerð, þá myndi það koma í ljós, að töluverður hluti af minniháttar bifreiðaslysum stafa af árekstri þegar bifreiðar mætast. Og þau bifreiðaslys, sem mesta eftirtekt hafa vakið, hafa flest orsakazt af því, að báðir hafa verið að forðast að fara út af veginum, og stundum líka af því, að annarhvor tæpir svo á fremsta hlunn með að fara út á vegarbrúnina, að hún springur. Þetta hefir komið fyrir þar sem vegirnir eru hátt upp hlaðnir, og orðið til þess, að sú bifreiðin, sem hefir verið undan brekkunni, hefir oltið út af veginum og hlotizt af meira eða minna slys. Þegar þetta stendur svo tæpt nú, þá er varhugavert að leyfa breiðari bifreiðum umferð um vegina. Það má vera, að erfitt sé að halda bifreiðunum svona mjóum, þegar um er að ræða sérstaklega stórar vöruflutningabifreiðar, fyrir 4—8 smál. flutningsmagn, og svo e. t. v. stærstu fólksflutningsbifreiðar eins og t. d. almenningsvagnarnir, sem eiga að taka mjög marga farþega. En nú er það svo um okkar vegi og brýr, að hvorugt er þannig byggt, að það þoli umferð þessara stóru bifreiða, sem eiga að taka mikinn þunga. Því eins og ástatt er um vegakerfið yfirleitt, þá sé ég enga ástæðu til þess að leyfa þessa breikkun á bifreiðunum, sem hér er farið fram á. Auðvitað getur það komið fyrir í einstaka tilfelli, að æskilegt væri að mega hafa bifreiðarnar stærri en núgildandi l. heimila, t. d. munu eiga að koma hér í Rvík stórar almenningsbifreiðar til umferða um götur bæjarins og vegi þá, sem liggja frá aðalbænum og til úthverfanna, sem myndazt hafa í kringum bæinn. Vel má vera, að ástæða væri til að leyfa ofurlítið breiðari bifreiðar í jafnsérstökum tilfellum, en til þess þyrfti alls ekki að gera neina allsherjar breyt. á l. eða leyfa bifreiðum af þeirri stærð að vera á ferð eftir öllum vegum, jafnvel sýslu- eða hreppavegum, sem víða eru nú orðnir akfærir, en eru ennþá mjórri en þjóðvegir, sem þó eru í mjósta lagi.

Ég vildi aðeins tala þessum aðvörunarorðum í þessari hv. d. áður en þessi ákvæði frv. kæmu til atkv. og áður en málið yrði að fullu afgr.

Frsm. (Magnús Torfason): Mér þykir leitt, að þessi aðvörunarorð hv. 1. landsk. skyldu ekki koma fyrr fram en raun er á orðin, og sérstaklega það, að brtt. kom svo seint, að n. hefir ekki unnizt tími til þess að ráðgast um hana. Ég get skýrt frá því, að vegamálastjóri hefir sent n. erindi um þetta mál, en hann getur alls ekki um þetta atriði í sínu áliti. Það, sem hann varar við, eins og vikið er að í nál., er það, að ökuhraðinn verði of mikill. Ennfremur kallaði n. til viðtals við sig einn af aðaleftirlitsmönnum bifreiða hér í Rvík, hinn mætasta mann. Áttum við allýtarlegt samtal við hann um frv., og breyt. voru gerðar á því samkv. till. hans, en hann hafði ekkert við þessa breyt. að athuga, og þess vegna hafði ég gengið út frá því, að þar sem þeim mönnum, sem öllum fremur ættu að hafa vit á slíkum málum, hafði ekki fundizt neitt athugavert við þetta, þá væri öllu óhætt. Nú hefir þessi till. komið of seint til þess að unnt væri að athuga hana, og vil ég því leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá og umr. verði frestað.

Forseti (GÓ): Ég vil verða við tilmælum hv. form. allshn., og er málið þá hér með tekið út af dagskrá að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Ed., 18. ágúst, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 294, 301).

Frsm. (Magnús Torfason): Úr því hv. flm. þykist ekki þurfa að skýra þessa brtt., sem hann gerði aðvart um við fyrri hl. þessarar umr. og skýrði þá að nokkru, þá verð ég að gegna þeirri skyldu minni að segja álit n. um hana.

Ég gat þess við fyrri hl. þessarar umr., að vegamálastjóri og aðrir kunnáttumenn, sem hefðu fjallað um þessi lög, hefðu ekki minnzt á þetta atriði, og að ég því gengi út frá því, að þeir væru þessu samþykkir. Eftir það spurðist ég nánar fyrir um, hvernig á því stendur,

og þá er frá því að segja, að þetta ákvæði er komið inn í lögin samkv. till. vegamálastjóra. Ástæður hans til þess að vilja setja þetta ákvæði inn í lögin eru þær, að úti í heimi er gerð bifreiða alltaf að breytast, og erfitt að fá nýtízkubifreiðar með svo lítilli breidd og ekki nema þær, sem þykja gengnar úr sér, aðallega „Ford"-bifreiðar. Ennfremur er litið svo á, eins og kom líka fram hjá hv. flm. brtt., að ástæða sé að hafa flutningabifreiðar breiðari vegna þeirra hlassa, sem á þeim eru. Það er af þessum ástæðum, sem þetta hefir verið flutt.

Ég hefi sömuleiðis talað um þetta mál við eftirlitsmann vega, og er hann á sama máli um þetta. Af þessum ástæðum get ég ekki mælt með því, að brtt. hv. 1. landsk. verði samþ.

Jón Þorláksson: Ég hefi sömuleiðis útvegað mér nákvæmari upplýsingar en ég hafði þegar ég mælti fyrst með till. Ég hefi fengið þær upplýsingar, að núgildandi ákvæðum um breidd bifreiða, sem má ekki vera meiri en 1,75 m., hafi ekki verið framfylgt að öllu leyti, þ. e. a. s., stj. hefir veitt þá undanþágu, að nokkrar bifreiðar mættu vera breiðari, nokkuð margar 1,82 m. og fáeinar 1,86 m.

Ég held, eftir því sem ég hefi komizt næst, að það sé órannsakað mál, hvort sérstakir erfiðleikar muni reynast á því að fá bifreiðar, sem fullnægja breiddarákvæðum núgildandi laga. Þar hefir verið farið eftir óskum innflytjenda, sem hafa beðið um að fá að flytja inn breiðari bifreiðar, þegar þær verksmiðjur, sem þeir eru umboðsmenn fyrir, hafa farið fram á það. Ég hygg, að það séu gildandi ákvæði um breidd bifreiða í fleiri löndum en hér, og ég veit ekki betur en að það sé órannsakað, hvort verksmiðjurnar búa til bifreiðar með þessari breidd handa slíkum löndum.

Ég held, að eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið um málið, sé rétt að láta núgildandi lagaákvæði um breidd bifreiða halda sér, en að stjórnarráðið veiti þá undanþágu eins og verið hefir hingað til, hvort það er nú samkv. lagaheimild eða ekki, sem ég skal ekkert um segja, þesskonar undanþágu, að leyft sé að flytja inn bifreiðar með þeirri breidd, sem áður hefir leyfð verið, nefnilega 1,86 m. breidd, til notkunar þar, sem mjódd vega verður einna sízt til hindrunar. En ég veit ekki, hvernig það færi, ef svo breiðar bifreiðar væru alstaðar leyfðar til ferða á þeim akfæru hreppaeða sýsluvegum, sem eru ekki breiðari en svo, að aðeins bifreiðar með löglegri breidd geta komizt hvor framhjá annari, og þó aðeins með því, að önnur nemi staðar, meðan hin fer framhjá.

Ég skal geta þess, sem mér hefir verið bent á, að ef brtt. mín verður samþ., þá sé óviðkunnanlegt orðalag í upphafi næstu gr., sem þá yrði 1. gr. frv. Þar stendur „sömu laga", nefnilega sömu laga og sú gr., sem nú er 1. gr. frv., á við. En ef sú gr. fellur niður, þá er þetta orðalag óviðkunnanlegt, þar ætti þá að standa „laga", en ég tel sjálfsagt, að þetta yrði lagfært í prentun, ef brtt. mín um að fella niður 1. gr. verður samþ. Mér þykir því engin ástæða til að koma með skriflega brtt. um það.

Jón Baldvinsson: Ég hefi líka verið að leita mér upplýsinga um þetta atriði, hvort ráðlegt væri að leyfa hér þessar breiðu bifreiðar, sem talað er um í 1. gr. frv. Ég hefi fengið þær upplýsingar, sem ég álít trúlegar, að erfiðleikar verði á því að fá mjórri bifreiðar, vegna þess að ávallt sé verið að gera meiri og meiri kröfur til þeirra. Það er áreiðanlegt, að þeir smíða ekki bifreiðar með tilliti til okkar mjóu vega, heldur smíða þeir þau „model", sem mest seljast í stóru löndunum, sem hafa fullkomna vegi. Nú fást ekki hér þær bílagerðir, sem hér voru fyrir nokkrum árum; það er búið að leggja þær allar niður. Þeir, sem ennþá eiga gömlu bifreiðarnar, eru í vandræðum með viðgerð á þeim, því að nú er hætt að búa til þá varahluti, sem í þær þarf og mest slitna. Framfarirnar í gerð bifreiða eru svo hraðstígar og kröfurnar til þeirra eru að aukast svo mikið, að mér er sagt, og það með talsverðum líkum, að ekki muni hægt að fá til landsins mikið mjórri bifreiðar en gert er ráð fyrir í frv.

Það er auðvitað rétt hjá hv. 1. landsk., að það verða erfiðleikar með bifreiðar á vegum hér, ef breytt er verulega frá því, sem nú er með breidd bifreiða. Það eru

líka mikil óþægindi á því, hvernig þjóðvegir eru víða lagðir, því að þeir eru svo illa gerðir. Þeir eru svo mjóir, að illt er fyrir bifreiðar að mætast þar, og ekki heldur nægilega mörg útskot til að bifreiðar geti séð hvor til annarar á nægilega löngu færi til að geta stanzað á þessum útskotum. A. m. k. er ekki hugsað um að hafa útskotin þar, sem hættulegt er fyrir bifreiðar að mætast, t. d. þar, sem mishæðótt er eða bifreiðarnar sjást ekki fyrr en alveg er komið að þeim, heldur eru þessi útskot með tilteknu millibili, en virðist ekki tekið tillit til þess, hvað hentugast er fyrir umferðina. Þau virðast vera eftir einhverjum mælingum án tillits til þess, hvernig landslagið er eða hvernig til hagar með veginn.

Frsm. (Magnús Torfason): Ég vil benda á það, að í 1. gr. þessa frv. liggur engin þvingun. Menn, sem eiga bifreið, þar sem mjóir vegir eru, þeir geta keypt sér mjóa bifreið og hagað sér þannig eftir vegunum. Hitt sé ég ekki að sé rétt, að stjórnarráðið veiti undanþágu. Ég bar það undir annan kunnáttumanninn, sem ég leitaði til, og hann sagði, að það væri að vísu hægt, en meðan það væri aðeins undanþága, þá væri aldrei hægt að fá verulegt af varahlutum til þeirra bifreiða, eða a. m. k. miklu verra en ef það væri látið alveg frjálst.

ATKVGR.
Brtt. 301 felld með 8 : 1 atkv.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 294).
Á 34. fundi í Nd., 20. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 402).

---

30. Landsbanki Íslands.

Á 19. fundi í Ed., 3. ágúst, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928 (þmfrv., A. 169).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er sama að segja um þetta frv. og það, sem hér var til umr. næst á undan (útibú Útvegsbankans á Ísafirði og Akureyri). Þetta frv. er flutt samkv. beiðni fjmrh. og er nægilega skýrt í þeirri grg., sem fylgir frv. Efni þess er að veita Landsbanka Íslands heimild þá, sem getur um í 64. gr. bankalaganna, um að lán þau, sem bankinn hefir tekið eftir 1927, þurfi ekki að teljast sem frádráttur, þegar gerð er upp eign bankans erlendis.
Ástæðan til þess, að bankinn óskar, að þessi heimild verði framlengd með l. um visst árabil, er sú, að smám saman hefir færzt yfir á bankann meiri og meiri kvöð til þess að sjá landsmönnum fyrir rekstrarfé. Frekari ástæður eru færðar í bréfi bankaráðsins, sem fylgir frv. sem fskj.
Öllum er kunnugt, að nú á þessum erfiðu tímum er ekki sízt þörf á að sjá landsmönnum fyrir rekstrarfé, og finnst mér því full ástæða til þess að verða við þessari beiðni bankans. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum; enginn ágreiningur varð um það í n., og ég geri ekki ráð fyrir, að það verði heldur hér í hv. deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 5. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 7. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 169, 214).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Meiri hl. fjhn. hefir leyft sér að flytja hér brtt. við þetta frv. Þótt það sé nú svo, að meiri hl. n. flytji þessa till., þá er það ekki vegna þess, að minni hl. hafi tjáð sig andvígan henni, heldur vegna þess, að hv. 1. landsk. var ekki viðstaddur, þegar meiri hl. tók þessa ákvörðun. En hún er tekin eftir bendingu frá bankastj. Landsbankans. Brtt. fer fram á, að lögin öðlist gildi nú þegar. Vona ég svo, að menn sjái ekki ástæðu til þess að greiða atkv. gegn þessari brtt.

ATKVGR.
Brtt. 214 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 238).
Á 25. fundi í Nd., 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 19. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 238, n. 329).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og var flutt þar samkv. ósk hæstv. fjmrh. (TrÞ) og að beiðni stj. Landsbankans. Fjhn. leggur til, að frv. verði samþ., en að öðru leyti skal vísað til grg. á þskj. 169.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 403).

31. Ríkisveðbanki Íslands.

Á 15. fundi í Nd., 29. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um Ríkisveðbanka Íslands (þmfrv., A. 134).

Á 17. fundi í Nd., 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er flutt að beiðni forsrh. Ég lít því svo á, að það sé ekki mitt hlutverk að gera nákvæma grein fyrir efni þess. Tilgangurinn með því er sá, að greiða fyrir fjáröflun til fasteignaveðlána og leggja grundvöll til varanlegs fyrirkomulags í því efni. Þetta er þannig hugsað, eins og sjá má á frv., að hér er um samvinnu Landsbankans og Búnaðarbankans að ræða í þessu efni.

Þegar rætt var um Búnaðarbankann hér í þessu háa þingi, þá er lögin um hann voru sett, var það töluvert haft á orði, að tvennskonar veðdeildarbréf myndu spilla fyrir sölu erlendis. Með þeirri aðferð, sem hér er stungið upp á, virðist ráð fundið til þess að bréfin verði samskonar, en hvor banki haldi þó sinni veðdeild.

Í fljótu bragði kynnu einhverjir að líta svo á, að hér væri um nýja bankastofnun að ræða, og að ekki væri ástæða til að fara að íþyngja peningamarkaðinum með nýjum tilkostnaði. En þó þetta sé nýr banki að forminu til, þá er það samt í reyndinni ekki annað en samstarf

Landsbankans og Búnaðarbankans, og má hæglega koma því svo fyrir, að það kosti sáralítið fé. Er hinsvegar búizt við miklu hagræði af þessu samstarfi, a. m. k. í framtíðinni.

Ég geri annars ráð fyrir, að hæstv. stj. geri nánari grein fyrir frv., ef henni þykir þess þörf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 3. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, 147).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég vildi leyfa mér að fara fram á það við hv. flm. þessara brtt., að þeir taki þær aftur til 3. umr. N., sem flutti þetta mál fyrir hönd stj., hefir ekki haft tækifæri til að taka till. til athugunar. (VJ: Ég fellst á það).

ATKVGR.

Brtt. 147 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—11. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 134, 147).

Héðinn Valdimarsson: Við hv. þm. Ísaf. eigum saman brtt. á þskj. 147, og höfum við frestað að ræða hana til þessarar umr. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlazt til, að stofnuð verði nokkurskonar söludeild fyrir skuldabréf veðdeildar Landsbankans og Búnaðarbankans, en brtt. okkar miðar að því, að þarna verði einnig keypt skuldabréf byggingarsjóða verkamannabústaða. Að vísu er gert ráð fyrir því í 8. gr. frv., að þessi skuldabréf skuli gefin út á grundvelli fyrstu veðréttartryggingar í fasteign, er eigi nemi meiru en 3/5 hlutum af virðingarverði hverrar fasteignar, en í l. um verkamannabústaði er ákveðið, að lána megi 85% af virðingarverði gegn 1. veðrétti. Til þess að bæta úr þessu höfum við borið fram frv. um breyt. á l. nr. 45 1929, um verkamannabústaði, þannig að leyfilegt sé að lána bæði út á 1. og 2. veðrétt, og með því móti ættu engir annmarkar að verða á framkvæmd þessa.

Ég þarf varla að skýra frá nauðsyninni að afla fjár til verkamannabústaða, og mér virðist hægasta leiðin að láta eitt yfir alla ganga, þannig að þessi bréf fái jafnan aðgang og hin, sem keypt eru af veðdeildum bankanna. — Ég vænti þess, að brtt. þessi sæti engum mótmælum frá hv. þdm. og nefnd.

ATKVGR.

Brtt. 147.a samþ. með 17 : 1 atkv.

— 147.b—c samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., 8. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 229).

Á 25. fundi í Ed., 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 229, n. 310, 322).

Frsm. (Jón Þorláksson): Fjhn. hefir orðið sammála um það, að mæla með, að frv. þetta nái fram að ganga, og telur það fela í sér hagkvæma og rétta úrlausn á því máli, að sjá veðlánadeildum landsins fyrir fé til fasteignaveðlána, að svo miklu leyti, sem fram úr því verður ráðið með lagasetningu. Eins og tekið er fram í nál. á þskj. 310, þá er það svo, að breytingin, sem gerð var í hv. Nd. á 8. gr. frv., er ekki vel í samræmi við aðrar gr. þess. Þessi breyt. felur í sér, að ríkisveðbankinn kaupi skuldabréf byggingarsjóða í kaupstöðum í sambandi við verkamannabústaði. En þessir sjóðir

gefa ekki út nein skuldabréf, sem fullnægi ákvæðum í 2. gr. þessa frv. Sömuleiðis eru ákvæði í 11. gr., sem gera það að verkum, að þessi breyt. við 8. gr. getur ekki komið til framkvæmda. Fjhn. vildi ekki verða meinsmaður þess, að verkamannabústaðirnir gætu notið fjárútvegana frá ríkisveðbankans hálfu. N. vildi því ekki fella burt þessa brtt. nema tala fyrst við flm. málsins í Nd., og ætlaði svo að koma með lagfæringartill. við 3. umr. En það fór nú samt svo, að það náðist fyrir þessa umr. samkomulag við flm. brtt. í Nd. um lagfæringu, og ber n. því nú þegar fram brtt. á þskj. 322, sem útbýtt var hér á fundinum. En þar er meinleg prentvilla. Í till. stendur í 2. línu: skuldabréf byggingarsjóða, en á að vera skuldabréf byggingarsjóðs. Og þetta er verulegt atriði, því að það er ekki hægt að framkvæma þetta svo, að það verði samstætt við ríkisveðbankalögin að öðru leyti, nema með nýrri löggjöf sé sett ákvæði um sameiginlegan byggingarsjóð fyrir verkamannabústaði í hinum ýmsu kaupstöðum og kauptúnum, eins og veðdeild Landsbankans hefir til almennra húsabygginga á þessum stöðum. Þ. e. a. s. þessir sameiginlegu byggingarsjóðir verða með slíkri löggjöf að fá rétt til þess að gefa út skuldabréf hliðstæð veðdeildarbréfum, og selja þau, til þess á þann hátt að afla fjár til þess að lána gegn fyrsta veðrétti í verkamannabústöðum. og þar með stuðla að því að koma þeim upp. En það sýndist fjhn. aftur á móti ekkert athugavert, þótt slík stofnun fengi að komast inn við hliðina á veðdeild Landsbankans og veðdeild Búnaðarbankans, ef um hana væri sett löggjöf, sem samsvaraði löggjöfinni um þessar veðdeildir. Og að þessu lýtur brtt. á þskj. 322. Hinsvegar er n. það ljóst, að líka er til önnur leið til þess að verkamannabústaðir geti notið þessa fjár, sem vænta má, að ríkisveðbankinn geti útvegað til þess að lána gegn fyrsta veðrétti í fasteign, og það er að breyta lögunum um verkamannabústaði á þá leið, að þar sé heimilað, að byggingarfélög taki lán í opinberum stofnunum, t. d. veðdeild Landsbankans. gegn fyrsta veðrétti í þessum húsum. Það er samskonar brtt. og sú, sem flutt var á þinginu 1929, þegar frv. um verkamannabústaði var í meðferð í þessari hv. deild, og í raun og veru var þá samkomulag um, að væri til bóta á þeirri löggjöf, en náði ekki framgangi, af því að það var næstsíðasta dag þings og menn þorðu ekki að eiga undir að breyta l. hér í d. af ótta við það, að þau kynnu þá að verða óútrædd.

Þessi breyt. á ríkisveðbankalögunum, sem felst í þskj. 322, opnar þá aðeins leiðina til þess, að menn geti valið um, á hvorn háttinn skuli breyta löggjöfinni um verkamannabústaði og byggingarsjóði, til þess að fé frá ríkisveðbankanum geti komið til útlána gegn fyrsta veðrétti í verkamannabústöðum. Í samræmi við þetta þótti óhjákvæmilegt að gera þrjár breyt. á 11. gr. frv., sem kveður á um það, að Landsbanki Íslands og Búnaðarbankinn skuli leggja ríkisveðbankanum til tryggingarfé að tiltölu við það, sem ríkisveðbankinn kaupir af veðdeildarbréfum þessara tveggja banka.

Nú er það auðséð, að ef við þetta ákvæði er látið sitja, þá mætti búast við, sérstaklega eins og löggjöfin um verkamannabústaði er nú, að ríkisveðbankinn fengi ekkert tryggingarfé móts við skuldabréf, sem hann kynni að kaupa af byggingarsjóðnum. Og það mundi enda á því, að stjórn bankans mundi ekki sjá sér fært að kaupa slík bréf. En breytingar n. fela það eitt í sér, að bæta þessari stofnun, byggingarsjóði verkamannabústaða, við sem 3. aðila, til þess að leggja fram tryggingu samkv. 11. gr., um leið og það kemur til framkvæmda, að ríkisveðbankinn kaupi einnig skuldabréf af slíkri stofnun.

Að lokum þótt n. rétt, úr því að farið var að bera fram brtt. við frv. á annað borð, að ákveða einnig, að l. þessi öðlist þegar gildi, til þess að greiða fyrir því, að sá undirbúningur, sem er nauðsynlegur undir framkvæmd laganna, geti byrjað sem fyrst, og l. þannig komið sem fyrst til framkvæmda.

Jónas Jónsson: Ég er hv. frsm. yfirleitt samdóma um það, að það hafi verið óhjákvæmilegt að breyta frv. á þann hátt, sem gert hefir verið, þannig að sú nýja deild, verkamannabústaðirnir, fylgi að því leyti sem eðli málsins leyfir. Það er nokk-

ur hætta um svona stofnun, ef eitthvað kæmi til að draga heildina niður. Ég held, að hv. Nd. hafi ekki gætt þess alveg fyllilega, að svo mátti ekki vera.

Af því að rætt er um þetta mál í sambandi við veðdeildina, þá vil ég láta á nægju í ljós, hvað gengur fljótt og vel með þetta frv. Það er vegna þess, að það er sem stendur einasta sýnilega vonin um það, að það sé hægt að skapa eðlilegan markað fyrir íslenzk verðbréf. Sú leið, að ríkið taki lán og láni veðdeild, er ófær til lengdar og ríkinu til stórskaða. Og jafnframt því hefir veðdeildin átt mjög örðugt með að selja sín bréf.

Þegar ég í haust sem leið hreyfði þessu máli fyrst, eftir ósk þáv. fjmrh., við Jón Krabbe í Kaupmannahöfn, þá komum við okkur saman um að reyna þessa leið til að skapa varanlegan markað fyrir verðbréf Landsbankans og Búnaðarbankans. Leiðin væri sú, að búa til einskonar millistofnun, sem tæki verðbréf okkar innlendu banka og gæfi út verðbréf í því formi, sem aðgengilegt er á heimsmarkaðnum. Síðan gerði Jón Krabbe frumdrög að skipulagi þessarar stofnunar, eftir beiðni þáv. landsstj., og er þetta frv. byggt á þeim grundvelli. Nú er aðeins eftir að reyna, þegar Alþingi hefir gengið frá þessu máli, hvort það tekst smátt og smátt að koma okkar fasteignaverðbréfum inn á markað í Skandínavíu og Englandi. Menn mega náttúrlega ekki vera allt of bjartsýnir, að þetta beri mikinn ávöxt strax. Verðbréf okkar eru óþekkt, og það hlýtur að kosta tíma og fyrirhöfn að kynna þau. En þetta er eina eðlilega leiðin til að selja okkar verðbréf erlendis. Um innlenda markaðinn eru þær líkur, að í svo fátæku landi verði alltaf minni eftirspurn en framboð, en sjálfsagt er að nota hann út í yztu æsar.

Ég álít það mjög eðlilegt og nauðsynlegt að breyta á næsta þingi frv. um verkamannabústaði og m. a. færa í samræmi við þessi væntanlegu lög, eins og fjhn. lagði til. Þessa er því fremur óskandi, sem allar líkur eru til, að á næsta ári verði að leggja mesta áherzlu á það að koma upp smáhúsum fyrir starfsfólk landsins fyrir það takmarkaða fé, sem varið verður í húsabyggingar.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ég hefir fyrir n. ekkert verulegt að segja út af ummælum hv. 5. landsk. En frá sjálfum mér vildi ég segja það, að það hefir í raun og veru verið frá upphafi þeim mönnum, sem hafa haft löggjöf um fasteignaveðlán til athugunar, allljóst, að lokaniðurstaðan um fjárútvegun til fasteignalána hefði orðið að vera sú, að gefa út skuldabréf, sem mættu vera í erlendri mynt, a. m. k. jafnframt sem þau hljóðuðu upp á ísl. krónur.

Að ekki var horfið að þessu ráði 1925—26, þegar verið var að rétta veðdeild Landsbankans við eftir margra ára niðurlægingu, það stafaði af því, að gengissveiflur bæði hér og í nágrannalöndunum höfðu staðið yfir allt fram til þess tíma, og enginn gat því vitað, hvenær þeim mundi að fullu lokið. Og meðan hvorki var hægt að tala um neitt ákveðið gildi ísl. krónu né heldur fast gullgildi gjaldeyris nágrannalandanna, þá þótti ekki tímabært að setja lagaheimild um að gefa út skuldabréf, sem hljóðuðu bæði upp á ísl. krónu, sem sveiflaðist fram og aftur, og einnig erlendan gjaldeyri, sem sömuleiðis var óstöðugur á þeim tíma. Og það var ekki sízt í samráði við þann fjármálamann, sem undirbjó þetta frv., að farið var inn á þá leið, sem þá þótti sú eina færa leið, nefnilega að nota ríkissjóð beinlínis sem millilið og láta hann koma beinlínis fram sem lántakanda. Nú segir hv. 5. landsk., að lántökurnar fyrir veðdeildina hafi skaðað landið. Ég er alveg sannfærður um, að þetta er misskilningur. Lántökurnar 1926—27 hafa ekki getað skaðað landið eða lánstraust þess á nokkurn hátt heldur en sala á veðdeildarbréfum kemur til að gera, sem þetta frv. fjallar um. Það er sem sé full ábyrgð ríkissjóðs í báðum tilfellum. Þar er enginn mismunur. Spursmálið er, hvort baktryggingin sé nokkuð verri 1926—27 heldur en verður samkv. ríkisveðbankalögunum. En þegar það er nánar athugað, þá sést það, að tryggingarnar, sem ríkissjóður hafði sem lántakandi 1926—27, þær eru a. m. k. eins góðar eins og þær, sem ætlaðar eru gagnvart sölu skuldabréfa eftir þessu frv.

Ég er þess vegna alveg viss um, að það er fullkominn misskilningur hjá hv. 5.

landsk., að þessi ráðstöfun hafi á nokkurn hátt skaðað landið. Auðvitað hefir hún aukið skuldbindingar landsins, en það gera öll skuldabréf, sem seld eru samkv. frv., sem er til meðferðar. Og það er ekki hægt að segja, að það á neinn hátt skaði landið, þó að skuldbindingar út á við aukist, svo framarlega sem menn eru sannfærðir um, að þær ráðstafanir séu í heild sinni landinu til gagns.

Þá sagði hv. 5. landsk., sem rétt er, að eftir sé að sjá, hvernig tekst að koma þessum skuldabréfum ríkisveðbankans á erlendan markað. Ég fyrir mitt leyti ber gott traust til þess, að það muni takast, og sérstaklega fyrir þá sök, að stj., sem hefir undirbúið þetta mál, hefir þorað að stíga það spor, sem áður fyrr hefir þótt nokkuð djarflegt, og það er að leggja ríkið í ábyrgð fyrir öllum skuldabréfum. Þetta er ekki gert gagnvart veðdeildarbréfum hinna fyrri flokka. Ríkissjóður hefir lagt til tryggingarfé, en ekki gerzt ábyrgur fyrir slíkum skuldabréfakaupum, nema fyrir þeim flokkum, sem keyptir voru 1926—27, og eitthvað lítils háttar áður. Það hefir áður verið stigið það spor að taka ríkisábyrgð á jarðræktarbréfum, til þess að tryggja, að lánsfé til jarðabóta og annara þeirra framkvæmda, sem ræktunarsjóðslögin kveða á um, fengist ávallt með hinum allra beztu kjörum. Nú hefir hæstv. stj. stigið það spor, að leggja til í þessu frv., að ríkissjóður taki ábyrgð einnig á þessum almennu fasteignaveðskuldabréfum landsins. Og ég er sannfærður um, að þetta ákvæði verður til þess, að þessi bréf verði sæmilega vel seljanleg erlendis, með því að það er líka sæmilega búið um alla tryggingu samkv. frv.

Það er nú enginn fjmrh. til að tala við, fremur en vant er. En ég vil gera ráð fyrir því við framkvæmdina, að hæstv. stj. sjái um það, að gengi þessara skuldabréfa verði skráð, — a. m. k. í einhverri einni kauphöll erlendis. Sú skráning þýðir það, að alltaf sé hægt að fá lánsfé til þess svo aftur að lána út gegn fyrsta veðrétti í fasteignum. En kauphallarverð á bréfum verður breytilegt og segir til, hversu hagstæð eða óhagstæð kjörin geta orðið. Það ástand, sem nú er, að ekki er mögulegt að fá peningalán gegn fyrsta veðrétti í fasteign, þykir nú á dögum svo undarlegt, að útlendingar, sem koma hingað, ætla ekki að trúa því. Nú verður hægt að fá þessi fasteignaveðlán, en kjörin geta orðið mismunandi hagstæð eða óhagstæð. Og það verkar þá náttúrlega þannig, að þegar lánskjörin eru óhagstæð, þá dregur úr byggingum, og menn reyna heldur að byggja og framkvæma á þeim tímum, sem þessi lán fást með hagstæðari kjörum.

Jónas Jónsson: Það er lítilsháttar misskilningur hjá hv. 1. landsk. um það, að það ástand sé heilbrigt, að ríkið taki lán til þess að kaupa veðdeildarbréf. Það er misskilningur, að þetta hafi ekki skaðað landið. Og ástæðan er beint sú, að þessi lán, sem landið tekur sjálft, þau eru talin skuld landsins. Til þess að lengja ekki umr. um of, vil ég drepa á það, sem ég sagði í vetur á þinginu, að þegar verið var að taka ríkislánið í nóvember í haust, þá kom tilboð meðal annara frá sænskum bönkum. Og milli þeirra lánardrottna og sendiherra Íslands kom það fram, að þeir töldu skuldbindingar ríkisins með fyrir veðdeild, eins og venjulegar ríkisskuldir, sem komi til greina viðvíkjandi lánstrausti landsins. Þar sem landið hefir afarmikla þörf fyrir fasteignalán bæði í bæjum og sveitum, þá hefði það eftir gömlu reglunni stórkostlega aukið ríkisskuldirnar. Er þá ekki efasamt, að það hefði verulega spillt fyrir landinu og uppsegið lánstraust þess.

Nú er hv. 1. landsk. sjálfsagt vel kunnugt, að engin af nágrannaþjóðum okkar hefir tekið upp þessa aðferð. Það má segja, að Danir hafi um alveg sérstaka tegund fasteignalána gengið í þessa átt, viðvíkjandi húsmannabústöðum, og það var af sömu ástæðu og hér er, til að styðja þessa lántakendur. En þessi aðferð, að ríkið væri aðallántakandinn, er alveg óþekkt, og gæti ekki endað í öðru en að verða veruleg hindrun þess, að landið gæti notað sitt lánstraust til annara sjálfsagðra þarfa.

Ég get bætt því við, að bæði þessir sænsku bankamenn og eins franskir héldu því fram við sendiherrann sem sinni skoðun, að borið saman við fólksfjölda væru ríkisskuldir nægilega miklar,

þótt þetta lán væri ekki nema 10 millj., í staðinn fyrir 12, eins og heimilað var. Og þessari mótbáru, sem ég talaði um, var líka hreyft í enskum bönkum.

Án þess að ég óski að vekja miklar umr. um þetta, þá get ég sagt, að miklu betur hefði það gefizt, ef hv. 1. landsk. hefði þegar hann var fjmrh. lagt inn á þessa leið, heldur en að taka ríkislán þau, sem hann tók. Og það er af þeim ástæðum, sem ég er búinn að færa fram.

Viðvíkjandi því, að djarft sé að ganga í ábyrgð fyrir þessum bréfum út á við, er það að segja, að betra er að komast hjá því. En þó er sá munur á, að þessi ábyrgð mun að öllum jafnaði ekki verða talin lánstraustsspillandi fyrir landið. Á heimsmarkaðnum er hún ekki talin sem lán. Í nágrannalöndum okkar er það ekki talin skuld ríkissjóðs, þegar ríkissjóður gengur í ábyrgð vegna vissra fyrirtækja, svo sem verkamannabústaða.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ég tók eftir því, að hv. 5. landsk. var ekki inni þegar ég gerði grein fyrir þeim sérstöku ástæðum, sem eru þess valdandi, að árin 1926—27 var ekki fært að leggja út á þá leið að gefa út tveggja mynta skuldabréf fyrir veðdeildina sjálfa, heldur varð að útvega fé með því að ríkissjóður sjálfur væri lántakandi. Af því að hv. þm. heyrði ekki um þetta og hefir líklega ekki heyrt um það áður, eða þá ekki skilið það til fulls, þá legg ég ekki mikið upp úr þeim ummælum hans, að mér hefði verið betra sem fjmrh. að hafa slegið inn á þá leið, sem nú á að fara. Hún var ekki fær, meðan lággengi var á ísl. krónu og þeim gjaldeyri erlendum yfirleitt, sem um gat verið að ræða við hliðina á ríkissjóðnum. Þetta var m. a. Jóni Krabbe alveg ljóst. Og það er til bréf frá honum, bæði til mín og samverkamanna minna í ráðuneytinu, þar sem hann bendir á, að eina færa leiðin sé, eins og stendur, til þess að skapa ísl. peningastofnunum fjármagn 1925—26, að ríkissjóður sé lántakandinn. Það var þá búið að reyna hina leiðina, að Landsbankinn tók lán með ábyrgð ríkissjóðs, og þær umleitanir höfðu gefizt þannig, að ekki þótti fært að halda lengra á þeirri braut. Það er því skortur á sögulegri þekkingu hjá hv. 5. landsk., þegar hann talar um það, að betra hefði verið að leggja inn á aðrar leiðir. Þá var engin önnur leið fær; en bæði mér og öðrum, t. d. þeim, sem sömdu ríkisveðbankalögin 1921, hefir verið það ljóst frá upphafi, að endanleg úrlausn þessa máls hefir legið í því, að gefa út tvímyntaðar „obligationir", en hitt er nýmæli í þessu frv., að stíga það spor að taka fulla ríkisábyrgð á þessum bréfum, þótt það sé hentug ráðstöfun, svo fremi sem peningastofnunum landsins er stjórnað með fullri gætni, svo að ábyrgðin verði ríkissjóði ekki til tjóns.

Það er ekki venjuleg aðferð neinstaðar, að ríkið sjálft taki lán til þess að lána það svo aftur út til peningastofnana, sem veita fasteignaveðslán, en það voru fleiri en við, sem urðu að fara inn á þessa leið á lausgengisárunum. Þetta gæti hv. 5. landsk. fengið upplýst, ef hann vildi hafa fyrir að kynna sér það.

Ég get endað mál mitt fyrir n. hönd með því, að hún mælir hið bezta með því, að frv. verði samþ. ásamt brtt. á þskj. 322.

Jónas Jónsson: Það er rétt hjá hv. 1. landsk., að ég hafði ekki heyrt úr ræðu hans skýringuna á aðstöðu hans í sambandi við gengismálið 1925—26, en það skiptir ekki máli í þessu sambandi, af því að hefði krónan verið fest t. d. 1924, áður en hún var látin hækka, þá hefði fyrr komizt á hið „normala" ástand. Hvarvetna var mikil áhætta að taka ríkislán á lausgengisárunum, ef verð krónunnar breyttist. Áhættan fyrir ríkið (eða lántakandann) fór eftir því, hvort krónan hækkaði eða lækkaði, þar sem hún átti eftir góðan fimmta part árið 1926 til þess að hún næði því takmarki, sem mun a. m. k. hafa vakað fyrir hv. 1. landsk. Þetta lán 1926 var því í mesta máta áhættusamt fyrir báða aðila. Það eitt, að krónan hefir enn sem komið er haldizt föst, hefir gert það að verkum, að áhættan er ekki sýnileg í öðru en álitinu út á við. Annars er það öllum ljóst, að þar sem hér er lausgengi ennþá á þann hátt, að við höfum ekki fastviðurkennda krónu, þá er þessi hætta enn fullkomlega til staðar. Og ég verð að álíta, að sá mótþróa gegn verðfesting gjaldeyrisins, sem kom fram frá tveim flokkum þingsins, hafi verið

aðalorsök þess, að ekki hefir gengið betur en þetta að koma skipulagi á þennan veðdeildarmarkað, og fyrir þá sök stafar mikil hætta fyrir ríkið af því, að krónan skuli ekki vera verðfest.

Frsm. (Jón Þorláksson): Það er auðvitað alger misskilningur hjá hv. 5. landsk., að það hafi verið aðalnauðsynin fyrir þessari lántöku 1926, að íslenzka krónan var ekki verðfest. Það, sem gerði það ómögulegt að gefa út tvímyntaðar „obligationir", var það, að hinar myntirnar voru einnig óverðfestar. Það er vel gerandi að gefa út tvímyntaðar „obligationir" og þær geta verið útgengilegar, þótt íslenzka krónan sé ekki verðfest, aðeins ef komið er fullt traust á hina erlendu mynt, sem skuldabréfið er í. En það þýðir ekki heldur að bjóða skuldabréf í dönskum krónum, meðan heimurinn veit ekki, hvort danska krónan stendur stöðug. Ekki hefði það gert neina breyt. á þessu, þótt krónan hefði verið stýfð í gjaldverði eða neðan við það 1924, sem enginn vildi gera þá. Það var þetta, sem ég var að gera grein fyrir og hv. 5. landsk. heyrði ekki, að það hjálpar ekki að gefa út tvímyntuð skuldabréf, þegar svo stendur á, að menn geta hvorugri myntinni treyst. Því var ekki um annað að velja en annaðhvort að láta það ástand, sem var, haldast, eða gera þær ráðstafanir, sem gerðar voru árið 1926–27. Og þessar ráðstafanir verkuðu þannig, að bæði var nóg atvinna í landinu og menn komust upp á að nota sér þann tíma til hagsbóta, sem annars hefði orðið að miklu leyti ónýtur. Og ég verð að segja það, að þótt þetta hafi aukið skuldabyrði landsins út á við, þá hefir þetta mál vissulega margar aðrar hliðar, og það er ekki hægt að lýsa því með einu orði, að þessar ráðstafanir hafi skaðað landið, jafnvel þótt lánið frá 1930 hafi orðið eitthvað minna en annars hefði verið hægt að fá, af því að þessar skuldbindingar voru þá fyrir. Á hitt verður að líta, að þessar ráðstafanir gerðu það mögulegt að nota vinnukraftinn í landinu á þessum árum til að vinna að margþættum framförum.

Jón Baldvinsson: Magnús heitinn Kristjánsson, sem var fjmrh. í stjórn Framsóknarflokksins 1928, tók vel í það hér á þinginu að nota heimild þá, sem fólst í veðdeildarlögunum um það, að ríkið ábyrgðist lán til þess að kaupa fyrir veðdeildarbréf. Þetta hafði verið gert áður, eins og búið er að upplýsa í umr., en þrátt fyrir þessa heimild í l. og þrátt fyrir góð orð fjmrh., þá varð ekkert úr þessu, enda féll Magnús Kristjánsson frá skömmu síðar.

Það, sem hefir gerzt í þessu máli frá hendi ríkisstj., er ekki annað en það, að hún hefir trassað að uppfylla þau loforð, sem hún hafði gefið, en búizt var við, að myndu verða efnd. Afleiðingin hefir orðið sú, að uppétizt hefir það fé, sem fyrir var til bréfakaupanna, en alltaf svo mikil þörf hér á erlendu lánsfé, að bréfin hafa um skeið verið lítt eða óseljanleg, nema fyrir afarlágt verð. Þetta ástand hefir aftur á móti dregið mjög úr byggingum í kaupstöðum og líka í sveitum landsins, og erfiðleikar hafa skapazt, því fyrir lágu lánbeiðnir hjá Landsbankanum, sem námu mjög miklu fé og höfðu stórvægilega þýðingu fyrir menn, sem búnir voru að taka lán, á einn eða annan hátt, út á byggingar þær, sem þeir voru búnir að koma upp. Sumpart höfðu þessir menn fengið lán hjá vinum sínum og sumpart hjá efnissölunum, og það er áreiðanlegt, að mikið af þessu fé stendur sem skuld landsins erlendis, og hefir orðið til þess að minnka það veltufé, sem var hér og væri annars til í landinu handa atvinnurekstrinum. Á hinn bóginn hefir þetta dregið stórkostlega úr atvinnu þeirra manna, sem byggingar hafa stundað, og aukið að öllu leyti á hið erfiða ástand, sem verið hefir hér nærfellt eitt ár, og það heldur áfram að auka á vandræði manna, unz úr verður bætt. Þótt þetta frv. um nýja stofnun til þess að koma bréfunum á erlendan markað sé nú fram komið, þá er það næsta seint, og ríkisstj. hefir þó látið skína í það á undanförnum þingum, að hún væri með einhvern slíkan undirbúning, en hann hefir tekið æðilangan tíma og orðið til stórskaða fyrir land og lýð. Því að þótt deila megi um það, hvort það sé fært landinu til skuldar erlendis, að landið gangi í ábyrgð fyrir fé til kaupa á veðdeildarbréfum og það dragi úr lánstraustinu, þá er ekki að efa,

að þeir erfiðleikar, sem skapast við það, að ekki hefir verið hægt að fá lánað fé, þeir draga líka úr lánstraustinu, og ekki er víst nema minni skaði hefði verið að því að geta sagt, að ríkið skuldaði nokkrum millj. meira erlendis en þessi stöðvun á byggingunum hefir valdið. Ég hygg, að það hefði vegið minna, þótt ríkisskuldirnar hefðu aukizt um 2—3 millj., og því hefði verið varið til þess að kaupa og leysa út þessi bréf, heldur en tjónið af byggingastöðvuninni.

Viðvíkjandi því, sem n. leggur til um breyt. á þessu frv., þá býst ég við, að við það verði ekki annað að gera að svo komnu máli. Eins og þetta frv. er byggt upp, þá geta byggingarsjóðir ekki komizt þarna inn nema með því, að um þá sé gerð sérstök löggjöf, og líklega stofnaður einn byggingarsjóður fyrir allt landið í heild, hvort sem það nú verður aðeins að forminu til, svo að hægt verði að selja þessi bréf, þá liggur það ekki fyrir í l. um verkamannabústaði, svo að ekki er um annað að gera en samþ. þær till., sem bornar eru fram á þskj. 322, og útbýtt var í morgun, samþykkja þær í trausti þess, að löggjöfin verði samrýmd, svo að byggingarsjóðir eigi aðgang að þessari veðdeild með sölu bréfa sinna á erlendum markaði, á sama hátt og Landsbankinn og Búnaðarbankinn selja sín bréf. Það er æskilegt, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi, og einnig frv. um veðdeild Landsbankans, sem er hér aftar á dagskránni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 322,1 samþ. með 8 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 322,2 (ný 11. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
— 322,3 (ný gr., verður 12 gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 19. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 335).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 335).

Á 34. fundi í Nd., 20. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 404).

---

32. Forðagæzla.

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæzlu (þmfrv., A. 81).

Á 11. fundi í Nd., 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Lárus Helgason): Þetta frv. var flutt hér á síðasta þingi og gekk greiðlega gegnum deildina. Það var sent til Ed., en dagaði þar uppi.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál. Hv. þdm. er það kunnugt, að landbúnaðinum stafar mikil hætta af ógætilegum ásetningi. Þess vegna hefir landbn. flutt þetta frv. á þessu þingi, til þess að koma í veg fyrir, ef verða mætti, það tjón, sem orsakast af fóðurskorti.

Breyt. þær, sem frv. felur í sér, eru í fáum dráttum þessar: Forðagæzlumönnum er gefið nokkru meira vald en þeir hafa nú og hreppsnefndum veitt dálítið meira aðhald. Ennfremur er þeim, sem berir verða að því að setja viljandi illa á fóðurbirgðir sínar, gert að skyldu að hlíta úrskurði um það efni.

Af því að frv. mætti engri mótspyrnu á síðasta þingi, álít ég ekki þörf á því að fara frekari orðum um þetta. Ég vildi að-

eins mega óska þess, að málið ætti hér í d. greiðan gang, eins og áður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 27. júlí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 29. júlí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 81).
Á 17. fundi í Ed., 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 316).

Frsm. (Jón Jónsson): Landbn. vill virða þann tilgang, sem fram kemur í frv., að tryggja betur en áður, að fénaði sé ætlað nægilegt fóður. En n. virðast sum ákvæði þess ekki svo skýr sem æskilegt væri, og leggur því til að orða um 4. gr. frv. Í 4. gr. er gert ráð fyrir, að hreppsnefndir geti farið heim til manna og drepið fénað af fóðrum með aðstoð fógeta. Þetta ákvæði fannst okkur allharðneskjulegt, en hinsvegar ekki nógu skýrt ákveðið um, að hreppsnefndir ættu að tryggja mönnum forða, því að það á auðvitað fyrst og fremst að vera hlutverk hennar í þessu efni. Því leggur n. til, að frvgr. sé þannig breytt, að maður sá, sem eigi á nægilegt fóður handa fénaði sínum, skuli ráða bætur á því, og sæta sektum, ef hann vanrækir það, og því eigi hreppsnefnd að tryggja fénaðinum forða, en auðvitað eigi eigandinn að bera þann kostnað, sem af því leiðir. En n. gekk þó inn á það með flm., að ef reyndist torvelt eða ómögulegt að afla fóðurs, væri hreppsnefnd heimilt, með aðstoð fógeta, að koma fénaðinum í fóður, eða jafnvel selja eða slátra, ef ekki væru önnur úrræði fyrir hendi. Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 316.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 316,1 (ný 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 316,2 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 19. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 339).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 339).
Á 34. fundi í Nd., 20. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 405).

---

33. Löggilding Rauðuvíkur.

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var útbýtt:
Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar að Rauðuvík við Eyjafjörð (þmfrv., A. 228).

Á 25. fundi í Nd., 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 12. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 14. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ., við 3. umr. í Nd. (A. 228).
Á 31. fundi í Ed., 17. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 228, n. 345).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Torfason): Ég leyfi mér að skírskota til nál., og mælum við nm. með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 420).

---

34. Útflutningsgjald af síld o. fl. (frv. GÍ og JJós).

Á 4. fundi í Nd.,18. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 15, 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af síld o. fl.] (þmfrv., A. 40).

Á 6 fundi í Nd., 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Í lögum frá 1921 eru ákvæði um visst hundraðsgjald af öllum útfluttum vörum, nema síld og síldarafurðum. Um það voru samin sérstök lög, og af þessum vörum er tekið miklu hærra útflutningsgjald en af öðrum vörum. Voru færðar fram sérstaklega þrjár ástæður þessu til réttlætingar. Hin fyrsta, að síldarútvegurinn væri að talsvert miklu leyti í höndum útlendinga, önnur, að atvinnuvegurinn væri mjög arðsamur og því rétt, að hann bæri hærri skatta en aðrir, sem minna gæfu í aðra hönd, og sú þriðja, að atvinnuvegurinn drægi fólk frá öðrum atvinnuvegum um stuttan tíma árs, þeim til tjóns, og þótti þess vegna rétt að setja nokkurskonar „bremsu“ á of öra útþenslu hans.

Þessar þrjár ástæður eru nú allar fallnar burt. Með síldareinkasölunni komst síldarútvegurinn í hendur Íslendinga, og er ekkert nema gott um það að segja. Hitt er lakara, að önnur ástæðan, sú, að atvinnuvegurinn sé sérstaklega arðsamur,

er líka fallin niður. Um þá þriðju, að atvinnuvegur þessi dragi sérstaklega fólk frá öðrum atvinnuvegum, er það að segja, að síldarútvegurinn er nú kominn í það fastar skorður, að hann notar að mestu sama vinnuaflið frá ári til árs.

Verð á síld hefir fallið ákaflega mikið frá 1921. Það mun láta nærri, að nettóverð á saltsíld hafi á árunum 1921—1928 verið um eða litið yfir 20 kr. tunnan. Síðan hefir það lækkað niður í 8.50. Þetta gjald, kr. 1.50 á tunnu, er því afartilfinnanlegt fyrir framleiðendur síldar. Er farið fram á það í þessu frv., að það sé lækkað niður í 75 aura. Ég býst við, að margir líti svo á, að nú sé engin ástæða lengur til þess að undanskilja síld og síldarafurðir frá almennum ákvæðum um útflutningsgjald, og ég viðurkenni, að það væri réttast. En við flm. höfum tekið tillit til þess, að það er tilfinnanlegt jafnan fyrir ríkissjóð að missa tekjustofna, og þess vegna höfum við ekki farið lengra en þetta. Ég vil svo mælast til, að frv. þessu verði að lokinni umr. vísað til sjútvn. og 2. umr.

Sveinn Ólafsson: Út af niðurlagi ræðu hv. flm. vildi ég aðeins geta þess, að mér virðist þetta mál eiga heima miklu fremur í fjhn. en sjútvn. Í raun og veru gildir sama um tvö þeirra mála, sem á þessum fundi hafa verið afgr. til sjútvn. Þau eru að öllu í eðli sínu bæði fjhn.mál.

Ég geri því að minni till., að þetta frv. verði sent til fjhn., þar sem það eftir þingvenju á heima, eins og önnur tollamál og skatta, en ekki til sjútvn. Að öðru leyti ætla ég ekki að hlutast til um þetta frv. að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15. shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 : 2 atkv.

Á 19. fundi í Nd., 3. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 153).

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Sjútvn. hefir haft þetta frv. til meðferðar og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. með breyt. Í frv. er gert ráð fyrir, að síldartollur sé færður úr 1.50 kr. niður í 0.75 kr. N. hefir ekki orðið sammála um að ganga svo langt, og varð það að samkomulagi að leggja til, að tollurinn yrði færður úr 1.50 kr. niður í 1.00 kr. Okkur flm. í sjútvn. þótti skynsamlegt að slá af þeim kröfum, að tollurinn yrði færður niður í 0.75 kr. Okkur fannst það svo þýðingarmikið atriði, ef hægt væri að fá endurgreiddan toll af sykri og kryddi, að við vildum ekki kljúfa n. á þessu. Eins og nú horfir eru líkur til, að síldarútvegurinn verði að draga saman seglin á þessu ári meira en áður hefir verið. Í fyrrasumar var ca. ¼ af síldinni sérverkaður, en líkur eru til, að sú tegund síldar verði meira seld í framtíðinni en nú er. Fyrir krydduðu síldina fæst nokkuð hærra verð en fyrir aðra síld, og minni hætta er á því, að hún skemmist. Markaður fyrir kryddaða síld er líka miklu víðar. Að þessu athuguðu er það ljóst, að nauðsyn er að leggja áherzlu á að sérverka síld meira en hefir verið gert. Ég vil leggja áherzlu á, að síldarútveginum er mjög mikið hagsmunaatriði að fá þennan toll endurgreiddan, og frá sanngirnissjónarmiði verður tæplega á móti því mælt, að það sé rétt. Það er engin ástæða til, að ríkissjóður taki toll af þessum vörum, sem svo eru jafnóðum fluttar út aftur. Það getur mikið oltið á því í framtíðinni, hvort tollur er endurgreiddur eða ekki, því hann nemur nú á 2. kr. á tunnu. Þótt það sé ekki mikil upphæð sem stendur, þá getur það munað miklu, ef síldarmagnið tvöfaldast eða þrefaldast. Ég vona, að hv. dm. sé ljóst, hve mikil nauðsyn þetta er fyrir sjávarútveginn og greiði þessu frv. atkv. sitt.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Mig furðar á afgreiðslu n. á þessu frv., sérstaklega á því, að hvergi er getið um það í nál., að neitt annað frv. sé á ferðinni um sama efni. Annars skiptir það litlu máli, en mér finnst furðulegt, sérstaklega þegar litið er til þess, sem hv. frsm. sagði um ástand síldarútvegsins, hversu mikil þörf honum væri á því að vera veitt liðsinni og hversu mikið gæti oltið á því, að tollur væri færður niður, að þeir skyldu ekki lækka hann nema um 50 aura. Ég get ekki frá því vikið, að eðlilegast sé, að um síld og síldarafurðir gildi sömu ákvæði og um

útflutningsgjald af öðrum vörum. Það er ekki hin minnsta ástæða fyrir hendi að leggja hærra gjald á þessar afurðir. Útflutningsgjaldið er stór liður í kostnaði við atvinnurekstur, eins og sjá má af því, að útflutningsgjald af síldartunnu er 1.50 kr. og innflutningsgjald af saltinu 0.50 kr., þannig að tollur á síldartunnu er um 2 kr. Þá er tollur hvorki meira né minna en 22%—25% af andvirði síldarinnar. Þeir, sem stunda þessa atvinnu, verða að gjalda í toll um ¼ part af þeirri veiði, sem flutt er á land. Það er bersýnilegt, að þetta er gegndarlaus rangsleitni og heimska, að hafa þennan skatt svo háan, að það nær engri átt. Mig furðar á því, að hv. frsm. skuli hafa gengið inn á þessa breyt. Ég mun þó sennilega ekki greiða atkv. móti þessu frv.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Ég get tekið undir það með hv. þm. Seyðf., að það sé ekki réttmætt, að tollur á síld sé hærri en á öðrum sjávarafurðum. En mér var ljóst af þeim undirtektum, sem við í n. höfum fengið um þetta mál, að ekki myndi verða kostur á að fá þessa breyt. Þess vegna vildum við flm. frv. sætta okkur við að þessu sinni, að lækkunin yrði ekki meiri en þetta, með tilliti til þess að fá afnuminn toll af sykri og kryddi. Ég álít, að þó ekki sé stigið fullt spor í þá átt að létta tollum af síldarútveginum, þá sé þetta þó töluvert í áttina og það sé betra í bili en engin lækkun.

ATKVGR.

Brtt. 153,1 samþ. án atkvgr.

— 153,2 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frvgr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 153,3 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17 : 1 atkv.

— 153,4 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16. shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 15, 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af síld o. fl.] o. fl.

Á 21. fundi í Nd., 5. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 191).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 191).

Á 23. fundi í Ed., 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 191, n. 364).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er ekkert nýtt, að farið sé fram á það á Alþingi, að létt sé útflutningsgjaldi af síld. Hafa verið gerðar til þessa margar tilraunir á undanförnum árum, en hafa engan árangur borið. Nú hefir þetta frv. verið flutt í Nd. og afgr. þaðan með miklum meiri hl. Fer frv. fram á það, að tollur af hverri síldartunnu sé færður niður í kr. 1.00 úr kr. 1.50. Vil ég ekki fjölyrða um sanngirniskröfu þá, sem liggur að baki þessu frv. Þó að útflutningstollur af síld sé færður niður í 1 kr., þá er hann þó hærri en af öðrum íslenzkum vörum. Þessi breyt. á tollalöggjöfinni hefir í för með sér tekjulækkun ríkissjóðs, sem getur numið 70—90 þús. kr. á ári. Veit ég, að margir munu segja, að á þessum tímum sé ekki vænlegt að vera að svipta ríkissjóð tekjum. En þess ber að gæta, að hér er skattur lagður á atvinnugrein, sem nú á erfiðast uppdráttar, jafnvel meir en aðrar, sem illa eru stæðar. Þegar á það er litið, að tollur þessi er geysihár, má ekki horfa í það, þótt rýrni tekjur ríkissjóðs.

Frv. felur einnig í sér ívilnun að því er snertir síldarsöltun á öðru sviði. 2. gr. gerir ráð fyrir endurgreiðslu á innflutningstolli af sykri og öðru, sem notað er við sérverkun síldar. Má segja um þessa ívilnun eins og tollalækkunina, að full

sanngirni mælir með henni. Er það óeðlilegt að íþyngja síldarframleiðslunni með tollum á vörum þeim, sem nauðsynlegar eru, til þess að hægt sé að verka síld svo að hún verði útflutningshæf. Engin verkun á síld er eins hagkvæm fyrir okkur og þessi sérverkun, því að í samkeppninni við aðrar þjóðir stöndum við bezt að vigi með sérverkaða síld. Við getum framleitt betri vöru en þeir, sem verða að salta utan landhelgi. En við höfum við erfiðleika að stríða um ýmislegt það, er þarf til síldarverkunar. Tunnur verðum við að kaupa frá útlöndum, og það, sem við reynum að smíða hér sjálfir, verðum við að flytja inn sem hráefni. Vinnulaun virðast vera hér hærri við slíkan starfa en annarsstaðar, t. d. hjá Skotum. Mér virðist það því alveg sama sanngirniskrafan, að endurgreiddur sé innflutningstollur af þessum vörum. -- Vænti ég þess, að hv. deild taki málinu svipað og Nd., sem samþ. það, og að málið megi ná fram að ganga, áður en þingi lýkur, svo að síldarútvegurinn geti notið þess þegar á þessu ári.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

35. Byggingar- og landnámssjóður.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928 (þmfrv., A. 55).

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta frv. er alveg shlj. frv., sem lá fyrir þinginu 1930 og var þá komið í gegnum báðar d. þingsins og átti aðeins eftir eina umr. til þess að verða að lögum.

Þótt frv. þetta sé stutt og kunnugt frá fyrra þingi, þá þykir mér hlýða að fylgja því nú úr hlaði með nokkrum orðum. 1. gr. frv. er til komin á þann hátt, að í lögum um byggingar- og landnámssjóð eru ákvæði um, að ekki skuli veita lán úr sjóðnum til annara en þeirra, sem séu það vel efnum búnir, að þeir geti rekið búskap á jörðum sínum, en þó ekki svo efnaðir, að þeir geti byggt á jörðunum af eigin rammleik. Nú hefir stj. sjóðsins orðið fyrir aðkasti fyrir það að hafa lánað mönnum, sem stæðu sig svo vel, að þeir í raun og veru þyrftu ekki lánsins með. En til þess að koma í veg fyrir, að þetta geti komið fyrir, þykir nauðsynlegt að setja í lögin ákvæði, sem mæli svo fyrir, að sá, sem lánsins æskir, sé skyldur að senda sjóðsstj. afrit af skattskrá sinni, til þess að hún fái yfirlit yfir efnahag mannsins.

2. gr. frv. fjallar um það, að sjóðsstj. sé á ári hverju heimilt að veita lán til 10 algerðra nýbýla. En eins og nú er, mæla lögin svo fyrir, að byggingar á gömlum býlum skuli ganga fyrir um lán, og eins býli, sem verða til við skiptingu gamalla býla.

Þetta þykir einskorðað, að mega ekki veita nein lán til algerðra nýbýla, sem vel getur orðið sum árin eftir lögunum eins og þau eru nú, og þess vegna er sú breyt., sem felst í þessari gr. frv., fram komin.

3. gr. frv. fer fram á, að breytt verði rentum af lánunum. Eins og kunnugt er, eru aðalrentuflokkarnir 3. Í 1. flokki eru lán til þess að endurreisa íbúðarhús á gömlum sveitabýlum, með 5% afgjaldi í greiðslu og vexti af allri upphæðinni í 42 ár. Í 2. flokki eru lán til nýbýla, sem reist eru á ræktaðri jörð, eða til þess að reisa nýbýli, sem ræktað land fylgir, með 3½% afborgunum í vexti og greiðslu í 50 ár. Í 3. flokki eru lán til nýbýla, sem reist eru á óræktaðri jörð og ekkert ræktað land fylgir. Afborganir í vexti og greiðslur af þessum lánum eru engar fyrstu 5 árin, og síðan skal niðurfæra höfuðstólinn með jöfnum afborgunum á 50 árum, en enga vexti greiða. Er þetta sama og að greiða 2% í afborganir af lánunum allan tímann.

Fyrst er nú það, að það virðist ekki ástæða til þess, þegar jörð er skipt í 2 hluti og byggt upp á báðum hlutum, að

veita lán með mismunandi vaxtakjörum, því vitanlega er jafnerfitt fyrir báða aðila að byggja upp, þó annað heiti nýbýli, en hitt ekki. Þess vegna eiga báðir þessir aðilar að njóta sömu kjara. Sá, sem byggir nýbýlið, hefir forréttindi til lána til útihúsabygginga.

Þá hefir sjóðsstj. ekki álitið rétt að lána mönnum aðeins 2% vaxtalaus lán, sem byrja á byggingu áður en ræktað er. Ákvæði sjóðsins eru þannig, að þeir, sem fá lán til þess að byggja á óræktuðu landi, eiga að njóta lægstu kjara. Rétta leiðin til þess að fjölga býlunum er að rækta fyrst og byggja síðan. En ef menn hafa þessa aðferð, þá er þeim hegnt með því að láta þá greiða hærri vexti. Þetta er algerlega ófært, og þess vegna hefir verið lagt til, að þetta síðarnefnda lán hækki frá því, sem áður hefir verið.

Þá kemur 4. gr. Hún takmarkar, hve lánsupphæð til einstaks manns má vera mikil. Það horfir til stórvandræða fyrir sjóðinn, sem er félítill, hvað sum húsin vilja verða dýr, og til þess að takmarka það, hefir komið frá sjóðsins hendi uppástunga um það, að hámarkslán til eins manns megi vera 10 þús. kr. Á þann hátt geta fleiri notið styrks úr sjóðnum en ella myndi, og menn myndu þá sníða byggingarnar eftir lánsheimildinni — þ. e. byggja minna og ódýrara en ella.

Þá er 5. gr., sem kemur fram með brtt. við 9. gr. laganna. Í 9. gr. er ákveðið, hversu dýrt megi leigja jarðir, sem hefir, með láni úr sjóðnum, verið byggt á. En nú er það komið í ljós, að þessi leiga er svo lág, að undir mörgum kringumstæðum er hún ekki nógu há til þess að borga afborganir af lánum, sem á jörðunni hvíla. Þess vegna er það nauðsynlegt að hækka þá leigu, sem heimiluð er í lögunum, upp í það, sem hér er farið fram á, 5% af landverði og 4% af húsaverði, eða sem næst sparisjóðsvöxtum af jörðum, og sem næst verði húsa, sem húseigendur verða að greiða fyrir lánin til þeirra.

Þá kemur nýmæli í 6. gr. frv. um það, að stj. sjóðsins sé heimilt að lána til bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi.

Á þessum viðreisnartímum er mikil nauðsyn þess að gera tilraunir til þess að afla þekkingar á þann hátt, um það, hvernig búskapurinn eða einstakar greinir hans geti bezt borið sig. En ráðið til þess að það takist, getur m. a. verið það að koma á fót slíkum stofnunum og veita lán til þess að byggja nægileg hús fyrir þessi bú og fá þau svo í hendur einstökum mönnum, sem tækju á sig þær kvaðir, sem því fylgja að gera þær tilraunir, sem nauðsynlegar eru til að fá lausn á ýmsum þesskonar spurningum, sem nú fæst hvergi svarað. Held ég, að slíkt fyrirkomulag væri heppilegra en að ríkið sjálft ræki slík bú.

Ætla ég svo ekki að hafa framsöguna lengri, en vildi leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 1. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 55, n. 148).

Frsm. (Lárus Helgason) [óyfirl.]: Eins og nál. á þskj. 148 ber með sér, leggur n. til, að þetta frv. verði samþ. með breyt., sem á þessu þskj. standa. Þær eru ekki miklar.

Ég ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um frv. sjálft. Þar er um nokkrar breyt. að ræða frá gildandi lögum. 1. gr. hefir það inni að halda, að hlutaðeigandi umsækjandi um lán úr sjóðnum sé skyldugur að senda afrit af skattskrá sinni um eignir og skuldir, staðfest af skattanefnd. Þessar breyt. hafa komið fram vegna þess, að stjórn sjóðsins á þá miklu hægra með að mynda sér skoðun um það, hvort réttlátt sé að veita lán þessum og þessum umsækjanda. Það mun hafa komið fyrir, að lán hafi verið veitt þar, sem tæplega hefir verið hægt að segja, að þörf hafi verið fyrir. Það er meiningin að girða fyrir þetta með þessum breyt.

Þá er 2. gr. frv.; hún hljóðar um það, að heimilt sé að byggja nokkur nýbýli; 10 stendur í frv., en n. leggur til, að þau

verði ekki nema 5. Það er meiningin með þessu að heimila stjórn sjóðsins að veita lán til nýbýla, þó á sama tíma séu fyrir hendi fleiri umsóknir um byggingu á býlum með ræktuðu landi; meiningin er að loka ekki alveg fyrir það, að veita megi lán til nýbýla með óræktuðu landi, en takmarka þó töluna.

3. gr. frv. fjallar um það að gera nokkuð meiri jöfnuð á vöxtum úr sjóðnum til húsbygginga, þannig að það hverfi alveg að veita lán gegn 2%. Samkv. gildandi lögum fær sá maður betri kjör, sem ekki er farinn að vinna að ræktun. En þetta hefir þeim, sem um þessi mál hafa farið, ekki sýnzt réttlátt, og því er lagt til, að hér verði gerður jöfnuður á.

4. gr. frv. fjallar um það, að ekki megi veita meira en 10 þús. kr. til hvers býlis um sig. Með þessu móti, að takmarka fé, ætti á hverju ári að vera fyrir hendi fé til að endurreisa býli.

Þá hefir 5. gr. frv. inni að halda að gera nokkuð meira réttlæti í leigu eða vöxtum eftir fé, sem stendur í hverju býli, ef eigendaskipti verða. Í núg. lögum er sýnilegt, að sá, sem eignast býli, sem byggt er fyrir fé úr byggingarsjóði, fær ekki nær því vexti af því fé, sem í býlinu stóð. Með þessari breyt. er eigendum gert mögulegt að fá þá vexti af fé sínu.

Þá er b-liður þessarar gr., og um hann er n. ekki á einu máli; 2 af nm. hafa skrifað undir nál. með fyrirvara, og þeir munu gera grein fyrir þeim fyrirvara. Meiri hl. n. sýnist þess ekki nauðsyn.

6. gr. frv. hljóðar um það, að stj. sjóðsins sé heimilt að byggja upp á 4 fyrirmyndarbúum á landinu, einu í hverjum landsfjórðungi, en þó eru samkv. till. n. sett takmörk fyrir þessari fjárveitingu, þannig að stjórn sjóðsins er ekki heimilt að veita yfir 20 þús. kr. til hvers býlis um sig.

Ég held, að ég hafi þá útskýrt þetta frv. eins og það liggur fyrir nægilega mikið til þess, að hv. dm. geti myndað sér skoðun um það. Sem sagt leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem í nál. standa.

Steingrímur Steinþórsson: Hv. frsm. gat þess, að við hv. þm. Mýr. hefðum skrifað undir nál. með fyrirvara viðvíkjandi b-lið í 5. gr. frv., sem hv. flm. (BÁ) leggur til, að bætt sé í 9. gr. laganna um byggingar- og landnámssjóð, og það er um það, að ef endurgreitt er lán fyrir umsaminn tíma, þá skuli lánþegi greiða þann mismun, sem stafar af því, að hann hefir fengið lán í byggingar- og landnámssjóði, en ekki í veðdeild Landsbankans. Við, sem skrifuðum undir með fyrirvara, álítum, að þetta sé rétt, því ég get ekki hugsað mér, að nokkur greiði lán úr peningastofnun, sem veitir jafnhagfelld kjör og byggingar- og landnámssjóður, nema hann hugsi sér að selja eignina hærra verði en lögin heimila. Ég sé ekki ástæðu til að lyfta undir slíkt með því að veita nokkur sérstök verðlaun hvað þetta snertir. Af þessu álítum við, að rétt sé að halda þessu ákvæði hér. Það gæti einnig komið til greina, að viðkomandi yrði snögglega svo vel staður efnalega, að hann vildi losna við þessa skuld, enda þótt hann hugsi sér að selja ekki eignina, en ef svo er, getur hann auðveldlega greitt þennan vaxtamismun, sem hér um ræðir. Virðist mér því þessi hlið málsins ekki heldur réttlæta það, að b-liður í 5. gr. verði felldur.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, en við hv. þm. Mýr. leggjum til, að d. samþ. aðalliðinn þannig, en meiri hl. hefir orðið ásáttur um að fella hann burt.

Pétur Ottesen: Ég vildi aðeins geta þess, til viðbótar því, sem hv. frsm. sagði út af þessum till. okkar meiri hl., að mér virðist dálítið varhugavert að samþ. þetta, því eins og hv. 1. þm. Skagf. tók fram, þá getur vel orðið sú breyt. á efnahag þeirra manna, sem fengið hafa lán úr byggingar- og landnámssjóði til þess að reisa hús á jörðum sínum, vegna þess að þeir hafa ekki verið færir um það af eigin rammleik, að þeir verði síðar þess megnugir að greiða lánin upp fyrir tilsettan tíma. Það má e. t. v. segja, að þegar menn eru orðnir svo efnaðir, þá sé þeim engin vorkunn að greiða þennan vaxtamun, en vel gæti verið, að þeir litu svo á, að þeir gætu gjarnan sparað sér þetta og greiddu ekki upp lánið þó þeir gætu. Afleiðingin af þessu verður sú, að margir þeir menn, sem gjarnan vildu og þyrftu að njóta

þeirra lánskjara, sem byggingar- og landnámssjóður hefir að bjóða, færu á mis við það, sökum þess, að sjóðurinn getur ekki fullnægt þeim lánbeiðnum, sem honum berast. Það er að þessu leyti óheppilegt að taka þetta ákvæði upp í lögin.

Steingrímur Steinþórsson: Út af orðum hv. þm. Borgf. get ég tekið það fram, að það, að menn fari að greiða lánin fyrir umsaminn tíma, mun verða afarsjaldgæft. Þeir munu sjá, að með venjulegum sparisjóðsvöxtum fá þeir hærri vexti af fé sínu en þeir þurfa að greiða af lánum hjá byggingar- og landnámssjóði. En ef til þess kemur, þá hlýtur það að vera einungis til þess að geta selt eignina hærra verði en 9. gr. laganna um byggingar- og landnámssjóð heimilar. Þetta álít ég, að sé höfuðatriði í málinu, og legg því eindregið með því, að b-liðurinn verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 148,1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 : 3 atkv.

— 148,2 samþ. með 14 : 3 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 148,3 felld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EA, GÍ, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, PO, SvÓ.

nei: BÁ, BKr, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JónasÞ, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÁÁ, BSt, JörB.

Þrír þm. (ÞorlJ, ÓTh, BJ) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 148,4 samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

7.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 : 3 atkv.

Á 26. fundi í Nd., 11. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 245, 260).

Bjarni Ásgeirsson: Landbn. hefir flutt hér brtt. á þskj. 260, sem ekki er nein efnisbreyt., en bætir úr vangá, sem orðið hafði, þegar málið var flutt. Allur sá liður, sem hér ræðir um, hafði fallið niður, í stað þess að bæta átti við hann aths. á þskj. 145. N. var sammála um að bæta úr þessu, og þess vegna tókum við þetta, og er þá málið komið í það horf, sem upprunalega var ætlað.

Héðinn Valdimarsson: Ég hélt, að hv. þm. Mýr. ætlaði að ganga dálítið lengra í þessu. Eins og þetta er nú orðað frá landbn., getur hver sá maður fengið styrk, sem sendir skattskýrslu, er sýni, að hann geti ekki af eigin rammleik reist nauðsynlegar byggingar. En miklu æskilegra væri, að það væri tekið fram, hve miklar eignir menn megi eiga, og koma þó undir þetta ákvæði.

ATKVGR.

Brtt. 260 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., 12. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 273).

Á 28. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til landbn. í e. hlj.

Á 35. fundi í Ed., 21. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 273, n. 390).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Þetta frv. er borið fram í Nd. af hv. þm. Mýr., en hefir legið fyrir landbn., sem leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd. Það hefir komið fram, þegar farið var að framkvæma l. um byggingar- og landnámssjóð frá 1928, að það eru nokkrir annmarkar á framkvæmd þeirra. Ég skal svo gera nokkra grein fyrir, í hverju þær breyt. eru fólgnar, sem þetta frv. vill gera á l. um byggingar- og land-

námssjóð, og byrja þá á 1. gr. frv., sem fer fram á breyt. á c-lið 3. gr. l.

Í 1. stendur, að lánbeiðandi þurfi að sanna, að hann eigi svo mikil efni, sem nauðsynleg eru til búskaparrekstrar á jörðunni, en geti ekki af eigin rammleik reist þær byggingar, er nauðsynlegar eru fyrir ábúð á henni. Og þetta á hann að sanna með vottorði tveggja skilríkra manna. Þessi vottorð hafa ekki reynzt sem ábyggilegust og leitt til þess, að ýmsir, sem ástæður hefðu haft til þess að byggja án opinbers styrks, hafa fengið lán. Nú er í þessu frv., sem fyrir liggur, fastar kveðið á um þetta og lagt til, að greinin hljóði svo: „að hann sanni með skýrslu um eignir sínar og skuldir, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni", o. s. frv. Við álítum, að slík skýrsla yrði ábyggilegri en vottorðin.

2. brtt. er við 4. gr. l. Í l. er svo fyrir mælt, að lán til þess að endurreisa íbúðarhús á sveitabýlum og til að reisa bæjarhús á nýbýlum, sem hafa ræktað land að einhverju leyti, skuli sitja fyrir lánum til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi. Þetta er sennilega miðað við þær fjárveitingar, sem upphaflega var gert ráð fyrir, að yrðu veittar úr þessum sjóði. Breyt. er í því fólgin, að aftan við fyrri málsgr. 4. gr. l. bætist: „Þó skal sjóðsstjórninni heimilt að veita lán til þess að reisa allt að 5 slík nýbýli á ári hverju". Með þessu er það tryggt, að þó eftirspurn að lánum til endurbygginga verði mikil, er þó a. m. k. alltaf heimilt að veita lán til 5 nýbýla á hverju ári. Nú er sú breyt. á orðin, að augsýnilega verður lánað miklu minna árlega en gert var ráð fyrir upphaflega. Það er ósennilegt, að næstu árin verði veitt annað úr þessum sjóði en þær 200 þús. kr., sem ríkið leggur fram árlega. Það virðist því þörf á ákvæði sem þessu.

Þá er næsta breyt., við 5. gr. l. Sú grein kveður á um það, hvernig lánin ávaxtast og endurborgast. Áður er búið að taka fram, að lán til endurhýsingar skuli ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

Í 5. gr. koma ákvæðin viðvíkjandi lánum til bygginga á ræktuðu landi. Þar er árlegt gjald 3½% af lánsupphæðinni í 50 ár, og loks lán til nýbýla. Þau eru vaxta- og afborganalaus fyrstu 5 árin, en borgast svo með jöfnum afborgunum á 50 árum, vaxtalaust. Breyt. er á þá leið, að miðflokkurinn falli burt og enginn greinarmunur verði gerður á lánum til endurhýsingar og bygginga á ræktuðu landi, enda virðist það ástæðulaust. Þessi lánskjör koma helzt þar til greina, sem jörð er skipt í tvennt, en þá er það oft svo, að sá, sem húsin hefir, er engu betur settur en sá, sem þarf að byggja. Aftur á móti er gert ráð fyrir, að lægsti flokkurinn, lán til nýbýla, sem eiga að borgast með 2% í 50 ár, færist upp í miðflokkinn, og verði veitt með þeim skilyrðum, að þau séu greidd með 3½% á 50 árum, ef nýbýli er reist á óræktuðu landi, eða á landi, sem ræktað hefir verið að nokkru leyti af lántakanda sjálfum síðustu 5 árin, þó þannig, að lánin séu vaxta- og afborganalaus fyrstu 5 árin. Fyrir þessari breyt. liggja aðallega tvær ástæður. Fyrst og fremst er það óeðlilegt að veita lán til svona langs tíma vaxtalaust; nýbýlastofnun er ekki svo óarðvænlegt fyrirtæki, að lán til þess þurfi að vera vaxtalaust í 50 ár. Nægjanlegt virðist, eins og hér er lagt til, að lánin séu vaxtalaus fyrstu 5 árin, meðan ætla má, að landið gefi lítið af sér. Önnur ástæðan er sú, að það hefir komið í ljós, að menn hafa gert tilraunir í þá átt að láta líta svo út, sem þeir væru að stofna nýbýli á óræktuðu landi, þó tilætlunin hafi verið sú, að síðar væri heil jörð lögð undir þau, og þannig greinilega viljað fara í kringum lögin, til þess að lánið heyrði undir vaxtalausa flokkinn. -- Þá er nú sett inn í 4. gr. hámarksákvæði um fjárveitingar til endurbyggingar, en það vantar í l. eins og þau eru nú. -- Um þetta atriði er ekki ástæða til að fara mörgum orðum; það hefir komið í ljós, síðan farið var að framkvæma l. um byggingar- og landnámssjóð, að lánsupphæðir hafa farið langt fram úr áætlun. Ég hefi það nú ekki hér, hvað meðallánsupphæð hefir orðið, en mér er óhætt að segja, að það hefir verið um 10—12 þús. kr. Það er auðskilið, að fyrir flesta lántakendur er þetta miklu hærri upphæð en svo, að þeir geti risið undir henni, þó að vaxtakjörin séu góð.

Ástæðan er oft sú, að allt of stórt er byggt. Lántakandi strekkist við að byggja sem stærst og fullkomnast hús, þegar hann kemst að svona góðum lánskjörum; hann hugsar sér að nota þau í sem allra ríkustum mæli. Þó eftirlit sé að vísu með því, hve stórt er byggt, og á hvern hátt, kemur það þráfaldlega fyrir, að húsin verða of stór og þar af leiðandi of kostnaðarsöm. Nú er lagt til, að ekki sé heimilt að veita sama manninum meira en 10 þús. kr. Ef menn hafa sjálfir ástæður til þess að byggja dýrari hús, er mönnum það auðvitað heimilt, en nóg reynsla er fyrir því, að fyrir þessa upphæð má byggja mjög gott íbúðarhús í sveit. Auðvitað játa ég það, að kostnaðurinn er misjafn, eftir því hvar er á landinu og hve há vinnulaun eru. Nú er mönnum ætlað að leggja fram smíðalaun að $^1/_3$, allan flutningskostnað og heimavinnu, gröft og þess háttar. En víðast hvar mun það reynast svo, að hægt er að byggja ágætt íbúðarhús fyrir 10 þús. kr.

Þá er næst breyt. við 9. gr. l., þar sem hömlur eru lagðar á sölu og leigu þeirra jarða, er byggt hefir verið á fyrir lán úr byggingar- og landnámssjóði. Ég ætla að lesa upp hluta af 9. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því er fasteignamat fór síðast fram. Sé um leiguábúð að ræða, má eftirgjald ekki vera hærra en sem svarar 4% landverðs, að viðbættum 2% húsaverðs, miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðar hafa verið gerðar". Nú fer breyt. fram á, að í stað „4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs" komi 5% landverðs að viðbættum 4% húsaverðs. — Eins og nú er, kemur oft fyrir, að eftirgjald af jörðunni er ekki nóg til þess að standa straum af láni, sem veitt er til bygginga á henni, og eru þá mikil vandkvæði á því að veita lánið. Þetta ákvæði í l. gerir m. a. í mörgum tilfellum ókleift að veita lán gegn afgjaldskvöð, af því að eftirgjaldið allt hrekkur eigi fyrir árgjaldi af láninu. Ef t. d. hafa verið veittar 10 þús. kr. til bygginga á jörð, sem metin er 3000 kr., þá er eftirgjald jarðarinnar 120 kr. og húsanna 200 kr. Það verður samanlagt 320 kr. En árgjaldið til byggingar- og landnámssjóðs er 500 kr., svo að þarna vantar 180 kr. á ári svo að nægi til afborgana á láninu. — Þetta ákvæði er því alveg ófært, og sjálfsagt að breyta því.

6. breyt. gæti einna helzt orkað tvímælis. Þar er svo fyrir mælt, að stj. sjóðsins sé heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á 4 fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfél. Ísl. mæli með stofnun þeirra og hafi sjálft yfirumsjón með rekstri þeirra. Til hvers bús má ekki lána yfir 20 þús. kr. — Um þetta gætu verið skiptar skoðanir. Ég held, að nú fyrst um sinn séu litlar líkur til þess, að út í þessi fyrirtæki verði farið, en mér finnst áhættulítið að láta þetta ákvæði standa í l., þar sem slík lán eru ekki einungis undir eftirliti sjóðsstj., heldur líka Búnaðarfél. Ísl., sem svo hefir yfirumsjón með rekstri búanna. Þessi heimild er því bara á pappírnum fyrst um sinn, en þess hefir verið óskað, að hún væri sett í lögin.

7. breyt. er á þá leið, að fyrri málsgr. 18. gr. l. falli niður. Hún er um stjórn sjóðsins, og er miðuð við það, að upphaflega hafði stjórn Ræktunarsjóðsins hana á hendi. Þar sem sjóðurinn nú er kominn undir þriggja manna stjórn í Búnaðarbankanum, virðist eigi ástæða til að halda í þetta fyrirkomulag um þriggja manna ráðgjafarnefnd.

Ég ætla þá ekki að orðlengja frekar um þessar breyt. 1.—5. breyt. finnst mér mæla svo vel með sér sjálfar, að sjálfsagt sé að samþ. þær, en um þá 6. gæti helzt orkað tvímælis.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.
5.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Af-

brigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 426).

36. Verkamannabústaðir.

Á 12. fundi í Nd., 25. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 1929, um verkamannabústaði (þmfrv., A. 113).

Á 14. og 16. fundi í Nd., 28. og 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Nd., 31. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Þetta frv. berum við jafnaðarmenn í deildinni fram til þess að ráða nokkra bót á núv. löggjöf um verkamannabústaði, eftir því, sem reynslan hefir sýnt, að þörf er á.

Það er nú víða á landinu verið að reyna að koma upp verkamannabústöðum, þótt enn sé hvergi farið að byggja þá nema á Akureyri og grafa fyrir grunni hér í Reykjavík. Víðast hefir strandað á því, að vantað hefir fjármagn til þess að koma þessu í framkvæmd.

Það hefir verið reynt að fá erlend lán til byggingarsjóða verkamannabústaða, en það hefir aðallega strandað á því, að skv. lögunum er ríkisábyrgð aðeins fyrir helming lánanna, en ábyrgð bæjanna að hinum helmingnum, en sú breyting var samþ. á upphaflegu frv. okkar jafnaðarmanna um algerða ríkisábyrgð, að tilhlutun forsrh.

Hér er því farið fram á ríkisábyrgð fyrir allri lánsupphæðinni, en kaupstaðir og kauptún standa svo í bakábyrgð fyrir öllu láninu. Áhætta ríkissjóðs verður því ekki meiri en áður, en vaxtakjör verða þá betri en nú eru þau. Sömuleiðis er lagt hér til, að leyft sé að taka lán í erlendri mynt, því meðan ekki hefir verið fest gengi ísl. krónu, er erfitt að fá lán í ísl. mynt.

Þá er nauðsynlegt að afla byggingarsjóðum verkamannabústaðanna meiri tekna en þeim ber skv. lögunum frá 1929, því ekki er hægt að fá allt það fé, sem þörf er á til bygginga, frá útlöndum. Skv. núgildandi lögum ber sjóðnum að fá úr ríkissjóði eina krónu fyrir hvern íbúa kaupstaðarins og annað eins úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði. Nú er hér farið fram á, að þetta framlag sé hækkað upp í 3 kr. frá hvorum um sig, ríkissjóði og bæjar- eða sveitarsjóði. Þetta gjald hefir þegar verið hækkað á Ísafirði í 3 kr. eða meira, og ætti það þá ekki að vera erfiðara fyrir aðra staði.

Auk þess er lagt hér til, að lagt verði sérstakt gjald á allar fasteignir, og renni það í byggingarsjóðina. Þetta gjald er ákveðið 4 af þúsundi af fasteignamatsverði. (Í grg. stendur 4%, en það er vitanlega prentvilla fyrir 4‰, sbr. 3. tölulið 1. gr. frv.). Finnst okkur rétt, að hluta af verðhækkun landsins, sem til er komin án tilverknaðar lóðareiganda, sé varið til þess að koma upp verkamannabústöðum.

Ef þetta frv. nær fram að ganga, geri ég ráð fyrir, að hægt verði bráðlega að koma upp sæmilegum bústöðum fyrir verkafólk og aðra tekjulága menn, enda er þetta nauðsynjamál, sem ekki má lengi dragast, einkum vegna hinnar upprennandi kynslóðar, og verði ekkert gert í þessu máli, er hætt við, að það komi hart niður á næstu kynslóð.

Þá eru hér nokkur atriði, sem ekki eru beint um tekjuaukningu, heldur miða að nauðsynlegum framkvæmdum málsins.

Hér er farið fram á, að breytt verði til um lánin til byggingarfélaganna, þannig að í stað fyrsta veðréttarláns allt að 85% af kostnaðarverði eignarinnar komi fyrsta og annars veðréttarlán, er nái sömu hæð. Þetta er gert í þeim tilgangi, að hægt verði að selja veðbréf þessi á sama hátt og veðdeildarbréf Landsbankans og Búnaðarbankans þegar Ríkisveðbanki Íslands tekur til starfa. Hefi ég borið fram sérstakar brtt. við frv. um Ríkisveðbanka Íslands, sem heimila það. Það er því ekki alltaf nauðsynlegt að fá nema 2. veðréttarlán, en með því móti verður auðveldara að fá lán og því meira byggt.

Það hefir sýnt sig við byggingarnar hér í Reykjavík, að það gat verið hentugt að hafa ýmislegt sameiginlegt fyrir margar

íbúðir. Það þarf t. d. mann til þess að hafa eftirlit með þeim, og er farið fram á það í frv., að félagið ætli íbúð handa honum, en það má ekki vera eftir lögunum frá 1929. Sömuleiðis er hér farið fram á, að byggja megi sameiginlegt miðstöðvarhús, þvottahús og hús fyrir matvöruverzlun. Loks er hér farið fram á, að gera megi sameiginlegan leikvöll handa börnum fyrir sambyggingar, en eftir lögunum má ekki gera nema smábletti fyrir hverja íbúð.

Þá hefir það sýnt sig hér í Reykjavík, að það ákvæði laganna, að félagsmaður megi ekki hafa hærri árstekjur en 4000 kr., hefir verið ranglátt í garð þeirra manna, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá. Hér er því farið fram á, að tekjuhámarkið verði hækkað um 500 kr. fyrir hvern ómaga, þó svo, að árstekjur kaupanda íbúðarinnar nemi aldrei meiru en 6500 kr., eða eignirnar meiru en 5000 kr.

Þá skal ég loks geta þess, að hér er farið fram á, að verkamannabústaðir, sem gerðir eru skv. lögum þessum, skuli undanþegnir fasteignagjaldi fyrstu 5 árin. Lóðirnar eru eign bæjarsjóðs, svo á þeim hvílir ekkert gjald til bæjarsjóðs nema leigan.

Hvað svo sem hinir ýmsu flokkar deildarinnar segja um þessi ákvæði, sem hér er farið fram á, eru þau nauðsynleg, ef lögin eiga að vera önnur eins lyftistöng fyrir verkafólk eins og tilgangur þeirra er. Vil ég svo mælast til þess, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 18. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 113, n. 299, 349).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 349. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Bergur Jónsson): Allshn. hefir klofnað um afgreiðslu þessa máls. Leggur meiri hl. n. til, að málið verði ekki afgr. á þessu þingi, en minni hl., sem ég mynda ásamt hv. 2. þm. Rang., að frv. verði samþ. með nokkrum breyt.

Frv. fer fram á þá breyt. á núgildandi l. um verkamannabústaði, að árlegt gjald ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til byggingarsjóðanna hækki úr 1 kr. á íbúa upp í 3 kr. Höfum við ekki séð okkur fært að ganga svo langt, en leggjum til, að gjaldið verði ákveðið 2 kr., eins og upphaflega var ætlazt til, þegar þetta mál var borið fram fyrst hér á þingi.

Þá höfum við ekki getað gengið inn á 3. lið 1. gr., þar sem farið er fram á að lögfesta fast lóðargjald til byggingarsjóðanna, 4 af þúsundi af fasteignamatsverði. Sýsluvegasjóðsgjaldið nemur 6 af þús. í flestum sýslum landsins, þar sem sýsluvegasjóðum hefir verið komið á, og með þessari viðbót til byggingarsjóðanna yrði fasteignagjaldið því fullhátt.

Önnur brtt. okkar er aðeins leiðrétting.

Þá höfum við athugað till. um hækkun á hámarkstekjum þeim, sem menn megi hafa til þess að geta orðið aðnjótandi þeirrar aðstöðu, sem l. um verkamannabústaði veita. Farið er fram á, að hámarkið verði sett við 6500 kr., í stað 4000 kr. Við álítum, að eins og nú standa sakir, þá muni vera nægilega margir lágtekjumenn, sem ekki hafa meira en 4000 kr. árstekjur að meðaltali, sem fúsir munu að taka þátt í þessum byggingarfél., svo að þau gætu starfað af fullum krafti og þyrftu ekki að gera þá menn að meðlimum sínum, sem hærri tekjur hafa. Þó höfum við viljað sýna viðurkenning þeirri hugsun, sem í frv. felst um það, að rétt sé að taka tillit til þess, hvort menn séu ómagamenn eða ekki, og höfum við því borið fram brtt. þess efnis, að í stað 500 kr. komi 300 kr., og í stað 6500 kr. komi 5500 kr.

Loks höfum við ekki viljað ganga inn á það ákvæði í frv., að verkamannabústaðirnir séu undanþegnir fasteignaskatti.

Að öðru leyti eru ákvæði frv. einungis skipulagsákvæði fyrir sjóðinn, sem við álítum rétt að samþ. að svo komnu máli.

Jón Ólafsson: Eins og hv. þm. Barð., frsm. minni hl., gat um, þá höfum við hv. þm. V.-Sk., hv. 2. þm. Reykv. og ég ekki getað orðið hv. minni hl. samferða í þessu

máli. Við leggjum til, án þess þó að koma fram með það í nál., að frv. þetta nái ekki fram að ganga á þessu þingi, þar sem það er að okkar áliti bæði ótímabært og á mörgum sviðum svo mjög gallað, að við sjáum okkur á engan hátt fært að mæla með því. Ein ástæðan, sem við færum fram gegn þessu máli, er sú, að svo treglega hefir gengið að afgr. það í n. og inn í þessa hv. d., að það virðist þegar fyrirsjáanlegt, að það nái ekki fram að ganga á þessu þingi, ef allt verður með felldu um þingslit. En margar eru þær aðrar hliðar þessa máls, sem hv. minni hl. hefir ekki viljað athuga, eins og t. d. það, að hér er í frv. þessu farið inn á algerlega nýja braut og nýja hugsun í þessu máli, því að þegar frv. lá fyrir þinginu 1929, þá var það þáv. meiri hl. allshn., þeir hv. núv. 3. þm. Reykv., hv. 2. þm. Árn. og hv. þáv. 2. þm. Rang., sem lögðu með frv., en þeir tóku það jafnframt skýrt fram í nál., sem þeir gáfu út, að frv. væri í grundvallaratriðum sniðið eftir byggingar- og landnámssjóði, þannig að þetta fé, sem þarna er lagt fram, ætti að ganga til þess að greiða vaxtamun þann, sem það hefði í för með sér fyrir byggingarsjóðina að taka lán með háum vöxtum og lána þau aftur með lægri vöxtum. Slíkur er í fám dráttur grundvöllur þessa frv.

Þegar frv. var til umr. 1929, var það reiknað út af ýmsum hér í þessari hv. d., þar á meðal hv. 1. þm. N.-M., hversu mikil fjárútlát þyrfti að leggja á landsmenn til þess að standast kostnaðinn við þessar vaxtagreiðslur, sem frv. fól í sér. Og hann komst að þeirri niðurstöðu, að nú fyrst um sinn myndi nægja ein króna á nef hvert í bæjum gegn öðru eins framlagi frá ríkissjóði. Nú sé ég, að í grg. þessa frv., sem hér liggur fyrir, er verið að fara inn á algerlega nýjar leiðir. Þar er hreint og beint tekið fram, að erfiðleikarnir um öflun lánsfjár séu þess valdandi, að fara verði inn á aðrar leiðir til þess að fá fé, og nú er farið inn á leið, sem Alþingi á með öllu eftir að rannsaka, hvort rétt sé að leggja út á. Það er sem sagt, hvort rétt sé að leggja einstökum byggingarfél., sem myndast kunna, lánsfé, sem ríkið eða lánveitandinn á svo engan aðgang að í framtíðinni. Áður en farið er að veita einstökum félögum, í hvaða mynd sem er, lánsfé, sem á að vera ævarandi tillag, þá er betra að athuga vel, inn á hve hála braut hér er gengið. Það tíðkast t. d. hvergi, að ríkið sé að styrkja einstaka menn til þess að þeir geti komizt að vægari vaxtakjörum, en ekki virðist þó fjarri að álíta, að hið sama eigi að ganga yfir þá litlu flokka manna, sem mynda kunna byggingarfélög í kaupstöðum landsins. Þessi félög geta orðið svo mörg sem verkast vill, og ríkið er með frv. þessu skyldað til þess að leggja fram helming fjárins til móts við þessi bæjar- eða kaupstaðabyggingarfélög, en þau eiga svo að vera einkaeigendur að öllu saman, og hafa það til fullrar eignar og umráða. Um þetta er engum orðum farið og engin grg. um það, en þó er þetta algerð röskun á grundvallaratriðum þessa máls.

Nú hefir þessu svo nefnda byggingarfélagi, sem myndazt hefir hér í Reykjavík, ekki tekizt að fá meira lán en 200 þús. kr., og ef ég veit rétt, þá er bærinn búinn að leggja fram tvö tillög til félagsins, og væntanlega hefir ríkissjóður lagt fram sinn hluta, svo að það er eitthvað á annað hundrað þús. kr., sem byggingarsjóðurinn á að vera búinn að fá frá bæjar- og ríkissjóði. En þessu fé, sem fengizt hefir á þennan hátt, er ekki enn búið að koma í byggingar, og ekkert útlit á, að það verði gert fyrr en á næsta ári, en þá hefir bærinn enn á ný lagt fram 1 krónu á nef hvert, eða um 28—29 þús. kr., og ríkissjóður mun þá einnig leggja fé á móti því. Tillagið er því komið langt fram úr því, sem ætlazt var til í upphafi að þyrfti í þessu skyni, meðan sjóðnum var einungis ætlað að vera til vaxtajafnaðar.

Ég get tekið undir það með hv. flm., að það væri e. t. v. þörf á því, að ríkisheildin og einstök bæjar- og sveitarfélög gætu lagt fram fé til þeirra landsmanna, sem mynda með sér félagsskap í því skyni að vinna að þjóðnytjamálum, en ég sé ekki, hvernig því verður við komið, þar sem víðsvegar um land eru skilyrði fyrir félagsskap, eins og t. d. byggingarfélög. Hvert byggingarfélag, sem myndað er á grundvelli laga þessara, hvar á landinu sem er, á skv. l. heimild á því að fá þetta ríkissjóðstillag. Ég get því að öllu athuguðu ekki betur séð en að till. hv. minni

hl. leiði út í dálitlar ófærur, og hvað þá ef ætti að fara að hækka tillagið, eins og gert er ráð fyrir af hendi flm. Það er beinlínis ætlazt til, að út á 1. veðrétt sé lánað 60%, og sennilega er búizt við því, að útlend lán fáist til þess. En svo virðist vaka fyrir flm., að næstu 25% eigi að koma beint frá bæjar- og ríkissjóði, en þeir, sem kaupa, eigi að leggja fram 15%. Ef menn vilja gera þetta að beinu styrktarmálefni við þá, sem væru styrkþurfi, þá þyrfti að breyta frv. að mörgu eða öllu leyti. Í frv. er það tekið fram, að menn megi hafa svo og svo miklar tekjur, en mér er ekki grunlaus um, að þeir einir komi í þessi félög, sem ekki eru algerlega ráðalausir með húsnæði, en vilja aftur á móti njóta hinna góðu kjara sjóðsins. Og ef því er þannig farið, þá held ég, að réttara sé að fá einhverja reynslu fyrir þessum félagsskap, áður en við förum að ganga lengra en gert var með l. frá 1929.

Ég held, að það sé ástæðulaust að tala um það, eins og gert er í grg. frv., að erfitt sé að fá lán til slíkra bygginga, jafnvel þótt lána eigi 85% út á byggingarnar, þar sem ábyrgð ríkis- og bæjarsjóðs er fyrir pappírunum. Ég fæ ekki séð annað en að þetta hljóti að verða hin beztu verðbréf, og það getur ekki komið til neinna mála, að erlendum verðbréfakaupendum þyki slík verðbréf illa tryggð.

Ég veit ekki, hvort minni hl. n. hefir gert sér nokkra grein fyrir þessu máli. Það er auðvitað rétt, að full þörf er á því að auka fé byggingarsjóðanna. Það er líka þörf á því að auka fé bæjarsjóðs og flestra stofnana hér á landi. Okkur meiri hl. n. sýndist á þessu stigi málsins brýnni þörf á fé til ýmislegs annars en þessara byggingarfélaga. Það er sjálfsagt, að þegar búið er að byggja svo mikið, að skortir fé til vaxtajafnaðar, að ríkið hlaupi þá undir bagga, en hér er farið fram á algerða röskun á lögunum frá 1929.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil þakka hv. minni hl. n. fyrir það, að hann hefir viljað mæla með því, að frv. næði fram að ganga, þótt með nokkrum breyt. sé frá því, sem við höfðum hugsað okkur. En sumar þessar breyt. eru að öllu leyti réttmætar, eins og t. d. 2. breyt., þar sem munaðeins hafa verið um misprentun að ræða, en n. hefir leiðrétt. Það er heldur ekkert við þeirri breyt. að segja, að þetta komi í gildi 1932 í stað 1931, þar sem svo er áliðið árs. Hinar brtt., sem n. hefir borið fram, eru heldur til þess að draga úr frekari fjárveitingum til byggingarsjóðanna, og þótt við séum ekki ánægðir með það, þá er það þó nokkur bót frá því, sem nú er, sem fæst, ef till. minni hl. ná samþykki.

Mér skildist á hv. þm. Barð. eins og við hefðum ætlazt til að hækka hámarkið á tekjum manna, sem njóta mættu þessara kjara sjóðanna, en þetta er ekki rétt að öðru leyti en því, að við vildum taka meira tillit til þess, hvort menn hefðu ómaga eða ekki. Ætluðumst við til, að tekjur þeirra manna, sem ómegð hefðu, mættu vera talsvert hærri en hinna. Hv. minni hl. hefir þó að nokkru gengið inn á þá till. okkar, þótt hann að vísu vilji ekki leggja jafnmikið með hverjum ómaga og við flm. frv. vildum.

Þá vill hv. minni hl. fella niður síðustu málsgr. frv., um að verkamannabústaðirnir séu undanþegnir fasteignaskatti hin fyrstu 5 árin. Þar sem það er tekið fram í l., að lóðin skuli vera leigulóð bæjarins, þá er ekki um önnur gjöld að ræða en af byggingunum, en ekki af lóðum. Það, sem fyrir okkur flm. vakti þegar við settum þetta ákvæði inn í frv., var það, að víða erlendis eru þessar byggingar styrktar á þann hátt, að þær eru látnar vera undanþegnar fasteignaskatti, og finnst okkur það réttmætt í alla staði, eins og í ákveðnum tilfellum tekjulágir menn eru undanþegnir tekjuskatti.

Hv. 1. þm. Rang. talaði hér fyrir hönd meiri hl. n. um það, að n. væri á móti frv., að henni þætti það ótímabært og viðsjárvert á mörgum sviðum, og myndi auk þess ekki ganga fram, ef allt færi með felldu um þingslit. Ég veit nú ekki, við hvað hv. þm. á með því að „allt fari með felldu um þingslit"; þá fyrst fer allt með felldu um þingslit að mínu áliti, ef nauðsynjamálum þeim, sem fyrir þinginu liggja, er farsællega til lykta ráðið.

Hv. þm. fann það einkum að frv., að tekjuaukanum, er það færði byggingarsjóðunum, yrði varið með nokkuð annað fyrir augum en upphaflega var ráð fyrir

gert, þar sem ætlazt var til, að fénu yrði einungis varið til vaxtajafnaðar, á sviplíkum grundvelli og byggingar- og landnámssjóður ver sínu fjármagni. Í lögum um verkamannabústaði er gert ráð fyrir því, að fé verði greitt til vaxtajafnaðar, en þar er einnig gert ráð fyrir því, að féð verði lánað út, og það mun þegar hafa verið lítilsháttar notað á þann hátt. En ég verð að segja það, að því betur sem menn hugsa þetta mál, því nauðsynlegra virðist ekki einungis fyrir byggingarsjóði verkamanna, heldur einnig fyrir byggingar- og landnámssjóð bænda að fá fé bæði til vaxtajafnaðar og útlána. Og það mun sýna sig, að ekki er auðhlaupið að því að fá lán til þessara sjóða erlendis, en þá verður á einhvern hátt að safna fé innanlands, og er þessi kosturinn vænstur.

Hv. þm. var að tala um þetta sem styrktarmálefni, og þá þyrfti að athuga, hverjir væru styrkþurfi. Það er svo með öll mál, sem ríkið styrkir, að það má kalla þau styrktarmálefni. Það má taka t. d. vegamálin. Það má segja, að þar sem ríkið styrkir vegalagningar, þá sé það styrktarmálefni. Svo að það er ekki verið að fara inn á neitt óeðlilegt með þessu frv. Hér er einungis verið að hjálpa einni af stéttum landsins, stétt, sem á örðugast allra stétta, til þess að hjálpa sér sjálfri, byggja yfir sig. Það fé, sem við ætlumst til, að lagt verði til byggingarsjóðanna umfram það, sem verið hefir, eru nú engin ósköp. Eftir till. okkar eru það 60 þús. kr., en ekki nema 30 þús. kr. skv. till. minni hl. n., og það virðist ekki vera of mikið fyrir Reykjavík til þess að koma upp húsnæði fyrir lágtekjumenn sína. Á þeim stöðum, þar sem menn hafa vakandi áhuga fyrir slíkum málum, eins og t. d. á Ísafirði, leggur bæjarstj. einar 6—7 kr. á hvern mann sem skatt til þessara bygginga; þá virðast þessar fáu krónur úr ríkissjóði varla of mikið fé. Það er nú þegar farið að fara inn á þá braut að auka féð til byggingannna, ef frv. um tóbakseinkasölu nær fram að ganga, því að skv. því á helmingur allra tekna einkasölunnar að renna til byggingar- og landnámssjóðs og byggingarsjóðs verkamanna. Mun fé þetta koma til útlána a. m. k. á þeim tímum, sem erfiðast er um lánsfé. Annars vil ég geta þess í þessu sambandi, að það eru gerðar harðari kröfur um það í l. um verkamannabústaði, hverjir eigi að fá að njóta þessara bygginga, heldur en gerðar eru um byggingar- og landnámssjóð. Þar er, að því er ég bezt veit, ekkert tekið fram um það, hversu miklar tekjur þeir menn megi hafa, sem geti fengið lán úr sjóðnum, þótt svo ætti að réttu lagi að vera, en um verkamannabústaðina eru rammar skorður reistar við því, að einungis lágtekjumenn njóti þeirra. Það eru því getsakir hjá hv. þm., þegar hann segir, að þeir einir muni njóta þessara bygginga, sem af eigin rammleik geti byggt. Mér er a. m. k. ekki kunnugt um slíkt, og ég get ekki skilið, að menn með þeim tekjum, sem allur almenningur hefir, mundu geta reist sér hús án nokkurrar aðstoðar. En jafnvel þótt meiri hl. n. væri nú á móti þessum tekjuauka til verkamannabústaðanna, þá eru ýms önnur atriði, sem hv. frsm. minni hl. tók fram, en hv. 1. þm. Rang. gerði ekki grein fyrir, hvers vegna hann væri á móti. T. d. það atriði, að ríkisábyrgð sé á öllu fénu, með bæjar- eða sveitarbakábyrgð, en ekki aðeins ábyrgð á hálfu fjárframlaginu eins og nú er. Við, sem erum riðnir við byggingar verkamannabústaðanna, álítum mjög svo nauðsynlegt, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi, og óhjákvæmilegt um suma hluta þess. Að síðustu vildi ég óska þess, að meira tillit yrði tekið til álits hv. minni hl. n. en meiri hl.

Jón Ólafsson: Það er ekki ástæða til langra umr. frá minni hálfu um þetta mál, en ég vil endurtaka það, sem ég hefi áður sagt um þetta mál, að hér er verið að búa til sjóð, sem á að lána fé til vissra framkvæmda, sem eiga að verða til afnota fyrir vissan flokk manna, sem í þessum byggingarfélögum eru. Ég vil einnig minna á það, að framkvæmdirnar skv. þeim l., sem þegar eru gengin í gildi, eru ekki lengra komnar en það, að tekizt hefir að herja út 200 þús. kr. til byggingannna. Og þessi byggingarnefnd er nýbyrjuð að láta byggja fyrir þessa upphæð, og þegar þessum 200 þús. kr. er eytt, þá eiga að vera til 160 þús. kr. í byggingarsjóðnum, sem er tillag frá bænum og

ríkinu og upphaflega var ætlað til vaxtajafnaðar, en sem nú er orðið svo mikið, að hægt er að búa til úr því lánasjóð. Hér er um nýja leið að ræða, hvort þingið vill ganga inn á það að stofna til slíkra sjóða víðsvegar. Því búast má við því, að ef farið er að ganga nokkuð verulega inn á þessa braut, þá komi margir af borgurum landsins, sem jafnmikinn rétt þykjast hafa til slíks styrks, og heimti hið sama. Hinsvegar hefi ég talið rétt, að kaupstaðirnir fengju sömu fríðindi og sveitirnar hafa fengið með l. um byggingar- og landnámssjóð, eða að ríkissjóður veitti fé til þess að lækka hina háu vexti og gera kleift að lána féð aftur út með betri kjörum. Ef þessum grundvelli er kippt burt úr l., þá liggur ekkert heinna við en að byggingar- og landnámssjóður verði einnig að fara að lána einstökum mönnum fé út á 2. veðrétt, til þess að gera þeim færara en áður að rísa undir lánskjörum sjóðsins! Ég held því, að þetta mál sé á því stigi, að það eigi ekki að ná fram að ganga án frekari athugunar. Þar sem málið er ekki komið lengra en það, að búið er að koma inn fyrir landsteinana 200 þús. kr., en ekki er enn farið að byggja fyrir þær og engin framkvæmd liggur eftir, þá álít ég, að ekki sé rétt að bæta við þennan sjóð, a. m. k. ekki fyrr en notuð hefir verið sú fjárhæð, sem fengin er. Ég tel það allt of mikla fljótfærni.

Héðinn Valdimarsson: Ég þarf ekki að svara hv. 1. þm. Rang. öðru en því, að þessar 200 þús. kr. til byggingarsjóðs verkamanna, sem hv. þm. er að tala um og virðist halda að séu fyrir allt landið, eru aðeins fyrir Reykjavík, og fengust því aðeins, að sérstök l. voru samþ. um það hér í þinginu. Það er því varla hægt að búast við, þegar Reykjavík hefir ekki getað fengið fé nema með sérstökum ákvæðum, að byggingarsjóðirnir úti um land þyrftu þá ekki að fá slíkt hið sama, ef þeir ættu að geta fengið fé.

Eitt af ákvæðum frv. er einmitt um það, að gera byggingarsjóðum verkamanna víðsvegar um landið það mögulegt að afla sér fjár með hagkvæmum lánum. Það er svo aðkallandi þörf fyrir bættar byggingar víða úti um landið í kaupstöðum og við sjávarsíðuna yfirleitt, að ekki væri of mikið að gert, þótt þetta væri samþykkt.

Ég og flokksmenn mínir höfum jafnan verið fylgjandi byggingar- og landnámssjóði og reynt að efla hann á ýmsan hátt. En ég hygg, að mér sé óhætt að segja það, að ýmsir þeirra, sem njóta hans, eigi við betri kjör að búa heldur en verkamennirnir, sem eiga að njóta verkamannabústaðanna. Þarf ég svo ekki að hafa fleiri orð um málið.

ATKVGR.

Brtt. 299,1.a—d samþ. með 19 shlj. atkv.
— 299,1.e samþ. með 18 : 3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 7 atkv.
Brtt. 299,2 samþ. án atkvgr.
— 349 tekin aftur til 3. umr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 3 atkv.
Brtt. 299,3.a—b samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 299,4 samþ. með 15 : 3 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 16 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 2 atkv.

Á 33. fundi í Nd., 19. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 361, 349).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 : 4 atkv.

Héðinn Valdimarsson: Brtt. á þskj. 349, sem kemur hér nú væntanlega til atkv., kom hér fram við 2. umr., en var þá tekin aftur til 3. umr. Hún hljóðar á þá leið, að „lán úr veðdeild Landsbanka Íslands til verkamannabústaða gangi fyrir öðrum lánum úr veðdeildinni, án tillits til þess, í hvaða röð lánbeiðnirnar hafa borizt bankanum".

Eins og frv. er nú, er gert ráð fyrir því, að hægt sé að skipta lánum þeim, sem byggingarsjóður tekur til verkamannabústaða, í 1. og 2. veðréttar lán, og sé 1. veðréttur allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Nú er það vitanlegt, að það liggja fyrir miklar lánbeiðnir úr veðdeild Landsbankans, og til þess að hægt sé að fá lán til verkamannabústaðanna,

verða þau að ganga fyrir öðrum lánum. Okkur jafnaðarmönnum finnst það ekki muna miklu, þótt slík nauðsynjalán verði látin sitja fyrir öðrum lánum.

ATKVGR.

Brtt. 349 felld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HV, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÁÁ, BJ, BÁ.

nei: HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, MG, MJ, ÓTh, PO, ÞorlJ, BKr, EA, GÍ, HStef, JörB.

Þrír þm. (LH, SvÓ, BSt) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 361).

Á 34. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Ég vil mælast til, að þetta frv. verði látið ganga áfram nefndarlaust, því að það er mikið undir því komið, að það komist í gegn nú, þar sem byrjað er á byggingum víða á landinu. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var þar í allshn., en myndi komast einnig í gegnum þessa hv. deild, ef það verður ekki látið fara til nefndar.

Jón Þorláksson: Ég geri það að till. minni, að málinu verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8 : 3 atkv.

Á 35. fundi í Ed., 21. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 361, n. 412).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Torfason) [óyfirl.]: Frv. þetta er komið frá Nd. og hefir n. athugað það á þeim stutta tíma, sem hún hafði til þess. Breytingar frá því, sem stendur í l. frá 1929, eru einkum fólgnar í því, að tillag ríkissjóðs og sveitar- og bæjarsjóða á hvern íbúa er nú sett 2 kr. í stað einnar krónu áður, og ennfremur er breytt ákvæðum um ábyrgð á lánum til verkamannabústaða. Í lögunum frá 1929 er svo ákveðið, að ríkissjóður ábyrgist lánin jöfnum höndum við bæjarsjóði eða aðra sjóði, en hér er svo ákveðið, að ríkissjóður ábyrgist lánin að öllu leyti með bakábyrgð hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs. Er þetta gert með tilliti til væntanlegs ríkisveðbanka.

Breyting við 2. mgr. 3. gr. gengur í þá átt, að eftir gömlu lögunum mátti lána 85% af virðingarverði húsanna út á 1. veðrétt. Nú er svo ákveðið, að eigi megi lána nema 60% út á 1. veðrétt, og er það í samræmi við lögin um ríkisveðbankann. En byggingarsjóður má hinsvegar veita lán gegn 2. veðrétti, er nemi allt að 25% af kostnaðarverði.

Þá eru og breytingar við 5. gr. Samkv. gömlu lögunum máttu þeir, sem orðið gátu aðnjótandi þeirra kjara, er lögin heimila, eigi hafa yfir 4000 kr. árstekjur. Þessu hefir nú verið breytt svo, að bætt er við 300 kr. fyrir hvern ómaga, þó svo, að tekjurnar mega ekki fara yfir 5500 kr. Með þessu er þeim fjölgað, sem notið geta laganna, og má telja það til bóta. Þá er einnig brtt. um að ný grein komi á eftir 5. gr., þar sem ákveðið er, að byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum, sé heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt þvotta- og miðstöðvarhús fyrir margar íbúðir. Má og vafalaust telja þetta atriði til bóta.

Þetta eru aðalnýmælin, og má vist fremur telja þau til bóta. Aðalbreytingin er hækkun tillagsins. Hana má að sjálfsögðu virða á tvennan veg. Þau sveitar- og bæjarfélög, sem byggja eftir lögum þessum, byggja að sjálfsögðu meira sökum hins hækkaða tillags, en hinsvegar má búast við, að færri bæjar- og hreppsfélög komi upp byggingum með þessum hætti fyrir bragðið.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, einkum af því að mér skildist, að brtt. við 2. mgr. 3. gr.

ætti að vera til þess að samræma þessi lög við ríkisveðbankalögin, þannig að skuldabréf byggingarsjóðs féllu undir þau bréf, sem ríkisveðbankinn verzlar með. En ég álít, að brtt. sé alveg ófullnægjandi til að ákveða um þetta atriði. Þar er t. d. ekkert ákveðið um útgáfu bréfanna né innlausn þeirra. Ég lít því svo á, að það mál sé opið enn og megi leiðast til lykta síðar, en þessar breytingar séu aðeins settar hér af praktiskum ástæðum, og ef svo er, hefi ég ekki á móti þeim.

Ég verð að láta í ljós þá skoðun, að ég tel, að orkað geti tvímælis, hvort rétt sé að hækka tillög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða. Það er auðsætt, að af því leiðir tilfinnanlegar byrðar fyrir viðkomandi sjóði, en ég hefi þó ekki viljað setja mig upp á móti þessu ákvæði, vegna þess að tilfinnanleg húsnæðisekla er nú sem stendur, og ég tel rétt, að það sé í gildi meðan verið er að bæta úr sárustu þörfinni. Þegar húsnæðiseklan er úr sögunni, ætti að vera hægt að kippa að sér hendinni og lækka það aftur.

Jón Baldvinsson: Það er rétt hjá hv. frsm., að í 2. gr. eru ákvæði, sem eru samrýmanleg ríkisveðbankalögunum, þannig að lánað sé út á húseignirnar í tvennu lagi, 60% út á 1. veðrétt og 25% út á annan veðrétt. En ég er þó sammála hv. 4. landsk. um það, að sérstaka löggjöf þurfi að setja, þar sem allir byggingarsjóðir séu settir í eitt, og selji þeir bréf sín á sama hátt og veðdeildir gera.

Jón Þorláksson: Ég er ekki fyllilega ánægður með þessar breytingar á lögunum, af því að með þeim er ekki fyrir því séð, að til verkamannabústaða geti runnið annað lánsfé en það, sem byggingarsjóðirnir hafa. Þetta er sama mótbáran og ég bar fram 1929. Mér finnst óeðlilegt, að verkamannabústaðir geti ekki notað sér 1. veðréttar lán, ef þau er að fá, því að vitanlega gerir það byggingarsjóðunum erfiðara fyrir að verða að leggja allt fram, í staðinn fyrir að sjá um annars veðréttar lán. Þeir, sem fá lán úr veðdeild Landsbankans, fá sem stendur út á 1. veðrétt ⅓ hl.—35% af kostnaðarverði. Ef hægt væri að fá slík lán, þyrftu byggingarsjóðirnir ekki að sjá um nema 50% í stað 85% nú. Með því móti fengju þeir miklu meiru áorkað. Forgöngumenn þessa máls hafa ávallt tekið vel í þetta, en þó virðist sem einhverjir örðugleikar séu á því að setja ákvæði um þetta inn í lögin, og býst ég því við, að ef ég kæmi fram með brtt. um þetta nú, yrði því borið við, að það yrði til að málið dagaði uppi, ef hún yrði samþ., eins og sagt var 1929.

Með þessu frv. er ekki heldur séð fyrir því, að byggingarsjóðir hafi aðgang að ríkisveðbankanum. Eins og hv. 2. landsk. sagði, þarf að setja sérstaka löggjöf um það, og yrði þá að breyta þessum lögum aftur, þegar búin verður til sameiginleg peningastofnun byggingarsjóða, til að selja ríkisveðbankanum skuldabréfin, og setja ákvæði um lánskjör og innlausn.

Ég er sammála hv. 4. landsk. um það, að vafasamt sé, hvort gild ástæða sé til að tvöfalda árstillagið. Það verður þung byrði á ríkis- og bæjarsjóðum. Fyrir Reykjavík verður ríkissjóður t. d. að greiða 60 þús. kr. og bæjarsjóður sömu upphæð. Að vísu kann að vera ástæða til þessa, meðan verið er að bæta úr eklu þeirri, sem nú er á smáíbúðum. En þar sem fé þessu er varið til að veita ívilnun í vaxtagreiðslu, þarf tiliagið ekki að vera svona hátt til lengdar, og ég er jafnvel ekki viss um, að þörf sé á þessari hækkun nú.

Jón Baldvinsson: Þegar þetta mál var rætt í fjhn., virtist mér, að samkomulag væri um það, að setja þyrfti sérstaka löggjöf um að sameina byggingarsjóðina, svo að þeir gætu selt veðbréf sín.

Hinsvegar er ekki víst, að þurfi að setja nein ákvæði um veðdeild inn í þetta frv., því að með því er búið að kljúfa lánin í tvennt, og því er ekki sama ástæða og áður til að setja ákvæði um að byggingarfélag taki lán í veðdeild. Hér er gert ráð fyrir annari skipun á lánum út á veðrétti byggingganna en áður, og heyrðist mér hv. 1. landsk. fallast á það fyrirkomulag.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 427).

37. Slysatryggingar.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928 [Slysatryggingalög] (þmfrv., A. 66).

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Ég hefi leyft mér ásamt hv. 3. þm. Reykv. að bera hér fram frv. um breyt. á slysatryggingalögunum. Frv. þetta er að mestu leyti kunnugt frá síðasta þingi. Fór það þá til nefndar og fékk þar góðar undirtektir, og vona ég, að svo verði enn. Nú eru þó nokkur nýmæli í frv., og vík ég síðar að þeim.

Breyt. sú, sem hér er farið fram á að gerð sé á gildandi lögum, miðar að því að nema burt ýmsar takmarkanir við slysatrygginguna, takmarkanir, sem eru óeðlilegar og hafa valdið óvissu í framkvæmd.

Þær breyt., sem ég vil geta hér um, eru þær, að í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að fiskimenn séu tryggingarskyldir, þótt þeir hafi ekki stundað fiskiveiðar 1 mánuð í senn, og ennfremur, að afnumin sé sú takmörkun tryggingarskyldu, að 5 menn eða fleiri vinni að verkinu eða aflvélar séu notaðar að staðaldri, því um slíkt er oft óvíst þegar byrjað er á fyrirtækinu.

Aðalnýmæli frv. er í 5. gr. og hnígur það að því að gefa almenna heimild til frjálsrar tryggingar þar, sem skyldutrygging er ekki. Þetta er engin þvingun, heldur frjálst val fyrir þá, sem vilja nota þessa heimild. Það felst þó meira í 5. gr. en í texta hennar segir, vegna þess sem fellur niður í staðinn. Það hefir verið vafi á því, hvort eigendur tryggingarskyldra fyrirtækja, þar með taldir bílstjórar á eigin bíl, væru tryggingarskyldir, ef þeir ynnu sömu áhættusömu vinnuna. Sá vafi er byggður á orðalagi 15. gr. eins og það er nú, en fellur niður, ef orðun greinarinnar breytist eftir tillögum frv.

Það hefir komið fram brtt. á þskj. 79 frá hv. þm. Ísaf. Við flm. þessa frv. föllumst að efni til á þessa brtt., en við álítum, að betra sé að setja hana á annan stað í lögunum, og vona ég, að hv. flm. till. geti fallizt á það. Munum við hv. þm. Ísaf. bera fram till. þess efnis síðar.

Ég vil svo óska, að þessu máli verði vísað til allshn. Þetta er einfalt mál og ágreiningslaust og ávinningur að það gangi fram á þessu þingi. Það er m. a. vegna þess, að á síðustu þingum hafa lögin tekið ýmsum minniháttar breytingum. Af þeim sökum er orðið nauðsynlegt að breyta reglugerðinni og gefa lögin út í nýjum texta, svo að handhægra sé fyrir þá, sem þurfa að nota þau.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 66, 79, 100, 101, n. 173).

Vilmundur Jónsson: Ég þarf varla að taka það fram, að ég er alveg sammála brtt. á þskj. 100, við mína brtt. á þskj. 79, og legg því til, að hún verði samþ.

Frsm. (Bergur Jónsson): Allshn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. með nokkrum breyt., og vísa ég til nál. þeim viðvíkjandi. Þær eru flestar smáar, t. d. er brtt. n. við 4. gr. aðeins orðabreyting. Fyrsta breyt. snertir tryggingar

sjómanna. Nú er svo ástatt, að ef bátar stunda ekki sjó a. m. k. einn mánuð samfleytt á ári hverju, er ekki skylt að tryggja sjómennina. Þetta er svo óákveðið og getur oft orðið orsök til ágreinings, að við álitum heppilegast, að það ákvæði væri fellt niður. Smærri bátar, sem látnir eru sækja sjó t. d. aðra hverja viku eða annan hvern hálfan mánuð voru þannig ekki tryggingarskyldir, þótt sjósóknartími þeirra samtals yfir árið skipti fleiri mánuðum, en bátar, sem stunduðu sjó einn mánuð samfleytt, og svo ekki meira það ár, voru aftur á móti tryggingarskyldir.

Í b-lið 1. gr. er tekið upp ákvæði um, að þeir, sem stjórna landbúnaðarvélum, svo sem dráttarvélum, skuli vera tryggðir.

Í c-lið sömu gr. er sleppt úr ákvæðinu: Þar sem 5 manns eða fleiri vinna, eða aflvélar eru notaðar að staðaldri, enda virðist það meiningarlaus takmörkun.

Í 2. gr. er það lögfest, að forstjóri tryggingarstofnunar ríkisins skuli eiga sæti í stjórn slysatryggingarinnar, og virðist það sjálfsagt.

Í 4. gr. eru sett ákveðin skilyrði um bótakröfur frá þeim, sem slasast við atvinnurekstur þar, sem frjáls trygging gildir, — þar er m. a. sagt, að bótakröfur verði því aðeins teknar til greina, að iðgjöld hafi verið greidd áður en atvinnan byrjaði.

Þá er það brtt. á þskj. 100, sem er önnur orðun á brtt. hv. þm. Ísaf. á þskj. 79. Þar er tekið greinilega fram, að fingur- og handarmein heyri undir lögin. — Með þessum áorðnu breyt. leggur n. eindregið til, að frv. verði samþ.

Halldór Stefánsson: Ég vil fyrir hönd okkar flm. þessa frv. lýsa yfir ánægju minni yfir afgreiðslu allshn. á málinu. — Málið hefir verið afgr. þaðan ágreiningslaust og ýmsir lagt sig í líma til þess að gera það sem bezt úr garði, og álít ég, að brtt. séu yfirleitt til bóta. Ég vil beina þeirri áskorun til hæstv. forseta, að hraða afgreiðslu þessa máls eins mikið og unnt er, og ég mun við 3. umr. bera fram viðaukatill. þess efnis, að lögin gangi nú þegar í gildi.

N. hefir komið fram með orðabrtt. við 4. gr. Viðvíkjandi henni ætla ég að vekja athygli á því, að ég held, að hv. n. hafi ekki skilið, hvað átt er við með orðinu „framsenda", fyrst hún leggur til, að „senda" verði sett í staðinn. Á bak við það liggur það, að málin eiga fyrst að sendast til lögreglustjóra, hann skrásetur tryggingarnar og hefir eftirlit með því, hvort viðkomandi sé tryggður, síðan sendir hann málið áfram — framsendir — til tryggingarinnar. Þetta er því hárrétt greining á því, sem fram fer um afgreiðslu málsins, og getur orðið til leiðbeiningar. Íslenzkan hefir margar hliðstæður við þetta orð, t. d. framleiða, framvísa o. s. frv. Þetta er auðvitað aukaatriði, en ég held, að alveg eins færi vel á því að nota orðið „framsenda".

Bergur Jónsson: Ég skal taka það fram út af orðum hv. 1. þm. N.-M., að þessi brtt. n. var aðeins hugsuð sem orðabreyting. Okkur þótti betur fara að nota orðið „senda", því að hitt minnti of mikið á danska orðið „fremsende". Annars munum við ekki gera þessa orðabreyt. að kappsmáli.

ATKVGR.

Brtt. 101,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 100 samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 79 (ný gr., verður 3. gr.) þar með ákveðin.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 173 samþ. án atkvgr.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 101,2 samþ. án atkvgr.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

6.—7. gr. (verða 7.–8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 10. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 234, 242, 244).

Héðinn Valdimarsson: Okkur jafnaðarmönnum hefir þótt rétt í þetta sinn að

gera þær frekari breytingar á þessum lögum, sem helzt hefir verið krafizt af verkamönnum. Það, sem brtt. fer fram á, er fyrst og fremst að greiða læknishjálp, sem ekki er gert nú eftir slysatryggingarlögunum, og $^2/_3$ umbúðakostnaðar. Ef ágreiningur verður, sker slysatryggingin úr.

Það er svo sjálfsagt að greiða lækn is- og lyfjakostnað, að ekkert þarf um það að ræða. Það eru allt bein útgjöld fyrir þá, sem fyrir slysum verða, og því eðlilegast, að tryggingin greiði, en ekki þeir, sem fyrir þessum óverðskulduðu og ófyrirsjáanlegu óhöppum verða.

Ennfremur skulu dánarbætur tvöfaldast frá því, sem nú er, og verði 3 þús., en örkumlabætur 6 þús. kr. Það mun varla valda ágreiningi, að dánarbætur og örkumlabætur séu nú litlar. Þær eru miklu hærri í nágrannalöndunum. Till. okkar ganga þó ekki eins langt og þar tíðkast. Í samræmi við þetta leggjum við til, að þær bætur, sem koma á hvern ómaga, tvöfaldist líka.

Ég hefi ekki haft tækifæri til að athuga, hvernig slysatryggingin er nú stæð, svo að ekki verður sagt, hve mikið verði að hækka iðgjöldin. En þó það yrði að gera, samkv. slysatryggingalögunum, þá þarf ekki að koma með neina till. um það, því að heimild er í lögunum eins og þau eru nú fyrir stjórn slysatryggingarinnar að ákveða iðgjöld eftir því sem með þarf. En ég geri ráð fyrir, að tryggingin hafi staðið sig það vel upp á síðkastið, að það þyrfti alls ekki að tvöfalda iðgjaldið, þótt einhver hækkun yrði.

Halldór Stefánsson: Brtt. sú, sem ég ber fram á þskj. 242, þarf engrar skýringar. Hún þýðir aðeins það, að l. öðlist gildi þegar þau hafa náð staðfestingu konungs.

Ég hefi ekki verulega ástæðu til að tala mikið um brtt. jafnaðarmanna, en vildi aðeins gera þá aths., að þetta kemur nokkuð seint fram til þess að líklegt sé, að það geti náð afgreiðslu á þessu þingi. Það er farið fram á stórkostlega hækkun, tvöfaldar dánarbætur og örkumlabætur, auk þess sem gert er ráð fyrir öðrum útgjaldaaukningum. Þetta mundi, eins og hv. flm. till. tók fram, hafa það í för með sér, að hækka yrði iðgjöldin stórkostlega. En það er aftur svo mikið atriði, að ég ímynda mér, að það vefjist fyrir mönnum, hvort fært sé að gera það, ekki sízt á þessum tímum, sem nú eru. Gæti þá líka komið til athugunar, hverjir ættu að greiða þessa hækkun, hvort ætti að leggja hana á atvinnurekendur eingöngu, eða þá e. t. v. að tryggðir sjálfir greiddu viðbótina.

Það má náttúrlega viðurkenna það, að þær slysabætur, sem greiddar eru, eru ekki líkt því fullar bætur fyrir tjón það, sem menn verða fyrir, hvort heldur vinnutjón, líftjón eða örorku. Þær hafa þó verið hækkaðar stórmikið frá því, sem upphaflega var ákveðið.

Það, sem mér þykir þó athugaverðast við þessa till., er ekki peningahliðin. En hún er svo seint fram komin og um svo mikilsvert atriði, að ég býst ekki við, að deildin þykist geta tekið afstöðu til hennar, nema málið færi til nýrrar athugunar í nefnd. Og það mundi leiða af sér svo mikinn drátt á málinu, að það gæti ekki náð afgreiðslu á þessu þingi. En í frv. felast mikilsverðar umbætur á ýmsu fyrirkomulagi og ákvörðunum tryggingarinnar, svo það er auðsær ávinningur, að þær umbætur geti fengið að njóta sín og koma í gildi fyrr heldur en síðar.

Það væri sýnu nær og **betri tími til athugunar**, ef þessi till. væri ekki tekin til yfirvegunar fyrr en á næsta þingi, sem ekki er langt að bíða, og breyt. eru ekki þannig, að þær komi inn á skipulag tryggingarinnar, heldur snerta einungis bæturnar, og eru því í rauninni engin röskun á lögunum, þótt þær yrðu gerðar síðar.

Það, sem ég vildi gefa í skyn með þessum örfáu orðum, er það, að ég tel nokkra tvísýnu á því, að menn séu viðbúnir því nú að taka afstöðu til þessara breyt., og tel ég því ekki rétt að samþ. þær að svo lítt rannsökuðu máli. En hinsvegar þykja mér líkur til, að það yrði til þess, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi, en það tel ég verulegt tjón, og meiri líkur til þess, að eitthvert samkomulag gæti orðið um þessar till., þegar þingið ætti kost á að taka þær til nákvæmrar rannsóknar.

Héðinn Valdimarsson: Það gefur að skilja, að ég vil á engan hátt tefja fyrir framgangi þessa máls, jafnvel þótt þær till., sem við nú berum fram, yrðu felldar, en mér virðast þær, eins og hv. 1. þm. N.-M. gat um, vera svo einfaldar, að menn ættu að geta áttað sig á þeim í skyndi. Þetta er í raun og veru ekkert annað að fjárhagsspursmál. Öllum getur komið saman um það, að líf verkamannsins, sem verður fyrir slysi og bíður bana, er ekki hátt metið á 3000 kr., né heldur að verði maður örkumla, þannig að hann getur ekki unnið fyrir sér né sínum, þá sé sízt of mikið, að hann fái 6000 kr. bætur. Þetta er auðvitað algerlega ófullnægjandi að öllu leyti, og einungis lítilfjörleg hjálp til eftirlifendanna, og í því tilfelli, að maðurinn verði örkumla, þá geta þessar 6000 kr. vitanlega ekki hjálpað honum nema tiltölulega stuttan tíma. Hinu mun hv. þm. geta áttað sig á, hvort það er tilvinnandi, að menn leggi dálítið á sig í iðgjaldagreiðslum til þess að veita þeim, sem verst verða úti með slysabætur, ofurlítið meira en þeir fá nú. Ég held varla, að ágreiningur sé nú orðið um það, hverjir eigi að bera þessi gjöld. Um það var deilt hér áður, og þá varð það ofan á hér sem í útlöndum, að atvinnurekendurnir ættu sjálfir að halda uppi slysatryggingunum. Í þeirra þágu er verkið unnið og samfara þessu sérstaka verki er slysahættan, sem sá verður að bera, er ber fjárhagslega ábyrgð verksins. Enda hygg ég satt að segja, að margir þeirra manna, sem hafa atvinnurekstur með höndum og hafa aðra menn í vinnu, myndu ekki telja eftir sér að greiða meira í iðgjöld, til þess að menn þeir, sem hjá þeim ynnu, yrðu betur tryggðir. Ég veit, að hv. þm. er vel kunnugur þessum málum sem forstj. Slysatryggingar ríkisins, enda tók hann að sumu leyti vel í þetta, og hann myndi fljótt geta gefið upplýsingar um, hversu mikið þyrfti að hækka iðgjöldin til þess að standast þennan aukna kostnað. Síðast, þegar slysabæturnar voru hækkaðar um 50%, þurfti enga iðgjaldahækkun, og nokkurn hluta þeirrar hækkunar, sem nú er farið fram á, er hægt að fá af tekjum slystryggingarinnar án þess að hækka iðgjöldin. Mér finnst þetta mál liggja svo ljóst fyrir, að það væri hægt að samþ. þetta án nokkurra frekari rannsókna. Þegar síðasta hækkun fór fram, var það gert umræðulaust, og að því er ég bezt veit, mælti enginn í móti.

ATKVGR.

Brtt. 244,1.a samþ. með 24 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, EA, GÍ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, JörB.

Fjórir þm. (ÓTh, TrÞ, JónasÞ, MJ) fjarstaddir.

Brtt. 244,1.b felld með 11 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, VJ, BSt, BKr, EA, HG, HV, JörB.

nei: PO, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, GÍ, HStef, HJ, IngB, JAJ,[1]) JÓl.

StgrS, BJ, JJós, LH, MG, MJ greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (ÓTh, TrÞ, JónasÞ) fjarstaddir.

Brtt. 244,2 (fyrri hluti) felld með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, VJ, BSt, BKr, EA, HG, HV, JJós, LH, JörB.

nei: SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, GÍ,[2]) HStef, HJ, IngB, JAJ, JÓl, PO.

BJ, MG, MJ, StgrS greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (ÓTh, TrÞ, JónasÞ) fjarstaddir.

Brtt. 244,2 (síðari hluti) samþ. með 17:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, LH, MG, PO, StgrS, SvbH, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, EA, HG, HV, JJós, JörB.

nei: JÓl, SvÓ, GÍ, HJ.

---

1) Með svofelldri grg.: Ég hefi alltaf verið með hækkun á örkumlabótum, en **sérstaklega** með hækkun til eftirlifandi barna, en hér er farið fram á að stíga svo stórfellt spor, án þess að athuga, hvað það kostar og hvernig tekjur eigi að fást til þess, að ég sé mér ekki fært að greiða atkv. með því og segi því nei.

2) Með svofelldri grg.: Mér þykir leiðinlegt að þurfa að greiða atkv. gegn þessu, því ég er því í raun og veru fylgjandi, en ég get ekki greitt atkv. með því, að þessi útgjöld verði lögð á Slysatryggingu ríkisins án þess að séð sé fyrir tekjuöflun til þess að standast þau, og segi því **nei.**

MJ, HStef, IngB, ÓTh greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (TrÞ, BJ, JónasÞ) fjarstaddir.

Brtt. 242 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., 11. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 262).

Á 28. fundi í Ed., 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allshn. í e. hlj.

Á 36. fundi í Ed., 21. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 303).

Magnús Torfason [óyfirl.]: Frv. þetta lá fyrir í Nd. á vetrarþinginu og var þá athugað í allshn. og afgr. frá henni. Við í allshn. hér athuguðum þetta mál, og þau ákvæði, sem voru í frv. í fyrra, eru nú alveg eins. En nú var í Nd. bætt nokkrum ákvæðum á þessu þingi við frv. eins og það var í fyrra. Þess má geta, að eins og frv. kom fyrst, þá var allmikill ruglingur á því, en síðan kom leiðrétting á þskj. 303 við frv. frá skrifstofunni. Eftir það var frv. aðgengilegt í alla staði. Ég skal geta þess, að í 3. gr. er nýmæli um að telja til slysa fingurmein o. fl. Við 4. gr. er nýmæli, að auk dagpeninga skuli greiða $^{2}/_{3}$ lyfja og umbúðakostnaðar. Hvað snertir þetta ákvæði þótti okkur í allshn. vera dálítið einkennilegt, að ekki væri sama hlutfallið milli læknishjálpar og lyfja- og umbúðakostnaðar. Síðan málið var í n. hefi ég átt tal við einn lækni um þetta, sem mun vera upphafsmaður þessarar till. í Nd., og hann sagði mér, að þessi skerðing á greiðslu til umbúðakostnaðar kæmi af því, að annars væri hætt við, og menn notuðu of mikið af lyfjum og umbúðum. Ég býst við, að þetta sé rétt hjá þessum hv. þm. — Þá er í 5. gr. ákvæði um það, að bætur til barna séu gerðar helmingi hærri en áður, í staðinn fyrir 300 kr. komi 600, og í staðinn fyrir 600 komi 1200. Slíkt er auðvitað álitamál, en ég býst við því, að það sé ekki of mikið.

Þá er við 8. gr. l. frá 1929 nokkur leiðrétting frá því, sem áður var; hún er í þágu útgerðarmanna, þess efnis, að þeir þurfi ekki að greiða 2 iðgjöld fyrir sama tíma manns, þegar maðurinn hefir gengið úr skiprúminu. Þetta er sjálfsagt réttarbót og hefir ekki neinn verulegan frádrátt í för með sér fyrir slysatryggingasjóðinn, en það er aðeins þannig, að þeir, sem eiga að sjá um þetta, verða fyrir nokkru ónæði.

Þá er við 12. gr. nokkur leiðrétting á því, að það er talað þar um frjálsar tryggingar, og þurfti það leiðréttingar við, eftir því sem það var áður í lögum. Það er réttara það, sem hér er í gr.

Þá er 8. gr., sem er breyt. við 15. gr. l. frá 1929. Hún er gerð til þess að fyrirbyggja, að þessar frjálsu tryggingar verði misnotaðar, og það virðist ekki nema sjálfsagt.

Þá er 9. gr., sem er breyt. við 17. gr. l. frá 1929, um að slysatryggingin skeri úr, ef vafi leikur á, til hvaða áhættuflokks tryggingarskylt fyrirtæki heyri samkv. 1. gr., og virðist það sjálfsagt, að slysatryggingin gefi reglur um það. Önnur ákvæði eru hér ekki, sem sérstaklega er þörf á að fara út í. Þar sem nál. hefir ekki verið samið um þetta frv., þá get ég ekki lýst öðru en minni skoðun á málinu, en þó er mér kunnugt, að meðnm. minn. hv. 2. þm. Eyf., mun vera þessu frv. samþykkur í öllum aðalatriðum. Ég fyrir mitt leyti mæli með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd., og þá sérstaklega fyrir þá sök, að það er orðið svo áliðið þingtímans, að ekki er tími til að bæta við smágreinum, sem maður hefði kannske talið, að betur mundi fara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

6.—11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 429).

38. Einkasala á tóbaki.

Á 4. fundi í Ed., 18. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum (þmfrv., A. 18).

Á 6. fundi í Ed., 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. hefir oft verið komið að því að ganga gegnum þingið, en á síðustu stundu, a. m. k. í tvö skipti, stöðvaðist það af óskiljanlegum ástæðum, því að það virtist hafa nægilegt atkvæðamagn til þess að komast í gegnum þingið eftir því að dæma, hvernig þm. höfðu um það talað.

Efni þessa frv. um einkasölu á tóbaki og eldspýtum, sem einnig lá fyrir síðasta þingi, er búið að rifja upp þing eftir þing. Saga þess er því orðin svo kunn, að það þarf ekki að fara langt út í hana nú. Þessi einkasala var rekin samkv. lögum árin 1921—1925 og lagði þá ríkissjóði ríflegar tekjur, svo að þeir, sem þar stóðu að, álitu, að hún hafði svarað til þeirra vona, sem gerðar höfðu verið til hennar í upphafi.

Það er rétt að taka það fram, af því að þar hefir komið fram misskilningur, að það er ekki ætlazt til, að tollurinn lækki á tóbakinu, þó að einkasalan komist á. Ríkissjóður fær tolltekjurnar eftir sem áður og þar að auki heildsöluágóðann, sem er nú í höndum fárra manna.

Það er í rauninni ekki þetta mál eitt, sem hér er um að ræða, heldur kemur í kjölfar þess annað mál um nauðsynlegar framkvæmdir, sem hér er á dagskrá á eftir, sem ég mun og minnast á, þegar að því kemur. Ég tel það vel til fundið, ef af þessari eyðsluvöru landsmanna væri hægt að ná í tekjur til gagnlegra framkvæmda fyrir landsmenn. Og það er auðvelt að ná í þessar tekjur. Það íþyngir ekkert landsmönnum, þó að ríkissjóður fái 250 þús. kr., sem má áætla, að tekjurnar verði af þessari einkasölu, en eins og nú er, eru það fáir menn, sem hafa hagnað af sölunni, og skattur sá, sem þeir greiða af þessum tekjum sínum, er ekki nema örlítið brot af hagnaði af tóbakssölunni.

Ég legg svo til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 2 atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 204).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er gamall kunningi hér á Alþ. og ekki sízt í þessari hv. d., og hér er það góður kunningi, því að Ed. hefir nokkrum sinnum afgr. það, þótt aldrei hafi það orðið að lögum. Þó er rétt að geta þess, að í þessum búningi, sem það nú er í, hefir það verið aðeins einu sinni áður, því að nú er ekki aðeins gert ráð fyrir heildsölu á tóbaki, heldur líka á eldspýtum.

Rök þarf ekki mikil fram að færa, því að þau hafa áður verið borin fram. Auk þess var áður einkasala á tóbaki um nokkur ár og reynslan sýndi, að ráðstöfun sú var ekki lítill tekjuauki fyrir ríkissjóðinn. Ég get minnt á ummæli fyrsta flm. þessa máls um það leyti, sem tóbakseinkasalan var lögð niður, að hún hefði uppfyllt þær vonir, sem hann hafði haft og færði rök fyrir tekjuöflun hennar.

Fjhn. gat ekki orðið sammála. Ég og hv. 2. þm. Árn. leggjum til, að frv. þetta verði samþ., en leggjum þó fram á þskj. 204 nokkrar minniháttar brtt. Um þessar brtt. vil ég fara nokkrum orðum.

1. brtt. er í 2 liðum. A-liður er aðeins leiðrétting, þannig, að óhjákvæmilegt þótti að vísa til 14. gr. um sektir. Um b-lið er það að segja, að þar er aðeins um **málleiðréttingu að ræða.**

2. brtt. er við 5. gr., og er hér ekki heldur um verulega efnisbreyt. að ræða. Við leggjum til að orða greinina upp og bæta því við, að ríkisstj. semji reglugerð um reksturinn. Af því að það er gert ráð fyrir reglugerð, teljum við rétt, að þessi ákvæði komi hér.

3. brtt. er við 6. og 7. gr., og er sú, að í staðinn fyrir 1. sept. komi 1. okt. — Fyrra ákvæðið er sýnilega fram komið fyrir þá sök, að frv. var borið fram á vetrarþinginu og talið þá óhætt að setja þetta tímatakmark svona snemma. En þar sem nú er orðið svona áliðið, þá er óhjákvæmilegt að færa þetta til.

4. brtt. er við 13. gr. og er efnisbreyt. Í gr. stendur, að umbúðir allar um eldspýtur og tóbak skuli merktar með álímdum miðum. Þetta má skilja á þann hátt, að ekki skyldi merkja fyrr en hér á landi. Við töldum réttara að orða það þannig, að á umbúðirnar skuli letra: „Tóbakseinkasala ríkisins". Þá er það óbundið, hvort það er merkt í verksmiðjunni eða hér heima. Við töldum rétt að halda báðum þessum leiðum opnum.

Síðasta brtt. er komin fram af þeim ástæðum, að í frv. er ekkert um það, hvenær lögin skuli öðlast gildi. En óumflýjanlegt er, að þau öðlist gildi þegar í stað. Þess vegna bættum við við 15. gr.

Þykist ég svo ekki hafa ástæðu til að segja meira fyrir hönd meiri hl. n.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Nál. minni hl. var ekki tilbúið við þessa umr., en ég vænti, að það geti komið við 3. umr. málsins. Ég vil aðeins taka það fram, að ég er mótfallinn þessu frv., og það fyrst og fremst af fjárhagslegum ástæðum fyrir hönd ríkissjóðs.

Þegar litið er á tekjur ríkissjóðs af tóbaki fyrir og eftir að tóbakseinkasalan var tekin upp, þá kemur í ljós, að það dregur úr notkun og innflutningi vörunnar, a. m. k. löglegum innflutningi þegar einkasalan kemst á. Þegar hún er lögð niður í árslok 1925, er tollurinn hækkaður um það, sem nam nokkrum hluta álagningarinnar. En þá jukust tekjur ríkissjóðs, og þó nam tollurinn ekki nema nokkrum hluta álagningarinnar, og sumar tóbakstegundir lækkuðu í verði. Ef nú er til þess hugsað að halda áfram sama tolli og á var lagður 1925 og bæta svo álagningu ofan á, þá er það ekki hægt með öðru en því, að hækka verð vörunnar, og væri hugsanlegt að ná tekjum á þann hátt, ef menn tryðu því, að þessi vara þyldi meiri álagningu en nú er. En ég er sannfærður um, að hækkun verðs mundi leiða til þess að draga úr neyzlunni, og yrði þá af því enginn tekjuauki, heldur tekjurýrnun. Ef menn vilja fá auknar tekjur af tóbakinu, lægi betur við að hækka tollinn ofurlítið.

Sérstaklega er það vitanlegt, að á fyrsta ári, sem einkasalan starfaði, myndu tekjur minnka stórkostlega. Það kemur til af því, að þegar birgðir þær, sem til eru í landinu, eru færðar saman á eina hönd, þá dregur mjög úr innflutningi. Það kom mjög ljóst fram í fyrra skiptið sem einkasalan var sett á stofn. Þessi tekjurýrnun kæmi þá fyrst og fremst niður á árinu 1932, sem verið er að setja fjárlög fyrir á þessu þingi. En nú þykir mjög tvísýnt, hvort hægt verði að veita fé til mjög nauðsynlegra framkvæmda, sem ætlaðar eru, og virðist þá allhæpið að leggja það til að skerða tekjustofna ríkissjóðs.

Ég þarf ekki frekar að ræða þetta nú, en geymi til 3. umr. að leggja fram þær tölur, sem sanna staðhæfingu mína um það, að ekki sé hentug leið til tekjuaukningar að taka upp einkasölutilhögun. Og ég mun þá auk þess koma einnig að öðrum atr., sem í mínum augum gera það mjög varhugavert að taka upp einkasölu.

Jón Baldvinsson: Ég fékk það út úr ræðu hv. 1. landsk., að hann áleit ekki, að þetta mundi auka tekjur ríkissjóðs, heldur þvert á móti mundu tekjur minnka fyrsta árið, og síðan mundi ríkissjóður ekki fá nema litlar tekjur af innflutningi tóbaks. En nú hefir það sýnt sig þessi ár, sem tóbakseinkasalan var, að hún gaf yfir 200 þús. kr. hagnað árlega. Og hv. þm. játaði, að tollur ætti ekki að lækka. Hitt játa ég að geti verið, að innflutningur tóbaks minnki eins og á öðrum vörum, þegar menn draga við sig. Það sást berlega á árunum 1922—23, því að þá dróst allt saman, minna var flutt inn og minna keypt.

Nú vil ég þakka hv. meiri hl. n. fyrir

meðferðina á frv. og brtt., sem sumpart gera ekkert til, en sumpart eru til bóta. Ef ég ætti þá yfirleitt að vera að þakka hv. þm., því að hv. framsóknarmenn hafa talið sig fylgja þessu máli frá upphafi, þó að misbrestasamt hafi orðið hjá þeim um framkvæmdir. Þeir hafa jafnan verið fúsir til einhverra ráða til að láta það ekki ná samþ. þingsins. (**JónJ**: Þeir eru ráðugir!). En í sambandi við þetta ætla ég að spyrja hv. fjhn. um fylgi við frv. um rafveitulánasjóð Íslands, sem gert er ráð fyrir, að hagnaður af tóbakssölunni renni til. Ég vil spyrja, hvað því frv. líði. Ég álít það ætti að koma samhliða þessu frv. í hv. d. Þetta mál er eitt af því, sem flokkarnir í þinginu hafa talið mikilsvert mál, þó að menn hafi ekki ennþá sameinazt um úrlausn rafveitumálanna. Ég vildi því mælast til, að hv. n. léti þetta mál koma fram sem fyrst, því að það á að fylgja þessu máli, sem nú er hér til umræðu.

Jónas Jónsson: Út af þeim orðum hv. 2. landsk., hvernig flokkar hafa staðið að þessu máli, vildi ég gefa þá skýringu, að ég held, að allir þeir þrír þingflokkar, sem hafa þingmenn, hafi meira og minna staðið að þessari einkasöluhugmynd. Það er kunnugt, að einn af leiðtogum Íhaldsflokksins, núv. hv. 2. þm. Skagf., bar hana fram, — ekki að ég held af löngun til ríkisrekstrar eða til að geðjast Framsóknarflokknum, heldur af því, að hann áleit þetta eðlilega leið til að afla tekna í ríkissjóð. Það fór líka svo, að þessi leið reyndist betur en upphaflega var búizt við. Og það var sú reynsla, sem sannfærði okkur framsóknarmenn um það, að þessu fyrirkomulagi ætti að halda áfram.

Það, að socialistar halda fram ríkisrekstri og ríkisverzlun, hefir náttúrlega stutt þetta mál á þann hátt, að þeirra flokkur hefir orðið velviljaður málinu fyrir það, að þeim fannst verið að koma inn á þeirra stefnu. En það hafði engin áhrif á okkur framsóknarmenn, sem álitum ekki, að það sé yfirleitt örugg vissa, að ríkið geri alla hluti betur en einstaklingar. Ég býst við, að það hafi einnig verið gert einungis af beinum fjárhagsástæðum hjá þeim flokki, sem kom þessu máli fyrst í gegn. Síðan mun það vera mála sannast, að þegar Íhaldsflokkurinn tók við völdum, var það kaupmannastéttin, sem sveigði flokkinn frá þessari stefnu, sem hv. 2. þm. Skagf. hafði tekið upp, og kom því til leiðar, að flokkurinn hné að því ráði að rífa niður verk hv. 2. þm. Skagf. Kaupmannastéttin óttaðist, að ef vel reyndist ríkisverzlun með tóbak, þá kynnu fleiri vörutegundir að koma á eftir, og væri þá þrengt að hagsmunum verzlunarstéttarinnar. Ég held, að hér sé um þrjár stefnur að ræða. Ein er stefna socialista, sem fylgja yfirleitt ríkisrekstri. Í öðru lagi erum við framsóknarmenn með þessu, af því að við, eins og hv. 2. þm. Skagf. 1921, álítum það gróða fyrir ríkið að verzla með þessa vöru. Þá er stefna íhaldsmanna, að vilja ekki tóbakseinkasöluna, af því að kaupmenn flokksins vilja hana ekki. Í því liggur engin játning um það, að hv. 2. þm. Skagf. hafi haft á röngu að standa þegar hann bar hugmyndina fram. Hið gagnstæða var einmitt viðurkennt, en hagsmunir íhaldsmanna kröfðust afnáms einkasölunnar.

Það má því segja, að við framsóknarmenn stöndum að þessu leyti á sama grundvelli og þessi umræddi íhaldsmaður, sem flutti málið á þinginu 1921, og það er raunar sá eini grundvöllur, sem getur komið til greina. Hér skiptir engu máli, hvort verzlunarstéttin er fylgjandi tóbakseinkasölu. Það er heldur engin ástæða að hafa einkasölu, af því að það sé socialistum að skapi. Það eina, sem skiptir máli, eru þjóðhagslegar ástæður, hvort ísl. þjóðin vill af skattfræðilegum ástæðum taka upp þann sama sið sem Frakkar og Svíar hafa haft um óralangan tíma.

Ég álít ekki þörf að lengja mjög umr. um þetta mál. Það liggur alveg ljóst fyrir og er sannað af reynslu, að það er mjög arðvænlegt ríkissjóði að reka þessa verzlun, og að það stendur ekkert í vegi nema hleypidómar einnar stéttar. En geti kaupmannastéttin vakið þann mótblástur gegn málinu, að ekkert verði úr, þá er það gott fyrir hana eina, en ekki fyrir landið. Ég treysti því, að þessi hv. d. vilji láta hag landsins sitja fyrir, og hraði þessu máli áleiðis.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég get látið bíða að svara hv. 1. landsk., þar sem hann lýsti yfir því, að hann mundi aðallega taka upp umr. við 3. umr.

Út af fyrirspurn hv 2. landsk. til fjhn. um það, hvað líði frv. um rafveitulánasjóð, get ég sagt það, að n. hefir ekki enn unnizt tími til að taka það mál fyrir, enda tel ég ofur eðlilegt, að þetta mál gangi á undan því. Eftir því sem ég hefi litið til hins frv., þá er það dauður bókstafur, nema þetta frv., sem fyrir liggur, gangi fram. Hinsvegar mun fjhn. taka þetta mál fyrir, þegar að því kemur í n., en enn sem komið er get ég ekki skýrt neitt frá, hvaða undirtektir það fær í n., því að það er náttúrlega alls annars eðlis en málið, sem hér liggur fyrir, þó að það sé sett í samband við það af sérstökum ástæðum.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það hefði verið nokkur ástæða til að benda hv. flm. á, að það virðist sem verið sé að sveigja hann nokkuð af þeirri leið, sem hann þóttist vera að ganga. Hann ætlaði að útvega tekjur í ákveðnum tilgangi. Það er að vísu tekið góðfúslega á móti tekjum, — hvað miklar þær kunna að verða, á reynslan eftir að sýna — en tilganginum virðist bara algerlega vísað á bug. Þetta er dálítið eftirtektarvert einmitt í sambandi við það, sem við vorum að tala um á dögunum um frv., sem flokkur hv. þm. er að bera fram í Nd. Ég var að benda honum á, að ekki væri alveg víst, að tekjunum yrði varið samkv. því, sem til væri ætlazt. Það gæti farið svo, að hæstv. stj. færi þá eftir sínum geðþótta.

Ég vil nú benda hv. flm. á, hvort ekki sé ráð að stöðva framgang frv. þangað til séð verður, hvað meiri hl. fjhn. ætlar að gera við rafveitulánasjóðsfrv.

Hv. 5. landsk. talaði um menn, sem vildu styðja að landshagsmunum í sambandi við þetta mál. Ég vil leyfa mér að spyrja þennan hv. þm., hvað hann hefir verið að gera fjögur undanfarin ár. Mér virðist hann hafa setið á landshagsmununum allfast, því að ég veit ekki betur en það hefði verið algerlega á hans valdi að koma einkasölu á á þingi 1928. (**JónasJ:** Ég var alltaf með því þegar málið var til umr.), en landshagsmunirnir hafa ekki átt upp á pallborðið hjá hv. þm. fyrr en ef það verður nú. Það kynnu þá kannske að vera aðrir hagsmunir, sem meira eru metnir hér eftir en hingað til.

Annars vil ég lýsa yfir því, að ég er sömu skoðunar um þetta mál og hv. 1. landsk. Ég er sannfærður um, að einkasala verður ekki til hagsmuna fyrir ríkissjóð, heldur þvert á móti. Ég vil benda á, að með einkasölufyrirkomulagi á síldarverzlun er alveg verið að eyðileggja þennan atvinnuveg fyrir landsmönnum, og koma honum algerlega í hendur útlendinga. Verður væntanlega ekki langt að bíða þess, að við verðum að biðja útlendinga að koma aftur og veita okkur vinnu við þennan atvinnurekstur. Og við vitum um reynsluna af einkasölu á tóbaki. Það voru stórir landshlutar, sem sama sem ekkert skiptu við einkasölu ríkisins, heldur öfluðu sér tóbaks á einn eða annan hátt. Ég man það, að þegar ég var á ferð eitt sinn úti á landi, var mér sagt, að tóbak fengist yfirleitt ekki í búðum, menn öfluðu sér þess á annan veg. Oft var það, að verzlunarmaður átti eitthvað til sinna nota, og gat hjálpað öðrum, ef lá á. Í þetta horf mun sækja aftur, ef einkasala kemst á. Þess vegna vildi ég óska, að hv. 5. landsk. og aðrir vildu gera svo vel að sitja sem allra fastast á þessum „landshagsmunum", eins og þeir hafa setið fast á þeim fjögur undanfarin ár.

Jón Baldvinsson: Hv. frsm. meiri hl. n. hefir nú skýrt frá, að n. hafi ekki enn tekið til yfirvegunar frv. um rafveitulánasjóð, sem ég bar fram og vísað var til fjhn. Skildist mér í orðum hans felast, að tóbakseinkasalan ætti að ganga á undan því máli, til þess að hægt væri að koma því í framkvæmd. Þóttist ég kenna velvildar til málsins í þeim ummælum. Vil ég því vænta, að hv. form. n. láti málið koma fljótlega fram. Ég hefi reynt hv. 2. þm. S.-M. að því að vera orðvaran og gætinn mann og áreiðanlegan, er segði ekki meira en hann ætlaði að standa við. En mér skildist hann vilja hraða afgr. málsins eftir því sem n. kemst til.

Hv. 1. þm. Reykv. bjóst við, að n. mundi ekki taka minar till. til greina um það, hvernig ætti að verja þessu fé. En í hans

augum er hér ekki um að ræða neinar tekjur í ríkissjóð. Hann spáir, að tekjur í ríkissjóð muni minnka frá því, sem nú er, a. m. k. ekki aukast, svo að í hans augum má það vera sama, hvort þetta verður samþ. til þess að fá stj. peninga. Hitt er það, að bæði hann og ég verðum að horfast í augu við það, að Framsóknarflokkurinn hefir meiri hl. á þingi og skipar nú stj.; en það hindrar okkur ekki í því að bera fram ýmsar till., jafnvel þótt okkur sé ljóst af undangenginni reynslu, að stj. Framsóknarfl. skirrist ekki við að ganga í berhögg við það, sem þingið setur, — og það svo mjög, að menn líta svo á, að hún jafnvel gangi á svig við sjálf ákvæði stjórnarskrárinnar. Samt komum við með till. til þess að tryggja rétt þingsins. Og m. a. talaði hv. 1. landsk. í fyrradag, þegar rætt var um verðtollinn, um það að setja einskonar „haft" á stj. í fjárl., með till., sem flokksmenn hans fluttu í Nd. Við jafnaðarmenn viljum líka setja haft á hæstv. stj. með sérstakri löggjöf. Það haft ætti að vera sterkara en haftið í fjárl., því að sýnt er það, að hæstv. stj. „respekterar" ekki fjárl. frekar en henni gott þykir.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að tala frekar um þetta. Hv. frsm. hefir lýst fylgi sínu við málið og talað vinsamlega um það.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Það lá fremur vel á hv. 1. þm. Reykv. þegar hann flutti sína ræðu. Ég skal ekki segja, hver var orsökin, en það gaf mér ástæðu til að álykta, að rétt væri að taka ýmislegt af því, sem hann sagði, í spaugi. Hann sagði m. a., að þegar tóbakseinkasalan var hér áður, hefðu stórir landshlutar engin viðskipti haft við einkasöluna, heldur aflað sér tóbaks á annan hátt. Þetta hefir hann sagt í spaugi, því að ef það er í alvöru sagt, þá felst í því allþungur dómur fyrst og fremst á landsmenn almennt, en ekki síður á þá ríkisstjórn og starfsmenn hennar úti um land um slæmt eftirlit. **(Rödd af þingbekkjum:** En kaupmenn?). Kaupmenn falla auðvitað undir þennan dóm líka.

Ég er nú viss um, að þetta er ofur vel hægt að rannsaka, aðeins fara í reikninga einkasölunnar frá þeim tíma. Og þeir munu sýna, að ekki er nokkur landshluti, sem ekki skipti við hana. **(Jónþ:** Tala nú mjög varlega). Svo að þessi ástæða er mjög veigalítil. En ef á að taka þetta alvarlega, þá verður að líta svo á, að þessi öflun tóbaks hafi horfið eftir að verzlunin var gefin frjáls, — ekki fyrir það, að tóbak yrði ódýrara, en þá aðeins fyrir það, að eftirlit með tollgæzlu hefir batnað. Þar liggur ástæðan, ef nokkur fótur er fyrir fullyrðingu hv. þm. En svona órökstudd ummæli geta ekki verið nokkur mótbára gegn frv., því að það vita allir, að það er verðlagið á tóbakinu, sem gefur freistinguna til að fara utan hjá l., en ekki það, hvort kaupmenn verzla með tóbakið eða ríkisverzlun. Nú vita menn, að meiri hl. tóbaksverzlunar hér á landi er í höndum eins félags. Býst ég ekki við, að kaupmenn úti um land geri það í gustukaskyni við Tóbaksverzlun Íslands að skipta við hana, ef þeir hafa ekki skipt við einkasöluna áður. Ég tel yfirleitt ekki sæmilegt á Alþingi að slá svona ummælum fram í alvöru, en hinsvegar fyrirgefanlegt, ef það er í gamni gert.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég held, að hv. 2. þm. S.-M. hafi nú verið að tala í spaugi. Því að ég held satt að segja, að honum hljóti að vera þetta nokkurn veginn eins kunnugt og mér, og sennilega töluvert betur. Annað mál er það, að hv. þm. hefir ekki nákvæmlega rétt eftir það, sem ég sagði. Hann kvað mig sagt hafa, að enginn kaupmaður í þessum landshlutum hefði haft nokkur viðskipti við einkasöluna. Ég sagði **lítil,** svo að tóbak var nálægt því ófáanlegt í búðum. Og þetta sagði ég blátt áfram sem reynslu og í fullri alvöru. Og ég held, að hv. þm. hljóti að vera þetta að einhverju leyti kunnugt. En það er ekki heldur rétt hjá hv. þm., að tóbaksverðið eitt geri það að verkum, að svona getur farið. Það er verzlunarmátinn. Það er þetta, að aðeins einn aðili hafi tóbaksverzlunina í höndum sínum, sem veldur töluvert miklu. T. d. bara það, að þegar fleiri eru seljendur, þá er samkeppni, og þá er auðveldara fyrir kaupmenn að fá vöruna heldur en þegar einn selur og hefir allt í hendi sinni, en stj. einkasölunnar hefir litilla hagsmuna að gæta í sambandi við verzlunina.

Mér er líka vel kunnugt, að það gekk oft erfiðlega fyrir kaupmenn að fá tóbak hjá einkasölunni, en nú hafa kaupmenn mjög greiðan aðgang að vörunni. Um þennan landshluta, sem ég minntist á, get ég ekki fullyrt nú fyrir víst, hvort þar er verzlað á þann löglega og eðlilega hátt; ég hefi ekkert grennslast eftir því. Ég held, að það séu tyllivonir einar, er hv. meðmælendur frv. álíta, að ríkissjóði myndi verða tekjuhækkun að því, að frv. yrði samþ. Það ætti að vera öllum hv. dm. ljóst, að fyrst í stað, á næsta ári, myndi það hafa í för með sér óhjákvæmilega tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, að einkasalan væri sett á stofn. Það er þess vegna mjög gálauslegt af hv. framsóknarmönnum að ætla að koma einkasölunni á fót nú, einmitt þegar ríkissjóður þarf nauðsynlega að fá allar þær tekjur, sem hann getur fengið. Og fyrst hv. stjórnarflokkur hefir ekki hreyft þessu máli í 4 síðastl. ár, þá held ég, að hann ætti að fresta því a. m. k. um eitt ár ennþá.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég stend aðallega upp til þess að mótmæla þeirri fullyrðingu hv. 1. þm. Reykv., að mér sé fullvel kunnugt um, að vissir landshlutar hafi aflað sér tóbaks á landsverzlunartímunum án þess að skipta við Landsverzlun Íslands. Þessi fullyrðing hv. þm. er gersamlega rakalaus uppspuni. Hann mun hér eiga við Austfirðingafjórðung, því að þar er ég kunnugastur. Ég veit aftur á móti ekki til, að hann hafi komið þar nema rétt snöggvast á tveggja ára fresti, og hefir hann því þekkingu sína þaðan næstum eingöngu frá öðrum. Ég hefi sjálfur notað tóbak um margra ára skeið og skipti alltaf við landsverzlunina, meðan hún var við lýði. Mér er líka kunnugt um, að hver einasta verzlun í minu byggðarlagi fékk tóbak sitt frá landsverzluninni. Þessar fullyrðingar hv. þm. eru því rakalausar dylgjur og ekkert annað, enda hefir hann skort þekkingu á því í þessum landsfjórðungi, sem snerti hann og hans stöðu frekar heldur en viðskipti héraðsbúa við Landsverzlun Íslands.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég geri nú ráð fyrir, að hv. 2. þm. S.-M. finnist blóðið renna til skyldunnar að halda uppi vörnum fyrir sína sveit, en það, sem ég sagði, er jafnrétt eftir sem áður, því að ég hefi það eingöngu eftir íbúunum í því héraði, sem um var rætt, jafnframt því sem ég hefi það frá mér sjálfum, því að þegar ég gekk í búðir á þessum stöðum til þess að fá tóbak, þá fékk ég þar þau svör, sem ég hefi áður greint frá. — Auðvitað getur hv. þm. sagt, að þetta sé uppspuni, en verkin segja annað, því að margir fleiri en ég hafa rekizt á þetta sama.

Annars er þetta svo algeng afleiðing af einkasölufyrirkomulagi, að óþarfi er fyrir hv. þm. að taka það nærri sér, að á það sé minnzt.

ATKVGR.

Brtt. 204,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, JBald, GÓ.

nei: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM.

2.—4. gr. samþ. með 8 : 3 atkv.

Brtt. 204,2 (ný 5. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 204,3 samþ. með 8 shlj. atkv.

6.—7. gr., svo breyttar, samþ. með 8 shlj. atkv.

8.—12. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 204,4 (ný 13. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

14.—15. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 204,5 (ný gr., verður 16. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 5 atkv.

Á 25. fundi í Ed., 10. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., 12. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 239, 243, n. 261, 267, 274, 277).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 267, 274 og 277. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Ég hefi skilað nál. um þetta mál á þskj. 261 og dregið þar saman þær helztu ástæður, sem ég hefi fram að færa á móti frv. Get

ég ekki séð, að nein skynsamleg ástæða sé til þess að fara nú að lögleiða hér einkasölu á tóbaki, nema ef það væri til þess að afla ríkissjóði tekna. Ef hinsvegar er útlit fyrir, að ríkissjóður fái ekki auknar tekjur af breytingunni, eða ef hægt er að afla ríkissjóði tilsvarandi tekna á hagkvæmari hátt, eru þar með allar ástæður fyrir frv. fallnar burtu. Hefi ég í nál. mínu fært rök að því með tölum úr verzlunarskýrslunum, að einkasölutilhögunin hafði í för með sér, að innflutningur tóbaks, sem tollur var greiddur af, minnkaði að miklum mun. Innflutningurinn á mann þrjú næstu árin á undan einkasölunni nam 1,3 kg. að meðaltali, og 4 næstu árin eftir að einkasölunni var létt af 1,2 kg., en þau 4 ár, sem einkasalan stóð, nam innflutningurinn ekki nema 0,9 kg. á mann að meðaltali. Hefi ég ekki getað fundið neinar sérstakar ástæður fyrir því, að innflutningurinn skuli vera þetta minni 1922—1925 en árin á undan og eftir, aðrar en þessa tilhögun, sem þá var á tóbaksverzluninni. Því er ekki til að dreifa, að þessi ár hafi verið neitt sérstaklega erfið ár; 2 hin fyrri, 1922—23, voru að vísu óhagstæð verzlunarár, en seinni 2 árin, 1924—25, voru aftur á móti óvenjulega hagstæð ár. Því er og ekki heldur til að dreifa, að innflutningurinn næstu árin áður en einkasalan tók til starfa hafi verið óvenjulega mikill, þannig að miklar birgðir hafi þá verið fyrir í landinu. Þvert á móti. Innflutningurinn árið fyrir einkasöluna nam ekki nema 0,8 kg. á mann, og er það fyrir neðan meðaltal næstu áranna á undan. Þessi reynsla sýnir, að búast má við, að innflutningurinn minnki um 25%, ef einkasölutilhögunin verður tekin upp. Tollurinn af tóbaki síðasta árið, sem ég hefi skýrslur yfir, 1929, nam 1258000 kr., og minnkar hann um 25% samkv. þessu, og þar sem ekki er gert ráð fyrir að breyta tollákvæðunum, má búast við, að þessi lækkun á tolltekjum ríkisins af tóbaki nemi yfir 300 þús. kr., ef miðað er við árið 1929, en eitthvað undir þeirri upphæð, ef miðað er við síðustu 4 ár. Forgöngumenn þessa máls gera ráð fyrir það mikilli verzlunarálagningu á tóbaki hjá einkasölunni, að hún ætti að gefa ríkinu 250—300 þús. kr. í tekjur, sem er svipuð upphæð sem búast má við, að ríkið tapi á tolltekjunum, svo að vinningurinn fyrir ríkissjóð verður enginn, en byrðin lendir á þeim, sem halda áfram að kaupa og nota tollað tóbak, og má gera ráð fyrir, að verðið á tóbakinu verði að hækka um 15% frá því, sem nú er, til þess að ná þeim tekjum, sem flm. frv. reikna með.

Ég gat þess áður, að ég hefði ekki fundið neinar sérstakar ástæður fyrir hinum minnkaða tóbaksinnflutningi árin 1922—25 aðrar en einkasölutilhöguninа sjálfa. Hefi ég þó leitað í huga mér að ástæðunum til þessa. Árferðið hefir mikið að segja í þessum efnum, en eins og ég tók fram, getur það ekki réttlætt þetta, því að þótt tvö hin fyrri árin væru allerfið ár, voru hin tvö síðari einmitt veltiár og bættu þannig hin fyrri upp. Þá er því ekki heldur til að dreifa, að þjóðin hafi verið neitt sérstaklega sparsöm á munaðarvörur á þessu tímabili. Eru til upplýsingar um það í verzlunarskýrslunum, hve mikill hl. munaðarvörurnar eru af öllum innfluttum vörum á hverju ári, og samkv. því hefir innflutningur á munaðarvörum numið svipaðri hundraðstölu af innfluttum vörum í heild sinni þessi 4 ár, sem einkasalan stóð, og árin fyrir og eftir. Árin 1919—21 nemur innflutningur á munaðarvörum 11,9%, 1922—25 11,1% og 3 síðustu árin, sem til eru skýrslur um, tæpum 9% af öllum innflutningnum. Ég held því, að gera verði ráð fyrir, að tollur af innfluttu tóbaki minnki við það, ef einkasalan verður tekin upp, og þar með er grundvellinum kippt undan þeim vonum um tekjuauka, sem menn gera sér með þessu frv.

Ég hefi þar næst leitt rök að því, að sú tollhækkun, sem gerð var, þegar einkasalan var lögð niður í ársbyrjun 1926, hefir reynzt drýgri tekjuauki fyrir ríkissjóð en tóbaksverzlunin þau 4 ár, sem einkasalan var við lýði. Þó var tóbakstollurinn ekki hækkaður svo mikið, að gert væri ráð fyrir, að verzlunararðurinn næðist upp með tollhækkuninni. Það var slakað til með tollinn af þeim tóbakstegundum, sem álitið var, að einkum væru notaðar af hinu efnaminna fólki í landinu. En þó að svo varlega væri farið í sakirnar, hefir reynslan þó sýnt, að toll-

urinn af tóbaki síðustu 4 árin hefir gefið 383 þús. kr. meiri tekjur árlega en heildartekjurnar af tóbaki urðu undir einkasölufyrirkomulaginu. Er fljótfundið, í hverju þetta liggur. Tóbaksinnflutningurinn nemur á mann 1,2 kg. að meðaltali síðustu 4 árin, en ekki nema 0.9 kg. á meðan einkasalan stóð yfir, og af þessu hafa tolltekjurnar orðið þetta meiri en menn gerðu ráð fyrir, þegar einkasalan var lögð niður, af því að menn þorðu ekki að reikna með því, að niðurlagning einkasölunnar mundi hafa þessi áhrif á tóbaksinnflutninginn. Skýrslur þær, sem ég hefi tekið upp í nál. mitt, sýna ennfremur, að heildartekjur ríkissjóðs af tóbakinu urðu um 758 þús. kr. að meðaltali á ári meðan einkasalan starfaði, en eftir að hún var lögð niður og tollurinn hækkaður sem nam nokkrum hluta verzlunarálagningarinnar, hafa þessar tekjur hækkað upp í 1141 þús. kr. árlega. Mismunurinn er 383 þús. kr. eða um 50% hækkun frá þeim tekjum, sem ríkissjóður hafði af tóbakinu yfir einkasölutímabilið. — Á þessum skýrslum er ennfremur tilgreint verðið á innfluttu tóbaki, eins og það er talið í verzlunarskýrslunum, og er þar miðað við innkaupsverð að viðbættum flutningskostnaði til landsins. Sést þar, að 1929, en það er síðasta árið, sem skýrslur eru til yfir, hefir innkaupsverðið numið 1320 þús. kr., en tollurinn nemur það sama ár 1258 þús. kr. Er því svo komið, að tollurinn, sem greiddur er af tóbakinu í ríkissjóð, nemur jafnmiklu að kalla má og innkaupsverð vörunnar kominnar hingað til lands. Bendir þetta til þess, að varhugavert sé að ætla að ná verulega auknum tekjum ríkissjóði til handa með auknum álögum á þessa vörutegund yfirleitt, því að þeim mun meiri mismunur, sem er á milli innkaupsverðs vörunnar og útsöluverðs hennar hér á landi, þeim mun meiri hætta er líka á því, að salan minnki. Það er hætt við, að neyzlan minnki, bæði af því að varan er tiltölulega dýr í samanburði við aðrar vörur, og hættan af smyglun er miklu meiri sökum hagsmunavonarinnar, og það er mjög varhugavert.

En ef menn vilja fá meiri tekjur af þessari vöru, þá má hækka tollinn ofurlítið, því að það myndi ekki draga neitt að ráði úr innflutningnum, a. m. k. ekki eins mikið og einkasalan myndi gera. Á fyrsta ári einkasölunnar myndi verða mjög mikil tekjurýrnun, en því til sönnunar þarf ekki annað en benda á árið 1922, og gera samanburð á tekjunum áður og eftir að einkasalan komst á. Menn kunna nú að segja, að þetta myndi ekki verða, ef hömlur væru settar á innflutning til áramóta, en slíkt kemur að engu gagni, því að þegar innflytjendur eiga von á einkasölu, þá flytja þeir ekki mikið inn af vörunni, eins og sýndi sig fyllilega árið 1921, því að tekjur af tóbaki hafa aldrei verið eins lágar og árin 1921 og 1922, þau árin, sem einkasalan var að komast á, og eins myndi fara nú.

Um það, að draga eldspýtur inn í þetta einksölufrv., þarf ég ekki margt að segja. Eldspýtur eru nauðsynjavara, og það mætti taka hvaða aðra nauðsynjavöru sem er, en það er að fara inn á nokkuð aðra braut en verið hefir gert til þessa. Tóbak er óþarfavara, sem ekkert er að athuga við, þótt sé tollað hátt eða lagðar hömlur á innflutning þess, en ég álít það hreina neyðarráðstöfun, ef slíkt hið sama á að fara að gera við nauðsynjavörur. Þá þykist ég hafa gert næga grein fyrir því, af hvaða ástæðum ég greiði atkv. á móti frv. þessu, en ef svo skyldi fara að frv. yrði samþ., þá hefi ég borið fram brtt. á þskj. 243, um að aftan við 5. gr. bætist: „Forstöðumaður og starfsmenn fyrirtækisins mega hvorki sjálfum sér til handa né handa fyrirtækjum, sem þeir eru við riðnir, taka við neinum umboðslaunum eða þóknun í neinni mynd frá framleiðendum eða seljendum vörutegunda þeirra, sem Tóbakseinkasala ríkisins verzlar með. Brot gegn þessu heimfærast undir 13. kapítula hinna almennu hegningarlaga.

Það hefir þótt vafasamt, hvort starfsmenn sem þessir yrðu taldir til embættis- eða sýslunarmanna ríkisins. Ekki alls fyrir löngu hefir þó fallið dómur í öðru svipuðu tilfelli, þar sem úrskurðað hefir verið, að starfsmaður við víneinkasöluna sé sýslunarmaður. Mér þótti rétt að setja inn í frv., að þessir menn mættu ekki taka við umboðslaunum frekar en embættis- og sýslunarmenn, sem óheimilt er að taka við slíku.

Ástæðan til þess, að ég ber þetta fram, er sú, að ég þykist hafa orðið var við það, að slíkir menn teldu sig hafa heimild til að taka á móti slíkum þóknunum, en til þess að fyrirbyggja allan misskilning, vil ég taka það fram, að það dæmi, sem ég á við, er ekki frá Tóbakseinkasölunni gömlu.

Ég álít rétt, að þótt þessir menn taki ekki laun sín beint úr ríkissjóði, heldur frá arðberandi stofnunum ríkisins, skuli þeir lúta sömu lögum og embættis- og sýslunarmenn, og brtt. min ákveður, að þeir skuli teljast sekir við 13. kap. hegningarlaganna, ef þeir gera sig seka í afglöpum. Ég álít líka ástæðu til að minna á þetta, ef verið er að breyta til með þetta hvað eftir annað, þannig að verzlunin er ýmist frjáls eða rekin með einkasölufyrirkomulagi, og verksmiðjur hafa hér umboðslaunaða menn; þá er ástæða til að ákveða í eitt skipti fyrir öll, að menn við slík einkasölufyrirtæki megi ekki á neinn hátt hafa stöðu sem umboðsmenn fyrir þessar verksmiðjur í hinni almennu verzlun.

Páll Hermannsson: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 267. Hún er auðskilin, því að hún fer fram á, að tekin séu út úr frv. þessu öll ákvæði um eldspýtur, þannig að aðeins verði um einkasölu á tóbaki að ræða. Ástæðan fyrir því, að ég flyt þessa brtt. er sú, að mér finnst standa nokkuð öðruvísi á um eldspýturnar en tóbakið.

Það er álit margra manna, enda jafnvel vissa fyrir, að heppilegt er að afla tekna handa ríkissjóði með því að taka í einkasölu þær vörur, sem talizt geta munaðarvörur eða eru hátollaðar. Ég ætla ekki að rekja þau rök, sem færð hafa verið fyrir þessu, en mér virðist standa allt öðruvísi á um eldspýturnar. Sú vara er nauðsynleg, enda lágt tolluð, og fæ ég ekki séð, að ástæða sé til að taka þær með frekar en ýmsar aðrar nauðsynjavörur, og því geri ég það að tillögu minni, að öll ákvæði um þær verði niður felld.

Ég skal játa, að ég lít svo á, að tíminn, sem nú stendur yfir, sé mjög óhentugur til að nú verði tekin upp einkasala á tóbaki, m. a. af því, að nú þykir frekar þröngt fyrir dyrum hjá ríkissjóðnum; en vitanlegt er það, að hann verður að leggja fram rekstrarfé handa þessu fyrirtæki til að byrja með. Þar við bætist að ætla má, að fyrir dyrum standi erfiðir tímar, sem líklega hafa í för með sér minnkaða notkun á tóbaki. Þess vegna virðist mér, að ef tóbakseinkasala væri nú tekin upp, mætti vel svo fara, að andstæðingar slíks verzlunarfyrirkomulags fengju þarna vopn í hendur. Ef líkindi eru til, að það muni draga úr innflutningi á þessari vöru, þá verður það á sínum tíma vitanlega vopn í höndum þeirra manna, sem halda því fram, að tóbakseinkasala hljóti alltaf að draga úr innflutningi tóbaks og tolltekjunum, en ég er þó með því, af því að ég álít það varla vansalaust fyrir Framsóknarflokkinn að hafa nú setið í 4 ár að völdum og hafa ekki komið þessu máli fram, og því get ég lokað augunum fyrir hinu og fylgt frv. þessu.

Á það má líka benda, að nú eru allar líkur til, að frv. þetta nái að komast í gegnum þingið, en það er ekki vitað, hvort eins verður jafnvel í náinni framtíð.

Ég vil taka það fram, að ég er ekki trúaður á, að það ættu sér stað meiri tollsvik, ef einkasala kæmist á, því að hinn hái tollur, sem nú er á tóbaki, gefur mönnum sömu tilhneigingu til að komast fram hjá honum. Ennfremur er ég ekki trúaður á, að ekki fáist hæfir menn til að veita þessu fyrirtæki forstöðu, enda mun almennt litið svo á, að menn keppi frekar eftir að komast í þjónustu ríkisins en annara vinnuveitenda. Þetta gæti líka því aðeins átt sér stað, að verzlanir gætu yfirboðið ríkið, en slíkt er ólíklegt, a. m. k. virðist svo, að hjá ríkinu fái færri að vera en vilja.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Hv. minni hl. fjhn. hefir gert ýtarlega grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli, og þykir mér hlýða að taka nokkur atriði í nál. hans og ræðu hv. 1. landsk. til athugunar. Það er vitaskuld gott að draga fram slíka skýrslu eins og hv. 1. landsk. hefir birt í nál. sínu, en það er nú svo með slíkar skýrslur, að af þeim flestum má draga ýmsar ályktanir, svo að komizt verður að ólíkri niðurstöðu.

Ef óhlutdrægt er litið á þessa skýrslu, blasir það strax við, að tekjurnar hafa farið hraðvaxandi þessi 4 ár, sem einkasalan starfaði. Það leiðir að vísu af sjálfu sér, að tekjurnar eru rýrar fyrsta árið, en reynslan hefir sýnt, að tekjurnar hafa farið hraðvaxandi með hverju ári, en min sannfæring er sú, að eftir 4 ár hafi þó ekki verið fengin full reynsla fyrir, hvaða tekjur megi af þessu hafa. Mér finnst því, að hv. 1. landsk. hafi gefið okkur, sem fylgjandi erum slíku fyrirkomulagi, mjög mikla ástæðu til að ætla, að ef fyrirtæki þetta fær að starfa í friði, uppfylli það allar þær vonir, sem við gerum okkur um það.

Hv. 1. landsk. sagði, að tollurinn myndi minnka, ef einkasala kæmist á, og má það vel vera, að sú verði raunin á fyrsta árið, en til þess að tollurinn minnki varanlega, geta aðeins legið tvær ástæður, annaðhvort, að neyzlan minnki, eða að svo mikið sé flutt inn í landið af þessari vöru í heimildarleysi, að það dragi undan tollinum. Um fyrri ástæðuna verð ég nú að segja það, að ég teldi það ekkert þjóðarböl, þótt tóbaksneyzla minnkaði í landinu, því að þótt gott sé að fá tekjurnar í ríkissjóðinn, þá er þó betra, að einskis sé neytt af þessari vöru. Hinni ástæðunni legg ég ekki mikið upp úr. Það skein að vísu í gegnum ræðu hv. 1. landsk. og gægist líka fram í nál. hans, að þessi aðferð — að smygla inn tóbaki — myndi verða upptekin, ef einkasala kæmist á, en hvaða sérstakar ástæður ættu að geta legið til þess, ef verð vörunnar héldist óbreytt? Hér er ekki að ræða um hækkaðan toll eða hækkun á verði svo neinu nemi, og þá er aðeins sú lausn til, að andstæðingar þessa máls taki upp á því að tollsvikja þessa vöru einkasölunni til ófarnaðar. Ef skipulagsbreyt. á að valda þessu, þá er það auðsætt, að við, sem viljum taka upp einkasölu, förum ekki að spilla fyrir henni með smyglun, en þá er ekki um aðra að ræða en þá, sem eru á öndverðum meiði við okkur, og virðast mér það þungar ásakanir, sem hv. 1. landsk. ber á þessa fylgismenn sína, og finnst mér það koma úr hörðustu átt.

Ég skal ekkert segja um þá áætlun hv. 1. landsk., að innflutningur kunni að minnka um 25%. Það ber allt að sama brunni; það getur verið, að svo verði fyrsta árið, en er fram líða stundir, hefir reynslan skorið úr því, að hagnaðurinn eykst, og þarf ég ekki frekar að svara því.

Þá sagði hv. 1. landsk., að ef menn vildu fá meiri tekjur í ríkissjóðinn, þá væri ekkert annað en hækka tollinn. Það má vera, að hann líti svo á, en það geri ég ekki. Hv. þm. gáir ekki að því, að verzlunarfyrirtækin verða að hafa sinn hagnað af verzluninni, og hækkaður tollur er sama og hækkað verð á vörunni, og þá er þarna tekin aukaborgun af neytendum tóbaksins, seilzt niður í vasa neytenda og stungið í vasa hinna, sem með vöruna verzla. Ég held, að þessi hagnaður sé betur kominn hjá ríkissjóði en einstökum mönnum.

Þá minntist hv. 1. landsk. á eldspýturnar. Það er rétt, að það er öðru máli að gegna um þær. Þær teljast ekki nema að nokkru leyti til munaðarvöru. En það er nú svo ástatt með þessa vörutegund, að **hún er komin í hendur hringa**, en slíkar vörur getur verið ástæða til að taka í einkasölu. En það er ekkert stórt atriði og ekki stefnumál okkar að taka eldspýtur í einkasölu. En þar sem á annað borð er ráðgert að setja á stofn einkasölu á tóbaki, þá finnst mér ekki úr vegi að taka þessa vöru, sem er skyld tóbakinu og notuð samhliða því, án þess að hafa það fyrir augum að hafa verulegar tekjur af henni. Þetta er hinsvegar ekki neitt mikilvægt atriði, en gæti orðið að skaðlausu öllum nema þeim, sem verzla með eldspýtur, en fyrirtækið gæti fengið styrk af þessari sölu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja umr. um málið. Það hefir komið skýrt fram, hverjar ástæður liggja til frv., og ég get ekki séð, að langar þrætur um það, hvað framtíðin muni bera í skauti sér, beri nokkurn árangur. Reynslan ein verður að skera úr um það, hvort tóbaksnotkun minnkar, og hvort meira verður flutt inn af ólöglegu tóbaki. Úr þessu verður framtíðin að skera og úrskurð hennar álít ég, að ekki sé hægt að fá, nema með nokkurra ára reynslu að minnsta kosti.

Jón Baldvinsson: Hv. frsm. meiri hl. fjhn. hefir svarað flestu því, sem hv. 1.

landsk. hefir haldið fram gegn einkasölunni. Hann hefir að vísu ekki hnekkt því með tölum, sem felst í skýrslu hv. 1. landsk., sem birt er í nál. á þskj. 261, um minnkandi innflutning vegna tóbakseinkasölunnar. Þetta hefir verið mjög umdeilt mál á þingi, og verið færð rök með og móti, en hv. 1. landsk. hefir aldrei tekizt að hnekkja þeim rökum, sem gera það eðlilegt, að innflutningur á munaðarvörum minnki í erfiðum árum. Hv. 1. landsk. ætti að athuga ýmsar vörutegundir, og komast að raun um þetta. Ég hefi ekki hirt um að taka nema eina vörutegund, og hún sýnir, að innflutningur minnkar 1922—1924, en eykst 1925. Skýrslurnar sýna líka, að 1925 hefir verið meiri innflutningur af tóbaki en hin árin. Ég hefi tekið súkkulaði, sem er vörutegund, sem menn kaupa meira þegar vel árar. 1922 voru flutt inn 80 þús. kg fyrir 264 þús. kr. af suðusúkkulaði, en af átsúkkulaði 9 þús. kg. fyrir 68 þús. kr. 1923 lækkar innflutn. niður í 76 þús. kg. fyrir um 221 þús. kr., átsúkkulaði 4 þús. kg. fyrir 28 þús. kr. Árið 1924 55 þús. kg. á 158 þús. kr. og átsúkkulaði 3 þús. kg. fyrir 24 þús. kr., og árið 1925 131 þús. kg. fyrir 325 þús. kr. og átsúkkulaði hækkar upp í 17 þús. kg. fyrir 90 þús. kr. Allir, sem kunnugir eru, vita, hvernig árferði var árin 1922—1925. Þá var erfiðleikaástand, lækkandi verðlag á ísl. afurðum, allt þangað til á miðju ári 1924, og það voru meiri erfiðleikar eftir því sem á leið, og fyrri helmingur ársins 1924 einna verstur. En í júnímán. 1924 fer að birta til, og svo fer að rætast úr og fylgist að mikill afli og fljót og greið sala. Þá verður fyrri hluta ársins tilsvarandi samdráttur á innflutningi á ónauðsynlegum vörum og vant er að vera, þegar slæmt er árferði og menn hafa úr litlu að spila. Þarna er komin skýring á því, hvers vegna minnkandi innflutningur er þessi ár. Þó er það athugandi, að árin 1922—1925 er sívaxandi innflutningur á tóbaki eins og sést af skýrslu hv. 1. landsk., þrátt fyrir tóbakseinkasöluna, og hafa fleiri og fleiri orðið til að nota tóbakið, og ekki orðið samdráttur á því eins og þeirri vörutegund, sem ég gat um áðan. En þetta fylgir alveg árferði. Árið 1925 var mikil peningavelta og gott tekjuár fyrir ríkissjóðinn og þá hafði almenningur úr miklu að spila vegna góðærisins. Þetta er augljós skýring á mismunandi innflutningi á vörutegund, sem er ekki nauðsynleg, og tóbakið fellur undir þesskonar vörur. Þó er ekki eins mikill samdráttur á því árin, sem fara á eftir 1925, enda eru þau tiltölulega góð atvinnuár, og betri en árin 1922—1924, og það þýðir aftur, að almenningur hefir úr meiru að spila og hefir því betri efni á að kaupa nautnavörur, og hefir útbreiðsla tóbaksnautnar verið samfara þessu. Mér finnst, að þessi skýring komi af sjálfu sér, að tekjurnar aukast með auknum innflutningi. Hv. 1. landsk. hefir oft sagt, að tekjurnar muni minnka, ef einkasalan verður sett á stofn aftur. Ég skal ekki segja, hvort það yrði fyrsta árið, og á meðan miklar birgðir eru í landinu, að það tæki fyrir innflutning, en það yrði ekki nema stutt tímabil, og það mundi falla í sama horfið aftur. Þar sem hv. 1. landsk. er að harma, að tekjur ríkissjóðs minnki og innflutningur muni verða minni, verð ég að segja, að það munu vera margir, sem gjarnan vildu, að innflutningurinn á tóbaki minnkaði og þá auðvitað neyzlan líka. Ef innflutningur minnkaði, þá væri það af því að minnu væri eytt. Þegar hv. 1. landsk. er að tala um, að tollurinn hafi verið hækkaður, þegar einkasalan var afnumin, þá veit hv. þm., að það er ekki ætlazt til þess, að tollurinn lækki. Það er ekki farið fram á breyt. á því. Það helzt sami tollur eftir sem áður, og geta því sömu tekjur komið í ríkissjóð eins og áður, en það fer eftir árferði, hvort landsmenn nota mikið eða lítið af þessari vöru. Það þarf enginn að óttast, að einkasalan muni verða verri fyrir ríkissjóð, þó innflutningur minnkaði fyrst í stað. En það myndi verða, hvort sem einkasalan væri eða einstakir menn verzluðu með tóbakið, eins og ég hefi bent á um aðra vörutegund. En ég efast ekki um, að finna mætti fleiri vöruteg., sem eins er ástatt um. En það þarf ekki annað en benda á heildarinnflutninginn. Ég held, að rök hv. 1. landsk. fyrir minnkandi tekjum séu engan veginn á traustum grundvelli byggð, og þess vegna óhætt að samþ. tóbakseinkasöluna fyrir því.

Þá hefir hv. 1. landsk. flutt skringi-

lega brtt. við frv. Hún er því skringilegri, þegar maður hefir heyrt rök hv. þm. fyrir till., að starfsmennirnir megi eigi hafa þóknun sér til handa í neinni mynd. Það var sagt um hina fornu Rómverja, að þeir hafi ekki lagt refsingu við móðurmorði. Það er eins með okkur flm., að okkur hefir ekki dottið í hug, að slíkir hlutir ættu sér stað. En hv. 1. landsk. þykist vita betur, og ég er ekki að draga í efa, að hann hafi eitthvað fyrir sér í því. Í forsendum sínum fyrir till. hefir hv. þm. upplýst, að til væri hæstaréttardómur fyrir því, að starfsmenn við víneinkasöluna falli undir sömu ákvæði og embættismenn ríkisins. Ef svo er, þarf ekki frekar vitnanna við. Hv. þm. gat þess, að þetta væri ekki fram komið af tortryggni við hina fyrri starfsmenn við landsverzlunina gömlu. Það er sannast að segja rétt að láta hv. þm. vita, að ýmsir af hv. þdm. hafa þó skilið þetta svo. Og málgagn hv. 1. landsk. var stöðugt að dylgja með einhver ómakslaun, sem starfsmenn einkasölunnar hefðu. Ef það er óhjákvæmilegt að tryggja þetta með lögum, og búa út refsiákvæði fyrir starfsmenn ríkisins, þá sé ég ekki, hvers vegna allir aðrir starfsmenn eiga að sleppa, og þetta eigi eingöngu að ákveða í þessum lögum um tóbakseinkasöluna. Það er sjálfsagt, að ef menn gera sig seka í einhverju, sem ræðir um í brtt., þá eigi þeir sína þungu refsingu skilið. Ég hefi nú borið fram frv. til laga um að banna starfsmönnum ríkisins að taka þóknun í neinni mynd, og á það að ná til allra starfsmanna ríkisins, svo sem starfsmanna við vegamálin, verzlanir ríkisins, síma- og póstmálastarfsmanna og starfsmanna bæjar- og sveitarfélaga, borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjóra í kaupstöðum og forstöðumanna samvinnufélaga og þá ætti „svínaríið" aðeins að geta þróazt í hlutafélögunum eftir frv. Þetta liggur miklu nær og hv. 1. landsk. fer allt of skammt í sinni till., ef það er þá ekki eingöngu tortryggni gagnvart þessari sérstöku stofnun, og því ætti hann að taka hana aftur og koma áleiðis þessu frv. mínu, ef þörf er á að gera ákvæði um starfsmenn ríkisins.

Þá hefir hv. 2. þm. N.-M. flutt brtt. við frv. á þskj. 18 og vill fella niður einkasölu á eldspýtum. Nú hefir þm. gert ráð fyrir því, að þetta væri nauðsynjavara, og mér hefir skilizt, að brtt. stafaði af þeirri skoðun hans. En nú mun um 90% af eldspýtum vera munaðarvara og notuð í sambandi við tóbakið. Þetta er langsamlega stærsta notkunin á eldspýtunum, en það er ekki nema tíundi hlutinn, sem fer til óhjákvæmilegrar notkunar. Það er því ekki nema að nokkru leyti rétt hjá hv. 2. þm. N.-M., að eldspýtur séu nauðsynjavara, en það, sem deilt er um, er, hvort ríkið eigi að hafa hagnað af sölu þeirra eða einstakir kaupmenn, og engin ástæða er til þess að hækka verð á eldspýtunum, þó að þessi breyt. komist á. Hver stokkur mun kosta 1½ eyri í innkaupum, en er seldur hér í búðum á 5 aura. Ríkið ætti því að geta haft 30—40 þús. kr. í tekjur af þessari sölu á ári hverju. Einnig má hagnýta sér þessa einkasölu á annan hátt, líkt og gert er annarsstaðar, t. d. í Frakklandi, sem hefir einkasölu á eldspýtum. Þar hafa þeir miklar tekjur af auglýsingum á eldspýtnakössunum, og upp úr þessu gæti íslenzka ríkið einnig haft talsverðar tekjur, þó að umsetning okkar sé auðvitað margfalt minni. Það yrðu að vísu ekki stórfelldar upphæðir, sem fengjust á þennan hátt, en okkur munar líka um lítið. Ef einkasala væri hér, gæti hún einnig ráðið gerð umbúðanna og auglýst á þeim, en nú er þetta fé borgað út úr landinu. Ég held, að það sé misskilningur hjá hv. 2. þm. N.-M., að rétt sé að fella eldspýturnar niður úr þessu frv., af því að þær séu nauðsynjavara. Ég hefi áður bent á það, hve mikill hluti af þessari vörutegund er munaðarvara. Flestar eldspýturnar fara til þess að kveikja í pípu, sígarettu eða vindli. Ég vænti þess, að brtt. hv. 2. þm. N.-M. verði ekki samþ., af áðurgreindum ástæðum. Það væri einmitt heppilegt að hafa þennan rekstur í sambandi við tóbakseinkasöluna. Hv. 2. þm. N.-M. var að segja, að leggja þyrfti þessum stofnunum mikið rekstrarfé. Ég held, að það yrði mjög smávægilegt. Þegar innflutningurinn væri á einni hendi, væri auðvelt að fá langan gjaldfrest. Því síður held ég, að neinn hörgull yrði á þessu fyrir tóbakseinkasöluna, þar sem einstök verzlunarfélög

geta auðveldlega fengið slíkan langan gjaldfrest.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að því, hvað landsverzlun stæði betur að vígi með að verjast smyglun en einstaklingsrekstur. Þegar aðeins væri einn innflytjandi, væri hægt að láta merkja allar umbúðir svo greinilega, að ekki væri um að villast. Það þyrfti ekki að bæta nema einni línu við það, sem prentað er á umbúðirnar, nefnilega, að þetta væri frá Tóbakseinkasölu ríkisins, og fengist það vafalaust gert fyrir ekki neitt. Ég geri ráð fyrir, að einkasalan skipti ekki við önnur fél. en þau, sem eru svo stór og þekkt að heiðarleik, að þau færu ekki að reyna að smygla hingað vörum með merki landsverzlunarinnar, sem væri þeirra eini stóri viðskiptavinur hér á landi. Þessu mundi auðvelt að koma í framkvæmd. Ef smyglað yrði, þá sæist undir eins, að þetta væru ólöglegar vörur, og er það mikill munur frá því, sem nú er. Ef menn tækju t. d. upp sígarettupakka, sem ekki hefði nafn einkasölunnar, mætti ganga að því vísu, að hann væri smyglaður, og gætu löghlýðnir borgarar þá kært þann seka. Allt eftirlit yrði miklu auðveldara en nú, því hver getur séð, hvort t. d. pakki af Abdullah er smyglaður eða ekki, eins og sakir standa nú. Það er auðvitað, að tollgæzla er erfið í landi eins og okkar, með langa strandlengju og tiltölulega tíðar skipaferðir. Enda dettur engum í hug, að hægt sé að taka algerlega fyrir smyglun. Það er ekki tóbak eitt saman, sem smyglað er. Mjög mikið áfengi o. fl. fer þar sömu leið, og er e. t. v. ekki gott að þekkja, hvað af því er löglegt eða ekki, þarna væri það aftur á móti svo greinilegt, að varla væri hægt að villast á því, hvaða vörur væru frá landsverzlun, og hverjar ekki. Engin smyglun yrði eins áberandi eins og með tóbak, eftir að landsverzlun væri búin að merkja allt, sem hún flytti til landsins, sínu sérstaka merki. Enginn tollgæzlumaður þyrfti að vera stundinni lengur í vafa um það, hvort vara væri lögleg eða ólögleg, en ég geri ráð fyrir, að þörf yrði á nokkru meira eftirliti en áður. — Ég hefi þá minnzt á brtt. um niðurfellingu eldspýtnanna, og um starfsmennina, en þar að auki á ég sjálfur brtt. við frv., sem ég ætla að fara um fáeinum orðum. Ég var að tala við hv. 2. þm. S.-M. viðvíkjandi frv. mínu um rafveitulánasjóð, og er ég vonminni en áður um það, að það nái fram að ganga á þessu þingi. Þar gerði ég ráð fyrir, að hagnaðinum af tóbakseinkasölunni yrði varið til þess að byggja rafmagnsstöðvar í kaupstöðum, eftir reglum, sem settar eru fram í því frv. og skýrðar í grg. þess. En sem sagt, ég er orðinn vondaufur um, að það frv. nái fram að ganga nú, þar sem stutt er orðið eftir af þingi. Reynslan hefir sýnt það, að úr því að fjárl. eru afgreidd, er ekki beðið boðanna með þingslit. Þó að ég hefði hugsað mér að verja hagnaðinum til þessara hluta, er ekki svo að skilja, að ótal aðkallandi framkvæmdir séu ekki fyrir hendi, þar sem þörf er fjár. Frv. um rafveitulánasjóð verður tæpast samþ. nú, þó að tóbakseinkasölulögin komist kannske í gegnum þingið. Og þar sem ekki er útlit fyrir, að neitt verði úr fjárveitingu þessari til rafveitulánasjóðs, hefi ég borið fram brtt. þess efnis, að ágóðanum af einkasölunni skuli varið að helmingi til framkvæmda á lögum um byggingu verkamannabústaða, en hinum helmingnum til styrktar byggingar- og landnámssjóði, samkv. l. frá 1928, sem ég er mjög fylgjandi, þó að ég sé ósamþykkur þeim í einstökum atriðum. (**JakM**: Eru þetta formleg hrossakaup?). Ég álít báðar þessar framkvæmdir mjög mikilvægar, svo þar þurfa engin hrossakaup að koma til. Þó er ástandið svo nú, að þörf fyrir auknar atvinnubætur er afarbrýn; það verður að ganga fyrir öllu öðru að reyna að skapa atvinnu fyrir allan þann mikla fjölda verkamanna, sem nú gengur atvinnulaus. Þess vegna hefi ég í niðurlagi brtt. sett inn heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að verja tekjum tóbakseinkasölunnar óskiptum til atvinnubóta fyrst um sinn, og skulu þær framkvæmdar í samráði við stjórn Alþýðusambands Íslands. Ég álít, að það verði að bæta úr því, sem er mest aðkallandi fyrst, áður en hugsað er um annað, og því vona ég, að þessi brtt. verði samþ. Ég á aðra brtt. við þetta einkasölufrv., og er hún við 10. gr., og er aðeins orðabreyt. til þess að samræma þá grein frv., ef brtt. mín á

þskj. 174 verður samþ. Ég ætla að taka það fram, að til er ætlazt, að þessi einkasala nái til allra tegunda af tóbaki og eldspýtum, þ. á m. til þessara „eilífu“ eldspýtna, sem nú er talað mikið um, og haldið er, að gera muni gerbreytingu í öllu, sem viðkemur eldspýtum.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Þeir hv. frsm. meiri hl. og hv. 2. landsk. hafa nú verið, af vanefnum miklum, að reyna að véfengja ályktanir þær, sem ég hefi dregið af skýrslu þeirri, sem ég hefi birt í nál. mínu.

Hv. frsm. lagði sérstaka áherzlu á það atr., að tekjurnar af tóbaki hefðu farið vaxandi þau 4 ár, sem einkasalan starfaði. En upp úr þessu er nú ekki mikið leggjandi. Aðalatriðið er hitt, að nokkurnveginn áreiðanlegur samanburður um þetta fæst með því að bera saman meðaltal fleiri ára og athuga svo, hvort á þessum árabilum eru sérstakar ástæður, sem ætla má að hafi haggað niðurstöðunni. Að tekjurnar fóru vaxandi 1922—1925 stafaði einfaldlega af því, að tvö fyrri árin voru heldur erfið búskaparár með litlum tekjum. Fyrsta árið var sérstaklega tekjulítið af ástæðum, sem getið hefir verið um. Svo koma tvö seinni árin, 1924—25, sem voru óvenjuleg góðæri. Hv. 2. landsk. hélt því fram, að fyrri hl. ársins 1924 hefði verið sérstaklega erfiður. En það var í desember 1923 sem fiskverðið loksins hækkaði, og það var það, sem öllu réði og markaði tímamótin frá hinu rýra árferði til hins góða. (**JBald:** En kaupgeta almennings? Hefir hún ekkert að segja?). Kaupgeta almennings fer hér að mestu leyti eftir fiskverðinu. Það er því ekki hægt að byggja á þessu neinar ályktanir um, að tekjurnar, undir sömu tilhögun, hefðu farið vaxandi 1926 og einkanlega 1927. Það verður miklu fremur að gera ráð fyrir sveiflum upp og niður, með hvaða tilhögun sem er. En meðaltalið sýnir réttan samanburð, ef það nær yfir rýr ár og góð ár, eins og þessi samanburður gerir.

Það eru varla svaraverð þau ummæli hv. frsm. meiri hl., að við, sem gerum ráð fyrir meiri smyglunarhættu undir einkasölutilhögun, séum að væna fylgismenn þessa frv. um það, að þeir verði örari til smyglunar, ef löggjöfin gengur fram, heldur en annars. Hv. þm. fullyrðir, að þeir muni ekki verða neitt örari á þetta athæfi, þótt lögin verði samþ. Mér hefir satt að segja aldrei dottið í hug að leita að smyglurum í hópi fylgismanna frv., sem fyrst og fremst eru alþm. Það eru allt aðrir menn, sem fást við þetta og þeir munu venjulega ekki vera taldir meðal stjórnmálamanna. En reynsla ýmissa ríkja þykir sýna það, að þeir menn, sem sérstaklega leggja lögbrot fyrir sig, verða yfirleitt fremur hlynntir þeirri tilhögun, sem greiðir fyrir starfsemi þeirra. Það er t. d. fullyrt, að áfengissmyglarar séu styrkustu fylgismenn bannlaga, þar sem þau eru komin á fót.

Þá sagði hv. þm. viðvíkjandi eldspýtunum, að Framsóknarfl. teldi þær vörur hentugar til einkasölu, sem væru í höndum framleiðslu- eða söluhringa. Ég er ákaflega hræddur um, að Framsóknarfl. eigi þá stutta samleið með frjálsri verzlun, ef hv. þm. segir þarna rétt frá, því að alkunnugt er, að mikið af framleiðslu heimsins er að færast í það horf, að helztu framleiðsluvörurnar eru hringaðar af framleiðendum eða seljendum, í því skyni að halda verðinu uppi. Og þar á ofan á það að þykja hentugt, að hér á landi komi einkasölur, sem líka eru til þess fallnar að halda verðinu uppi. Yfirleitt er það svo, að öll þessi stefna, sem fer í bága við frjálsa samkeppni og frjálsa verzlun, hvort sem það kallast hringar, sölusamtök, verzlunarsamtök eða einkasölur, miðar, til þess að halda uppi verðinu. Því er eðlilegt, að framleiðendur og seljendur geri með sér slík samtök, en hitt er öfugsnáðaskapur, þegar á að halda fram, að slíkt sé gert í þágu kaupenda og neytenda vörunnar, eins og formælendur einkasölufrv. gera hér á þingi. Það er áreiðanlegt, að einkasala á tóbaksvörum hér og í öðrum löndum er til hagnaðar fyrir þá, sem hafa gagn af háu vöruverði, en það eru framleiðendur og verzlendur með þessa vörutegund, en hinsvegar er hún óhagstæð fyrir okkur, sem erum kaupendur og neytendur vörunnar.

Þá vék hv. þm. að brtt. minni og þóttist hvorki hafa skilið hana né útlistun mína. Hann sagðist skilja mig þannig, að þessir forstöðu- og starfsmenn einkasöl-

unnar væru fastir starfsmenn ríkisins, en sagðist hinsvegar álíta, að till. væri einmitt miðuð við það, að þeir væru ekki fastir starfsmenn ríkisins. Ég nefndi ekki þessi orð: fastir starfsmenn ríkisins, en ég vitnaði í hitt, að okkar löggjöf hefir ákvæði um embættismenn og sýslunarmenn, og það er alveg föst skýring á því, hverjir flokkar manna það séu, sem teljast þar undir. Um þessa menn inniheldur löggjöfin skýr og tæmandi ákvæði um það, að þeir megi ekki misnota stöðu sína, sjálfum sér til hagnaðar, og það er sérstakur kafli í hegningarlögunum, 13. kafli, sem mælir fyrir um, hvaða refsingar liggja við þessu.

Nú er um það að ræða, að ríkið er með svona frv. og ýmislegri löggjöf, sem hér er gildandi, að færa út starfssvið sitt, þannig að þar er komið starfsmannahald, sem orkar tvímælis um, hvort heimfærist undir það, sem á lagamáli og m. a. í refsilögunum er kallað embættis- og sýslunarmenn.

Það er töluvert önnur aðstaða, sem þessir starfsmenn við tóbakseinkasöluna hafa, en embættis- og sýslunarmenn yfirleitt. Þeir eru skipaðir á annan hátt. Þeir taka ekki laun sín beint úr ríkissjóði, heldur vinna við stofnun, sem ríkið ábyrgist og ætluð er til þess að afla ríkissjóði tekna. Ég sagði, að því hefði verið slegið föstu með hæstaréttardómi, að starfsmaður við Vínverzlun ríkisins væri sýslunarmaður undir þeim kringumstæðum, sem þar var um að ræða. En það snertir ekki það atr., sem brtt. mín hnígur að, hvort það sé samrýmanlegt við stöðu þessara manna, að þeir noti hana sér til hags. En það er það, sem ég vil fyrir girða með brtt. minni. Með því að ríkið hefir nýlega fært út starfssvið sitt, veit ég dæmi þess, að mönnum er það óljóst, hvort þeir menn, sem starfa utan hins gamla sviðs embættis- og sýslunarmanna, megi nota sér stöðu sína til ávinnings.

Ég álít því, að tímabært sé að reifa þetta mál hér, og ber því fram brtt. við þetta frv., og verður samkv. eðli málsins ekki hægt að skoða hana sem árás á einn eða neinn, þar sem hún er sett í samband við lög um stofnun, sem ekki er til. En það, þótt þessir menn séu kallaðir fastir starfsmenn ríkisins, er orðalag, sem refsilögin þekkja ekki og er spurning um, hvort ákvæði 13. kap. laganna ná til þeirra.

Hv. 2. landsk. þótti þetta skringileg till. Hann sagði frá því, að einhverjir þm. skildu þessa brtt. svo, að hún væri sneið til þeirra manna, sem störfuðu við tóbakseinkasöluna fyrrv. Mér þykir leiðinlegt, ef þetta er skilið svo, því ég hefi enga ástæðu til að beina slíku að þeim. Hitt er annað mál, að vitanlegt er, að þegar ákveðið var, að einkasalan skyldi lögð niður, fóru þessir starfsmenn einkasölunnar á stúfana til viðskiptasambanda þáv. einkasölu til þess að falast eftir því, að þeir fengju að sitja fyrir viðskiptunum eftir á, þegar einkasalan væri lögð niður. Það má kannske segja, að þetta hafi verið fullmikil áleitni af þessum mönnum, ef þeir eru skoðaðir embættis- eða sýslunarmenn ríkisins, en saknæmt er það ekki, enda var þáv. stj. kunnugt um þetta, en hún gerði ekkert í því.

Hv. 2. landsk. lýsti yfir því, að hann hefði borið fram lagafrv., þar sem farið er fram á það sama og hér er gert, en er viðtækara að því leyti, að það tekur til allra starfsmanna ríkisins yfirleitt og starfsmanna sveitarfélaga og samvinnufélaga. Hv. þm. fór fram á, að ég tæki till. mína aftur til þess að greiða fyrir því, að hans frv. nái fram að ganga. Ég viðurkenni, að ástæða sé til að taka af öll tvímæli um þetta að því er snertir svipaðar stofnanir og einkasöluna. Aftur á móti er ekki þörf á slíkri löggjöf vegna þeirra stétta manna, sem teljast til embættis- og sýslunarmanna, því að ákvæði í alm. refsilögum ná til þeirra, ef þeir nota stöðu sína á þann hátt sér til ávinnings, og liggur refsing við. Og ef nú á að fara setja nýja löggjöf um þetta efni, verður hún að vera í samræmi við ákvæðin í eldri löggjöf, svo framarlega sem ekki er ætlazt til þess, að hún nemi hlutaðeigandi kafla í hegningarlögunum úr gildi. En hv. 2. landsk. hefir ekki tekizt að semja það svo, að hægt sé að samþ. það eins og það kemur fram. Það getur komið til mála að draga starfsmenn samvinnufél. inn í þessa löggjöf, en í núgildandi löggjöf eru strangari reglur um það, ef starfsmenn ríkisins misnota stöðu

sína heldur en ef starfsmenn einkafyrirtækja gera það. Er ég ekki viss um nema rétt sé að halda áfram þeim greinarmun.

Ég get því ekki, eins og frv. hv. 2. landsk. er úr garði gert, treyst mér til þess að fylgja því, og vil því ekki taka till. mína aftur, en álít rétt, að hún komi hér til atkv. Hinsvegar skal ég endurtaka það, að ég álít, að rétt sé að setja í lög nauðsynleg ákvæði um það, að þetta nái einnig til starfsmanna við aðrar ríkisstofnanir, sem vafi er á nú, hvort heimfærist undir embættis- og sýslunarmenn í skilningi 13. kap. hegningarlaganna.

Þá vil ég víkja að öðrum atriðum í ræðu hv. 2. landsk. Hann vitnaði í innflutning á súkkulaði á árunum 1922 - 1925. Það er ákaflega veik röksemd í þessu máli að taka eina lítilfjörlega vöruteg. út úr og bera innflutning á henni saman við innflutning á tóbaki. Það hefðu verið sterkari rök, ef hv. þm. hefði tekið allar munaðarvörurnar í heild. Þess ber og að gæta, að súkkulaði var undir þeim innflutningshöftum, sem giltu hér á landi nokkuð af þessu tímabili, en tóbak var aldrei undir slíkum höftum. Ég held þess vegna, að þessar tvær vöruteg. séu ekki sambærilegar þessi ár.

Þá talaði hv. þm. um merkingu á tóbaksvörum, og að það ætti að koma í veg fyrir smyglun. Hún getur máske hindrað einhverja frá því að smygla, en naumast aðra en úrræðalitla menn, því eins og allir vita, er það ekki varan sjálf, sem merkt er, heldur aðeins umbúðirnar. Það er því hægt að láta hana í tómar umbúðir frá einkasölunni og sér þá enginn á tóbakinu í pípunni eða vindlinum, hvort einkasölumerki hefir verið á umbúðunum eða ekki.

Ég ætla ekki að leggja dóm á, af hverju það hefir stafað, að innflutningur á tóbaki varð minni meðan einkasalan starfaði en bæði fyrir og eftir, og það jafnt í góðu og vondu árferði; árið 1925 var innflutningurinn ekki meiri en 1 kg. á mann í staðinn fyrir 0,9 kg. árið áður. Ég get ímyndað mér, að þetta stafi að nokkru leyti af því, að meira hafi verið smyglað undir einkasölunni en undir frjálsri verzlun. Einnig getur verið önnur nokkuð gild ástæða til þessa, og hún er sú, að smásöluverzlun með vörur þessar er að ýmsu leyti slælegar rekin undir einkasölufyrirkomulagi en ef verzlunin er frjáls. Smásöluverzlunum var skömmtuð álagning á þessar vörur, svo þeim þótti ekki mikill ávinningur að verzla með þær, sérstaklega þar sem það er tízka að lána vörur út úr búð. Tegundirnar urðu fábreyttar, er innflutningurinn komst á eina hönd, og menn gátu því ekki fengið það, sem þeir vildu fá. En af hverju sem þetta stafar, er það staðreynd, sem ég álít, að muni endurtaka sig, að innflutningur á tóbaki varð minni meðan einkasalan var en bæði fyrir og eftir hana. Þetta frv. er einungis borið hér fram sem tekjuaukafrv. fyrir ríkissjóð, en frá því sjónarmiði finnst mér það ekki geta staðizt eftir þessa reynslu. Hitt er annað mál, að ef menn vilja styðja að því, að tóbaksnautn minnki, getur einkasalan komið einhverju til vegar í því efni, en mér skilst, að það sé ekki tilætlunin með þessu frv.

Jónas Jónsson: Það er vegna þeirrar brtt. hv. 1. landsk., að það sé hegningarvert, ef starfsmenn væntanlegrar tóbakseinkasölu misnoti stöðu sína, sem ég vildi segja nokkur orð.

Ég er samdóma hv. 1. landsk. um andann í till. hans, það sem hún nær, og hv. 2. landsk. um þá viðbót, sem hann hefir sett inn í sitt frv., og þótt þetta frv. liggi ekki hér fyrir, vil ég minnast á það um leið.

Ég álít, að frv. hv. 2. landsk. sé í mesta máta nauðsynlegt, af því að síðan hegningarlögin voru gerð hefir ríkið, eins og kom fram í ræðu hv. 1. landsk., fært út starfssvið sitt, svo vafasamt er, hvort hegningarlögin, eins og frá þeim er gengið, nái yfir alla fasta starfsmenn ríkisins. Ég ætla að nefna hér eitt dæmi, sem hv. 1. landsk. gat um, og get nefnt nöfn, því þótt maðurinn sé dáinn, er það lofsamlegt fyrir þann, sem átti þar hlut að máli. Þessi maður var Jón Þórarinsson fyrrv. fræðslumálastjóri. Hann var fyrst og fremst fræðslumálastjóri, en eitt af því, sem hann tók sér fyrir hendur, var að sjá um skólabyggingar og útvega vissar tegundir af ofnum til skóla í sveitum. Hann sagði mér einu sinni, að hann hefði

lent í klípu út af þessu, því að verzlunarhúsið, sem hann skipti við, heimtaði, að hann tæki umboðslaun, 20%, en hann vildi ekki taka þau, af því að hann leit svo á, að hann ræki ekki verzlun. En annaðhvort varð hann að gera, að taka umboðslaun eða fá vörurnar með smásöluverði. Hann lét því líta svo út sem hann tæki sjálfur umboðslaun, en náttúrlega lækkaði hann verð ofnanna það er því nam. Ég skil það svo vel, sem hv. 1. landsk. sagði. Hann veit, hvernig verzlunarmórallinn er, að heildsölufirmu vilja ekki skipta við fyrirtæki nema fram komi munur á heildsölu og smásöluverði, og ég þykist vita, að það, að hann nú kemur með þessa réttlátu aths., sé af því, að honum sé kunnugt um þær freistingar, sem menn í þessum stöðum, þ. e. a. s. menn, sem kaupa inn fyrir landið ýmiskonar efni til opinberra mannvirkja o. s. frv., eru útsettir fyrir. Það eina, sem ég get sett út á till. hans, er, að hún nær ekki nógu langt. Ég álít því ekki hentugt að samþ. hana, heldur samþ. frv. hv. 2. landsk., því að það stefnir í rétta átt, þar sem það nær til allra, sem það þarf að ná til.

Ég vil spyrja hv. 1. landsk. að því, af hverju honum féllu orð, sem mátti skilja svo, að starfsmenn gömlu einkasölunnar hefðu misnotað stöðu sína. Ég álít, að honum sé rétt sjálfs sín vegna að gera grein fyrir, hvað hann átti við með þessu. Annars lít ég svo á, að það hafi verið misgáningur af honum að segja þetta.

Við atkvgr. mun ég að vísu greiða atkv. móti till. hv. 1. landsk., en það er af því, að ég vil ræða frv. hv. 2. landsk., því að með því álít ég stefnt í rétta átt.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Ég skal ekki vera margorður, því að tími er naumur, þar sem þarf að ganga til atkv. á þessum fundi. Ég get þó ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um nokkur atriði í ræðu hv. 1. landsk.

Hv. þm. virtist taka það nokkuð óstinnt upp fyrir mér, að ég spurðist fyrir um, hverjar orsakir lægju til þess, að tóbakseinkasalan leiddi til aukinnar smyglunarhættu. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að ef smyglunarhættan ykist við það, væri það af því að þetta fyrirkomulag gæfi mönnum nokkurn viðauka við þá hvöt, sem þeir hafa til þess að smygla, af því að þeir væru á móti þessu fyrirkomulagi. Hv. þm. vildi ekki taka þessa ástæðu til greina og svaraði í þá átt, að hann hefði enga tilhneigingu til þess að leita að smyglurum innan sérstaks flokks. Ég hefi það ekki heldur, en þegar haldið er fram vissu atr., fer ég að leita að orsökunum til þess, og það eitt, sem fyrir mér vakir, er að fá að vita, hvers vegna smyglunarhættan er meiri, ef einkasölufyrirkomulag er en annars.

Hv. þm. sagði, að þeim, sem á annað borð legðu lögbrot fyrir sig, myndi þykja vænt um fyrirkomulag sem þetta. Ég býst ekki við, að ástæða sé til þess að leggja neina sérstaka merkingu í þessa framsetningu hv. 1. landsk., en nokkuð nærri liggur að álykta af henni, að ein ástæða til þess að vera með þessu máli sé sú, að koma fram þeim mönnum, sem hafa sterka tilhneigingu til þess að smygla.

Ég álít, að Íslendingar séu yfirleitt minna hneigðir til smyglunar en aðrar þjóðir, og ef lögbrot af þessu tæi færu að eiga sér stað að nokkru ráði, myndi eftirlit og tollgæzla verða bætt. Ég álít líka, að með breyttu skipulagi, auknum innflutningi og víðtækri tollalöggjöf sé það óhjákvæmilegt, að tolleftirlitið sé aukið samfara því. En það hafa verið töluverðir misbrestir á því, þrátt fyrir það, að á seinni árum hefir nokkuð verið reynt að bæta úr því, og vafalaust þarf að gera það ennþá betur. Annars skal ég segja hv. 1. landsk. það, að ég veit ekki betur en að hann og flokksblöð hans hafi tekið þessari auknu tollgæzlu illa og gert lítið úr tollgæzlumönnunum. Virðist þetta benda til þess, að þeim sé ekki sérstaklega hjartfólgið að fyrirbyggja misnotkun í þessu efni. Ég held áreiðanlega, að við eigum að halda uppi fullri tollgæzlu, og ég sé ekki, að meiri hætta sé á tollsvikum undir einkasölufyrirkomulaginu en með frjálsri verzlun. Annars er þýðingarlítið fyrir okkur hv. 1. landsk. að þrátta um þetta mál, því við getum ekki fært fram neinar sönnur á, hvernig það reynist í framtíðinni, en við getum fært fram líkur, og þær verða sterkari

mín megin, þ. e. að bezt sé að halda uppi sæmilegri tollgæzlu í landinu.

Út af brtt. hv. 1. landsk. verð ég að segja, að ég hefi sennilega misskilið skýringu hans í fyrri ræðu hans. En hinsvegar vil ég taka það fram, að þó ég telji starfsmönnum ríkisins ekki undir neinum kringumstæðum heimilt að taka neina slíka þóknun, þá virðist mér þó þessi aðferð fremur óviðeigandi, ekki sízt vegna þess, að ríkið hefir aðrar stofnanir undir hendi, og vill hv. þm. ekki þar slá slíka varnagla.

Ég teldi rétt að taka til ath. í heild þau fyrirtæki, sem ríkið hefir komið á fót, þar sem vafi gæti leikið á um það, hvort starfsmennirnir gætu talizt embættis- eða sýslunarmenn og sem lög ná yfir.

Og þó er það í rauninni mesti orðhengilsháttur að hengja sig í þessi orð sýslunarmenn og starfsmenn. Um embættismenn er þetta aftur á móti ljóst. Ég hafði nú í fáfræði minni haldið, að sýslunarmenn og starfsmenn yrðu tæplega aðgreindir. Ég vil samt ekki halda því til streitu. Og ef löggjöfinni er áfátt að þessu leyti, þá er að breyta því. En þessi till. kemur fram sem tortryggni gagnvart væntanlegum starfsmönnum þessarar sérstöku stofnunar, ef ekki kemur hliðstætt fram um aðrar stofnanir. Ég held, að till. hv. 2. landsk. sé betri, þó að henni kunni einnig að vera áfátt. Ég er algerlega mótfallinn þessari till. hv. 1. landsk., en tel þó, að starfsmenn þessarar stofnunar eigi ekki að hafa neinar slíkar aukaþóknanir. Læt ég svo útrætt um þetta að sinni.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Það lítur helzt út fyrir, að till. minnar á þskj. 243 bíði alleinkennileg forlög af hendi hv. 5. landsk. og núv. og fyrrv. flokksmanna hans. Þeir eru allir innilega sammála mér um tilgang till., að því er þeir segja, en hinsvegar sjá þeir sér ekki fært að greiða henni atkv., og finna til hinar og aðrar tylliástæður, sem ég hirði ekki að elta ólar við. Þó vildi ég taka til athugunar eina þá mótbáru, sem fram hefir komið gegn brtt. minni, og er sú, að það væri tortryggni gagnvart þessari einu stofnun, ef farið væri að setja slík ákvæði um hana eina, og væri því réttara að setja um þetta almenna löggjöf. Þar sem hér er nú um að ræða stofnun, sem ekki er enn til, og því hefir engum starfsmönnum á að skipa, er einmitt hægt að setja slíkt ákvæði í frv., án þess að það þurfi að sýna tortryggni í garð nokkurs manns. Ef till. hinsvegar næði einnig til stofnana, sem þegar eru til, væri hægt að líta svo á, að í henni fælist tortryggni til starfsmanna þeirra stofnana. Ég tel það því þvert á móti kost, að þessu skyldi vera hreyft í sambandi við þetta frv., af því að enginn getur tekið það til sín.

Hv. 5. landsk. var að gera mér upp ástæðurnar fyrir því að flytja þessa till., og sagði eitthvað á þá leið, að mér mundi vera kunnugt um freistingarnar á þessu sviði frá starfi mínu sem landsverkfræðingur. Sagði hann í því sambandi sögu af ofnakaupum fyrrv. fræðslumálastjóra svo sem eins og til skýringar þessu. Nú er ekki mikil freisting á þessu sviði yfirleitt fyrir þá menn, sem vitað er um, að eru opinberir embættis- og sýslunarmenn, nema ef þeir skyldu ganga í veg fyrir freistinguna. Um embættismenn og sýslunarmenn gildir í þessu efni gömul og samstæð löggjöf á Norðurlöndum, og liggja þungar refsingar við, ef þessir menn á nokkurn hátt misnota stöðu sína sér til ávinnings. Þetta er alkunnugt og orðið svo inngróið í hugsunarháttinn þar, að lítið er um yfirtroðslur af þessu tæi. Varð ég og sama sem ekki var við það, að neinir yrðu til að bjóða mér upp á hagnað af starfi mínu fyrir vegagerðir ríkisins, á meðan ég hafði umsjón með þeim. Öllum er það líka vitanlegt um hina eiginlegu sýslunar- og embættismenn ríkisins, að slíkt má ekki eiga sér stað, og er ekki einungis óleyfilegt, heldur refsiverður glæpur. Það er því ekki sérstaklega af þeirri reynslu, sem ég hefi í þessum efnum, að ég hefi borið fram þessa till., heldur fyrst og fremst af því að starfræksla ríkisins hefir færzt inn á ýms ný svið í seinni tíð, svo að orkað getur tvímælis, hvort þeir starfsmenn ríkisins, sem á þeim sviðum starfa, heyra undir þau ákvæði í þessum efnum, sem sett voru fyrir tveim mannsöldrum. Hefi ég orðið þess var, að ekki er alstaðar slíkur skilningur á þeim ákvæðum, og því hefi ég hreyft þessu máli hér. Í umr. hef-

ir ekkert það fram komið, er réttlæti það, að ég taki þessa till. mína aftur, og þess vegna sé ég ekki ástæðu til annars en að láta hana koma til atkvgr.

Öðru því, sem fram hefir komið í umr., síðan ég síðast talaði, þarf ég ekki að svara, nema ef vera ætti bollaleggingum hv. frsm. meiri hl. út af því, hverjar ástæður væru til þess, að smyglun væri meiri undir einkasölufyrirkomulagi en í frjálsri verzlun, ef rétt er, sem ýmsir halda fram, að einkasala hafi meiri smyglun í för með sér. Er hægt að benda á sennilegar ástæður fyrir þessu aðrar en samúð eða andúð gegn slíku verzlunarfyrirkomulagi, eins og hv. frsm. meiri hl. virtist helzt hallast að. Freistingin í þessum efnum er mest, þegar vöruekla er, eins og gefur að skilja, og það sýndi sig við fyrri einkasölu, að ekki þótti af einhverjum ástæðum neitt keppikefli að verzla þá með tóbak, og var ekki óalgengt, að fyrir kæmi, að ekla væri á tóbaksvörum í verzlunum á ýmsum stöðum landsins, þó að slíkt geti að vísu líka komið fyrir í frjálsri verzlun. En aðstöðumunurinn fyrir þá, sem útvega eiga þá vöru, sem ekla er á, er mjög mikil, eftir því, hvort fyrirkomulagið er í þessum efnum. Ef verzlunin er frjáls, geta menn sjálfir útvegað sér þá vöru, sem ekla er á, annaðhvort með því að panta hana frá útlöndum eða kaupa hana um borð í einhverju skipi, sem þeir ná til, ef þeir þá jafnframt gera hlutaðeigandi embættismanni aðvart og greiða toll af. Undir einkasölufyrirkomulagi mega menn þetta hinsvegar ekki. Ef þeir útvega sér vöruna á þennan hátt og vilja vera heiðarlegir og greiða af henni toll, falla þeir þar með undir refsiákvæði þessara l. og fá 50—20000 kr. sekt, auk þess sem varan er gerð upptæk og afhent einkasölu ríkisins til ráðstöfunar. Lögin neyða menn því til þess, annaðhvort að vera án vörunnar eða þá að taka þátt í að smygla henni inn. Gerir þessi aðstöðumunur það skiljanlegt, að fremur má búast við smyglun undir einkasölufyrirkomulagi en í frjálsri verzlun.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. landsk. var í niðurlagi ræðu sinnar að hýsnast yfir sektarákvæðum frv. Þykir mér þar skjóta skökku við, þar sem hann hefir einmitt sjálfur flutt brtt. við frv. um sérstök refsiákvæði yfir þá menn, sem koma til með að starfa við þessa væntanlegu stofnun. Hv. þm. var að afsaka það, að fremur væri smyglað undir einkasölufyrirkomulagi en í frjálsri verzlun, með því, að slík vöntun væri að jafnaði á einkasöluvörum, að menn væru neyddir til að smygla þeim inn í landið. Þetta fólst a. m. k. í orðum hv. þm. Nú er til þess ætlazt, eins og 2. gr. frv. ber með sér, að einkasalan selji öllum þeim tóbak, sem við hana vilja verzla og verzlunarleyfi hafa, bæði kaupfél., einstökum verzlunarfél. og kaupmönnum. Hver verzlunarstaður á landinu ætti því að geta fengið nóg tóbak frá einkasölunni, svo að vöntun á þessari vöru þarf ekki að leiða til smyglunar á henni. Þar verða þá einhverjar aðrar ástæður að verki.

Þá var hv. 1. landsk. að mæla frekar með refsiákvæðatill. sinni, og sagði, að það væri auðveldara og vekti minni tortryggni að setja slík ákvæði um starfsmenn við þessa stofnun, sem ekki væri enn til, heldur en að setja almenna löggjöf í þessu efni. Kom mér þetta allundarlega fyrir, en það sýnir hugsunarhátt þessa hv. þm., og var þó sumum ekki grunlaust um það áður, að hann vildi láta sleppa öllum öðrum starfsmönnum hins opinbera við slík viðurlög, og að þessi till. hans væri ekki annað en staðfesting á gömlum dylgjum, sem blöð þm. hafa ósjaldan verið með um þetta fyrirtæki. Ef hv. þm. gengi heilög vandlætingarsemi til með þessari till., hefði hann átt að geta fallizt á að taka hana aftur með það fyrir augum, að sett yrði almenn löggjöf í þessu efni. Hv. 1. landsk. veit það vel, að bæði ég og aðrir, sem talað hafa um þessa till. hans, erum ekki á móti því að lögtaka slík ákvæði, en við viljum láta þau ná til allra starfsmanna hins opinbera undantekningarlaust. Því að það er í sjálfu sér spaugilegt, og ber raunar vitni um sérstaka tortryggni í garð þessa væntanlega fyrirtækis, ef fara á að taka væntanlega starfsmenn þess út úr, en sleppa öllum starfsmönnum við aðrar stofnanir ríkisins við slík viðurlög. Það má vera, að rétt sé, að hinir eiginlegu embættis- og sýslunarmenn ríkis-

ins falli undir ákvæði hegningarlaganna í þessum efnum, en það er nú langt síðan þau ákvæði voru sett, og viðskiptalífið er orðið margþættara en þá var, enda hefir ríkið nú marga þá starfsemi með höndum, sem þá var ekki gert ráð fyrir. Nægir um það að minna á stofnanir eins og innkaupastofnun ríkisins, skipaútgerð ríkisins, landssmiðjuna, ríkisprentsmiðjuna o. s. frv. Mun orka tvímælis, hvort starfsmenn þessara stofnana falla undir áðurnefnd ákvæði hegningarlaganna, og virðist því rétt að setja um þetta almenna löggjöf, svo að ekki geti leikið neinn vafi á því, að það er refsivert, ef starfsmenn hins opinbera reyna að hafa hagnað af embættum sínum á þann hátt, sem getur í till. hv. 1. landsk. og frv. því, sem ég hefi borið fram um þetta efni.

Ég hefi áður drepið á það, að réttast sé að miða tóbaksinnflutninginn við innflutning á einstökum öðrum munaðarvörum, og sýndi ég þá fram á, að tóbaksinnflutningurinn hefir farið eftir sömu þrepum og innflutningur á öðrum munaðarvörum í miklum og litlum innflutningsárum. – Hv. 1. landsk. vildi véfengja það, að árið 1924 hefði verið erfitt ár allt fram í júlímán. Þykir mér hv. þm. vera orðinn nokkuð gleyminn, þar sem hann vill halda þessu fram. Árið 1923 var verra en árið 1922. Þá var hér í Rvík og í fleiri kaupstöðum landsins mikið atvinnuleysi. Haustið 1923 og veturinn 1924 og reyndar allt fram í júní var einna versti kaflinn á þessu tímabili. Hv. þm. sagði, að fiskurinn hefði hækkað í verði í des. 1923. Hefi ég ekki skýrslur um þetta, og má vel vera, að það sé rétt, en þessi hækkun á fiskverðinu hefir þá ekki verið farin að verka meðal almennings, heldur aðeins orðið vatn á myllu einstakra fiskikaupmanna. Ég held, að ekki sé hægt að tala um, að batnað hafi í ári, fyrr en nýja framleiðslan var komin á markaðinn, og það var ekki fyrr en í júlímán., en þá seldist líka mikið, og skapaði þetta mikla kaupgetu hjá almenningi seinni hl. ársins 1924. – Innflutningur tóbaks sem annara vöruteg. fer að sjálfsögðu mest eftir því, hvernig ástatt er hjá almenningi. Þegar gott er í ári, er mikið flutt inn af tóbaki, en minna þegar kreppir að. Og hinu sama gegnir um aðrar munaðarvörur, eins og ég hefi bent á. Innflutningurinn minnkar þegar versnar í ári, en eykst samhliða því, sem kaupgeta almennings vex. Þetta er það lögmál, sem innflutningurinn fer eftir, og það er eins og hver önnur fjarstæða, að minna sé flutt inn af tóbaki, af því að einkasala sé á því. Minnkandi innflutningur á tóbaki stafar ekki af neinu öðru en vondu árferði í landinu. Árið 1919 er eitthvert hið mesta veltiár, sem yfir þetta land hefir komið, fyrr og síðar, og því er ekki nema eðlilegt, að þá væri mikið keypt og mikið flutt inn af tóbaki.

Andstæðingar einkasölunnar hafa ekki að þessu sinni komið með þá mótbáru gegn henni, að einkasölur hefðu yfirleitt verri vörur á boðstólum en hin svokallaða frjálsa samkeppni hefði upp á að bjóða. Orkar það ekki tvímælis, að tóbakseinkasalan gamla hafði á sínum tíma á boðstólum allar hinar beztu tóbaksteg., enda stóð einkasalan í verzlunarsamböndum við öll hin betri firmu í þessari grein.

Aftur á móti sýndi það sig 1921, þegar einkasalan kom í gildi og farið var að gera skrá yfir vörubirgðir kaupmanna, að meginhluti allra tóbaksbirgða þeirra var mesta óþverrarusl, lélegar og ódýrar tegundir, pappírsvörur og eftirlíkingar, sem kaupmenn höfðu safnað að sér á stríðsárunum í hinni frjálsu samkeppni. Og landsverzlunin mun hafa beðið talsverðan hnekki við það, að hún sýndi kaupmönnunum of mikla tilhliðrunarsemi í því að kaupa af þeim tóbaksbirgðirnar og selja þær aftur með sínum nýju vörum. Það hefir verið mál þeirra manna, sem tóbak nota, að einkasalan hafi haft góðar og vandaðar vörur, og það er engin ástæða til þess að ætla annað en að svo muni verða framvegis.

Ég hefi þá vikið að flestu því, sem hv. 1. landsk. hefir borið fram til stuðnings sínu máli og fæ ég ekki séð, að nein af hans ástæðum standist og sízt sú tillaga, sem hann hefir nú borið fram, því að hún virðist gerð aðeins til málamynda; ef hann ætlar ekki að fylgja frv. því, sem ég hefi borið fram, um að banna öllum starfsmönnum hins opinbera að taka þóknun í nokkurri mynd frá fyrirtækjum þeim, sem þeir starfa við, þá er þetta

ekkert annað en til þess að ala á tortryggninni gömlu gegn tóbakseinkasölunni, sem blöð hans fluttu á sínum tíma, og hv. þm. vill þá aðeins láta þessi ákvæði gilda um þetta eina fyrirtæki, en ekki önnur, sem ríkið rekur nú, né aðra margháttaða starfsemi, sem gömlu hegningarlögin ná ekki yfir, en ef þörf er á að setja slík ákvæði sem hv. 1. landsk. vill vera láta um væntanlega tóbakseinkasölu, þá virðist sjálfsagt, að hið sama eigi að gilda um önnur fyrirtæki, sem ríkið rekur.

Ég hefi minnzt ofurlítið á brtt. hv. 2. þm. N.-M. um að fella niður eldspýturnar. Það hefir engin gild ástæða verið fram borin fyrir þeirri brtt., og það, sem ég sagði um hagnaðinn af því að hafa þessa vöru í einkasölu, stendur óhrakið enn. Ekki er heldur sú ástæða fyrir hendi, sem borin var fram, að þetta væri nauðsynjavara, því hv. þm. verður að athuga, að áreiðanlega ekki nema einn tíundi hluti af öllum þeim eldspýtum, sem eytt er, fer til nauðsynlegrar brúkunar. Hitt fer í sambandi við tóbaksnotkunina. Ég er sannfærður um, að gistihúsin hérna í Reykjavík nota árlega eins mikið af eldspýtum eins og allir bændur landsins nota til samans árlega af þeirri vöru til nauðsynlegra hluta.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Það er misskilningur hjá hv. 2. landsk., að ég ætlist til þess, að starfsmenn við aðrar stofnanir, sem líkt stendur á um og tóbakseinkasöluna, ef hún verður lögleidd, fái nokkra aðra aðstöðu en ég vil, að forstöðumenn einkasölunnar fái. Ég hefi borið fram þessa brtt. við frv. af því, að það liggur nú hér fyrir, og ég hafði satt að segja haldið, að ef þessari grundvallarreglu yrði slegið fastri með umr. og atkvgr. um þetta frv., þá mundi að sjálfsögðu af því leiða, að hið sama yrði gert gildandi um aðrar stofnanir, þar sem líkt stendur á um, hvort sem þá þætti þurfa að setja þar um sérstaka löggjöf eða ekki. Hitt hefir verið fjarri minni hugsun að taka þessa einu starfsmenn út úr og gera þá á þessu sviði hlíðstæða embættis- og sýslunarmönnum, en láta starfsmenn annara stofnana fá aðra aðstöðu.

Páll Hermannsson: Hv. 2. landsk. benti á, að eldspýturnar væru að allmiklu leyti ónauðsynleg vara. Ég gat þess aftur á móti í upphafi, að þær væru að miklu leyti nauðsynjavara. Það er samt ekki það, hversu sérstaklega nauðsynlegar eldspýtur eru, sem veldur því, að ég ber fram brtt. mína á þskj. 277, heldur er það hitt, að mér sýnist standa líkt á um eldspýtur og margar aðrar vörur; þær eru að sumu leyti nauðsynlegar og að sumu leyti ónauðsynlegar. Mætti nefna konfekt, tízkuvörur og ýmsan fatnað, sem líkt stendur á um, og væri að því leyti líklegt, að fyrir dyrum stæði að taka í einkasölu. En það er ekki stefna okkar framsóknarmanna að taka slíkar vörur í einkasölu, heldur vörur, sem sérstaklega stendur á um, og það, sem við tökum þá til greina, er það, að varan sé líkleg til þess að gefa tekjur í ríkissjóðinn, að hún sé hátolluð, því hátolluð vara verður að vissu leyti miklu kostnaðarsamari fyrir kaupendur í hinni frjálsu samkeppni en ef hún er lágt tolluð eða tollfrjáls. Því að kaupmennirnir verða, eins og kunnugt er, að leggja álagningu á tollinn jafnt og innkaupsverðið, ellegar þá að hinu leytinu, að talið hefir verið nauðsynlegt að setja upp einkasölu til þess að vernda viðskiptamennina fyrir allskonar ásóknum með óheppilegar vörur. Eldspýtur virðist standa líkt á um og aðrar vörur, sem ekki hefir enn komið til mála að taka í einkasölu, og því er það, að ég legg til, að þær séu teknar þarna út úr. Það er til þess að færa ekki frv. út fyrir þau takmörk, sem við höfum aðallega bundið okkur við. En að öðru leyti get ég verið hv. 2. landsk. sammála um það, að þessi vöruteg. muni gefa einhverjar tekjur í ríkissjóðinn með einkasölufyrirkomulagi, en í smáum stíl býst ég við að það yrði.

Jón Baldvinsson: Ég ætla aðeins að skýra till. mína á þskj. 274. Tilætlunin er, að tekjur þessar verði látnar renna til verkamannabústaða og til byggingar- og landnámssjóðs. Auk þess sem ríkissjóðstillagið til þessara stofnana stendur að sjálfsögðu eins og fyrir er mælt í lögum þeim, sem um það fjalla. Þetta eru aukreitis fjárframlög. Ríkissjóður innheimt-

ir tekjurnar og greiðir þær aftur eftir ákvæðum þessarar till., ef samþ. verður.

Svo skal ég svara hv. 2. þm. N.-M. því, að eldspýtur eru auðveldari hlutur til verzlunar heldur en vöruteg. þær, sem hann nefndi, svo sem konfekt og tízkuvörur. Það er miklu margbreyttari verzlun með slíkar vörur en eldspýtur, því að það er svo einföld verzlun sem hægt er að hugsa sér. Þar er ekki um svo ýkja margar teg. að ræða eins og t. d. er um tízkuvörur; þær breytast ekki eins mikið. Auk þess sem það getur verið áhætta að verzla með tízkuvörur; ef keypt er inn ýmislegt, sem ekki fylgist með „móðnum", þá fellur það í verði og verður e. t. v. ónýtt og sama er að segja um konfekt. Eldspýturnar eru einfaldar í verzlun og alltaf trygging fyrir því, að þær seljist og hægt að hafa af þeim mikinn verzlunarhagnað eftir verði því, sem nú er á þeim, án þess að þær verði landsmönnum nokkru dýrari, heldur fær ríkið einungis verzlunarhagnaðinn í stað þess að nú fellur hann til kaupmannanna. Sé ég enga ástæðu til þess að fella eldspýturnar niður úr frv., því engin þeirra vöruteg., sem hv. þm. nefndi, er sambærileg við þær að því leyti, hve þær eru handhægar í verzlun.

Hv. 1. landsk. vildi láta leiða af þessari till. sinni, ef samþ. yrði, að starfsmenn við öll sambærileg fyrirtæki væru þá um leið seldir undir ákvæði þessi í einkasölulögunum. En ég verð nú mikillega að efast um lögskýringu hans í þessu efni. Það má frekar gera ráð fyrir hinu, sem hann sagði í dag, að þessir starfsmenn féllu undir embættis- og sýslunarmenn eftir alm. lögum, sem um það gilda. En mér finnst það útilokað, að starfsmenn annara fyrirtækja falli inn undir ákvæðin í lögum um einkasölu á tóbaki. Það er tekið skýrt fram, að það séu einungis forstöðumenn einkasölunnar, sem ekki mega taka umboðslaun né þóknun. En þetta er svo einskorðað sem frekast getur verið við þetta eina fyrirtæki, og ekki hægt að draga þá ályktun af því, að þetta gildi um starfsmenn annara fyrirtækja. Það er því síður en svo ástæða til þess að samþ. þessa till., en aftur sterk rök fyrir því að samþ. frv. mitt, er ég hefi borið fram um þetta efni.

Jakob Möller [óyfirl.]: Út af þessari seinni ræðu hv. 2. landsk. vildi ég aðeins spyrja hann að því, hvort það sé meining hans að greiða atkv. gegn till. hv. 1. landsk. (**JBald:** Já). Mér þykir þetta næsta merkileg aðstaða vegna þess, að hann getur ekkert vitað um það, hvort frv., sem hann ber fram um sama efni, nær fram að ganga á þessu þingi. Hann hefir áður lýst yfir því, að hann hafi bundið væntanlegar tekjur tóbakseinkasölunnar í öðru frv. Nú er hann farinn að efast um, að frv. það nái fram að ganga, því þá ekki að binda tekjurnar í þessu frv. sjálfu? Þetta er alveg hliðstætt við till. hv. 1. landsk. Ef það á að vera tryggt, að þetta gildi um tóbakseinkasöluna, þá þarf að vera ákvæði í frv. sjálfu, sem er því samfara. Vitanlega er ekkert á móti því, að frv. hv. 2. landsk. gangi sinn gang, og ég tel engan efa á því, að það verði samþ., en ég skil ekki, hvaða ástæðu hv. þm. hefir til þess að greiða atkv. á móti þessari brtt., ef hann er að öðru leyti samþ. því, að leitt sé í lög, að slíkir starfsmenn taki ekki verzlunarágóða af vörum fyrirtækjanna. Ég get ekki komizt hjá því að gruna hv. þm. um að vilja koma þessu ákvæði fyrir kattarnef, og vilja hafa það laust og óbundið, hvort starfsmennirnir eigi að geta haft einkaágóða af vörum þeim, sem þeir selja landsmönnum. Ég get ekki út frá öðrum skilningi áttað mig á afstöðu hv. þm. til þessa máls. En þetta gefur tilefni til ýmiskonar hugleiðinga í sambandi við þessa einkasölustefnu og yfirleitt ríkisrekstrarstefnu hv. 2. landsk. Það liggur mjög nærri að álíta, að það sé ekki veigalítið atr. í þessu máli, sú aðstaða, sem skipazt hefir til þess að gera fjölda manna meir háða ríkisrekstri, og ýmiskonar „beinahagnaður", sem skapazt gæti í því sambandi. Og ég verð að segja það, að þótt ekkert annað væri athugavert við þessa ríkisrekstrarstefnu, þá finnst mér það vera ærin ástæða til þess að leggjast á móti henni. Það er einmitt þessi aðstaða, sem ríkisstj. er gefin, til þess beinlínis að ráða yfir hagsmunum einstaklinganna. Og það hefir reynslan sýnt undanfarin ár, að þessi stefna er að því leyti vissulega athugaverð, og menn skyldu hugsa sig vel um áður en þeir stuðla að frekari aðgerð í þá átt en þeg-

ar hafa verið gerðar, því stórkostlegri misnotkun á aðstöðu stj. get ég ekki hugsað mér, að hægt sé að beita við rekstur slíkra stofnana gagnvart einstökum mönnum. Og það er alveg víst, að slíkar misnotkanir hafa átt sér stað í svo stórum stíl, að ástæða er til þess að taka það mál til nánari yfirvegunar.

Hvað annars snertir stefnu slíks frv. sem þessa, að auka tekjur ríkissjóðs, þá vil ég segja það, að ég tel vafasamt, að það nái tilgangi sínum í því efni. Hv. 2. landsk. sagði, að verzlunarágóðinn myndi ekki vera neinn annar en kaupmannaágóðinn, m. ö. o. verðið hækkaði ekki, kaupmannaágóðinn flyttist aðeins í ríkissjóðinn. En ég held, að hver maður geti séð, að ef ekki er um annan ágóða að ræða, þá muni ekki verða miklar eftirtekjur, og það er af því, að hér er um að ræða að stofna fyrirtæki, sem þarf að standast sinn rekstrarkostnað og leggst því í raun og veru algerlega nýr kostnaður á þessar vörur sökum þess, að kaupmennirnir verzla með fleiri vörur og kostnaðurinn á þessa vörutegund verður því hverfandi lítill. Í öðru lagi er því svo varið með þessa vöru, að einstakir kaupmenn, sem hafa umboð frá framleiðendum og hafa sín umboðslaun frá þeim, myndu hafa þau eftir sem áður, þótt ríkið taki einkasölu á vörunni. Því er það svo, að ekki er hægt að flytja kaupmannaágóðann yfir í ríkissjóðinn; hann rennur til þeirra eftir sem áður. Með brtt. hv. 1. landsk. er verið að girða fyrir, að umboðslaunin renni til starfsmanna einkasölunnar, en hitt efast enginn um, að umboðslaunin muni renna til ákveðinna umboðsmanna, hver sem selur vöruna.

Í öllum löndum, þar sem verzlunin á að fullnægja þörfum, verður kostnaðurinn við rekstur hennar miklu meiri heldur en í fljótu bragði virðist, því að stundum reynist nauðsynlegt að hafa ekki aðeins eina skrifstofu, heldur einnig útibú, því annars mun reka að því, að salan minnkar og óleyfilegur innflutningur eykst að miklum mun. Reynslan af fyrri einkasölu sýndi, að kaupmenn úti um land áttu mjög erfitt með að afla vörunnar, þar sem aðeins einn aðili, sem ekki hafði neinna persónulegra hagsmuna að gæta í sambandi við söluna, hafði hana á boðstólum, og reyndi því að tryggja sig sem bezt gegn áhættu, og hinsvegar bar ekki lítið á hlutdrægni í sambandi við þessa verzlun. Þetta er mér persónulega kunnugt um. Allt þetta leiðir til þess, að salan úti um land og löglegur innflutningur verður minni, því að einstaklingarnir neyðast þá til að fara aðrar leiðir til að afla sér vörunnar. Í samb. við það vil ég benda á, að því fer fjarri, að hér sé ekki um áhættuverzlun að ræða, þótt vitanlega sé meiri áhætta að verzla með ýmsar aðrar vörur en tóbak. Auðvitað er áhættan minni í einkasölu að því leyti, að hún getur tryggt sig gegn áhættu með viðskiptum við þá eina, sem eru öruggir greiðendur. Hinsvegar myndi það verða svo um tóbakseinkasölu ríkisins, að hún hefði verri aðstöðu til þess að tryggja sig gegn þessari áhættu vegna þess, að þeir einstaklingar, sem gera verzlun að atvinnu sinni, hafa miklu nánari samband við viðskiptavini sína en einkasalan myndi hafa. Þeir hafa líka meiri reynslu í viðskiptum við kaupmenn víðsvegar úti um land, þar sem þeir verzla við þá með fleiri vöruteg. en einkasalan myndi gera. Áhættan við einkasöluna yrði því margföld á við áhættu einstaklinganna. Ég held líka, að reynslan af rekstri tóbakseinkasölunnar gömlu muni hafa verið sú, að áhættan hafi verið tölúvert mikil, og að því er ég bezt veit, þá mun hún hafa tapað álitlegri upphæð í sínum viðskiptum. Annað er það líka hvað áhættuna snertir, að það er með tóbaksvörur eins og með aðrar vörur, að þær eru einskonar tízkuvörur. Það var sagt um tóbakseinkasöluna, að hún hefði þegar hún hætti, legið með talsvert af vörum, sem ekki gengu út. Allir vita um víneinkasöluna, hvernig hennar hag var varið í því efni. Hún lá með svo og svo miklar birgðir af vínteg., sem almenningur vildi ekki, og eina ráðið var að blanda þeim saman við aðrar teg. og jafnvel falsa aðrar vörur, sem verzlunin var látin selja. Slíkt væri síður hægt með tóbaksvörur. Það er ekki svo auðvelt að blanda óútgengilegum vindlum saman við aðrar teg. og pretta þeim þannig út til manna. Það kann að vera hægt með einstaka tóbaksteg., en það myndi naumast takast eins vel og með vínblöndunina.

Yfirleitt er það röng stefna að blanda ríkinu inn í áhættustarfsemi; það getur leitt til þess, þar sem um svo stórar upphæðir er að ræða, að ríkissjóði verði um megn að rísa undir þeim.

Um þær einstöku brtt., sem hér liggja fyrir, sé ég ekki ástæðu til að ræða mikið. Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með till. hv. 2. þm. N.-M. um að taka eldspýturnar út úr, því að ég tel rétt að takmarka þó eins og unnt er þennan ríkisrekstur. Hinsvegar er það að segja um ákvæðin um, hvernig tekjunum skuli ráðstafað, að ég mun greiða atkv. á móti þeim, því að ég tel ekki forsvaranlegt að binda tekjurnar, sem ríkissjóður fær á þennan hátt, enda verður að bæta upp þann halla, sem verður á 1. ári og þá stórkostlegu tekjurýrnun, sem þetta hefir í för með sér. Annars furðar mig á, að hv. stjórnarfl. skuli vilja ráðast í að samþ. slíkt frv. sem þetta, nú á þessum krepputímum, því að vitanlega hefir það í för með sér stórkostlega tekjurýrnun.

Jón Baldvinsson: Ég skal taka það fram, svo að það sjáist í umr., að ég ætla að greiða atkv. á móti till. hv. 1. landsk., og ég hefi gert grein fyrir, af hverju ég geri það. Ég hefi þegar bent á leið til þess að koma í veg fyrir, að starfsmenn slíkra fyrirtækja sem þessara hagnist af umboðslaunum eða öðrum þóknunum, og sú leið er að banna slíkt með sérstökum lögum, ef það er ekki nægilega ákveðið nú. Hv. þm. sagði, að ég hefði enga vissu fyrir, að það frv., sem felur þetta í sér, nái fram að ganga, en ég verð nú að segja honum það, að ég hefi enga ástæðu til að ætla, að það nái ekki samþykki, því að hv. 5. landsk., sem er nú mikill valdamaður innan síns flokks, hefir lýst yfir því, að hann teldi víst, að það yrði samþ., og frsm. meiri hl. gat þess, að n. sú, sem um það hefir fjallað, hafi fallizt á öll aðalatr. þess. Ég hefi því enga ástæðu til að ætla, að frv. verði fellt, enda sló hv. 1. þm. Reykv. sig á munninn nokkru síðar í ræðu sinni, er hann gat þess, að hann teldi enga ástæðu til að ætla, að frv. yrði ekki samþ. Annars virðist mér það ósæmilegar dylgjur hjá hv. 1. þm. Reykv. er hann sagði, að ég vildi engin ákvæði um þetta hafa í frv., til þess að þeir menn, sem við þetta ynnu, fengju umboðslaun af verzluninni. Ég þykist enga ástæðu hafa gefið til slíkra ályktana og vísa því þess vegna aftur sem ósæmilegum aðdróttunum. Hv. þm. sagði, að þeir kaupmenn, sem umboð hafa fyrir hin erlendu verzlunarhús, myndu geta hagnazt á því að selja vörur sínar til einkasölunnar, en mér er kunnugt um, að á fyrri árum gekk einkasalan ríkt eftir því, að verzlunarhúsin erlendis létu þá engin umboðslaun fá, enda var orðið lítið eftir af slíkum umboðum, þegar einkasalan var lögð niður. Svo er það einnig athugandi, að ef þetta verzlunarfyrirkomulag stendur lengi, þá myndu þeir menn falla frá, sem umboðin hefðu, og gæti þá einkasalan náð þeim í sínar hendur. Mér er sagt, að nú sé svo komið með víneinkasöluna, að umboðsmenn á víni hafi engan hagnað af hennar viðskiptum, og mun það aðallega vera að þakka þeim starfsmannaskiptum, sem þar voru ger, og engin ástæða er til að ætla, að svo verði ekki með tóbakseinkasöluna.

Þá skal ég víkja að því, sem talað var um í dag, og hv. 1. þm. Reykv. minntist á, að engar tekjur myndu verða á fyrsta ári vegna minnkandi innflutnings. Þetta má að vísu segja samkv. þeirri reynslu, sem fékkst 1922, en hv. þm. verður að gæta að því, að nú er nokkuð öðruvísi um hnútana búið en þá var. Í 7. gr. þessa frv. eru settar skorður við því, að innflutningur verði ýkja mikill á þessu ári, þar sem ákveðið er, að enginn tollgreiðslufrestur skuli veittur kaupmönnum, en þeir hafa ekki ráð á að birgja sig upp með þessar vörur svo að neinu nemi, nema þeir fái tollgreiðslufrest, því að þær eru dýrar og tollur af þeim hár, og því myndu tiltölulega fáir kaupmenn geta snarað út því fé, sem til slíks þarf. Með þessu væri fengin trygging fyrir því, að innflutningur myndi verða nokkuð svipaður fyrsta árið og hin á undan, en 1922 var ekkert slíkt ákvæði sett í lögin til að tryggja þetta. — Þá var hv. þm. að tala um þá spillingu og þann beinahagnað, sem myndi fylgja þessu, og ég verð að segja, að mér finnst það fara vel í munni hv. þm. að tala um slíkt, því að hann má vel af því vita. Það er að vísu satt, að ég hefi fundið að ýmsum starfsveitingum við

núv. stj., og ég geri ráð fyrir, að margt athugavert mætti hjá henni finna, en ég geri þó ráð fyrir, að þeir einir myndu valdir til þessa starfa, sem væru þekktir að trúmennsku og samvizkusemi, og þótt við berum ekki mikið traust til stjórnarinnar, hygg ég þó, að hún verði fær um að skipa í þessar stöður, ef hún vandar sig.

Guðrún Lárusdóttir: Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., enda er nú búið að tala svo mikið um þetta mál, að ég álít óþarft að bæta þar miklu við.

Ég geri ekki ráð fyrir að greiða atkv. í þessu tóbaksmáli, nema um till. hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. N.-M. Ég lít svo á, að þjóð vorri væri að því enginn skaði, þótt neyzla tóbaks í landinu væri minnkuð til muna, enda þótt minni tekjur rynnu við það í ríkissjóðinn. Ég lít svo á, að það, sem í þessu tilfelli sé gróði fyrir ríkissjóðinn, sé tap fyrir einstaklingana, og þá ekki sízt fyrir þær sakir, að unglingarnir gera mikið af því að sjúga í sig þetta eitur, spilla heilsu sinni og eyðileggja líkama sinn. Sú orka, sem fer forgörðum við tóbaksneyzlu, og það heilsutjón, sem tóbakið veldur, verður ekki metið til fjár, en sárast er þó til þess að vita, að börnin venja sig þegar á unga aldri á þessa skaðlegu nautn, sem spillir bæði líkamlegu atgervi þeirra og andlegum hæfileikum, og munu kennarar ekki hvað sízt geta borið um, hvaða áhrif tóbaksnautn hefir á námsgáfur barna og unglinga. Af þessum ástæðum meðal annars get ég ekki greitt atkv. um frv. þetta, en ef það hefði miðað að því að draga úr þessari óhollu nautn, þá hefði ég goldið því jákvæði mitt, af því að ég álít, að full ástæða sé til fyrir löggjafarþing þjóðarinnar að reyna með löggjöf að stemma stigu fyrir þeim illu afleiðingum, sem tóbakið hefir, sérstaklega á ungu kynslóðina.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. 2. landsk. sagði, að engin ástæða væri til að ætla, að frv. hans um stöðu starfsmanna ríkisins myndi ekki ná fram að ganga, og vitnaði því til sönnunar m. a. í ummæli mín. Mér er það fullljóst, að það er engin hætta á því, að frv. nái ekki fram að ganga einhverntíma, en það verður bara ekki á þessu þingi.

Frv. þetta er ekki ennþá komið til 1. umr., en heyrzt hefir, að þingi muni verða slitið í næstu vikulok, svo að engar líkur eru á því, að það verði nú að lögum. Þótt frv. kunni að ná framgangi á næsta þingi, þá væri hin væntanlega tóbakseinkasala þegar tekin til starfa og búin að ráða til sín menn upp á ákveðna samninga, sem ekki væri tiltækilegt að rifta eða skerða réttindi þessara manna á nokkurn hátt frá því, sem þau voru, er þeir voru ráðnir til starfans, enda er ekki um það að ræða, að slík löggjöf sem þessi geti verkað aftur fyrir sig. Hv. þm. hefir því enga skýringu gefið á þeirri hegðan sinni, að þrákelknast við að setja þetta ákvæði inn í frv., og á meðan hlýt ég að líta svo á, að ummæli mín standi óhrakin.

Þá sagði hv. þm., að um umboð og umboðslaun myndi ekki verða mikið að ræða, ef einkasalan kæmist á, því að hún myndi setja verksmiðjunum stólinn fyrir dyrnar og segja: „Ef þið takið ekki umboðið af þeim mönnum, sem þið hafið veitt það, verzlum við ekki við ykkur".

Ég hygg nú, að hv. þm. fullyrði þarna nokkru meira en hann getur staðið við, því a. m. k. veit ég um, að ýmsir umboðsmenn fengu umboðslaun sín alla tíð meðan einkasalan gamla starfaði, og svo myndi efalaust fara enn.

Ennfremur vildi ég benda hv. þm. á það, að þótt tóbakseinkasalan kunni að verða voldug hér innanlands, þá býst ég ekki við, að hún geti svínbeygt erlend stórfyrirtæki, sem hafa meiri tekjur árlega en umsetning hennar nemur. Það er hreinn barnaskapur að láta sér detta slíkt í hug, því að vitanlega er þessum verzlunarhúsum trygging í því að hafa hér umboðsmann til að ota fram vörum þeirra og sjá um sölu á þeim, enda vinna þessir umboðsmenn að því á ýmsan hátt að útbreiða eina teg. annari frekar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða mál þetta frekar. Ég geri ráð fyrir, að það nái fram að ganga og það skipti ekki miklu, hvað um það verður.

ATKVGR.

Brtt. 267,1 samþ. með 8 : 2 atkv.

Brtt. 243 felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, GÓ.

nei: IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH, E-Árna.

Brtt. 267,2 samþ. án atkvgr.

— 274, fyrri hl., samþ. með 8 : 3 atkv.

— 274, síðari hl., felld með 8 : 1 atkv.

— 277 samþ. með 8 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8 : 5 atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Á 28. fundi í Nd., 13. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 287).

Á 29. fundi í Nd., 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 : 1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 19. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Magnús Guðmundsson: Það er alveg það sama að segja um þetta mál og málið næst á undan (frv. um ríkisbókhald og endurskoðun), að það er alveg nýkomið til fjhn. og hún hefir ekki haft tíma til að ganga frá nál. enn. Við höfum haldið fund um þetta mál, og það var samþ. í n. með góðu samkomulagi að taka ekki ákvörðun í því fyrr en í fyrramálið. Þetta er alveg fastákveðið í n. En svo er málið tekið á dagskrá, án þess að n. sé einu sinni gert aðvart. Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvað þetta eigi eiginlega að þýða. Ég veit ekki, til hvers er verið að vísa málum til n., þegar þeim er bersýnilega ekki ætlað að athuga þau. Það er sök sér, þó mál séu tekin á dagskrá áður en nál. kemur, þegar hægt er að segja, að n. hafi vanrækt sitt starf. En hér eru málin hvert eftir annað á dagskrá, þó hæstv. forseti viðurkenni, að n. hafi ekki gefizt nægur tími til að skila nál. Þetta eru svo hlægilegar vinnuaðferðir, að engu tali tekur, og ég hefi aldrei vitað n. eða einstaka nm. beitta slíkum aðferðum. Og ég segi fyrir mig, að mér dettur ekki í hug að halda áfram nefndarstörfum, þegar svona er farið að, enda kemur það af sjálfu sér, þegar n. fá ekki að segja sitt álit, og orðið er svo áliðið þings.

Héðinn Valdimarsson: Ég á nú ekki sæti í neinni n., svo að mér kemur nú ekki þetta mál beint við. En þar sem þetta mál er búið að vera flokksmál í mörg ár, hygg ég, að það sé ekki hægt að búast við öðru áliti frá hv. fjhn. en eftir því, hvernig hún er skipuð af flokkum. Sjálfstæðismenn eru á móti einkasölu, en Framsókn er með henni, eða hefir þótzt vera það, að minnsta kosti, og ég skil ekki, að á því verði nein breyt. Þess vegna ætti þetta mál að ná fram að ganga nú.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Skagf., að ég óska, að þetta mál verði ekki tekið fyrir í dag. Ég veit, að allir hv. fjhn.menn muni vera sammála um það, að það var alveg frjálst samkomulag í n. í gær, að þetta mál skyldi ekki útkljáð fyrr en á morgun. (**HV:** Hvers vegna?). Hvers vegna, spyr hv. 3. þm. Reykv. M. a. vegna þess, að það kom til mála í n. að gera breyt. á frv. Og það er alls ekki rétt að knýja fram mál, án þess að gefa n. tækifæri til að athuga þau, þó þau séu flokksmál.

Þetta frv. var lesið á fundi fjhn. í gær, og borið saman við l. um tóbakseinkasölu frá 1921, og þá kom í ljós, að það var m. a. eitt atriði í frv., sem n. áleit, að þyrfti að breyta. Það er nýmæli í þessu frv., sem nm. voru sammála um, að rétt væri að breyta. Og hefði tvímælalaust verið borin fram brtt. um það, ef meiri hl. hefði ekki álitið, að málinu stafaði sú hætta af því, að það e. t. v. næði þá ekki fram að ganga á þessu þingi. Ég tel því ekki rétt að hrapa svo að þessu máli, sem ekkert sýnist liggja á, að gangi fram endilega á þessu þingi.

Það hefir nú verið svo þetta undan-

farandi kjörtímabil, sem Framsókn hefir setið að völdum með stuðningi socialista, að hún hefir ekki séð sér fært að koma fram þessu máli, enda þótt kunnugt sé, að hún hafði nógan liðsafla til þess, og socialistar fylgja fastara fram kröfunni um einkasölu en Framsókn a. m. k. hefir gert hingað til. En úr því — (**HV**: Er hv. þm. að tala fyrir Framsóknarflokkinn?). Nei, ég er að tala fyrir Sjálfstæðisflokkinn. En annars vil ég segja það, að úr því að hv. þm. Ísaf. þorir aldrei að taka til máls hér í hv. d., þá held ég hann ætti ekki alltaf að vera að hvísla einhverjum framíslettum að þeim hv. þm. (HV), sem situr við hliðina á honum. — Já, úr því að Framsóknarflokkurinn treystist ekki til að framkvæma þetta meðan hann sat að völdum í skjóli sinna ágætu stuðningsmanna, socialistanna, þá þori ég að segja það, að þjóðinni muni það engin vonbrigði verða, þó að hann láti nú þetta bíða til vetrarþingsins.

Mér þætti það þannig ekkert illa til valið, að Framsóknarflokkurinn hefði með gangi málsins á þessu þingi sýnt og tilkynnt þjóðinni, að á næsta þingi verði þetta mál lögfest, svo að þeir, sem eiga hagsmuna að gæta í þessu máli, þ. e. a. s. þeir, sem eiga atvinnu sína undir því, að verzlunin með þessar vörur sé rekin í frjálsri samkeppni, hafi þá jafnframt lengri frest til að útvega sér eitthvað annað.

Ég vil nú, úr því að þessu máli liggur nú ekki meira á en þetta, sem ég hygg, að enginn maður geti mælt á móti, mælast til, að hæstv. forseti beiti ekki þessum óeðlilega vinnuhraða til þess að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi, og vil leyfa mér að skora á hann að taka það af dagskrá; (**HV**: Er það í samningunum?). Ég veit ekki, hvað er í þeim samningum, sem hv. 3. þm. Reykv. hefir gert við stj. Þeir hafa líklega verið þannig lagaðir, að Framsóknarflokkurinn ætlaði að hjálpa þessum hv. þm. til að koma fram hækkuðum tekjuskatti, og að hv. þm. ætti svo að vera í flokki með hæstv. forsrh. til að drepa kjördæmaskipunarmálið, og svo líklega, að hæstv. forsrh. hjálpaði hv. 3. þm. Reykv. til að koma fram lögunum um verkamannabústaði. Ég held, úr því að hv. þm. er alltaf að japla á einhverjum samningum, sem ekki hafa verið gerðir, að hann ætti að skýra frá þeim samningum, sem hann áreiðanlega hefir gert við hæstv. forsrh., eins og bezt kom fram áðan, þegar hann þóttist eiga meira undir sér nú en í þingbyrjun.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort málið sé ekki til umr.?

Við höfum fengið að heyra hv. þm. G.-K. halda hér framsöguræðu fyrir hönd Framsóknarflokksins, og mér fyndist viðeigandi, að hv. 1. þm. N.-M. kæmi nú fram og talaði sem frsm. fyrir hönd sjálfstæðismanna. (**ÓTh**: Og hv. 3. þm. Reykv. talaði fyrir hönd beggja). Nei, ég mun nú tala fyrir hönd míns flokks, sem er andstöðuflokkur hins sameinaða íhalds.

Það er nú kunnugt, að það hefir orðið samkomulag milli beggja íhaldsflokkanna, sem þessir hv. þm. teljast til, og í því samkomulagi er sagt, að það skuli ekki samþ. á þessu þingi nein tekjuaukafrv. Undantekning var þó tóbakseinkasalan, sem ekkert samkomulag náðist um, en það virðist þó, sem eitthvað liggi á bak við það samkomulag, sem orðið hefir í hv. fjhn. hjá þessum flokksmönnum.

Þær ástæður, sem hv. þm. G.-K. færði fyrir því, að þetta mál ætti ekki fram að ganga nú, að það þyrfti að tilkynna þjóðinni, að það ætti að samþ. málið á næsta þingi, eru næsta nýstárlegar. Ég veit ekki til, að slíkt sé venja, eða hafi áður verið gert. Ef þörf þykir á að gefa meiri frest til þess að þeir, sem hafa atvinnu við tóbakið, geti útvegað sér annað, þá er hægt að gera það með því, að láta lögin ganga í gildi á öðrum tíma en ætlazt er til í frv.

Ég vil mælast til, ef nokkur alvara er í Framsóknarflokknum með að láta frv. ná fram að ganga á þessu þingi, að hæstv. forseti láti það fá afgreiðslu í dag.

Halldór Stefánsson: Það er alveg rétt, sem 2 hv. nm. úr fjhn. hafa skýrt frá, að málið var í n. til athugunar og frv. lesið upp á fundi, og sömuleiðis, að það varð samkomulag um það í n. að af-

greiða ekki málið fyrr en á næsta fundi.

Aftur minnist ég ekki hins, að n. hafi orðið sammála um, að þörf væri á að breyta einhverju ákvæði frv. En um hitt voru mismunandi sjónarmið, hvort frv. ætti að ná fram að ganga. Ég skildi það svo, að þeir, sem vildu samþ. frv., gætu fyrir sitt leyti sætt sig við, að frv. væri samþ. óbr., þó það væri hinsvegar hugsanlegt, að á því mætti gera einhverjar breyt.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég vil aðeins árétta það, sem ég sagði áðan, að í n. var það álitið, að í frv. væri ákvæði, sem gæti komið til mála að breyta, ef framsóknarmenn hefðu ekki álitið, að af því gæti stafað hætta á, að málið dagaði uppi. Ég hygg, að ég fari ekki rangt með það.

Að því er snertir það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það væri vit í að breyta frv. svo, að þeir menn, sem eiga lífibrauð sitt undir því, að verzlunin með tóbak sé frjáls, hefðu lengri frest til að afla sér annarar atvinnu, þá skal ég játa, að ég álít það bót í máli. En ég vil benda hv. þm. á það, að ef sú breyt. er gerð, þá verður endirinn sá, að frv. nær ekki fram að ganga á þessu þingi.

Að því er viðvíkur því, sem hv. þm. sagði um þessa samninga, sem hann er alltaf að japla á, að gerðir hafi verið, þá nenni ég ekki að vera að þvæla um það við hann. (**HV**: Nei, það tekur því ekki). Hv. 3. þm. Reykv. veit það ofur vel, að þetta er ekki annað en vitleysa, sem hann er hér alltaf að japla á, gerð til þess að reyna að veiða á hana kjósendur. Hann hefir nú sem sé loksins séð, að samvinnan við Framsókn á undanförnum árum hefir orðið honum og hans flokki dýr, á þann hátt, að nokkuð af fylgi hans hefir fallið yfir til Framsóknarflokksins, og nú á að reyna að vinna það aftur á þennan hátt. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. að neita þessu. Það vita allir, að þetta er þrautrætt mál af Alþýðusambandinu og fulltrúaráði Alþýðuflokksins, hvernig þeir eigi að vinna aftur það fylgi, sem þeir hafa tapað. Það er ein af fundarsamþykktum Alþýðuflokksins, sem hér kemur fram, að þeir skuli höggva til beggja hliða og vera öllum ótrúir. Og nú hefir hv. þm., sem er duglegur maður, viljað sýna dugnað sinn í því að japla á þessum samningum, sem ekki eru til, og aldrei hafa verið gerðir. En hann segir, að það hafi ekki verið samið við sig. Hann hefir þó samið bæði við framsóknarmenn og við sjálfstæðismenn, og er nú reiðubúinn til að gera hrossakaup um að svíkja í kjördæmaskipunarmálinu.

Forseti (JörB) [óyfirl.]: Þessar umr. eru nú orðnar nokkuð langar, enda eru þær ekki um þingskapaatriði, og að ég ætla allóþarfar.

Ég skal geta þess, að það er fyrir ósk, að ég hefi tekið þetta mál á dagskrá. Og ég get ekki bæði orðið við tilmælum um að taka málið fyrir og svo hið gagnstæða. Ég get ekki fallizt á, að það standi eins á með þetta mál og næsta mál á undan, enda varð ég við tilmælum um að fresta því að taka það fyrir. En þar sem hér er að ræða um þaulrætt mál, sem legið hefir fyrir mörgum undanförnum þingum og þá verið margrætt, þá ætla ég nú, að allir geti látið sér lynda, að umr. sé haldið áfram og málið látið halda áfram gegnum þessa umr. (**ÓTh**: Nei, það er svo langt frá). Það getur þá aftur liðið lengri tími til 3. umr., svo hv. fjhn. gefist tækifæri til að athuga málið. Ég vona nú, að allir hv. dm. láti sér þetta lynda.

Getur ekki hv. 3. þm. Reykv. fallið frá orðinu? (**HV**: Má ég ekki bera af mér sakir?). Mér fannst ekki vera bornar neinar sakir á hv. þm. (**HV**: Er mér neitað um orðið?). Nei, en getur ekki hv. þm. fallið frá orðinu? (**HV**: Nei).

Héðinn Valdimarsson: Ég veit, að hæstv. forseti neitar mér ekki um orðið núna, þó hann hefði gert það í upphafi þings. (**Margir þm**: Af hverju ekki núna eins?). Vegna þess, að það brennda barn forðast eldinn.

Því, sem hv. þm. G.-K. sagði um þetta fulltrúaráð Alþýðuflokksins, þarf ég ekki að svara öðru en því, að það er ekki til, og getur hv. d. af því dæmt áframhaldið af ræðu hv. þm.

Þar sem hv. þm. talaði um, að Alþýðuflokkurinn væri báðum hinum flokkun-

um ótrúr, þá segir það sig sjálft, hver afstaða hans er til þeirra. Hann hefir aldrei lofað þeim neinum trúnaði, heldur andstöðu. Við munum vinna að því, að Alþýðuflokkurinn nái meiri hl. í landinu með sinni stefnu.

En eftir að hv. þm. G.-K. er kominn í hið nána samband við Framsóknarflokkinn, sem raun er á, er bezt fyrir hann að reyna að vera þeim flokki trúr, sem hann ætlar sér að hafa eitthvað upp úr samvinnu við.

Forseti (JörB) [óyfirl.]: Ég vænti, að þessum umr. geti nú verið lokið. **(ÓTh:** Ég veit, að hæstv. forseti muni ekki meina mér að bera af mér sakir). Það er ekki að bera af sér sakir að bera sakir á aðra. Vill hv. þm. lofa því, að bera þá ekki sakir á aðra? **(ÓTh:** Mér er ómögulegt að lofa því; ég verða að vera mjög þungorður). Ja, ég vænti, að þessum umr. geti nú verið lokið. **(ÓTh:** Er mér neitað um orðið?). Nei, en hv. þm. má þá ekki bera sakir á aðra. **(ÓTh:** Ég vissi, að hæstv. forseti mundi sýna mér sanngirni og þakka honum fyrir og afsala mér orðinu).

Jóhann Jósetsson: Ég tók eftir því, að í einni ræðu hv. 3. þm. Reykv. lét hann á sér skiljast, að hann ætti meira undir sér nú en í byrjun þings, og það er ýmislegt, sem bendir á, að þetta sé á rökum byggt hjá hv. þm., að hann og aðrir socialistar hafi komið svo ár sinni fyrir borð við hv. stjórnarflokk, að meira tillit sé nú tekið til þeirra en að undanförnu. Það, sem m. a. bendir á, að þetta sé rétt hjá hv. þm., er frv. það, sem hér liggur fyrir, og sem hv. stjórnarflokkur hefir fleytt fram í Ed. og virðist nú ætla að knýja í gegn.

Það er upplýst við þær umr., sem hér hafa fram farið, að hv. fjhn. hefir ekki fengið tíma til að vinna neitt að málinu eða athuga brtt., sem einhverjir nm. höfðu ætlað sér að koma fram með við þetta mál. Það er mjög eftirtektarverður hlutur þetta, að n. er ekki látin hafa tíma til að athuga frv. eða breyt. við það. Og hvaða dýrmæti er svo það, sem hér er um að ræða? Jú, það er bara það, að koma einu af stefnumálum socialista fram og hækka verð á tóbaki um 15—20%. Það er þetta bjargráð, sem stjórnarflokkurinn leggur svo mikið í sölurnar fyrir, að nái fram að ganga, að allar venjur eru brotnar. Þetta er á sama tíma og þingið skilur við mörg þjóðþrifamál ókláruð. Ég hygg, að það megi spá því, að þau mörgu hafnarmál, sem liggja fyrir, eigi ekki að ganga fram. A. m. k. sýnir nál. það, sem nú er útbýtt frá sjútvn. Ed., að það hefir ekki orðið þar samkomulag um þessi hafnarmál, svo það virðist svo sem þau eigi að stranda þar enn á ný. En stefnumálum socialista stendur svo mikill byr undir báða vængi hér í þinginu, að brotnar eru allar venjur til að koma þeim fram, svo nærri stappar broti á þingsköpum.

Það er óneitanlega eftirtektarvert þetta, sem hér er að fara fram, og ekki síður, þegar sjálfur tóbakskóngur Íslands, hv. 3. þm. Reykv., virðist sækja málið af kappi. Og í sambandi við þetta vil ég benda á það, sem skeði í hv. Ed., þar sem stjórnarliðið, að viðbættum og með hjálp hv. 2. landsk., sem er socialisti, felldi þá till., sem hv. 1. landsk. bar fram, um að forstöðumaður eða starfsmenn tóbakseinkasölunnar mættu ekki taka við umboðslaunum handa sér né fyrirtækjum, sem þeir væru nákomnir, hvorki frá framleiðendum né öðrum firmum, sem tóbakseinkasalan ætti að verzla við. Það skyldi þó ekki vera, að það væri í uppsiglingu einhver kaupskapur í stórum stíl, sala á tóbaksvörum í heildsölu. Það er a. m. k. mjög einkennilegt, að aðalhvatamaður að því að breyta Tóbaksverzlun Íslands h/f í Tóbakseinkasölu Íslands, skuli einmitt vera þessi tóbakskóngur, sem ég minntist á áðan. Og þegar svo er, greinilega eftir flokkssamþykkt, drepin till., sem kemur fram í Ed., um að forstöðumaður og starfsmenn þessa fyrirtækis megi ekki veita umboðslaunum af vörunni móttöku, þá er það bert, að það hafa einhverjir ákveðnir samningar verið gerðir, sennilega til hagsmuna fyrir báða aðila.

Það er sannað í þessu máli, að tóbakseinkasalan, meðan hún stóð, gerði það að verkum, að tekjur ríkissjóðs minnkuðu, en varan varð bæði verri og dýrari fyrir

landsmenn. Þessu vill nú stjórnarflokkurinn stefna í sama horf. Þegar tóbakseinkasalan var afnumin af Sjálfstæðisflokknum, þá hækkaði hann tóbakstollinn til þess að skerða ekki tekjur ríkissjóðs, en samt sem áður lækkaði tóbakið í útsölu, þegar verzlunin með það varð frjáls. Allt önnur leið er farin hjá núv. þingmeirihl. Þegar þessi þingmeirihl. vill ennþá velta einkasölufarginu ofan á þjóðina, þá á ekki að lækka tóbakstollinn aftur, sem vitanlega ætti þó að vera. Nei, það á að láta tóbakstollinn vera óbreyttan, og taka svo að auki 300 þús. króna tekjur, sem hv. flm. hefir gert ráð fyrir, og bæta þeim við sem aukaálagningu á þjóðina, því það liggur í augum uppi, að svo verður, ef ekki á að lækka tollana. Það getur vel verið, að þessi „transaction" sé góð fyrir Tóbaksverzlun Íslands h/f, að geta velt öllu yfir á ríkissjóðinn, en fyrir þjóðina er hún áreiðanlega ekki búhnykkur.

Annars verð ég að segja, að mig furðar á, að framsóknarmenn skuli vinna ennþá með svo miklu kappi að stefnumálum socialista. Því að undanfarandi árabil, sem þeir hafa unnið sameiginlega að stefnumálum socialista, framsóknarmenn og socialistar, hafa þau að mörgu leyti orðið til ills eins fyrir þjóðina. Og í stærsta málinu, sem snertir atvinnu og framleiðslu landsmanna svo mjög, hefir þessi samvinna orðið til mestrar bölvunar. Ég á við síldareinkasöluna. Hún hefir orðið til þess að eyðileggja síldarútveginn sem atvinnugrein fyrir landsmenn, og það er ekki útlit fyrir annað en að hún muni verða sjálfdauð. Eftir nýjustu fregnum að norðan er útlit fyrir, að sjómenn muni bera úr býtum 350—400 kr. fyrir 2 mánaða starf. (ÓTh: En sjómenn á skipum, sem óháð eru síldarsölu til síldareinkasölunnar, munu hafa um 800 kr. fyrir sama tíma). Þetta er svolítið sýnishorn af því, hver árangurinn verður, þegar Framsókn lætur socialista kaupa sig til fylgis við stefnu þeirra í atvinnumálum.

Það liggur ekki fyrir nú að reyna að bæta úr þessu, og frv. um það hefir enn ekki komið til 2. umr., enda þótt það sé fyrir löngu flutt af sjálfstæðismönnum, og er þar farið fram á að gera breyt. á fyrirkomulagi síldareinkasölunnar. En það hefir verið tafið svo í n., að ég sé ekki fram á, að það komi hér til umr.

Hér er Framsókn að vinna eitt skemmdarverkið enn, fyrir tilverknað, atbeina og áeggjan socialista. Þetta mál er náttúrlega ekki eins þýðingarmikið eins og það, að Framsókn hefir látið draga sig til að eyðileggja atvinnu landsmanna. En það er alveg jafnskaðlegt sem stefnumál, þar sem það er að sínu leyti litlu óskaðlegra fyrir þessa atvinnugrein en síldareinkasalan fyrir síldveiðarnar. En svo er það nú aðferðin, sem höfð er við að koma þessu fram. Það er svo sem ekki verið að fara í neinar grafgötur með aðferðina, þegar svona vinnubrögð eru við höfð. Ekki einu sinni er hugsað um að láta þetta líta almennilega út. Í hv. fjhn. láta framsóknarmenn líklega um að taka málið til athugunar, og nm. ganga jafnvel inn á að breyta þurfi frv. Svo næsta dag er það komið á dagskrá, og þá á að reka það í gegn, án þess að n. hafi gefizt tækifæri til að gera athuganir sínar eða koma fram með brtt., nema þá skriflegar. Þetta er alveg óafsakanleg meðferð á máli, nema svo sé, að það megi ekki dragast. En hver ætli yrði fyrir þeim skaða, þó að þetta mál dragist, nema þá e. t. v. Tóbaksverzlun Íslands h/f. En ég skil nú samt ekki, að henni sé sú lífsnauðsyn að fá ríkiseinkasölu á tóbaki, að það þurfi að flýta því svona. Eldspýtur voru nú teknar með í þessu frv., þegar það kom til þingsins, en þær slitnuðu aftan úr í hv. Ed. (VJ: Stór sigur fyrir íhaldsmenn). Annars er það tilgangur socialista að hafa allar vörur í einkasölu.

Þær láta kynlega í eyrum, raddir socialista hér í hv. d. um samvinnu milli sjálfstæðis- og framsóknarmanna, þegar litið er á gang þessara mála, einmitt á meðan verkin tala um það, að samvinnan milli Framsóknar og socialista er í fullum blóma. Enda sagði hv. 3. þm. Reykv., að hann ætti nú meira undir sér gagnvart stjórnarflokknum en áður. (HV: Hvenær?). Hv. þm. sagði, að ekki myndi verða amazt við því, þó að hann talaði nokkuð lengi í þetta sinn, þó svo hefði verið gert áður. — Verkin tala hér um það, að Framsókn lætur enn social-

ista ráða stefnu sinni í atvinnumálum þjóðarinnar eins og undanfarið. Framsókn hefir selt sjómenn og útgerðarmenn við síldarútveginn undir ánauð socialista og jafnvel kommúnista. Saga þeirra afreksverka, sem liggja eftir fyrrv. forstjóra síldareinkasölunnar, Einar Olgeirsson, er ekki falleg. Einstakir stórútgerðarmenn hafa verið „favoriseraðir" af síldareinkasölunni, allt á kostnað sjómanna og smábátaeigenda, og allt þetta hafa socialistar og Framsókn verndað. Hvílir þung ábyrgð á meiri hl. þingsins viðvíkjandi afkomu síldarútvegsins. (**H-V:** Er það að samþ. tóbakseinkasöluna?). Tóbakseinkasalan var samþ. til þess að þóknast þeim socialistunum. En hitt er þó meira, hvað stj. hefir gert smábátaútveginum til miska með síldareinkasölunni. Með aðgerð meiri hl. þingsins í því máli hefir brauðið verið tekið frá börnunum og því kastað fyrir hundana. Er nú svo komið málum norður þar, að við eigum ekki aðeins við Norðmenn að keppa, heldur líka Dani, Svía og Finna. Þetta hefir síldareinkasalan gert að verkum. Íslendingar eru orðnir að hornrekum með vörur sínar, og bátaútvegurinn er rekinn með stórtapi ár eftir ár. Kunnugir segja, að nú sé sama, hvort Framsókn og jafnaðarmenn vilji halda áfram síldareinkasölunni; hún sé sjálfdauð, hvort sem er. (**Forseti:** Ég vil minna hv. þm. á, að það er tóbakseinkasalan, sem á dagskrá er). Það er ekki hægt að tala um þetta mál án þess að minnast á stærstu skemmdarverk þessara bandamanna, socialista og framsóknarmanna, grípa á stærstu kýlunum, og ég er einmitt að gera það. Ég er að sýna þeim þm., sem vilja geðjast jafnaðarmönnum með því að láta landsmenn borga 15—20% meira fyrir tóbakið, hvernig einkasölubrask hefir yfirleitt gefizt. Þetta snertir stórmikið mál það, sem á dagskrá er. Þar sem þingmeirihluti framfylgir málum þessara manna, getur hann ekki búizt við öðru en að við andstæðingarnir bendum á ýms önnur mál í þessu sambandi til stuðnings okkar málsstað. Ég vil aðeins benda Framsókn á það, hvert hún er að fara, ef hún veit það ekki sjálf. Það er hlægilegt, þegar hv. 3. þm. Reykv. og flokksblað hans er allt af að flagga með því, að sjálfstæðismenn hafi gert samninga við Framsókn, þegar sýnt er, að hann sjálfur og hans nótar eru einmitt að þessum samningagerðum. Við sjálfstæðismenn höfum hvert þingið á fætur öðru farið fram á það, að þingið útvegaði okkur lánsstofnun fyrir bátaútveginn. En Framsókn hefir haft lag á því þing eftir þing að koma málinu fyrir kattarnef. Hún hefir, án þess að beita sér beinlínis á móti því, svæft það í nefndum o. s. frv. Við höfum líka flutt frv. um breyt. á stjórnarskránni. (**Forseti:** Ég vil áminna hv. þm. um að gæta betur þingskapa; hann kemur hvergi nærri því máli, sem til umr. er). Ég er bara að taka dæmi, hæstv. forseti. Þessu mannréttindamáli hefir enginn gaumur verið gefinn, en tóbakseinkasöluna verður að knýja í gegn, þó að nærri stappi því, að þingsköp séu brotin. Þeir menn, sem fylgja ríkisverzlun og atvinnurekstri ríkisins, ættu manna helzt að vilja vaka yfir því, að þeir, sem starfa við ríkisreksturinn, geti ekki auðgað sjálfa sig á honum á óleyfilegan hátt. Ættu þeir að vilja sjá um það, að ríkisreksturinn bæri sem beztan árangur. Okkur hinum er meiri vorkunn, þó að við séum ekki að kosta kapps um að benda á, hvernig þetta mætti takast. Þó hefir farið svo við afgr. málsins í Ed., að fylgjendur stj. og jafnaðarmaðurinn þar felldu till. um það að tryggja, að forstöðumenn tóbakseinkasölunnar gætu ekki tekið umboðslaun sér til ágóða. Þessi varningur er þannig lagaður, að mikil samkeppni er um það hjá erlendum verzlunarhúsum að koma honum á markaðinn, og munu þau sækja það mál bæði með því, að hvert undirbjóði annað, og eins með borgun umboðslauna. Væri sérstök þörf í svona máli að fyrirbyggja misnotkun á þessu sviði. En nú hefir það borið við, að þeir, sem vilja ríkiseinkasölu, hafa fellt till., sem koma átti í veg fyrir, að forstöðumenn þessarar verzlunar taki á móti umboðslaunum í þóknunarskyni frá erlendum verzlunarhúsum. Þeir, sem berjast fyrir ríkiseinkasölu á vörum, hafa það alltaf á oddinum, að þetta sé gert, til þess að verzlunarstéttin taki ekki of mikinn ágóða af viðskiptunum. En það lítur svo út sem einhver eigi að hafa umboðslaun-

in, fyrst till. um það gagnstæða er felld. Hér er því bæði verið að gera vörurnar dýrari og stilla svo til, að einstakir menn geti rakað saman fé á umboðslaunatöku. Velferðarmál landslýðs, þau er sjálfstæðismenn hafa flutt hér á þingi, hafa ekki fengið náð þingmeirihl., heldur stefnumál 3. þm. Reykv. og hans félaga. Þetta er nú í sjálfu sér ekki nema gott, því að „fátt er svo illt, að einugi dugi". Þetta getur valdið því, að fylgjendur Framsóknar úti um sveitir, sem fögnuðu í vor, af því að þeir héldu, að sambandið milli hennar og jafnaðarmanna væri að slitna, snúi nú baki við henni. Þessir menn fá sennilega að sjá það af aðgerðum þingmeirihl. í þessu máli, að það, sem hér er um að ræða, er þetta: socialistar hlaupast frá að styðja framgang mannréttindamálsins, réttlátrar kjördæmaskipunar. Þetta er gert í þágu Framsóknar, en þeir fá í staðinn fylgi hennar í tóbakseinkasölumálinu o. fl. slíkum. Þó að okkur sjálfstæðismönnum þyki illt, að góðir sveitabændur fylki sér hér á þingi um socialista, þá þykir okkur hinsvegar gott, að svo er til stillt, að fólk í sveitum og byggðum landsins getur séð, að gömlu hrossakaupin og prangið milli socialista og framsóknarliðsins á Alþingi eru enn í fullum blóma.

Héðinn Valdimarsson: Við jafnaðarmenn á Alþingi ákváðum fyrir löngu að samþ. engin önnur tekjuaukafrv. stj. en þau, sem fela það í sér, að tekjunum skuli varið í sérstökum tilgangi, sem við getum fallizt á. Þess vegna vorum við á móti verðtollinum, sem er ekki annað en ranglátur skattur á almenning. Hinsvegar komum við með tekjuaukafrv., þar sem við ætlum okkur að verja tekjunum á sérstakan hátt, ef samþ. yrði, eins og kreppufrv. og tóbakseinkasölufrv. í Ed. Tekjunum skyldi fyrst og fremst varið til atvinnubóta, til verkamannabústaða og byggingar- og landnámssjóðs. Það er allmikils virði, hvernig tekna ríkissjóðs er aflað og varið. Með tóbakseinkasölunni er hægt að fá mikið fé til nauðsynlegra aðgerða án þess að íþyngja almenningi. Við höfum því lagt mikla áherzlu á, að þetta mál kæmist fram.

Hv. þm. Vestm. talaði um samkomulag okkar við framsóknarmenn, sem var ekki í öðru fólgið en því, að framsóknarmenn féllust á frv. okkar. Slíkt samkomulag myndum við gera við hvaða flokk sem væri. En hv. þm. Vestm. veit, að hans flokkur á engan andstæðing nema jafnaðarmenn. Sjálfstæðismenn hafa sýnt það í öllum málum, hvernig þeir hafa gengið með Framsókn. Þessir flokkar hafa staðið saman eins og veggur í aðalmálunum, t. d. um samþykkt verðtollsins og fjárl., enda er það eðlilegt, því að þessa flokka greinir lítt á. Hv. þm. sagði, að það ætti að hækka tóbaksverðið um 15—20%. Þetta er ekki rétt, og stendur ekkert um það í frv., enda þarf ekki hærra tóbaksverð en nú er, til þess að ná inn þeim tekjum, sem ætlazt er til.

Þá var hv. þm. að tala eitthvað um tóbakskóng, og kom þar fram lítil góðgirni. Ég er það mikill tóbakskóngur, að ég á 1/20 í Tóbaksverzlun Íslands h/f. Held ég ekki, að það gæti sveigt mitt atkv., þó að ég ætti hana alla, hvað þá þær litlu tekjur af þessum 1/20. Veit ég, að þeim, sem eiga í Tóbaksverzluninni, er það ekkert fjárhagsatriði, þó að fyrirtækið hafi borið sig mjög vel, enda hefir það sýnt sig hvað eftir annað, að fyrir þeim vakti það eitt með stofnun félagsins, að starfrækja þá verzlun svo lengi sem einkasalan yrði ekki tekin, en sleppa henni fúslega, ef ríkið óskaði að taka verzlunina, eins og vera ber. Við erum þeirrar skoðunar, að það sé vel til fallið, að ríkið reki þetta fyrirtæki, og gengur okkur ekki annað til. E. t. v. myndi hv. þm. Vestm. breyta skoðun sinni fyrir hagsmunasakir, en um þessa starfsmenn verður það ekki sagt.

Nú skyldu allir óspilltir menn halda, að annað eins og það, að starfsmenn hins opinbera tækju umboðslaun frá viðskiptamönnum þess fyrirtækis, sem þeir starfa við, væri brot á hegningarlögunum og þyrfti því ekki nein sérstök ákvæði um það að setja. En hv. 1. landsk. virðist hafa haldið, að þetta væri leyfilegt, og ætti að vera leyfilegt öllum nema þeim, sem störfuðu við þetta væntanlega fyrirtæki. Þeir einir ættu að vera heiðarlegir í þessu efni. Fulltrúi okkar jafnaðarmanna í Ed. og þeir framsóknar-

menn, sem þá d. skipa, litu með réttu svo á, að þetta ætti að ganga yfir alla undantekningarlaust, og flutti hv. 2. landsk. frv. um það, að öllum væri bannað að taka umboðslaun í nokkurri mynd, hvort sem væri vegamálastjóri, vitamálastjóri, landssímastj. eða starfsmenn annara opinberra stofnana, og þá ekki frekar borgarstjórinn hér í Reykjavík, sem sannanlegt er um, að hefir tekið á móti umboðslaunum, a. m. k. 2% af öllum brunabótagjöldum í Rvík hjá vátryggingarfél. Albingia. Þetta frv. hv. 2. landsk. sætti engum mótmælum og var því vísað til n., en nú hefir það sýnt sig, hvaða áhugi var á bak við hjá hv. 1. landsk. í þessu máli og reyndar framsóknarmönnum líka, því að n. hefir ekki enn skilað neinu áliti, og hefði þó verið auðvelt að knýja þetta mál fram á einum degi, ef menn hefðu aðeins verið sammála um það. Það virðist því sem hv. 1. landsk. hafi komið fram með þessa till. sína til þess aðeins að geta komið að dylgjum um þá menn, sem áður hafa starfað við tóbakseinkasöluna, sem og þá, sem væntanlega verða starfsmenn þessa fyrirtækis nú, og þá jafnframt til þess að sjá um, að allir starfsmenn þessarar einu stofnunar væru heiðarlegir, þó að aðrir opinberir starfsmenn þyrftu ekki að vera að ómaka sig til þess. — Mér er kunnugt um það frá því, er ég var starfsmaður við þetta fyrirtæki, að Magnús Kristjánsson tók upp þá reglu í fullu samræmi við óskir mínar að skipta aðeins við þau fyrirtæki, sem ekki hefðu umboðsmenn hér á landi, og var þessari reglu fylgt við tóbaksverzlunina undantekningarlaust, bæði af mér og öðrum, og leið oft langur tími þangað til eitt og annað firma hafði sleppt umboðsmönnum sínum hér og með því náð viðskiptum við verzlunina, sem fékk umboðslaunin sjálf með þessu móti. Mér er kunnugt um það, að annari reglu er fylgt í þessu efni við áfengisverzlunina, því að hún skiptir við ekki fá firmu, sem enn hafa umboðsmenn hér á landi, og stinga í eigin vasa því fé, sem þeir fá fyrir milligöngu sína. Mun þessi síðari aðferð allmiklu vinsælli meðal íhaldsmanna, eins og geta má nærri. —

Í Ed. var það ákvæði fellt úr þessu frv., að einkasalan skyldi einnig verzla með eldspýtur. Nú mun það svo, að eldspýtur kosta um ¼ úr eyri upp í 1½ eyri stokkurinn í innkaupi, en útsöluverðið er 5 aurar, svo að hér er um ekki litla verzlunarálagningu að ræða, enda hljóta allir að sjá, að ríkið mundi geta fengið allmiklar tekjur af því að verzla einnig með eldspýtur, án þess að verðið þurfi þó að breytast mikið. Auk þess mundi ríkið geta haft hagnað af þessari verzlun á þann hátt að leigja stokkana undir auglýsingar, eins og tíðkazt hefir í Frakklandi, en þar hefir verið einkasala á eldspýtum frá því á dögum Napoleons og ríkið haft miklar tekjur af, enda engri stj. þar dottið í hug að leggja hana niður. Ég held því, að það hafi verið nokkuð fljóthugsað, þegar þetta ákvæði var numið burt úr frv., en ég mun þó ekki koma með brtt. við frv. nú, til þess að fá þetta leiðrétt aftur, af því að það mundi geta valdið því, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi. En e. t. v. mun ég bera fram brtt. í þessa átt á þinginu í vetur.

Ég vil svo að endingu taka það fram, sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, að eins og frv. horfir nú við, er ekki einungis um það að ræða að afla ríkissjóði ákveðinna tekna, heldur er einnig svo kveðið á, að þessar tekjur skuli renna til byggingar- og landnámssjóðs að helmingi, og hinn helmingurinn til byggingarsjóða verkamanna. Það er því ekki lítill ábyrgðarhluti fyrir þm. að fella frv., án þess að sjá þó um, að eitthvað komi í staðinn annarsstaðar frá til þessara nauðsynlegu stofnana til þess að bæta hag og húsakynni verkamanna og bænda.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég heyrði ekki þau rök, sem fram voru borin fyrir þessu frv. í Ed., en ég geri hinsvegar ráð fyrir því, að þau hafi verið þessi vanalegu, að tóbakið mundi lækka í verði og ríkissjóður hafa hagnað af að verzla með þessa vöruteg. Þegar einkasalan var afnumin 1925 var það látið klingja af meðhaldsmönnum þessa verzlunarfyrirkomulags, að verið væri að svipta ríkissjóð tekjum svo skipti hundruðum þúsunda, og sumir nefndu jafnvel millj. kr. í því sambandi. Og þeir, sem

varfærnastir voru, töldu það með öllu óhugsandi, að ríkissjóður mundi fá meira en sem svaraði 650 þús. kr. í árlegar tekjur með tollinum, enda þótt hann væri hækkaður að miklum mun. En hver hefir svo reynslan orðið í þessum efnum? Hún hefir orðið sú, að yfirburðir hinnar frjálsu samkeppni hafa hvergi komið eins greinilega í ljós eins og einmitt á þessu sviði. Tóbakið lækkaði strax í verði, þegar verzlunin var gefin frjáls 1925, enda þótt tollurinn væri jafnframt hækkaður um þriðjung. Varasjóður einkasölunnar, sem talin var með tekjum hennar, var og ekki til, þegar til átti að taka, því að hann fór allur upp í tapaðar skuldir. Rétt er það að vísu, að ríkissjóður missti tekjuskattsins af þessari verzlun og bæjarfél. hér útsvarsins, en niðurstaðan hefir engu að síður orðið sú, að ríkissjóður hefir haft um 300 þús. kr. meiri árlegar tekjur af tóbakinu í frjálsri samkeppni heldur en með einkasölufyrirkomulaginu. Mér virðist því sem reynslan ætti að kenna mönnum allt annað en að hverfa aftur að þessu fyrirkomulagi. Þegar einkasalan var sett á 1921, var ég einn af þeim mönnum, sem fylgdu því, og lágu aðallega tvær ástæður til þess. Fyrst og fremst það, að sjá þurfti þá ríkissjóði fyrir miklum auknum tekjum, vegna þess að á þinginu 1919 var lagður grundvöllur að miklum auknum útgjöldum fyrir ríkið, og svo hinsvegar af þeirri ástæðu, að hér var um vöru að ræða, sem í sjálfu sér er ónauðsynleg, og því gerði ekki mikinn skaða, þó að eitthvað hækkaði í verði. En þar sem málið liggur nú svo fyrir, að ríkissjóður getur fengið meiri og vissari tekjur án áhættu einkasölunnar, og án þess að þyngja skattborgurum landsins, fæ ég ekki með bezta vilja séð, að nein ástæða sé til að fara að taka þetta fyrirkomulag upp aftur. Ástæður ríkissjóðsins og skattborgaranna mæla með því að hafa frjálsa verzlun á þessari vöruteg. sem öðrum, einkum þar sem sú reynsla hefir fengizt, að óhætt hefði verið að lækka tollinn að mun, frá því sem nú er, án þess að tekjur ríkissjóðs af tóbakinu mundu rýrna frá því, sem þær voru undir einkasölufyrirkomulaginu.

Þá var sú mótbára borin fram gegn afnámi einkasölunnar 1925, að meiri brögð myndu verða að smyglun í frjálsri samkeppni, af því að erfiðara væri að hafa eftirlit með tollsvikum, og mundi því ríkissjóður missa í af tekjum sínum vegna undanbragða í tollgreiðslum. Nú hélt ég, að öllum ætti að vera það fullkunnugt, að ekki var lítið um smyglun á einkasölutímabilinu. Á Austfjörðum voru t. d. svo mikil brögð að smyglun, að aðrar þjóðir gerðu beinlínis út heil skip, til þess að verzla þar með ólöglegt tóbak. Kvörtuðu menn undan því, að ekki væri hægt að ná í almennilegt tóbak þarna eystra vegna þessa ólöglega tóbaks. Var það ekki sjaldan, að menn sögðu um leið og þeir buðu kunningja sínum í nefið: „Ég veit ekki, hvort þú getur tekið þetta. Það er færeyskur ruddi". Og það er ekki víst, nema einhverjir kunni að hafa sagt eitthvað á þessa leið nálægt þessum sölum. — Síðan einkasalan var afnumin hefir ekkert heyrzt um undanbrögð frá tollgreiðslum. Stafar það af eðlilegum ástæðum, því að þeir kaupmenn og kaupfélög, sem með þessa vöru verzla, hafa auðvitað eftirlit með því, að aðrir smygli ekki inn tóbaki, af því að það mundi kippa fótunum undan þeirra eigin verzlun. En þegar enginn hefir hagsmuna að gæta um það, að tollur sé greiddur af tóbakinu, er hætt við, að ríkissjóður missi mikils í við þetta, auk þess misréttis, sem það skapar milli manna í landinu. Þykir mér undarlegt, að menn skuli vera svo fastir í „principinu", þar sem reynslan hefir sýnt, að ríkissjóður fær meiri tekjur af tóbakinu í frjálsri samkeppni heldur en með einkasölufyrirkomulagi, auk þess sem kaupendur vörunnar njóta mikils hagnaðar við það í lækkuðu vöruverði. — Sú ástæða, sem hv. 3. þm. Reykv. virðist gera að aðalatriði í þessu máli, að ná tekjum til byggingarsjóða verkamanna og til býla í sveitum, er einkisnýt, af því að það er ekki rétt að byggja á því eingöngu, að þetta gefi tekjur til vissra framkvæmda, og heppilegra fyrir ríkissjóðinn og gjaldendurna að taka þetta á annan hátt, þannig að ákveðin væri viss upphæð af tekjum ríkissjóðs í þessu skyni. Það er og vitanlegt, að einkasalan verður engin féþúfa, eins og reynslan hefir sýnt og mun sýna.

Frsm. minni hl. fjhn. í þessu máli á þinginu 1925, sem hélt uppi vörnum fyrir einkasöluna, fullyrti þá, að tekjur ríkissjóðs af tollinum einum myndu aldrei fara fram úr 700 þús. kr., enda þótt innflutningurinn ykist um 12%. Hver hefir reynslan orðið? Hún hefir orðið sú, að ríkissjóður hefir fengið 450 þús. kr. meiri tekjur en meðhaldsmenn einkasölunnar 1925 gerðu ráð fyrir, að frjáls verzlun gæfi mest. — Þá hefir það og verið talið einkasölunni til gildis, að með henni væri minna fé bundið í þessari verzlun heldur en í frjálsri samkeppni, og hömpuðu menn um þetta skýrslum, bæði á þinginu 1925 og áður. En gallinn var sá, að í þessum skýrslum voru aðeins taldar birgðir einkasölunnar við árslok, en ekki það, sem einstakir kaupmenn og kaupfélög lágu með, en það er reglan, að smásalarnir liggja yfirleitt með miklu meira af vörum, tóbaki sem öðru, heldur en heildsalarnir.

Það tekur því e. t. v. ekki að vera að minna á það nú, að tóbakstegundirnar verða færri og lakari hjá einkasölunni en verða mundi í frjálsri verzlun. Er það eitt af einkennum og göllum hjá öllum einkasölum. Einkasala hefir ekki neina ástæðu til að hafa fjölbreytt vöruval, og stendur það á sama, þó að hún flytji ekki nema eitt merki inn af hverri tegund. Hún er ein um hituna og þarf því ekki að vanda vörurnar, enda var sú raunin með tóbakseinkasöluna, að tegundir þær, sem hún hafði á boðstólum, voru fáar og misjafnar að gæðum, og sumar miður góðar, svo að ekki sé sagt meira. Hinsvegar er það svo í frjálsri samkeppni, að kaupmenn reyna að leita fyrir sér um sem samkeppnishæfastar vörur, sem skari fram úr vörum keppinautarins bæði að gæðum og verði, og leiðir af þessu, að vöruvalið verður fjölbreyttara og betra. Höfum við Íslendingar á þennan hátt haft ómetanlegt gagn af frjálsri verzlun og ætti að vera óþarfi að minna okkur á það böl, sem öll einokun hefir í för með sér, því að saga okkar hefir að geyma frásagnir um einokunarverzlun í sinni svörtustu mynd, sem var hér lögboðin af erlendu valdi, þegar við urðum að sætta okkur við að kaupa fullu verði allskonar skemmdar vörur, svo sem ormakorn og fúið brauð. Og sama verður reyndin með tóbakseinkasöluna: verri vörur og hærra verð.

Það er vitanlegt, að verðlagið á tóbaki lækkaði um 12%, þegar einkasalan var afnumin 1925, þrátt fyrir það þótt tollurinn væri þá jafnframt hækkaður. Var þó um enga tilsvarandi lækkun á tóbaki að ræða á heimsmarkaðinum, heldur fremur það öfuga. Það sést líka, ef innflutningsskýrslurnar eru athugaðar, hversu kaupmenn og kaupfélög hafa lagt sig mjög í framkróka um útvegun á sem fjölbreyttustum tegundum og beztum. Á síðari árum hafa verið fluttar inn fjölmargar tegundir af vindlum og vindlingum, sem ekki þekktust áður, enda sjást nú ekki sumar þær tóbakstegundir, sem mest voru notaðar fyrir fáum árum, af því að aðrar hafa komið í staðinn, betri og ódýrari. Er þetta sem annað nálega með öllu útilokað með einkasölu.

Svo að ég víki aftur að fjárhagshliðinni, þá má öllum vera það ljóst, að hækkandi verðlag hefir í för með sér minnkandi innflutning, og þó að e. t. v. megi segja, að ekki sé skaði skeður, þar sem tóbakið á í hlut, verða menn þó að taka tillit til þessa, af því að hér er fyrst og fremst um fjárhagslegt atriði að ræða, því að minnkandi innflutningur gefur minnkandi tekjur í sama hlutfalli.

Ég býst við því, að fátt verði um andsvör af hálfu meðhaldsmanna einkasölunnar í þessu máli. Ég býst við, að þeir óski ekki eftir að koma nálægt kjarna málsins, enda ætla ég, að seint takist að réttlæta þetta skref. Ég býst því við, að meðhaldsmenn einkasölunnar taki þann kostinn að þegja um málið og haldi sér að því samkomulagi, sem orðið hefir á milli Framsóknarflokksins og Jafnaðarmannaflokksins í málinu. Ég býst og hinsvegar við því, að þeir framsóknarmenn, sem fylgzt hafa með gangi þessara mála allt frá 1922, líti á, hvað hér er að gerast, og mig skyldi ekki undra, þótt sumir þeirra ættu erfitt með að greiða atkv. með þessu. Það er óhætt að segja, að þetta frv. er ekki borið fram vegna hagsmuna ríkisins eða ríkisborgaranna, en það þýðir auðvitað ekki að ætla sér að koma í veg fyrir, að frv. gangi fram. Er svo jafnan, þegar illt á að ske. En ég

vildi þó ekki láta málið fara svo út úr d., að ég lýsti ekki afstöðu minni til þess, og færði til þau rök, sem ekki verður hjá komizt að viðurkenna, að til eru á móti þessu máli.

Magnús Guðmundsson: Út af þeirri óvenjulegu meðferð mála, sem hér hefir verið við höfð, vildi ég leyfa mér að benda á 18. gr. þingskapa, þar sem segir, að ekki megi taka mál á dagskrá af nýju, fyrr en að minnsta kosti 2 nóttum síðar en n. hefir látið uppi álit sitt um málið og nál. hefir verið útbýtt meðal þm. Ég veit að vísu, að ef svo lengi dregst fyrir n. að afgreiða mál, að ekki er hægt að bíða eftir nál., verður að taka málið fyrir engu að síður, en það er ótvírætt brot á þingsköpum að taka mál á dagskrá, sem ekki hefir verið nema 2—3 daga í n. Það er því brot á þingsköpum að taka málið strax á dagskrá.

Annars vildi ég beiðast skýringar af hæstv. stj., ef einhver er hér við úr henni, á því, hvernig skilja beri ákvæði 14. gr. þessa frv. Mér finnst, að skilja megi þessi ákvæði á þá leið, að tekjunum af einkasölunni sé ætlað að koma upp í framlög ríkissjóðs til byggingarsjóða verkamanna og til byggingar- og landnámssjóðs. Hinsvegar skildist mér það á hv. 3. þm. Reykv., að hann áliti, að tekjur tóbakseinkasölunnar ættu að bætast við framlög ríkissjóðs til þessara stofnana. Það virðist því mega skilja þessi ákvæði á tvennan hátt. Eigi tekjur þessar að bætast við framlag ríkisins til hinna umræddu stofnana, þá er blátt áfram verið að selja einkasöluna á leigu þessum stofnunum. Virðist þá eðlilegra, að þessar stofnanir rækju einkasöluna sjálfar, og ríkið kæmi þar ekki nærri. Eigi aftur á móti að skilja ákvæði þessi á hinn veginn, þá er mjög hæpið, að þau yrðu til hagsbóta fyrir byggingarsjóði verkamanna og byggingar- og landnámssjóð. Það minnsta, sem verður að krefjast, þegar lög sem þessi eru sett, er það, að hugsunin sé orðuð svo skýrt, að ekki sé um að villast, hvað löggjafinn vilji.

Hvað sem annars má um tóbakseinkasöluna segja, þá er það alveg víst, að hún veldur því, að á fyrsta ári hennar verður miklu minna flutt af tóbaki til landsins heldur en ef verzlunin væri frjáls áfram. Það er því gefið mál, að á árinu 1932 fengi ríkissjóður miklu minni tekjur af tóbakstolli heldur en áður, ef einkasalan væri sett á stofn. Mér hefir nú virzt á hv. þm. yfirleitt, að þeir álíti, að ekki líti neitt sérstaklega vel út fyrir ríkissjóði á árinu 1932. Mér finnst það því vera undarlegt alvöruleysi, ef meiri hl. þingsins fer nú að gera sér leik að því að minnka tekjur ríkissjóðs á árinu 1932, þar sem vitanlegt er, að mikill tekjubrestur muni verða á því ári. Það er ekki hægt að taka hv. þm. alvarlega, þegar þeir eru að tala um hið yfirvofandi harðæri og vandræðatíma og koma um leið með slíkt frv. sem þetta. Auk þess er ekki hægt að reka þessa verzlun nema því að eins, að lagt sé til hennar nokkurt rekstrarfé, og ég gæti trúað, að ríkissjóður eigi ekkert sérstaklega hægt með að gera það. Þá virðist mér, að brtt. þær, sem liggja fyrir við 3. umr. fjárl. í Ed., muni ekki eiga neinn þátt í því að bæta hag ríkissjóðs á árinu 1932, því að þar á meðal eru ýmsar útgjaldafrekar till., svo sem till. frá hæstv. forsrh., um 300 þús. kr. framlag til atvinnubóta. Ótti sá við tekjurýrnun, sem fram kom hjá hv. flokksmönnum hæstv. stj. við afgr. fjárl. hér í Nd., virðist nú alveg horfinn, þar sem ofan á frv. þetta, sem hlýtur að leiða af sér rýrnun tóbakstollsins á árinu 1932 er bætt till um 300 þús. kr. til atvinnuleysisstyrkja.

Ég verð því að líta svo á, sem það beri vott um allmikla léttúð hvað afkomu ríkissjóðs á árinu 1932 snertir, að fara nú að samþ. þetta frv. Þó vil ég taka það fram, að ef það er meiningin, að fé það, sem inn kemur hjá tóbakseinkasölunni, skuli ganga upp í hið lögákveðna gjald ríkissjóðs til byggingarsjóða verkamanna og byggingar- og landnámssjóðs, þá er hér nokkru öðru máli að gegna, en það er þó víst, að tekjur ríkissjóðs af tóbakstolli myndu verða miklu minni á árinu 1932 heldur en ef engin einkasala væri sett á stofn.

Ég vil að lokum skjóta því til hæstv. forseta, hvort honum finnist ekki, samkv. 18. gr. þingskapanna, ástæða til þess að leita afbrigða um það, hvort mál þetta megi liggja hér fyrir til umr. Hið sama

á við um það mál, sem er hér 4. mál á dagskrá.

Forseti (JörB) [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Skagf. veik að því, hvort unnt mundi að taka mál til umr., sem vísað hefir verið til nefndar, og n. hefir ekki birt álit um, á annan hátt en með því að leita afbrigða. Í 18. gr. þingskapanna er svo fyrir mælt, að eigi megi mál af nýju til umr. taka fyrr en a. m. k. tveim nóttum síðar en nál. er útbýtt. En hvorki í þessari gr. né annarsstaðar í þingsköpunum eru nein fyrirmæli um það, að eigi megi taka mál fyrir í þinginu, þó að n. hafi ekki látið uppi álit sitt um það. Í öðrum ákvæðum þingskapanna, þar sem svo er fyrir mælt, að bæði forseti og deildin geti tekið mál á dagskrá og út af dagskrá, er ekkert að þessu vikið. Get ég því ekki séð, að þetta brjóti í bág við ákvæði þingskapanna. Það hefir oft komið fyrir, að mál hefir verið tekið til meðferðar í þinginu, sem ekki hefir verið vísað til n., og hefir þá aldrei verið leitað afbrigða, og verður því ekki annað séð en að það sé í samræmi við þingsköp og þingvenjur, að þetta mál er tekið hér fyrir.

Jóhann Jósefsson: Að því er snertir álit hæstv. forseta, þá virðist mér, að ef með þessu ætti að gefa fordæmi fyrir framtíðina, þá mætti fara svo, ef forseti væri þar með í verki, að mál, sem ættu svo lítið undir sér, að þeim stæði hætta af neitun afbrigða, mættu komast til umr. fyrir eðlilegan tíma með þeim hætti, að forseti tæki þau á dagskrá áður en n. gæti látið í ljós álit sitt á þeim. Er það auðsætt hverjum manni, hvað af slíkri venju gæti leitt.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég get ekki betur séð en að ef slíkum úrskurði sem þessum væri beitt að jafnaði, þá geti forseti alltaf komið í veg fyrir það, að n. fái tækifæri til þess að skila áliti um málin. Sé þeirri reglu beitt, þá gæti ég hugsað, að hún myndi frekar leiða til þess að tefja þingstörfin heldur en að flýta þeim. Í öðru lagi myndu þm. síður stilla kröfum sínum í hóf, ef forseti sýndi slíka óbilgirni.

Ég veit með vissu, að það er ekki tilgangur þingskapanna að útiloka þm. frá því að vinna í n., þar sem það eru aðalstörf þingsins. En þessi aðferð miðar að því að meina þm. að vinna í n. og er því í andstöðu við þingsköpin.

Ég er ekki að segja með þessu, að núv. hæstv. forseti myndi nota vald sitt á þennan hátt, en þeir forsetar hafa verið hér áður og geta orðið í framtíðinni, sem trúandi væri til að gera það.

Forseti (JörB) [óyfirl.]: Ég vænti þess, að þeir tveir hv. þm., sem talað hafa, hv. þm. Vestm. og hv. þm. N.-Ísf., beri mér það ekki á brýn, að ég sýni óbilgirni í þessu máli, enda tók hv. þm. N.-Ísf. það fram, að hann gerði það ekki.

Ég geri allmikinn mun á þeim tveim málum, sem hér er um að ræða, þar sem þetta frv., um einkasölu á tóbaki, hefir oft legið hér fyrir, og er orðið þaulrætt hér í hv. d., en hitt málið, um ríkisbókhald og endurskoðun, er lítið þekkt. Þar sem fyrra málið er svo þaulkunnugt, þá sé ég ekki ástæðu til þess að fresta 2. umr. þess.

Ég vil einnig benda hv. dm. á, að þegar svo ber undir, að mál er tekið á dagskrá, sem álitið er um, að hafi ekki fengið nægilegan undirbúning, þá er í 43. gr. þingskapanna ákvæði, sem tryggir dm. það að taka slík mál út af dagskrá. (**MG:** Já, meiri hl., en þingsköp eiga að tryggja bæði rétt meiri og minni hl.). Það er að vísu rétt, en þetta ákvæði veitir þó nokkra tryggingu. Að öllu þessu athuguðu treysti ég mér ekki til þess að taka málið af dagskrá.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Mér er það að vísu ljóst, að ekki þýðir að deila við dómarann, en ég vil þó leiða athygli hæstv. forseta að því, að allur andi þingskapanna er a. m. k. brotinn með því að taka mál þetta nú til meðferðar í hv. d. Mér skilst, að þegar d. vísar máli til n., til þess að það sé tekið þar til athugunar, þá hafi d., bæði meiri og minni hl. hennar, afsalað sér meðferð málsins um óákveðinn tíma í hendur n. Og mér skilst, að d. geti ekki tekið málið úr höndum n., nema því aðeins, að meðferð þess hafi að einhverju leyti verið vítaverð hjá n. Fjhn. fékk þetta mál í hendur á föstu-

dag, en þann dag var þingfundur fram á nótt. N. hélt svo fund á mánudag, sem ekki er fundardagur fjhn., og á þriðjudag, en komst þá ekki yfir þetta mál, og getur því ekki afgr. það fyrr en á morgun. Mér þykir það því vera brot á anda þingskapanna, svo ekki sé sterkara að orði kveðið, er hæstv. forseti tekur málið úr höndum n., að sumum nm. nauðugum að minnsta kosti. Tilgangur þingskapanna er sá, að málunum sé vísað til n., svo að þau séu athuguð þar af báðum aðilum, meiri og minni hl. Og þingsköpin tryggja meðferð málanna einnig á þann hátt að tryggja dm. vissan frest til þess að athuga málin, eftir að þau eru komin úr n. Hér er svo fjarri því, að þessum fyrirmælum sé fullnægt, að hvorki hefir n. fengið tækifæri til þess að gefa út nál. um málið, né hv. dm. frest til þess að athuga það.

Álíti hæstv. forseti, að nauðsyn sé til þess að flýta málinu, þá er sú leið ein sjálfsögð, að leita um það afbrigða frá þingsköpum hjá hv. deild.

Forseti (JörB) [óyfirl.]: Ég vænti þess, að hv. fjhn. hafi ekki undan neinu að kvarta frá minni hálfu. Þegar ég leitaði ekki afbrigða um málið, þá gerði ég ekki annað en að fylgja venju, sem ríkt hefir hér á Alþingi áður. Vænti ég þess, að hv. fjhn. skilji, að hér er um svo þrautrætt mál að ræða, að eðlilegast sé að fara þessa leið. Hitt vil ég ekki segja, að ekki hefði mátt leita afbrigða, en hér er farið eftir þingvenju og vænti ég, að engum þyki sér misboðið með því.

Einar Arnórsson: Ég ætla fyrst að tala um þingsköpin, þó að mikið sé búið að ræða um þau áður.

Tilgangurinn með því að vísa málum til nefnda er vitanlega sá, að n. taki þau til athugunar, og gefi út um þau nál., ef henni þykir það þess vert. Og tilætlun þingskapanna er sú, að málin séu ekki tekin á dagskrá fyrr en n. hefir látið uppi álit sitt um þau, ef henni þykir það þess vert.

Ég skal taka það fram strax, að hugsanlegt er, að n. vanrækti starf sitt vísvitandi. Er þá eðlilegast, að viðkomandi deild fái forseta sinn til þess að reka á eftir, svo að málin megi koma á dagskrá. (**IngB:** Stendur þetta í þingsköpunum?). Nei, ég sagði aðeins, að þetta væri eðlilegasta leiðin.

Nú er það öllum auðsætt, að hv. fjhn. hefir ekki brugðizt skyldu sinni á neinn hátt. Það er ómögulegt að segja það, að hún hafi vanrækt að gefa út nál. eða staðið illa í starfi sínu á annan hátt. Það er skýrt tekið fram í þingsköpum, að bæði meiri og minni hl. n. eigi rétt á að láta í ljós álit sitt á málunum, og bæði meiri og minni hl. d. hafi rétt til þess að athuga þau, þar sem það er ákveðið, að mál megi ekki taka til umr. af nýju fyrr en a. m. k. tveim nóttum síðar en nál. var útbýtt. En hér er farið í bága við þingsköpin á tvennan hátt. — Fyrst með því, að n. hefir ekki gefizt kostur á að gefa út nál. og því þess vegna ekki útbýtt tveim nóttum fyrr en málið er tekið til meðferðar, eins og þingsköp ákveða. Er því langeðlilegast, að leitað sé afbrigða frá þingsköpum um það, hvort málið skuli tekið til meðferðar á þessum fundi. En forseti telur eigi ástæðu til þessa. Og er því einnig að þessu leyti farið í bága við þingsköp. Það er því bæði brotinn réttur á nefndinni og á deildinni.

Það ákvæði, að ekki megi veita afbrigði án samþykkis stj. og ¾ dm., er vitanlega sett til þess að tryggja rétt minni hl. Annars væri hægt að hlunnfara nefndarmenn og taka mál til meðferðar gegn vilja þess minni hl. deildar, er synja má afbrigða frá þingsköpum.

Hitt er annað mál, að forsetaúrskurður er í gildi, hæstaréttardómur á sínu sviði, og því óhagganlegur. En þrátt fyrir þetta er heimilt að gagnrýna hæstaréttardóma og forsetaúrskurði, ef það er gert á þinglegan hátt.

Um mál það, sem hér liggur fyrir, mætti margt segja. Ég stend að vígi nokkuð öðruvísi en margir aðrir hv. þdm. Því að ég er svo heppinn að hafa aldrei tekið þátt í setningu eða afnámi laga um tóbakseinkasölu. Ég hefi alltaf verið á móti þessari ríkiseinkasölu, eins og flestum öðrum einkasölum, hver svo sem fram hefir hana borið.

Um þá meginstefnu, hvort ríkið eigi að reka verzlun eða ekki, mætti **margt** segja. Frá sjónarmiði jafnaðarmanna

hefir það ýmsa kosti, en frá sjónarmiði okkar sjálfstæðismanna hefir ríkiseinkasala svo yfirgnæfandi ókosti, að við viljum ekki sæta henni. Í ríkisrekstri koma margir vankantar í ljós, sem ekki koma fram í atvinnurekstri einstaklinga. Þegar ríkinu er veitt vald til þess að reka atvinnu, þ. á m. verzlun, þá eru því um leið veittir möguleikar til að mynda nokkurskonar hreiður í kringum sig til þess að hafa vildarvini sína í. Og þó að stjórnin sé af bezta vilja gerð, þá veitist henni erfitt að synda fyrir þetta sker. Það hefir brunnið við, að komið hefir fram misbrúkun í þessa átt og er það ekki nema mannlegt. Stjórnirnar eru veikar fyrir og þær eiga vildarmenn og áhangendur, sem þær þurfa að koma fyrir í hentugu hreiðri. Það er því hætt við, að mannahald verði þar dýrara og óhentugra en hjá einstökum mönnum. Það er nú einu sinni svo, að menn sjá betur um sinn hag, þegar það kemur beinlínis við þeirra pyngju. En það er sjaldan hægt að sanna, að ólagið sé stjórninni að kenna, og þó svo kunni að vera, þá eru þingin miskunnarsöm, eða meiri hl. þeirra, og láta ekki stjórnirnar sæta ábyrgð fyrir það, sem þær kunna að láta ógert eða ofgert. Þessar aths. ná yfirleitt til ríkisrekstrar, hverju nafni sem hann nefnist. Þar af leiðir ekki, að það sé ekkert fyrirtæki til, sem ríkið eigi að reka. Það eru ýmsir hagsmunir, sem eru svo nátengdir ríkinu, að það er varla gerlegt, að aðrir ræki þá en ríkisvaldið. En það er erfitt að greina takmörkin. Það er t. d. alkunnugt, að ríkið rekur mikið af skólum í hverju landi og heldur þeim uppi. Það er ekki alveg gefið, að skólahald ríkisins sé að öllu leyti hagkvæmt, og ekki ólíklegt, að þó einstökum mönnum yrði falið það, þá yrðu skólarnir eins vel reknir, þ. á m. eins góðir kennarar ráðnir. En það er orðið allrótgróið í vitund manna, að ríkið annist skólahald. Póstflutningur og sími hér á landi er einnig rekið af ríkinu. Nú hafa mönnum fundizt miklir gallar á þessum sviðum og það svo miklir, að þeir myndu e. t. v. heldur minnka, ef einstakir menn rækju þessar stofnanir. En ríkið getur rekið þetta og haft ágóða af, þar sem það er eitt um hituna og enginn keppir við það. Það er engin hætta á því, að ríkið tapi fé á símarekstri, þar sem það útilokar alla samkeppni.

Hér er um það að ræða, að ríkið færi út kvíarnar í atvinnurekstri sínum og taki sölu á einni vöruteg., sem ég vil kalla neyzluvöru, því að þótt tóbakið sé kallað óþarft, þá er það nauðsynjavara, eins og sást í stríðinu síðasta, þar sem ríkisstjórnir viðurkenndu þetta með því að senda hermönnum birgðir af tóbaki með birgðum af mat, og sýndu með því, að hermönnum væri þessi vöruteg. nauðsynleg eins og matur. Það er t. d. mikill munur á skoðunum manna á tóbaki og áfengi. Ég býst ekki við því, að hermönnum hafi t. d. verið sendur sami skammtur af áfengi og tóbaki. Í raun og veru er því hér að ræða um nauðsynjavörutegund.

Við höfum nú nokkra reynslu á ríkisrekstri, eða frá því um 1600 til loka 18. aldar. Konungarnir, sem voru sama sem ríkisvaldið þá, ráku eða létu reka verzlunina, og stundum var hún beinlínis seld á leigu til hagsmuna konungsvaldinu. Þess þarf nú að vísu ekki að vænta, þó að ríkið taki verzlunina, að það þurfi að vera vöruskortur, eins og oft var á einokunartímunum. Hitt er annað mál, að það er engin trygging fyrir því, að varan verði ódýrari, heldur einmitt líklegt, að hún verði dýrari en í hinni frjálsu samkeppni, og það hefir ennfremur viljað brenna við, að varan væri óvandaðri. Og þetta er vel skiljanlegt, því þar sem einn er um hituna, er ekki eins hugsað um að vanda vöruna eins og þegar margir keppa, og engin hvöt til þess að taka upp nýjungar og endurbætur, sem fram koma á vörum og verzlunarháttum. Einkasölunni er líka stjórnað, e. t. v. heilan mannsaldur af sama manni, og hann verður með aldrinum værukær og lítið hneigður fyrir að taka upp nýjungar og fylgjast með.

Einkasala, og með henni bann gegn innflutningi annara á einkasöluvörunni, hefir einnig haft aðra ókosti í för með sér. Hér var tóbakseinkasala á árunum 1922—1925, og það er alkunnugt og tjáir ekki í móti því að mæla, að tollsvik og ólöglegur innflutningur var mikill á þessum árum. Það er í almæli, að menn

af skipum hafi selt í land allmikið af tóbaki, sem enginn tollur var greiddur af. Það var auðvitað selt ódýrara, þar sem enginn tollur var greiddur af því. Það er opinbert leyndarmál, að ýmsir brytar og sjómenn af fiskiskipum og öðrum skipum höfðu drjúgan skilding fyrir þessa lausasölu eins og var á 17. og 18. öld. Nú er auðvitað miklu auðveldara að komast að landi og ná skiptum við landsmenn en þá var, og nú er ekki heldur lögð refsing við, svo að það varði eignamissi eða lífláti, ef menn fara út í skip til launkaupa, eins og siður var á 17. og 18. öld. Þetta skipulag, sem ég hugsa að verði innleitt og samþ. fyrir atbeina framsóknarmanna og jafnaðarmanna, hefir auk annars í sér fólginn þennan stórmikla galla, að það hvetur til tollsvika og smyglunar.

Þess má og geta, að það orð hefir legið á sumum mönnum, sem hafa haft miklar verzlunarsakir fyrir ríkið, að þeir hafi notað aðstöðu sína til þess að auðga sjálfa sig. Það er ekki smávegis freisting til að taka umboðslaun eða fara út og semja við verzlunarfélög um það, að viðkomandi skuli fá umboðslaun. Það er hægra sagt en gert að komast fyrir þetta. Það getur vel verið, að varan verði ekkert dýrari fyrir þetta, því viðkomandi segir bara við seljandann, að hann muni fara annað og þar fái hann vöruna ódýrari. Þetta er ekkert sérstakt fyrir tóbakseinkasöluna. Það gildir jafnt fyrir öll samskonar fyrirtæki, sem ríkið rekur. Það má auðvitað setja lög um þetta, en það er ekki jafnauðvelt að framfylgja þeim. Það stendur auðvitað ekki í bókum fyrirtækisins, þótt forstjórinn taki þóknun eða umboðslaun. Rekstrarkostnaður hins opinbera hefir löngum þótt nokkuð mikill, því þar hefir stundum verið miður til starfsmanna vandað, og oft og einatt hafðir of margir starfsmenn. Ég ætla, að síldareinkasalan sé ágætt dæmi upp á þetta. Þar er t. d. skrifstofukostnaður í Kaupmannahöfn 40 þús. kr., eftir reikningum, sem seinast hafa komið. Og skrifstofa þessi hefir svo sem ekkert gagn gert. Þetta er eitt dæmi upp á rekstrarkostnað við einkasölu. Ég skal ekki fullyrða neitt um það, að þetta verði sambærilegt við rekstrarkostnað tóbakseinkasölunnar. En það er ástæða til að benda á þetta og hafa það í huga, að það eru auðvitað neytendurnir, sem borga rekstrarkostnaðinn.

Ástæðan fyrir því, að þetta frv. er borið fram og verður væntanlega keyrt gegnum deildina með meira ofurkappi en dæmi eru til, er talin sú, að málið sé nauðsynjamál. Og sú nauðsyn á að vera fólgin í því, að það sé verið að sjá ríkissjóði fyrir auknum tekjum. Það er verið að reyna að telja mönnum trú um, að það sé verið að búa svo í haginn fyrir ríkissjóð, að þetta mál geti ekki beðið til næsta þings. Hv. 2. þm. Skagf. hefir vikið að þessu áður. En fjarri fer því, að hér sé verið að afla ríkissjóði meiri tekna en hann hefir nú um stund haft af tóbaki. Eftir ákvæðum frv. missir ríkisstj. allan tollinn, því honum er ráðstafað í 14. gr. þess. Þegar fjárl. voru til umr. hér í d., sögðu fylgismenn stjórnarinnar, að það væri hætt við, að tekjuhalli yrði næsta ár, og því yrði að fara varlega í öll útgjöld. En nú eru þeir ekki hræddir við að svipta ríkissj. 1 millj. kr. og leggja í allt annað. Ég skil 14. gr. svo, að þetta sé umfram það, sem nú er ætlazt til eftir öðrum heimildum, að renni til fyrirtækja þeirra, sem í 14. gr. frv. segir. Þetta má þó ekki skilja svo, að ég sé að telja fé eftir, sem á að renna til þessara stofnana. En ég vildi aðeins segja í þessu sambandi, að stuðningsmenn stj. virðast nú vera rífari á fé ríkissj. en þeir voru við meðferð fjárl. En reyndar virðist ekki svo, að tóbakseinkasalan sé neinn sérstakur snúður fyrir ríkissjóð. Það kom í ljós, að tekjur ríkissjóðs af tóbakinu urðu minni á meðan einkasalan var en eftir að hún var afnumin. Tekjur ríkissjóðs af tóbakseinkasölunni voru árin 1922–1925 að meðaltali 750 þús. kr. á ári, en eftir að tóbakseinkasalan var afnumin voru þær að meðaltali 1 millj. 141 þús. kr. Árið 1927 voru tekjurnar orðnar 380 þús. kr. meiri en á meðan einkasalan var. Það er ennfremur víst, að einstakir menn, sem verzla með tóbak, bæði í heildsölu og smásölu, hafa, síðan einkasalan var afnumin, goldið ríflega upphæð í ríkissjóð sem hluta af tekjuskatti af verzlunarrekstri sínum að því er tóbakið

snertir. Það er auðvitað ekki hægt að gera grein fyrir því nema með mikilli rannsókn, hve miklu þessi skattur á verzlunarstéttina hefir numið. En það hlýtur að nema mörgum tugum eða jafnvel hundruðum þús. kr. Menn komast í hærri skattstiga eftir því sem tekjurnar hækka. Af hæstu tekjum koma hæstu skattar. Þegar verið er að gylla það, að einkasalan sé svo mikill tekjuliður, þá ættu menn m. a. að taka þetta til greina. Það er ekki nóg með að tekjur ríkissjóðs verði minni með einkasölu, heldur gildir þetta auðvitað sveitarfélög. Það er enginn vafi á því, að t. d. Rvík missir allmikinn tekjustofn, ef einkasalan verður tekin upp. Um leið og tekjurnar minnka, hljóta möguleikarnir til að bera útsvör að minnka að sama skapi. Á Tóbaksverzlun Íslands eru lagðar 27000 kr. í aukaútsvar í Rvík og það eru eflaust mörg önnur verzlunarhús, sem greiða háa skatta af tóbakssölu. Það eru sjálfsagt 6—8% af útsvörum sumra firmna hér, sem kemur á tóbakssölu þeirra, svo að þetta nemur þúsundum króna.

Ég gæti hugsað, að einkasalan rýrði útsvarsgjaldgetu kaupmanna hér í Rvík um 50—60 þús. kr. árlega. Og ef haldið er áfram á þessari braut með einkasölur, þá gæti að því rekið, að sveitar- og bæjarfélögin misstu mikið af núverandi tekjustofnum sínum. Þegar þingið hefir sett þessar einkasölur, hefir lítið verið séð fyrir bótum á því tapi, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa orðið fyrir. — Hér er t. d. ríkisprentsmiðja, sem áður var einkafyrirtæki, og bar þá stundum 8—10 þús. kr. aukaútsvar, en nú veit ég ekki, hvort hún greiðir nokkuð og alls ekki meira en 5% af nettó arði. Þannig getur löggjafarvaldið haldið lengi áfram, — svo lengi, að atvinnurekendurnir, sem nú eru aðalmjólkurkýr sveitar- og bæjarfélaganna, verða úr sögunni. Þá sé ég ekki, hvernig fer með þessi bæjarfélög, nema þau fari á ríkið, og veit ég ekki, hvort það þykir betra.

Þá ætla ég að snúa mér að frv. sjálfu. Frá 1. jan. 1932 má enginn nema ríkisstj. flytja inn tóbak. Þetta stendur óbreytt eins og frá því var gengið á vetrarþinginu síðasta. En það er of skammur fyrirvari. Nú er langt liðið fram í ágúst, og það má búast við því, að margir kaupmenn eigi miklar birgðir fyrir, og þá er ekki nægilega séð fyrir því, hvernig með þær skuli fara, því að í 6. gr. frv. er sagt það eitt, að ríkisstj. ákveði í reglugerð, hvernig fara skuli með tóbaksbirgðir, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. jan. 1932, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Þetta er allt á huldu. Það er hugsanlegt, að stjórnin leyfi mönnum að selja áfram í samkeppni við sig, a. m. k. fyrst um sinn. En svo segir ennfremur í 6. gr., að þá skuli ákveðið, hvort gjald skuli greitt af þeim vörum í ríkissjóð. Ég skil það svo, að ekki sé átt við tolla, því tollar hafa annaðhvort þegar verið greiddir eða hljóta að verða greiddir. Það er þá svo að skilja, að stj. sé veitt vald til nokkurskonar skattaálögu eða nýrrar tollaálögu. En þá er spurningin, hvort heimilt sé að gera slíkt eftir stjórnarskránni, því skatta skal á leggja aðeins með lögum eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég veit, að þetta eru eftirlegukindur frá fyrri árum, svona fyrirmæli hafa verið í tóbakseinkasölulögunum, sem áður voru hér. En það þarf ekki að vera löglegt fyrir því. Svo stendur í 6. gr., að eftir 1. okt. 1931 skuli ríkisstj. vera heimilt að banna allan innflutning tóbaks, nema sérstakt leyfi hennar komi til. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé svo að skilja, að stj. sé veittur ótakmarkaður réttur til þess að ráðstafa þessu atriði 3 síðustu mán. ársins. Ef frv. hefði orðið að lögum á vetrarþinginu, hefði fyrirvarinn orðið a. m. k. 6 mán., en nú verður hann ekki nema 3—4 mán. Þetta getur komið mörgum mönnum bagalega. Það eru til menn, bæði hér í bænum og annarsstaðar, sem verzla aðallega með þessa vöru, og sumir því nær eingöngu. Í 2. málsgr. 1. gr. er talað um, að lög þessi taki ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef birgðirnar eru ekki að áliti tollstjóra meiri en svo, að það sé hæfilegur forði handa skipverjum. En ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 13. gr. Eftir 13. gr. skal á umbúðum allra tóbaksteg., er einkasalan flytur inn, annara en tóbaks til sauðfjárbaðana, letra: „Tóbakseinkasala ríkisins". Þá á m. ö. o. að letra á þá sígarettupakka, sem finnast í skipum, að

þeir heyri til Tóbakseinkasölu ríkisins. Ég veit ekki, hver hefir verið meiningin með þessu. Mér skilst, að 13. gr. eigi hér illa við, því að hún á auðsjáanlega eftir hugsun löggjafans við það tóbak eitt, sem löglega er flutt inn. Líklegra er hitt, að eigi að gera það upptækt eftir 15. gr., svo að það hefði verið nær sanni að vísa til 15. gr. heldur en til 13. gr.

Í 2. gr. segir, að tóbak það, sem ríkisstj. flytur inn samkv. 1. gr., selji hún kaupfél., öðrum verzlunarfél. eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Nú eru ýmsir aðrir menn, sem hafa tóbakssölu á hendi, þótt ekki teljist þeir til kaupfél., verzlunarfél. og kaupmanna; það eru t. d. allir, sem hafa opinberar veitingar með höndum. Eftir 2. gr. frv. mætti einkasalan ekki selja hótel- eða gistihúseigendum tóbak. Þeir yrðu að fara til smásala og fá það þar. Nú munu þessir menn hinsvegar ekki kaupa tóbak hjá smásölum, heldur beint af heildsölum.

Af því að þetta mál er rekið áfram með svo miklum hraða og mikilli frekju, gefst ekki n. né öðrum færi á að athuga það í ró og næði og lagfæra helztu smíðalýtin, sem á því eru. Það liggja þau ósköp á, að ekki má veita n. tóm til þess.

Eins og við var að búast, er í 3. gr. frv. ákveðið, að ríkissjóður leggi fram það fé, sem þarf til þess að reka þessa verzlun, og er ríkisstj. heimilað að taka það að láni. Mér hefir þó heyrzt eftir þeim sultarsöng, sem hljómað hefir í þessari d., m. a. við umr. um fjárl., að menn byggjust ekki við þeim fjáruppgripum í ríkissjóði næstu ár, að hann hafi mikið aflögu til þess. Um hitt er líka kunnugt, að lánstraustið er ekki meira en nauðsynlegt er til annara hluta, sem síður mega bíða. En einkasöluvinirnir geta ekki neitað sér um að binda fé ríkisins í þessu fyrirtæki, í stað þess að nota það til annara þarfari hluta.

Í 11. gr. segir, að tóbakseinkasalan skuli jafnan hafa nokkurn forða af tóbaki fyrirliggjandi í Reykjavík. Væri hér um frjálsa verzlun að ræða, þyrfti náttúrlega ekki að setja slíkt skilyrði, því að einstaklingar myndu hugsa fyrir þessu sjálfir. En hér þykir nauðsyn á slíku skilyrði. Það skín út úr þessu ákvæði vantrú sjálfra flm. og fylgismanna málsins á, að þetta sé gott fyrirtæki, því að þetta lýsir engu öðru en því, að þeir eru í sjálfu sér hræddir um, að vanrækt verði að hafa nægilegan forða af nægilega góðum og margbrotnum vörum.

Annars er það harla einkennilegt um þetta mál, sem í rauninni er mesta „princip"-mál og snertir mikið fjárhag og verzlun landsins, að engum af hv. framsóknarmönnum hefir ennþá þótt hlýða að taka til máls um það. Ég veit ekki, af hverju þetta stafar, hvort það er af því, að þeir knýja málið í rauninni fram með samvizkunnar mótmælum fyrir sína gömlu og nýju vini og félagsbræður, socialistana.

Ég get skilið, að meðan framsóknarmenn þurftu á socialistum að halda til þess að geta haldið sér við völd í landinu, hafi þeir gert ýmislegt fyrir þá, og jafnvel sumt nauðugir. En það er torskildara nú, eftir að framsóknarmenn, a. m. k. í Nd., eru orðnir sjálfum sér nógir, að þeir skuli vera svona einstaklega leiðitamir við socialista. Það er reyndar rétt, að stjórnarfl. stendur höllum fæti í hv. Ed. og þarf af þeirri ástæðu að koma sér vel við þann hv. landsk. þm., sem þar er úr flokki socialista, og er mælt, að þessi tóbakseinkasala sé nokkurskonar smurningsolía, sem er borin á þennan hv. þm. og flokk hans um leið, til þess að mál stj. verði ekki teppt í Ed. En annars eru sumir svo illgjarnir að halda, að það sé ekki þetta eingöngu, sem um er að tefla, heldur sé það nokkurskonar vélræði, sem framsóknarmenn eru að brugga socialistum. Þetta lítur dálítið einkennilega út, en þegar neðar er grafið, þá er það ekki svo óskynsamlegt. Eins og kunnugt er, hafa þessir tveir flokkar verið í samlögum um allt og elskazt mjög heitt, og af því hefir leitt, eftir því sem socialistar segja sjálfir, að framsóknarmenn hafa vanið undan þeim marga sauði úr hópnum og undir sig. Svo segja menn, að þetta sé áframhald af þeirri viðleitni Framsóknar, og sennilegt er, að þetta sé bragð hjá Framsóknarflokknum; því að hér eftir geta þeir sagt við almenna liðsmenn socialista: þið sjáið, að við rækjum ekki verri stefnu en foringjar ykkar, og það er því eins gott að gefa okkur atkv. ykkar. Ég gæti trúað, að þetta kæmi

einhverntíma fram í kosningabaráttu hér á landi. Þetta virðist því vera mjög skynsamleg veiðibrella hjá framsóknarmönnum, og framkoma þeirra verður varla nú skiljanleg frá öðru sjónarmiði.

Ég býst nú við, að margir muni verða fleiri, sem æskja að taka til máls um þetta stórmál, og ætla ég því ekki að sinni að tefja tímann meira, en það getur verið, að tækifæri verði til þess að tala meira um málið síðar.

Magnús Jónsson: Um meðferð þessa máls er brugðið frá venjum með því að taka það úr höndum n., áður en hún hefir getað lokið við að athuga málið og skila um það áliti. Þó hafði n. tekið málið fyrir og beinlínis komið sér saman um, hvenær hún ætlaði að ljúka áliti.

Ég get sagt, að það er meira fyrir siðasakir en af þörf til þess að ræða málið, að ég vil ógjarnan, að það fari gegnum þessa umr., án þess að segja fáein orð um það.

Þetta mál hefir oft verið fyrir þinginu og er mörgum orðið kunnugt. Það var fyrir fyrsta þinginu, sem ég sat á, og fyrsta ræðan, sem ég hélt hér á Alþ., mun einmitt hafa verið um tóbakseinkasölu, sem þá var verið í þann veginn að lögleiða. Meiri og minni umr. hafa orðið um málið á mörgum þingum, án þess að mikill árangur hafi orðið af því, þar til nú, að svo lítur út sem eigi að afgr. það, fyrst farið er að því með svo miklum ákafa.

Það væri ástæða til þess að fara dálítið út í alm. umr. um frv., en mér virtist hæstv. forseti vera nokkuð óþolinmóður við hv. þm. Vestm., af því að hann greip niður á öðrum málum til stuðnings ummælum sínum. En þess munu ýms dæmi, að vikið hafi verið átölulaust að fleiri málum en þeim, sem beint liggja fyrir. Einu sinni var t. d. einn hv. þm. að tala í Ed. í máli, og menn, sem komu inn í d., greindi mjög á, um hvað hann væri að tala. Sumir sögðu, að hann væri að tala um vegalögin, aðrir um kynbætur hrossa, þriðju sögðu, að hann væri áreiðanlega að tala um innflutningstoll af áfengi, hinir fjórðu, að það væri Menntaskólinn á Akureyri; en það var þá víst um útflutning á gráðaosti. Ég býst við, að það hafi verið fornar endurminningar frá Ed.-veru hv. þm. Vestm., sem ollu því, hafi hann seilzt víða um eftir dæmum.

Annars væri hægt að taka upp almennar umr. um málið þegar út frá 1. mgr. 1. gr. frv., því að þar er svo að orði komizt, að enginn nema ríkisstj. megi flytja inn nokkra teg. af tóbaki. Sú gr. gefur því tilefni til þess að ræða almennt um það, hvort heppilegt sé að taka upp einkasölu eða ekki.

Það eru aðallega tvö atriði, sem ég vildi athuga í þessu sambandi. Hið fyrra er, hvort þessi einkasala verði til þess að auka í raun og veru tekjur ríkissjóðs. Umr. hafa með réttu mjög oft snúizt um þetta atr. Af fylgismönnum þessa máls hefir því óspart verið haldið fram, að það myndi auka tekjur ríkissjóðs, og að þeir, sem urðu til þess, að tóbakseinkasalan var afnumin 1926, hafi kastað hundruðum þúsunda úr ríkissjóði og hent því til kaupmanna. Aftur á móti höfum við, sem erum andstæðingar þessa máls, haldið hinu fram, og sýnt það í tölum, bæði í ræðum og á prenti, að þetta er alls ekki rétt.

Um þetta mátti náttúrlega deila, meðan ekki var full reynsla fengin um það. En það er óneitanlega dálítið hart, að eftir að komin er skýr reynsla fyrir þessu og hægt er að bera saman tekjur ríkissjóðs af tóbakstolli áður en einkasalan komst á, tekjur af tolli og verzlunarágóða meðan einkasalan starfaði, og tekjur af tollinum um mörg ár eftir að hún var afnumin, og sýna fram á, að tekjurnar í tíð einkasölunnar voru rýrari en bæði á undan og eftir, án þess að verð eða vörugæði hafi breytzt til hins verra, — þá skuli samt sem áður þurfa um þetta að deila.

Það er kannske af fyrirlitningu meiri hl. fyrir minni hl., að hann hefir ekki reynt að sýna fram á með nokkrum röksemdum, að tóbakseinkasalan verði til þess, að meiri tekjur fáist í ríkissjóð. Tölur þær, sem komið hafa fram áður, og sem hv. 1. landsk. lagði fram í nál. sínu í Ed., hefir eftir því sem ég bezt veit enginn maður reynt að hrekja. Þar er sýnt fram á, að á árunum 1919—'21 nam tollur af tóbaki að meðaltali 584

þús., og þó var eitt af þeim árum, árið 1921, ákaflega tekjurýrt í þeim efnum. Síðan kemur meðaltalið af einkasöluárunum, sem var 481 þús. kr., af tolli, sem sýnir, að mjög hafði kippt úr innflutningi á tóbaki á þessum árum. Aftur á móti varð tollur og verzlunarágóði samanlagt meiri á þessum árum en tollurinn einn hafði áður verið. Það stafaði þó ekki af því, að fyrirkomulagið væri heppilegra, heldur af aukning á þessum lið yfirleitt, eins og sést af því, að meðaltalið síðan einkasalan var afnumin hefir verið töluvert miklu hærra af tolli einum saman heldur en bæði af tolli og verzlunarágóða á einkasöluárunum. Það stafaði meðfram af því, að tollurinn var hækkaður nokkuð, þegar einkasalan var afnumin, og nú er ætlazt til, að hann haldist jafnhár, ef einkasalan verður tekin upp aftur. Í þessu sambandi má benda á, að hér er komin nokkurskonar svikamylla, þar sem tollurinn er hækkaður, þegar einkasalan er afnumin, til þess að vera viss um að ná tekjunum upp, en síðan er einkasala sett á aftur, án þess að færa tollinn í samt lag.

Með þessum röksemdum er því algerlega slegin niður sú ástæða, að hægt sé að ná nýjum tekjum í ríkissjóð með því að innleiða einkasölu. Enda er öllum augljóst, að ef ríkið vill fá meiri tekjur af tóbaki, þá er hægurinn hjá að hækka bara tollinn, ef menn þá álíta það óhætt, án þess að hvetja menn of mikið til óleyfilegrar sölu.

Þessar röksemdir mínar eiga við einkasölur og frjálsa verzlun að því er snertir tekjur í ríkissjóð almennt. En svo koma þær sérstöku ástæður, sem eiga við um næstu ár, ef tóbakseinkasala verður nú sett á. Það eru tvær ástæður, sem koma þar til og gera það að verkum, að ríkið afsalar sér til almennra afnota talsvert miklu fé. Fyrst er það, sem mjög er eðlilegt og skýrslur sýna, að innflutningur minnkar mikið fyrst eftir að einkasala er sett á. Það stafar bæði af því, að einn heildsali getur komizt af með minni birgðir en fleiri, og hinu, skeytingarleysinu, sem einkennir alltaf einkasölur, um að vera vel birgar af vörum þeim, sem menn gera kröfur til að fá. Það er önnur hlið hverrar einkasölu, að hún getur sagt eins og kerlingin: „Það skal í hann“. Hún þarf ekki að hafa fjölbreyttar vörur, hún getur skapað og skammtað eins og hún vill. Hún veit, að þörf manna og krafa til þess að fá þessar vörur er svo mikil, að þær ganga út, þótt ekki séu þær nákvæmlega eins og menn helzt óska, svo framarlega sem menn vilja ekki fara óleyfilegar leiðir til þess að ná í þær.

Af þessu leiðir, að innflutningur hlýtur óhjákvæmilega að minnka mjög mikið fyrst eftir stofnun einkasölunnar, og þar af leiðandi rýrna tekjur ríkissjóðs af þessum tekjustofni a. m. k. á árinu 1932, og sjálfsagt áframhaldandi, eins og reynslan sýndi á fyrri einkasöluárunum.

Svo koma ákvæði 14. gr., sem ég vildi einnig minnast á, um að helmingurinn af tekjum einkasölunnar skuli renna til ákveðinnar notkunar, sem náttúrlega gerir það að verkum, að hinn helmingurinn verður aldrei annað en lítill partur af því, sem ríkið mundi hafa til almennrar ráðstöfunar með því aðeins að halda tollinum óbreyttum. En þessi grein er mjög óskýr, og ég býst við, að ef á að samþ. frv., þá muni þurfa að gera ákvæði hennar skýrari. Ég get fyrir mitt leyti alls ekki komizt að því með vissu, við hvað er átt með henni. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa þessa grein upp:

„Tekjum ríkissjóðs samkv. lögum þessum skal verja þannig:

„Helmingur teknanna skal renna til byggingarsjóða samkv. l. nr. 45 1929, um verkamannabústaði, og skiptist sá helmingur milli byggingarsjóðanna að tiltölu við ríkissjóðstillagið til þeirra. Hinn helmingurinn rennur til byggingar- og landnámssjóðs samkv. l. nr. 35 1928“.

Þegar ég las þessa grein fyrst, leit ég svo á, að með þessu væri aðeins átt við það, að þessum tekjum skyldi sérstaklega varið til þess að uppfylla þau skilyrði þessara tvennu laga, sem gerð eru um fjárframlög úr ríkissjóði, þótt annars sýnist vera tiltölulega tilgangslaust að taka frá ákveðna tekjustofna og segja, að þeir skuli renna til þessa eða hins. En við nánari athugun kemur í ljós, að tekjurnar eiga að renna til þessara stofnana auk þess, sem veitt er til þeirra sam-

kv. öðrum lögum, því það væri óeðlilegt orðalag að segja, að helming teknanna skyldi varið til stofnunar, sem lögum samkv. á að fá ákveðna upphæð úr ríkissjóði á ári, þar sem helmingur teknanna getur verið mismunandi há upphæð frá ári til árs. Það er tekið fram um annan liðinn, að sá helmingur skuli skiptast milli byggingarsjóða verkamannabústaðanna að tiltölu við ríkissjóðstillagið til þeirra. Þetta þyrfti ekki að taka fram, ef þetta væri ekki styrkur til byggingarsjóðanna fram yfir það, sem þeim ber lögum samkv. Það er því dálítið einkennilegt orðalag, þegar segir í 14. gr. frv., að þessar tekjur skuli renna til byggingarsjóða „samkv. l. nr. 45 1929 um verkamannabústaði" og „til byggingar- og landnámssjóðs samkv. l. nr. 35 1928", því í hvorugum þessara laga er gert ráð fyrir þessum tekjum.

Ég vil skjóta þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvað hann hyggst fyrir þegar ég hefi lokið máli mínu, því að deildin er nú ekki ályktunarfær. (**Forseti:** Ég mun segja til þess þegar hv. þm. hefir lokið máli sínu. — Forseti hringir). Ég var ekki að biðja hæstv. forseta að hringja. Þessir hv. þm., sem nú eru fjarverandi, eru það sjálfsagt vegna æðri skipunar. Þeir eru líka sumir hverjir að búa sig til heimferðar og þurfa því að kaupa í nestið og eitthvað handa krökkunum. Ég vil því alls ekki vera að gera þeim það ónæði, að hæstv. forseti hringi á þá.

Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál úr þessu. Mun skeika að því, sem ákveðið er á hæstu stöðum um það, og þýðir ekki í móti að mæla. Veldur því hið fasta taumhald hinna fornu bandalagsmanna, stjórnarflokksins og jafnaðarmanna. Þó er það enn eitt atriði, sem ég ætlaði að minnast á hér í þessu sambandi.

Í hv. Ed. var felld till. þess efnis, að þeir, sem störfuðu við þessa verzlun, mættu ekki taka ómakslaun af firmum þeim, sem skipta við einkasöluna. Hv. 3. þm. Reykv., sem nú er ekki viðstaddur, afsakaði sig á alla lund um hina fyrri einkasölu og sagði, að þar hefðu engin ómakslaun verið tekin. Þessu til sönnunar sagði hann, að hann og Magnús heitinn Kristjánsson hefðu ekki viljað verzla við þau firmu, sem höfðu umboðsmenn hér á landi til þess að umboðslaunin skyldu öll lenda hjá einkasölunni. Ég ætla ekki að bera þær sakir á þá, er störfuðu við hina fyrri einkasölu, að þeir hafi tekið nein óleyfileg umboðslaun, enda hefði það verið glæpsamlegt af mönnum í þeirra stöðum, en það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, er engin sönnun í þessu efni. Menn þekkja söguna um strákinn, sem fékk mömmu sína til þess að banna systkinum sínum að drepa flugur, til þess að hann gæti gert það sjálfur. Eins má benda á það, að ekki er ómögulegt nema forstjórar slíkra fyrirtækja vildu beina viðskiptum sínum til þeirra firmna, sem þeir eru sjálfir umboðsmenn fyrir. Án þess að ég vilji beina neinum slíkum aðdróttunum til þeirra, sem mælt hafa hér með þessu gamla einokunarfyrirkomulagi, vil ég aðeins benda á, hvílík hætta liggur í þessu einokunarbrölti, og hver freisting er lögð fyrir þá, sem hafa góða aðstöðu við einkasölufyrirtæki. Það er næstum ótakmarkað vald, sem þeir hafa til þess að afla sér peninga. Þeir geta sagt við hvert firma, að þeir verzli ekki við það, nema þeir fái slík ómakslaun. En ég vil ekki, að einokunin leggi slíka freistingu fyrir þá. Og það, sem verst er, er það, að ef beitt er óleyfilegri aðferð til þess að afla sér fjár á þennan hátt, kemst það ekki upp við neina endurskoðun. Það er ekki eins og þegar um kostnaðarsaman rekstur er að ræða, t. d. þegar forstjóri kaupir sér bíl, það er undir gagnrýni endurskoðenda. En þessi óleyfilegu umboðslaun koma hvergi fram, nema eitthvert sérstakt atvik leiði það í ljós. Þetta er það, sem ég álít varhugaverðast við slíka einkasölu, og mér finnst það glannaleg og einkennileg aðferð hjá þeim, sem berjast fyrir því, að slíkt fyrirkomulag komist á, að þeir skuli fella það, að slík misbeiting valds varði við lög. En þetta er ekki nema einn gallinn á þessu fyrirtækjabrölti hins opinbera. Annar gallinn er sá, að með þessu öðlast ríkið ráð yfir ýmsum föstum bitum, en þau völd geta orðið viðsjárverð í höndum sumra manna.

Ég skal ekki fjölyrða meir um þetta,

en aðeins geta þess, að mér finnst það koma nokkuð einkennilega heim hvað við annað að vilja nú taka þessar tekjur frá þörfum ríkissjóðs og ráðstafa þeim til sérstakra hluta, en á sama tíma ber stjórnarflokkurinn sér á brjóst og kvartar undan því, hve erfitt það sé að fá ríkistekjurnar til þess að mæta þörfum komandi ára.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 : 8 atkv.
2.—17. gr. samþ. með 15 : 7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 8 atkv.

Á 35. fundi í Nd., 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 287, 395).

Magnús Jónsson: Ég kann ekki við annað en fara nokkrum orðum um brtt. mínar á þskj. 395. Þrjár fyrstu brtt. eru í raun og veru ein og sama till., þ. e. a. s. þær fara allar fram á það sama, að þær framkvæmdir, sem hér ræðir um, bann allra annara en ríkisins að fara með tóbakssölu, verði frestað um eitt ár, frá því er fyrirmæli frv. nú segja fyrir. Því var hreyft við 2. umr., að ósanngjarnt væri að smella einkasölunni á jafnfljótt og frv. gerir ráð fyrir, og er ég á því líka. Þetta atr. var þó lítið rætt, því að umr. snerust þá aðallega með og móti málinu sem heild. Og ég ber ekki þessa brtt. fram, af því að ég sé orðinn hlynntur einkasölu. En það varð bert við atkvgr. þessa máls við 2. umr., að stjórnarflokkurinn og socialistar ætla sér í sameiningu að koma því í gegn. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að þegar gripið er svona inn í atvinnulíf þjóðarinnar, kemur það þeim bagalega, sem verða fyrir barðinu á ríkisvaldinu. En þessum hv. þm. er e. t. v. ósárt um það, þótt kaupmenn bíði nokkurn halla. Það virðist vera móðins núna að sjá ekki aumur á þeirri stétt. En um þá er það að segja, að þeir reka atvinnu sína á löghelgaðan hátt, alveg eins og hverjir aðrir, og hið opinbera hefir engan rétt til þess að vaða inn á atvinnusvið þeirra, sé þess ekki brýn þörf. Og hér get ég ekki séð, að nokkur þörf liggi á bak við. Ég býst þess vegna ekki við því, að þetta sé mönnum svo mikið sáluhjálparatr., að framkvæmd þess mætti ekki fresta um eitt ár, en þá stæðu kaupmenn þeir, sem með þessa vöru verzla, ólíkt betur að vígi. Ég býst ekki við, að nein hætta gæti af því stafað, þó lögleitt yrði, að þessum framkvæmdum skyldi frestað um eitt ár; ég álít rétt og sjálfsagt að láta menn vita þetta nokkuð löngu fyrirfram, svo menn geti breytt atvinnurekstri sínum eftir því. Aftur á móti er svo rammbyggilega um búið í l. um birgðir, sem fyrir hendi eru þegar tóbakseinkasalan byrjar, að lítil hætta er á því, að kaupmenn fari að flytja inn miklar birgðir í millitíðinni, því að það er samkv. l. algerlega á valdi stj., hvernig fer með þær birgðir. Ég held, að það yrðu talsvert minni birgðir fyrirliggjandi, ef kaupmenn gætu búið sig vel undir þessa breyt. Enda væri það örðugra fyrir einkasöluna að byrja, ef miklar birgðir væru til í landinu. Það væri auðvitað æskilegast, að þær væru sem allra minnstar. Þetta er önnur aðalástæðan, sem ég færi fyrir þessari brtt. En svo er hin ástæðan sízt veigaminni. Reynslan hefir sýnt það, að fyrsta árið, sem einkasalan starfar, dregur úr tekjum ríkissjóðs af þessari vöruteg., og nú er fyrirsjáanlegt, að ríkissjóður má afarilla við því að missa nokkrar tekjur árið 1932. Yfirstandandi ár hefir verið mjög erfitt og mun hafa mikil áhrif á fjárhaginn, svo að ríkissjóður má illa við nokkurri tekjurýrnun. Ef menn vilja endilega fá þessa tekjurýrnun yfir sig, væri þó skynsamlegra að láta hana skella á ári, sem ekki er fyrirfram vitað um, að verður mjög erfitt í fjárhagslegu tilliti. Þá mætti líka taka tillit til þessarar rýrnunar í fjárl. Nú er í fjárl. fyrir 1932 gert ráð fyrir fullkomnum tóbakstekjum, eins og þær hafa verið undanfarin ár, en svo á hálfur ágóðinn af einkasölunni þetta sama ár að fara til ákveðinna sjóða, byggingarsjóðs verkamanna og byggingar- og landnámssjóðs.

4. brtt. er annars efnis. Hún miðar að því að reyna að koma í veg fyrir einn ókost, sem alltaf loðir við einkasölur og það er, hvað þeim hættir til þess að hafa litlar og vondar birgðir. Í 11. gr. er einkasölunni blátt áfram gefið undir fót-

inn með það að hafa litlar og ónógar birgðir, en þar er þó gert ráð fyrir því, að hún muni alltaf neyðast til þess að hafa eitthvað dálítið fyrirliggjandi. En tóbakseinkasalan verður að hafa miklar birgðir, og þær svo sæmilegar, að verzlunin geti almennilega haft alla tóbaksumsetningu landsins á hendi, því að mér hefir skilizt það á hv. flm., að þetta ætti ekki að vera neitt tóbaksbindindisfrv., heldur til þess að ná tekjum í ríkissjóð. Og þá er fyrsta skilyrðið, að verzlunin sé sæmilega rekin. Og mér finnst ekki rétt að gefa strax undir fótinn með það, að verzlunin hafi aðeins litlar og ónógar vörur. Að svo mæltu ætla ég ekki að lengja umr. meir að sinni.

Jóhann Jósefsson: Við 2. umr. þessa máls átti ég orðaskipti við hv. 3. þm. Reykv. m. a. um tóbakseinkasöluna, en ég var kallaður frá, svo ég gat ekki gert aths. við ræðu hans þá.

Það er útlit fyrir, að það, sem ég sagði þá, hafi komið nokkuð ónotalega við kaun jafnaðarmanna, því að nú er farið að elta kjördæmi mitt með rógi í Alþýðublaðinu. Er þar fluttur sami boðskapur og Tíminn hefir verið að gæða lesendum sínum á öðru hvoru, að Vestmannaeyingar séu á hausnum fjárhagslega o. s. frv. Tíminn hóf þessa rógsherferð sína gegn kjördæmi mínu eftir að við hv. 2. þm. Reykv. og ég fluttum till. um fjárframlag til atvinnubóta í kaupstöðum. Nú siglir Alþýðublaðið í kjölfar Tímans að því er virðist, af því að ég hefi risið gegn tóbakseinkasölunni. Ég get þessa til að benda á, hve heiðarlegar bardagaaðferðir þessara blaða eru og þeirra manna, sem að þeim standa.

Það er áreiðanlega ekki ráð gegn kreppunni og atvinnuleysinu, að vissir kaupstaðir séu lagðir í einelti með rógi um fjárhag þeirra. Og sízt situr það á jafnaðarmönnum, sem þykjast bera það fólk fyrir brjósti, sem kreppan kemur harðast niður á. Ekkert er eins vel til fallið að hnekkja lánstrausti hvers byggðarlags eins og það, að breiða út þann orðróm, að fjárhagur þess sé slæmur. Annars er sannleikurinn sá, að Vestmannaeyjar eru ekki verr settar fjárhagslega en aðrir kaupstaðir landsins. Bæjarvinna þar hefir verið hlutfallslega meiri í sumar heldur en í Reykjavík. Ég vil nota þetta tækifæri til að mótmæla þessum rógi og benda þm. Framsóknar- og Jafnaðarmannaflokksins á, hvílík skemmdarverk blöð þeirra eru að vinna.

Hv. 3. þm. Reykv. var hinn snúðugasti í umr. og sagði, að hér væri hvorki um „spekulationir“ né hrossakaup að ræða, heldur vekti það fyrir forvígismönnum tóbakseinkasölunnar, að afla fjár í byggingar- og landnámssjóð og til verkamannabústaða. En það er fyrst nú á þessu þingi, að sú hugmynd hefir komið fram, að arðurinn af tóbakseinkasölunni rynni í þessa staði, en hinsvegar hefir þessi hv. þm. barizt fyrir því þing eftir þing, að ríkið tæki birgðir tóbaksverzlunar hans á sig. Til hvers átti þá að koma einkasölunni á? Hann sagði 1928, að tóbakseinkasalan ætti að gera tvennt, að spara mannahald við tóbaksverzlunina í landinu og gefa ríkissjóði auknar tekjur. Nú hefir verið sýnt fram á það með óyggjandi rökum í nál. minni hl., að tekjur ríkissjóðs af tóbaksverzluninni hafa verið meiri í frjálsri verzlun en einkasölu. Meðan ríkið hafði tóbakseinokun árin 1922—25 var meðaltollur og verzlunarhagnaður um 750 þús. á ári; þar frá dregst svo rekstrarkostnaður, sem var hátt á annað hundrað þús. kr. á ári. En frá 1926 til 1929, tímabilið, sem verzlunin hefir verið frjáls, hefir ríkissjóður haft 1141 þús. kr. í tekjur af verzluninni að meðaltali. Þessu hefir meiri hl. ekki gert minnstu tilraun til að hnekkja. Gott dæmi upp á athugun þá, sem þetta mál hefir fengið hjá fylgismönnum einkasölunnar, er nál. meiri hl. í Ed., þar sem engar tölur eru tilgreindar, heldur aðeins lýst yfir því í fjórum línum, að „meiri hl. telji heppilegt, að ríkið reki þessa verzlun“. Hinsvegar hefir minni hl. fært óhrekjandi rök fyrir því, að þessi ráðstöfun muni stórskaða ríkissjóðinn.

Hv. 3. þm. Reykv. hefir orðið skrafdrjúgt um atvinnuleysi á þessu þingi, og skal ég ekki lá honum það. 1928 hélt hann því fram, að fjórum sinnum fleiri menn ynnu að tóbaksverzlun hér á landi en þyrfti, ef einkasalan væri tekin upp. Honum var þá bent á af hv. 4. þm. Reykv., að þetta væri í sjálfu sér ekkert at-

hugavert, ef varan gæfi samt sem áður hærri tekjur í ríkissjóð og væri ódýrari en í einkasölu. Hafi þetta verið rétt hjá þessum hv. þm. 1928, þá hlýtur afleiðingin af tóbakseinkasölunni nú að verða sú, að þessir menn bætist í atvinnuleysingjahópinn. Auk þess missa hér bæir og kauptún tekjustofn til útsvarsálagningar, og um leið er dregið úr þeim möguleika, að hægt verði að leggja fé fram til atvinnubóta. Þetta eru bjargráð hv. 3. þm. Reykv. í atvinnuleysinu.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ég og mínir líkar afgreiddu málin hér á þingi með eigin hagsmuni fyrir augum. Eftir að hann var búinn að gefa skýrslu um, hvað hann ætti í Tóbaksverzlun Ísl., sem var raunar óþarfi, af því að enginn var að spyrja hann um það, og lýsa yfir því að hún væri gróðafyrirtæki, sagði hann, að það væri ekki fjárhagslegt atr. fyrir eigendur verzlunarinnar, hvort tóbakseinkasala yrði lögfest eða ekki. Ég veit ekki, hvað hv. þm. á við með þessu. Annaðhvort er auðvald þessara manna svo sterkt, að þá munar ekki um gróðann af tóbaksverzluninni, eða átti hann við það, að séð muni verða um, að hagsmunir þeirra verði ekki fyrir borð bornir? Hin síðari tilgáta kemur ágætlega heim við það, að felld var till. í Ed., sem gekk í þá átt að banna væntanlegum starfsmönnum verzlunarinnar að taka við umboðslaunum. Þetta gæti gefið skýringu á því, að hv. þm. segir, að það sé ekki fjárhagslegt atr. fyrir sig, þótt tóbaksverzlun hans sjálfs verði að þoka fyrir einkasölunni.

Hv. þm. var forstjóri eða mjög nálægt því að vera það í landsverzluninni gömlu, og þegar hún var lögð niður, eignaðist hv. þm. öll sambönd hennar í tóbaki. Gæti svo farið, þegar þessi nýja tóbakseinkasala yrði lögð niður, að honum hefði tekizt að bæta þeim firmum við sig, sem hann hefir ekki náð ennþá.

Hv. þm. vildi ekki heyra nefnt, að banna ætti með lögum að taka umboðslaun. Hinsvegar nefndi hann einhverja embættismenn hér í bænum, er gerðu það. Ef það er satt, að ósiður þessi eigi sér stað, er því meiri ástæða til að leggja lögbann við því. Við hinu verður ekki gert, þótt útlend firmu borgi umboðsmönnum sínum hér umboðslaun, enda ekkert við því að segja. Hitt er ósómi, að opinberir starfsmenn taki umboðslaun af þeim viðskiptum, sem þeir annast. En þetta hafa framsóknar- og jafnaðarmenn alls ekki viljað fyrirbyggja.

Verði tóbakseinkasala sett á stofn, verður hún að kaupa tóbaksbirgðir þær, sem til eru í landinu um áramót, og því auðvitað fyrst og fremst birgðir Tóbaksverzlunar Íslands og e. t. v. skuldir líka. Það getur verið, að hv. 3. þm. Reykv. finnist þetta ekki fjárhagslegt atriði, en óneitanlega er þægilegt fyrir þá, sem liggja með mikið af gömlum og misjöfnum birgðum að geta selt þær í einu lagi, og það ekki lakari kaupanda en ríkinu. Ef þetta er ekki fjárhagslegt atriði fyrir eigendur Tóbaksverzlunar Íslands, þá eru þeir meiri „matadorar" en almenning grunar.

Það hefir verið sannað í umr., og reynslan hefir sýnt það, að frjáls verzlun hefir gefið ríkissjóði aukinn arð og gert tóbakið ódýrara og betra. En af afskiptum jafnaðar- og framsóknarmanna hefir leitt minni tekjur fyrir ríkissjóð og dýrara tóbak. Síðan þetta mál fékk byr undir báða vængi hjá Framsókn, hefir dregið allan andstöðumóð úr socialistum. Þeir voru stundum áður með þjóst við stjórnina, en nú leggur frá þeim blíðan andvara þegar þeir tala til hennar, eins og mátti heyra í dag, þegar stjórnin tók sæti, og ekki síður, þegar þessi merkilega fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. um skeytasendingar milli konungs og forsrh. kom fram. Það fer ekki illa á því, að tvö innsigli séu sett á hinn nýja bræðrasamning socialista og Framsóknar, sama dag og Jónas Jónsson sezt aftur í ráðherrastólinn. Annað er innleiðsla tóbakseinkasölunnar og hitt það, að fulltrúi jafnaðarmanna í Ed. gengur á mála hjá stjórninni til að hjálpa henni að bjarga tveim þýðingarmiklum frv., sem annars hefðu fallið, fjáraukalögunum og landsreikningnum fyrir 1929. Það er ekki furða, þótt hæstv. forsrh. brosi í kampinn. Framsókn hefir unnið mikinn sigur. Þeir hinir sömu menn, er hafa verið að belgja sig undanfarið og heimta að vita, hvenær stjórnin kæmi, nefnilega þingmenn jafnaðarmanna, (JAJ: Til að

þeir vissu, hverjum þeir ættu að selja sig) hafa nú hlaupið frá allri andstöðu við þessa stj., sem þeir þykjast þó vera á móti. Tóbakið er m. a. nóg til að lækka rostann í þessum „andstæðingum" stjórnarinnar. Það er ekki furða, þótt hæstv. forsrh. kými að svona stjórnarandstæðingum, sem alltaf eru falir fyrir fríðindi þau, er valdhafarnir vilja láta þeim í skaut falla.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Það er auðsætt á öllu, að hér er að hefjast sama verzlunin og áður milli Framsóknar og socialista. Þeim hefir auðsjáanlega verið farið að kólna eftir fjögra mánaða útivist frá pilsfaldi Framsóknar og því orðið fegnir að skríða undir hann aftur. Fyrirspurnir þeirra um stjórnarmyndun stöfuðu af því einu, að þeir vildu fá að vita, við hvaða stjórn þeir ættu að verzla með sig. Undir eins og stjórnin er mynduð, selja þeir henni allt, sem seljanlegt er. Þeir höfðu lýst yfir því, að þeir greiddu atkv. á móti fjárl., fjáraukal. og landsreikningi. En þegar þeir sjá landsreikninginn 1929, þetta eindæma plagg, kyssa þeir bara á skjalið í auðmýkt og velþóknun. Ég ætla að vona, að stjórnarflokkurinn verði ekki svo lítilþægur að þiggja stuðning þessara manna, nema þegar mikið liggur við, því að þeir hafa sýnt, að þeir eru ávallt falir fyrir lítið.

Um málið sjálft þarf ég ekki að tala að þessu sinni. Það er búið að margsanna, að einkasalan hefir í för með sér minni tekjur fyrir ríkissjóð og dýrari og verri vöru. En jafnaðarmenn fá kannske einhverjar glefsur fyrir það að láta af hendi réttindi borgaranna með samþykkt landsreikningsins og fjáraukalaganna.

Héðinn Valdimarsson: Hv. þm. Vestm. og hv. þm. N.-Ísf. hafa verið að senda mér og flokki mínum hnútur fyrir að við værum að ganga í bandalag við Framsókn. Mér finnst því ekki ótilhlýðilegt að rifja upp, hvernig Íhaldið hefir hagað sér á þessu þingi.

Fjvn. beggja deilda hafa skilað einróma áliti um fjárlögin 1932, þrátt fyrir loforð þm. Íhaldsflokksins um að fella fjárlögin. Íhaldsflokkurinn fékkst ekki til að fella verðtollinn, af ótta við að það gengi yfir pyngju manna sinna. Þetta er að vísu ekki óeðlilegt, þegar þess er gætt, að þeir eiga einn ráðherrann eftir samkomulagi milli þessara flokka. (**JJós:** Hver er það?). Það er hv. þm. V.-Ísf., núv. fjmrh.

Það, sem þeir belgja sig yfir nú, er, að við Alþýðuflokksmenn ætlum að hleypa fjáraukalagafrv. 1929 í gegn, eftir að þeir eru búnir að samþ. fjáraukalög fyrir 1930, þar sem um er að ræða margfallt stærri upphæðir. Hitt er vitað, að þeir ætluðu að nota aðstöðu sína til verzlunar, ef form. Alþýðuflokksins hefði greitt atkv. á móti frv., en ég sé ekki, að alþýðu þessa lands sé gert neitt gagn með slíku. Þótt það sé vitað, að meðal þessara hv. þm. séu ýmsir hneigðir til kaupskapar, þá er hitt eins víst, að við Alþýðuflokksmenn gerum ekki leik að því að útvega þeim aðstöðu til slíks.

Magnús Jónsson: Þegar hv. 3. þm. Reykv. var að tala um að rifja upp framkomu okkar sjálfstæðismanna á þessu þingi, þá þótti mér sem maður í glerhúsi tæki að kasta grjóti, því að ef rifjuð væri upp framkoma jafnaðarmannanna nú, þá mundi það þykja sannkallaður skemmtilestur. Nú er hvorki stund né staður til slíks, en vel getur svo farið, að þetta verði gert síðar, þannig að þjóðinni gefist kostur á að kynna sér framkomu þessara hv. þm.

Mér dettur í hug sagan í Sturlungu, sem mig minnir að sé eitthvað á þessa leið: Sighvatur kom í Reykholt til Snorra, og þá sagði Sighvatur, sem var gamansamur mjög, svo frá, að Snorri hefði gengið um gólf, með öxi, mjög hvassa, reidda um öxl, „en þá tók ég hein upp úr pússi mínum og reið á eggina og hún hló við mér".

Líkt er því farið með hv. jafnaðarmenn. Í fyrstu létust þeir vera harðvítugir stjórnarandstæðingar og ásökuðu þá okkur fyrir ónóga stjórnarandstöðu. En stjórnin sýnist nú hafa heldur en ekki sorfið sárustu eggina af þeim, því að nú hlægja þeir við Framsókn. Og svo endaði þessi skrípaleikur með píslargöngu hv. 2. landsk. í Ed.

Ég minnist ekki að hafa séð nokkurn

þingmann í aumlegri aðstöðu en hann. Hann hélt ræðu og tvísté mikið, en neitaði svo að greiða atkv. um þetta mikilvæga mál, og forseti úrskurðaði, að hann væri ekki atkvæðisbær. Svona gekk það við hverja grein, þangað til hv. 1. þm. Reykv. stakk upp á því, að þetta væri borið undir deildina, hvort hann væri atkvæðisbær eða ekki, því að þá væri andlegum veikleika um að kenna, en engu öðru. Þetta varð hv. þm. að þola, enda kvað hann fá góða bita að launum.

Bergur Jónsson: Ég ætla ekki að tala almennt um þetta mál, en það var eitt atr. í ræðu hv. þm. Vestm., sem mig langaði til að minnast á.

Hv. þm. var að ásaka meiri hl. fyrir að fella till. hv. 1. landsk. viðvíkjandi því, að starfsmenn slíkra verzlunarfyrirtækja, sem hér um ræðir, megi ekki taka við umboðslaunum. Ég sé ekki ástæðu til að banna þetta frekar í þessu frv. en öðrum slíkum, enda má gera ráð fyrir, að starfsmenn þeir, sem að þessu verða ráðnir, séu heiðarlegir menn, en sé annars þörf á að banna þetta sérstaklega með lögum, þá á slíkt ákvæði að vera sett almennt; annars yrði sama uppi á teningnum og ef ætti að breyta hegningarlögunum þannig, að í stað þess, að nú gilda ákvæðin almennt, t. d. um þjófnað og svik, ætti að telja upp þá, sem ekki mega gera sig seka í slíku. Hin leiðin hefir verið valin eins og í Mósesarlögum, að segja almennt, þú skalt ekki stela.

Þetta er svo einfalt atriði, að maður skyldi ætla, að ekki þyrfti að kenna hv. þm. það, en þótt honum hafi ekki verið þetta ljóst, vænti ég, að hann skilji það nú.

Jóhann Jósefsson: Hv. þm. Barð. og yfirvald hefir látið sitt lögfræðilega ljós skína og sagt, að ekki þyrfti að taka það fram, að starfsmenn slíkra fyrirtækja sem þessara mættu ekki taka við umboðslaunum, en hann verður að gá að því, að slík verzlun sem þessi felur í sér mikla freistingu í þessa átt, ef það orð má nefna í viðurvist hv. þm. Þessum mönnum er miklu hættara við að taka umboðslaun, sem oft og einatt er beint þrengt upp á þá, en sýslumönnum eða prestum. (**BJ:** Prestum?). Já, mér datt það í hug, sökum þess að guðsmaðurinn hér á horninu (SvbH) var eitthvað að muldra í barm sinn.

Annars verð ég að segja, að andinn í þessari ræðu hv. þm. minnti mig á þá fyrstu ræðu, er hann hélt hér og sagði, að hann hefði ekki þurft á neinni fölsun að halda við kosningarnar, sökum þess að kosning sín hefði verið svo viss.

Bergur Jónsson: Mig furðar ekkert á því, að hv. þm. Vestm. þurfti að fara í smiðju til hv. þm. G.-K. og notaði gamla útúrsnúninga frá honum til þess að svara mér. Sá hv. þm. sagði á þingsetningardaginn, að ég hefði sagt í minni fyrstu þingræðu, að ég hefði ekki „beitt fölsun við kosningar, af því að ég hefði ekki þurft á því að halda". Sannleikurinn er sá, að ég tók um leið fram, að til þess hefði ég heldur enga löngun haft. (**ÓTh:** Ég hefi ekkert lagt til þessara mál). Nei, ekki núna, en það voru útúrsnúningar hv. þm. frá þingsetningardeginum, sem flokksbróðir hans var nú að slá um sig með.

Hv. þm. talaði um freistingu í þessu sambandi, en ég geri ráð fyrir, að um slíkt verði ekki frekar að ræða við tóbakseinkasöluna en t. d. vínverzlun ríkisins og aðrar stofnanir, sem líkt stendur á um, því að gera má ráð fyrir, að hin erlendu verzlunarhús bjóði umboðslaun, hvaða vara sem í hlut á, hvort sem það er tóbak, vín, byggingarefni eða annað. Ég vildi aðeins benda á, hversu óviturleg lagasetningaraðferð það væri að setja lög þannig um einstakar stofnanir, í stað þess að setja almenn ákvæði, sem af sjálfu sér næðu þá til allra hlutaðeigenda.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Hv. 3. þm. Reykv. sannaði, að þá jafnaðarmenn klæjar ennþá eftir sambúðina við Framsóknarflokkinn, enda er það ekkert að undra, því að svo mikill, ég vil ekki segja kláði, heldur óværð, féll þá á þá, að þeir misstu marga af sínum kjósendum. Þess vegna er það ekki heldur að undra, þótt þeir reyni nú að koma þessari óværð á okkur, þegar þeir eru búnir að búa svo lengi í einni sæng með Framsókn, en

þeim verður ekki kápan úr því klæðinu, því að þjóðin er nú farin að þekkja þá nokkuð.

Hv. þm. Barð. upplýsti deildina um það, að það lægi hegning við að stela. En mætti ég þá spyrja hann að því, hvort það sé ekki einnig hegningarvert að taka ófrjálsri hendi fé úr ríkissjóðnum, og það í eins ríkum mæli og hæstv. stj. hefir gert undanfarið. (**BJ:** Hvað er ófrjáls hönd? **ÓTh:** Hönd dómsmálaráðherrans. **BJ:** En hönd hv. þm. G.-K.?).

ATKVGR.

Brtt. 395,1—3 felld með 14 : 9 atkv.
— 395,4 felld með 14 : 8 atkv.

Frv. samþ. með 14 : 8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 430).

39. Útsvör (gjalddagar o. fl.).

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um innheimtu útsvara í Reykjavík (þmfrv., A. 62).

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Guðmundsson: Þótt ég sé ekki riðinn við þetta frv., vildi ég samt nota tækifærið til þess að beina því til hv. allshn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að þetta frv. á aðeins við í Reykjavík, en viðar mun koma sér vel en þar að hafa gjalddaga fleiri.

Ég vil einnig beina því til hv. nefndar, að hún athugi gang þessa máls hér á þinginu í fyrra. Það var þá flutt af hv. 2. þm. Rang. og er að finna á þskj. 214 í þeim hluta Alþt., sem skjöl þingsins eru birt í.

Mér finnst það eðlilegast, að sveitar- og bæjarstjórnir hafi leyfi til að ákveða þann eða þá gjalddaga útsvara, sem hentar bezt á hverjum stað, og að dráttarvextir verði þeir sömu um land allt. Annars vona ég, að mál þetta fái sömu afgreiðslu og í fyrra og gangi í gegnum þingið mótstöðulaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 27. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 112).

Frsm. (Einar Arnórsson): Eins og kunnugt er, voru á þinginu í vetur borin fram tvö frv. um breyt. á gjalddögum útsvara, annað af þm. Reykv., hitt af þm. Rang. Hv. allshn. afgreiddi málið á þann hátt, að steypa þessum 2 frv. saman með því að fella efni frv. þm. Reykv. inn í frv. þm. Rang. Fyrirmæli þess hnigu í þá átt, að bæjarstjórnum og sveitarstjórnum skyldi heimilt að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en fyrirskipaðir eru í lögum um útsvör.

Það varð nú að samkomulagi í allshn. að taka upp ákvæði frv. þm. Rang. frá í vetur og bera fram brtt. við frv. það, sem við þm. Reykv. flytjum nú, og breyta því í sömu átt og hv. allshn. lagði til í vetur. En með þeim brtt., sem n. leggur til, er frv. okkar raunverulega úr sögunni, ef þær verða samþ. Ég geri ráð fyrir, að hv. deild fallist á þessa meðferð málsins, og sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um það.

ATKVGR.

Brtt. 112,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 112,2 (ný 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 112,3 (3. gr. falli burt) samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 112,4 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Á 15. fundi í Nd., 29. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 128).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 128).

Á 17. fundi í Ed., 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Jakob Möller: Þetta frv. er komið frá Nd. og var flutt á þinginu í vetur fyrir tilmæli bæjarstj. í Rvík. Frv. fer í þá átt að heimila fleiri gjalddaga en útsvarslögin gera ráð fyrir. Það hefir áreiðanlega gert innheimtu útsvara erfiðari, og borgunin gengið verr vegna þess að gjalddagar hafa ekki verið fleiri en verið hefir. Annars geri ég ráð fyrir, að allir séu sammála um það, að sveitarstjórnir megi ráða slíku.

Í 2. gr. er farið fram á, að dráttarvextir hækki úr ½% upp í 1%. Ég býst við, að það sé öðru máli að gegna um þetta. En það var fyrir 1924, að dráttarvextir voru 1%, en voru síðar lækkaðir niður í ½%. En bæjarstj. hefir viljað hafa dráttarvexti hærri, aðallega til þess að reka á eftir innheimtum. Mér finnst eiginlega ekki þörf á því, að málið fari til nefndar. En ef hv. þdm. vilja það heldur, þá hefi ég ekkert á móti því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 128, n. 196).

Frsm. (Pétur Magnússon): Útsvarslögin frá 15. júní 1926 mæla svo fyrir, að gjalddagar útsvara skuli vera tveir á ári hverju: Í sveitum 15. júlí og 15. október, en í kaupstöðum fyrsti virkur dagur næsta mánaðar eftir lok niðurjöfnunar og 1. september. Það hefir þótt koma í ljós, að ekki sé heppilegt að rígbinda gjalddagana svo við vissa mánaðardaga, og er því farið hér fram á, að hreppsnefndir, með samþykki sýslunefnda, og bæjarstjórnir, með samþykki atvmrh., megi ákveða aðra gjalddaga á útsvörunum. Um þetta er óþarft að fjölyrða. Það sýnist vera sjálfsagt að gera þessa breyt., og það er alveg áhættulaust.

Hin breytingin, sem farið er fram á í frv. að gerð verði á þessum lögum, orkar kannske frekar tvímælis, Hún er í því fólgin, að dráttarvextir af ógreiddum útsvörum séu hækkaðir úr ½% í 1%. Ég býst við, að þessi till. sé aðallega flutt með tilliti til Reykjavíkur og stærri kaupstaðanna. Sumir hafa dregið að greiða útsvör sín af því að þeir hafa fé með lægri vöxtum frá því opinbera heldur en þeir fá annarsstaðar. Þessir dráttarvextir svara til 6% p. a., en lægstu bankavextir 7%. Þessvegna er farið hér fram á að veita nokkurt aðhald í þessu efni, svo að útsvör verði frekar greidd í réttan tíma. Auðvitað kann þetta að koma hart niður á þeim, sem ekki greiða útsvör sín á réttum tíma vegna getuleysis, en við það er erfitt að ráða.

Allshn. hefir haft frv. þetta til meðferðar, og leggur hún eindregið til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.
3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 8. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 128, 220).

Jón Þorláksson: Ég hefi leyft mér að bera hér fram brtt., sem fer í þá átt að minnka ofurlítið þá refsivexti, sem frv. gerir mönnum að skyldu að greiða, ef þeir greiða útsvör sín of seint.

Það er svo nú, að ákveðið er, að þessir menn skuli greiða ½% vöxtu á mánuði hverjum, sem greiðslan dregst fram yfir tvo mánuði, en í frv. því, sem fyrir liggur, er ætlunin að hækka þetta upp í 1% á mánuði. Þetta finnst mér ranglátt gagnvart þeim mörgu mönnum, sem erfitt eiga með að greiða útsvör sín í tæka tíð, og því kem ég fram með þá miðlunartill., að þeir skuli aðeins greiða ½% í vexti, ef þeir greiða útsvar sitt innan tveggja

mánaða, en þar eftir skuli vextirnir hækka upp í 1% á mán.

Þegar þess er gætt, að sveitarfélög hafa lögtaksrétt á útsvörum og fá frjálsar hendur um að ákveða gjalddagann, þá held ég, að réttur þeirra sé svo vel tryggður, að ekki sé ástæða til að krefjast meira.

Frsm. (Pétur Magnússon): Allshn. hefir haft mál þetta til athugunar, og nefndin hefir orðið sammála um að mæla með þessari brtt. og leggur til, að hún verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 220 samþ. með 10 : 1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 25. fundi í Nd., 10. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 251).
Á 27. fundi í Nd., 12. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Einar Arnórsson): Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að taka málið að þessu sinni af dagskrá, því að n. hefir ekki athugað það eins breytt og það er nú orðið eftir umr. í hv. Ed. Ég geri ráð fyrir, að n. geti bráðlega skilað áliti sínu um málið.

Forseti (JörB): Málið er þá hér með tekið af dagskrá skv. óskum frá allshn.

Á 30. fundi í Nd., 15. ágúst, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 251, n. 288).

Frsm. (Einar Arnórsson): Allshn. hefir tekið mál þetta til meðferðar af nýju, og virtist henni þá koma í ljós, að ákvæði 1. gr., eins og þau eru nú orðin eftir meðferð málsins í hv. Ed., gætu ekki samrýmzt 30. gr. útsvarslaganna. Hér er það ákveðið í frv., að gjaldþegn skuli greiða ½% rentur af útsvari sínu fyrstu tvo mánuði frá gjalddaga, en í upphafi 30. gr. útsvarsl. — en upphafið er látið haldast óbreytt í frv. — er óbeinlínis sagt, að gjaldþegn skuli sleppa við dráttarvexti, ef hann greiðir útsvar sitt **áður** en tveir mánuðir eru liðnir frá gjalddaga. Þessi ákvæði rekast því á, og n. hefir lagt til, að breyt. Ed. verði niður felld og frv. sett í sama far og það var, þegar þessi deild skilaði því, þ. e. a. s., að í stað „½%“ í 30. gr. útsvarslaganna komi: 1%.

ATKVGR.
Brtt. 288 samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 31. fundi í Ed., 17. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 319).
Á 32. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 319, 348).

Jón Þorláksson: Við 3. umr. þessa máls hér í deild var samþ. brtt. við 2. gr. útsvarslaganna. Þessi liður var í því fólginn, að fyrir 2 fyrstu mánuðina, sem greiðsla drægist umfram gjalddaga, skyldi aðeins greiða ½% í dráttarvöxtu, en síðan 1% á mánuði. Þessi till. fann ekki náð fyrir augum Nd., og var því borið við, að hún gæti ekki samrýmzt 30. gr. útsvarslaganna. Þessi viðbára Nd. er ástæðulaus, því að greinina er ekki hægt að misskilja. Ég ber fram brtt. á þskj. 348, og felur hún ótvírætt í sér, að dráttarvextir skuli ekki vera nema 1% fyrir 2 fyrstu mánuðina báða saman, en síðan 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður fram yfir gjalddaga, unz gjaldið er að fullu greitt.

Sá maður, sem greiðir útsvar fullum tveim mán. eftir gjalddaga, verður eftir frv. að greiða 3% í dráttarvexti, og samsvarar það um 18% ársvöxtum. Fannst mér þetta nokkuð strangt farið í sakirnar. Felur till. í sér, að dráttarvextir verði 1% lægri en eftir frvgr., eins og nú er. Vona ég, að hv. deild sýni þann velvilja að samþykkja þessa brtt.

ATKVGR.
Brtt. 348 samþ. með 8 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónÞ, PH, BSn, EÁrna, GL, HSteins, IP, GÓ.
nei: MT, PM, JakM, JBald.
JónJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.

Á 35. fundi í Ed., 21. ágúst, og á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 406).

Á 6. fundi í Sþ., 22. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 443).

---

40. Einkasala á síld.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt:

Frv. til. l. um breyt. á l. nr. 67, 14. júní 1929, um einkasölu á síld (þmfrv., A. 27).

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Ég get haft þann sama formála um þetta mál sem hv. þm. Borgf. hafði um það frv., sem var til umr. næst á undan, sem sé, að þetta frv. var borið fram á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga. Við, sem að því stöndum, töldum okkur skylt að hreyfa því nú, því að það hefir sízt orðið breyt. til batnaðar um afkomu síldarútvegsins; þvert á móti.

Hér hafa í dag verið allmjög til umr. ýmiskonar skattamál. Liggja þegar fyrir þinginu allmargar till. um skattamál, og því nær eingöngu í þá átt að herða á skattabyrðum landsmanna. Einn af hv. þm., sem talaði fyrir skemmstu, lét svo um mælt, að áhugi manna um landið mundi nú vera venju fremur mikill um skattamál og afdrif þeirra. Má vel vera, að svo sé. Skattamál eru þess eðlis, að menn hafa mikinn áhuga fyrir því, að þeim málum sé þannig fyrir komið, að sem flestir geti þolanlega við þau unað. Þó mun það ofraun reynast hinu háa Alþingi í þessu landi, eins og öllum stjórnum og þingum, að koma skattamálunum þannig fyrir, að allir telji sig ánægða. En í sambandi við þann mikla áhuga, sem Alþ. hefir á skattamálum, virðist mér muni þurfa að hafa engu minni áhuga fyrir þeim atvinnufyrirtækjum í landinu, sem eiga að bera uppi skattana. Því að það er lítið gagn að semja hér og samþ. skattafrv. ofan á skattafrv., ef þingið hinsvegar horfir á atvinnuvegina leggjast í auðn að meira eða minna leyti, sumpart að vísu fyrir óviðráðanleg atvik og heimskreppu, en sumpart — og það í nokkuð ríkum mæli — fyrir mistök löggjafarvaldsins.

Sá atvinnuvegur, sem hér um ræðir í frv., hefir ekki hvað sízt orðið fyrir því, að þingið hafi tekið hann skökkum tökum. Ég hefi oft áður haft tækifæri til að benda á ýmislegt, sem mistekizt hefir hjá stj. einkasölunnar, og skal ekki fara að þreyta þá hv. þm., sem setið hafa á undanförnum þingum, með því að rifja það upp, með því að ég tel víst, að hinir nýkosnu þm. hafi ekki getað farið varhluta af að heyra ýmislegt um afkomu síldareinkasölunnar á undanförnum árum. En ég vil stuttlega minnast á þá höfuðstaðreynd, að við Íslendingar erum að missa út úr höndum okkar yfir til útlendinga arðinn af síldarframleiðslunni. Ég fullyrði ekki, að þetta sé eingöngu fyrir afskipti löggjafarvaldsins; en ég vil benda á það, að löggjöfin frá 1927 og þá ekki síður lögin um síldareinkasöluna — og sérstaklega framkvæmd þeirra laga — á mikinn þátt í að skapa núv. vandræðaástand síldarútvegsins. Þessa höfuðstaðreynd vil ég undirstrika.

Það er nú svo komið, að jafnvel tekjumikil atvinnugrein eins og síldarútvegurinn liggur undir svo miklum áföllum, að kunnugir menn telja vonlaust, að hann verði rekinn með nokkrum arði þetta ár. Útlendingum fjölgar mikið nú við þennan atvinnuveg. Í viðbót við Norðmenn, sem voru einu keppinautar okkar áður, eru komnir Svíar, Danir og síðast Finnar.

Það er ekki svo að skilja, að ég haldi

fram, að frv. það, sem hér er um að ræða, muni verða nægilegt til þess að reisa rönd við öllum utan að komandi áhrifum á síldarútveginn eða við keppinautum. Nei, það þarf miklu meiri ráðstafanir, sem ekki verða nefndar í þessu sambandi. En þetta frv er einn nauðsynlegur liður í því viðreisnarstarfi, sem fyrir liggur að því er síldarútveginn snertir, þennan útveg, sem kominn er nú svo að segja í rústir, en Alþ. ber skylda til að rétta við, eftir því sem því endist vilji og máttur til.

Það, sem hér er farið fram á, er í stuttu máli það, að yfirráð yfir þessum atvinnuvegi séu lögð einkum í hendur þeirra manna, sem mestra hagsmuna hafa við hann að gæta og mest leggja í sölurnar við að draga síldina á land. Líka er farið fram á það, að þeim hinum sömu mönnum sé fenginn vettvangur, þar sem þeir geti borið saman reynslu sína, rætt afkomu síldarútvegsins og horfur og tekið saman ráð sín um umbætur og þvílíkt, eins og á sér stað um önnur fyrirtæki. Eins og kunnugt er, er enginn vettvangur til fyrir síldarútvegsmenn að ræða mál sín nema blöðin, eða hafi það borið við, að hægt var að hóa útvegsmönnum og sjómönnum saman rétt af tilviljun til að ræða þessi mál. Samt er velta síldareinkasölunnar meiri en flestra þeirra félaga, sem annars þykir sjálfsagt, að haldi aðalfund árlega.

Á það var bent á síðasta þingi — og ég vil benda á það enn —, að þeir, sem aðallega hallar á, eru sjómenn og þeir, sem mest vinna með þeim, útgerðarmenn. Síldareinkasalan hefir hinsvegar orðið fébúfa fyrir útlenda kaupendur síldar, sem eiga tryggt ár frá ári að fá síld frá Íslandi við lágu verði. Áður gátu þeir átt von á að fá hana í einstökum árum við lágu verði, en nú er það tryggt og reglulegt. Útlendir kaupendur hafa því ekki ástæðu til að kvarta. Verkafólk í landi hefir líka ákaflega góð kjör við verkun síldar. Hygg ég, að þau séu betri en svo, að atvinnuvegurinn muni rísa undir þeim. Í því sambandi vil ég benda á það, að ef maður tekur línubát, sem á að fiska fyrir norðan, og gerir skynsamlega áætlun um veiði til söltunar og til verksmiðju, þá verður hlutur sjómanna á slíkum bát kringum 550 kr. yfir síldveiðitímann; þar frá dregst svo fæði. En við síldarverksmiðju hafa menn tryggðar fyrir bæði dagvinnu, eftirvinnu og helgidagavinnu um 1200 kr. í vinnulaun fyrir síldveiðitímann, eða um það bil helmingi meira en sjómenn á línubátum. Þetta sýnir vel, að sjómenn bera mjög skarðan hlut frá borði. Síldarsaltararnir svokölluðu hafa ekki yfir neinu verulegu að kvarta. Söltunarlaunin hafa hækkað eftir því sem kröfur fólks í landi hafa vaxið um kaup. Um fasta starfsmenn þarf ekki að ræða; þeir fá alltaf sæmilegt kaup.

Þegar maður lítur á þessa aðila, kaupmenn, verkafólk, fastlaunaða starfsmenn og síldarsaltendur, þá sér maður, að þeir hafa allir fitað sig á kostnað sjómanna og útgerðarmanna. Ég hygg, að hv. þm. geti verið sammála um það, að tæplega sé hugsanlegt, að sjómenn við þennan atvinnuveg geti unað því, að þeirra hlutur sé gerður svo smár sem raun ber vitni, og að stj. þessa fyrirtækis sé hagað þannig, að þeir hafi í raun og veru ekkert að segja. Vitanlegt er, að núv. stj. síldareinkasölunnar er pólitísk, þar sem þrír í stj. eru kosnir af Alþingi. En við slík fyrirtæki eru afskipti hins pólitíska valds alls ekki ákjósanleg. Frv. fer fram á, að útgerðarmenn og sjómenn ráði mestu um það, hverjir kosnir eru í útflutningsnefnd. Þetta finnst mér svo sanngjörn krafa, að ég vænti fastlega, að hv. þm. sjái sér fært að verða við henni.

Legg ég svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Guðbrandur Ísberg: Ég get tekið undir það, sem hv. þm. Vestm. hefir haldið fram í ræðu sinni. En ég vil leyfa mér að gera nokkrar frekari aths.

Ég vil strax taka það fram, að ég geng út frá, að þeir menn, sem stóðu að lögunum um síldareinkasölu 1928, hafi gert það af góðum hug til síldarútvegsins og talið sig vinna þarft verk. Og ég vil að óreyndu mega ganga út frá, að þessir menn, sem flestir sitja nú á þingi, hafi enn þennan góða hug til síldarútvegsins og vilji fúslega bæta úr þeim göllum, sem reynslan hefir sýnt, að eru á fyrirkomulagi síldareinkasölunnar. Þegar einkasalan var stofnuð, var það gert í þeim til-

gangi, að hún bætti úr því skipulagsleysi, sem talið var, að áður hefði ríkt um sölu saltsíldar. Þetta hefir að vísu tekizt að mestu. En það hefir ekki tekizt að hækka verð síldarinnar, eins og menn þó vonuðu. Og það hefir ekki heldur tekizt að lækka ýmsan rekstrarkostnað við síldarútgerðina, sem líka var ætlazt til.

Síldarverðið hefir nú, síðan síldareinkasalan tók til starfa, lækkað úr 15 kr. á saltsíldartunnu, sem var verðið 1928, og niður í 9 kr. Raunar er ekki búið að greiða nema kr. 8.50. Búast má við, að síldarverðið lækki enn meira. En síðastl. ár var hægt að færa sönnur á, að hjá þeim, sem höfðu ekki talsvert yfir meðalafla, bar útgerðin sig alls ekki.

Það hefir komið í ljós, að ýms mistök hjá stj. einkasölunnar hafa orðið til þess að lækka verð á síld. Hún hefir þurft að greiða skaðabætur fyrir sámningsrof á undanförnum árum. Síldarframleiðslan í fyrra var alls ekki yfir meðallag, og fullvíst má telja, að síldareinkasalan hefði getað, að síldveiðinni lokinni, selt þá síld, er hún þá átti óráðstafað, við góðu verði. En síldareinkasalan fór að alveg eins og sumir síldarspekúlantarnir áður, frestaði sölu á ca. 10 þús. tn. þar til komið var í óefni, seldi þá sumt fyrir lágt verð, en sumt mun óselt enn.

Síldarútvegsmenn líta þannig á, að orsakir mistaka einkasölunnar felist í skipun stjórnar hennar. Það eru ekki þeir menn, sem hafa aðallega hagsmuna að gæta, og eiga fé sitt og afkomu frá ári til árs undir síldareinkasölunni, sem skipa stjórn hennar. Og það furðar sig margur á því, hvernig það mátti verða, að útflutningsnefnd, sem er aðalþáttur stjórnar einkasölunnar, skyldi skipuð á þann hátt, sem síldareinkasölulögin ákveða. Maður gæti freistazt til að halda, að einkasölunafnið hefði villt mönnum sýn. Ef síldareinkasalan er borin saman við t. d. tóbakseinkasöluna, þá lagði ríkið þeirri stofnun til allt rekstrarfé og bar alla ábyrgðina, og þá var ekki nema eðlilegt, að ríkisvaldið skipaði einnig stjórn hennar. En þegar kemur að síldareinkasölunni, þá eru það síldarútvegsmenn, sem bera alla áhættu og ábyrgð á rekstri hennar með framleiðslu sinni jafnskjótt og hún er afhent einkasölunni. Þess vegna er engin sjáanleg ástæða til þess að ríkið sé að skipta sér af því, hvernig stj. þessa fyrirtækis er skipuð.

Það, sem fyrst og fremst er farið fram á í þessu frv., er, að útgerðarmenn og sjómenn skipi útflutningsnefnd, en hún ræður aftur framkvæmdarstjóra einkasölunnar, einn eða fleiri, og sömuleiðis skipar hún endurskoðendur. Að vísu er svo ákveðið í einkasölulögunum, að útgerðarmenn kjósi einn mann í útflutningsnefnd. Annan mann á Verklýðssamband Norðurlands að kjósa. En hvaða meining er í því að fela Verklýðssambandinu þetta? Það skipa að mestu menn, sem aldrei koma nálægt síld. Í því eru sjómenn tæplega yfir 15%, en það eru þeir, sem nú er farið fram á, að kjósi útflutningsnefnd ásamt útgerðarmönnum. Í þessu frv. er svo ráð fyrir gert, að sjómenn kjósi 8 menn á fulltrúafund þann, sem á að velja útflutningsnefnd, útgerðarmenn velji 13, og skipstjóra- og stýrimannafélögin 3, þannig að samtals verði fulltrúarnir 24. Þetta hlutfall, að sjómenn hafi 8 á móti 16 eða þriðjung allra fulltrúanna, er nákvæmlega í samræmi við hagsmuni þeirra í síldinni, því að hlutur þeirra er nú sem næst ⅓ aflans. Þess vegna virðist ástæðulaust, að þeir hafi meira um þetta að segja en hér er gert ráð fyrir.

Eins og ég tók fram áðan, vænti ég þess, að þeir menn, sem stóðu að stofnun síldareinkasölunnar og ætluðu með því að lyfta þeim atvinnuvegi, fylgi líka þeim breyt. á skipulagi hennar, sem reynslan hefir sýnt, að eru nauðsynlegar.

Vilmundur Jónsson: Ég get lýst yfir því fyrir mína hönd og flokksmanna minna, að við höfum ekkert á móti því, að breytt sé um skipun á stjórn síldareinkasölunnar. Hinsvegar fer því fjarri, að við getum fallizt á það fyrirkomulag, sem hér er stungið upp á, því að með þessu frv. er farið fram á að fela útgerðarmönnum fullkomið einræði um stjórn þessa fyrirtækis. Hér er lagt til, að útgerðarmenn velji 13 fulltrúa á aðalfund, sjómenn 8 og skipstjórar og stýrimenn 3. Nú skil ég ekki vel, hversvegna á að kljúfa sundur sjómenn og skipstjórnar-

menn, nema e. t. v. af því, að hinir síðarnefndu eru margir útgerðarmenn, eða treystandi til að vera útgerðarmanna megin, er árekstur verður milli þeirra og sjómanna og verkamanna. Að sjómönnum er leyft að vera með, er vafalaust í vísu trausti þess, að svo sé um búið, að þeir verði í miklum minni hluta á þessari samkomu og ráði þar engu. Auk þess er illa viðeigandi að fela sjómannafél. fulltrúavalið. Sjómannafél. eru óvíða til, fámenn og lítt starfandi sem sjálfstæð félög, a. m. k. á Vestur- og Norðurlandi, en miklu meiri fjöldi sjómanna í sameiginlegum verklýðsfélögum. Það er líka næsta ósanngjarnt, að í stjórn þessa fyrirtækis eigi verkamenn ekki að hafa hlutdeild. Ef á að breyta fyrirkomulaginu þannig, að stofnað sé til aðalfundar til þess að ráða málum einkasölunnar og velja henni framkvæmdarstjórn, en því erum við ekki mótfallnir, þarf hann að vera skipaður svo, að allir hafi þar fulltrúa, sem eiga atvinnu sína undir því, að fyrirtækið gangi vel, og þá ekki miklu síður verkamenn en útgerðarmenn og sjómenn.

Við alþýðuflokksmennirnir munum flytja brtt. við frv. til tryggingar því, að réttur einskis aðilja verði fyrir borð borinn. Geri ég ráð fyrir, að við gerum það að till. okkar, að Alþýðusambandi Íslands, sem er samband flestra verkamannafél. og allra sjómannafél. á landinu, verði falið að velja fulltrúa á þennan aðalfund, sem bezt sé trúandi til þess að gæta þar hagsmuna beggja.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Það er í raun og veru mjög ánægjulegt að heyra hv. þm. Ísaf. lýsa yfir því, ekki aðeins fyrir sína hönd, heldur og samherja sinna, að þeir óski eftir, að teknar séu til athugunar breyt. á stjórn einkasölunnar, því að það er óbein viðurkenning þess, sem við flm. höfum haldið fram hér á þingi, að þörf sé á að breyta stjórn og skipulagi þessa fyrirtækis. Vegna þess að ég hefi ekki orðið áður var við slíkan vilja hjá hans flokki, þá er mikilsvert fyrir okkur, sem að umbótunum stöndum, að vinna það á, að fá þessa hv. þm. í lið með okkur, til þess að vinna að umbótum á stjórn einkasölunnar.

Hv. þm. fellur ekki algerlega sú skipting fulltrúanna, sem frv. gerir ráð fyrir. Það getur vel verið, að hún sé ekki að allra skapi, en ég vil minna á það, sem einnig kom fram í ræðu hv. þm. Ak., að hér er ekki leitazt við að beita neinni ósanngirni gagnvart sjómönnum eða skipstjórum, því að hér er farið fram á, að áhrif þeirra á atvinnuveginn séu í réttu hlutfalli við þá áhættu, sem þeir hafa í sjálfri atvinnunni — í síldinni. Og ég verð að segja, að ég fæ ekki séð, að hægt sé að finna öllu réttlátari mælikvarða.

Að því er snertir hluttöku verkamanna í landi, vil ég benda á aðstöðumun þeirra og sjómanna. Útgerðarmenn, sjómenn og skipstjórar eiga alla sína peningalegu afkomu undir því, hvernig sala síldarinnar tekst. Gangi hún vel og fái síldareinkasalan skjóta greiðslu, fá þeir einnig fljótt og vel borgað. Gangi salan illa, eins og hefir átt sér stað undanfarið, verða sjómenn og útgerðarmenn að bíða eftir peningum sínum von úr viti, og ég get bætt því við, að þessir menn bíða enn þann dag í dag eftir fullnaðarskilum frá síðasta ári.

Um verkamenn í landi er allt öðru máli að gegna. Þeir fá kaup sitt að lokinni vinnu. Þeirra hagsmunir standa ekki í beinu sambandi við hagsmuni sjómannanna. Þessi aðstöðumunur gerir það að verkum, að fólkið í landi hefir ekki meira tilkall til þess að hafa fulltrúa í stjórn einkasölunnar heldur en þeir, sem vinna á hafnarbakkanum í Reykjavík hafa til þess að eiga menn í stjórn togarafélaganna. Hið eina rétta er, að þeir hafi atkvæði um stjórnina, sem bera áhættu og ábyrgð af fyrirtækinu, en ekki aðrir.

Hv. þm. sagði, að það væru fáir menn í sjómannafélögunum fyrir norðan, en bætti því við, að sjómenn væru í verklýðsfélögunum og ættu samleið með þeim. Mér þykir undarlegt, ef sjómenn eru almennt í verklýðsfélögunum, að þeir hefðu þegjandi sætt sig við, að munur væri gerður á þeirra vinnu og fólksins í landi. Það mega vera þolinmóðir sjómenn, sem eiga sæti í verklýðsfélögunum nyrðra, þegar þeir hafa borið skarðan hlut ár eftir ár, en verkafólk í landi fengið miklu meira kaup en fyrir nokkra

aðra vinnu og allt á kostnað sjómanna. Mér þykir því ekki trúlegt, að þeir ráði miklu í þessum félögum. Ég býst við, að þeir séu þar ofurliði bornir, því að arði þeirra af veiðinni er meir haldið til annara en þeirra sjálfra.

Þessar aths. vildi ég láta koma fram sem sjálfsögð rök gegn þeirri kröfu, að verkalýðsfél. ráði yfir síldareinkasölunni. Fullkomið einræði síldarútvegsmanna yfir útveginum, ef þetta frv. er samþ., sé ég ekki, að þurfi að vera, því að sjómenn og skipstjórar eiga líka að hafa þar áhrif. Það mætti með sama rétti halda því fram, að Alþingi eitt ráði nú fyrir einkasölunni. Því hefir enginn haldið fram, þótt við hinsvegar teljum, að í hlutun þess sé of mikil.

Vilmundur Jónsson: Ég vil ítreka það, að mér þykir þetta frv. grunsamlegt, og ekki síður þó, þegar verið er að réttlæta það með því að halda því fram, að útgerðarmenn og sjómenn eigi meiri sameiginlegra hagsmuna að gæta en sjómenn og verkamenn. Er það algengt herbragð andstæðinganna, að reyna að kljúfa þessar stéttir hvora frá annari, til þess að geta sem örugglegast drottnað yfir báðum. Þetta er sjómönnum yfirleitt ljóst, a. m. k. öllum félagsbundnum sjómönnum, og fyrir það hika þessar stéttir ekki við að standa saman, jafnvel þó að svo kunni að líta út, sem hagsmunir þeirra rekist á og geri það að vísu í einstökum tilfellum. Þess er einnig að gæta í þessu sambandi, að sjómenn og verkamenn eru engan veginn nákvæmlega sundurgreindar stéttir. Menn stunda almenna landvinnu annað árið, en sjó hitt eða skipta jafnvel um vinnu á sjó og landi á hinu sama ári. Og á þetta ekki sízt við um síldveiðimenn. Um sjómannafélögin er það að segja, að á Akureyri er tiltölulega fámennt félag sjómanna, og annað enn fámennara á Siglufirði; annarsstaðar á Norðurlandi eru þau ekki. Nú nær engri átt, að ekki hafi aðrir sjómenn á Norðurlandi hagsmuna að gæta við síldareinkasöluna en þeir fáu menn, sem í þessum félögum eru. Á Ísafirði hefir til þessa verið fámennt og lítt starfandi sjómannafélag og er það eina sjómannafél. á Vesturlandi. Hinsvegar eru verkalýðsfélög starfandi að kalla í hverju þorpi á Vestur- og Norðurlandi, eins og yfirleitt annarsstaðar á landinu, og sjómenn í öllum þeim fél. ekki síður en aðrir verkamenn.

Viðvíkjandi því, að verkamenn ættu að eiga hlutdeild í stjórn annara atvinnuvega, þá er það rétt, En það mál liggur ekki fyrir Alþingi nú. Þegar rætt verður um það hér, hverjir skuli eiga hlutdeild í stjórn togaraútgerðarinnar, þá munu koma fram raddir um, að verkamenn fái þar einhverju ráðið og síður hvað síns tíma.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Ef farið er að færa umr. út á víðara svið, þá má segja, að allir aðiljar hafi sameiginlegra hagsmuna að gæta, og er það gleðilegt, ef sú stefna er nú upp tekin af þeim, er skipta sér af landsmálum, að fremur skuli ráða hagsmunir almennings og allra stétta en að dreginn sé taumur einnar stéttar aðeins. Þætti mér eigi verr farið, þótt meiri víðsýni gætti hér á Alþingi en gerzt hefir í þessum efnum, og virtist mér nokkuð í þá átt koma fram í ræðu hv. þm. Ísaf.

Í þessu máli vil ég segja, að ef nokkurntíma er hægt að benda á, að útgerðarmenn og sjómenn hafi sameiginlegra hagsmuna að gæta, þá er það við síldarútveginn. Þar eru sjómenn ráðnir upp á hlut og fá þeir hlut sinn útborgaðan í peningum, eftir því sem síldin selst.

Í fyrra var unnið að söltun síldar undir handleiðslu og fyrir reikning síldareinkasölunnar sjálfrar. Var unnið að því á „rauða torginu“ svonefnda fyrir norðan, og er sagt, og vinnan hafi þar orðið nokkuð dýr, eða a. m. k. mun stjórn einkasölunnar hafa séð sitt óvænna að halda þessu uppi, því að nú hefir hún með auglýsingu gefið söltunina frjálsa, sem hún í fyrra vildi ein ráða yfir. Það má benda á mörg önnur dæmi þess, að vinnan hafi orðið mjög dýr, og það mun vegna þess, að goldið var allt of hátt kaup í landi. Hverjir hafa svo orðið að borga þetta kaup? Það eru eigendur síldarinnar. Það er margbúið að sýna fram á, að það eru útgerðarmenn og sjómenn. Því er augljóst, að þegar kaupkröfur verkafólksins ganga úr hófi fram, þá er

orðið hagsmunastrið milli framleiðendanna á sjónum, þ. e. sjómannanna, og verkafólksins í landi. Þess eru hvergi gleggri dæmi en hér, að sjómenn eiga fremur samleið með þeim, sem skipin eiga.

Það er auðvitað deginum ljósara, að þegar til lengdar lætur, fara saman hagsmunir útgerðarmanna, sjómanna og verkamanna í landi. Því að hverjar eru horfurnar, ef atvinnufyrirtækin sligast? Við höfum séð þess mörg dæmi. Ég hefi haft fyrir augum síðustu mánuðina í Vestmannaeyjum eitt slíkt dæmi, að stórt atvinnufyrirtæki var, af sjálfsagt óviðráðanlegum ástæðum, stöðvað í rekstri. Þá hefir mörgum orðið ljóst, bæði þeim sem höfðu þar atvinnu og öðrum, að það var ekki almenningi hagur, að sá atvinnurekandi varð að stöðva rekstur sinn. Þess vegna má með sanni segja, þegar litið er á þetta með viðsýni, að hér fari allra hagsmunir saman. En þegar sérstaklega ræðir um, hvernig eigi að skipuleggja stjórn síldareinkasölunnar, með hliðsjón af því, sem þar hefir áður gerzt, þá eru þar varla heppilegir til forustu þeir menn, sem með ofurkappi halda fram kaupkröfum verkafólksins í landi, en skeyta engu um hitt, hvort rétt er eða sanngjarnt, eins og t. d. þegar tvær ferðir eru farnar á lystisnekkju einkasölunnar inn í Krossanes til þess að koma verkafólkinu til að spenna kröfurnar sem hæst og stöðva vinnuna, öllum til stórskaða.

Guðbrandur Ísberg: Ég vildi aðeins leyfa mér að gera þá aths., að nú er um það að ræða, annaðhvort að gera eitthvað í þá átt að bjarga við síldarútveginum, eða að lofa honum að líða undir lok.

En það er þá a. m. k. augljóst, að ef hætt er að veiða síld, hljóta þeir verkamenn, sem undanfarið hafa unnið að síldarverkun, að missa atvinnu sína.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, 96, n. 352).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál, því að ég geri ráð fyrir, að öllum hv. þdm. sé kunnugt um, hvað fyrir liggur.

Eins og getur á þskj. 352, hefir sjútvn. athugað þetta mál og rætt það frá ýmsum hliðum. N. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. á þskj. 27 verði samþ. með nokkrum breyt., og í því efni hefir hún fallizt á að leggja til grundvallar brtt. á þskj. 96 frá jafnaðarmönnum, og ber því fram nokkrar brtt. við þær á þskj. 352.

Aðalbreyt. er í því fólgin, að koma skuli á aðalfundi, sem fjalli um mál einkasölunnar frá öllum hliðum. Þar skulu einnig kosnir 4 menn í útflutningsnefnd, en atvmrh. skipar einn mann.

Það, sem aðallega greinir á í till. n. og jafnaðarmanna, er það, hvernig aðalfundur skuli skipaður. Þeir leggja til, að hann skuli skipaður af síldarútvegsmönnum. N. er sammála þeim um, að það sé hentugt. Hinsvegar leggja þeir til, að Alþýðusamband Íslands kjósi 7 menn á aðalfund. N. getur þar ekki verið þeim sammála, en leggur til, að þeir séu kosnir af sjómannafél. um landið. N. er að vísu ekki kunnugt um, hve mörg sjómannafél. eru á landinu, en þau munu þó vera nokkuð mörg. Annars fer kosning fram eftir þeim reglum, sem atvmrh. setur, þannig, að sjómannafél. kjósi sinn fulltrúa fyrir hvern landshluta.

N. er sammála um, að eðlilegast sé, að þeir aðilar, útgerðarmenn og sjómenn, sem hafa mestra hagsmuna að gæta við rekstur einkasölunnar, ráði þar mestu. Það er reyndar ekki hægt að bera á móti því, að aðrir verkamenn svo og allur landslýður hafi hér nokkurra hagsmuna að gæta. Alþýðusamband Íslands semur við einkasöluna um vinnukaupið, og verkamenn yfirleitt hafa þeirra hagsmuna að gæta, að þeir samningar séu efndir. En þeir, sem mestra hagsmuna hafa að gæta, eru þó útgerðarmenn og sjómenn. N. finnst þess vegna eðlilegt, að þeir ráði mestu um það, hvernig síldareinkasalan er rekin.

Ég sé, að hér er brtt. frá hv. þm. Ísaf.,

á þskj. 387. Er þar farið fram á, að Alþýðusamband Íslands eða Alþýðusambandsstj. skipi þessa 7 menn. Er þar tekið fram, að meiri hl. þeirra skuli kosinn úr hópi sjómanna. Ég fyrir mitt leyti — ekki fyrir hönd n. — geri það ekki að kappsmáli, hvor leiðin verður farin.

Annars ætla ég ekki að ræða um þetta fyrr en hv. þm. hefir gert grein fyrir till. sinni.

Vilmundur Jónsson: Ég get verið n. þakklátur fyrir þær undirtektir, sem till. okkar hafa fengið, því að hún hefir svo að segja í öllum aðalatriðum tekið þær til greina. Það eina, sem á milli ber, er það, sem hv. frsm. gat um, hvort fulltrúarnir á aðalfund skuli skipaðir af sjómannafélögunum eða Alþýðusambandi Íslands.

Við værum ekki mikið á móti því, að sjómannafél. skipuðu þessa fulltrúa, ef þau annars væru til. En það er nú svo, að þau eru í raun og veru ekki til nema hér fyrir sunnan, í Reykjavík og Hafnarfirði. Á Akranesi, Stykkishólmi, Blönduósi, Sauðárkróki og víðar eru engin sjómannafél. Þar eru aðeins verkamannafélög, en sjómenn eru jafnframt í þeim.

Á Norðurlandi eru 2 sjómannafélög. Annað er á Siglufirði með 38 meðlimum, og hitt á Akureyri með 51 meðlim. Á Vesturlandi er aðeins 1 sjómannafélag, á Ísafirði, með 50 meðlimum.

Milli þessara sjómannafél. er ekkert samband annað en Alþýðusamband Íslands. En í því eru ekki einungis sjómenn, heldur einnig aðrir verkamenn Ég álít því, að Alþýðusamband Íslands sé bezt til þess fallið að fara hér með fulltrúavalið, því að bæði er, að hér hafa allir verkamenn nokkurra hagsmuna að gæta, og samkv. till. minni er það tryggt, að meiri hl. fulltrúanna verði úr flokki sjómanna, sem að vísu eiga mest í húfi. Ef menn vilja hafa alla fulltrúana sjómenn, hefi ég svo sem ekkert á móti því. Þó hygg ég sanngjarnt að leggja ekki bann við því, að skipa megi menn, sem jafnvel hvorki eru verkamenn né sjómenn, ef hinir réttu aðiljar treysta þeim til að mæta þar fyrir sína hönd ef til vill betur en nokkrum úr sinni stétt, sem vel getur komið fyrir.

Um leið og ég minnist á þetta, þykir mér við eiga að mótmæla því, sem kom hér fram í þessari hv d. í gær hjá hv. þm. Vestm., er hann talaði um tóbakseinkasöluna. Hv. þm. sagði þá, að það hefði verið síldareinkasalan, sem hefði komið útvegi sjómanna fyrir kattarnef. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm., því að vitanlegt er, að síldarútvegurinn var kominn í hið mesta öngþveiti áður en hún var stofnuð. Hún var stofnuð upp úr þessum vandræðum, og þótt ýmislegt sé hægt út á hana að setja, er ég viss um, að hún hefir þrátt fyrir allt fremur orðið til góðs. Sú hefir a. m. k. orðið reyndin á fyrir vestan. Síðan síldareinkasalan tók til starfa, hygg ég að enginn hafi tapað þar á síldarútgerð. Gróði hefir að vísu orðið lítill á henni, en þó svo, að hann hefir hjá flestum til þessa vegið nokkuð upp á móti því tapi, sem orðið hefir á öðrum fiskveiðum.

Mér þótti það dálítið undarlegt, að hv. þm. sagði, að reynslan hefði verið sú á síldveiðunum fyrir norðan í sumar, að menn hefðu haft 300—400 kr. í hlut og orðið að fæða sig af því. Og þetta átti að vera eftir tveggja mánaða vertíð. En það eru nú ekki nema 5 vikur síðan bátar Samvinnufél. Ísfirðinga byrjuðu síldveiðarnar, og ég ætla, að þeir hafi fengið 500—600 kr. hlut og frítt fæði. Enda eru kjörin þau, að hásetarnir hafa 32% af afla og fæði í ofanálag. Þessir 7 bátar hafa nú aflað um 37 þús. tn. saltsíldar, eða það, sem veiðileyfi þeirra nemur, en selt afganginn í bræðslu. Hverja tunnu saltsíldar höfum við reiknað á 7 kr. og hvert mál í bræðslu á 3—4 kr.

Hv. þm. Vestm. viðurkennir raunar, að einkasalan sé, þrátt fyrir allt, sem að henni má réttilega finna, til nokkurs gagns. Ef hann gerði það ekki, mundi hann í stað þess að berjast fyrir endurbótum á henni, vinna að því að fá hana lagða niður. En það dettur honum ekki í hug. Ég hefi líka heyrt einkasölunni mjög hallmælt á fundum fyrir vestan af mönnum úr öllum flokkum, en aldrei hefir verið borin þar fram till. um að leggja hana niður. Og það mun vera af því, að menn ætla almennt, að hún standi til bóta, og þótt þeir séu ekki ánægðir með hana, ber engu að síður að halda í þá átt, sem með henni er stefnt.

Það gleður mig, að hv. þm. Vestm. er á sama máli.

Ég er ekki vongóður um, að þetta mál nái fram að ganga, ef þingi verður slitið á laugardaginn. En dragist þingslitin lengur, er vorkunnarlaust að koma því fram.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 387, sem of skammt var liðið frá útbýtingu hennar, leyfð og samþ. með 15 : 1 atkv.

Jóhann Jósefsson: Ég býst varla við, að tími verði til, að þetta mál nái fram að ganga, þar sem er orðið svo áliðið þings. En ég verð að segja það, að okkur, sem í 3 skipti höfum flutt frv. um að breyta fyrirkomulaginu á stj. einkasölunnar, verður ekki kennt um það. Það er meiri hl. þingsins, sem ræður því, hver mál ná fram að ganga.

Ég get verið hv. þm. Ísaf. sammála um það, að það fyrirkomulag, sem nú er á stj. einkasölunnar, er óviðunandi, enda höfum við, sem að þessu frv. stöndum, verið fyrstir manna til þess að kveða upp úr um það. Ég veit ekki til þess, að það hafi verið aðrir en við sjálfstæðismenn, er hafa bent á, hvílík hætta vofir yfir síldveiðunum vegna einkasölunnar. En því miður höfum við alls engar undirtektir fengið fyrr en nú, að sjútvn. hefir fallizt á till. okkar um að gera breyt. á stj. einkasölunnar og byggir þar á till. okkar sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna.

Það er dálitið einkennilegt, að það hefir fallið í hlut okkar sjálfstæðismanna að draga fram margt af því, sem misfarið er í stj. einkasölunnar. Það eru þó fleiri en við, sem eigum þar hagsmuna að gæta. Það eru sjálfsagt allir flokkar þingsins, sem hafa hag eða halla af þessum rekstri, eftir því, hvernig hann gengur.

Hv. þm. Ísaf. sagðist ekki geta tekið undir það, sem ég sagði hér í gær um síldareinkasöluna. Hann taldi, að hún hefði orðið Ísfirðingum til hagsbóta. Ef svo er, er gott til þess að vita, og eru það þá einustu sjómenn landsins, sem hafa haft hag af einkasölunni, hv. kjósendur hv. þm. Ísaf. Ég ber ekki brigður á það, að hv. þm fari með rétt mál viðvíkjandi högum kjósenda sinna. En ég get ekki sagt hið sama fyrir mína kjósendur. Ég hygg, að hv. þm. myndi hvergi á landinu finna hóp af sjómönnum, sem finnst þeir hafa grætt á síldareinkasölunni. Um ráðningakjör mun líkt háttað og ég sagði í gær, og var það byggt á umsögnum skilgóðra manna og tekið meðaltal afla. Það getur verið, að Ísfirðingar fái betri kjör, en þó ætti það að vera svipað. Hann sagði, að þeir myndu hafa 500—600 kr. og fæði. Það er það hæsta, sem ég hefi heyrt nefnt, að menn geri sér vonir um með normalveiði og því verði, sem áætlað er. Það er ekki búið að borga nema 3 kr. út á tunnu af þeirri síld, sem veiddist í júlí og ekkert út á það, sem veiddist í ágúst. Og það er ekki von til, að því sé hraðað, þegar þess er gætt, að það er ekki lokið greiðslu frá síðastl. ári, og er það einn vottur þess, hve þunglamalegt það er, þetta einkasölufyrirkomulag. Þegar þessi vertíð er á enda, þá er ekki allt greitt frá í fyrra.

Ég held, að þeir, sem gleggst þekkja til, geti tæplega verið samdóma hv. þm. Ísaf. um, að einkasalan sé til bóta. Ég hefi áður haft tækifæri til þess að benda á stærstu ágallana á einkasölunni, og hafa aðdáendur hennar reynt að hrekja það, er ég hefi haldið fram, en flest hefir reynzt rétt með farið. Það var lengi reynt að hrekja það, að ekki hefði verið nóg til af tunnum í fyrra, svo að hnekkir hefði orðið að, og stóð flokksblað hv. þm. Ísaf. framarlega í því. Nú er það alveg óumdeilanlega sannanlegt, að svo var.

Það er alveg óþarfi að minnast á skakkaföll undanfarinna ára, svo sem tunnuskortinn og matið á síldinni. Ég benti áður á það, að ef aðalumboðsmaður vildi ekki flokka síldina eftir geðþótta síldareinkasölustj., þá var undirmaðurinn tekinn. Þá benti ég á, að ferðakostnaður fór á 3 árum upp í 100 þús. kr. Þá er markaðsleitarsjóðurinn uppétinn og í stórskuld að auki.

Þetta er nú næstum fallið í gleymsku vegna nýrra skakkafalla, er síðan hafa komið og koma svo að segja daglega.

Síðastl. ár voru 10—15 þús. tn. óseldar í lok vertíðar, og átti síldareinkasalan kost á að selja þær fyrir sæmilegt verð,

þegar leið á vetur, en hafði ekki vit á að taka því tilboði. Hún varð gripin sama breyskleikanum og útgerðarmennirnir áður — að spekúlera og varð að síðustu að sæta lakara verði.

Í sumar hefir skortur á verkunarefnum oft gert vart við sig. Það hefir vantað salt við þetta fyrirtæki, sem byggir alla sína verkun á salti. Hve mikill skaði hefir af því orðið, veit ég ekki, en það liggur í augum uppi, hversu bagalegt er, þegar salt vantar við verkunina.

Þetta eru nú skakkaföll og mistök. En svo hafa menn verið beittir misrétti í stórum stíl af stj. einkasölunnar. Ég hefi bent á það, hvernig hún hlóð undir suma gæðinga sína með því að láta þá hafa tunnur framar öðrum. Svo er það ennfremur, að það hafa ekki allir orðið að bíða eftir inneign sinni, þó sjómennirnir megi bíða enn. Einkasalan hefir haft sína gæðinga hvað það snertir eins og annað. Það hefir komið á daginn. Allur almenningur hefir orðið að bíða, en sumum hefir hún greitt að fullu. Ingvari Guðjónssyni útgerðarmanni á Akureyri hefir hún greitt á undan öðrum með því að samþ. ávísanir, sem hann hefir gefið út og ábyrgzt, að þær skuli greiddar ákveðinn dag. Sama hefir hún gert við einn útgerðarmann í Hafnarfirði. Hún samþ. fyrir Ingvar Guðjónsson ávísanir að upphæð 33 þús. kr., löngu áður en aðrir fengu greitt. Hún hefir hagað sér þannig, að hún hefir tekið af sameiginlegum sjóði allra viðskiptamanna sinna og borgað einstökum vildarmönnum á undan öðrum. Fyrir þessu hefir staðið sá maður, sem nú er farinn úr stjórninni, Einar Olgeirsson, en sem talinn var af flokkum þeim, sem knúðu einkasöluna fram, sjálfsagður sem yfirmaður við fyrirtækið. Sá maður stóð með fulltrúa Alþýðuflokksins á Akureyri fyrir verkfalli í Krossanesi í fyrra, og skaðinn, sem útgerðarmenn og sjómenn höfðu af því, er lágt metinn á 180 þús. kr. Þessi maður telur sig berjast fyrir jafnaðar- eða kommúnistastefnunni. Svona notaði hann aðstöðu sína við einkasöluna.

Þessi stofnun hefir orðið til hagsbóta fyrir Ísfirðinga, segir þm. þeirra, og mætti þá ætla, að flest gæti orðið Ísfirðingum til hagsbóta, ef það er satt.

Ég hefi drepið á þetta misrétti, sem ég býst við, að allir þdm. sjái, að er illt fordæmi, að borga sumum að fullu, en láta aðra bíða. En benda má og á það, er gerzt hefir í ár hjá einkasölunni, þótt ætla mætti, að hún væri farin að sjá að sér. Hvernig hefir hún nú hagað sér með tunnukaupin núna?

Norðmenn hafa sent hingað á ári hverju stóran skipaflota til að veiða síld og keppa svo við Íslendinga á markaðinum. Sama er að segja um Svía, Dani og Finna. Hættan af samkeppni þeirra er svo mikil, að það má sjá það fyrir, að innan skamms verði Íslendingar útilokaðir af síldarmarkaðinum vegna þessarar samkeppni. Ef einhver ráð væru til að stemma stigu fyrir þessu, þá væri síldareinkasölunni skyldast að standa fyrir því.

En hvað gerir hún í þeim efnum? Ég heyri sagt, að aðdragandi þess, að Finnar fóru að veiða hérna, hafi verið sá, að síldareinkasalan gerði svoleiðis samning við Svía einn, að einkasalan seldi ekkert til Finnlands, ef hann keypti. Afleiðingin varð sú, að Finnar sögðu, að ef Íslendingar vildu ekki selja þeim síld öðruvísi en í gegnum Svía, þá veiddu þeir sjálfir, og svo fiska nú hér við land 20 finnsk skip.

Annars er talið, að á þessu tímabili, sem nú stendur yfir, hafi útlendingar fiskað fullar 200 þús. tn., en Íslendingar aðeins 172 þús.

Þegar þess er gætt, hvílík hætta Íslendingum stafar af samkeppninni, þá er það fyrst og fremst skylda síldareinkasölunnar að forða þeirri hættu frá. En hún hefir gert það gagnstæða. Af 70 þús. tn. kaupir hún 60 þús. í gegnum Ingvar Guðjónsson af norskum útgerðarmanni og eru þeir í samlögum um veiði utan landhelgi. Þeir senda þessar tunnur með veiðiskipum sínum, og drýgir einkasalan þannig hlut þeirra með því að láta þá fá flutningsgjaldið af tunnum þeim, er hún þarf að nota, og hleður þannig undir keppinauta sína. Það er eins og hún sé að láta þá fá verðlaun fyrir að koma hingað. Þar á ofan bætist svo það, að saltið í sumum saltfylltu tunnunum var ekki nýtileg vara. Einkasalan hefir hér sem víðar látið erlenda hagsmuni sitja í fyrirrúmi fyrir hinum innlendu.

Hv. þm. Ísaf. var hróðugur af því, að ísfirzkir sjómenn hefðu 500—600 kr. yfir allan útgerðartímann. En þótt svo væri, sem ég efast um, þá er hlutur sjómannanna lakur móts við hlut þeirra, sem í landi vinna. Til sönnunar má benda á það, að í síldarverksmiðjunni hafa menn 600 kr. á mánuði og þurfa ekki að bíða, heldur fá kaup sitt borgað undir eins, eins og við aðra vinnu. — Þessu virðist hv. þm. Ísaf. vera ánægður yfir. Hann virðist ekki gá að samanburðinum við landfólkið. En það er ekki rétt, að landmenn beri meira úr býtum en sjómenn. Og vitanlega búa bátaeigendur við sömu kjör og sjómennirnir.

En þetta eru aftur á móti þau mistök, sem gerð hafa verið af stj. einkasölunnar og róið undir af flokksmönnum hv. þm. Ísaf., að kaup landverkamanna hefir hækkað á kostnað sjómannanna. Það hefir gengið svo langt, að einn forstjórinn hækkaði í fyrra kaup verkakvennanna upp yfir þann taxta, sem verkakvennafél. hafði sett. Einn af forstjórum atvinnufyrirtækisins borgar sem sagt hærra kaup en taxti ákveður án þess að bera undir þá, sem atvinnufyrirtækið eiga. Það virðist nokkuð langt gengið. Sá mismunur nemur um 40 þús. kr., sem þarna er tekið af hlut sjómanna og útvegsmanna til ágóða fyrir söltunarstúlkurnar, og verður þó ekki sagt, að taxti þeirra hafi áður verið lágur. Það er nú svo fyrir aðgerðir einkasölustj., að þær stúlkur, sem eru í landi, fá eftir því hve þær eru duglegar, 2—5 kr. á klst. Þetta er náttúrlega geypikaup. Þess vegna hefir sú raunin orðið á nú í ár, að þangað norður hafa flykkzt svo margar stúlkur, að þótt vinnan sé svona hátt borguð, þá kemur lítið í hlut hverrar einstakrar vegna þess, hve þær eru margar um vinnuna. Annarsstaðar, t. d. við sveitavinnu, er svo ekla á vinnukrafti.

Áður hefir verið á það drepið, að síldareinkasalan hefir eina starfsgrein í Kaupmannahöfn. Kostnaðurinn við hana er um 40 þús. kr., en það eru aðeins nokkur hundr. tunnur, sem hafa seldar verið í gegnum þá skrifstofu. Svo að það má segja, að hver silkihúfan sé upp af annari í stj. síldareinkasölunnar.

Það skal játað, að það er nauðsynlegt að taka tillit til hagsmuna allra aðilja, enda var í till. okkar sjálfstæðismanna þegar í byrjun séð fyrir því, að sjómenn og útgerðarmenn hefðu þar ráðin. Við bentum á þá hættu, sem af því gæti stafað, að draga valdið úr höndum þeirra, sem hlut áttu að máli. En við fengum enga áheyrn, því að fyrir framsóknarmönnum og jafnaðarmönnum vakti það eitt að ráða öllu og spyrja okkur hina ekki um neitt. Hv. 3. þm. Reykv. réðst mjög ákaft móti því, að framkvæmdastjórarnir væru kosnir hlutfallskosningu af útflutningsnefndinni. Það mátti ekki ske, og kemur það þó alveg í bága við það, sem jafnaðarmenn hafa haldið fram, að hlutfallskosningar ættu yfirleitt að fara fram til að rétta minni hl. Þannig braut hann princip sitt í þessu efni, af því að hann mat meira að hafa allt valdið sjálfur, er þess var kostur.

Þessir menn, sem skipulögðu einkasöluna og stóðu að því að koma henni í þetta horf, geta nú séð ávöxt verka sinna. Þar er allt í kaldakoli og er spursmálið nú aðallega það, hvenær þessi einkasala verður sjálfdauð. Þótt einhver skipun verði nú á henni gerð, sem til bóta má kallast, þá verður það líklega um seinan. Þótt þeir jafnaðar- og framsóknarmenn í sameiningu hafi getað komið þessum atvinnuvegi í öngþveiti, þá er ekki víst, að þeir verði færir um að koma honum aftur á réttan kjöl. Það er búið að skrúfa alla kostnaðarliði svo upp, að ísl. síldarútvegur er ekki orðinn samkeppnisfær við erlendan útveg í sömu grein.

Þeir, sem vilja á þetta líta frá hagsmunum allra aðilja, hljóta að sjá, að það eru ekki sjómennirnir einir, sem tapa, og ekki aðeins útgerðarmennirnir, sem tapa, heldur kemur tapið líka að lokum á landverkafólkið, sem jafnaðarmenn hafa spekúlerað í að hækka kaupið fyrir á kostnað annara aðilja og hvergi gætt hófs. Þess vegna er það nauðsynlegt og óhjákvæmilegt fyrir síldarútveginn að fá kaupgjald á Siglufirði og þeim stöðum, þar sem síld er söltuð, lækkað niður í skynsamlegt horf, og sömuleiðis að fá tolla og skatta, bæði inn- og útflutningsgjald af síld til ríkisins, lækkaða, sömuleiðis bryggjuleigur og hafnargjöld á

Siglufirði, sem er allt óhæfilega hátt. Ef þessir liðir fást ekki niður, þá geta Íslendingar alveg eins í dag eins og á morgun lagt árar í bát hvað þennan atvinnuveg snertir. En þá hygg ég, að það myndi einhvers staðar verða skarð fyrir skildi, ef síldarútvegur landsmanna hætti alveg, bæði að mjólka ríkissjóði og veita atvinnu því fólki, sem hefir haft atvinnu við hann. Hann er vitaskuld að nokkru leyti háttur að vera nokkur atvinna, a. m. k. hvað sjómenn snertir. Í Vestmannaeyjum var árið 1926 komið í það horf, að við síldarútveginn höfðu 25—26 bátar atvinnu yfir sumarmánuðina, en nú í sumar er það orðið svo, að eitthvað 2 bátar hafa farið norður. Sjómenn fást yfirleitt ekki til að fara á síldveiðar, því þeir vita, að síldareinkasölunni er komið þannig fyrir, að þeirra hlutur verður sama og enginn. Það verður náttúrlega hlutverk þeirra, sem stjórna síldareinkasölunni í framtíðinni, ef hún á þá nokkra framtíð fyrir hendi, að reyna að fá niður þá kostnaðarliði, sem ég hefi minnzt á, t. d. kaup verkafólksins og opinbera skatta og gjöld til Siglufjarðar og ríkisins.

Ég er hræddur um, að ef jafnaðarmenn fara fram með jafnmiklu forsjáleysi gagnvart síldarútveginum framvegis eins og þeir hafa gert hingað til, og halda áfram þeirri stefnu að níðast á bátaútvegsmönnum og sjómönnum til þess bara að hækka kaup einnar stéttar í landinu, þá sé ekki hyggilegt, að þeir fái framvegis of mikil ítök um stjórn rekstrarins. Hinsvegar, ef jafnaðarmenn kannast við, að í fleiri en eina átt þurfi að líta og að hér þurfi sameiginleg átök til þess að kippa því í lag, sem komið er í ólag, þá sæi ég ekkert athugavert við, að þeir hefðu hæfilega íhlutun um stj. einkasölunnar. Við flm. frv. gengum í nefndinni inn á nokkurskonar samkomulag um það, hvernig yfirráð yfir síldareinkasölunni skuli vera framvegis. Nokkurn afslátt af þeim kröfum, sem við settum fram í byrjun, höfum við að vísu gefið, en með það fyrir augum, að út af þessu gæti tekizt samvinna milli allra aðilja til þess að rétta við hag atvinnuvegar þess, er hér um ræðir og kominn er á kné sökum óstjórnar, óhappa og ýmis þess, er ég nú hefi á drepið. Ég býst við, eins og ég sagði áðan, að það sé ekki mikið útlit fyrir það, að þessi breyt. nái fram að ganga í þetta sinn, en þó er enn tími til þess, ef þingmeirihl. vill sjá og kannast við skyldu sína gagnvart síldarútveginum eins og hann er nú kominn.

Héðinn Valdimarsson: Það voru aðeins þrjú atr. í ræðu hv. þm. Vestm., sem gefa mér tilefni til að segja nokkur orð. Hann talaði um það, að ég væri á móti því, að framkvæmdastjórar síldareinkasölunnar væru kosnir hlutfallskosningu. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, hvernig sem aðrir líta á þetta mál, að mér finnst engin ástæða, meðan starfsmenn ríkisins eru ekki kosnir hlutfallskosningum, að kjósa starfsmenn síldareinkasölunnar með þeim hætti. Ég veit ekki til, að hv. þm. Vestm. hafi óskað þess almennt, heldur eingöngu af sérstökum ástæðum óskað hlutfallskosninga við síldareinkasöluna. Þá talaði hann nokkur orð um Einar Olgeirsson, sem var framkvæmdastjóri við síldareinkasöluna. Eins og kunnugt er, hefir hann engan flokksmann sinn á þingi, sem getur tekið málsstað hans, og hann er nú ekki lengur framkvæmdastjóri, svo að það virðist ástæðulaust af hv. þm. Vestm. að vera að seilast til hans. En það, sem hv. þm. talaði um hann í þessu sambandi, var aðallega út af verkfallinu í Krossanesi og á Siglufirði. Bæði þessi verkföll voru á þann veg, að það var verkafólkið sjálft, sem réði, hvaða kröfur það gerði. Og í öðru tilfellinu, á Siglufirði, kom til hans kasta sem framkvæmdastjóra, hvort hann vildi verða við kröfunum eða ekki. Hann varð við þeim. Það er ekki rétt að áfellast framkvæmdastjórann í þessu ákveðna tilfelli, fyrir það, að hann gengi að kröfum verkafólksins. Þátttaka hans í Krossanesverkfallinu var eingöngu á þann hátt, að hann var í stj. Verklýðssambands Norðurlands. Og þó að hann hafi verið í stj. síldareinkasölunnar, þá sé ég ekki, að hægt sé að banna honum að taka þátt í verkföllum eins og þar komu fram gagnvart honum óviðkomandi aðilja. Hinsvegar get ég nokkuð skilið, að hv. þm. Vestm. áfellist Einar fyrir þessi mál, þar sem hann lítur svo á, að það eigi að vera aðalverkefni fram-

kvæmdastjóra síldareinkasölunnar að fá niður kaup fólksins. Ég hygg, að þó að hv. þm. þykist tala fyrir hönd útgerðarmanna og sjómanna, þá tali hann ekki fyrir hönd sjómanna. Það er áreiðanlegt, að þeir álíta ekki aðalverkefni framkvæmdastjóranna að fá niður kaupið, heldur þvert á móti, að kaup verkafólksins geti orðið sem allra hæst. Þá kom hv. þm. með nokkrar sögur um Finnland, sem algerlega eru teknar úr lausu lofti, um það, að síldareinkasalan hafi gert samning við Svía um að hafa einkaumboð á Finnlandi. Ég veit ekki, hvort hv. þm. trúir þessu sjálfur, en þetta er fjarri öllum sanni. Það hafa aldrei verið gerðir neinir samningar við Svía um slíkt. Fyrsta árið, sem síldareinkasalan var, voru seldar 6 þús. tn. Í fyrravetur fór Helgi Pétursson frá Kaupmannahöfn til að selja síld til Finnlands, en varð ekki ágengt. Ástæðan er sú, að eftir fyrsta ár einkasölunnar fékk Elvin konsúll mikinn áhuga fyrir síldarmálum og hugsaði, að Finnar sjálfir gætu veitt eins og Íslendingar og kom því til leiðar, að hár tollur var settur á erlenda síld vegna finnskrar síldar, 50 kr. á tunnu. Upp frá þessu tókst þessi mikla útgerð frá Finnlandi af hálfu Elvins konsúls. En hinu, sem hv. þm. hélt fram, að einkasalan hafi gert samning við Svía til þess að útiloka kaup til Finnlands, er fjarri öllum sanni. Annars geri ég ráð fyrir, að hv. þm. Ísaf. svari öðrum atriðum úr ræðu hv. þm. Það er eitt atriði, sem ég vildi sérstaklega árétta frekar í ræðu hv. þm. Ísaf. um þau ákvæði,sem komu frá n., að sjómannafél. skuli kjósa fulltrúa til síldareinkasölunnar í stað þess, að brtt. hans er um það, að þeir skuli kosnir af Alþýðusambandi Ísl. Nú er það svo, að engin sjómannafél. eru fyrir utan Alþýðusamband Íslands, svo að ekki er hægt að komast fram hjá mönnum, sem eru í Alþýðusambandinu, og ef þessu er framfylgt, þá yrði það eingöngu til þess, að sjómannafél. í Rvík, sem hefir á 11. hundrað meðlimi, réði öllu um kosninguna. En ef Alþýðusambandið kýs fulltrúana, þá mega Rvíkurfélögin sín minna en fél. úti um land. Í öðru lagi má geta þess, að eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, eru aðeins á 3—4 stöðum á landinu sjómannafél., en sjómenn eru alstaðar til við sjóinn á Íslandi. Þeir eru þá í verkamannafélögum eða verklýðsfélögum. Auk þess má geta þess, að verkamenn skrifa sig verkamenn og eru það eitt árið, en sjómenn annað árið, svo að það er ekki auðvelt að gera mikinn greinarmun á þessu, eins og n. hefir gert. Þess vegna vil ég mælast til þess, að deildin fallist á, að það verði Alþýðusamband Íslands sem eini rétti fulltrúi verkalýðsins í landinu, sem hefir innan sinna banda 7 þús. verkafólks, og áreiðanlega er eini fulltrúinn, er getur talað af myndugleik fyrir hönd sjómannastéttarinnar og verkafólksins í landinu, sem kýs fulltrúa fyrir sjómennina til síldareinkasölunnar.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. hefir gert þá brtt., að Alþýðusambandsstj. skuli kjósa fulltrúa fyrir hönd sjómannafélaganna. Það má vel vera, að það sé erfiðleikum bundið fyrir sjómannafél. að kjósa þessa menn, og að þess vegna sé það skynsamlegra að fela Alþýðusambandinu að kjósa þá. En einu vil ég, að slegið sé föstu, að til þessa starfs séu aðeins valdir sjómenn. Ég hefi heyrt það, ekki sízt á fundum í vetur á Ísafirði, að sjómenn líta svo á, að þeir hafi ekki sameiginlega hagsmuni við verkamenn, og það er áreiðanlegt, að þeir vilja skipa sjómenn í þetta fulltrúaráð. Þeir bentu á það mörgum sinnum, og það með rökum, að um leið og þeir bera úr býtum 6—700 kr. 2 mánuði ársins og verða að fæða sig þar af, þá fá menn, sem vinna í landi, frá 11—1400 kr., og margar stúlkur frá 800—1000 kr. Þeim finnst hér kenna nokkurs misréttis, þar sem vitanlegt er, að þeir leggja fram meiri vinnu en verkafólkið í landi, og starf þeirra er að öllu leyti áhættusamara. Ég ætlaði því að koma með brtt., en hv. frsm. hefir sýnt mér hér aðra brtt., sem hann ætlar að bera fram fyrir hönd n., um að skipa þessu máli á þann veg, að aðeins verði kosnir sjómenn í þetta fulltrúaráð. Ég get því fallið frá minni till., en vil mælast fastlega til þess, að þessi till. verði samþ.

Vilmundur Jónsson: Ég er fyrir mitt leyti ekkert sérstaklega á móti þeirri

brtt., sem ég heyri sagt, að hv. frsm. ætli að leggja fram skriflega. Þó væri e. t. v. samræmis vegna réttara að bera fram aðra till. um það, að útgerðarmenn fái þá ekki heldur að kjósa neina nema útgerðarmenn. Ég hygg hag sjómanna betur borgið, ef þeir mættu senda sem fulltrúa sína hverja þá menn, sem þeir treysta til að tala máli sínu og eru færir um það, án tillits til þess, hvort þeir eru beinlínis sjómenn eða ekki. En þetta er ekkert höfuðatriði.

Viðvíkjandi ræðu hv. þm. Vestm. skal ég taka það fram, að það kæmi mjög illa niður að tala til mín eins og ég sérstaklega væri málsvari síldareinkasölunnar og allra þeirra ágalla, sem á henni hafa reynzt. Það er þvert á móti. Enginn er fúsari en ég að játa, að hún hefir mikla galla, suma e. t. v. afsakanlega, en suma með öllu óafsakanlega. Ég hefi eingöngu borið einkasöluna saman við það ástand, sem var áður en hún var tekin upp. Og ég hygg, að þrátt fyrir allt og allt sé þessum útvegi betur borgið með því að veifa röngu tré en öngu, eins og áður var. Það er ekki hægt að bera á móti því, að síldarútgerðin var komin í strand, svo rækilega, að ekki gat betur orðið, og einkasalan hefir þrátt fyrir allt og allt fleytt henni fram til þessa tíma. Ég veit og undirstrika það, að skakkaföll og mistök hafa orðið hjá einkasölunni, en þrátt fyrir það álíta menn, og þ. á m. hv. þm. Vestm., að ekki komi til mála að leggja hana niður; þess vegna vill hann og fleiri taka höndum saman og reyna að vinna að endurbótum á henni. Það er svo sem auðvitað, að einkasalan hefir gert mörg mistök, en það ber líka alltaf meira á mistökum hjá opinberum fyrirtækjum. Ég kann mörg dæmi um svipuð mistök í atvinnurekstri einstakra manna. Sjómönnum í mínu byggðarlagi verður oft tíðrætt um síldareinkasöluna og ágalla hennar, því að þeir þekkja þá svo vel, og þeir hafa margar till. um það, hvernig eigi úr þeim að bæta. En engum dettur í hug að leggja til, að einkasalan verði lögð niður, ekki fremur en mér og hv. þm. Vestm. Og úr því að okkur kemur svo vel saman um það höfuðatriði, hirði ég ekki að eyða orðum að einstökum minniháttar atriðum í ræðu hans, því síður, sem okkur getur komið vel saman um mörg þeirra.

Aðalgallinn á síldareinkasölunni er það, að hún er hvorki fugl né fiskur, hvorki samvinnufélag né ríkisfyrirtæki, heldur nokkurskonar samvinnufélag, er ríkið lætur stjórna. Þetta er óheppilegt; annaðhvort verður þetta að vera hreint ríkisfyrirtæki — þá myndi einkasalan ekki alltaf vera í vandræðum með rekstrarfé, en það hefir verið hennar mesta mein — eða þá samvinnufyrirtæki, sem verður þá að vera stjórnað sem samvinnufyrirtæki, og sú leið er einmitt farin með þessu frv., sem lagt hefir verið fram, og ég ásamt flokksmönnum mínum hefi leyft mér að bera fram brtt. við.

Jóhann Jósefsson: Hv. þm. Ísaf. lýsti yfir því, að hann vildi ekki gera neitt sérstakt atriði í ræðu minni að ádeiluefni, því hann væri mér að mestu leyti sammála. Við hv. 3. þm. Reykv. get ég sagt það, að ég tel það ekki neina goðgá, þó ég minnist á forstjóra síldareinkasölunnar, þó að hann hafi látið af völdum, eða þau ranglætisverk, sem hann framdi á sinni stjórnartíð. Það verður ekki komizt hjá því, að þessir menn séu nefndir með nafni. Það hefir verið gert áður í mörgum tilfellum, að minnzt hefir verið á nöfn opinberra starfsmanna hér á þingi. (ÓTh: Í þessu tilfelli er það líklega af því, að hann er viðstaddur, að hv. 3. þm. Reykv. tekur svona sárt til hans). Það er verið að ræða um starf manns í opinberri stöðu, en ekki einkalíf hans. Ég sé því ekkert athugavert við það, þó ég nefni nafn Einars Olgeirssonar í þessu sambandi, því að það er sannað, að hann hefir misbeitt mjög stöðu sinni sem forstjóri einkasölunnar. Hann notaði áhöld félagsins, lystisnekkju, til þess að flytja ofbeldis- og öfgamenn til að koma á verkfalli í Krossanesi. Þetta er eina ferðin, sem þessi lystisnekkja hefir verið notuð til, þegar Einar flutti lið að Krossanesi til að koma verkfallinu af stað. Þessi farkostur hafði kostað einkasöluna 10 þús. kr. Í skýrslu einkasölunnar frá síðasta ári átelur annar forstjórinn, Pétur Ólafsson, hve Einar hafi misbeitt stöðu sinni til að koma á stórfelldri kauphækkun við söltunina þvert ofan í gildandi taxta.

Þá eru áritanirnar á ávisanir Ingvars Guðjónssonar og fleiri slíkra, sem Einar hefir gert í heimildarleysi, og margt er fleira, sem of langt yrði upp að telja, er sannar, hvert böl hefir verið að setja þennan mann til forustu við síldarverzlunina.

Þeir, sem ábyrgð bera á afleiðingum verka Einars Olgeirssonar við einkasöluna, verða að sætta sig við, þó á hann og afrek hans sé minnzt hér við þetta tækifæri.

Hitt fór hv. 3. þm. Reykv. ekki út í, að reyna að verja verk þessa fyrrv. forstjóra, og þó geri ég alls ekki ráð fyrir, að hann sé þeim samþykkur. Ég skal svo ekki tefja tímann öllu meira um þetta; hv. frsm. er ekki kominn í deildina. En hv. þm. Ísaf. minntist á það, að einkasalan ætti að vera samvinnufyrirtæki. Við sjálfstæðismenn höfum jafnan barizt fyrir því, að síldareinkasalan væri rekin með meiri samvinnu allra aðilja en nú er, en það var á sínum tíma fellt hér á þingi. Vonandi er, að reynslan sé búin að sýna hv. þm. fram á, að af óstjórn einkasölunnar hafa hin mestu vandræði orðið, sem enn kunna að aukast, ef ekki er tekið í taumana. Allir, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu efni, og þjóðin í heild eiga kröfu til þess, að þingið reyni að reisa við þennan atvinnuveg, sem er nærri kominn í rústir fyrir vanhyggju og óstjórn á ýmsum sviðum.

Ásgeir Ásgeirsson: Þar sem hv. frsm. er ekki við, en hafði ætlað að flytja skriflega brtt., get ég í hans stað flutt till.

Við höfðum í n. komið okkur saman um, að aðalfundur skyldi kosinn af útgerðarmönnum og sjómönnum, en við sáum, að örðugt var að finna leið til þess að sjómenn kæmu við kosningunni. Ég man, að ég tók það fram í n., að ef meiri háttar vandkvæði virtust á því við umr., og annað væri frekara til samkomulags, þá myndum við eins geta fallizt á, að Alþýðusambandið kysi þessa fulltrúa. Af því að till. hv. þm. Ísaf. er komin fram og hann hefir mælt fyrir henni, og með tilliti til þess, sem aðrir ræðumenn hafa sagt um málið, berum við fram svofellda brtt. við hana: Að í stað orðanna „Meiri hl. fulltrúa Alþýðusambandsins skal kosinn úr hópi sjómanna“ komi: Fulltrúar Alþýðusambandsins skulu allir kosnir úr hópi sjómanna, og skulu 2 vera af Suðurlandi, 2 af Vesturlandi, 2 af Norðurlandi og 1 af Austurlandi.

Við getum orðið samflota öðrum hv. þm. í þessu máli, af því að við teljum, að þessu fyrirtæki sé bezt borgið með því að draga það sem mest út úr stjórnmálunum, og meira en verið hefir, og að hagsmunum þeirra, sem eiga hér hlut að máli, sé bezt komið með því að láta þá annast þá sjálfa.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 408) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Út af þessari síðustu skrifl. brtt. vil ég taka það fram, að ég mun greiða atkv. á móti henni, af því að ég tel fráleitt að slá því föstu, að verkafólkið í landi eigi engin minnstu áhrif að hafa á stjórn eða rekstur síldareinkasölunnar, eins og því sé óviðkomandi, hvernig það fyrirtæki sé rekið.

Vilmundur Jónsson: Ég hygg, að þetta sé ekki eins hættulegt og hv. þm. Seyðf. heldur. Því að ef Alþýðusambandið, sem er fulltrúi bæði sjómanna og verkamanna, skipar þessa menn, þá verður því engin skotaskuld úr því að velja þá fulltrúa úr hópi sjómanna, sem vel er trúandi til að líta á hagsmuni beggja.

ATKVGR.

Brtt. 96,1 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 96,2 (4. gr. falli niður) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 96,3 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 96,4 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 352,1 samþ. með 12 : 3 atkv.

— 96,5, svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

— 408 samþ. með 15 : 1 atkv.

— 387, svo breytt, samþ. með 16 : 1 atkv.

— 352,2 og 96,6 sjálffallnar.

— 96,7 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 96,8 samþ. með 16 shlj. atkv.

5. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 96,9 (ný 6. gr., verður 5. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
7.—8. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 96,10.a (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
96,10.b (ný gr., bráðabirgðaákvæði) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 21. ágúst, mælti

forseti (JörB): Það hafa komið fram óskir um það frá nokkrum þm., að tekið yrði hér á dagskrá frv. til l. um breyt. á l. nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld. Með því að málið er ekki á dagskrá, þarf afbrigða frá 43. gr. þingskapa um að það megi komast hér að nú, og mun ég bera það undir d., hvort hún vill heimila þau afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Var frv. síðan tekið til 3. umr. (A. 410, 411).
Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 411. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Ég hefi leyft mér að flytja brtt. á þskj. 411 við þetta frv., þess efnis, að heimili og varnarþing síldareinkasölunnar skuli vera á Siglufirði, en ekki á Akureyri, eins og nú er. Bar ég fram samskonar till. á þinginu 1929, þegar þessi l. voru sett, og þóttist hafa sýnt fram á það þá, að eðlilegra væri í alla staði að hafa heimili og varnarþing einkasölunnar á þessum stað, enda vita allir, að Siglufjörður er miðstöð síldarútgerðarinnar. Þar sem nú hinsvegar er komið að þingslitum, og þetta mál á eftir að ganga í gegnum hv. Ed., en svo gæti farið, að þessi brtt. mín tefði fyrir framgangi málsins á þessu þingi, þó að ekki sé hún stórvægileg, mun ég taka hana aftur að þessu sinni, af því að ég álít, að í þessu frv. felist allmiklar umbætur á núv. fyrirkomulagi einkasölunnar, og ég vil ekki eiga sök á því, að þær farist fyrir á þessu þingi. En eigi ég sæti á næsta þingi, er eins víst, að ég mun bera fram frv. til l. um breyt. á þessu atriði.

Jóhann Jósefsson: Mér láðist að hnekkja einu atriði í ræðu hv. 3. þm. Reykv. við 2. umr. þessa máls, um leið og ég rak hið annað ofan í hann, sem hann hafði haldið fram í þessu máli og sótt í smiðju til utanþingsmanns nokkurs, er staddur var við dyragætt deildarinnar meðan umr. fóru fram, sami maðurinn og um eitt skeið var stjórnandi síldareinkasölunnar og látið hefir þar eftir þann orðstír, er áður lýsti ég. Alla sína vizku í þessu máli sótti hv. 3. þm. Reykv. í þennan fyrrv. starfsmann síldareinkasölunnar.

Þetta atriði snerti útgerð konsúls Elvins frá Finnlandi hér við land. Vildi hv. 3. þm. Reykv. ekki viðurkenna, að það væri fyrir mistök einkasölunnar, að Finnar hefðu ráðizt í stórútgerð hér við land, og sótti hann þetta sem annað til áðurnefnds utanþingsmanns, sem líklegt er, að talið hafi sig sakbitinn, er ég gat um viðskipti hans við Finnana. Nú var einkasalan byrjuð að selja síld til Finnlands og sú sala á góðri leið, en fyrir áeggjan sænskra stórkaupmanna fór einkasalan að verða tregari í samningum við Finna, og leiddi þetta til þess, að þeir fóru að reyna að bjarga sér sjálfir, til þess að losna við þá álagningu, sem milliliðir einkasölunnar í Svíþjóð tóku af síldinni. Því verður ekki hrundið, að sú staðreynd, að Finnar eru farnir að reka síldarútgerð hér við land, á m. a. rætur sínar að rekja til stj. einkasölunnar, eins og fleiri misbrestir á sviði síldarmálanna.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Áður en þetta mál er afgreitt héðan úr hv. d. vildi ég segja nokkur orð um það. Vil ég þó fyrst nota tækifærið til að óska hinum gömlu vinum, sem ég sé, að nú hafa setzt saman í ráðherrastólana, til hamingju. Kemur mér út af þessu í hug það, sem gerðist í Ed. í dag, en þar lét einn þm. í Framsóknarflokknum í ljós, að allar vonir stæðu til þess, að núv. dómsmrh. færi nú

batnandi úr þessu, og sagði þessi þm. í þessu sambandi, sem rétt var, að batnandi manni er bezt að lifa. Mér kemur þetta í hug, af því að ég hefi grun um, að hæstv. fjmrh. hafi alið einhverjar svipaðar vonir í brjósti viðvíkjandi dómsmrh., því að ef svo væri, vildi ég, að hæstv. fjmrh. hefði verið staddur í Ed. rétt áðan, til þess að sjá framan í sessunaut sinn þar, þegar hann steytti hnefana framan í einn þm. þar og kallaði hann bæði þjóf og ræningja. (**Forseti** (hringir): Ég vil biðja hv. þm. G.-K. að halda sér að málinu, en það er einkasala á síld, sem hér er á dagskrá). Það er rétt hjá hæstv. forseta, að hér er til umr. frv. til l. um breyt. á síldareinkasölul., en ég vildi nú engu að síður nota þetta tækifæri til að óska þessum gömlu vinum til hamingju, sem nú eiga að ríkja saman í einingu andans og bandi friðarins. (**Fjmrh.**: Það er vingjarnlega gert af hv. þm.). En ég verð þó að segja það, að mikill er máttur drottins, ef þessi hjónakærleikur stendur lengi, því að þetta er það ólánlegasta hjónaband, sem ég hefi séð á æfi minni, og skil ég satt að segja ekkert í prestinum í Laufási, að hann skyldi gefa sitt samþykki til þess.

Skal ég þá víkja að sjálfu málinu, og vil ég fyrst gera grein fyrir því, af hverju ég hefi ekki tekið þátt í umr. um það. Eins og áður, var ég að þessu sinni meðflm. að frv. til l. um breyt. á stjórnarfyrirkomulagi þessa fyrirtækis, og er það einmitt það sama frv., sem hér um ræðir, en frv. hefir nú tekið allmiklum breyt. í meðförunum samkv. till. sjútvn., en fyrir því hafði ég ekki afskipti af málinu í umr., að mér duldist ekki, að þessar breyt. á stjórnarfyrirkomulagi einkasölunnar voru til batnaðar fremur en hitt, en hinsvegar lít ég svo á, að fengin sé það mikil reynsla um þetta fyrirtæki á undanförnum árum, að ekki sé hægt að gera sér miklar vonir um það, enda þótt breytt sé um stjórnarfyrirkomulagið. Fyrrv. stj. einkasölunnar hefir haldið svo á málunum, að keppinautar okkar á þessu sviði hafa færzt í þá auka, að flestar þær þjóðir, sem síldar neyta á annað borð, hafa gert hingað út leiðangra og aflað það vel, að svo má heita, að þær geti sjálfar fullnægt þörfinni fyrir síldina heima fyrir. Þær vonir, sem menn gerðu sér um þetta fyrirtæki, hafa því gerbrugðizt, og það er að fara úr öskunni í eldinn, ef reynt væri að fara að lappa upp á þetta fyrirtæki. Þá væri skömminni skárra að létta þessu fargani af.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., 21. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 410).

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason [óyfirl.]: Ég stend aðallega upp til þess að lýsa yfir því, að ég tel ekki ástæðu til, að þessu frv. verði vísað til n. Það mundi eiga að ganga til sjútvn., og í henni á ég sæti, og nú er það svo, að hún er ekki skipuð nema 2 mönnum, og tel ég því rétt, að ég lýsi strax afstöðu minni til þessa frv., ef svo væri, að hv. meðnm. minn teldi ekki ástæðu til að fá frv. til meðferðar í n. Ég tek það fram strax, að frv. um svipað efni var hér á þingi í fyrra og þá komu fram brtt., sem gengu nálega allar í sömu átt og frv. er nú í þessum búningi. Ég hefi af sérstökum ástæðum, sem ekki er þörf á að greina hér frekar, fylgzt með gangi þessa máls í Nd., og get þess vegna strax lýst yfir því, að ef ég ætti að fjalla um málið í n., þá mundi ég mæla með því, að það yrði samþ. Ég geri ráð fyrir, að svo sé einnig um fleiri dm., að þeir hafi fylgzt með þessu máli, því að mér virðist svo sem allir flokkar standi að þessu frv., eins og það er nú. Hinsvegar sé ég ekki ástæðu til að fara að bera frv. saman við gildandi lög um þetta efni, en vil aðeins mæla með því, að frv. nái nú fram að ganga.

Jakob Möller: Ég vil aðeins leyfa mér að mæla með því, að frv. nái fram að ganga nefndarlaust.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 22. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 447).

---

41. Laun embættismanna.

Á 33. fundi í Ed., 19. ágúst, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16, 19. maí 1930 [Laun embættismanna] (þmfrv., A. 354).

Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Jón Baldvinsson): Ég þykist hafa ástæðu til að ætla, að stj. eða flokkur hennar ætli ekki að koma með frv. um framlengingu á þessum l. á þessu þingi. Þess vegna tók ég upp þetta frv., með því að mér var ljóst, að ekki voru eftir nema örfáir dagar af þingtímanum, en hinsvegar tilfinnanlegt, ef öll dýrtíðaruppbót ætti niður að falla við næstu áramót. Það hefir verið um það deilt, hvort dýrtíðaruppbótin ætti að lækka um ¼ eða ekki. Ég veit ekki, hvernig þetta hefir verið afgr. úr Nd., en hvernig sem því líður, þá er það nauðsynlegt, að þetta komi til kasta þingsins, og stjórnarflokkurinn sýnir þá, hvort þessi lög eiga að falla úr gildi og engin dýrtíðaruppbót að koma til greina.

Eins og kunnugt er, áttu ákvæðin, sem snerta dýrtíðaruppbótina frá 1919, að gilda í 6 ár, til ársloka 1925. Síðan voru samþ. sum ákvæði launalaganna, sem fjalla um dýrtíðaruppbót, og framlengd til ársloka 1928. Ég veit svo ekki, hvort þau hafa einu sinni eða tvisvar verið framlengd síðan, til eins árs í senn. Það er víst, að þau falla úr gildi um næstu áramót, eins og sjá má af lögunum frá þinginu 1930. Ég vil því leyfa mér að stinga upp á því, að það komi til atkvæða þingsins, hvort þau verða framlengd eða ekki. Ég sting upp á því, að þau verði framlengd til ársloka 1933.

Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, ef þetta mál hefir fylgi og líkur eru til þess, að það geti gengið gegnum d., að þá haldi hann tvo fundi að þessum loknum, svo að málið verði afgr. frá d. Ég sé enga ástæðu til að setja það í n., því málið er svo einfalt. Þetta er aðeins ein lína, og í henni falin sú breyt., að fyrir orðin „til ársloka 1931“ komi: til ársloka 1933. Þetta er líka svo gamalt mál, að allir hv. þdm. vita, við hvað er átt. Það er ekki annað en að bera saman, hvort skakkt er vitnað í l. eða töluliði í frv. Ég sé því ekkert til hindrúnar því, að það gangi fram nú. Það er talað um að slíta þingi um helgina, svo að það er ekki mikill tími til umsvifa. Það ætti að vera verk hæstv. stj. að sjá um slík lög og þetta, og ég ætla yfirleitt ekki að hlaupa í skörðin fyrir hana. En af því að svona var áliðið þings og það dróst, að stj. bæri þetta fram, þá sá ég ekki annað fært en að láta það koma til atkv., hvort hv. þm. vildu breyta svo til, að láta embættis- og starfsmenn ríkisins missa þá dýrtíðaruppbót, sem þeir hafa fengið á vinnu sína, eða ekki.

Forseti (GÓ): Það er ekki gott að segja, hvort d. vinnst tími til að taka málið á dagskrá aftur í dag. Það eru mörg mál eftir og óvíst, hvort tími vinnst til þess.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 21. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (GÓ): Mér hefir verið afhent svo hljóðandi skrifleg brtt. við frv.:
„Fyrir „til ársloka 1933“ í frvgr. komi: til ársloka 1932“.
Til þess að breyt. þessi megi koma til umr. og atkvgr. verður að veita afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 424) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er ég, sem hefi flutt þessa skrifl. brtt., að í staðinn fyrir 1933 komi 1932, og það er beinlínis af því, að ég álít það dálítið varhugavert nú að samþ. dýrtíðaruppbót til 2 ára í einu. Úr því að uppbótin er ekki föst í launalögunum, þá er eðlilegast á tímum eins og nú eru, að hún sé ákveðin frá ári til árs.
Ég álít réttara að breyta dýrtíðaruppbótinni að vissu leyti á þessu ári, þannig að hafa hana lítið eitt hærri en lögákveðið er á lægri laun, en láta hana svo fara lækkandi á hærri launum og hverfa svo. Það er almennt búizt við því, með því verðlagi, sem er á íslenzkum vörum, að það geti ekki farið hjá því, að þröngt verði í búi hjá mörgum. Ég vil benda á það, að land eins og Kanada á óselda meira en árs hveitiuppskeru. Af þessu hefir skapazt hin mesta neyð þar. Það er vitanlegt, að erfiðleikar með að selja saltfisk eru meiri nú en nokkurntíma áður, og ástandið í því landi, sem mest af okkar saltfiski hefir verið selt til, er nú þannig, að það er ekki gott að segja, hvenær markaður kemst aftur í venjulegt horf. Ef svo færi, sem maður vonar að ekki verði, að okkar helztu framleiðsluvörur verði um langan tíma jafntorseljanlegar eins og hveitið í Kanada, þá er áreiðanlegt, að það mundi skapa Íslendingum yfirleitt svo stórkostlega erfiðleika, að hér yrði allur annar blær á lífi manna en verið hefir í tíð okkar, sem ekki erum nema miðaldra. Fari svo, sem ég að vísu vona að ekki verði, en óttast að geti komið fyrir, að þessir erfiðleikar kunni að verða miklir á næsta ári, þá er auðvitað með öllu ósanngjarnt, að nokkur hluti þjóðarinnar sé hafinn yfir dýrtíðina. Það verða allir að líða, ef meiri hl. þjóðarinnar líður, og allir verða að spara, ef meiri hluti þjóðarinnar verður að spara. Þess vegna álít ég, að það, sem hægt er að gera nú, a. m. k. á þeim stutta tíma, sem eftir er af starfstíma þingsins, er að samþ. dýrtíðaruppbót a. m. k. ekki nema til eins árs í einu, og ef til vill með einhverjum breyt., sem mætti koma fram með ekki mjög miklum rannsóknum, þannig að laun, sem eru yfir 4—5 þús. kr., hafi litla eða enga dýrtíðaruppbót á árinu 1932, en ég hefði helzt á kosið, að því hefði verið þannig fyrir komið, að dýrtíðaruppbótin væri hækkuð á lægstu laununum, en hyrfi eða væri mjög lág á hærri launum. En sökum þess að þetta ber svo bráðan að, mun ég láta mér nægja að benda á þetta almennt.

Jón Baldvinsson: Þegar ég var að taka saman þetta frv., var ég að hugsa um það, hvort það ætti ekki að framlengja þetta aðeins til ársloka 1932, en eftir því sem ég virti það lengur fyrir mér, fannst mér rétt að fylgja því, að framlengingin yrði til ársloka 1933, af þeim ástæðum, að ég hýst ekki við, að fyrr verði hægt að

koma í kring endurskoðun á launalögunum, eins og gert er ráð fyrir, þegar dýrtíðaruppbótin ætti að falla niður. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að þó þessi lög standi, þá sé viss hluti þjóðarinnar hafinn yfir dýrtíðina, því það er svo, að dýrtíðaruppbót á laun starfsmanna og embættismanna landsins er reiknuð út með tilliti til verðlags á vörum, þó um skeið hafi verið borgað hærra en sá útreikningur benti til, eftir fyrirmælum þingsins, og það er einmitt með tilliti til sérstaks verðs á framleiðsluvörum landsins. Svo launagreiðslan fer nokkuð eftir því, hvernig verðlag reynist á hverju hausti, þegar dýrtíðaruppbótin er reiknuð út.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að samþ. þessa till., því að laun embættismanna og annara starfsmanna lækka af sjálfu sér, ef fylgt er út í æsar lögunum um dýrtíðaruppbót og framleiðsluvörur okkar halda áfram að falla í verði, því svo mikið tillit er tekið til þess við útreikning dýrtíðaruppbótarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 424 felld með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, EÁrna, IP, JónJ, JónasJ, MT.

nei: BSn, GL, HSteins, JakM, JBald, JónÞ, PM.

Einn þm. (PH) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., 22. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 354).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 : 1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 451).

---

42. Hýsing prestssetra.

Á 14. fundi í Nd., 28. júlí, var útbýtt: **Frv. til l. um íbúðarhús á prestssetrum** (þmfrv., A. 132).

Á 16., 17. og 20. fundi í Nd., 30. og 31. júlí og 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Þetta frv., sem hér liggur fyrir og flutt er af allshn., er orðið gamall kunningi hér í deildinni, þar sem það hefir verið borið fram á tveimur þingum áður. Það lá fyrir þinginu 1930, borið fram af stj., og á síðasta þingi var það borið fram af allshn. eins og nú. Ég býst við, að það muni einnig að þessu sinni daga uppi hér í d., þar sem svo er áliðið þingtímann, og frv. aðeins komið til 1. umr. Það er því ekki vert að fara um það mörgum orðum að sinni, þótt málið sé mjög nauðsynlegt og þyrfti skjótrar úrlausnar hjá Alþ.

Ef í fáum dráttum er skýrt frá, hversu byggingarmál prestssetranna hafa verið afgr. undanfarið, þá er það fyrst 1907, sem þingið byrjar að veita lán til bygginga á prestssetrum. Var ákveðið, að veittar skyldu 15 þús. kr. til þessa árlega,

en þó eigi meir en 5 þús. kr. til hvers húss. Þegar nær dregur stríðstímunum, þá reynist ógerlegt að byggja fyrir svo litla upphæð, og er hún þá hækkuð upp í 5 þús. kr. til hvers húss. Þegar svo stríðið skellur á, reynist það einnig óframkvæmanlegt að byggja fyrir þessa upphæð nokkurt hús, enda er ekkert hús byggt á prestssetrum á þessu tímabili fram undir 1921. Þá er aftur sett löggjöf um það, að lán umfram þessar 5 þús. kr. skuli mega veita gegn afgjaldskvöð af prestssetrinu, þannig, að fyrir þann styrk greiði ábúandinn 4% í vexti og afborganir. Eftir þessum lögum má veita 5 þús. kr. styrk til hvers húss úr kirkjujarðasjóði, og síðan lán gegn afgjaldskvöð. Með þessum kjörum eru allmörg hús byggð á árunum 1921—28, eða um 14 hús alls. En meðalverð þessara húsa fer allmikið fram úr því, sem fært þykir að gera prestunum að greiða afgjaldskvöð fyrir. Meðalverð þessara 14 húsa er í kringum 25 þús. kr., og þó er ekki hægt að segja, að nema örfá þeirra séu fullgerð. Í flest þeirra vantar t. d. miðstöð, og yfirleitt er það svo, að aðeins nokkur hluti þessara 14 húsa er svo fullgerður, að viðunandi megi kalla. Þótt ég nefndi áðan 25 þús. kr. sem meðalverð, þá eru þó allmörg húsanna, sem komast upp fyrir það, tvö húsin t. d. hafa kostað 34—35 þús. kr. Þegar svo dýrt var orðið að byggja, þótti ófært að gera prestum að skyldu að greiða afgjaldskvöð fyrir allan styrkinn, en í stað þess var tekin upp sú venja, að láta þá aðeins greiða af fyrstu 15 þús. kr., eða mest 600 kr. fyrir hvert hús. Hitt, sem fram yfir er, verður að skoðast sem kvaðalaus styrkur. Kvaðalaus styrkur til húsabygginganna var þá, þar sem hann var mestur, upp undir 20 þús. kr. Þegar svo var komið, þá var það orðið óhæfilega erfitt fyrir ríkissjóð og ábúandann á prestssetrinu að rísa undir þessum útgjöldum. Þess vegna var það, að þrátt fyrir hina miklu ívilnun ríkissjóðs fram yfir það, sem lög stóðu til, var kvöðin orðin óbærileg, og varð æ þyngri eftir því sem meiri kröfur voru gerðar um varanleika húsanna og þægindi. Það var fullkomlega nóg fyrir prestana að þurfa að standa undir þessum 15 þús. kr., og því til skýringar ætla ég að gefa sundurliðað yfirlit um kvaðir þær, sem á einu prestssetri hvíla nú. Tek ég það sem dæmi; sumstaðar er minna, en sumstaðar aftur á móti meira.

Afgjaldskvöð af 15 þús. kr.	kr.	600.00
Fyrningargjald af húsinu	—	122.50
Brunabótagjald	—	50.00
Ársgjald af 8600 kr. (lán úr ræktunarsjóði til annara bygginga)	—	793.50
Brunabótagjald af ræktunarsjóðsláni	—	46.80
Afgjald af jörðunni	—	220.00
Girðingargjald	—	22.00
Fasteignaskattur	—	37.00
Alls	kr.	1891.80

Við þetta bætist, að presturinn á í húseign á þessari jörð sem svarar kr. 8600, og ef afgjaldskvöð væri tekin af því, er hann fer, þá bættust við kr. 602.00. Þá væri komin afgjaldskvöð af þessum jörðum, sem næmi hvorki meira né minna en 2500 kr. Hin litlu byrjunarlaun prestsins eru algerlega horfin í þessi gjöld. Það er enginn efi á því, að svona verður það orðið á flestum prestssetrum innan skamms, ef ekkert er að gert frá hálfu hins opinbera. Þetta var það, sem vakti fyrir mþn. í kirkjumálum, þegar hún tók til athugunar, á hvern hátt væri hægt að létta af ríkissjóði þessari byrði, sem er orðin afarmikil, og jafnframt gera ábúendum prestssetranna auðveldara að standast kostnaðinn við jarðirnar. Að áliti n. er ekki nema ein leið fær til þessa, og hún er sú, að draga úr byggingarkostnaðinum, með því að skapa meira aðhald m. a., og dreifa honum á fleiri aðila.

Úr byggingarkostnaðinum hugði n., að hægt væri að draga á þann hátt, að breyta til og láta fyrsta fjárframlagið til húsanna vera kvaðalaust, en ekki hið síðasta, eins og gert er eftir núgildandi lögum. Eins og tekið er fram í 2. gr. frv., má veita kvaðalausan styrk fyrst og síðan lán úr kirkjujarðasjóði, og það, sem fram yfir er, lenti á prestunum sjálfum eða þeim, sem léti byggja. Með þessu móti er hægt að skapa aðhald, svo að

húsin yrðu ekki eins óhæfilega dýr og nú tíðkast. Nú er alveg sama, hvernig prestarnir byggja. Það lendir alltaf á þá að greiða af 15 þús. kr., en ekkert meira hversu langt sem húsverðið fer fram úr þeirri upphæð. Þeir, sem byggja fyrir 15 þús. kr., og þeir, sem byggt hafa fyrir 34 þús. kr., þurfa báðir að greiða jafnt, 15 þús. kr. Þetta er, eins og allir hljóta að sjá, afaróeðlilegt og skapar ekkert aðhald við byggingarnar. Hinsvegar ætlast n. til, að um leið væri hægt að dreifa kostnaðinum eitthvað, t. d. með því að láta aðflutningana lenda á söfnuðinum og gröftinn o. fl. á prestinum. Þetta hefir allshn. ekki viljað fallast á, og hefir því fellt það úr frv. eins og hún nú flytur það. Sömuleiðis eru komnar fleiri smábreyt. á frv. frá því að kirkjumálan. afgr. það. Yfirleitt eru margar þær breyt., sem allshn. hefir gert á frv., til bóta fyrir ábúendurna, og ganga feti lengra en kirkjumálan. þorði að fara í upphafi. T. d. hefir allshn. fundizt sanngjarnt, að kvaðalaus styrkur gæti orðið eins hár og áður, meðan ekki var fastákveðið hámark. Þá gæti styrkurinn í sumum tilfellum orðið 18—20 þús. kr., en nú getur hann orðið 15—18 þús. kr. Aðrar verulegar breyt. hafa ekki verið gerðar á frv.

Síðari hluti frv., um byggingu peningshúsa, hafði verið felldur niður af allshn. í fyrra, og ekki var hann heldur í frv. þegar stj. flutti það, en hann er nú tekinn hér upp aftur, en þó með þeim fyrirvara, að allshn. er ekki alveg sammála um einstök atriði, og hefir því óbundnar hendur í því efni.

Það, sem fyrir mér vakti, þegar ég vildi taka upp þennan kafla, var það, að ekki er síður nauðsyn fyrir ríkið að hafa eftirlit með byggingum útihúsa á prestssetrum, þar sem það er orðin föst venja, að prestarnir byggi útihús á jörðunum á sinn kostnað, og svo þegar þeir fara frá og nýr prestur kemur í staðinn, þá kaupir ríkið öll húsin, og afgjaldskvöðin, 4%, leggst á nýja ábúandann. Þetta fyrirkomulag veitir prestunum ekkert aðhald. Þeir geta byggt alveg eftir því, sem hverjum og einum sýnist, þegar þeir vita, að keypt verður af þeim, hversu óeðlilega dýrt sem þeir hafa byggt. Útihús eru nú orðin svo dýr, að ekki er alltaf hægt fyrir einstaklinga að byggja þau eins fullkomin og þau þyrftu að vera, og ef ríkið á að kaupa þau einhverntíma seinna, þá er alveg sjálfsagt, að stj. séu sendar teikningar að húsunum, og að húsin séu því aðeins byggð, að stj. samþykki uppdrættina. Í þessu frv. er ætlazt til, að ef stj. samþ. teikningarnar, þá skuli ríkið leggja til útlenda byggingarefnið sem fjárframlag til bygginganna. Hitt getur svo presturinn unnið af sér sem kvöð, sem hvílir á jörðunni.

Þetta er ábúanda vitanlega mikið hagræði, en ég álít, að í þessu sé ennþá meiri nauðsyn fyrir það opinbera. Þegar sú regla hefir verið tekin upp að kaupa húsin af fráfarandi, álít ég heppilegt, að hið opinbera hafi ákvörðunarrétt um það, hvernig eigi að byggja í hverju einstöku tilfelli, svo að það verði í sem beztu samræmi við þörf jarðarinnar.

Ég þarf svo ekki að fjölyrða um þetta. Hv. þdm. er svo vel kunnugt um, að þetta þarfnast mjög skjótrar úrlausnar. Að öðru leyti vísast til grg. mþn. í kirkjumálum, þar sem þetta er skýrt rækilega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2 umr með 15 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 11. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, 259).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 259. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Ég hefi ásamt hv. 1. þm. S.-M. leyft mér að bera hér fram brtt. á þskj. 259, og eru þær einkum við 2. og 7. gr. frv.

Ég ætla fyrst að víkja að 7. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir, að prestur annist framkvæmd verksins, nema ráðh. feli það öðrum. Ég veit ekki betur en að það hafi verið venja undanfarið, og ég tel það góða venju, að bjóða út byggingu húsa. og ég sé enga ástæðu til þess að bregða frá þeirri venju um opinberar byggingar. Ég get heldur ekki séð, að prestar séu öðrum hæfari til þess að hafa slíkar framkvæmdir með höndum. Ég álít miklu frekar, að prestar séu bændum ó-

hæfari til þess, einkum þar sem þeir eru óstöðugir við heimili sín og eiga því erfitt með að fylgjast með verkinu.

Í brtt. á þskj. 259 er gert ráð fyrir því, að verkið sé boðið út með 6 mánaða fyrirvara a. m. k. Verður varla litið svo á, að það sé of langur tími. Ég hefi veitt því eftirtekt, að nú upp á síðkastið eru bændur til sveita farnir að bjóða út byggingar og spara með því töluvert fé, og á Akureyri er það orðin föst venja að gera það. Það er nú líka svo, að þeir, sem vanir eru að standa fyrir byggingum, eiga hægra með að koma þeim upp fyrir lágt verð en aðrir. Ég held því, að þessi breyt. sé nauðsynleg og sjálfsögð og muni spara bæði ríkissjóði og presti töluvert fé.

Þá er brtt. við 2. gr. Í frv. er gert ráð fyrir, að ekki megi veita hærri styrk til eins íbúðarhúss en 18000 kr. og ekki lægri en 15000 kr. Þetta þykir mér undarlegt ákvæði. Margir bændur hafa á síðari árum komið upp myndarlegum byggingum handa sér og fjölskyldu sinni fyrir 15—20 þús. kr. Ég álít, að þetta séu stærri byggingar en prestar þurfi, því þó að maður geri ráð fyrir, að prestar þurfi einu herbergi fleira en bændur almennt, munu þeir ekki reka svo mikinn búskap, að þeir þurfi eins mikið húsrúm sem bændur. Ég vil í þessu sambandi minna á, að nokkrir bændur hafa byggt hús með það fyrir augum að stækka þau síðar. En vegna þeirra stefnubreytinga, sem nú eru að gerast, hefir það sýnt sig, að slíkra endurbóta hefir ekki orðið þörf. Þess er og að gæta, að prestar munu yfirleitt hafa fátt fólk á vetrum. En þótt þeir hafi nokkru fleira fólk á sumrin, þarf ekki að gera stór hús þess vegna, því það er ódýrt og hagkvæmt að gera þá sumarskála fyrir verkafólkið. Væru þeir því eins góðir og venjuleg íbúðarhús. Þessa skála mætti svo nota til verkfærageymslu á vetrum.

Ég hygg, að íbúðarhús á prestssetrum í sveitum megi víðast gera fyrir 18000 kr. En sé mjög erfitt um aðdrætti, getur byggingarkostnaðurinn orðið töluvert meiri. En þá vil ég spyrja: Hvers vegna á að veita einum presti 18000 kr. styrk, sem er fyrir allan byggingarkostnaðinn, en aðrir fá ekki allan byggingarkostnaðinn vegna þess að þeir eiga öðrum erfiðara með að afla efnis og byggingin verður því dýr. Þá geta byggingar á afskekktum stöðum orðið óeðlilega dýrar vegna þess að ekki er hægt að koma þar við þeim tækjum við vinnuna, sem venjuleg eru. Ég hefi því gert það að till. minni, að styrkurinn sé ákveðinn allt að ⅔ byggingarkostnaðar.

Ég geri ráð fyrir því, að aðalreglan verði sú, að styrkurinn sé ⅔ byggingarkostnaðar, en ég álít rétt að hafa þá leið opna að draga af styrknum þegar sérstaklega stendur á.

Ég geri ráð fyrir, að húsin verði gerð eftir uppdrætti og áætlun frá einhverri stofnun, sem það verk væri ætlað. En svo getur farið, að prestur óski eftir því að gera einhverjar breytingar við uppdráttinn, er telja megi ónauðsynlegar, en geta haft kostnað í för með sér. Þótt prestinum væri ekki synjað um þetta, ætti ekki að hækka styrkinn fyrir því. Styrkurinn yrði þá ⅔ byggingarkostnaður, eins og hann hefði orðið, ef byggt hefði verið eftir upphaflega uppdrættinum, en prestinum væri þá heimilað lán svo að hann geti fengið óskir sínar uppfylltar.

Þá er hér brtt. við 6. gr. Er þar farið fram á, að niður falli orðin „ófullnægjandi kostnaðaráætlun". Í gr. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði helming þess, sem húsið hefir farið fram úr áætlun vegna ófullnægjandi kostnaðaráætlunar eða verðlagsbreytingar á vinnu eða efni verði um kennt. Mér er ekki vel ljóst, hvað átt er við með ófullnægjandi kostnaðaráætlun. Ef einhvern lið vantar í kostnaðaráætlunina eða kostnaður fer fram úr áætlun, ætti það ekki að verða prestinum til tjóns, verði honum ekki um kennt. Til þess að taka af allan vafa í þessu efni legg ég því til, að þetta sé fellt niður.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Þessar brtt. á þskj. 259 geta að sumu leyti haft eitthvað til síns máls, en ekki virðast þær mér til bóta, heldur raska þær grundvelli frv., ef þær verða samþ.

Í 1. brtt. er gert ráð fyrir, að veita megi allt að 18000 kr. styrk til hvers húss, en þó ekki yfir ⅔ kostnaðarverðs. En samkv. 3. gr. má þá ekki veita hærra lán

en 8000 kr. Hér er því ósamræmi á milli og verður að breyta 3. gr., verði þessi brtt. samþ.

Hv. þm. Ak. sagðist ekki skilja, hvað átt væri við með „ófullnægjandi kostnaðaráætlun“ í 6. gr. Það getur oft komið fyrir, að einhver liður gleymist á kostnaðaráætlun eða kostnaður fari fram úr því, sem áætlað er. En það er ósamræmi að minnka rétt prestsins til þess að hafa eftirlit með byggingunni um leið og hert er á ábyrgð hans á því, sem kostnaðurinn fer fram úr áætlun. Því samkv. 3. brtt., sem er við 7. gr., er presturinn sviptur allri íhlutun um það, hvernig verkið sé unnið. En það virðist ósanngjarnt að leggja nokkra fjárhagslega áhættu á hann, þegar hann hefir enga aðstöðu til þess að hafa áhrif á framkvæmd verksins. Og ég lít svo á, að prestar geti oft fengið ódýran vinnukraft og sætt hentugri tíma en ef verkið er unnið í ákvæðisvinnu.

Samkv. 10. gr. frv. skulu umsóknir um styrk og lán til íbúðarhúsa á prestssetrum komnar til ráðuneytisins eigi síðar en í maímánuði árið áður en byggja skal, og svar ráðuneytisins skal sent presti eigi síðar en 1. sept. sama ár. Það er því tryggt, að prestur hafi nægan tíma til þess að undirbúa bygginguna, svo að hún geti orðið sem haganlegast framkvæmd. En samkv. brtt. þeirra hv. þm. Ak. og hv. 1. þm. S.-M. á að taka allan íhlutunarrétt af prestum um það, hvort byggt sé dýrt eða ódýrt, praktiskt eða ópraktiskt.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl]: Ég get ekki séð, að brtt. okkar hv. 1. þm. S.-M. við 2. gr. sé í neinu ósamræmi við 3. gr. Við getum hugsað okkur, að íbúðarhús á prestssetri kosti 27000 kr Styrkurinn yrði þá í hæsta lagi 18000 kr og lán úr kirkjujarðasjóði í hæsta lagi 8000 kr. Það, sem á vantaði, yrði þá presturinn að borga úr eigin vasa.

Viðvíkjandi brtt við 6. gr. skal ég geta þess, að mér láðist að taka eitt orð upp í brtt. Hún ætti að réttu lagi að vera: „ófullnægjandi kostnaðaráætlun eða“. Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti sér sér fært að bera hana þannig upp.

Viðvíkjandi brtt. við 7. gr. vil ég taka það fram, að mér finnst sjálfsagt að bjóða þessi hús út. Þar með er ekki sagt, að það fáist alltaf aðgengileg tilboð. Má vel vera, að í afskekktum sveitum fáist ekki tilboð, sem ráðh. getur gengið að, og búast má við, að prestur geti framkvæmt verkið svo, að það verði ódýrara en annars. Þá getur verið, að sá, sem gerir lægst tilboð, sé ekki starfanum vaxinn. Undir slíkum kringumstæðum stæði presturinn náttúrlega næstur með að framkvæma verkið, ef hann óskaði þess. En hverjum sem framkvæmd verksins verður falin, hefir hið opinbera alltaf einhvern trúnaðarmann við verkið. Annars skil ég ekki í því, að prestar sækist eftir því að hafa þessar framkvæmdir með höndum.

Þá er það ekki rétt hjá hv. 2. þm. Rang., að prestar séu með þessu sviptir íhlutunarrétti um það, hvernig byggingin verði. Þeir geta athugað uppdráttinn og gert þær till., sem þeir óska.

Ég vil undirstrika það, að aðstöðumunurinn einn getur gert það að verkum, að einn prestur af tveimur fái styrk sem svarar öllum byggingarkostnaði, en annar prestur verði að taka 5—6 þús. kr. lán, vegna þess eins, að hann á erfiðara með að afla efniviðar. En ef hinn verður að taka lán, 5—6 þús. kr., t. d. við það að erfiðari aðstaða er til að afla innlends efnis, þá gengur mín till. beint í þá átt að jafna það misrétti, sem þannig myndi koma fram, og sem ég vona, að hv. þdm. skilji.

Jónas Þorbergsson: Ég get fallizt á, að 1. brtt. á þskj. 259 geti verið réttmæt og til bóta. Það er rétt fram tekið hjá hv. flm., að það er ekki réttlátt að einskorða styrkinn milli hámarks og lágmarks, þar sem aðstöðumunur getur verið mikill.

Aftur á móti tel ég, að brtt. við 6. gr. sé varasöm. Eins og 6. gr. ber með sér, er undirbúningur slíkra bygginga þannig hugsaður, að ráðh. feli byggingarfróðum mönnum að athuga aðstöðu og skilyrði til húsagerðarinnar og húsameistari geri síðan áætlun um verkið, byggða að nokkru leyti á þessum athugunum, sem stundum yrðu gerðar af öðrum en honum sjálfum. Nú er það algengt, að áætlanir verkfræðinga standast ekki, og stafar það meðfram af því, að áætlanir byggjast

einkum á verðlagi aðkeyptrar vöru og kaupgjaldi á hverri tíð. En við þessar áætlanir er byggingarstyrkurinn miðaður. Í kirkjumálan. var mikið rætt um það, hvernig unnt yrði að tryggja prestinn fyrir þeim kostnaði, sem beint stafar af ófullnægjandi kostnaðaráætlun og breytingum, sem verða kynnu frá því áætlun er gerð og þangað til verkið er framkvæmt. Ófullnægjandi kostnaðaráætlun er ekki annað en útskýring á því, sem síðar er tekið fram í greininni. Þetta mál var vel athugað í kirkjumálan. og ég verð að álíta, að þetta atriði hafi fengið rækilegri athugun þar en í þessari hv. d., og álít það því mjög óhyggilegt að ganga á móti þessari till. kirkjumálan.

3. brtt., við 7. gr., virðist mér vera ástæðulaus. Það, sem kirkjumálan. hafði stefnt að í þessu efni, var, að presturinn hefði aðhald, svo að hann eyddi ekki um skör fram. Þess vegna var gert ráð fyrir, þar sem skilyrði væru fyrir hendi, að fela prestinum umsjón með verkinu, svo að hann hefði hvöt til þess að stilla kostnaðinum í hóf. En það var ekki gert að skyldu, ef viðkomandi trúnaðarmaður ríkisins áliti málinu betur borgið á annan hátt. Ég mun því greiða atkv. með 1. till., en á móti tveimur hinum síðari.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, ÞorlJ, BSt, BKr, JörB.

nei: PO.

Átta þm. (EA, HG, HV, ÓTh, TrÞ, ÁÁ, BJ, BÁ) fjarstaddir.

Brtt. 259,1 (ný 2. gr.) samþ. með 13 : 2 atkv.

3.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 259,2 felld með 11 : 7 atkv.

6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 259,3 felld með 11 : 7 atkv.

7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

8.—19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

20.—29. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 13. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 271).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MG, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BKr, EA, GÍ, HStef, HJ, HV, IngB, JJós, JAJ, JörB.

nei: PO.

Tíu þm. (MJ, ÓTh, StgrS, VJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HG, JÓl, JónasÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 271).

Á 29. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 271, n. 320).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 7 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Torfason): Frv. þessa efnis hefir áður legið fyrir Alþingi, svo að þetta mál hefir fengið allmikinn undirbúning. Á vetrarþinginu var þetta mál borið fram sem stjfrv., en allshn. Nd. breytti því talsvert. Í stjfrv. var gengið út frá því, að byggð skyldu 4 prestssetur á hverju ári, en allshn. þótti það um of og lagði til, að aðeins yrðu byggð 2 prestssetur á hverju ári. Ennfremur var ákveðið, að ríkissjóður greiddi ⅔ af kostnaðarverði, en þó ekki yfir 18000 kr. til hvers húss. M. ö. o., húsið má ekki verða yfir 27000 kr., annars kemur presturinn til að borga það, sem fram yfir er. Upphaflega var það í frv. 15—18 þús. kr., en það varð að ráði í Nd., samkv. brtt., sem

fram kom við frv., að hafa það ótakmarkað að neðan, og ég er ekkert á móti því. Það er að vissu leyti til bóta, ef kostnaðurinn skyldi verulega fara niður.

Það er talin sæmileg bygging á helmingi, en léleg á þriðjungi prestssetranna. Það eru þá nálægt 4 prestssetur, sem þarf að bæta á ári. Og hugsunin í frv. er sú, að þetta verði gert á næstu 15—20 árum. N. þótti ekki ástæða til að hraða þessu frekar en svo, og ég býst við, eins og tímarnir eru nú og fjárskortur alla vega, að þessari hv. d., sem vill fara gætilega, þyki þetta vel orðið. Ég vil bæta því við frá sjálfum mér, að það er ein ástæðan til þess að hlynna að prestssetrunum, að þá fyrst, er svo er orðið, getur komið að því að gera skilnað ríkis og kirkju.

Vildi ég svo vona, að hv. d. tæki vel í þetta mál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
8.—15. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
16.—19. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
20.—27. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
28.—29. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Ed., 22. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 271, 439).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 439. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Jón Jónsson: Í frv. þessu er styrkupphæðin til húsa á prestssetrum ákveðin 18 þús. kr., en þetta þykir mér nokkuð há upphæð og ekki í samræmi við það, sem samþ. var hér í hv. d. í gær, um að styrkur bænda til bygginga mætti ekki fara yfir 10000 kr. úr byggingar- og landnámssjóði. Sú upphæð var látin nægja handa bændum, og ég sé ekki, að það sé ástæða til að gera prestum það hærra undir höfði en þeim, enda liggja engin sérstök rök að því, að prestar þurfi að hafa meiri húsakost en bændur.

Ég vil stilla meira í hóf en gert er ráð fyrir í frv., því að þar er ekki einungis ætlazt til þessa framlags úr ríkissjóði, heldur geta prestar fengið allt að 8000 kr. lán úr kirkjujarðasjóði, sem þeir eiga að borga vexti af. Ég held, að við höfum ekki ráð á að reisa stærri hús en þau, sem hægt er að koma upp fyrir 20 þús. kr., enda hlýtur að vera hægt að koma upp sæmilegu húsi fyrir það fé, einkanlega þar sem byggingarkostnaður er ólíkt minni til sveita en í kaupstöðum, sökum þess að byggingarefni er þar víðast við hendina og kaupgjald lægra.

Þá á ég einnig brtt. við 28. gr. frv., sem segir, að ef svo skyldi fara, að á einhverjum tíma væri ekki nægilegt fé fyrir hendi í kirkjujarðasjóði, þá skuli ríkissjóður veita lánið. Mér virðist óheppilegt og óviturlegt að ætla að gera ríkissjóðinn með þessu að lánsstofnun. Ef svo skyldi fara, sem ég álít nú ólíklegt, að kirkjujarðasjóður hefir ekki nægilegt fé til að annast þessi lán, þá lít ég svo á, að leita beri til fjárveitingavaldsins og að það á hverjum tíma ráði bót á þeim vandkvæðum, sem af þessu kann að leiða.

Þá legg ég til að breytt verði fyrirsögn frv. Í frv. er bæði talað um peningshús og íbúðarhús, og því legg ég til, að fyrirsögn verði: Frv. til laga um hýsing prestssetra.

Vona ég, að brtt. mínar nái fram að ganga, og svo frv. í heild, því að það er allmerkilegt.

Jón Þorláksson: Ég tel fyrir mitt leyti mjög varhugavert að samþ. 1. brtt. á þskj. 439, sem fer fram á að færa framlag ríkissjóðs úr 18000 kr. niður í 12000 kr. Ég álít, að þegar hið opinbera fer að byggja úr varanlegu efni, varði það mestu, að þessi mannvirki séu svo vel gerð, að þau þyki ekki úrelt og ófullkomin löngu áður en þau hafa náð eðlilegu aldurstakmarki. Menn mega vara sig á því, að kröfurnar hafa farið hraðvaxandi í þessum efnum síðustu áratugina, og ég vil biðja hv. flm. brtt. að athuga það, hvað þótti viðunandi húsakostur áður og hvað nú. Ef kröfurnar halda þannig áfram að vaxa, þá þykir

mér ekki ólíklegt, að þau hús, sem byggð verða fyrir þessa upphæð, þyki ekki viðunandi að nokkrum árum liðnum, enda er það svo, að engar Aladdinshallir verða reistar fyrir þessa upphæð, þótt hún allt í allt kunni að nálgast 30 þús. krónur.

Nú er það að vísu svo, að ef verðlag lækkar og byggingarkostnaður einnig, má náttúrlega koma upp sæmilegum byggingum fyrir þessa upphæð, en ég vil benda hv. þdm. á það, að í frv. er því hvergi slegið föstu, að þessa upphæð skuli veita, heldur er aðeins sagt, að veita megi allt að 18 þús. kr. úr ríkissjóði og 8 þús. kr. úr kirkjujarðasjóði.

Ég sé, að brtt. fer fram á, að framlagið verði ákveðið 12 þús. kr., en ég álít ekki rétt að ákveða fasta upphæð, því að frv. sjálft felur það í sér, að heimilt er að lækka framlagið, en eins og sakir standa verður ekki kleift að koma upp sæmilegum húsum fyrir lægri upphæð en þessa, sem frv. heimilar.

Annars vildi ég segja það viðvíkjandi 2. brtt. hv. þm., að ég er henni samþykkur, því að ég álít það algera meiningarleysu að ætla að gera ríkissjóðinn að lánsstofnun. Ég fæ ekki skilið annað en að kirkjujarðasjóðurinn muni nægja til þessa og mun því greiða atkv. með þeirri brtt.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það má vera, að hv. 1. landsk. hafi rétt fyrir sér í því, að fram að þessu hafi ekki verið auðvelt að koma upp sæmilegum húsum í sveit fyrir minna en þá upphæð, sem í frv. er ákveðin. Ég hefi fylgzt með þeim byggingum, sem styrkur hefir verið veittur til úr byggingar- og landnámssjóði, og skal játa, að þær hafa orðið dýrar, þrátt fyrir góð lánskjör, og ég hygg, að menn séu sammála um, að það liggi í því, að ennþá hefir ekki tekizt að finna heppilega gerð á húsunum.

Það vill verða svo, að menn, sem áður bjuggu í rúmgóðum timburhúsum og torfbæjum, vilja hafa eins mörg herbergi í steinhúsunum, en nú hafa bændur verið hvattir til sparnaðar í þessum efnum og Alþingi hefir sett ákvæði til að takmarka þetta í lögum um Búnaðarbankann. Í sjálfu sér gæti ég vel verið samþykkur hv. 1. landsk. um það, að æskilegt væri að koma upp reisulegum húsum á prestssetrum, en þar sem líka verður að spara, þá fæ ég ekki séð, að hægt sé að leggja fram meira fé en farið er fram á í brtt. hv. 3. landsk.

Ef menn athuga þessar upphæðir, sem hér er um að ræða, 18 þús. kr. í frv. og 12 þús. kr. í brtt., og bera það saman við framlög byggingar- og landnámssjóðs til bændabýla, þá sjá þeir, að þar er allmikill munur, þannig að prestssetrin geta verið mun reisulegri.

Það sem réttlætir það, að samþ. brtt. hv. 3. landsk. er, að ég tel, að þarna sé gefið hæfilegt aðhald um leið og létt er af prestunum þungum byrðum, sem þeir rísa varla undir. Áður var það svo, að ef byggt var á prestssetrum, urðu prestarnir að greiða 4½% af fyrstu 14 þús. kr., og þetta leiddi til þess, að allt útlit var fyrir, að prestssetrin myndu leggjast í eyði, eins og sýndi sig líka með eitt þeirra í Eyjafirði. Þarna var engin ástæða fyrir prestinn til að spara, sökum þess að hann þurfti aðeins að borga vexti af fyrstu 14 þús. kr., en ekki af því, sem þar var fram yfir. Kirkjumálanefndin, sem þetta mál hafði til athugunar, lagði líka til, að þessu væri breytt, til þess að hlífa prestunum, og ákveðin væri einhver upphæð til slíkra bygginga. Ég skal ekki deila um það, hvort auðvelt sé að koma upp myndarlegum húsum fyrir 20 þús. kr., og ekki heldur um hitt, að skemmtilegt væri, að prestssetrin væru sem reisulegust, en nú eru svo gífurleg vandræði með hýsingu prestssetra, að óvíða getur hún talizt sæmileg. Til dæmis get ég nefnt, að á einu prestssetrinu hafði verið byggt hús ekki alls fyrir löngu, en 1930 var það orðið svo hrörlegt, að gera varð á því gagngerðar endurbætur, eða þá, að presturinn hefði neyðzt til að flýja úr því með konu sína og 6 börn.

Það er svo mikið um aðgerðir og viðhald á þessum timburhúsum, sem nú eru víðast á prestssetrum, að það verður að stilla í hóf með framlögin, og þótt eitt eða tvö hús verði byggð á ári, þá bætir það ekki eins fljótt úr þörfinni og æskilegt væri.

Án þess að fara langt út í þá sálma, vil

ég þó geta þess, að það mun reynast erfitt á hverjum tíma að gera ráð fyrir kröfum komandi kynslóða, enda hefir sú reynslan orðið í San-Fransisko og víðar í Ameríku, að hentugast er að byggja aðeins fyrir eina kynslóð, því að hvað vel sem byggt er, er það oftast úrelt eftir 50 ár. Mér virðast því till. hv. 3. landsk. að öllu athuguðu ganga í rétta átt, og ég mun greiða þeim atkv. mitt.

Frsm. (Magnús Torfason): Allshn. hefir ekki átt kost á að kynna sér þær till., sem hér liggja fyrir, svo að ég get ekki talað fyrir hennar hönd um málið. En ég vil fyrir mitt leyti leggja til, að brtt. hv. 3. landsk. verði samþ., meðfram af því, að ég óttast, að annars komist málið ekki úr deildinni, en það áliti ég skaða.

Jón Þorláksson: Ég hefi í sjálfu sér ekki miklu við að bæta. — Hv. 3. landsk. og hæstv. dómsmrh. hafa vitnað í það, að byggingar- og landnámssjóður legði aðeins fram 10 þús. kr. til bændabýlanna, og ekki viljað gera mikinn mun á þeim og prestssetrunum. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja, en mér er kunnugt um, að miklir erfiðleikar hafa reynzt á því að koma upp sæmilegum bændabýlum fyrir þær upphæðir, sem sjóðurinn hefir viljað lána, og bændur eru í sárustu vandræðum með að leggja fram frá sjálfum sér það fé, sem á vantar til þess að geta gert húsin sæmilega úr garði, og það er það versta, sem hægt er að gera mönnum, að styrkja þá, en styrkja þá ekki meira en það, að þeir verða að sitja fastir í skuldum, ef verkið á að vera sæmilega af hendi leyst. Það mun vera svo víða, að bændur, sem ráðizt hafa í að byggja hjá sér, sitja með 3—4 þús. kr. í lausaskuldum og sjá ekki fram úr, hvernig þeir eigi að sleppa frá þeim, með öðru móti en að selja húsin og jarðirnar.

Ég er hræddur um, að brtt. hv. 3. landsk. yrði til að draga prestana út í sömu vandræðin, því að ef lánin nægja ekki, þá býst ég við, að prestarnir verði að fá viðbótarlán í eigin nafni og þá beri allt að sama brunni. Þetta álít ég illa farið, en einnig legg ég áherzlu á hitt, að þegar ríkið fer að byggja, þá er sjálfsagt, að það vandi byggingar sínar, en skeri ekki allt svo við nögl sér, að þær verði óviðunandi og úreltar löngu áður en eðlilegur tími er liðinn frá byggingu þeirra.

Ég vildi skjóta því til hæstv. dómsmrh. í sambandi við það, sem hann var að tala um San-Fransisko, að ég held einmitt, að þau vandræði, sem byggingar- og landnámssjóður og viðskiptavinir hans hafa ratað í, eigi rót sína að rekja til þess, að gerðar eru kröfur um varanlegt byggingarefni, en það er allt, sem kemur í bága við, að hlutaðeigendur geti byggt fyrir framtíðina. Arðurinn er nú svo lítill af jörðunum, að þær bera sig ekki með dýrum byggingum, og held ég því, að menn neyðist til að slaka til með varanleika byggingarefnisins, en þegar ræktunin eykst, vaxa skilyrðin fyrir slíku. Inn á þá braut, að byggja ekki úr varanlegu efni á prestssetrunum, álít ég því ekki rétt að fara, enda yrði slíkt aðeins aukinn kostnaður fyrir ríkið.

Jón Jónsson: Ég er sammála hv. 1. landsk. um það, að það sé gott að gera byggingar úr varanlegu efni, og held líka, að frv. komi í veg fyrir, að svo verði ekki gert, með því að það ákveður, að stjórnarráðið skuli samþykkja teikningar að húsunum.

Hvað því viðvíkur, að brtt. mínar, ef þær verða samþ., muni koma prestunum í vandræði, þá held ég, að það sé misskilningur, því að þótt svo illa til tækist, að kostnaður færi allverulega fram úr því, sem áætlað er, þá er það ákveðið í frv., að ríkissjóður skuli greiða helming þess umframkostnaðar, og í annan stað, að ef presturinn á erfitt með að greiða hinn helminginn, þá er gert ráð fyrir, að kirkjujarðasjóður veiti honum viðbótarembættislán. Þá virðist hann vera tryggður, en ef reynslan sýnir annað, efast ég ekki um, að þingið myndi breyta ákvæðum frv. í samræmi við þá reynslu. Ég álít því rétt að takmarka upphæðina eins og gert er í brtt. mínum.

ATKVGR.

Brtt. 439,1 samþ. með 8 : 3 atkv.
— 439,2 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 439,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um hýsing prestssetra.

Á 37. fundi í Nd., 22. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 440).

Á 39. fundi í Nd., 24. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 452).

---

43. Hafnargerð á Akranesi.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um hafnargerð á Akranesi (þmfrv., A. 26).

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Þetta er eitt af þeim málum, sem dagaði uppi á síðasta þingi vegna þingrofsins. Á þinginu 1930 dagaði málið og uppi á síðustu stundu í Ed. Var það þá búið að ganga í gegnum Nd. og tvær umr. í Ed. Mér þykir því ekki nein ástæða að fara út í efni þessa frv., en vildi aðeins gera að minni till., að því verði vísað til sjútvn. Annars ætti naumast að vera nein þörf á því, þar sem það var svo nýlega afgr. frá n.; en ég vænti þess þá, að n. afgr. málið fljótlega, svo að af þeim sökum þurfi ekki að verða nein töf á afgr. þess.

Það er nú svo, að á Akranesi hefir verið ráðizt í þessa hafnargerð, án þess að nokkur l. séu samþ. um þær framkvæmdir, og án nokkurs styrks frá hinu opinbera, og er þegar búið að verja til hafnargerðarinnar um 120 þús. kr. Það má því ekki dragast lengur, að lög séu sett um þetta, og jafnframt er þess að vænta, að þetta þing gangi þannig frá fjárl. næsta árs, að a. m. k. verði nú fé veitt móti því, sem búið er að leggja fram til verksins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 176 og 186).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég mun ekki fjölyrða um þetta mál að sinni. Það hefir nú legið fyrir tveimur undanförnum þingum, og hefir þess vegna gefizt góður tími til að athuga það. Ég ætla því, í stað þess að fara að rekja forsögu málsins, að snúa mér að nál. meiri hl. sjútvn. á þskj. 186.

Þær breytingar, sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., eru í einu og öllu samstæðar þeim till., sem komu frá minni hl. sjútvn. á síðasta þingi, en meiri hl. sjútvn. á þinginu 1930. Aðalbreyt. er í því fólgin, að meiri hl. n. fylgir þeirri meginreglu, sem gilt hefir um fjárveitingar úr ríkissjóði til hafnargerða, og leggur því til, að framlag ríkissjóðs verði ákveðið ⅓ stofnkostnaðar í stað ⅖ eftir frv. Aftur á móti vill n. færa nokkuð upp heimild lánsábyrgðar fyrir hafnarsjóð vegna nauðsynlegrar lántöku. Eftir till. n. lækkar framlag ríkissjóðs um 80 þús. kr., en lánsábyrgðarheimild vegna hafnarsjóðs hækkar að sama skapi.

Finn ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar og læt því staðar numið í bili.

Pétur Ottesen: Ég ætla ekki frekar en hv. frsm. meiri hl. að fara að rekja forsögu þessa máls. Það er ekki heldur ástæða til þess, þar sem þetta er 3. þingið, sem hefir málið til meðferðar.

Það hefir áður verið sýnt svo rækilega fram á, hver nauðsyn er hafnargerðar á Akranesi, að mönnum er það vel kunnugt. Auk þess tóku margir hv. þdm. sér ferð á hendur þangað síðastl. vetur og gátu þeir þá séð með eigin augum, hvernig þar horfir við, og því betri aðstöðu höfðu þeir til að kynnast þörfinni fyrir hafnargerðina, þar sem þá stóð yfir hávertíð.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að n. legði til, að frv. þetta væri hvað fjárframlagið úr ríkissjóði snertir fært til þeirrar reglu,

sem gilt hefði um fjárveitingar til hafnargerða. Ég held, að það sé heldur fært frá þeirri reglu, sem gildir nú, því að á þinginu 1929 voru samþ. lög um hafnargerð á Skagaströnd, þar sem þessi regla var tekin upp, að veita í þessu hlutfalli til hafnargerða. Auk þess hafa þau tvö þing, sem síðan eru liðin, sýnt það ljóslega í meðferð þessara þriggja hafnarmála, sem hér liggja fyrir, að þau líta svo á, að þetta sé sú regla, sem eigi að viðhafa í fjárveitingum til hafnargerða yfirleitt.

Á þinginu 1930 voru þessi hafnarmál nær því gengin í gegnum þingið, áttu aðeins eftir eina umr. í Ed., en á þinginu í vetur voru þau komin í gegnum Nd., þegar þingið var rofið. Það, sem n. leggur til, er því að brjóta þá reglu, sem nú gildir hér á landi í þessu efni, og gengur þá líka algerlega í berhögg við þá stefnu, sem þingið hefir tekið í þessum málum.

Ég vil nú bera þann styrk úr ríkissjóði, sem hér er farið fram á til hafnargerða og lögfestur hefir verið með lögum um hafnargerð á Skagaströnd, saman við þann atbeina, sem þingið hefir veitt og veitir til ýmsra verklegra framkvæmda í þessu landi. Í vegakerfi landsins er t. d. að taka mikið af svokölluðum þjóðvegum, sem byggðir eru fyrir fé úr ríkissjóði eingöngu. Allt viðhald þessara vega er ennfremur greitt úr ríkissjóði. Auk þess er veitt fé úr ríkissjóði til annara vega, t. d. helmingur kostnaðar til akfærra sýsluvega. En þar sem sýsluvegasamþykktir eru, greiðir ríkissjóður meira til byggingar akfærra sýsluvega og auk þess nokkurn hluta af viðhaldskostnaði þeirra.

Ég hefi aðeins bent á þetta hér til þess að sýna, hve mikið skortir á, að ríkissjóður greiði í sama hlutfalli til hafnargerða sem til annara hliðstæðra framkvæmda. Nú vil ég biðja menn að athuga það, að í því tilfelli, sem hér um ræðir, er um stóra hafnargerð að ræða, sem kostar yfir 1 millj. kr. En þá hlýtur öllum að vera það ljóst, að þar sem að þessari hafnargerð stendur aðeins eitt hreppsfélag, nokkuð stórt að vísu, getur hreint og beint oltið á því, í hverju hlutfalli ríkissjóður leggur fram fé til þessara framkvæmda, hvort það reyndist yfirleitt kleift að koma verkinu í framkvæmd eða ekki.

Sem dæmi þess, hver nauðsyn hafnargerða er og hve mikla fjárhagslega þýðingu þær hafa, má nefna hafnargerðina í Vestmannaeyjum. Síðan höfnin var gerð í Vestmannaeyjum, hafa tekjur ríkissjóðs af höfninni vaxið úr 72 þús. upp í nærri því 600 þús kr. á ári. Það hafa víða orðið miklar framfarir hér á landi síðustu árin, en framfarirnar í Vestmannaeyjum eiga eingöngu rót sína að rekja til hafnargerðarinnar, því án hennar hefði sú mikla framþróun, sem þar hefir orðið á sviði útgerðarinnar, verið með öllu útilokuð. Hér er um sama að ræða. Á Akranesi er góð aðstaða til útgerðar og fiskveiða og góð fiskibátahöfn við Faxaflóa yrði ríkissjóði tvímælalaust góður og öruggur tekjustofn.

Ég vænti því, að hv. d. verði sjálfri sér samkvæm um afgreiðslu þessa máls nú og láti það hlutfall haldast um styrk til hafnargerða, sem lögfestur er í lögunum um hafnargerð á Skagaströnd.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég ætla ekki að neita því, sem hv. flm. þessa frv. sagði, að það sé mikil nauðsyn að gera hafnarbætur á Akranesi. Það er öllum ljóst og viðurkennt af n. En ég ætla að mótmæla öðru, sem hv. flm. hélt fram, sem sé því, að það hefði verið regla undanfarið að styrkja hafnargerðir með framlagi úr ríkissjóði að ⅖ kostnaðar. Það hefir að vísu einu sinni (1929) verið ákveðið um eina einustu höfn, Skagaströnd, en annars hefir framlagið til hafnargerða verið langtum lægra. Til hafnargerðarinnar í Reykjavík var það ¼. Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum, sem oft hefir verið veitt fé til, var það í fyrsta sinn ¼, en síðari skiptin ⅓ kostnaðar. Í lögunum frá 1929 um hafnargerð í Hafnarfirði var einnig miðað við ⅓. Og það hefir ekki í eitt einasta sinn verið lagt fram úr ríkissjóði meira en ⅓ kostnaðar við hafnargerðir. Þótt gert sé ráð fyrir framlagi að ⅖ til hafnargerðar á Skagaströnd í lögunum frá 1929, hafa þau ekki komið til framkvæmda enn og eru bundin skilyrðum, sem aldrei hafa verið áður sett, þegar veitt hefir verið fé úr ríkissjóði til hafnargerða, skilyrðum,

sem enn hefir ekki verið gengið að. (PO: Hvaða skilyrði eru það?). Þau er að finna í lögunum. Því hefir verið haldið fram áður, að á Skagaströnd væri í raun og veru ekki um neina hafnargerð að ræða, heldur aðeins tiltölulega lítilfjörlegar lendingarbætur, sem auðvitað er líka rétt.

N. vill því ekki brjóta gildandi reglu í þessu efni, heldur hafa framlag ríkissjóðs ⅓ kostnaðar, eða að ⅔ greiðist úr hafnarsjóði. Það getur verið rétt, sem hv. flm. sagði, að það væri þungur baggi fyrir hafnarsjóð Akraness og hann mundi sjálfsagt reynast nokkuð þungur, þótt ríkissjóður legði fram ⅖. En hér ber þess þó að gæta, að Akraneshreppur er ekki einn um þennan bagga, því að honum liggja hin blómlegustu og beztu héruð, og bæði n. og hv. flm. gera ráð fyrir því, að sýslufél. taki á sig gagnvart ríkissjóði ábyrgð á láni, sem tekið yrði vegna hafnargerðarinnar.

Það má lengi um þetta mál deila, en ég álít það tilgangslaust, enda hefi ég enga tilhneigingu til þess.

Hv. flm. var að gera hér samanburð á hafnargerðum og öðrum framkvæmdum, einkum vegagerðum. Ég vil benda hv. flm. á, að vegagerðir eru meir í almenningsþágu en hafnargerðir í einstöku fiskiverum, og eins og ég hefi áður tekið fram, hefir sín regla gilt um hvað í þessu efni.

Hvað því viðvíkur, að tekjuaukning ríkissjóðs af Vestmannaeyjum sé eingöngu að þakka hafnargerðinni, þá er þess fyrst að gæta, að sú hafnargerð er aðeins einn liður í þeirri framför og að Vestmannaeyjahöfn var ekki styrkt úr ríkissjóði nema að ⅓. Hitt geta allir séð, að þar stendur nokkuð sérstaklega á, þar sem þessi verstöð er svo nærri þeim albeztu fiskimiðum, sem eru hér við land, og er það aðalorsök þess, hve mikið þessi veiðistöð gefur af sér. Að tekjur ríkissjóðs af Vestmannaeyjahöfn hafi nokkru sinni verið 600 þús. kr. á ári, er hrein fjarstæða. Hitt mun rétt, að tekjur allar úr Vestmannaeyjum hafi komizt eitt eða tvö sinn yfir 500 þús. kr. Annars skiptir þetta ekki máli. Aðalatriðið er, að í till. n. er fylgt þeirri reglu, sem hingað til hefir gilt í þessum málum. Og ég verð fyrir hönd meiri hl. að láta þá skoðun í ljósi, að það væri óbilgjarnt gagnvart þeim, sem orðið hafa að sætta sig við ¼ eða ⅓ kostnaðar úr ríkissjóði, ef nú ætti að fara að gera undantekningu í þessu efni vegna þessarar hafnar, enda þótt hér sé þörf umbóta engu meiri eða brýnni. Um ávöxt þessara framkvæmda verður ekkert með vissu sagt fyrirfram eða ríkulega ávexti af þeim. Skal ég svo ekki þrátta meira um þetta mál, en láta atkv. skera úr.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Vegna þess að ég var kallaður frá til viðtals, komst ég ekki fyrr inn í umr.

Eins og sjá má á nál. sjútvn., hefi ég ekki getað orðið sammála meiri hl. n. um framlag ríkissjóðs til hafnargerðar á Akranesi. Ég sé enga ástæðu til þess að hverfa frá þeim grundvelli, sem meiri hl. sjútvn. lagði á vetrarþinginu, en hann var sá, að ríkissjóður styrkti hafnargerðir sem hér um ræðir að ⅖ í stað ⅓, sem meiri hluti n. leggur nú til að veitt verði.

Hv. frsm. meiri hl. vitnaði í þessu sambandi til Vestmannaeyjahafnar, en það, sem hv. frsm. sagði um framlag ríkissjóðs til þeirrar hafnar, var ekki vel nákvæmt. Höfnin eða það, sem þar upphaflega var unnið af hafnarbótum, var gert eftir lögum frá 1913 og var styrkur úr ríkissjóði þar ákveðinn ¼ kostnaðar, en hafnarsjóður átti að greiða ¾, og eftir því hlutfalli var unnið að hafnargerð í Vestmannaeyjum á tímabilinu 1913—1923. Raunin varð sú, að hafnarsjóður Vestm. gat ekki risið undir því að greiða ¾, og síðan 1923 hefir þingið styrkt hafnargerð í Vestmannaeyjum með fjárframlögum, og hefir venjan þá verið sú, að ⅓ hefir verið greiddur úr ríkissjóði. En þetta hafa aðeins verið litlar fjárveitingar og skipta því ekki máli í þessu sambandi, sem hér um ræðir, að öðru leyti en því, að þetta dæmi frá Vestmannaeyjum sýnir, hve óviturlegt það er, að leggja allt of þungar byrðar á héruðin vegna slíkra mannvirkja. Þess ber líka að gæta, að hafnarsjóður fær engar beinar tekjur af mannvirkjunum meðan á hafnargerðinni stendur. Það er fyrst þegar mannvirkin eru fullger, sem ávöxt-

urinn kemur í ljós með aukinni verzlun, ódýrari farmgjöldum o. s. frv.

Ég hefi rökstutt það á undanförnum þingum, að árið 1929 hafi orðið straumhvörf í þessu efni hér á þingi. Sú stjórn, sem þá sat við völd og má segja, að nú sitji við völd, flutti þá frv. um hafnargerð á Skagaströnd. Með því frv. var farið inn á nýja braut í þessum málum. Þar var lagt til, að ríkið legði fram helming, en hinn helmingurinn yrði lánaður úr Viðlagasjóði. Hér var stigið djarft spor í þá átt, að gera mögulegt að koma upp hafnarbótum án þess að hlutaðeigandi kauptúnum eða héruðum væri bundinn of þungur baggi.

Það fór svo, að till. stj. náði ekki að fullu fram að ganga. En meðferð málsins sýnir skýrt, að menn hafa séð, að framlögin hafa áður verið skorin um of við neglur, því að brtt., sem fram kom um að færa ríkissjóðstillagið niður í ⅓, var felld. Að lokum var samþ., að tillag ríkissjóðs skyldi vera ⅖.

Þetta kemur fram, þegar séð er, að tillag ríkissjóðs til Vestmannaeyjahafnar er allt of lágt og Vestmannaeyingum gert ómögulegt að rísa undir kostnaðinum.

Það hefir verið sýnt, að við hafnargerðina í Borgarnesi hefir verið fylgt allt öðrum reglum en meiri hl. n. vill fylgja. Hér skiptir það engu máli, þótt hafnargerðin í Borgarnesi sé um leið samgöngubót. Hafnarbætur eru það alltaf um leið og þær bæta aðstöðu sjávarútvegsins.

Hv. frsm. dregur í efa, að ríkissjóðstillagið til hafnarinnar í Vestmannaeyjum hafi aflað ríkissjóði þeirra tekna, sem hann hefir fengið á síðasta ári, um 600 þús. kr. Ef maður vill komast fyrir það, hverju þessar tekjur eru að þakka, þá má fyrst og fremst benda á það, að allar þessar tekjur, að undanskilinni jarðaleigunni, eru beinn eða óbeinn afrakstur útgerðarinnar. Og þessum 100 báta flota, eða þar um, sem stundar þar veiði, væri þar óvært, ef hafnarbætur hefðu ekki verið gerðar. Það eru hafnarmannvirkin, sem eiga drýgstan þáttinn í vexti bátaútvegsins og má því til sanns vegar færa, að það eru þau, sem óbeinlínis gefa ríkissjóði þær tekjur, sem hann fær af Vestmannaeyjum.

Um Akranes, sem hér er um að ræða, er það vitað, að útgerðin er þar blómleg. Það þarf enga spádóma um, að þar muni rísa upp blómleg útgerð. Hún er þar nú þegar. Það er stór og efnilegur bátafloti á Akranesi og fiskiveiðar reknar þar með dugnaði og kappi, eins og vitanlegt er.

Í nál. meiri hl., sem sjá má á þskj. 195 í Alþt. frá vetrarþinginu, er þetta tekið fram, þar sem bent er á það, að Akranes er komið í tölu stærri fiskiútflutningsstaða hér við land. 1929 var t. d. fiskiútflutningur þaðan hátt á 11. þús. skpd. Einnig er þar á það bent, að bátaflotinn er bæði stór og myndarlegur. Bátarnir eru um 20 talsins, allir nýtízkubátar, 2 gufuskip, 8 opnir vélbátar. Af þessu er ljóst, að hér er um efnilega veiðistöð að ræða.

Ég hefi áður haldið því fram, og sömuleiðis meiri hl. sjútvn. á vetrarþinginu, að framlög til að bæta aðstöðu útvegsins, eins og á Akranesi, gefa beinan og óbeinan arð. Vestmannaeyjar hafa sýnt það bezt. Ég held, að það sé full ástæða fyrir hv. þd. að athuga það, að þegar um svo kostnaðarsamar athafnir er að ræða eins og hafnargerðir, þá er það ekki verk, sem aðeins núlifandi kynslóð á við að búa, heldur leggur það grundvöll um leið að bættri afkomu í framtíðinni. Og ríkið fær svo að njóta ávaxtanna af starfi þegnanna á þessum stöðum á komandi árum og áratugum.

Þess vegna er það mjög varhugavert, að ríkið haldi áfram þeim sið, að hafa fjárframlög svo lítil, að sýnt sé, að héruðin geti ekki risið undir sínum hluta. Ég sé ekki, að það sé neitt heppilegt að miða fjárframlög þingsins við það, að sýnt sé, að ríkið þurfi síðar meir að taka á sínar herðar þann kostnað, sem upphaflega var ætlaður héraðinu.

Nú er af minni hl. ekki farið fram á það, að þessi hafnargerð sé styrkt á sama hátt og stjórnin lagði til á sinni tíð, að lagt væri til hafnargerðarinnar á Skagaströnd, heldur er farið fram á aðeins ⅖.

Það má vel vera, að hægt sé að segja, að ríkissjóður megi ekki við því að leggja fram meira en ⅓. En ef á það er litið, að hve miklu gagni þessi framkvæmd yrði, þá má alveg eins segja, að ríkissjóður hefir ekki efni á því að skera framlög

svo við neglur sér, að ekkert geti af framkvæmdum orðið. Og ég óttast, að svo yrði, ef samþ. yrði till. meiri hl. n. Af þessum ástæðum tel ég rétt og skylt að leggja með því, sem meiri hl. hélt fram á vetrarþinginu, og komið hefir svo greinilega fram í afskiptum þingsins af öðrum hafnarmannvirkjum, síðan þingið tók þá ákvörðun 1929, að leggja svo ríflega fram, að minni hætta sé á því en áður, að íbúar hlutaðeigandi héraða sligist undir sínum hluta.

Pétur Ottesen: Hv. frsm. minni hl. hefir hrakið þau ummæli hv. 1. þm. S.-M., að hér hefði ekki orðið nein stefnubreyting á síðustu árum um hlutföll á milli fjárframlaga ríkissjóðs og héraða til hafnarmannvirkja. Hann hrakti þetta m. a. með því að sýna, að þegar rætt var um hafnargerðina á Skagaströnd 1929, þá kom fram till. um, að framlag ríkissjóðs yrði ½ kostnaður og ennfremur till. um, að það yrði ⅓, en samþ. var, að það skyldi vera ⅖. Meðferð þess máls sýnir svo greinilega, að fyrri stefnan um ⅓ framlag úr ríkissjóði er alveg brotin á bak aftur. Því að till. um það, sem fram kom þá, var hafnað með miklum atkvæðamun. Þetta er svo greinilegt, að það er gersamlega þýðingarlaust að vera að bera því við, að þetta fari í bága við þá stefnu, sem almennt ríkir um styrkveitingar frá því opinbera til verklegra og nauðsynlegra framkvæmda. Það er svo greinilegt, að afstaða tveggja síðustu þinganna er nákvæmlega hin sama. Það er gagnslaust fyrir hv. frsm. að vitna í það, hvað gert hafi verið áður fyrri. Það má benda á ýmislegt, sem áður tíðkaðist um styrk til opinberra framkvæmda. Fyrir 1923, áður en jarðræktarlögin voru samþ., var styrkurinn, sem veittur var til stuðnings jarðabótum, 12—15 aurar á dagsverkið, en nú 1,50 kr. Það má nefna margt fleira í þessu sambandi, sem sýnir ríkari stuðning frá því opinbera nú en áður, til ýmsra verklegra framkvæmda og framfara yfirleitt, og margt er nú styrkt, sem áður naut einskis stuðnings. Það þýðir ekki að benda á ýmislegt í fjarlægri fortíð, heldur miða við það, sem nú ríkir og hefir ríkt á síðustu árum — Þess vegna er það, að ef nú verður samþ., að framlag ríkissjóðs til hafnargerðarinnar á Akranesi verði ⅓, þá er þar um algerða stefnubreyt. að ræða frá því, sem verið hefir á 3 undanförnum þingum. Og ég verð að segja, að það fer í bága við þá stefnu yfirleitt, sem almennt ríkir um styrkveitingar frá hendi þess opinbera til verklegra og nauðsynlegra framkvæmda í landinu.

Út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að styrkveitingin til Skagastrandar hefði eingöngu verið til lendingarbóta, skal ég geta þess, að það er nú svo um allar hafnargerðir, að þær eru jafnframt lendingarbætur. Þannig er á Akranesi, að hafnargarðurinn á að vinna það tvöfalda hlutverk að mynda höfnina, en er jafnframt notaður til fermingar og affermingar skipa og báta. Hér er því í orðsins fyllsta skilningi bæði um að ræða höfn og lendingarbót.

Hv. þm. talaði um sérstök skilyrði, sem sett hefðu verið í sambandi við fjárveitinguna til Skagastrandar. Þau skilyrði voru, að sýslunefndin samþ. ábyrgðir fyrir hönd sýslusjóðsins. Þetta gildir hið sama um Akranes. (SvÓ: Hún átti að samþ. þá ábyrgð tvisvar). Af hverju? Af því að menn höfðu ekki trú á því, að hafnargerðin á Skagaströnd svaraði kostnaði. En hver trúir því, að höfn á Akranesi svari ekki kostnaði? En ef hv. frsm. óskar, þá má gjarnan samþ., að sýslunefnd samþ. oftar en einu sinni ábyrgðina, þó að það væri 10 sinnum.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að samanburður á hafnargerðum og vegagerðum væri ekki réttur, því að almenningur hefði meiri not veganna. En ég vil í þessu sambandi benda á það, að undanfarið hefir afli á báta við Faxaflóa frá öðrum stöðum en Reykjavík og Hafnarfirði verið 1/10 af því, sem flutt hefir verið á erlendan markað af verkuðum fiski. En miklu fleiri bátar en nú er mundu þá stunda veiðar í Faxaflóa á vertíðinni, ef til væri þar lægi fyrir þá. Fjöldi útgerðarmanna víðsvegar af landinu sækist eftir að koma bátum sínum hingað á vetrarvertíðinni. En það er ekki hægt sökum hafnleysis.

Með því að byggja höfn á Akranesi, þá opnaðist leið fyrir menn úr öðrum verstöðvum að koma bátum sínum hing-

að á vetrarvertíðinni. Það má þess vegna líkja hafnargerðinni á Akranesi við vegagerðir, hvað almenn afnot snertir. Og ég efast ekki um það, að eftir því sem bátar stækka á Austfjörðum, eins ótryggar og fiskiveiðar eru þar, mundu þessir stóru bátar leita hingað til Faxaflóa á vertíðinni, ef bætt verður úr hafnleysinu. Það er því áreiðanlegt, að þessari hafnargerð mætti líkja við þjóðvegi hvað almenn afnot af henni snertir.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Frsm. minni hl. hefir tekið fram svo margt af því, sem ég ætlaði að segja. Ég vona, að augu hv. þm. verði jafnopin fyrir nauðsyn þessa máls og að undanförnu, og ekki dragi úr þeim framkvæmdahug, sem lýst hefir sér á undanförnum þingum. Ef dregið væri nú úr, þá væru það hrörnunarmerki, sem fram kæmu í slíku.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Það er þýðingarlaust að þræta um þetta lengur, og þegar ekkert orð er eftir haft öðruvísi en afbakað, þá eru umr. gagnslausar og engum til uppbyggingar. — Mér fannst síðasta ræðan ekkert vera annað en útúrsnúningar. — Frsm. minni hl. fór líkt að og benti á, að lagt hefði verið fram meira en ⅓ kostnaðar til hafnargerðar í Borgarnesi. En það hefir aldrei verið veitt neitt fé til hafnargerðar í Borgarnesi. Lögin, sem hv. þm. á við, voru um vegagerð í Borgarnesi og lendingarbótin var gerð í sambandi við ferðir flóabátsins eins og endastöð Norðurlandsvegar, og þess vegna var upphæðin ákveðin hærri en venja er til um hafnargerðir. Hitt er algerlega rangt hjá hv. flm., að með till. n. sé brotin regla 3 undanfarinna þinga. 1929 voru afgr. lög um hafnargerð í Hafnarfirði og var afgreiðslan þar með þeim hætti, sem n. leggur nú til, að ríkissjóði var gert að greiða ⅓. (**ÓTh:** Það var dálítið sérstakt með þau). Það getur enginn borið á móti því, að þau lög voru afgr. á þennan hátt. En á tveimur síðustu þingum hafa engin l. afgr. verið um hafnargerðir, svo að ekki var hægt að brjóta reglu þeirra með till. n. Hér er því alls ekki um neina stefnubreyt. að ræða, eins og hv. flm. ranglega klifar á, heldur um það að fylgja þeirri reglu, sem oftast hefir höfð verið og segja má, að hefð hafi hlotið. Óneitanlega hafa langsamlega flest fyrirmæli í lögum um hafnargerðir einmitt miðað við upphæðina ⅓ úr ríkissjóði. Ég ætla nú ekki að fara að bera á móti því fremur en öðru, að þörfin sé þarna rík, eins og hv. flm. heldur fram. En jafnframt því að leggja áherzlu á þetta vildi hann halda fram, að þörfin mundi tiltölulega lítil hafa verið á Skagaströnd, og þess vegna minni ástæða til að fara að eins og gert var 1929 um lendingarbætur og hafnargerð á Skagaströnd. En því er nú einmitt svo varið, að þarna nyrðra er mjög vítt svæði og torsótt þeim, sem sigla með ströndum fram, þar sem hvergi á löngu svæði er brúklega höfn að finna fyrr en vestur á Ströndum, þar sem skip geti leitað lands. Og þeirra hluta vegna, þótt ekki væri annað, var þarna mjög aðkallandi þörf. En þar hefir enn þá ekkert komizt í framkvæmd, þó þessi sérstöku vilkjör stæðu til boða Skagastrandarbúum.

Annars álít ég umr. og baráttu um þetta mál með öllu þýðingarlausa, hvort fleira eða færra er afbakað af því, sem sagt hefir verið, skiptir engu máli. Ég hefi það traust á hv. þdm., að þeir á eigin spýtur án útúrsnúninga hv. flm. geti ákvarðað sig um meðferð málsins.

Pétur Ottesen: Ég vil ekki kannast við, að ég hafi neitt verið að snúa út úr fyrir hv. 1. þm. S.-M. Náttúrlega var það svo, að ummæli hans sjálfs voru býsna snúin, þegar hann var að reyna að komast fram hjá því, að um væri að ræða stefnubreyt. hjá honum og n. Þess vegna getur verið, að honum finnist þetta. Og ef honum er einhver hugnun í því með sjálfum sér að finnast það, að aðrir séu, með því að hrekja firrur hans, bara að snúa út úr fyrir honum, þá get ég vel unnt honum þess. En það er hv. dm. að meta þau rök, sem við höfum flutt hvor í sínu lagi.

Út af því, sem hv. þm. minntist á Hafnarfjörð, vil ég bara segja honum það, að það skilyrði er sett inn í öll hafnarlög upp á síðkastið, og þ. á m. þau, sem um er að ræða nú, að fjárframlög til mannvirkjanna séu bundin því skilyrði, að fé sé veitt til þeirra í fjárlögum. Svo að það er

á valdi þingsins alltaf, þrátt fyrir það, þótt l. séu samþ., hvort veitt skuli til þessara hafnargerða, og hvað mikið í hvert skipti skuli veitt. Fer það vitanlega eftir getu og afkomu ríkissjóðs á hverjum tíma. En það var einmitt um að ræða algert frábrigði frá þessum ákvæðum, sem átti sér stað um hafnargerðina í Hafnarfirði. Þar áttu menn aðgang samkv. l. að tillagi ríkissjóðs án þess að fé til hafnargerðarinnar væri tekið upp í fjárlög. Það var einmitt sá stóri munur á þessum l. og öðrum l. samskonar, og sem vitanlega gat gert miklu meira en vega á móti því, að hlutfallið var þarna ofurlítið lægra.

Um Skagastrandarhöfnina skal ég ekki dæma. En vitanlegt er það, að þetta skilyrði um tvöfalda samþ. sýslun. var gert sökum þess, að ýmsir menn, þ. á m. mjög kunnugir menn, eins og t. d. hv. þm. V.-Húnv., litu svo á, að höfnin væri ekki hagkvæmlega sett þarna sem viðskiptahöfn fyrir Húnavatnssýslu. Þetta var af vantrausti ýmissa kunnugra manna á því, að ráðlegt væri að leggja í þessar framkvæmdir. En það var ekki sprottið frá mér eða hv. 1. þm. S.-M.

Ég finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Ég veit, að hv. d. verður sjálfri sér samkvæm um afgr. þessara mála.

ATKVGR.
Brtt. 186,1 felld með 13 : 9 atkv.
1. gr. samþ. með 16 : 3 atkv.
Brtt. 186,2 kom ekki til atkv.
2.—19. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj atkv.

Á 27. fundi í Nd., 12. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 26).

Á 29. fundi í Ed., 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Forseti (GÓ): Þessu máli var vísað til sjútvn. í hv. Nd., og geri ég það að till. minni, að því verði vísað til sjútvn. þessarar hv. deildar.

Jakob Möller: Ég vil mælast til þess, að þessu máli sé nú ekki vísað til n. Það hefir verið svo oft hér á ferðinni og gengið í gegnum nefndir beggja deilda, og finnst mér því engin þörf að vísa þessu og hinum hafnarmálunum, sem hér eru á dagskrá, til nefndar.

Jón Þorláksson: Ég viðurkenni að vísu ástæður hv. 1. þm. Reykv. til þess að óska þess, að þessu máli sé ekki vísað til n. En af því að þessi þrjú hafnarfrv. eru líkleg að skipta ríkissjóð á aðra millj. kr., finnst mér óeðlilegt, að þeim sé ekki vísað til n.

Jakob Möller: Hvað því viðvíkur, að þetta séu milljónafrv., vil ég benda hv. d. á, að frv. gera ekki ráð fyrir neinni fjárveitingu fyrr en svo er ákveðið í fjárlögum.

ATKVGR.
Frv. vísað til sjútvn. með 8 : 5 atkv.

Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 365 og 386).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Úr því að frv. þetta ásamt tveimur öðrum (hafnargerð á Sauðárkróki og hafnargerð á Dalvík) eru nú komin hér á dagskrá, verð ég að gera grein fyrir afstöðu meiri hl. sjútvn. bæði til þessa máls og líka til hinna tveggja, sem ég býst við, að komi hér til umr. á eftir. Ég geri ráð fyrir, að umr. um þetta mál geti þá nægt um hin frv. líka, því að málin eru öll náskyld.

Við tveir nm. höfum skilað bráðabirgðanál. um frv. það, sem nú er til umr., með skirskotun til nál. um hafnargerð á Dalvík, en þar er tekið fram, af hvaða ástæðum við treystum okkur ekki til að gefa út nema bráðabirgðaálit. Frv. var hér til 1. umr. á föstudaginn, og var því þá vísað til sjútvn. Nú hefir sjútvn. ekki fundartíma á laugardögum og ekki heldur á mánudögum. Fyrsti fundartími n., eftir að málið kom til hennar, var á þriðjudaginn. Þá hélt n. fund, og mætti þá aðeins 2 nm. Hv. 5. landsk. var forfallaður. Meiri hl. n. setti samt fund og afgr. eitt mál. Þá komu þessi hafnarmál öll nokkuð mikið til umr. milli þessara tveggja nm. og var engin ályktun tekin og það innfært í gerðabókina og hún undirskrifuð af báðum mættum nm. án ágreinings.

Svo í gærmorgun tilkynnti mér sá, sem nú kallast minni hl. n., að hann hefði gefið út sérstakt nál. Þetta kom mér ókunnuglega fyrir, af því að ekkert hafði verið um það talað á fundi n., en við því var ekkert að gera. En meðan á fundi stóð í deildinni, náði ég tali af form. sjútvn. Nd. og bað hann að láta mig fá þau skjöl, sem legið hefðu fyrir n. í vetur, en hann sagði, að n. hefði engin skjöl haft.

Þegar málunum var þannig komið, náði ég í þriðja nm., sem aldrei hafði um málið rætt á fundi og skýrði honum frá málavöxtum, og þar sem minni hl. hafði komið með nál., þá komum við okkur saman um að gefa út bráðabirgðanál. meiri hl. Um leið ákváðum við að afla okkur upplýsinga í málinu sérstaklega hjá vitamálastj., ef hann kynni að hafa einhver plögg viðvíkjandi uppdráttum og áætlunum. Við skrifuðum honum bréf og óskuðum þess að fá umsögn hans um málin, og ennfremur þótti okkur rétt að skrifa fjmrh. og fá álit hans á fjárhagshlið málsins, og í þriðja lagi töldum við það ekki úr vegi, ef tími væri til, að fá álit stjórnar Landsbankans, hvernig hún liti á fjárhagsmöguleika til allra þessara fyrirtækja. Ég get því ekki betur séð en að þessi meðferð okkar meiri hl. manna hafi undir þessum kringumstæðum verið í alla staði þingleg. Hitt tel ég ekki þinglegt að reka málin áfram eins og nú er gert, keyra þau inn í þingið áður en þau hafa fengið næga athugun í n. Hér er ekki um nein smámál að ræða. Ég hefi ekki hirt um að leggja saman þær upphæðir, sem ríkið og hlutaðeigandi héruð koma til með að greiða þeirra vegna, en ég veit, að þær upphæðir eru háar, og þori að segja, að þær eru yfir 2 millj. kr.

Ég neita því alls ekki, að á öllum þessum stöðum er mjög mikil þörf fyrir hafnir, og það er vitanlega æskilegt, að hafnir verði byggðar á sem flestum stöðum kringum landið. En það verður líka að líta á fjáröflunarmöguleikana, bæði frá ríkisins hálfu og líka fyrir hlutaðeigandi héruð og ennfremur það, hvort þessi fyrirtæki geti svarað kostnaði, þegar búið er að framkvæma þau. Alþ. hefir áður samþ. hafnarlög, og ég hygg, að það sé komið á annan tug ára, síðan samþ. voru lög um hafnargerð í Ólafsvík, en framkvæmdir þar hafa gengið mjög seint að því er ég bezt veit, af því að fjáröflun til þeirra hefir gengið erfiðlega fyrir sveitarfél.

Það kom líka mjög greinilega fram við fjárlagaumr. nú fyrir nokkru, hvernig slíkt mál hefir gengið til á ekki óliklegri stað en Vestmannaeyjum. Þar var brýn nauðsyn á höfn, og var því ráðizt í að byggja hana. Styrkur var veittur til hennar úr ríkissjóði, og þar að auki tók ríkissjóður ábyrgð á láni, sem kaupstaðurinn tók til fyrirtækisins. Ég hygg, að endirinn hafi orðið sá, að Vestmannaeyjum hafi orðið fullerfitt að standa straum af sínum hluta, en út í það skal ég ekki fara nánar nú, en af þessu má sjá, að engu síður ber að athuga fjárhagsmöguleika til framkvæmda slíkra mannvirkja heldur en hina verklegu (teknisku) hlið. Slík hafnarmál eru stórkostleg fjárhagsmál.

Nú er hér um 3 hafnargerðir að ræða, sem hafa ekki fengið meira en sem svarar hálftíma athugun í sjútvn. þessarar d. Ég verð því að segja það, að ef menn eru ánægðir með slíka afgr., þá er ekki mikill vandi að afgr. mál. Það er vitnað í það, að þessi mál séu búin að vera oft fyrir þinginu, en ég leit a. m. k. svo á á þingi 1930, að ekki lægju fyrir svo glöggar upplýsingar um þau, að ég treysti mér til að mæla með því, að þau yrðu samþ. Samt er ég þeirrar skoðunar, að hafnargerð á Akranesi hafi svo miklar líkur til að bera sig, að rétt sé að samþ.

lög um hafnargerð þar, og þó er fjárhagsatriðið ekki fyllilega rannsakað þar enn. Um hinar tvær hafnirnar er ég ókunnugri, ég hefi aldrei séð hér á þingi nein sönnunargögn um það, að þær hafnir væru fjárhagslega tryggðar um afborganir, ef í þær framkvæmdir yrði ráðizt.

Ég veit, að öllu þessu má svara á þá leið, að þetta geri ekkert til, því að í frv. sé aðeins heimild til að leggja í þessar framkvæmdir, þegar fé sé veitt til þess í fjárlögum. En ég lít með meiri alvöru á sjávarútveginn en svo, að ég hafi löngun til þess að ryðja gegnum þingið lögum, sem verða síðan aldrei nema á pappírnum. Ég vil, að rannsakað sé, og það svo að á megi byggja, hvernig eigi að taka á okkar hafnarmálum yfirleitt. En það má segja, að allt það, sem unnið hefir verið í þessum málum, hafi verið algerlega planlaust, svo að enginn hefir getað vitað, þegar lög hafa verið samþ. í því efni, hvort þau yrðu nokkurntíma framkvæmd.

Ég vil taka hafnarmálin á sama hátt og vega- og símamálin, láta rannsaka vel og vandlega, hvernig á að haga sér í framkvæmd þeirra. Það eina, sem ég veit til, að gert hafi verið til að fá einhvern fastan grundvöll í þessum málum, var gert fyrir nærfellt 20 árum. Þá ferðaðist verkfræðingur einn kringum landið og athugaði, hvar hentugast væri að byggja hafnir og gerði till. um það, hvernig framkvæmdum yrði hagað. Þetta var rétt byrjun, en því miður fór það svo með þetta sem margt annað, er þá var unnið, að það kom að minna haldi en verða hefði mátt.

Að því er Akranes snertir, þá vil ég benda á það, að nú er veitt í fjárl. nokkur upphæð til þess að halda áfram þeirri byrjun, sem nú hefir verið hafin þar. Það er því ekki að neinu leyti verið að tefja fyrir þeim hluta framkvæmdanna, sem bæði ríkissjóður og héraðið kynni að vera fært um að gera nú á þeim stað.

Hér hafa nú fyrir skömmu komið fram raddir um það, að Akranes liði talsverðan baga við það, ef það fengi ekki samþ. lög um hafnargerð nú á þessu þingi. Ég hefi reynt að gera mér grein fyrir því, hvað kauptúnið liði við það, þó að svo færi, að málið biði næsta þings, og ég hefi þar ekki getað komið auga á neitt. Kauptúnið hefir hvort sem er fulla heimild til þess að setja sér hafnarreglugerð, og ég geri ráð fyrir, að hún sé þar til, og það getur þannig gert ráðstafanir til fjáröflunar að svo miklu leyti sem tök eru á. Framkvæmdir geta ekki heldur orðið miklar á þeim tíma sem líður frá því þingi er slitið nú og þar til þingi verður slitið á komandi vetri.

Hv. 1. þm. Reykv. heldur því fram, að það sé bagalegt fyrir Akranes að fá nú ekki ríkisábyrgð fyrir sínu framlagi. Ég get vel skilið, að það muni erfitt fyrir þorpið að fá lán án ríkisábyrgðar, en nú á ríkið samkv. fjárl. að leggja fram 50 þús. kr. og það er þá vitanlega ábyrgð fyrir þeirri upphæð. Hér á móti á svo kauptúnið að leggja sinn hluta, og álít ég a. m. k. forsvaranlegt, að ábyrgð á þeirri upphæð fengist á næsta þingi.

Annars vil ég segja það um þessi hafnarmál öll, að ég tel miklar líkur til, að framkvæmd þeirra verði frestað, því að það er ekkert nema barnaskapur að halda, að eins og nú standa sakir, geti ríkissjóður lagt fram fé til allra hafnargerðanna samtímis umfram öll önnur nauðsynleg útgjöld, nema þá svo litla upphæð, að ef henni væri skipt á milli þessara þriggja staða, þá munaði mjög lítið um hana. Það er því óskapleg fásinna, að vilja leysa þetta mikla vandamál sjávarútvegsins á þann hátt. Hver, sem um þetta hugsar með alvöru, hlýtur að kannast við, að á rannsókn verður allt að byggjast, annars er það fálm út í loftið, sem kemur af því, að menn halda, að með því geti þeir unnið sér kjörfylgi í sínu kjördæmi. Ef væri verið að unga út á hverju þingi 2—3 hafnarlögum, þá er það bersýnilegt, að þau kæmust ekki lengra en á pappírinn, og slíkar aðgerðir eru hafnarmálunum til ógagns, en ekki til góðs. Þá mundi ekki líða á löngu áður en hér væru 10—15 hafnarlög, og þegar ekki væri hægt að veita til þeirra framkvæmda nema 100—150 þús kr. á ári, þá sjá allir, hvernig sú framkvæmd mundi ganga, þegar ekki færu nema 10—15 þús. kr. í hvern stað, því að vitanlega mundu allir vilja fá eitthvað.

Hér á þingi hafa verið samþ. hafnarlög fyrir Hafnarfjörð, og þar munu frem-

ur en viðast annarsstaðar hafa verið góð fjárhagsleg skilyrði fyrir hendi. Samt veit ég ekki betur en að ríkið eigi þar mjög mikið starf óleyst af hendi. Ég nefndi áðan Ólafsvík, svo er Skagaströnd, og nú á að bæta þremur nýjum höfnum við. Hvað er svo við það unnið? Ég býst ekki við, að það sé neitt. Hitt tel ég rétt, á meðan þessi hafnarmál eru ekki fullrannsökuð, að ríkið veiti svo sem 50 þús. kr. árl. til hafnargerðar á Akranesi gegn vissu framlagi héraðsins, og að ríkissjóður taki þá ábyrgð á því láni, sem héraðið þyrfti að taka til hafnargerðarinnar á móti framlagi ríkissjóðs. Þetta álít ég vel viðunandi í bili fyrir alla málsparta. Hitt finnst mér heimska, að vilja afgr. þessi mál eins og hefir átt að gera á þessu þingi, þar sem þau hafa ekki einu sinni mátt athugast sæmilega í n.

Mér er sama, þó að mér verði fyrir þessa afstöðu mína brugðið um það, að ég vilji standa á móti málum sjávarútvegsins; ég er ekki orðsjúkur og læt mér það í léttu rúmi liggja, hver dómur kann um það að verða felldur. Og þó að þessi hafnarmál strönduðu nú í þetta skipti, þá teldi ég mig hafa unnið þar gott verk, þó að ég væri þess valdandi, ef það yrði til þess, að síðar yrði tekin upp heilbrigðari stefna í hafnarmálum en áður hefir verið gert.

Ég hefi þá lokið máli mínu að þessu sinni, og verður nú að skeika að sköpuðu um afdrif þessara mála. En hver sem þau afdrif verða, þá mun ég ekki láta niður falla, meðan ég hefi tækifæri til, að benda hv. þm. á þá ágalla, sem ég tel vera á þessum málum, eins og þau eru nú.

Ég vildi mega vona það, að þegar þing kemur saman næst, væntanlega eftir nokkra mánuði, þá mætti þessari hv. þd., sem hefir verið talin sú reyndari deild og nokkurskonar hemill á flaustursleg framkvæmdir, takast að athuga betur en gert hefir verið þessi mál, sem nú liggja fyrir.

Ég skal ekki dæma um, hvernig þessi hv. d. hefir innt af hendi þetta hlutverk, en vil vænta þess, að hún hætti ekki alveg að vanda til þeirra verka, sem fyrir henni liggja.

Ég skal svo láta hér staðar numið að sinni. Ég geri ráð fyrir að svara hv. frsm. minni hl., þegar hann hefir talað, og eftir því hvað hann reið snögglega úr garði í gær, býst ég við, að næsti sprettur hans verði býsna harður.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Ég skal fara ákaflega hægt og rólega. Það mun verða alveg eins affarasælt, eins og sést á því, að hv. frsm. meiri hl. tók nú mjög harðan sprett, en mun þó lítið hafa á unnið.

Hv. þm. lét þau orð falla, að þessi hv. d. hefði það hlutverk, að hún ætti að vera hemill á framkvæmdum þings og þjóðar. Það getur verið, að hann vilji hafa hana fyrir hemil á allar framkvæmdir í landinu, en hitt er víst, að ekki munu allir óska þess.

Út af því, sem hv. þm. sagði um afgr. þessa máls í n., vil ég segja það, að ekki fór hann þar rétt með, því ég gat þess við hann, að það myndi fara svo, að ég kæmi með sérstakt nál., þó að mér láðist að skýra frá afstöðu minni í n. Hitt er rétt, að ég var ekki ákveðinn í, hvað gera skyldi fyrir málið, til að reyna að fá það fram. Framsóknarmennirnir í n. voru yfirleitt á móti því, að málið gengi fram á þessu þingi, og ég var í efa um, hvort það hefði nokkra þýðingu að knýja málið áfram inn í d. En við nánari athugun komst ég að þeirri niðurstöðu, að það væri rétt, og sagði hv. frsm. meiri hl. það, að ég hefði afhent minni hl. nál.

Ég skal engan veginn reyna að andmæla því, sem hv. þm. sagði um að rannsókn þessa máls í sjútvn. hafi ekki verið stórkostleg, og ég verð að játa, að af minni hendi hefir lítil rannsókn á því farið fram. En til afsökunar því vil ég segja það, að til þess gafst ekki tími, vegna þess, hvað málið var lengi fyrir hv. Nd. Og þó hv. frsm. meiri hl. talaði um, að fyrir sjútvn. Nd. hefðu ekki legið nein skjöl þessu máli viðvíkjandi, þá var ég samt svo heppinn, að geta fengið þau skjöl frá vitamálastjóra, sem hv. meiri hl. n. bað um að senda sér, og þessi skjöl lágu þá í vörzlum þingsins. Það er sem sagt fjarstæða að segja, að hafnargerð á Akranesi hafi ekki verið rannsökuð. Hún hefir verið rannsökuð og gerð áætlun um framkvæmd verksins, og áætlað er, að þetta kosti 900 þús. kr. af 1 milljón, sem

gert er ráð fyrir, að það kosti allt. Það þýðir því ekki að segja, að þetta mál, hafnargerð á Akranesi, sé ekki undirbúið. Og í þeim málum, sem hafa verið rannsökuð af sérfræðingum, er það ekki verkefni þingn. að taka þau til nýrrar rannsóknar; þar hefir þingn. ekki annað verkefni en reyna af sínum veika mætti að setja sig inn í málin, eftir þeim gögnum, sem sérfræðingarnir hafa lagt henni upp í hendur.

Um nauðsyn hafnargerðar á Akranesi er ekki að efast. Það vita allir, að Faxaflói er með allra mestu fiskisvæðum landsins, og að við Faxaflóa kemur mestur fiskur á land. Landið lifir á fiskveiðunum, og mikill hl. þess fiskjar er veiddur hér í Faxaflóa. Og það sem veiðist með bátaútgerðinni við Faxaflóa, er stór hl. af fiskveiðum alls bátaútvegs landsmanna. En auk þess er þess að geta, að hér við flóann er í raun og veru engin smábátafiskihöfn til, og að Akranes liggur einna bezt við til að vera smábátaathvarf hér við flóann.

Ég vil í þessu sambandi minna á, að þegar ráðizt var í það að gera höfn hér í Reykjavík, þá þótti það djarft teflt að ráðast í framkvæmdir, sem kostuðu stórfé á þann mælikvarða, sem þá var. En reynslan hefir nú orðið sú, að höfnin hefir orðið lyftistöng fyrir atvinnuveg bæjarbúa, og ekki einungis borið sig, heldur grætt svo fé, að hún hefir sjálf getað staðið straum af kostnaðinum við að byggja hana. Eins mun fara um höfn á Akranesi; hún mun bera þann kostnað, sem í hana verður lagður, og auka framleiðsluna stórkostlega, ekki aðeins Akrnesinga, heldur allra þeirra manna, sem stunda fiskveiðar við Faxaflóa. Og hún mun ekki aðeins standa straum af sér sjálf, heldur efla hag manna við Faxaflóa, efla hag ríkissjóðs og gera landsmenn færari til að standast þær byrðar, sem þeir verða að bera, og mæta þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um það sem hina mestu fásinnu, að tekið væri lán erlendis til þeirra framkvæmda, sem hér er um að ræða. En þetta lítur allt öðruvísi út fyrir mér. Það er einmitt til slíkra framkvæmda, sem eru arðberandi, arðberandi á þann hátt, að þær auka getu til að greiða í erlendum gjaldeyri, að ég álít það fullkomlega réttmætt að taka erlent lán. Og ég álít það engan vafa, að hér sé um slíkt fyrirtæki að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til að tala hér lengra mál um þörfina á að gera höfn á Akranesi. Hún er svo augljós öllum, einnig hv. frsm. meiri hl. n. Það er ekki af því, að hann sjái hana ekki, að hann vill afgr. þannig þetta mál, heldur af öðrum ástæðum, sem ég skal nú gera grein fyrir.

Mér skilst, að það sem vakir fyrir hv. frsm. meiri hl. sé það, að það þurfi að skipuleggja allar hafnargerðir í landinu, og að það eigi að láta allar framkvæmdir bíða eftir þeirri skipulagningu. Hann notaði að vísu ekki orðið að skipuleggja, en það er nú svo algengt slagorð í þeim herbúðum, sem hv. frsm. meiri hl. heyrir til, að ég hefi kosið að nota það. En ég tel, að það sé hættulegt, ef fara á inn á þá braut, að láta nauðsynlegar framkvæmdir bíða eftir því, að teknar séu fullnaðarákvarðanir um sambærilegar framkvæmdir um allt land. Ég álít, að þetta sé niðurdrepandi fyrir framkvæmdir og blómgun atvinnuveganna í landinu. Ég sé ekkert á móti því og er ekkert að andmæla því, að það sé æskilegt að gera heildaráætlanir, en álít ekki, að nauðsynjaframkvæmdir eigi að bíða eftir því, að slíkar áætlanir séu gerðar. Þetta er viðurkennt, ekki einungis af mér, ekki einungis af hv. frsm. meiri hl., og ekki einungis af hv. sjútvn. þessarar hv. d., heldur einnig af hinu háa Alþingi sjálfu með því, að það hefir ætlað fé til þessara framkvæmda í fjárl. Þar með er búið að ákveða, að ráðizt skuli í þessa hafnargerð á Akranesi. Hvers vegna á þá að bíða með að setja l. um þetta, l., sem eru bráðnauðsynleg til þess að verkið komist í framkvæmd? Er ekki hv. Alþ. að spyrna þarna fæti í eigin framkvæmdir?

Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að geta ríkissjóðs væri svo lítil, að hann gæti ekki lagt nema 100—150 þús. kr. á ári til hafnargerða, og taldi það allt of lítið til, að hægt væri að ráðast í svona framkvæmdir. Hinsvegar taldi hann rétt, að ríkissjóður fleygði smáupphæðum til óákveðinna hafnargerða, en vildi ekki láta setja ákveðin l. um framkvæmdir á ákveðnum einstökum stað. Þegar hv. þm.

talar um, að 100—150 þús. kr. sé lítið, en álítur nóg að veita 50 þús. kr. til hafnargerðar á Akranesi, þá skilst mér, að þessar 100—150 þús. kr. nægðu til allra þessara framkvæmda á öllum þeim stöðum, sem hér er um að ræða, og meira til, því það er vitanlegt, að hafnargerðir kosta minna fé á hinum stöðunum en á Akranesi.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri satt, sem ég hefði sagt, að það væri afskaplega bagalegt fyrir sveitarfél., sem stendur ekki undir þessari hafnargerð, að geta ekki fengið ríkisábyrgð fyrir láni til framkvæmdanna, en að hann teldi ekki rétt að veita ríkisábyrgð nema fyrir smáupphæðum við og við, og svo meira, eftir því sem verkinu miðaði áfram, svo það ætti ekki að þurfa að standa í vegi fyrir framkvæmdum. En ég held, að þetta samræmist ekki vel hans heildaráætlanahugsjón, því með hana fyrir augum held ég, að það væri heppilegra að taka ákvörðun um framkvæmdir í eitt skipti fyrir öll.

Það má í þessu sambandi minna á, hvernig farið hefir um framkvæmdir, sem Alþ. hefir þannig tekið þátt í, með því að veita styrk til þeirra, og byrjað hefir verið á. Til að nefna eitt nýlegt dæmi, get ég minnzt á sjúkrahúsið á Eyrarbakka; það munu allir vita, hvernig fór um framkvæmdirnar þar. Alþ. veitti styrk til að koma því upp, en það var engin endanleg ákvörðun tekin um framkvæmd verksins. Það var svo hlaupið frá verkinu hálfgerðu, og kom það ekki að neinum notum til þess, sem það var ætlað, þó húsið hafi síðar verið tekið til allt annarar notkunar. Ég verð að álíta, að það sé ekki viðunandi fyrir þá, sem ætla að ráðast í slíkar framkvæmdir sem um er að ræða á Akranesi, að þeim sé rétt hjálparhönd á þennan hátt. Það er ekki von, að það sé hægt að fá það fé, sem nauðsynlegt er til slíkra framkvæmda upp á þær spýtur, að að hálfnuðu verki sé hlaupið frá öllu saman. Þess vegna er það, að meðan ekki er gerð fullnaðaráætlun um framkvæmd verksins, meðan því er ekki slegið föstu, að lokið verði við verkið, er ekki við að búast, að það takist að útvega féð.

Ég held því fram, að það sé ekki einungis réttmætt, heldur og sjálfsagt, að fara þá leið, að ákveða um fullnaðarframkvæmdir á einstökum stöðum, þegar það er viðurkennt, að það sé nauðsynlegt að ráðast í slíkar framkvæmdir. Og það hefir verið sýnt fram á, að það er það á Akranesi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta mál; það er búið að tala svo mikið um það hér á hv. Alþ., þó ég hafi ekki átt kost á að gera það fyrr. Það munu því flestir hv. þdm. vera þessu máli svo kunnugir, að ég þarf ekki að skýra það fyrir þeim.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Hv. frsm. hér minni hl. sagði, að ég hefði ekki skýrt allskostar rétt frá gangi málsins í n. Ég verð að segja það rétt eins og er, að ég veit ekki, hvað það er, sem ég skýrði frá, sem ég skýrði ekki rétt frá. Ég hefi ekki tekið upp nein orð, sem fóru okkar á milli, en sagt, að það hafi verið talað á almennum grundvelli um málið, en engin ákvörðun tekin. Það er bókað, og undir það hefir hv. þm. skrifað, svo því verður ekki mótmælt. Og ég þykist ekki hafa farið rangt með gang málsins, enda hefir það verið svo fram að þessu í þessari hv. d., að mér hefir ekki þótt rétt að færa til verri vegar, heldur til betri vegar.

Hv. þm. sagði út af því, sem ég gat um, um útvegun skjalanna viðvíkjandi þessum málum, að við hefðum ekki spurt um þau, en hann hefði haft þau í fórum sínum. Ég tel það mjög einkennilegt af nm. að koma á fund, og hafa gögn um það mál, sem til umr. er, og geta þess ekki að neinu. Þetta sýnir enn betur, hve óskaplega óvandvirknislega hér er að unnið. Af hvaða ástæðum máttum við aðrir nm. ekki fá þessi skjöl, ekki einu sinni líta á þau? Við hefðum þá þó sennilega komizt hjá að fara aðra óþarfa leið til að fá þau. Mér finnst þetta sönnun fyrir því, að hv. þm. hafi ekki kært sig um, að málið yrði upplýst.

Hann sagði, að það væri ekki til þess að ætlast, að n. í þinginu upplýsti málið; hún ætti ekki að gera annað en setja sig af veikum mætti inn í málin. Hér hafði n. engin gögn til að setja sig inn í, ekki einu sinni af sínum veika mætti.

Það virðist þó ekki ástæða til að draga úr veikum mætti n. til að fá hugmynd um, hvað það er, sem þær eru að gera till. um.

Hv. þm. hélt langa ræðu um, hvað höfn á Akranesi væri nauðsynleg. Mér dettur ekki í hug að neita því. Hinu vil ég ekki trúa, sem hann sagði, að hún myndi bera sig svipað og höfnin í Reykjavík. Það getur verið, að hún geri það. En ég vil ekki lifa í trú, heldur í skoðun.

Hann ber ekki á móti því, að það hafi ekki verið dregin fram nein gögn í þessu máli — engin áætlun gerð um, hvaða tekjur höfnin kæmi til með að hafa. Hann getur trúað því, að hún beri sig, en það getur enginn sagt það með vissu fyrr en eftir ýtarlega rannsókn.

Hv. þm. sagði, að ég hefði fordæmt að taka lán erlendis til þessarar hafnargerðar. Ég hefi ekkert um það sagt. En ég fordæmi það á þeim grundvelli, sem hún stendur nú á, þessi hafnargerð. Hitt er annað mál, að eftir að það hefir verið fastákveðið að byggja höfn, og ef hún ber sig, þá er það gefin sök, að telja það eins hyggilega ráðið að taka lán erlendis. En að taka lán erlendis til hafnargerða, eins og ennþá hefir verið unnið að þeim utan Reykjavíkur, tel ég óráð. Ég skal kannast við það.

Ég held, að ekkert hafi komið fram í ræðu hv. þm., sem hefir hnekkt því, að meðferðin á þessu máli hér í hv. Ed. hefir verið að þessu sinni í mesta máta óviðeigandi. Og ég verð að líta á það sem alveg óhrakið, að í þessum málum hafi ekki hv. sjútvn. Nd. gætt þeirrar skyldu sinnar, að, svo að ég noti orð hv. þm., setja sig af veikum mætti inn í málið, og ég held, að það sé ekki venja á Alþ. að afgreiða jafnstór mál og þessi á þennan hátt. Það held ég ekki. Við þurfum ekki annað en líta bara til meðferðar hv. Nd. á málunum. Þau eru öll flutt snemma á þessu þingi og hafa verið þar lengi áður. Í þeirri hv. d. eiga sæti allir flm., svo geta má nærri, að þeir hafi unnið að framgangi málanna. Þó er þetta mál ekki tekið til afgr. í hv. Nd. aftur fyrr en hún er búin að fjalla um það í, ja, ég held nærri 5 vikur. Er þá hægt að telja það sérstaka andúð við málin, þó þess sé krafizt, að það gefist einhver tími til að athuga þau í Ed. Ég held ekki. En það er, sérstaklega af þeim, er bera ábyrgð á afgreiðslu mála, ósanngjarnt, að þeir skuli krefjast, að málið sé afgr. án nokkurrar athugunar. En ég verð að líta svo á, að sú þingn., sem fjallar um mál, beri miklu meiri ábyrgð á því en sú d., sem gr. atkv. um það. Það er nú svo, að fyrir þingið koma svo mörg mál, að það er ógerningur fyrir alla þm. að setja sig inn í hvert mál til þess að vera virkilega færir að dæma um það af fullum kunnugleika. Nei, til þess eru n. skipaðar, að þær eiga að rannsaka málin, og hv. dm. verða að treysta því, að n. hafi gert skyldu sína, og komi ekki með málin til þingsins fyrr en þær hafa kynnt sér þau nægilega. Hér er að þessu sinni tekið ákaflega hart á því, hvað n. þurfi langan tíma til að athuga málið, en ég hefi sýnt fram á, að það er sjútvn. Nd., sem virðist hafa þurft allt að 5 vikum til að koma málinu gegn um 3 umr. Og ég get bætt því við, að málið var afgr. þannig úr hv. Nd., að það var alls ekki samkomulag; það var töluverður ágreiningur. Allt þetta átti sjútvn. að leggja á hilluna og hugsa sem svo: þingið er að enda og við skulum drífa málið fram. Ég tel þetta ekki rétt vinnubrögð, og ekki hægt að ætlast til af þingn., að hún viðhafi þau.

Þá minntist hv. þm. á, að ég hefði talað um að skipuleggja hafnargerðir hér á landi, en gat þess, að ég hefði ekki notað orðið að skipuleggja. Ég skal sannarlega taka áminningu hv. þm. til greina. Ég notaði miklu lakara orð, ég skal játa það; ég hefði auðvitað átt að nota orðið að skipuleggja. En hann sagði, að það að skipuleggja hafnargerðirnar, væri hættulegt. Ég held satt að segja, að þetta sé allt of mikil hræðsla við orðið að skipuleggja, að segja, að það sé hættulegt. Það verð ég að segja. Ég veit ekki betur en vegamálin hér í landi, þó þau séu ekki sem allra fullkomnust, hafi þó verið skipulögð, og símamálin hafa líka verið skipulögð og vitamálin eru einnig skipulögð. Ég verð að játa, að þetta hefir ekki verið gert á eins fullkominn hátt og hægt hefði verið, en skipulögð hafa þau verið samt sem áður.

Vill nú hv. þm. segja, að skipulagning þessara mála hafi verið til bölvunar?

Hann um það. En þeir munu vera fáir, sem trúa því í þessu landi.

Hann sagði, að svo vildi ég bíða og gera ekki neitt fyrr en búið væri að skipuleggja þessi mál. Nei, ég sagði það ekki. En þar sem skilyrði eru fyrir hendi, taldi ég forsvaranlegt að veita fé eins og gert er í fjárl. fyrir þetta ár.

En hv. þm. vildi halda því fram, að ég vildi vera að peðra fé út úr ríkissjóði, þó engin vissa væri fyrir því, að það kæmi að gagni. En í mínum orðum var engin heimild til slíkra ályktana. Ég komst svo að orði, að á meðan ekki væri búið að skipuleggja betur hafnargerðir en orðið er hér á landi, þá væri forsvaranlegt að veita fé þar sem sérstaklega stæði á.

Þá sagði hv. þm., að ég væri ekkert á móti því, þó að teknar væru ábyrgðir á svona löguðum framkvæmdum fyrir sveitarfélög. Ég sagði ekkert um það. En þegar hann talaði um, að nauðsynlegt væri, að lög um hafnargerð á Akranesi gengju fram á þessu þingi, þá gat ég ekki séð það. Og í sambandi við ábyrgð verð ég að geta þess, að hún mundi koma að fullum notum, ef hún yrði veitt á komandi þingi, því það verður ekkert framkvæmt á þessu tímabili. Hitt er ekki rétt, að ég vilji veita smáábyrgðir. Ég tel, að fyrst eigi að taka ákvörðun um, hverjar hafnir fyrst eigi að byggja, og ganga síðan að því eftir því sem ástæður leyfa.

Þá sagði hv. þm., að sjálfsagt væri að samþ. lög eins og þessi, þegar sýnt þætti, að fyrirtækin gætu orðið arðvænleg. Ég ber ekkert á móti því, og þykir enda sennilegt, að þetta fyrirtæki gæti orðið arðvænlegt. En hvorki ég né hv. 1. þm. Reykv. höfum haft ástæðu til að komast að þessu með fullum rökum. Það er einungis hugboð okkar. En ég verð að líta svo á, að þó að hvorki ég né aðrir beri á móti því, að hafnir á þessum þrem stöðum geti verið nauðsynlegar, þá sé það þó órannsakað, hvort þær eigi að ganga á undan öllum öðrum hafnarframkvæmdum á landinu, og órannsakað, hvort þær eru allar arðvænlegar. Til þess að geta fullyrt slíkt þarf að rannsaka, á hvern hátt fyrirtækin muni gefa arð. Það hefði engum átt að koma á óvart, þó að höfn í Reykjavík bæri sig fjárhagslega. Í fyrsta lagi var þetta fyrsta höfnin, sem byggð var, og á þeim stað á landinu, sem samgöngur gátu orðið greiðastar við. Auk þess var Reykjavík höfuðborgin. Slík hafnargerð hlaut að verða arðvænleg. Ég hygg þó, að ýmsir, sem um málið fjölluðu þá, hafi dregið það í efa, og ég skil það vel. Þeir hafa ekki haft aðstöðu til að rannsaka möguleika þess, að höfnin gæti borið sig. Ég ætla svo að endingu að segja það um þessi mál, að þó að svo kunni að fara, að þau fari í gegnum þingið, verður afgr. flaustursleg í þessari hv. d. Og mér kæmi það ekki á óvart, þó að hér yrði þá gefið fordæmi, svo að fleiri kæmu á eftir. Það er kannske bezt að hafa sem flest hafnarlög hér á landi. En ég efa það, að það flýti fyrir því, sem er okkar takmark, að byggja hafnir á öllum þeim stöðum, sem þörf er á.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Ed., 22. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 26, n. 365 og 386, 431).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 431. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Síðan umr. var frestað í d. hefir rætzt talsvert úr, þannig, að bréf þau, sem meiri hl. sjútvn. sendi vitamálastjóra og Landsbankastj., hafa borið þann árangur, að vitamálastjóri gaf fljótt og vel þær upplýsingar, sem hann var beðinn um. Af umsögn hans kom það bert í ljós, að það er rétt, sem við höfum áður haldið fram, að málið hefir fengið lítinn undirbúning. Hann sendi afrit af bréfi til stjórnarráðsins um þetta mál, en tekur fram um eitt frv. sérstaklega, að þar sé um rannsókn að ræða, sem ekki sé að fullu lokið. 1. gr. telur hann að verði að breyta, því að hún sé óheppilega orðuð og geti orðið til tjóns fyrir fyrirtækið. Ég bendi á þetta því til sönnunar, að hvorki í vetur né á þessu þingi hafi verið leitað umsagnar þessa manns. Fullyrðing okkar meiri hl. um það, að málið hafi fengið óforsvaranlegan undirbúning, er því rétt.

Um fjárhagshliðina hefir aftur á móti ekki rætzt eins vel úr. En það er skiljanlegt, þegar um er að ræða mál eins og þessi, sem kosta hundruð þúsunda. Bæði stj. Landsbankans og ríkisstj. hafa látið í ljós, að gæta þyrfti hér varhygðar.

Nú er mikið kapp lagt á það, að þessi mál gangi fram, og vil ég ekki leggja stein í götu þess, þó að mér þyki málin ekki nógu vel undirbúin. Ég ber fram 2 brtt. við þetta frv. Hin fyrri er þess efnis, að fjárveiting, sem veitt hefir verið í fjárl., teljist með framlagi ríkissjóðs. Þetta ber þó ekki að skilja þannig, að fjárveiting til lendingarbóta á Akranesi á öðrum stað sé hér talin með. Hin brtt. lýtur að því, sem ég tel varhugavert við öll frv. Það er fjáröflunin. Ég hefi leyft mér að fara þess á leit, að aftan við 2. gr. frv. verði bætt ákvæði um, að þau lán, sem tekin kunna að verða af hafnarsjóði Akraneshrepps, verði tekin fyrir milligöngu Landsbanka Ísl. Ég sé ekki ástæðu til þess, að fylgismenn málsins gangi á móti þessari brtt. Það gæti orðið til þess, af því að komið er að þinglokum, að málin yrðu ekki afgr. á þessu þingi. En ég vil taka það fram, að fylgi mitt er beint bundið þessum skilyrðum. Og ég held mér sé óhætt að segja, að það eru þó nokkrir þdm. aðrir sömu skoðunar. Sé ég svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar, en vænti að heyra undirtektir minni hl.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller) [óyfirl.]: Ég heyrði ekki fyrri hlutann af ræðu hv. frsm. Ég varð að hverfa frá. Hinsvegar finnst mér brtt. ekki eins veigamiklar eins og hann vill telja, t. d. lántakan fyrir milligöngu Landsbankans. Mér finnst ekki mikil þörf á þessu, og ekki heldur ástæða til að amast við því. En þar sem ríkisstj. er hér aðeins veitt heimild til þess að ábyrgjast lán, þá finnst mér, að meiri hl. ætti að geta treyst stj. til þess að ganga aðeins í slíka ábyrgð, að lántakan sé í lagi. — Þá virtist frsm. meiri hl. álíta, að af því kynnu að geta stafað lánstraustsspjöll, ef einhverjir færu að fá lán út á ábyrgð ríkissjóðs. En slík ákvæði eru engin trygging fyrir því, að einhverjir fari ekki að garfa í að fá lánið. (IP: Hvaðan hafa þeir umboð?). Hvaðan höfðu þeir umboð, sem á síðasta vori voru að útvega einni ríkisstofnun lán? Ég hefi ekki trú á, að þetta spilli lánstrausti landsins. Þá væri yfirleitt auðvelt að eyðileggja lánstraustið. Ég skoða brtt. meinlausar og get fallizt á að samþ. þær í því trausti, að málið verði afgr. frá þessari hv. d. og til Nd.

Um höfnina á Dalvík telur meiri hl. nauðsyn að breyta 4. gr. þannig, að hafnarmerkin séu ekki ákveðin. En alveg samskonar ákvæði og eru í frv. um Dalvík eru í frv. um höfn á Akranesi. En í 18. gr. frv. um höfn á Dalvík er mælt svo fyrir, að ákveða skuli þetta með reglugerð, sem hreppsnefnd semur og ráðh. staðfestir. Ég sé ekki betur en að þessu mætti bjarga, þó að þessi ákvæði séu sett inn í frv. Þessu mætti breyta með reglugerð, ef það sýndist hentugra. Sé ég svo ekkert á móti því, að frv. gangi fram.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Ég verð ekki langorður. Það er aðeins vegna þess, að hv. 1. þm. Reykv. vildi láta skína í, að ákvæðið um lántöku fyrir milligöngu Landsbankans væri sáralítils virði, sem ég vildi taka fram, að þetta ákvæði tryggir það, að enginn annar getur með heimildum farið að bjóða þetta út.

En að því er snertir brtt. við frv. um höfn á Dalvík, skal ég geta þess, að ég hefi samið hana að tilmælum vitamálastjóra. Hann taldi ákvæðið um hafnarmerkin mjög óheppilegt. Nú gefur að skilja, ef hafnarmerkin eru ákveðin með lögum, að það er ekki hægt að breyta þeim með reglugerð. Þess vegna er sjálfsagt að hafa þetta óbundið. Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, þar sem það virðist vera samkomulag um brtt.

ATKVGR.

Brtt. 431,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 431,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

3.—10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

11.—19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 435).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj atkv. og endursent Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 435).
Á 39. fundi í Nd., 24. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 : 2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 453).

---

44. Hafnargerð á Sauðárkróki.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um hafnargerð á Sauðárkróki (þmfrv., A. 30).

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Frv. þetta, sem við þm. Skagf. berum fram um hafnargerð á Sauðárkróki, er ekki nýtt fyrirbrigði. Það hefir verið borið fram á 3 undanförnum þingum af hv. þm. Skagf.
Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að tala langt mál um þetta frv. nú; þeir hv. þm., sem verið hafa hér á undanförnum þingum, þekkja vel til þess. Ég vil aðeins geta þess, að þetta er hið mesta nauðsynjamál fyrir Skagfirðinga. Skagafjörður er, eins og hv. þm. er kunnugt, eitthvert blómlegasta landbúnaðarhérað á landinu, en hafnleysur eru þar miklar, og því brýn nauðsyn þessara hafnarbóta á Sauðárkróki. Á Sauðárkróki er mjög góð aðstaða til útgerðar, skammt á hin beztu fiskimið. Þessi hafnargerð er mikið áhugamál fyrir héraðið, því að það fólk, sem ekki kemst fyrir í sveitinni, og verður hvort sem er að flytja þaðan, getur þá farið til Sauðárkróks, í stað þess að flýja sýsluna alveg. Ég get sagt eins og hv. þm. Borgf. í frv. sínu um hafnargerð á Akranesi, að það er ef til vill ekki ástæða til þess að vísa málinu til n., þar sem það hefir fengið jafnrækilegan undirbúning áður, og var komið í gegnum d. í vetur, en þó vil ég gera það að till. minni, að því verði vísað til sjútvn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 175 og 185).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Eftir þá meðferð, sem málið næst á undan hefir hlotið hjá hv. þdm. (frv. um hafnargerð á Akranesi), finn ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Ég leyfi mér aðeins að skírskota til nál. á þskj. 185 og læt þar með lokið máli mínu.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Ég leyfi mér aðeins að skírskota til nál. á þskj. 175, og vísa til, að ágreiningur er hinn sami í þessu máli að því er hlutfallið snertir eins og áður. Ég hefi lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Brtt. 185,1 felld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BÁ, GÍ, HStef, HJ, IngB, SvÓ.
nei: VJ, BSt, BKr, EA, HG, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, JörB.
Fjórir þm. (TrÞ, SvbH, HV, LH) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 14 : 1 atkv.
Brtt. 185,2 kom ekki til atkv.
2.—19. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 12. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 30).
Á 29. fundi í Ed., 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með öllum (14) atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 366 og 385).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Ed., 22. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 30, n. 366 og 385, 432).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 432. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Með skírskotun til þess, sem fram hefir farið við umr. um afgreiðslu fyrra máls (hafnargerðar á Akranesi), sé ég ekki ástæðu til þess að segja neitt frekar um þetta mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 432 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
11.—19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 436).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 436).
Á 39. fundi í Nd., 24. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 : 1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 454).

45. Hafnargerð á Dalvík.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um hafnargerð á Dalvík (þmfrv., A. 61).

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Eins og menn munu kannast við, hefir þetta mál legið fyrir tveimur undanförnum þingum, og í bæði skiptin verið samþ. hér í þessari hv. d., en hinsvegar ekki náð afgreiðslu í Ed.
Þótt hér séu nú allmargir nýir þm., sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en vona, að það fái að verða samferða öðrum hafnarfrv., sem nú liggja fyrir. Að endingu legg ég til, að því verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 174 og 184).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 184,1 felld með 13 : 6 atkv.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 184,2 kom ekki til atkv.
2.—19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 12 ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 61).
Á 29. fundi í Ed., 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 : 1 atkv.

Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A 61, n. 367 og 384).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Ed., 22. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 61, n. 367 og 384, 433).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 433. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 433,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 433,2 (ný 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
5.—19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 437).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 437).
Á 39. fundi í Nd., 24. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 : 2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 455).

---

46. Stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Á 5. fundi í Nd., 20 júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (þmfrv., A. 64).

Á 10. fundi í Nd. 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Þetta frv. hefir legið fyrir undanförnum þingum og verið rætt allmikið á þeim. Á síðasta þingi féll það með jöfnum atkv. í Nd. Ég vænti þess, að hv. d. sé nú svo samsett, að þetta mál nái nú fram að ganga. Nauðsyn þess, að Skildinganes sameinist Reykjavík verður alltaf meiri og meiri. Og áskoranir þær, sem borizt hafa frá Skildinganesbúum, sýna, að meiri hl. þeirra er með málinu, og þeir, sem á móti eru, eru þeir einir, sem þar eiga stórar landeignir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. við þessa umr. Óska eftir því, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd, 29. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 124).

Frsm. (Jón Ólafsson): Það ætti ekki að þurfa að hafa langa framsöguræðu fyrir þessu máli í þetta sinn, vegna þess að þeir hv. þm., sem hafa átt sæti hér undanfarin ár, hafa haft tækifæri til þess að kynnast öllum málavöxtum. Hinsvegar eru hér nú nokkrir nýir menn, sem hafa ef til vill ekki kynnt sér þetta mál ýtarlega, og ætla ég þess vegna að fara um það nokkrum orðum. Fyrst ætla ég að lýsa því, að þetta stykki af Seltjarnarneslandi, sem um er rætt, er alveg umkringt af landi Reykjavíkur og hefir svo fjölmargt sameiginlegt með Reykjavík, t. d. tollgæzlu. Ein af aðalástæðunum er sú, að íbúarnir þarna sækja til Reykjavíkur bæði vatn og rafmagn. Einnig sækja þeir mestalla atvinnu sína hingað, margir í daglaunavinnu eða skrifstofuvinnu. Útkoman á þessu verður sú, að þeir njóta allra sömu hlunninda sem bæjarbúar, en sleppa við allflestar kvaðir, sem á þeim liggja. — Samt er þeim að mörgu leyti miklu hagkvæmara að vera í sambandi við Rvík en að vera eins og nú. Börn þeirra sækja skóla til Rvíkur, enda er það betra heldur en að sækja skóla út á Nes. Þá má minnast á þá miklu brunahættu, sem þarna er. Á stuttum tíma hafa orðið þarna tveir stórbrunar, brunalið hefir verið sótt til Rvíkur, en því er í raun og veru óheimilt að fara með slökkvitæki út úr lögsagnarumdæmi Rvíkur, því að þar þarf það að vera til taks, hvenær sem kallað er. Þessi hlunnindi fengju þeir einnig með sameiningunni. Fjöldi íbúanna hefir einnig viðurkennt nauðsyn þessa máls, með því að skrifa undir áskorunarskjal til hins háa Alþ., sem fer í þá átt.

Það, sem kemur Reykvíkingum til að sækjast eftir þessu stykki, er sú hætta, sem liggur í því fyrir bæjarfélagið að eiga það ekki. Rvíkurbúar hafa byggt mikið mannvirki, þar sem Rvíkurhöfn er; samt er hún enn eins og hálfinnréttað hús, og þarf vafalaust að eyða enn í hana mörgum millj., áður en hún getur starfað fullnægjandi. Þessi blettur, sem hér ræðir um, á yfir að ráða allmiklu landi að sjó, og gæti þar risið upp hættulegur keppinautur við Reykjavíkurhöfn, ef bærinn á ekki þennan blett. Ennfremur má benda á, að þarna er byggt gersamlega skipulagslaust. Það er víst, að úr þessu verður ekki hægt að mæla móti þessari sameiningu til lengdar, en ef það dregst, verður búið að byggja þarna svo óskipulega, að skömm er að. Það má táka t. d. mýrina hérna megin við Skildinganesið. Þetta er tilvalinn staður til þess að hafa þar í framtíðinni skemmtigarð fyrir Rvíkurbúa, en nú sem stendur hefir bæjarstjórn engin ráð á því, hvernig búið er að þarna í kring. Þarna rétt hjá hafa 2—3 grútarbræðslustöðvar verið settar. Þær eru að vísu ekki starfræktar nú, en þær standa þarna tilbúnar að taka á móti þeirri vöru, sem þeim er ætlað að vinna úr.

Þetta er það helzta, sem ég vildi taka fram. Að lokum ætla ég að undirstrika það, sem ég sagði áðan um brunahættuna; svona lítil þorpsfélög hafa ekki efni á að koma sér upp dýrum slökkvitækjum, en þau fengjust til afnota eftir þörfum, ef það legðist til Rvíkur.

Okkur flm. hefir láðst að geta þess, að á síðasta ári stofnuðu íbúar þessa þorps vatnsveitufélag, og fengu þeir vatn frá Rvík, þó að bærinn væri alls ekki aflögufær með vatn. Það er eðlilegast, að bærinn taki á sig þann kostnað, sem þessir einstöku menn hafa lagt í, og býst ég við, að við flm. flytjum brtt. þessu viðvíkjandi við næstu umr. þessa frv.

Þessu frv. hefir verið illa tekið að undanförnu. Fyrst þegar það var borið fram, voru aðeins 3—4 með því. En á síðasta þingi féll það með jöfnum atkv. Mönnum hefir sífellt orðið það ljósara og ljósara, hvílík nauðsyn þetta væri. Á þessari sameiningu ættu engir að þurfa að tapa, því að gert er ráð fyrir nefnd, skipaðri óvilhöllum mönnum, sem meti töp þau,

er af þessu kunna að leiða fyrir einstaka menn. Svo sé ég ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég get í sjálfu sér tekið undir með hv. frsm. um það, að ekki sé ástæða til að fara í langar kappræður um þetta mál nú. Það hefir legið fyrir undanförnum þingum, og nú sýna flestir þdm. því þann sóma að ganga af fundi, svo að nú mun tæpur helmingur hv. þdm. vera á fundi. Og svo leiðinlegt sem það er að tala yfir hv. þm., þá er það þó enn leiðinlegra að tala yfir tómum stólum. En ég set öll þessi auðu sæti í samband við þau orð hv. frsm., að málinu væri að aukast fylgi á Alþ. En sannleikurinn er sá, að hv. flm. hafa smátt og smátt verið að ánetja einn og einn þm., sem nú loks hefir svo lofað því — með vondri samvizku þó — að styðja frv. Mér finnst þetta í raun og veru illa gert, að þeir menn, sem hafa unnið gegn þessu máli í ræðu og riti, en hafa nú snúizt á sveif með því, gegn betri vitund, þurfa að skrifa undir nál., er leggur til, að frv. verði samþ. Þetta er napurt háð um þá sjálfa. Og þó að hv. frsm. sé alkunnur fyrir kaldhæðni sína, hefir hann hingað til látið hana aðallega bitna á andstæðingum sínum.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um efnishlið þessa máls, en frsm. þótti nauðsynlegt að rifja upp ýms atriði því viðvíkjandi, og kemst ég því ekki hjá því að bæta þar nokkru við. Hv. frsm. vildi rökstyðja þetta mál með því, að íbúar þessa svæðis fengju vatn og rafmagn frá Rvíkurbæ. En ég vildi minna á það, að í fyrsta lagi eiga þessir íbúar í Skildinganesi rétt til þessara fríðinda samkv. vatnalögunum, í öðru lagi er tryggður þessi réttur með lögum frá 1923, þegar Reykjavík keypti Elliðaárnar af þessum hrepp. Í þeirri löggjöf er tekið fram, að hreppsbúar eigi heimtingu á að fá vatn og rafmagn frá Reykjavík, ef bærinn er aflögufær. Það liggur í hlutarins eðli, að bærinn er engu frekar aflögufær fyrir það, að með löggjöf verði þessi hluti Skildinganeshrepps innlimaður í Rvík. Réttur hreppsbúa til rafmagns og vatns er því nákvæmlega sá sami, hvort sem innlimunin fer fram eða ekki, og er fyrirfram tryggður með lögum frá 1923 — með frjálsu samþykki beggja aðilja. Ég veit, að Rvík hefir reynt að reyjast um að standa við þennan samning. En hæstiréttur felldi þann dóm, að hreppsbúar ættu þau fríðindi, sem þingið hefði ætlað 1923 að áskilja þeim.

Þá vildi flm. byggja rétt sinn í þessu máli einnig á því, að hreppsbúar sæktu atvinnu til Rvíkur. Það má þá eins segja það, að Reykvíkingar sæki atvinnu til Seltjarnarneshrepps, og skýrslur benda til þess, að Reykvíkingar sæki meiri atvinnu til hreppsins en hreppsbúar til Reykjavíkur. Þá var það eitt, sem hv. þm. bar fram, að íbúar þessa hluta hreppsins hefðu óskað eftir því að verða innlimaðir í Rvík. Það er að vísu rétt, að hér var lagt fram á síðasta þingi undirskriftaskjal, sem ég hygg að hafi verið undirritað af 70—80 íbúum á þessu svæði, og farið fram á, að þessi innlimun færi fram. En á það má benda, að í hreppnum eru yfir 500 íbúar, og þó að $^1/_5$ hluti riti undir slíka yfirlýsingu, verður það alls ekki talin almenn sönnun um vilja íbúanna yfirleitt; auk þess hefir það upplýst, að þeir, sem undir rituðu, voru flestir nýbyggjar, en allir eldri íbúar, sem betur skildu þarfir og hagsmuni hreppsins, skoruðust undan að rita undir skjalið. Ég held því, að þetta geti ekki talizt sönnun um vilja íbúanna.

Það gæti og komið fyrir, eins og svo oft hefir borið við hér, að eldsvoði brytist út. En að stórbrunum hefir fækkað, má mikið þakka því, að nú er orðið mikið meira um steinhús; þá er brunahættan miklu minni, þó að mér detti ekki í hug að draga úr hinu ágæta brunaliði, sem hvað eftir annað hefir sýnt, að það á skilið lofsamlegt orð í þessu efni. Ég vil svo minna á, að Alþingi hefir með sveitarstjórnarlögum frá 1927 skýrt kveðið á um það, að hreppsbúar eigi sjálfir að samþ. slíkt, áður en sameiningin fer fram, og það er líka til ætlazt, að sýslunefndin hafi umsögn um þetta.

Ég get vel gengið inn á það, að heppilegast sé fyrir Rvík að eignast þessa landspildu, og ég er engan veginn hissa á því, þó þeir beri þetta fram af miklu kappi, en það sannar ekki fyrir því, að málið sé réttlætismál. Það er alveg að sama skapi

eins heppilegt fyrir Reykjavík að eignast þetta land eins og það er óheppilegt fyrir Kjósarsýslu og Seltjarnarnes. Frestur er á illu beztur. Ef það dregst að láta skipti fara fram, þá hækkar landspildan í verði með hverju ári. Allir vita, hve mikið verðmæti liggur í þessu landi, og því seinna, sem innlimunin fer fram, því hærra gjald verður ætlað þeim aðilum, sem landið missa. Ég mundi ekki vera á móti þessu máli, ef ég áliti, að það riði hagsmunum Reykvíkinga að fullu, ef þeir færu á mis við þetta. Hv. frsm. sagði, að möguleikar væru til að gera höfn á þessum stað, sem gæti keppt við Reykjavíkurhöfn. En mér finnst þetta ekki nægileg rök fyrir Reykjavík til þess að fá þingið til að samþ. fríðindatöku Reykjavík til handa. Ég veit ekki til, að það hafi komið til tals, hvað þá heldur komið á rekspöl, að byggja þarna höfn. Það getur verið, ef ég sæi framundan, að byggð yrði þarna höfn, sem gæti orðið skaðleg fyrir Reykjavíkurhöfn, að ég myndi taka það til athugunar, hvort ekki væri rétt gegn sanngjörnu verði að innlima þennan skika til Reykjavíkur. En það væri máske bezta sönnunin fyrir því, hvað dýrmætan sjóð bæði hreppurinn og sýslan á fólginn í þessum skika. Það er rétt, sem hv. flm. segir, að það liggja möguleikar til hafnargerðar þarna. Og ef svo yrði, þá ættu allir þeir, sem ekki eingöngu líta á hag Rvíkur, heldur sveitanna líka, að geyma Kjósarsýslu þessi fríðindi um óákveðinn tíma. Viðvíkjandi þeim rökum hv. þm., að næst þessari landspildu ætti að vera skemmtigarður Reykvíkinga, og eðlilegt væri, að Rvík hefði nokkur áhrif á það, hvernig afnot landsins væru þarna viðvíkjandi 3—4 grútarbræðslustöðvum, sem eyðileggðu afnot skemmtigarðsins, þá get ég vel fallizt á það, að ef Seltirningar vilja eyðileggja fyrir Rvík afnot skemmtigarðsins með lítt þarfri grútarbræðslu, þá finnst mér ástæða til að svara þeirri óbilgirni líkt og hv. flm. vill gera nú, en ég trúi því ekki, að ekki verði hægt að koma sættum á í því máli, ef til kemur.

Ég vil taka undir það með hv. frsm., að ekki er ástæða til að tala lengi um þetta mál, og ég vona, að hv. dm. sýni málinu ennþá þá aðstöðu, sem þeir hafa áður gert, að fella þetta mál, en bregðist þær vonir mínar, að d. felli málið, þá vil ég leyfa mér að væntа þess, að hv. flm. sýni a. m. k. þá sanngirni að taka fram í frv. skaðabótaupphæð til Kjósarsýslu og Seltjarnarneshrepps á þeirri skerðingu á gjaldstofni sýslunnar og hreppsins, sem myndi verða, ef frv. gengi fram.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil þakka n. fyrir skjóta afgreiðslu í þessu máli, og nú fer það væntanlega svo, að það nær fram að ganga. Hv. þm. G.-K. talaði nokkur orð meira af vilja en mætti. Það er mjög dregið niður í honum frá því á síðasta þingi, hvað þá heldur, þegar frv. kom fyrst fram, þegar menn máttu varla tala fyrir ofsanum í honum. En nú sér hann, hver endalokin munu verða í þessu máli. Nú talar hann um að geyma Skildinganeshrepp sem einhverskonar vaxandi fjársjóð handa Kjósarsýslu til þess að geta selt hann sem dýrustu verði síðar. Hv. þm. skilur það vel, að lóðahækkun í Skildinganeshreppi stafar ekki af öðru en auknum framkvæmdum í Reykjavík. Kjósarsýsla gerir ekkert til eflingar velgengni Skildinganeshrepps. Viðvíkjandi því, að ekki hafi verið leitað umsagnar hreppsn., þá var það gert fyrir 2 árum, og þá var hreppsn. á móti þessu af svipuðum ástæðum og hv. þm. Hvað viðvíkur skaðabótakröfunni, þá finnst mér eðlilegt, að það verði sett ákvæði um það við næstu umr., að Rvíkurbær skuli kaupa vatnsveituna af félaginu, sem hana hefir gert, svo að þar verði ekki einkavatnsveita, er Reykjavíkurbær á annars alla vatnsveitu Reykjavíkur. Annars gerði ég ráð fyrir, að hv. þm. kæmi með brtt. um það.

Lárus Helgason: Hv. þm. G.-K. komst þannig að orði, að hv. 1. þm. Rang. hefði smátt og smátt verið að veiða einn og einn þm. til fylgis við þetta frv. Og hann komst líka þannig að orði, að hann hefði fengið einn meðnm sinn til að undirskrifa háð um sig sjálfan og aðra. Mér er nokkuð sama um það, hvernig þessi hv. þm. leggur meiningu í það, að menn skipta skoðun á þessu og þessu máli. Menn þurfa ekki að skipta um skoðun til þess að leggja annað til málanna í ár en í fyrra. Það er margoft þannig, þegar

menn sækja á eitthvert mál, að þeir fái það ekki strax, en þeir geta fengið það seinna, þegar málið upplýsist betur og tímarnir breytast. Svo er um þetta mál; það hefir verið að upplýsast betur og betur, og eftir þeim síðustu upplýsingum, sem komið hafa, þá er mjög eðlilegt, að því hafi aukizt fylgi. Ég býst ekki við, að það séu nú margir aðrir en hv. þm. G.-K., sem álíta, að hv. 1. þm. Rang. hafi þurft að standa í nokkrum veiðiskap þessu máli viðvíkjandi. A. m. k. neita ég því að hafa orðið fyrir nokkrum slíkum veiðiaðferðum.

Einar Arnórsson: Ég hafði hugsað mér að segja nokkur orð í þessu máli áður en hv. þm. G.-K. hefði talað sig dauðan, til þess að hann gæti talað yfir mér áður. Ég var ekki alltaf inni þegar hv. frsm. talaði fyrir málinu, og má því vel vera, að það, sem ég segi, verði að einhverju leyti endurtekning á því, sem hann sagði.

Hv. þm. G.-K. hélt því fram sem fyrr, þegar samskonar mál hefir verið til umr., að það væri ekki samkv. sveitarstjórnarl., helzt 3. gr., hvernig farið væri með þetta mál. (**ÓTh:** Það gerði ég í hitteð-hitteðhitteðfyrra). En 3. gr. sveitarstjórnarl. varðar alls ekki þetta mál. Hún segir aðeins, að **framkvæmdavaldið** megi almennt ekki breyta takmörkum hreppa eða skipta hreppum fyrr en álit og meðmæli hreppsn. og sýslun. eru fengin. En vitanlega segir ekki löggjafinn þar með, að **löggjafarvaldið** geti ekki gert þetta. Reyndar er það upplýst, að álits hreppsnefndar hefir verið leitað, og ég held, að álits sýslun. hafi einnig verið leitað. En það er víst, að sýslun. hefir af hreppapólitiskum ástæðum verið eins og hv. þm. G.-K. á móti þessu máli, af því hún álítur eins og hv. þm., að það sé tjón fyrir sýsluna. En vitanlegt er, að löggjafarvaldinu er ekki markaður bás til að rannsaka og leiða slíkt mál til lykta. Ég skil það vel, að hv. þm. mælir á móti þessu frv. Það er ekki nema eðlilegt, úr því að Kjósarsýsla er á móti því; þá skoðar hann það sem skyldu sína sem þm. kjördæmisins að vera einnig andvígur því. (**ÓTh:** Hv. 2. þm. Reykv. er líka að reka erindi sinna kjósenda). Annars er eitt atriði, sem ég vildi benda hv. þm. á, og það er, að í þorpinu eru 500—600 íbúar, og þá er samkv. lögum hægt að gera það að sérstöku sveitarfélagi, og kemur það vafalaust með tímanum, að þeir æskja þess. Ég geri ráð fyrir því, að það verði ekki langt þangað til þarna verður að byggja barnaskóla, því ekki geri ég ráð fyrir, að börn úr kauptúninu verði látin sækja barnaskóla fram á Nes. Þá getur svo farið, að Seltjarnarneshreppur kæri sig ekki um að hafa þetta þorp innan sinna vébanda. Hvað sem þessu líður, þá er sjálfsagt, að hreppnum verði skipt eftir þeim reglum, sem hafðar eru um þetta efni. Það hefir verið margtekið fram, að þorpið getur ekki verið án þess að hafa þau fríðindi úr Reykjavík, að fá þaðan vatn og rafmagn. Ennfremur er í ráði að stofna til betri samgangna innan endimarka kaupstaðarins. Það er ekki efi á því, að íbúar Skildinganess munu bráðum koma til bæjarstj. og segja: „Blessaðir látið þið bæjarbílana koma til okkar suður eftir; við þurfum að hafa svo miklar samgöngur við ykkur". Ég býst við, að það komi bráðum slík beiðni eins og með rafmagn og vatn. Hitt er líka sjálfsagt, að vatnsveitufélag í Skildinganesi, er fengið hefir vatn úr veitu Rvíkur, fái endurgjald fyrir verk sitt. Hvort nauðsynlegt er að setja ákvæði um þetta í lagafrv., skal ég láta ósagt. Þetta er einkafélag, og þeir eiga sína vatnsveitu, eiga æðarnar úr höfuðvatnsveitu Reykjavíkur, og auðvitað er eftir gildandi lögum ekki skylda að láta þær af hendi, nema gjald komi fyrir. Annars er ég ekki á móti því, að réttur þeirra sé tryggður með ákvæðum laga.

Þó að ekki sé það neitt nýtt fyrirbrigði, er engin ástæða til að vera að gera gys að mönnum fyrir að hafa skipt um skoðun í einhverju máli. Eins og hv. þm. G.-K. réttilega hefir sagt, getur það verið manni engu síður til lasts en lofs að vera svo þrár, að vilja aldrei hverfa frá upphaflegri skoðun sinni. Ég fyrir mitt leyti tel það geta verið manni til lofs, ef hann skiptir um skoðun á máli vegna þess að aðstæður hafa breytzt og auknar upplýsingar komið fram í því. Það getur í sumra augum verið fallegt að beita sauðþráa, en því fer fjarri, að svo sé í allra augum. Og ég

álit, að þeir menn, sem áður hafa verið á móti þessu máli, geti kinnroðalaust lið því fylgi sitt nú, því að það er víst, að málið hefir aldrei verið eins vel upplýst sem nú, auk þess sem ýms atvik hniga í þá átt, að sjálfsagt sé og eðlilegt í alla staði, að þetta umrædda svæði hverfi undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Frsm. (Jón Ólafsson): Ég þarf ekki miklu að svara hv. þm. G.-K., því að hann hafði engin rök fram að færa móti því, sem ég sagði hér í minni fyrri ræðu.

Hv. þm. þóttist geta dregið það af því, hvað hér eru fáir viðstaddir í d., að þetta mál mundi verða fellt við atkvgr. Þykir mér þetta alleinkennileg röksemdafærsla hjá hv. þm. G.-K. Ég hélt nú, að hv. þm. G.-K. kannaðist við það, t. d. frá afgreiðslu fjárl. hér í d., að hér er ekki alltaf þéttsetinn bekkurinn, og oftar en hitt, að menn tala hér yfir tómum stólum. Veit ég þó ekki til þess, að fjárl. hafi nokkru sinni verið felld, þrátt fyrir það, þó að þm. hafi ekki sinnt að hlýða ræðum þeim, sem um þau hafa verið fluttar. Það verður því ekki mikið af þessu dregið um úrslit þessa máls, sem ég vona nú fastlega, að verði á annan veg en hv. þm. G.-K. spáði.

Þá bar hv. þm. G.-K. mér það á brýn, að ég hefði verið að hæða þá menn, sem horfnir eru frá sinni fyrir skoðun á þessu máli og nú ljá málinu fylgi sitt. Ekkert væri fjær mér en þetta, enda er þetta hreinn uppspuni hjá hv. þm. Ég hefi kynnzt mörgum mönnum það sem af er æfinnar, og hefir mér jafnan fundizt þeir menn, sem vilja fá tíma til að athuga hlutina, áður en þeir taka afstöðu, farsælli í þjóðfélaginu heldur en hinir, sem ekkert sjá, ef þeir sjá það ekki við fyrsta yfirlit. Mun það flestra mál, að þeir, sem gleypa við öllu ómeltu, séu lítil fyrirmynd annara, og slíkir menn geta oft verið beinlínis skaðlegir þjóðfélaginu. Ég kann því þess vegna hálfilla, þegar verið er að bera þá menn brigzlum, sem hafa sýnt, að þeir vildu kynna sér hið rétta í þessu máli, til þess að geta síðan samþ. það eða fellt með rökum. Og það þýðir ekkert fyrir hv. þm. G.-K. að vera að koma með annað eins og þetta til stuðnings máli sínu, eins og hv. þm. hlýtur að sjá sjálfur. Hann er enn of ungur til að bera skyn á hluti, sem nauðsynlegt er að þekkja, til þess að unnt sé að fella rétta dóma í þessu efni.

Það er rétt hjá hv. þm. G.-K., að bæjarstj. Rvíkur vildi ekki láta Skildinganesi vatn í té svona skilyrðislaust, enda þurfti bærinn þess ekki, þar sem hann hefir nóg með sjálfan sig í því efni, en árið 1923, þegar Eiði og Árbær var lagt undir Rvík, varð það að samkomulagi, að Rvík skyldi láta þetta af hendi, og eins og bærinn offraði þessu þá, er hann reiðubúinn að leggja nokkuð í sölurnar nú, til þess að fá þessari málaleitan framgengt, og er þó vitanlegt, að ef þessi umræddi skiki verður ekki lagður undir lögsagnarumdæmi Rvíkur, verður þess ekki langt að bíða, að hann verði sérstakur hreppur.

Þá var hv. þm. G.-K. að tala um það, að Kjósarsýsla ætti að fá bætur fyrir að láta þennan skika af hendi, ef til kæmi. Það er nú sagt svo, að sýslan tregðist við að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda á þessu svæði, svo sem vegalagningar, þrátt fyrir allar þær tekjur, sem sýslan hefir af þessum skika, og muni þetta gera sitt til að ýta undir það, að þeir, sem þarna búa, kjósi fremur að losna undan yfirráðum sýslunnar og sameinast Rvík, eða mynda sérstakt hreppsfélag að öðrum kosti. Þegar tekið er tillit til þessa, að sýslan vill ekkert fyrir þetta svæði gera, fæ ég ekki séð, að nein ástæða sé til að bæta sýslunni upp missi þess, en sú n., sem 3. gr. frv. gerir ráð fyrir að skipuð verði, ef til framkvæmda kemur í þessu máli, mun að sjálfsögðu taka þetta til athugunar sem annað í sambandi við þetta mál.

Mér skildist svo á hv. þm. G.-K., að Rvík ætti ekkert að aðhafast í þessu máli, fyrr en þarna væri risið upp mannvirki, sem bænum gæti stafað hætta af. Ég hefi alltaf haldið því öfuga fram, og held því fram enn, að Rvík verði að standa á verði um það, að þarna verði ráðizt í stærri framkvæmdir en hæfilegt má þykja til þess að fyrirbyggja það, að skipulagning þessa skika verði úr hófi kostnaðarsöm í framtíðinni. Ef þarna er byggt skipulagslaust hingað og þangað um skikann, verður að kaupa mörg hús og flytja til, til

þess að koma skipulagi á um byggingar á þessu svæði. Er það ekki lítið fé, sem farið hefir til þessa hér í bænum, af því að hér fékk hver að byggja eftir geðþótta sínum löngu fram yfir aldamót. Býst ég við, að það nemi ekki hundruðum þúsunda, heldur milljónum, sem Reykjavíkurbær verður að punga út með á sínum tíma í þessu skyni. Þetta sjá allir, sem vilja sjá það, og það er of seint að ætla sér að fara að hindra það, þegar skikinn er albyggður orðinn. Sama máli gegnir um það, ef þarna verður gerð höfn. Þegar byrjað er á höfninni á annað borð, verður erfiðara að koma í veg fyrir, að hún rísi upp, eða a. m. k. þyngra að standa straum af skaðabótum til handa þeim aðila, sem missir í við það, að þessi landskiki verður sameinaður Rvík. En ég er í engum vafa um, að sá verður endir þessa máls, að það verður gert, ef ekki á þessu þingi, þá á einhverju næsta þingi. En því lengur sem sú framkvæmd dregst, því meiri kostnað hefir þetta í för með sér fyrir Reykjavíkurbæ, auk ýmissa annara spjalla, sem allur dráttur á málinu hefir í för með sér. Þetta þarf því að komast fram strax.

Út af því, sem hv. þm. G.-K. sagði viðvíkjandi undirskriftunum, sem farið hafa fram þarna úti á Skildinganesi út af þessu máli, vil ég leyfa mér að benda hv. þm. á það, að þeir, sem þangað hafa flutt sig í sparnaðarskyni, til þess að smeygja sér undan réttmætum gjöldum, sem þeim ber að greiða til Rvíkurbæjar vegna fyrirtækja eða atvinnurekstrar hér á staðnum, þeir menn skrifa að sjálfsögðu aldrei undir neitt skjal þess efnis, að þeir óski eftir að heyra undir lögsagnarumdæmi Rvíkur, sem þeir voru að flýja með því að flytja suður á nesið. Þeir aðrir, sem þarna búa, munu flestir eiga þá ósk heitasta, að þetta frv. nái fram að ganga. Auk ýmissa annara hlunninda, sem sameiningin við Rvík mundi hafa í för með sér, myndu þeir, sem þarna búa, t. d. losna við að byggja skóla fyrir börn sín, eins og hv. 3. þm. Reykv. tók réttilega fram. Eins og nú er þurfa þeir að láta börn sín ganga í skóla alla leið út á Seltjarnarnes, en við slíkt verður ekki unað til lengdar, eftir því sem byggðin eykst og fólkinu fjölgar á þessum stað. En það er víst, að Seltjarnarneshreppur byggir aldrei sérstakt skólahús fyrir þennan hluta hreppsins, og hann verður að skilja sig út úr og mynda sérstakt hreppsfélag til að geta komið því fram. Hinsvegar myndu þeir, sem þarna búa, geta sent börn sín í skóla hér í Rvík með hægu móti, þegar komnar væru á betri samgöngur þarna suður eftir, eins og fljótt mun verða, ef svo fer um þetta mál sem ég vona.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég hefi ekki mörgu að svara þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar til andmæla því, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, en þó vil ég víkja nokkrum orðum að sumu af því, sem fram hefir komið hjá þeim ræðumönnum, sem talað hafa síðan ég talaði fyrr. Sá, sem síðastur talaði þeirra ræðumanna, frsm. n., hv. 1. þm. Rang., sagði, að ég væri enn of ungur til að skilja, hvað hér væri á ferðinni. (**JÓl:** Ó-nei. Ekki sagði ég það). Hvað var það þá, sem ég var enn of ungur til að bera skyn á? Ef hv. 1. þm. Rang. hefir átt við það, að ég væri of ungur til að skilja röksemdir hans, þá vil ég að vísu ekki ganga inn á það, ef heimska mín er svo áberandi á annað borð, að æsku minni sé hér um að kenna, því að ég er nú orðinn 40 ára gamall, og mundi fremur kjósa að ályktа sem svo, að annaðhvort væri ég of ungur eða hann of gamall til að taka þátt í meðferð mála hér á Alþingi, og vil ég þó við hvorugu gangast, því að ég álít þvert á móti, að við séum báðir tveir vel til þingmennsku fallnir, enda erum við báðir enn á bezta aldri.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að ég hefði lítil rök fært fyrir máli mínu. Það er náttúrlega handhægt að koma með svona fullyrðingar, en ekki held ég, að það sé áhrifaríkt, og þó einkum þegar ekki er sýnd nein viðleitni til að hrekja það, sem andstæðingurinn hefir sagt.

Misskilningur var það hjá hv. þm., að ég hafi sagt, að það mætti sjá það af því, hve margir stólar væru auðir við meðferð málsins, hve málið hefði lítið fylgi meðal þm. Þetta sagði ég ekki, heldur það, að það mætti finna samband á milli hinna auðu stóla og þess, að málinu hefir aukizt fylgi, og átti ég þá við

það, að samvizka þeirra þm., sem lofað hafa hinum vinsæla þm. Rang. fylgi við málið gegn betri vitund, væri þó ekki forhertari en það, að þeir blygðuðust sín fyrir að vera viðstaddir umr.

Þá var það enn misskilningur hjá hv. 1. þm. Rang., að ég hefði viljað víta það, að þm. settu sig sem bezt inn í málin, til þess síðan að geta fellt þau eða samþ. með rökum, eins og hv. þm. komst að orði. Ég álít það þvert á móti virðingarvert og raunar skyldu þm. að setja sig sem bezt inn í öll mál, þó að þetta sé vanrækt meira og minna, vegna þess, hve málunum er mokað ört hér inn í þingið. Hinsvegar veit ég ekki betur en að þetta mál hafi oft áður legið fyrir þinginu, og bar þm. því skylda til að setja sig inn í það strax í upphafi. Menn mega ekki halda, að þeir geti skotið sér undan ábyrgðinni með því að segja, að þeir hafi verið að setja sig inn í málið, og það er auðvitað eins ábyrgðarmikið að greiða neikvætt sem jákvætt atkv. Ef það því er rétt, að þm. beri skylda til að setja sig inn í málin, þá hafa framsóknarmenn, sem hverfa í hópum í dilk hv. 1. þm. Rang. í þessu máli, brugðizt skyldu sinni sem þm., því að það er staðreynd, að engin ný rök hafa komið fram í málinu nú, heldur stendur málið að því leyti á sama stigi sem það var, er það fyrst var borið fram hér á þinginu.

Ég verð að játa, að það er ekki nema eðlilegt, þó að Rvík reyni eftir megni að hraða sameiningunni, og voru röksemdir hv. frsm. að því leyti réttar. Það má ætla, að sameiningin verði því ódýrari fyrir Rvík því fyrr sem hún kemst á, og þetta er einmitt ein af ástæðunum til þess, að ég sem umboðsmaður Kjósarsýslu hér á Alþingi vil reyna að tefja málið í lengstu lög, jafnframt sem ég vona, að úr þessari sameiningu verði ekki fyrr en þá af frjálsum vilja þeirra aðilja, sem hér eiga hlut að máli, og án afskipta löggjafarvaldsins Ég fæ og ekki séð, að það sé rétt hjá hv. frsm., að Rvík standi voði af væntanlegum kostnaði við að rífa niður kumbaldana, sem hv. frsm. talaði um að væru að rísa upp þarna suður á Skildinganesi, til þess að geta komið byggðinni þar í stíl við hina fögru og skipulögðu byggð hér í Rvík. Menn ættu að ganga upp í Kinahverfið svokallaða hér í bænum, sem byggt er undir handarjaðri hv. frsm. og bæjarstjórnarinnar hér — þar getur að líta kumbalda, sem talandi er um. Húsin suður á Skildinganesi mundu hrynja af skömm, ef þeim væri búinn annar eins félagsskapur. Þeir þurfa sannarlega ekki að bera neinn kinnroða fyrir byggðinni þarna suður á Skildinganesi, bæjarfulltrúar okkar Reykvíkinga. Getur hver, sem vill, fullvissað sig um það, að þarna suður frá er haldið til jafns um smekk og fegurð í byggingum við það, sem tíðkast hér í sjálfri höfuðborginni, þrátt fyrir allar þær n., sem vaka yfir „hinni fögru Reykjavík".

Mér þykir það eðlileg forsjálni hjá hv. frsm., að vilja ekki, að sameiningin dragist þangað til farið verður að byggja höfn þarna. Ef þessi sameining á að verða á annað borð, nær engri átt, að farið verði að gera dýrar ráðstafanir til hafnargerðar þarna og landið svo tekið eignarnámi, Reykjavík til stórtjóns og engum til hagnaðar. En ég veit ekki til þess, að nokkuð slíkt sé á prjónunum. Ef svo væri, gegndi hér allt öðru máli. Þá væri hægt að fara að tala um sanngirniskröfu frá hálfu Rvíkur um að fá þennan landskika, og geri ég ekki ráð fyrir, að ég mundi þá öðrum síður skilja þörf bæjarins, enda sæti ekki á mér að berjast móti hagsmunum Rvíkur, þó að mér sé hinsvegar bæði ljúft og skylt að halda fram rétti kjósenda minna, þegar fara á að taka af þeim viss verðmæti og fá þau öðrum, sem ekki hafa þeirra meira gagn en kjósendur mínir skaða af að missa.

Með þessu þykist ég hafa svarað flestu því, sem máli skiptir, og hefi ég fremur kosið að beina orðum mínum til hv. 1. þm. Rang. en annara andmælenda minna, af því að hann hefir lengst af verið flm. þessa máls og er auk þess frsm. n. nú.

Hv. 3. þm. Reykv. þarf ég litlu að svara sérstaklega. Hann lét svo um mælt, að bert væri, að ég vildi tefja fyrir þessu máli til þess að þeir, sem eiga lóðir á þessum stað, gætu okrað á þeim, vegna þeirrar verðhækkunar, sem á lóðunum yrði sem afleiðing af vexti Reykjavíkur. Í framhaldi af þessu hélt hv. 3. þm. Reykv. því fram, að Rvík væri vel að

þessum landskika komin, áður en lóðirnar hækkuðu meira í verði. Með sömu röksemdafærslu mætti segja, að innlima ætti alla Gullbringu- og Kjósarsýslu og stærstan hl. Árnessýslu í Rvík, því að það er ómótmælanleg staðreynd, að verðhækkun jarðanna í þessum sýslum, eða öllu heldur verðgildisaukning þeirra, stafar af hinum mikla vexti Rvíkur. Ég fæ því ekki séð, að þetta séu frambærileg rök fyrir innlimun hjá hv. 3. þm. Reykv.

Þá fengu þeir kveðjuna hjá hv. 3. þm. Reykv., nýliðarnir í þessu máli. Sagðist hann vona, að þeir draugar, sem áður hefðu staðið á móti þessu máli, væru nú kveðnir niður. Einn þessara „drauga" er nú þegar kveðinn niður með eiginhandarundirskrift sinni undir nál., hv. þm. V.-Sk. Verða framsóknarmenn nú að þiggja þetta draugsheiti í ofanálag við kvalir samvizkunnar fyrir að hafa svikið málstað sveitanna, til þess að kaupa sér frið við „Reykjavíkurvaldið". Og verður ekki annað sagt en að þeir séu vel að þessu heiti komnir, einkum ef það er rétt, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, að „maður þyrfti ekki að skipta um skoðun til þess að geta greitt öðruvísi atkv. í málinu nú en áður". Eða er þetta ekki rétt haft eftir hv. þm.? (LH: Jú). Ég vissi það, að hv. þm. V.-Sk. hefir ekki skipt um skoðun í málinu, enda þótt hann ætli nú að greiða atkv. í málinu þvert ofan í það, sem hann áður hefir gert. Og þm. ætlar ekki aðeins að gera þetta, heldur hefir hann til að bera þá óvenjulegu hreinskilni að játa það fyrir öllum þingheimi, að hann muni nú greiða atkv. á annan veg en hann áður hefir gert, enda þótt skoðun hans á málinu sé óbreytt.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. Reykv. Hann vitnaði til 3. gr. sveitarstjórnarl. og sagði réttilega, að ákvæði þeirrar gr. vikju eingöngu að því, hvað framkvæmdavaldið má gera í þessu efni. Var hreinn óþarfi fyrir hv. þm. að vera að fræða menn um þetta, því að það var öllum ljóst áður; a. m. k. var mér það ljóst. En ég vil leyfa mér að benda þessum hv. þm. og öðrum hv. þdm. á 19. og 42. gr. nefndra l., en þó að ég leyfi mér að benda þessum hv. þm. á þessar lagagr., er það ekki af því, að ég ætli mér að fara að kenna honum l. Til þess er ég sízt fær. (EA: Ég er þakklátur hv. þm. fyrir að vilja benda mér á þetta). Það er óþarfi fyrir hv. 2. þm. Reykv. að vera mér þakklátur í þessu efni, því að það vita allir, að hann er einn af mestu og beztu lagamönnum þessa lands. (EA: Hv. þm. sparar mér með þessu vinnu við að leita þessar gr. uppi). Ég geri ekki ráð fyrir, að það taki hv. 2. þm. Reykv. mikinn tíma eða fyrirhöfn að leita uppi lagagr. í svo merkilegum l. sem sveitarstjórnarl.

Í 19. gr. sveitarstjórnarl. segir svo:

„Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sérstaka sveit, til lykta ráðið fyrr en álits hreppsnefndar þar hefir verið leitað um það".

Og í 42. gr. nefndra l. segir svo:

„Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sérstaklega, til lykta ráðið fyrr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það".

Nú hefir hv. 3. þm. Reykv. upplýst það, að leitað hafi verið umsagnar hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi í þessu máli fyrir 2 árum, og hreppsnefndin lagt á móti því. Má þetta vel vera, en svo mikið er víst, að álits sýslunefndarinnar hefir ekki enn verið leitað í þessu máli, svo sem ber þó að gera samkv. þeirri gr. sveitarstjórnarl., sem ég las hér upp áðan.

Ég get ekki gengið inn á, að það komi til mála, að þetta varði ekki sýslunefndina, því að ekkert liggur fyrir um það, að þessi hluti hreppsins æski þess að verða sérstakt hreppsfélag, þótt þorpið hafi hinsvegar lagalegan rétt til þess, þar sem íbúatalan er komin yfir 300. En ég verð að benda hv. 2. þm. Reykv. og öðrum hv. þdm. á það, að ef þeir ganga út frá því sem vissu, að þorpsbúar í Skildinganesi ætli að hagnýta sér þennan rétt sinn og verða sérstakt þorp, þá finnst mér ekki rétt að meina þeim það með þessu frv. og hindra þá í því að njóta fullkomins frelsis. Ef þessum hv. þm. er það svo ljóst, að íbúar þessa þorps óski þess að verða sérstakt hreppsfélag, þá má þeim ekki síður vera það ljóst, að þeir geta ekki óskað þess, að þetta frv. verði samþ., og það er þá í raun og veru brot á því persónulega frelsi, sem sveitarstj.lög-

in ætla íbúum einstakra héraða til ályktana um sjálfstæði sitt, að samþ. þetta frv. Og hvað sem líður lagaskýringum um hin minni atriði, þá verður það alltaf kjarni málsins, að hér er verið að ræða um hagsmuni hrepps- og sýslufél. gagnvart hagsmunum Rvíkur, og það hefir ekki verið sýnt fram á það með neinum rökum, að Rvík ræki nauður til að sækja fríðindi til þessa sýslufélags.

Málið liggur nú þannig fyrir, að Rvík hefir sömu hlunnindi af sameiningunni sem svarar skaða hreppsbúa og sýslunnar, ef þetta frv. nær að verða að l. Þeir, sem vilja taka réttindin af sýslufélaginu og afhenda Rvík þau, þeir greiða frv. atkv. sitt, hinir vænti ég að verði á móti.

Jón Auðunn Jónsson: Á flestum þeim þingum, sem ég hefi átt sæti, hafa komið fram svipuð frv. og það, er nú liggur fyrir. Reykjavík hefir af og til þurft að fá landauka og jafnan snúið sér til löggjafarvaldsins til þess að fá hann, en endirinn á öllu hefir orðið sá, að Alþingi hefir vísað þessu máli heim, til þess að samninga yrði leitað milli viðkomandi hreppa og Rvíkur, og mér er ekki kunnugt um, að nokkurntíma hafi strandað á þessum samningum. Rvík hefir á þann hátt fengið margar jarðir austan bæjarins og jafnan með bezta samkomulagi við hlutaðeigandi hreppa, auðvitað með því að greiða talsverð gjöld fyrir þessar jarðir, en Rvík hefir fengið það, sem hún hefir þurft, og hrepparnir verið ánægðir með samningana. Ég vænti og, að líkt fari um þetta mál.

Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir neinum uppbótargreiðslum til Skildinganess fyrir þann gjaldstofn, sem það missir, ef þetta land verður afhent Rvík, og þó er það víst, að sýslufélagið hefir ekki lítinn halla af því, að stór, verðmæt og þéttbýl landspilda sé tekin undan sýslunni án þess að neitt sérstakt komi fyrir.

Ég sé, að það er margt, sem mælir með því, að Rvík fái þetta land, og ég er sannfærður um það eins og áður, að samningaleiðin er bezta leiðin fyrir báða aðila, og að hún muni takast, ef unnið er að því með alúð. Ég sá ekki á vetrarþinginu í vetur, að fyrir lægju neinar upplýsingar um það, að leitað hefði verið samninga við hlutaðeigandi sýslunefnd. og heldur ekki, að nýlega hefði verið leitað samkomulags við hreppsn. í Seltjarnarneshreppi. Það eru meira en 2 ár síðan bæjarstj. Rvíkur hafði snúið sér til hreppsn. og fengið þá þungar undirtektir, en þrátt fyrir það má vel vera, að hreppsn. sé nú orðin annars hugar og vildi e. t. v. láta þetta af hendi, en hinsvegar mun hún ekki að fyrra bragði fara að snúa sér að því máli, heldur láta bæjarstj. hafa frumkvæðið að því. Sjálfsagt væri líka, að hreppurinn fengi einhver hlunnindi fyrir það tjón, sem hann hlyti að bíða við það að láta þetta land af hendi.

Eins og ég gat um áðan, þá held ég, að samningaleiðin sé bezt, og í trausti þess, að bæjarstj., sýslun. og hreppsn. geti komið sér saman án þess að Alþingi fari að beita þvingun við hreppsbúa, vil ég leyfa mér að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Deildin telur, að bæjarstj. Reykjavíkur beri að leita samninga við sýslun. Kjósarsýslu og hreppsn. Seltjarnarneshrepps áður en málinu er ráðið til lykta, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Forseti (JörB): Þessi rökstudda dagskrá, sem hv. þm. N.-Ísf. hefir afhent mér og hv. þdm. hafa nú heyrt upp lesna. liggur þá einnig fyrir til umr.

Lárus Helgason: Hv. þm. G.-K. hefir orðið mjög tíðrætt út af því, að margir þeirra manna, sem greiða munu þessu máli atkv. sitt, muni gera það á móti betri vitund. Hv. þm. hefir þó ekki rökstutt þessi ummæli sín á nokkurn hátt, og er mér ekki vel ljóst, hvað slík slagorð eiga að þýða, því víst er um það, að áhrif þeirra verða aldrei stórvægileg, a. m. k. ekki á mig, og mér er sama þó að slíkum orðum sé kastað fram, þótt það væri óneitanlega viðkunnanlegra fyrir höfund þeirra að reyna að finna þeim einhvern stað. En e. t. v. myndi það reynast nokkuð erfitt. Hvað ætli hv. þm. haldi, að mönnum gangi til þess að greiða atkv. þvert á móti sannfæringu sinni? Heldur hann e. t. v., að þeir séu hræddir við flm. frv. eða hvað? Eða e. t. v. hafa þeir verið keyptir til þess? Sama er mér, hvað hv.

þm. heldur um þetta; ég greiði í þessu máli sem öðrum atkv. eftir beztu samvizku, og ég býzt við, að aðrir geri slíkt hið sama.

Þessi sami hv. þm. gerði mikið veður út af því, að ég hefði viðurkennt, að maður þyrfti ekki að skipta um skoðun til þess að greiða atkv. öðruvísi nú en í fyrra. Þetta er rétt hjá mér. Það getur vel komið fyrir, að maður þurfi ekki að breyta um skoðun, þótt maður greiði nú atkv. með því, sem maður greiddi atkv. á móti áður. Þegar mönnum er kappsmál að koma einhverju máli í gegn, þá reyna menn að undirbúa það sem bezt, og ef það hefir ekki náð fram að ganga á einhverju þingi, þá er mjög líklegt, að það komi betur undirbúið og upplýst fyrir næsta þing, og vex því þá af eðlilegum orsökum fylgi, án þess að nokkrar óhreinar hvatir séu þar að verki.

Hv. þm. G.-K. var að minna á það, að hv. 3. þm. Reykv. hefði verið að tala um „drauga", sem væru nú að smáhverfa. Ég ætla ekki að skipta mér af illyrðum hv. þm., þau hafa engin áhrif á þessa atkvgr., og falla, eins og önnur illyrði hv. þm. um menn og málefni, dauð og ómerk.

Einar Arnórsson: Ég vildi leyfa mér að svara ræðu hv. þm. G.-K. fáum orðum. Hann telur, að það séu engar nýjar upplýsingar í þessu máli fyrir þinginu. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm., því að það hefir verið skýrt frá ýmsu nýju í málinu. Ég hefi t. d. nefnt samgöngubót þá, sem hér er í vændum og þetta þorp yrði þá vitanlega aðnjótandi undir eins og það hefði sameinazt Reykjavík. Ég ætla nú ekki að fara að sannfæra hv. þm. G.-K. um hvort það atriði skiptir máli, að börn þessara manna, sem þarna búa, geti fengið greiðan aðgang að skóla eða ekki. Aðrir munu líta svo á, að það sé mikill munur á því að láta börn sín fara hingað til Rvíkur til skólasóknar eða þurfa að senda þau suður fyrir Mýrarhús í skólann þar í hvernig veðri sem er. Ef ég ætti heima í Skildinganesi að vetri til, þá myndi ég leggja mikið upp úr þessu atriði einu, þótt ekki væri annað. Ef þetta þorp héldi áfram að vera í Seltjarnarneshreppi, þá yrði óhjákvæmilegt að reisa þar barnaskóla innan skamms, en ef þorpið sameinaðist Rvík, þá myndi það mega bíða enn um stund, þar sem auðvelt væri fyrir börnin að sækja skóla til Rvíkur, þegar góðar samgöngur væru komnar við þorpið.

Eitt atriði, sem miklu máli skiptir í þessu sambandi, tók ég ekki fram, og það er, að ef þorpið sameinast Reykjavík, þá verða brunamál þess sett í samband við bæinn. Af þessu hlýtur að leiða iðgjaldalækkun í þorpinu, bæði á húsum og innanstokksmunum. Það getur verið, að ríkir menn leggi ekki mikið upp úr þessu, en hinir fátækari meta það áreiðanlega að verðleikum. Hv. þm. G.-K. talaði um smekklausar byggingar í Reykjavík. Ég skal ekki neita því, að hér er mörgu ábótavant í því efni, og nákvæmlega er hið sama að segja um þorpið þarna suður frá. Það atriði, sem mestu máli skiptir í þessu sambandi, er, að **skipulag** verði sett á byggingar í þorpinu. En til þessa virðist fullkomið skipulagsleysi hafa ríkt þar.

Það, sem hv. þm. G.-K. er nú að segja við mig, að það sé einmitt svona í Rvík, er ekki rétt, því að nú er byggt eftir skipulagi, og byggingarnefnd neitar oft um leyfi til húsabygginga, þegar það kemur í bága við skipulag það, sem ákveðið hefir verið. Því hefir oft verið haldið fram í þessu máli, þótt ekki hafi það komið fram í þessum umræðum, að það væri ekki von, að þorpsbúar vildu komast undir Reykjavík, þar sem þeir myndu þá þurfa **að greiða** miklu hærri skatta. Það er að vísu satt, að til eru menn, sem beinlínis flýja úr Rvík í von um, að þeir komist hjá því að greiða eins mikla skatta, en menn eru þó farnir að hugsa á aðra leið nú, því að víst er um það, að einstakir menn, sem af þessum ástæðum fluttu úr Rvík, hafa orðið fegnir að geta selt hús sín og komist til bæjarins aftur, og til sönnunar þessu máli gæti ég nefnt þó nokkur dæmi. Það er einnig víst, að þeir menn, sem tekið hafa húsnæði á leigu þar suður frá, hafa, þótt há sé húsaleigan talin í bænum, reynt að komast hingað aftur við fyrsta tækifæri. Samgönguerfiðleikarnir suður frá hafa valdið því, að þeir leigjendur, sem þar eru, hafa að öllu samanlögðu talið ódýrara að búa hér í Rvík.

Þeirri mótbáru hefir líka verið haldið

fram gegn þessari sameiningu, að lóðareigendur í Skildinganesi myndu bíða við það stórtjón. Til þessa er fyrst því að svara, að þótt þetta væri rétt, þá væri alls ekki hægt að setja fyrir sig hagsmuni nokkurra einstaklinga. Í öðru lagi er þetta tómur misskilningur. Lönd þessara manna munu þvert á móti hækka mjög í verði sökum hinna mörgu kosta, sem sameiningin við Reykjavík mundi hafa í för með sér.

Ég held, að tilvitnanir hv. þm. í sveitarstj.lögin hafi alveg mistekizt. Báðar þær gr., sem hann vitnaði í, 19. og 42. gr., munu ekki eiga við þetta mál, heldur bendir samhengi þeirra til, að þær eigi við afskipti framkvæmdavaldsins af sveitarstj.málum, því að í gr. stendur, að þessi stjórnarvöld, hreppsn. og sýslun., geti að fyrra bragði sent ráðh. álit sitt. Vitanlega þurfti ekki að taka þetta fram í lögum, en mér sýnist eftir samhenginu í gr., að löggjöfin muni þó aðallega eiga við afskipti framkvæmdavaldsins af þessum málum. Hinsvegar má fallast á það með þessum hv. þm., að venjulega sé það rétt að leita álits þessara sveitarstjórnarvalda, en í raun og veru er því til að svara í þessu tilfelli, að álit hreppsnefndar er nú þegar fengið og álit sýslun. vita menn hvernig verður. Ef hv. þm. G.-K. hefði ekki á móti frv., þá gætu menn áreiðanlega dregið af því þá ályktun, að hlutaðeigandi sýslun. væri það ekki heldur. En nú er hv. þm. mjög á móti frv., og þá má áreiðanlega álykta, að hann tali þar í nafni og umboði hlutaðeigandi sveitarstjórnarvalda, því að hv. þm. mun vel vita, hvað kjósendum hans kemur. Hitt er ósköp þægilegt, að koma með það í máli, sem maður er á móti, að leita þurfi álits eins og annars. Það er ósköp vel lagað til þess að snúa mönnum frá málinu í bili og veikja sannfæringu manna í því, hverju fylgja skuli. Rökst. dagskrá eins og sú, sem fram kom frá hv. þm. N.-Ísf., er ein af þessum þægilegu aðferðum, sem menn hafa til þess að kistuleggja mál.

Hv. þm. G.-K. lét um mælt eitthvað á þá leið, að hagur Rvíkur væri í þessu efni sama sem skaði hreppsins og sýslunnar. Ég held, að hann hafi þar sett upp rangar líkingar, og að „equal"-merkið hafi ekki átt við á milli þessara talna. Það getur verið, að hreppurinn hafi einhvern óhag af þessu, en á það er að líta, að hann losnar líka við miklar skyldur, eins og byggingu barnaskóla, vegamál þorpsins o. s. frv. Einnig geri ég ráð fyrir, að þorpið yrði innan skamms að sjá sér fyrir slökkviliði. Það getur ekki gengið svo til lengdar, að ef eldur kemur upp þarna fyrir sunnan, þá verði menn að láta sér nægja að horfa aðgerðarlausir á hús sín og fjármuni brenna til ösku. Það tjáir ekki, þótt fást kunni slökkvilið héðan úr bænum, því að alltaf getur komið fyrir að kvikni í hér, svo að það er með öllu ófært að leyfa slökkviliðinu að yfirgefa bæinn. (**BÁ:** En má það, ef þorpið sameinast bænum?). Þá er það skylda þess. (**PO:** En brunahættan er hin sama). Já, það er hún að vísu, en eftir því sem svið það, er brunaliðið á að gæta, stækkar, þá verður líka að auka það og gera það fullkomlega fært um að annast það, sem skyldan býður því. Og er einsætt, að Reykjavíkurbær gerir það. Mér þykir vænt um, að hv. þm. G.-K. segir, þó í lágum hljóðum sé, að þetta sé rétt hjá mér. (**ÓTh:** Nei, nei, ég sagði það ekki). Ég vil taka það fram, að ég vil fara sanngjarnlega með hrepp og sýslu í þessu máli. Hitt er annað mál, hvort þessir aðilar bíða tjón af sameiningu þorpsins við Reykjavík. Það verður að meta með þeim hætti, sem í frv. segir.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Nd., 30. júlí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá frá þm. N.-Ísf. felld með 14 : 9 atkv.

1. gr. samþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EA, HG, HV, IngB, JÓl, JónasÞ, LH, MJ, StgrS, SvbH, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, JörB.

nei: GÍ, HStef, JAJ, MG, ÓTh, PO, SvÓ, BÁ, BKr.

BSt greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (HJ, JJós, TrÞ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15 : 2 atkv.

Brtt. 124 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 8 atkv.

Á 18. og 22. fundi í Nd., 1. og 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 7. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 156, 165, 166, 181).

Bjarni Ásgeirsson: Mér virðist nú sem séð séu fyrir örlög Karþagóborgar. Það er útlit fyrir, að réttur ljónsins yfir músinni eigi að ráða, þar sem um það er að ræða, að stærsta bæjarfélag landsins ætlar að svæla undir sig hluta af minnsta héraðinu.

Því hefir verið haldið fram, að fulltrúar sveitanna hefðu tilhneigingu til að ganga á rétt Reykjavíkur, en í þessu máli virðist það sýnilegt, að svo er ekki, því að vitanlegt er það, að nú munu nokkrir sveitahm. ætla sér að greiða atkv. með þessu innlimunarfrv. Það þýðir því ekki að fjölyrða mikið um þetta valdarán, enda stóð ég frekar upp til þess að mæla hér fyrir brtt., sem ég hefi borið fram. Mér virðist, að ef þessu á fram að fara, þá eigi Kjósarsýsla heimting á að fá bættan þann skaða, sem henni er með þessu gert. Nú er málum svo háttað, að af gjöldum til sýslusjóðs mun Seltjarnarneshreppur greiða rúmlega helminginn, en Skildinganeskauptún líklega helminginn af því. Mundi því Kjósarsýsla vera svipt ¼ af tekjum sínum með samþykkt þessa frv., og þess vegna hefi ég borið fram till. á þskj. 166, sem tryggir það, að réttur sýslunnar sé ræddur og gerðar þær ráðstafanir, sem tiltækilegar mega álítast til að koma í veg fyrir þau spjöll, sem ger væru á fjárhag sýslunnar með þessu. Nú hefir hv. allshn. borið fram brtt. á þskj. 181, sem er sama efnis og b-liður minnar till., en þó nokkuð fullkomnari, svo að ég tek þann lið till. minnar aftur, í trausti þess, að brtt. verði samþ.

Frsm. (Jón Ólafsson): Ég get ekki vel setið hjá þegar önnur eins ummæli hafa komið fram og fram komu hjá hv. þm. Mýr. Hér er ekki um það að ræða, að verið sé að gleypa dýrmætan bita eða ásælast neitt í hagnaðarskyni, heldur er Reykjavíkurbær að reyna að hindra það, að þarna rísi upp óskipulegt og illa byggt þorp, eins og full ástæða hefir verið til að ætla, enda ekki fyrir neina heilskyggna menn að horfa á slíkt. Það er alrangt hjá hv. þm., að Reykjavík sé þarna að hrifsa hluta af Seltjarnarneshreppi, því að vitanlegt er það, að Skildinganesþorp er nú orðið svo mannmargt, að það getur hvenær sem er krafizt bæjarréttinda og látið þá þau gjöld, sem íbúarnir greiða, renna í bæjarsjóð.

Hér er því aðeins um það að ræða, hvort þetta þorp á í framtíðinni að vera sérstakur bær eða hluti af Reykjavík. Annars verð ég að lýsa yfir því, að ég er mjög hissa á þessum hv. þm., sem mjög hefir ásælzt eignir bæjarins handa ríkinu, að hann skuli ekki vilja sýna neina viðleitni í þá átt að bæta bænum það upp.

Bjarni Ásgeirsson: Ég skal ekki fara í langt karp við hv. 1. þm. Rang., en ég verð að segja það, að fyrir mig er það alveg spánný upplýsing, ef rétt er, að þetta mál sé ekkert hagsmunamál Reykjavíkur. En ef þetta er ekki hagsmunamál Rvíkinga, þá vil ég ganga til samninga við hv. 1. þm. Rang. um að bæta úr göllum þeim, sem hv. flm. telja á skipulagsmálum kauptúnsins. Ég er fús til samkomulags við hv. þm. um að semja lög um skipulag bygginga á Skildinganesi. Það gægðist nú reyndar út úr orðum hv. 1. þm. Rang., að Rvík þyldi ekki, að kauptún sprytti upp við hliðina á henni, og að hagsmunir Reykvíkinga stæðu að baki frv. Hv. þm. sagði, að ég hefði lagt því lið að ásælast land bæjarins og ætti því að bæta fyrir brot mitt með því að vera með þessu frv. Ég hefi nú ekki lagt mikla áherzlu á það að ásælast land bæjarins, þó ég að vísu greiddi atkv. í gær með kaupum á lóð handa ríkinu. Í því frv. var ekkert ákvæði um að flytja þessa umþráttuðu lóð út yfir lögsagnarumdæmi borgarinnar. Það er því allt annað að vilja taka hálfan hrepp út úr lögsagnarumdæmi Kjósarsýslu.

Einar Arnórsson: Hv. þm. Mýr. hóf ræðu sína á þá leið, að örlög Karþagóborgar væru ákveðin, og frv. mundi verða samþ. En ég vil taka það fram, að samlíking hv. þm. er ekki heppileg, þegar vel er að gáð. Það er ekki tilætlunin að leggja Skildinganes í eyði, þó það verði innlimað í Reykjavíkurbæ. Nei, miklu fremur á að reisa það upp. Ég hefi tekið það fram áður, og mér finnst að ég sýni það með till. á þskj. 165, að það er ekki ætlun Reykjavíkur að niðast á neinum. Rvík á einmitt eftir till., sem fram er komin, að greiða hrepps- og sýslufélaginu bætur að því leyti sem því yrði að skipta.

Hv. þm. Mýr. sagði, að Kjósarsýsla mundi missa ¼ af tekjum sínum, ef þessi hluti Seltjarnarneshrepps yrði lagður undir Rvík. Ég skal nú ekki um þetta fullyrða, en auðvitað losnar sýslan líka við ýmsar skyldur, svo sem að leggja vegi og fleira, og ber fyllilega að taka það til greina. Hvort Rvík þarf að bæta fyrir önnur mannvirki en vatnsveituna, er mér ekki kunnugt um. En það verður þá samningsmál eða matsatriði.

Það getur vel verið, að það sé rétt hjá hv. 1. þm. Rang. að halda því fram, að það sé ekki hagsmunamál fyrir Reykjavíkurbæ, að þessi hreppshluti sé innlimaður. En ég hefði nú samt haldið, að það hlyti að vera það, því að öðrum kosti mundi bæjarstjórnin ekki hafa óskað eftir því, að þetta mál væri flutt.

Þessi hreppshluti er inniluktur af Reykjavík og hans landfræðilega lega segir því til um það, að hann eigi að vera undir Rvík, og eins og ég hefi tekið fram áður, þá tilheyrir hann Rvík um lögreglustjórn og tollstjórn. Það mundi ekki heldur verða langt að bíða þess, að það kæmi beiðni um það, að slökkviliðið annaðist eldraunir þar. Úr því að svo er nú komið, að Reykjavík verður að annast hreppshlutann að miklu leyti, þá sýnist ekki nema eðlilegt, að hann heyri undir Reykjavík. Það eru líka mjög margir íbúar í þorpinu, sem óska eftir því, að sameining fari fram. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið.

Bjarni Ásgeirsson: Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um það, að málshátturinn um örlög Karþagóborgar væri ekki heppilega valinn, hvort sem maður tæki Skildinganes eða Kjósarsýslu, skal ég þó geta þess, að hér er um að ræða að svipta þessa landshluta nokkru af því sjálfstæði, sem þeim ber samkv. landslögum, og möguleikunum til fjárhagslegra og menningarlegra framfara. En það má nú auðvitað líta svo á, að séð séu fyrir örlög Karþagóborgar Skildinganess þegar svo er komið, að Reykvíkingar virðast horfa á það með köldu blóði, að hús á Skildinganesi brenni upp til kaldra kola, ef það verður ekki innlimað í Reykjavík. Það er öðruvísi en í sveitunum, þar sem allir hlaupa upp til handa og fóta til aðstoðar, þegar kviknar í hjá náunganum. Það má því segja, að örlögin séu ákveðin, því ef frv. verður ekki samþ., þá má búast við, að þorpið verði látið brenna upp til agna, ef svo vill verkast. Hv. þm. vildi færa það fram sem sterk rök fyrir því, að Reykjavíkurbær innlimaði Skildinganes, að hann umlyki það á alla vegu. Ef þetta væri rétt, þá ætti Kjósarsýsla að eiga jafnan rétt til Rvíkurbæjar og geta gert sterkar kröfur til hans, þar sem hún umlykur bæjarlandið fram í sjó beggja vegna.

Ég vildi að lokum benda fulltrúum bænda á það, að þar sem hefir nú verið talað um að gera Rvík að fríríki, þá er það ekki hyggilegt að láta hana sölsa undir sig meira af landinu að sinni, því þá stendur hún þeim mun betur að vígi í þessari umræddu uppreisn sinni gegn hinu gamla Íslandi.

Einar Arnórsson: Hv. þm. Mýr. sagði síðast í ræðu sinni, að Reykjavík horfði aðgerðarlaus á það, þó Skildinganes brynni upp. En þetta er grálega mælt og ósatt. Þegar eldur kom þar upp um daginn, þá fór slökkvilið Reykjavíkur þegar á vettvang, og þó því tækist ekki að bjarga timburhjalli þar frá því að brenna upp, þá tókst því þó að verja nærliggjandi hús. En það var ekki svo vel um búið hjá forráðamönnum þar, að vatni yrði náð úr vatnsveitu þeirra. Þeir hafa ekki haft hugsun á því, að nauðsynlegt væri að ná í vatn utanhúss til að nota við eldsvoða. (**MJ:** Það er miðað við þeirra slökkvilið). Já, ef miðað væri við

þeirra slökkvilið, sem er = 0, þá þyrfti náttúrlega ekkert vatn.

Það var sniðug röksemd hjá hv. þm. Mýr., að af því að Reykjavík væri umlukt af Kjósarsýslu, þá ætti hún að innlimast í sýsluna. Ég væri þakklátur hv. þm. Mýr., ef hann vildi innlima Reykjavík í Kjósarsýslu, því að það yrði bæði Rvík og Kjósarsýslu til mikils hagræðis. Ég er algerlega með honum í því að koma svo ágætu hagsmunamáli fram, og skal með ánægju ganga inn á, að frv. verði orðað svo, að Kjósarsýsla innlimi Rvík. Bæjarstjórn Rvíkur verður þá auðvitað lögð niður, en sett í staðinn sameiginleg stjórn fyrir þessa landshluta.

Ólafur Thors: Ég ætla ekki að orðlengja mikið um þetta mál. Ég tel brtt., sem fram hafa komið á þskj. 166 og á þskj. 181, til bóta. Og sama má segja um till. hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 165. Ég álít Reykjavíkurbæ rétt og heimilt og skylt að kaupa vatnsveitu Skildinganess, ef úr sameiningunni verður. Hv. 2. þm. Reykv. gat þess, að hann vissi ekki um önnur mannvirki, sem þyrfti að bæta fyrir, en ef þau væru einhver, þá myndi Rvík bæta þau. Það gleður mig að heyra, að flm. skuli ætlast til þess, að fullar bætur komi fyrir tjón það, sem sýslan og hreppurinn verða fyrir. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að þeir menn, sem mér finnst að sýni hér ekki fulla sanngirni, vilja þó sýna sanngirni með því að bera fram þessar brtt. um það, að hreppurinn fái bætur fyrir tjón það, sem hann verður fyrir.

Frsm. (Jón Ólafsson): Af því að frv. er að ganga hin síðustu skref út úr d., þá sé ég ekki ástæðu til að fræða hv. þm. Mýr. í málinu yfirleitt, en mér vitanlega hefir það aldrei verið talið fjárhagslegt hagsmunamál fyrir Rvík að fá þennan skika. En það er annara hagsmuna að gæta þar, nefnilega þeirra, að verða ekki skemmdir af öðrum. Og það getur líka verið hagsmunamál að sjá um, að svo sé ekki, að aðrir komi og skemmi fyrir manni. En hv. þm. ætti að vera ljóst, að þetta þorp er svo samgróið Rvík, að það verður að gæta strax þess samræmis, sem á að verða í framtíðinni. En hér er ekki verið að ásælast tekjur eða eignir neins, frekar en þörf gerist.

Hv. þm. G.-K. áleit, að hreppurinn og sýslan misstu þarna tekjulið svo mikinn, að það var að heyra engu líkara en að hinir partar sýslunnar lifðu á þessum skika. En það mun sönnu nær, að Rvík þurfi í byrjun að leggja fram fé til rafmagns og vatnsveitu o. fl., sem skikinn borgaði svo á sínum tíma. Og þó að ég vildi hafa þessa heimild til skaðabóta, þá álít ég, að hann eigi engar bætur að fá.

Manni dettur í hug að brosa, þegar verið er að tala um að leggja Mosfellssveit undir Rvík. Satt að segja vildi ég sízt ágirnast hana af öllu, jafnvel þó Rvík væri lýðríki.

Ólafur Thors: Ég vil ekki láta því ómótmælt, að það sé eðlilegt, að landshluti sé tekinn án þess að bætur komi fyrir. Og það er í rauninni ekkert vit í því hjá hv. sessunaut mínum (JÓl) að vera að halda því fram. Það er líka undarlegt hjá honum að vilja sölsa þetta undir Rvík að nauðsynjalausu og vilja engar bætur láta fyrir það, og telja þó, að þetta sé ekkert hagsmunamál fyrir Rvík. En það ætti að vera öllum mönnum augljóst, að það getur ekki átt sér stað, að þessi landshluti sé af hendi látinn án þess að fyrir komi ríkulegar skaðabætur.

ATKVGR.

Brtt. 166,a samþ. með 16 shlj. atkv.
— 166,b tekin aftur.
— 165 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 181,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 181,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, BJ, BSt, EA, HG, HV, IngB, JJós, JÓl, LH, MJ, StgrS, SvbH, VJ, JörB.

nei: BÁ, GÍ, HStef, HJ, JAJ, MG, ÓTh, PO, SvÓ.

BKr greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (ÁÁ, JónasÞ, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., 8. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 233).

Á 25. fundi í Ed., 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Þorláksson: Ég geri ráð fyrir, að þessu frv. verði vísað til hv. allshn. Ég stend aðeins upp til þess að leiða athygli hv. n. að því, að með þessu frv. er í fyrsta sinn farið fram á að innlima löggiltan verzlunarstað í annað sveitarfél. Skildinganesþorp er orðið svo fjölmennt, að það hefir rétt á að krefjast þess, að það verði gert að sérstöku sveitarfélagi. Þessi réttur hefir þó ekki verið notaður ennþá, en stærð þorpsins hefir leitt það af sér, að íbúarnir hafa orðið að gera ýms félagsleg samtök sín á milli. Málið horfir ekki þannig við, að eingöngu sé um að ræða skipti milli Seltjarnarness og Kjósarsýslu og Rvíkur, heldur er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því á sanngjarnan hátt, hvernig fari um eignir þær, sem íbúar Skildinganess hafa komið upp og eru þess eðlis, að þær mundu verða hreppsins eign, ef kauptúnið notaði rétt sinn til þess að gerast sérstakt sveitarfélag. Því hafa komið nokkur ákvæði um þetta inn í frv., sérstaklega hvað snertir vatnsveitu Skildinganesþorps. En það er ekki rétt nafn, því það heitir vatnsveita Skildinganeskauptúns, og er það lögfest nafn. Það er hugsanlegt, að það verði ágreiningur út af þessum eignum í einu eða öðru atriði, sem snertir hagsmuni hreppsins og Rvíkur. Er því í frv. gert ráð fyrir, hvernig farið skuli með ágreiningsmál milli Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu annarsvegar, en Rvíkur hinsvegar. En um úrskurðun tilsvarandi ágreinings milli Rvíkur og vatnsveitufélagsins er komizt tvíræðlega að orði, þar sem stendur, að það eigi að fara með þau „með sama hætti", en þar sem á að útkljá ágreiningsmálin með gerð, þá sýnist óskýrt, hvað þetta „með sama hætti" eigi að þýða, hvort það á að vera sami gerðardómurinn eða skipaður á tilsvarandi hátt. En þetta ætti að vera svo skýrt, að enginn vafi gæti á því leikið. Reynslan hefir sýnt, að það hefir verið erfitt að fá útkljáð ágreiningsmál milli Skildinganess og Rvíkur, þar sem ekkert atriði hefir fengizt útkljáð, nema með hæstaréttardómi. Það væri því æskilegt að ákvæðið væri svo skýrt, að það þyrfti ekki að vera 2 ára rekistefna um það, hvernig skilja beri það. Þessu vildi ég skjóta til allshn., sem væntanlega fær frv. til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 14. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., 17. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 233, n. 285, 314).

Forseti (GÓ): Ég hefi fengið tilmæli frá hv. frsm. um að taka málið út af dagskrá að þessu sinni, og aftur tilmæli frá öðrum hv. deildarmönnum að taka það fyrir. Þegar málið var seinast á dagskrá til 2. umr., tók ég það út samkv. tilmælum hv. 1. þm. Reykv., svo að ég sé ekki annað en ég verði að láta það koma til umr. nú. Hinsvegar vildi ég mælast til við hv. flm. brtt., að hann vildi taka hana aftur til 3. umr.

Jón Þorláksson: Ég hafði einmitt í huga að koma með brtt. við þetta frv., en gat það ekki, meðan óafgert er um brtt. hv. 1. þm. Reykv. Fyrr get ég ekki orðað mína brtt. Vil ég því mjög mælast til, að þessi brtt. verði ekki tekin aftur til 3. umr.

Jón Baldvinsson: Ég held það sé mjög varhugavert að taka þetta mál af dagskrá. En mér skilst það sé mjög ihugunarvert fyrir þá, sem á annað borð vilja láta málið ganga fram, að draga afgr. þess. Nú dregur að þinglokum, og verður því að halda vel á til að koma málum fram. Það virðast nægilega margir vera á móti frv. til þess að geta synjað um afbrigði. Skil ég vel, að þeir, sem vilja málið feigt, óski því út af dagskrá, til þess að koma með óendanlegar brtt. Það er leiðin til að koma því fyrir kattarnef.

Forseti (GÓ): Ég hefi aðeins af kurteisi við hv. frsm. lagt til að taka brtt.

aftur til 3. umr., en mér er engin þægð í því fyrir mitt leyti.

Jakob Möller: Þetta er dálítið óþægilegt, því að sannleikurinn er sá, að mínar brtt. eru þannig vaxnar, að ég hefði gjarnan viljað fá umsögn n. um þær. Þess vegna er nokkur tilhneiging til að taka þær aftur til 3. umr. Hinsvegar hugsa ég mér, verði þær felldar, að koma með tvær brtt. við 3. umr. Af þeirri ástæðu mundi ég ógjarnan vilja taka þessar brtt. aftur til 3. umr. Þó væri hægt að koma með brtt. sem varatill. við 3. umr. Ég hefi satt að segja ekki búizt við, að þessi till. mín á þskj. 314 verði samþ., svo að e. t. v. skiptir ekki miklu, þótt hún komi undir atkv. nú þegar. Eins og hv. þdm. vita, er aðalefni þessara till. að fella burt úr frv. það ákvæði, að Reykjavík verði gert að greiða skaðabætur til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu fyrir Skildinganes og Þormóðsstaði. Mér finnst það svo augljóst, að ekki komi til mála, að Seltjarnarneshreppur fái nokkrar skaðabætur fyrir að vera lagður undir lögsagnarumdæmi Rvíkur. Skildinganeskauptún mun eiga rétt á því að verða sérstakur hreppur. Og ef Seltjarnarneshr. verður skipt, þá kemur ekki til mála, að Skildinganeshreppur borgi Seltjarnarneshreppi skaðabætur. Þá kemur ekki heldur til mála, að Seltjarnarneshreppur fái skaðabætur, þótt Skildinganes verði lagt undir Rvík. Ef um nokkrar skaðabætur ætti að vera að ræða, þá ættu Seltirningar að gjalda Rvík fyrir það að taka að sér Skildinganeskauptún. Það er fyrirsjáanlegt, að þetta er ekki gróði fyrir Reykjavík, heldur þvert á móti. Hún verður að leggja meira til Skildinganess heldur en sem svarar tekjum af því. Ég er ekki með þessu að andmæla, að Skildinganes sé lagt undir Rvík. Það mælir ákaflega margt með því. En ég vil bara ekki láta ganga um of á rétt Rvíkur og láta bæinn borga fyrir það, sem hann ætti að fá borgun fyrir.

Öðru máli kynni að vera að gegna um Kjósarsýslu, því að það verður líklega ekki hægt að halda fram, að sýslan missi ekki tekjur. En það skilst mér geta fallið undir þau fjárskipti, sem gert er ráð fyrir í frv. En að gjalda beinar skaðabætur held ég sé óheppilegt að ákveða í frv.; það verður hægt að teygja of langt. Annars verð ég að játa mína vanþekkingu á þessu sviði, að ég veit ekki, hvað margvísleg fjárskipti þurfa að fara fram í sambandi við slíka skiptingu. En ég hafði undir þeim kringumstæðum, að þessar brtt. mínar væru samþ., gert ráð fyrir, að n. gæti á milli 2. og 3. umr. tekið til athugunar, hvaða ráðstafanir þyrfti þá að gera, og mætti þá við 3. umr. bera fram brtt. út af þeirri athugun. En það vakir fyrst og fremst fyrir mér, að við sláum föstu, að Reykjavík beri ekki að borga skaðabætur.

Hér eru staddir tveir af nefndarmönnum, og vænti ég, að þeir skýri frá, hvernig þeir líta á málið, hvort nokkra frekari breytingu þurfi á frv. að gera, ef till. verða samþ. Fyrsta brtt. er í raun og veru ekki annað en orðabreyting. 2. brtt. er aðeins nánari skilgreining, sem réttara er að hafa, en engin efnisbreyting.

Ég get bætt því við, að þótt brtt. mínar við 3. gr. verði felldar, er ég ekki fallinn frá að verja rétt Reykjavíkur betur en gert er í frv. Í 3. gr. er mælt svo fyrir, að Rvík skuli hlíta því, sem henni er gert að greiða í skaðabætur, alveg skilyrðislaust. Það tel ég gersamlega óaðgengilegt fyrir Rvíkurbæ. Ég mun þá enn koma með till. í þá átt, að Reykjavík geti hafnað samciningunni, ef henni er gert að greiða of háar skaðabætur til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu.

Magnús Torfason: Það er ekki alveg rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að tveir af nefndarmönnum séu viðstaddir. Það er ekki nema einn. Ég sem formaður n. get sagt það, að það var meiningin að athuga þessar brtt. nú í morgun fyrir fund; en ég hefi ekki náð til hinna nefndarmannanna, og því gat það ekki orðið. Ég hefði eftir þingvenju litið svo á, að réttast væri að taka málið af dagskrá fyrir þessar sakir. En þar sem fulltrúar Reykjavíkur hér í hv. deild, hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. landsk., sem vitanlega bera málið sérstaklega fyrir brjósti, hafa litið svo á, að þess þyrfti ekki, þá finnst mér ekki rétt, að ég sé að skipta mér af því. Og sakir þess, að ég hefi ekki átt kost á að ræða þessar brtt. með meðnefndarmönnum

minum, þá ætla ég ekki nú að lýsa afstöðu minni til þeirra, en mun með atkv. mínu sýna, hvernig ég lít persónulega á málið.

Forseti (GÓ): Ég get tæplega litið svo á, að n. hafi ekki getað tekið brtt. hv. 1. þm. Reykv. til greina, þar sem þeim var útbýtt fyrir nokkuð löngu, og n. vissi, að þær voru væntanlegar strax, þegar ég tók málið af dagskrá á föstudaginn var.

Magnús Torfason: Það hefir nú atvikazt svo, að ég hefi ekki náð samtali af hv. meðnefndarmönnum mínum. Hæstv. forseta mun það kunnugt, að hv. 2. þm. Eyf. var frsm. fjárl. á laugardaginn og hafði víst nóg að gera að hugsa um það starf, þó að hann sæti ekki á nefndarfundi með okkur. En mín orð ber alls ekki að skoða sem nein tilmæli um, að málið sé tekið af dagskrá. Ég fyrir mitt leyti legði það alveg undir atkv. þeirra, sem næst standa málinu, hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. landsk.

Jón Þorláksson: Mér þykir nú ekki beint skemmtilegt að þurfa að tala fyrir svo fáskipaðri þingdeild.

Ég vil fyrst taka það fram, út af því, sem talað var um stuðningsmenn og andstæðinga þessa máls, að ég fyrir mitt leyti er alveg hlutlaus í þessu máli. Ég er í Rvík og greiði hér alla mína skatta og skyldur, en hefi hinsvegar hafzt við nokkurn hluta ársins suður í þessu umþráttaða plássi. Persónulega hagsmuni tel ég mig hafa á hvorugan veginn, hvort sem þessi sameining á sér stað eða ekki. Og afstaða mín til málsins fer því eingöngu eftir því, hvort ég álít, að þinginu takist að gera löggjöfina forsvaranlega úr garði. Mér finnst málið ekki nærri eins undirbúið og það þarf að vera, og frv. bera þess mikil merki. Ég minntist á það við 1. umr., að það stendur dálítið sérstaklega á þarna. Það er verzlunarstaður, sem orðinn er með fjölmennustu verzlunarstöðum landsins, sem annarsvegar er gert ráð fyrir að leggja undir Rvík. Nú hefir þarna í fjölmenninu vaxið upp ýmislegt, sem tilheyrir annars sveitarfélagi. Spurningin er, hvernig fer um það við þessa sameiningu. Það hefir við meðferð málsins í Nd. verið tekið upp ákvæði um vatnsveitu þá, sem Vatnsveitufélag Skildinganeskauptúns hefir gert þarna, að Reykjavíkurbær kaupi hana; og sýnist það ekki nema sjálfsagt. En þó hefi ég orðið var við, að orðalag á þessu frv. þyki orka ákaflega mikið tvímælis þessu viðvíkjandi. Fyrir 2—3 árum, þegar farið var að leggja vegi um þetta þorp, voru lagðar vatnsæðar í vegina, þó að ekkert samband væri komið við vatnsveituna. Það stóð þá í málaferlum milli Vatnsveitufélagsins og Reykjavíkur um það, hvort og hvernig Vatnsveitufélagið mætti nota þennan rétt, sem íbúar Seltjarnarneshrepps hafa til að fá vatn úr vatnsveitu Reykjavíkur. Þessi málaferli stóðu í tvö ár, og þess vegna varð það ekki fyrr en á yfirstandandi ári, sem vatnsveita var lögð til Skildinganeskauptúns úr vatnsveitu Reykjavíkur.

Nú orðar frv. þetta þannig, að Reykjavík skuli rétt og skylt að kaupa vatnsveitu þá, sem Vatnsveitufélag Skildinganesþorps hefir lagt úr vatnsveitu Reykjavíkur. Ég hefi orðið var við þann skilning, að hér sé aðeins um að ræða æðina, sem Vatnsveitufélagið lagði úr vatnsveitu Reykjavíkur og yfir í það æðakerfi, sem fyrir var í vegunum um þorpið. En mér finnst ekki ná neinni átt að skipa þessu máli með lögum þannig, að Reykjavík sé ekki skyld til að kaupa annað en samtengingaræðina. Ég veit þá ekki, hvernig ætti að fara með vatnsveituna að öðru leyti.

Þá vil ég nokkuð athuga þau tímatakmörk, sem frv. setur. Það stendur í frv., að sameining skuli fara fram 1. janúar 1932, en endanlegum fjárskiptum þarf ekki að vera lokið fyrr en ári síðar. Nú hefir þessi vatnsveita sennilega kostað um 40—50 þús. kr., og eflaust er langmest af því í skuld. Nú er spurning, hvernig á að fara með þetta fyrirtæki á þeim tíma, sem líður frá því að sameiningin átti sér stað og þangað til fjárskiptin eru komin í kring. Ég held, að Vatnsveitufélag Skildinganess geti ekki innheimt vatnsskatt í kauptúninu eftir sameininguna. Mér skilst því, að það geti lent í einhverri óreiðu um þessi lán þetta ár, sem þarna ber á milli. Ég geri ráð fyrir, að ef l. ákveða, að fjárskiptum

skuli lokið í árslok 1932, þá kunni yfirmatsgerð að dragast fram á árið 1933. Ég sé ekki ástæðu fyrir því að draga þetta til ársloka 1932. Því ekki að gera þetta fyrir árslok 1931, þ. e. a. s. ganga að því þegar lögin koma í gildi og láta fjárskiptum vera lokið um leið og sameining fer fram? Það hlýtur að verða ákaflega leiðinlegt millibilsástand þetta ár — og sjálfsagt verður það lengri tími —, sem líður milli sameiningarinnar og fjárskiptanna.

Þá vil ég sérstaklega gagnvart Vatnsveitufélaginu taka það fram, að hugmyndin er náttúrlega sú, að þessi stofnun líði undir lok, þegar vatnsveitan er komin inn í vatnsveitu Reykjavíkur. En þá sýnist líka nauðsynlegt að ákveða, að Reykjavíkurbær greiði kostnað við þær matsgerðir og aðrar athafnir, sem þurfa að fara fram vegna fjárskiptingar, því að Vatnsveitufélagið á engar eignir aðrar en vatnsveituna, og ég sé ekki, hvernig hægt er að ná matskostnaði eða málfærslukostnaði frá Vatnsveitufélaginu, eftir að það er liðið undir lok. Það er dálítið óvenjulegt ákvæði, þegar um mat er að ræða, að skylda annan aðila að greiða matskostnað, en mér finnst svo verði að vera í þessu tilfelli.

Þá er næst, að ýmislegt hefir verið gert þarna annað en vatnsveitan, sem í kaupstöðum og kauptúnum heyrir til sveitarframkvæmda. Það er nú fyrir sig, að þar hafa verið lagðir vegir, eins og gerist í kauptúnum, og byggðin er svo fram með þessum vegum. Hvernig á að fara með þá við sameininguna? Á Reykjavík ekki að hafa neinar skyldur til að taka að sér þessa vegi til viðhalds a. m. k., hvað sem líður spurningunni um það að borga hreppsbúum fyrir vegina, sem þeir hafa gert. Mér finnst mjög illa farið, ef þetta svæði er innlimað án þess að bænum sé gert að skyldu að halda vegunum við a. m. k. Ég tel raunar líklegt, að Reykjavík muni að sjálfsögðu hafa viðhaldsskyldu gagnvart hreppsvegunum þarna. En svo eru vegir lagðir fyrir fé einstakra manna, án þess að neitt hafi verið ákveðið, að þeir skyldu verða hreppsvegir. Þó hefir hreppurinn lagt eitthvað til viðhalds þeirra nú síðustu árin, að ég held, en ekki þori ég að fullyrða um það. Meðfram þessum vegum stendur mesta byggðin, og mér finnst þurfa í þessari löggjöf að skylda Reykjavík til að sjá um viðhald þeirra.

Þá er enn, að í ýmsum af þessum vegum eru lögð holræsi, og hreppurinn hefir ekki lagt neitt til þeirra, svo að þau eru ekki talin með hreppsins eignum. Nú er það svo í Reykjavík, að bærinn leggur holræsi í götur, en fær þó nokkurt framlag til holræsanna frá lóðaeigendum. Mér finnst öll sanngirni mæla með því, að Reykjavíkurbær borgi þeim, sem hafa lagt þessi holræsi, að frádregnu því framlagi, sem lóðaeigendur hafa átt að leggja til. En um þetta stendur ekkert í frv.

Það ákvæði, að aðilar verði að hlíta úrskurði gerðardóms, tel ég varhugavert. Það er dálítið óvenjuleg hugsun, að svipta menn með lögum rétti til að leita úrskurðar dómstóls. Gerðardómsleiðin er yfirleitt helzt valin, þegar um það verður samkomulag beggja aðilja. Eftir slíku samkomulagi hefir alls ekki verið leitað hér. En þó að það þyki viðunandi að ákveða þetta með þvingunarráðstöfun, þá sýnist mér enn vera ákaflega lítil trygging fyrir báða málsaðila og fyrir réttargæzlu í þessu yfirleitt, hvernig gerðardómurinn er skipaður.

Það mun oftast reynast svo, að þegar tveir aðilar eiga að leggja til hvor sinn mann í gerðardóm, og hæstiréttur bara einn, að þeir tveir fyrrnefndu líta á sig sem málaflutningsmenn fyrir þá aðila, sem skipa þá, og það verður 3. maðurinn, sá sem hæstiréttur skipar, sem afgerir málið. Og hann hefir þá ekki annan kost en að fallast á till. annarshvors aðilans. Annars fæst enginn meiri hluti til þess að fella úrskurðinn. Ég verð að segja, að þetta er mjög veikur gerðardómur. Ég get ekki heldur fallizt á uppástungu hv. 1. þm. Reykv. eins og hún kemur fram í brtt. hans á þskj. 314. Samkv. l. hefir bæjarstjórn Reykjavíkur ekki heimild til þess að lögkveðja menn í gerðardóm, sem eiga heima utan lögsagnarumdæmisins; líklegast yrðu því allir gerðardómsmennirnir Reykvíkingar. Réttast væri að láta hæstarétt útnefna alla mennina, eða a. m. k. 3 af 5. Það væri sá eini gerðardómur, sem gæti dæmt óhlutdrægt í þessu máli. Þá fyrst væri hægt að fá dóm án þess að þeir, sem

dæma, þyrftu að binda sig við það að fylgja kröfu annars málsaðilans, en það verður að vera, ef frv. gengur óbreytt fram. Ég hefi fyrir skömmu setið í gerðardómi, sem var eins skipaður og frv. gerir ráð fyrir að verði í þessu máli, nema hvað dómendur voru 5, og 3 þeirra skipaðir af hæstarétti. Þar fór svo, að þeir 3 komu sér saman um dóm, sem fór meðalveg, en samt kom vandkvæði við þesshátt skipaðan gerðardóm þegar í ljós. Ég hafði ætlað mér að bera fram brtt. við 3. umr. þessa frv., en sé mér það ekki fært fyrr en útkljáð er um brtt. hv. 1. þm. Reykv., því að órétt er að gera brtt. við frv., sem maður hefir enga hugmynd um, hvernig verði orðað. Mér þykir leiðinlegt, að enginn hv. nm. skuli vera viðstaddur; annars hefði ég farið nánar út í ýms atriði þessa máls.

Jón Baldvinsson: Það steðjar nú allskonar ólán að þessu frv. Hv. frsm. n. og annar hv. nefndarmanna einnig eru veikir, og sá 3. er ekki hér viðstaddur. Hér hefir verið borinn fram sandur af brtt., aðallega frá hv. 1. þm. Reykv., og þó sumar þeirra séu ef til vill æskilegar, þá má telja víst, að verði þær allar samþykktar, nái frv. ekki samþ. hv. Nd. Aftur á móti getur þessi eina till., sem hv. n. bar fram, aðeins skoðazt sem leiðrétting; hún er bara þess efnis, að breyta „kauptúni" í „þorp" á einum stað. Ég held, að þetta mundi engum misskilningi valda, en er ef til vill réttara að taka tillit til þessarar brtt. Þá ætla ég að benda hv. 1. þm. Reykv. á það, að 1. brtt. hans á þskj. 314 er alveg gersamlega óþörf. Ég sé ekki, að hún yrði til annars en að gera skyldu Reykjavíkurbæjar um þurfalingaframfærslu í þessum hreppi ennþá víðtækari en frv. fer fram á.

Hinar till., um að fella niður skaðabótagreiðslu til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu, gætu komið til mála, en hv. þm. veit það, að reglan hefir verið sú um slíka sameiningu og hér er átt við, þegar jarðir eða stærri landsvæði eru lögð undir kaupstaðina, að einhverjar skaðabætur hafa verið greiddar. Þetta hefir verið ákveðið í lögum og þannig skapazt fordæmi, sem erfitt er að ganga framhjá. Svo var það t. d. þegar jarðirnar Ártún, Árbær, Breiðholt og mestur hluti Elliðavatnsengja var lagt undir Rvík, þá voru ákveðnar allháar skaðabætur til handa viðkomandi aðiljum. Ég tel ennfremur, að hv. Nd. muni ekki fallast á slíka breyt., og gæti það því orðið frv. til tjóns, ef hún væri sett inn hér. Hv. 1. landsk. gerir það auðvitað upp við sjálfan sig, hvort hann fylgir þessu frv., ef brtt. hans verða felldar. Hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. hafa lýst yfir því, að þeir muni flytja margar brtt. við 3. umr. Það sýnist nú svo, ef hv. 1. landsk. hefði viljað hraða þessu máli, að hann hefði getað borið fram varatill., sem oft er gert, ef menn vilja hraða málum. Hv. 1. landsk. sagðist vera hlutlaus í þessu máli. Slíka yfirlýsingu ber ekki að rengja. En aths. hans við þetta frv. eru á þá leið, að helzt lítur út fyrir, að hann sé ekki hlutlaus í þessu máli.

Ástæður hans finnst mér lítilsvirði, og fremur til þess að hafa eitthvað að athuga við frv. en af góðvilja til framgangs þess. Hann talaði um ónógan undirbúning, en ég get ekki samþ. það. Þetta mál hefir legið fyrir hv. Alþ. í mörg ár, það hefir verið rætt rækilega af báðum aðiljum, og áskorun hefir komið frá íbúum Skildinganeskauptúns, þess efnis, að þeir óski, að sameining fari fram. Hv. 1. landsk. hélt því fram, að frv. væri allmjög ábótavant. Hann vildi láta bæta inn í það t. d. víðtækari ákvæðum viðvíkjandi Vatnsveitufélaginu og viðhaldi vega. Ég tel víst, að þegar sameining hefir farið fram, geri Reykjavík sitt eigið plan um vegakerfi, og eins þykir mér ólíklegt, að þá verði haldið við öllum stígum og götum, sem lagðar hafa verið heim að húsum einstakra manna.

Hv. þm. hélt því fram, að Vatnsveitufélagið mundi ekki geta innheimt vatnsskatt fyrst um sinn, ef þetta mál nái fram að ganga. Þetta held ég að sé ekki rétt. Ég tel alveg sjálfsagt, að Vatnsveitufél. innheimti hann þar til afhending er að fullu um garð gengin. Yrði ágreiningur út af þessu, ætti hann að fara í gerð samkv. frv., og vænti ég, að þar fengist viðunandi úrlausn.

Ég fer nú að efast um einlægni hv. 1. þm. Reykv. Hann gerir það, sem hann getur, frv. til tafar og ámælis, bæði í brtt.

og ræðum. Mér þykir þetta undarlegt; eftir þeim áhuga, sem kjósendur hér í bæ hafa fyrir þessu máli, finnst mér það sízt sitja á honum að bregða fyrir það fæti. En þetta er ekki aðeins hagsmunamál fyrir Reykjavíkurbæ, heldur er þessi sameining einnig nauðsynleg fyrir öryggi íbúanna þarna suður frá. Upp á síðkastið hafa orðið tveir stórbrunar þarna suður frá, og er það m. a. því að kenna, að kauptúnið er þess ekki umkomið að hafa fullkomið slökkvilið. Úr þessu væri bætt með sameiningunni, því að þá heyrði þetta undir slökkvilið Reykjavíkur. Auk þess má benda á, að þarna er byggt algerlega skipulagslaust, getur svo að segja hver sem er sett þarna hús á laggirnar, hvar sem honum sjálfum þóknast. Litið eftirlit mun einnig haft með gerð þessara húsa. Það er því mikil hætta á því, að þarna komi upp mikið af lélegum húsum, og öll hætta er á, að síðar verði þessar íbúðir notaðar handa fátæku fólki, og gætu þær þá orðið til þess, að bygging nauðsynlegra verkamannabústaða yrði dregin þar úr hófi fram.

Það eru að öllu samanlögðu svo margar stoðir, sem renna undir þetta frv., að það er ekki forsvaranlegt að tefja það að óþörfu. Enda hygg ég, að aðalmótstaðan í þessu máli stafi frá nokkrum húseigendum í kringum Eggert Claessen þarna suður frá. Ég held, að það sé ráð að samþykkja frv. óbreytt, til þess að koma því frá.

Það var rétt hjá hv. 1. landsk., að þegar gerðardómur er skipaður eins og gert er ráð fyrir í frv., þá verði tveir dómendurnir málaflutningsmenn hvor fyrir sinn aðilja. En mér finnst engin skylda knýja oddamann dómsins til þess að fallast á skoðun annarshvors málsaðiljans. Hann getur sem bezt haft alveg sjálfstæða skoðun á málinu, og neytt annanhvorn hinna meðdómendanna til þess að fylgja sinni skoðun. En mér líkar ekki sú tilhögun, sem stungið er upp á í till. hv. 1. landsk.; ég held, að ef hæstiréttur ætti að skipa 3 af 5 gerðardómsmönnum, gætu þeir ráðið öllu og þyrftu ekki að neinu leyti að taka kröfur viðkomandi málsaðilja til greina, hvað réttmætar sem þær kynnu að vera og þó að þær væru á fyllstu sanngirni byggðar.

Halldór Steinsson: Mér finnst vera lagt allt of mikið kapp á það í báðum deildum að afgreiða þetta mál. En það einkennilegasta, sem við það er, hefir mér fundizt það vera, að þeir, sem mest kapp leggja á að drífa það í gegnum þingið, geta engar sæmilegar ástæður fært fyrir því. Ég hlustaði á umr. í Nd. fyrir nokkrum dögum, og ég heyrði þar ekki frekar en hér nokkrar frambærilegar ástæður fyrir þessu frv. Ég held því, að þetta mál sé hið mesta hégómamál. Hv. 2. landsk. færði sem ástæðu fyrir sameiningunni brunahættuna þar suður frá. Hann sagði, að brunamál væru þar í mestu óreiðu og Rvík yrði að taka í taumana. En mér finnst, satt að segja, það liggja íbúum þessa hrepps sjálfum næst að koma lagi á slík mál. Sama er að segja um húsnæðisspursmálið, sem hv. þm. ætlaðist líka til, að Rvík færi að sletta sér fram í, en ég get ekki séð, að þessi mál komi Rvíkurbæ það allra minnsta við. Sú eina frambærilega ástæða hefði verið sú, að báðir aðiljar hefðu óskað eftir þessari sameiningu. Þessi ástæða er nú ekki fyrir hendi. Og það er vitað um a. m. k. annan aðiljann, að hann er eindregið á móti þessu máli. Sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hafa báðar sent mótmæli gegn þessari sameiningu. Þegar svona stendur á, finnst mér rangt af löggjafarvaldinu að sletta sér fram í, og mun ég því greiða atkv. gegn þessu frv.

Jakob Möller: Það væri fróðlegt að rekja sögu þessa máls, en ég mun þó sleppa því að þessu sinni. Ég vildi aftur á móti vekja athygli manna á því, að allar ástæðurnar, sem hv. 2. landsk. færði með frv., hnigu í þá átt, að þetta væri aðallega gert vegna íbúa Skildinganess sjálfs. Eftir þessu ætti Rvíkurbæ engin þægð að vera í þessari sameiningu, og finnst mér þessi afstaða hv. 2. landsk. — sem kallar sig fulltrúa Rvíkur í þessu máli — mjög undarleg. Hann gaf það samt í skyn, að hann mundi ganga að hvaða afarkostum sem væri fyrir hönd Rvíkur, bara ef frv. næði fram að ganga; ég býst við, að hann reyndi að berja það í gegn, þótt Rvík ætti að snara út heilli millj. króna fyrir þennan landskika.

Þannig virðist mér verði að skilja ákafa hans eftir því, að frv. sleppi óbreytt frá þessari hv. d. -- Í þessu frv. er ekkert tekið fram um upphæð skaðabótagreiðslunnar, og vitum við því ekkert um það nú, hve há hún kann að verða. Og þótt ég sé málinu frekar fylgjandi, álít ég, að það verði að taka tillit til þess, hvað þessi sameining komi til með að kosta Rvík. Meðan frv. er svo úr garði gert sem nú er, mun ég því ekki greiða því atkv. — Annars eru skaðabætur þær, er Rvíkurbær greiddi, þegar jarðirnar Ártún, Árbær og Breiðholt voru lagðar undir Rvík, alls ekki sambærilegar við skaðabætur þær, sem um væri að ræða eftir þessu frv. Þar voru einstakar jarðir teknar út úr hreppnum og lagðar undir bæjarfélagið, en þarna er að ræða um heilt landsvæði, sem getur hvenær sem er orðið sjálfstætt sveitarfélag samkv. sveitarstjórnarlögunum. Þess vegna get ég ekki séð, að Seltjarnarneshreppi beri nokkrar skaðabætur út af þessari sameiningu. — Ein ástæða hv. 2. landsk. fyrir þessu frv. var skattflóttamennirnir, sem hv. jafnaðarmenn eru alltaf að tala um. En þetta er alveg hlægileg ástæða fyrir þessu frv., því að auðvitað gætu þessir menn, ef þeir eru nokkrir, haft nóga staði til þess að venda í, þótt þetta landsvæði yrði lagt til Rvíkur. Áhugi á þessu máli vaknaði fyrst við það, að ákveðinn maður, sem átti land þarna suður frá, flutti sig þangað og losnaði um leið við útsvarsskyldu í Reykjavík. Út af þessu var útsvarslögunum breytt þannig, að maður þessi varð að greiða útsvör hér. Seinna var þeim þó breytt aftur fyrir atbeina Framsóknarflokksins þannig, að útsvarsskyldan féll niður aftur. Næst var tekin upp sú aðferð, að reyna að leggja Skildinganes undir Reykjavík, en þá var þessi maður orðinn skattborgari í Reykjavík fyrir eigin aðgerðir. Hv. 2. landsk. getur ekki bent á nokkurt dæmi um skattflótta úr Reykjavík suður eftir, enda eru nógir aðrir staðir í nánd við Reykjavík til að flýja í, ef menn vildu. Nei, nauðsynin er eingöngu vegna Skildinganess sjálfs, en alls ekki vegna Rvíkur. Ég tel rétt, að sameiningin fari fram, en ég get ekki séð, að neinn lífsháski sé á ferðum, þótt hún bíði næsta þings. Hv. 2. landsk. hefir engin rök fært fyrir því, að þessu máli liggi svo mikið á, að það verði að ná fram að ganga nú, hve vitlaus ákvæði sem í því eru og hve illa sem réttur Reykvíkinga er tryggður.

Um brtt. við 2. gr. er það að segja, að hún er borin fram til að takmarka framfærsluskylduna. Hv. 2. landsk. veit, að dvöl á einum stað getur valdið sveitfesti á öðrum, af því að menn slíta sveitfestitímann. Eftir orðalagi frv. má skilja svo, að framfærsluskyldan falli á Reykjavík. En meiningin er skýlaus, ef bætt er inn í „í Seltjarnarneshreppi". Það má segja, að brtt. þessi sé aðeins leiðrétting, en þetta út af fyrir sig sýnir, hvernig frv. er úr garði gert.

Jón Þorláksson: Hv. 2. landsk. sagði, að þær aths., sem ég hefði gert við frv., sýndu kaldan hug til málsins. Það er þó ekki ástæðan til þeirra, að ég beri kaldan hug til málsins, heldur hitt, að ég vil tryggja réttmæta hagsmuni manna í Skildinganesi eftir að sameiningin hefir farið fram og Reykjavík hefir þar tögl og hagldir. Hv. 2. landsk. sagði, að Rvík myndi halda við þeim vegum þar syðra, sem hún teldi nauðsynlega eftir sínu skipulagi. Ég álít, að úr því að menn hafa lagt vegi þar syðra og byggt við þá, beri Reykjavík skylda til að halda þeim við, og um breytingar á því vegakerfi eigi að gilda sömu reglur og hér, þegar skipulagsbreyt. eiga að fara fram. Þótt breyta eigi vegum hér í Reykjavík, hvílir sú skylda á bænum að halda þeim við, þangað til skipulagsbreytingin er komin á. Ella væri íbúunum óréttur gerður.

Hv. 2. landsk. vildi ekki viðurkenna, að vandkvæði gætu orðið út af ákvæðum frv. viðvíkjandi Vatnsveitufélaginu. Ég hygg, að svo verði litið á, að Vatnsveitufél. sé lagt niður frá því að sameiningin hefir farið fram, en hún á að komast á 1. jan. 1932. Fjárskipti mega hinsvegar dragast til ársloka 1932. Á þessum tíma, sem líður frá sameiningunni til fullnaðarfjárskipta, er hætta á, að skuldir Vatnsveitufél. fari í óreiðu. Það er líka alveg ástæðulaust að vera að draga fjárskiptin svo lengi. Ef sameiningin á að fara fram 1. jan. 1932, eiga fjárskiptin að geta farið fram á árinu 1931.

Hv. þm. Snæf. gat um afstöðu Sel-

tjarnarneshrepps í Kjósarsýslu í þessu máli. En það má líka minnast á afstöðu bæjarstj. Rvíkur. Eftir því, sem mér hefir verið sagt af skilorðum mönnum, hefir hún aldrei farið fram á, að þessar jarðir út af fyrir sig væru lagðar undir Rvík, heldur „Seltjarnarneshreppur í Kjósarsýslu". Ég held, að þessu máli liggi ekki svo á, að það megi ekki fá sæmilegan undirbúning. Mér fyndist rétt að vísa því til bæjarstj. til umsagnar áður en gengið er frá því til fulls.

Ég verð að segja það, að mér finnst óeðlilegt, að ekki skuli hafa verið reynt að ná neinu samkomulagi milli þeirra aðilja, er hér eiga hlut að máli, enda þótt hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hafi lýst yfir andstöðu sinni við málið. Ég vil þó fyrst og fremst leggja áherzlu á það, að löggjöfin sé svo skýr, að ljóst sé, hvaða skyldur Reykjavík tekst á herðar gagnvart íbúunum í hinu innlimaða plássi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, MT, BSn, GL, IP, JakM, JBald, GÓ.

nei: HSteins.

JónÞ greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (PH, PM, EÁrna) fjarstaddir.

Brtt. 314,1 tekin aftur.

2. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 314,2.a felld með 5 : 5 atkv.

— 314,2.b—c tekin aftur.

— 285 samþ. með 6 : 3 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 6 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 1 atkv.

Á 33. fundi í Ed., 19. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv aftur tekið til 3. umr. (A. 336, 340, 353).

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég á brtt. við frv. eins og ég boðaði við 2. umr., og er hún á þskj. 340. Tilgangurinn með brtt. er sá, að Rvík, sem í frv. er skyldug til að taka við Skildinganesi eftir mati, geti hafnað því, ef bæjarstj. álítur það of dýrt. Mér finnst það ósanngjarnt að setja lagaboð um það, að bærinn sé skyldugur að kaupa Skildinganes, hvað svo sem það kostar.

Hv. 2. landsk. ber fram till. um skipun matsnefndar. Ég sé ekki, að réttur Rvíkur sé betur tryggður þar en áður. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja mikið um þetta. Hv. þdm. geta gert sér grein fyrir, hvað í brtt. liggur, sem sé, að Rvík sé frjáls að kjósa eða hafna.

Það er upplýst, að Kjósarsýsla er mótfallin sameiningunni og Seltjarnarneshreppur einnig. Um afstöðu Rvíkur er ekkert upplýst annað en það, að hún er samþykk því, að allur Seltjarnarneshreppur verði lagður undir Rvík, en hefir ekki tekið neina afstöðu til Skildinganess. Það er því hæpin lagasetning að skylda þessa 3 aðila til að hlíta þessu án vilja nokkurs þeirra. Brtt. er borin fram í þeim tilgangi að gera Reykjavík þetta hagkvæmara, og ég sé ekkert til fyrirstöðu því, að þetta ákvæði verði sett inn í l. Sameiningin er jafntryggð eftir sem áður. Þetta ákvæði er aðeins hemill á það, að ekki verði farið fram á meira verð en sanngjarnt er og Rvík megi við una. Það er alger misskilningur, að þessi brtt. sé borin fram til þess að koma málinu fyrir kattarnef, því frv. þarf að fara til Nd. hvort sem er. Það er fjarri því, að þetta þurfi að tefja málið.

Till. við 2. gr. er aðeins orðabreyt., eins og ég lýsti við 2. umr., og ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. geti fallizt á hana. En annars legg ég ekki sérlega mikið upp úr henni. Mér þætti aðeins betur á því fara, úr því að frv. verður hvort sem er að fara aftur til Nd.

Jón Þorláksson: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 353, sem fela í sér umbætur á annmörkum þeim, sem ég taldi á frv. við 2. umr. og ég þá gerði grein fyrir. Till. hefi ég reynt að orða þannig, að þær reki sig ekki á brtt. hv. 1. þm. Reykv., og vænti ég þess, að hæstv. forseti geti borið till. upp í réttri röð eins og þær koma við frv., þannig að ekkert ósamræmi verði í því. Brtt. við 2. gr. fjallar um vegi, vatnsveitu og holræsi á því svæði, sem á að innlima. Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að hann beri þessar málsgr. upp hverja fyrir sig, svo að

vilji hv. þdm. komi skýrt í ljós, ef þeir skyldu vilja samþ. einhverja, en ekki allar. Þá er það brtt. við 3. gr., um að fjárskipti fari fram fyrir árslok 1931, í stað þess, að í frv. stendur „fyrir árslok 1932". Þessi brtt. felur í sér það sama og brtt. III. 1. á þskj. 340. En þar við bæti ég því sem sérstakri brtt., að það eigi að fara fram fyrir sama tíma ákvörðun á kaupverði fyrir mannvirki þau, sem Reykjavík tekur við. Ég hefi stungið upp á því, að einn gerðardómur fjalli um allar fjárgreiðslur og önnur ágreiningsmál, og held ég, að það sé miklu heppilegra en að þeir séu tveir eins og gert er ráð fyrir í frv., og loks hefi ég stungið upp á því, að Rvík greiði kostnaðinn við gerðardóminn eftir ákvörðun gerðardómsins.

Ég þykist ekki þurfa að gera nánari grein fyrir brtt. Ég tel þær að öllu leyti óvilhallar og aðeins til þess að kveða skýrt á um það, sem ég býst við, að öllum þyki eðlilegast að verði.

Jón Baldvinsson: Þessar brtt., sem hér liggja fyrir, eru svipaðs eðlis og þær á dögunum. Sumar þeirra eru sem sé aðeins til þess að flækja frv. meira, og það er sýnilegt, að ef þær verða samþ., þá gengur málið ekki fram á þessu þingi.

Það er rétt, að hv. 1. þm. Reykv. dró fram ýmsa liði, sem væru til hagsmuna fyrir Skildinganes eða íbúana þar, ef sameiningin yrði við Rvík. Hitt er annað mál, að landeigendur telja það meiri hagsmuni fyrir sig að vera þarna og sækja atvinnu í Rvík, en búa svo þar, sem þeir eru ekki háðir neinu skipulagi. En það má öllum vera ljóst, að það líða ekki mörg ár þangað til þetta verður samþ., þó að það verði ekki nú. En með hverju árinu, sem líður, verður það dýrara fyrir Rvík að koma á góðu skipulagi á Skildinganesi hvað snertir gatnagerð og margt annað, og það er víst, að skattflóttamennirnir fara ekki þangað eftir sameininguna eins og þeir gera nú, og þó hv. 1. þm. Reykv. segi, að það sé nægilegt pláss annarsstaðar, þá flytja þeir ekki þaðan „villurnar", sem nú standa þar. Rvík hefir hagnað af sameiningunni og íbúarnir í Skildinganesi, aðrir en landeigendurnir.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að málið væri illa undirbúið. En það er ekki rétt, því þetta hefir verið samningamál milli bæjarstj. Rvíkur og Seltjarnarneshrepps, þó að þá hafi verið talað um stærra svæði. Ég held, að það sitji ekki á hv. 1. þm. Reykv., sem hefir verið í bæjarstj. sum árin og nú frá því 1930, og því getað haft þar áhrif eins og hver annar, að segja, að þetta mál sé ekki undirbúið frá hennar hendi. Það er spánnýtt, að hv. þm. heldur því fram, að hann viti ekki, hver er vilji bæjarstj. í þessu máli. Það er víst, að bæjarstj. getur a. m. k. ekki andmælt þessu frv., ef hún á að halda fast við þær samþykktir, sem þar hafa verið gerðar. Það getur vel verið, að Rvík verði að borga fjárfúlgu fyrir þetta, eins og hún var látin gera hér um árið, þegar jarðir úr Mosfellssveit og Seltjarnarneshreppi voru lagðar undir hana. En það getur varla orðið hærra en það, sem Rvík varð að borga fyrir þessar jarðir. En hv. þm. veit, að ekki mun verða fallizt á, að Rvík fái þetta án endurgjalds. (**JakM:** Það er ekki gert ráð fyrir því). Það mun vera rétt, að það er ekki sagt með berum orðum. En það má þó skiljast á þá leið.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það er misskilningur hjá hv. 2. landsk., að það sé með till. farið fram á það, að Rvík borgi ekki neitt. Það var í till., sem var borin fram við 2 umr., en var felld. Nú er beinlínis gert ráð fyrir því.

Ég vil benda hv. 2. landsk. á það, að frv. nær einnig til Þormóðsstaða, og einn hv. flm. frv. er eigandi þeirrar jarðar. Ef hann sem landeigandi hefði verið á móti sameiningunni, hefði hann sjálfsagt auðveldlega getað fengið jörð sína undanskilda. Annars skipta Þormóðsstaðir ekki miklu máli í þessu sambandi, en það verður að gera skynsamlega grein fyrir því, hvers vegna eigandi þeirrar jarðar er svona ákafur eftir því, að þessi sameining fari fram.

Hv. 2. landsk. nefndi eiginlega ekki neina aðra ástæðu fyrir frv. en skattflóttamennina margumtöluðu. En það er engin ástæða fyrir frv., ef að er gáð. Auðvitað hafa þessir skattflóttamenn, ef þeir eru nokkrir til, nóga staði til þess að flytja til, þó að þessi sameining verði

gerð. Bæjarstj. hefir látið það í ljós, að hún vildi hvorki meira né minna en allt Seltjarnarnes, og þar með liggur yfirlýsing fyrir frá bæjarstj. um afstöðu hennar í þessu máli. Þá fyrst væri það orðið hagsmunamál Reykjavíkur. Ég veit ekkert um afstöðu bæjarstj. til þessa sérstaka frv.; það hefir ekki komið fyrir bæjarstj. síðan ég tók þar sæti.

Hv. 2. landsk. bar enga skynsamlega ástæðu fram gegn brtt. minum; eina ástæða hans var sú, að ekki mætti tefja málið, en ég vildi gjarnan, að það tefðist frekar um eitt ár heldur en að Reykjavík yrði látin sæta afarkostum í þessum skiptum.

Frsm. (Pétur Magnússon): Það var í ráði, að allshn. athugaði þær brtt., er hér liggja fyrir, á fundi í morgun, en hann fórst því miður fyrir. N. hefir því enga afstöðu tekið til þeirra, og það, sem ég segi nú, er eingöngu fyrir eiginn reikning. Ég ætla fyrst að fara nokkrum orðum um brtt. hv. 1. þm. Reykv., og byrja á 4. brtt. á þskj. 340. Aðalefni hennar er það, að Reykjavík er sett í sjálfsvald, eftir að mat hefir farið fram á skaðabótum, hvort hún vill ganga að sameiningunni eða ekki. Hv. flm. færði þau rök fyrir þessu máli, að ekki væri upplýst, hvort Reykjavík óskaði eftir þessari sameiningu, en aftur væri alkunnugt, að bæði Seltjarnarneshreppur og Gullbringu- og Kjósarsýsla eru henni mótfallin.

Þetta mál hefir nú verið flutt 5 sinnum á þingi af þm. Reykv. og bæjarstj. aldrei hreyft mótmælum gegn því. Aftur á móti hafa margar raddir komið fram um það, hvílíkt nauðsynjamál þetta væri. Ég geri fastlega ráð fyrir, að bæjarstj. hefði látið þetta mál til sín taka, ef henni hefði fundizt eitthvað óskyggilegt við það fyrir Reykjavík. Ég held, að í þessari till. hv. 1. þm. Reykv. felist engin sanngirniskrafa. Eðlilegast er, að báðir aðiljar verði jafnt settir, að Reykjavík verði að sætta sig við matið engu síður en Kjósarsýsla. Ég nefni hér Kjósarsýslu eina, en ekki Seltjarnarneshrepp, af því að ég er á þeirri skoðun, að mikill vafi leiki á um hvort Seltjarnarneshreppur eigi nokkurt tilkall til skaðabóta. Ég mun því ekki greiða atkv. með þessum brtt., að undanskildri 2. brtt., sem ég tel vera til skýringa og bóta.

Hv. 2. landsk. drap á það, að helzt mætti ekki samþykkja neina brtt. við þessa umr., til þess að málið dagaði ekki uppi. Ég sé ekki, á hverju þetta byggist, og tel sjálfsagt að samþ. brtt., ef þær eru til bóta. Ég er sannfærður um, að sá meiri hluti, sem samþ. frv. í Nd., muni eins samþykkja það nú, þótt smáar brtt. séu gerðar, sem bæti það og geri það greinilegra og skýrara.

Um brtt. hv. 1. landsk. er það að segja, að ég mun greiða atkv. með þeim öllum, því að ég tel þær allar til bóta. Brtt. við 2. gr. frv. eru alveg sjálfsagðar. Það er rétt. að það komi skýrt fram í frv., hvernig afhendingin eigi að fara fram.

Aðalbrtt. hv. 1. landsk. er um skipun gerðardómsins. Þótt ég ætlaði að sætta mig við það fyrirkomulag, sem frv. benti á, þá tel ég þetta miklu tryggari skipun á gerðardómnum. Ég þekki vel gerðardóma, sem eru eins skipaðir og gert er ráð fyrir í frv., þar sem tveir dómendanna skoða sig sem málaflutningsmenn hvor fyrir sinn málsaðiljann, og oddamaðurinn verður að skera úr. Hér í þessari brtt. er aftur á móti gert ráð fyrir skipun hlutlausra manna í dóminn, og tryggir það réttláta úrlausn. Aðrar till. hans eru bein afleiðing af þessari aðaltill., og fer ég því ekki frekar út í þær.

Ég ætla að taka það aftur fram, að það, sem ég hefi sagt hér um þessar brtt., er algerlega frá eigin brjósti, og hafa meðnm. minir því að sjálfsögðu óbundnar hendur við atkvgr.

Jakob Möller [óyfirl.]: Mér þykir nokkuð undarleg afstaða hv. 4. landsk. í þessu máli. Hann er þess fullviss, að Seltjarnarneshreppi beri engar skaðabætur við þessa sameiningu, og samt ætlar hann að samþ. frv., sem felur í sér ákvæði um skaðabótagreiðslu þessum hreppi til handa. Í þessu er mótsögn, og ég tel það hreinustu óhæfu gagnvart Reykjavík, ef hv. þm. samþ. þetta frv. þrátt fyrir þá skoðun sína á skaðabótunum, sem ég gat um. Hv. þm. vill ennfremur láta Reykjavík borga hvaða skaðabætur sem væru, og er hart fyrir bæjarfélag að verða að hlíta svona lagasetningu. Vilji Reykja-

víkurbæjar liggur ekki fyrir í þessu máli. Bæjarstj. hefir látið orð falla um það, að hún vilji fá allt Seltjarnarnes lagt undir Reykjavík, og ég geri ráð fyrir, að hún telji lítils virði að fá Skildinganes eitt. Hv. 4. landsk. hélt því fram, að þetta væri hagsmunamál Rvíkur. Ég er hinsvegar sannfærður um, að þetta verður baggi, þungur baggi á Reykjavík.

Frsm. (Pétur Magnússon): Hv. 1. þm. Reykv. gerði mikið úr því, sem ég sagði um skaðabætur til Seltjarnarneshrepps. Ég sagði aðeins, að hann hefði vafasaman rétt til skaðabóta. Ég álít, að þetta mál sé hagsmunamál fyrir Reykjavík og engin ákvæði frv. bindi henni þunga bagga. Og Reykjavík er tvímælalaus vinningur að því, að þessi sameining verði sem fyrst. Ég geri ráð fyrir því, að allt Seltjarnarnes verði lagt undir lögsagnarumdæmi Rvíkur áður en langt um líður, og þó að það sé ekki gert nú, er ég ekki í vafa um það, að fleiri Reykvíkingar muni hallast að skoðun minni og annara stuðningsmanna þessa frv. um það, að sameining Skildinganess og Rvíkur sé hagsmunamál bæjarfélagsins, en að skoðun hv. 1. þm. Reykv.

Það hefir verið bent á það áður í þessum umr., að þarna suður frá er byggt alveg skipulagslaust, og hefir bæjarstj. ekkert tækifæri til þess að blanda sér í það mál. En nú bendir allt til þess, að þetta þorp og Reykjavík verði sambyggt eftir nokkur ár, og þá er í mesta máta óeðlilegt, að þau tilheyri sitt hvoru lögsagnarumdæmi. Því lengra sem líður, því meiri örðugleikar verða á sameiningunni, og kostnaður Reykjavíkurbæjar meiri. Þess vegna vil ég ekki verða til þess að tefja þetta mál, svo að það nái ekki fram að ganga nú á þessu þingi. En ef till. hv. 1. þm. Reykv. verða samþ., verða þær vafalaust til stórrar tafar.

Jakob Möller: [óyfirl.]: Ég vil benda hv. 4. landsk. á eitt atriði viðvíkjandi brtt. minni. Það er ábyggilega engin óbilgirni, þó að Rvík sé ekki bundin við skaðabótamat gerðardómsins. Þó að bæriinn hafnaði þá sameiningunni, væri það ekkert annað en einmitt að gera vilja Kjósarsýslu, sem eindregið er á móti þessari sameiningu.

Frsm. (Pétur Magnússon): Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þessir tveir aðilar eru ekki jafnt settir, ef annar er skyldugur til þess að beygja sig fyrir matinu, en hinn ekki.

ATKVGR.

Brtt. 340,1 felld með 9 : 2 atkv.
- - 340,2 felld með 7 : 4 atkv.
— 353,1, 1. mgr., felld með 7 : 6 atkv.
- - 353,1, 2.—3. mgr., tekin aftur.
- - 340,3 tekin aftur.
- - 353,2.a felld með 8 : 3 atkv.
- - 353,2.b felld með 7 : 3 atkv.
- - 353,2.c tekin aftur.
- - 353,2.d samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JónJ, JónÞ, GÓ.

nei: EÁrna, IP, JBald, JónasJ, MT, PH.

Brtt. 353,2.e samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 8 : 2 atkv. og endursent Nd.

Á 35. fundi í Nd., 21. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 407).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð af stj., en d. synjaði þeirra með 7 : 16 atkv.

Á 36. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. -- Afbrigði leyfð af stj., en d. synjaði þeirra með 7 : 15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BJ, BSt, BKr, EA, HG, HV, IngB, JónasÞ, MJ, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ.

nei: BÁ, HJ, JAJ, MG, ÓTh, PO, SvÓ.

HStef, JörB greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (GÍ, JJós, JÓl, LH) fjarstaddir.

Á 40. fundi í Nd., 24. ágúst, var frv. enn tekið til einnar umr.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég var fyrir alllöngu búinn að biðja hæstv. forseta

um að ætla mér nokkurn tíma til þess að tala í þessu máli, og sé ég, að hann hefir minnzt þess. — Ég skal játa það hreinskilnislega, að ég hafði ætlað mér að gera eigi alllitla grein fyrir sögu og efni þessa máls, í þeim tilgangi, að það dagaði uppi. Ég er ekkert að fara dult með þetta, því að ég álít málið þess eðlis, að enginn þurfi að bera kinnroða fyrir, þó hann reyni að koma málinu fyrir kattarnef á þennan hátt. En nú hefi ég nýlega komizt að því, að nýr kaupsamningur hefir verið gerður í Ed. milli framsóknarmanna og jafnaðarmanna, og er einn þáttur hans sá, að þetta mál skuli ná fram að ganga. Mun samningur þessi aðallega gerður fyrir einn af hv. þm. jafnaðarmanna, því að ekki er hann gerður með hagsmuni almennings fyrir augum. Þar sem hæstv. stj. mun hugað um, að hv. jafnaðarmenn fái ekki annað eins keyri í hendur og þeir fengu hér um daginn, er eitt af málum þeirra var fellt hér í hv. d. fyrir misgáning, þá er ég viss um, að hún muni ekki víla fyrir sér að láta þingið standa einum eða tveimur dögum lengur, til þess að málið nái fram að ganga. Ég vil sterklega vita það, að slíkt baktjaldamakk og slík hrossakaup eigi sér stað um málin, án þess að þm. fái neitt um það að vita. Ef hæstv. forsrh. hefði komið til mín og sagt mér, að hann væri búinn að selja málið, þá hefði ég losnað við það ómak, sem ég hefi haft af því að undirbúa mig undir þessa umr. Mér dettur vitanlega ekki í hug að fara að hefja málþóf og halda 6—10 tíma ræðu, þegar ég veit það með vissu, að ekki myndi annað af því hljótast en aukinn kostnaður fyrir ríkissjóð.

Ég mun því stytta mjög mál mitt og skal aðeins leyfa mér að leggja áherzlu á það, að ég skil ákvæði frv. þannig, eins og þau eru nú, að Reykjavíkurbær skuli greiða Seltjarnarneshreppi og Kjósarsýslu fullar bætur fyrir allt það, sem bærinn sölsar undir sig samkv. þessu frv. Þar á meðal lít ég svo á, að því sé slegið föstu, að bærinn kaupi vatnsveitu þá, sem nú er eign Vatnsveitufélags Skildinganeskauptúns, fyrir kostnaðarverð, að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir rýrnun. Verði þessu ekki mótmælt af hv. dm., þá skoða ég það sem viðurkennt af hv. d., að þennan skilning beri að leggja í l., enda mælir öll sanngirni með því.

Þá álít ég og sjálfsagt, að Reykjavíkurbær taki að sér hreppsvegi þá, sem eru á þessum slóðum, og aðra vegi á þeim, sem ætlaðir eru til umferðar almenningi. Ennfremur kaupi bærinn og taki til viðhalds holræsi þau, sem lögð hafa verið í vegi í kauptúninu. Kaupverð holræsanna skal miðað við kostnaðarverð, að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir rýrnun, ásamt gjaldi frá lóðareigendum. Mér finnst, að ef frv. þetta á að ná lögfestu, þá sé hér um þær sanngirniskröfur að ræða, að ekki sé ástæða fyrir neinn af hv. þdm. að mótmæla þeim.

Hv. framsóknarmenn, sem hafa löngum þótzt vera helztu formælendur „byggðavaldsins“ í landinu, hafa nú snúizt á sveif með ásælni Reykjavíkur, eins og hún birtist í þessu máli, að fáeinum hv. þm. undanteknum, sem kunnir eru að fastheldni á rétt sveitanna. Þessum byggðavaldsmönnum til uppbyggingar vil ég benda á brtt., sem kom fram frá formælanda Reykjavíkur í Ed. og fór fram á það, að Seltjarnarneshreppur skyldi vera bundinn við úrskurð gerðardóms, en Reykjavíkurbær ekki. Reyndar skal ég ekkert vera að finna að þessari till., fyrst ég fékk því ekki framgengt, að báðir aðilar skyldu vera óbundnir. En till. þessi sýnir mætavel hina hóflausu ásælni Reykvíkinga í eignir og lönd Seltjarnarneshrepps.

Ég held, að það séu ekki fleiri till., sem komið hafa fram í Ed. og ég vildi leiða athygli hv. dm. að. Ég skal aðeins benda á, að nokkur brevt. hefir verið gerð á skipun gerðardómsins, og tel ég þá breyt. frekar til batnaðar.

Einar Arnórsson: Ég get tekið undir það með hv. þm. G.-K., að skipun gerðardómsins er mun betri nú heldur en hún var, þegar frv. fór frá þessari hv. deild.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um skaðabótakröfur, vildi ég gera nokkrar aths.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að nokkrar bætur þurfi að greiða til Seltjarnarneshrepps, og ef til vill til Kjósar-

sýslu. Gerðardómurinn metur bæturnar, ákveður, hvað skuli bæta og hve miklu skuli bæta. Úrskurði gerðardóms er báðum aðiljum skylt að hlíta. — Það stendur skýrum stöfum í frv., að Reykjavíkurbæ sé skylt að kaupa vatnsveitu Skildinganeskauptúns. Hinsvegar er ekkert tekið fram um greiðslu fyrir hana, og því alls ekki ákveðið, að hún skuli keypt fyrir kostnaðarverð, enda gæti það verið ósanngjarnt. Hitt er annað mál, að ef verk þetta hefir verið skynsamlega unnið, þá er mjög sennilegt, að það verði metið nálægt kostnaðarverði að frádreginni hæfilegri rýrnun.

Hvað hreppsvegunum viðvíkur, þá er það vitanlegt, að sú skylda kemur á herðar Rvíkurbæjar að hafa allar „kommúnalar" framkvæmdir kauptúnsins á hendi. Leiðir af því, að bærinn tekur að sér viðvald og umbætur hreppsveganna eftir sömu reglum og gilda um þau efni annarsstaðar í bænum. Um aðra vegi þorpsins skal ég ekkert fullyrða, en um þá mun fara eftir því, hvort bæjarstj. telur þá hentuga eða ekki.

Svipað er um holræsin að segja. Í frv. er hvorki getið um vegi né holræsi, en sé hér um bætur að ræða, þá heyrir það undir ákvæði 3. gr. frv.

Yfirleitt get ég ekki fallizt á, að verið sé að gefa nokkrar skipanir eða loforð um bætur eða bótagreiðslu fram yfir það, sem ákveðið er í frv. sjálfu. Ég geri ráð fyrir, að skipun gerðardómsins sé nægileg trygging fyrir því, að réttlætis og hófs verði gætt í þessu efni.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég get í sjálfu sér unað við flest það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Hann virtist telja flest það, sem ég drap á, eðlilegt og sanngjarnt, og sagði, að skipun gerðardómsins ætti að vera trygging fyrir því, að réttlætið yrði látið ráða, og væri því engin ástæða til þess, að hann eða ég færum að setja nokkur ákvæði um málið, fram yfir það, sem ákveðið væri í frv. Ég skal ekkert um þetta segja, en vil aðeins leggja áherzlu á, að það, sem okkur ber á milli, er það, að ég er ekki eins trúaður og hann á það, að dómurinn muni rata þá sanngirnisleið, sem ég hefi bent á í fyrri ræðu minni, að yrði að fara í þessu máli.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Hv. þm. G.-K. var að tala um, að einhverjir samningar hefðu átt sér stað á milli framsóknarmanna og jafnaðarmanna um þetta mál. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu. Mér er a. m. k. alveg ókunnugt um, að nokkrir slíkir samningar hafi átt sér stað. Það lítur helzt út fyrir, að hv. þm. G.-K. hafi tekið það að sér að vera sáttasemjari milli þessara tveggja flokka. Og hann hefir rækt það starf með einskærri trúmennsku og fórnfýsi, þar sem hann nú er alveg hættur að berjast fyrir þessu áhugamáli sínu, sem hér er til umr.; hann er búinn að fórna því. Sem bráðabirgðaafsökun fyrir þessu hátterni er hv. þm. að gefa lögskýringar á frv., og vill með því láta líta svo út, sem hann sé sama sinnis og áður. (**ÓTh:** Ég fylgist ekki með — er þetta alvara eða gaman?). Ég býst við, að hv. þm. sé vanur því, að talað sé til hans í alvöru hér í hv. d.

Mér kemur það mjög undarlega fyrir sjónir, að hv. þm. G.-K. skuli vera að bendla Framsóknarflokkinn við samninga, sem hann hefir aldrei gert.

Hv. þm. hefir ekki fylgt þessu máli nú sem á undanförnum þingum, en ég frábið mér, að ég hafi skipt um skoðun á þessu máli.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Húnv. var móðgaður af því, að framsókn hefir nú nýlega gert samning við jafnaðarmenn, þar sem því er lofað, að þetta mál skuli ná fram að ganga á þessu þingi. Leyfi ég mér að bera þá spurningu upp fyrir hæstv. forsrh., hvort ég fer hér með rangt mál.

Ég veit, að hv. þm. V.-Húnv. hefir ekki gert neinn samning um þetta og mun ekki greiða atkv. öðruvísi en hann hefir gert, en hitt verður hv. þm. að skilja, að þetta mál nær fram að ganga á þessu þingi, þótt þeir, sem hingað til hafa verið á móti því, ljái því ekki fylgi sitt. Það eina, sem hægt var að gera, var að tefja tímann, svo málið yrði ekki útrætt. Hafði ég því hugsað mér að flytja langa ræðu um þetta mál í dag. En þar sem ég hefi heyrt, að hæstv. forsrh. hafi lofað því, að þingi skyldi ekki verða slitið fyrr en þetta mál væri afgr., vil ég nú ekki, við eina umr. þessa máls, fara að tína upp

öll rök, sem ég annars gæti fært fram mínu máli til stuðnings.

Ég hafði hugsað mér að flytja hér langa ræðu og segja þar frá gangi málsins bæði á þessu þingi og öðrum. Ég ætlaði að rekja sögu Íslands allt frá því á 9. öld, að Ísland var numið, eða jafnvel sögu Noregs frá aldaöðli, ef mér hefði unnizt tími til þess. Þá ætlaði ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp ýmsa kafla úr Heimskringlu og Íslendingasögunum, því alstaðar er þar talað um baráttu lítilmagnans gegn ofureflinu.

En þar sem ég vinn það eitt með langri ræðu að baka ríkissjóði kostnað, legg ég ekkert ofurkapp á þetta mál, en beygi mig fyrir staðreyndum.

Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að ég hefði verið sáttasemjari milli Framsóknarflokksins og jafnaðarmanna í þessu máli og tekizt prýðilega. Ég hefi ekki verið þar að verki, en hitt er annað mál, að einhverjir þm. hafa verið þar að verki og tekizt prýðilega, eins og hv. þm. sagði. Því betra samkomulag en nú er mun ekki lengi hafa verið milli þessara fornu samherja og endaði með því, að formaður flokksins seldi sig, og var það eitt með öðru í kaupverðinu, að þetta mál skyldi ná fram að ganga á þessu þingi.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það, sem ég átti við með því að segja, að sáttasamningarnir hefðu gengið vel hjá hv. þm. G.-K., var það, hve vel honum hefði tekizt að vinna bug á sinni eigin sannfæringu í þessu máli. Verð ég að víta það, að hv. þm. er svo fórnfús, að hann fórnar sannfæringu sinni til þess að flokkarnir fallist í faðma um þetta mál. Mér þykir leitt, að hv. þm. hefir ekki flutt þessa ræðu sína. Hún hefði líklega orðið furðulegasta ræðan, sem flutt hefir verið á Alþingi. Vil ég því skora á hv. þm. að láta þessa ritsmíð sína koma út í víðlesnu blaði eða tímariti, svo að þjóðin geti orðið þessa fróðleiks aðnjótandi.

Forseti (JörB): Mér fannst ræða hv. þm. V.-Húnv. snerta lítið það efni, sem hér liggur fyrir.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég stend eingöngu upp til þess að segja „heyr“ fyrir hæstv. forseta, vegna þessara orða hans. Hefir hv. þm. V.-Húnv. nú fengið makleg gjöld fyrir þetta bull sitt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, EA, HG, HV, IngB, JÓl, JónasÞ, LH, MJ, JörB.

nei: PO, SvÓ, BÁ, GÍ, HStef, HJ, JJós, MG, ÓTh.

Tveir þm. (BKr, JAJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 458).

Önnur mál.

I. Stjórnarmyndun.

Á. 2. fundi í Sþ., 21. júlí, utan dagskrár, mælti

Jón Baldvinsson: Ég vil nota tækifærið til þess hér í Sþ. að beina þeirri fyrirspurn til þingmeirihlutans, hvenær vænta megi þess, að föst stjórn verði sett á laggirnar. Þó að Framsóknarflokkurinn hafi fengið nægan meiri hl. til að mynda stjórn einn, bólar á engri stjórnarmyndun ennþá. Slíkt fer að verða með öllu óviðunandi. Nú eru ýms þingmál komin svo langt, að farið verður að tala um framkvæmd þeirra, og verða þm. þá að vita, hvort ætlazt er til, að bráðabirgðastj. sú, er nú situr, haldi völdum áfram eða ekki, því að vitanlega haga menn fyrirspurnum sínum öðruvísi til bráðabirgðastjórnar en pólitískrar stjórnar. Vil ég einkum beina þessum spurningum til hæstv. forsrh. og vona, að hann gefi greið svör.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það liggur í hlutarins eðli, að þinginu verður tilkynnt það, sem gerist í þessu máli, á sínum tíma.

Jón Þorláksson: Að gefnu tilefni frá hv. 2. landsk. vil ég lýsa yfir því, að Sjálfstæðisflokkurinn lítur svo á, að hver sú stjórn, sem Framsóknarflokkurinn myndar, sé bráðabirgðastjórn, þar sem hún hefir ekki meiri hl. þjóðarinnar að baki sér.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvort vænta megi breytinga á stjórninni nú í vikunni.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þegar breyting verður, verður þinginu tilkynnt hún, en ég get ekki tiltekið sérstakan dag.

Héðinn Valdimarsson: Ég verð að lýsa yfir því, að ég tel mjög óviðkunnanlegt, að bráðabirgðastjórn sitji lengi eftir að þing er komið saman.

Forseti (ÁÁ): Um leið og slitið er umr. þessum utan dagskrár vil ég geta þess, að hver sú stjórn, sem hefir meiri hl. Alþingis að baki sér, er að réttu lagi pólitísk stjórn.

Haraldur Guðmundsson: Ég man ekki betur en að fyrir liggi yfirlýsing um það frá hæstv. forsrh. í Nd. hér í vetur, að hann skoði þá stjórn, sem nú situr, sem ópólitíska bráðabirgðastjórn.

Forseti (ÁÁ): Að svo miklu leyti sem þessu er beint til mín, vil ég taka það fram, að það er mál stuðningsmanna stjórnarinnar, hvort þessi stjórn er bráðabirgðastjórn eða ekki, og engra annara.

Á 21. fundi í Nd., 5. ágúst, áður en gengið var til dagskrár, mælti

Héðinn Valdimarsson: Ég vildi leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort það sé ekki í ráði að mynda neina aðra stjórn á þinginu en þá, sem nú situr. Sú stj., sem nú situr að völdum, er bráðabirgðastjórn, eftir því sem hæstv. forsrh. hefir lýst yfir. Mér finnst það varhugaverð braut að ganga inn á, ef það á að verða almennt, að bráðabirgðastjórn

sitji lengi að völdum. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hvort hann hugsi sér að halda því áfram að sitja sem stjórnarforseti í bráðabirgðastjórn, því mér finnst það sérstaklega varhugavert á meðan ástandið er eins og það er nú, að hér ríkir minnihlutastjórn, þ. e. a. s., að enginn flokkur hefir meiri hluta atkvæða í landinu, og Framsóknarfl. jafnvel ekki meiri hl. beggja deilda þings. Vildi ég biðja hæstv. forsrh. að svara því, hvort halda eigi þessari bráðabirgðastjórn áfram, eða hvort það eigi að mynda nýja stjórn.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég skal aðeins svara hv. 3. þm. Reykv. því, að það hefir verið tilkynnt hér áður í hv. d., að þinginu muni berast tilkynning um þetta þegar til kemur. (**HV:** Jæja, verður það þá gert!).

Á 35. fundi í Ed., 21. ágúst, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil tilkynna það hv. d., að Sigurður Kristinsson atvmrh. hefir í gær fengið lausn frá því embætti, skv. eigin ósk. Hefir konungur samkv. till. minni fallizt á, að hv. 5. landsk., Jónas Jónsson, yrði skipaður dómsmrh., hv. þm. V.-Ísf., Ásgeir Ásgeirsson, fjmrh., en mér hefir verið falið á hendur að veita forstöðu atv.- og samgmrn.

Jón Þorláksson: Mér þykir ástæða til að taka það fram út af breyt. þeirri, sem orðin er á ráðuneytinu, að þessi stj. getur aðeins skoðazt sem bráðabirgðastj., þar sem hún hefir bak við sig minni hl. kjósenda í landinu.

Það hefir orðið að samkomulagi að fela milliþinganefnd að athuga kjördæmaskipunarmálið, og verður það því að skoðast sem hlutverk þeirrar stj. að gegna störfum, þangað til Alþingi væntanlega næst hefir skipað svo málum, að ekki geti aftur komið fyrir, að þing verði svo skipað, að meiri hluti þess hafi aðeins minni hluta kjósenda að baki sér.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil aðeins láta í ljós þá skoðun mína, að frá síðustu kosningum hefir stj. Framsóknarflokksins verið fullkomlega pólitísk stj., og er það enn.

Jón Þorláksson: Eftir að stj. greip til þess óyndisúrræðis 14. apríl síðastl. að reka Alþingi frá störfum með beinu og beru stjórnarskrárbroti, var ljóst, að dagar hennar voru taldir. Var það viðurkennt af stj. sjálfri og flokki hennar, með því að tveim dögum síðar voru tveir ráðherranna látnir fara, og stj. skoðaði sig sem bráðabirgðastj. Nú hefir annar þessara ráðh. aftur verið innbyrtur, og án þess að fara nánar út í hinar mörgu ávirðingar hans, vil ég segja það, að það nær engri átt að taka hann nú aftur upp í stjórnarsess og skoða sem fullpólitískan ráðh., eins og hæstv. forsrh. komst að orði. Við sjálfstæðismenn getum ekki litið á stj. öðruvísi en sem bráðabirgðastj., og er ekki hægt að líta öðruvísi á hana, þó að þingmeirihluti hafi nú aftur orðið að taka inn í stj. þann ráðh., sem brotlegastur var af öllum.

Jón Baldvinsson: Af hálfu Alþýðuflokksins lýsi ég hér með yfir andstöðu við hina nýju stjórn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil þakka hv. 1. landsk. vinsamleg ummæli í minn garð. Er mér ekki ókunnugt um það, að orðalag af því tægi, sem hann hafði um mig, hefir hjálpað mér og veitt mér traust í mínum flokki. Þess vegna veit ég, að allt, sem hann mun framvegis gera af því tægi, mun heldur bæta fyrir núv. stj. Ég hjó eftir því, að hv. 1. landsk. taldi þingrofið ólöglegt. Er það hryggilegt, ef hann hefir ekki lesið stjórnarskrána, því að þingrof er ekki annað en eitt þeirra stjórnskipulegu úrræða, sem stj. hefir, þegar með þarf. Hv. þm. er kunnugt, að eftir að liðnir voru fyrstu dagarnir frá þingrofinu, trúðu fæstir íhaldsmenn á þennan barnaskap og kenndu lögfræðingi einum um vitlausa lagaskýringu. Munu að vísu margir hafa verið í góðri trú upphaflega, en að skömmum tíma liðnum var svo gersamlega búið að slá botninn úr þessari kenningu, að ekki fannst einn einasti lögfræðingur, nema sá, sem villtist á málinu í

upphafi, sem héldi henni fram. Á sameiginlegum fundum okkar vestanlands í vor var hv. 1. landsk. orðið þetta svo ljóst, að hann reyndi ekki að færa kjósendum heim sanninn um það, að þingrofið hefði verið ólöglegt. Verð ég að segja það hv. 1. landsk. til sorgar, að þetta frumhlaup prófessors hér við háskólann er almennt skoðað utanlands sem hlægilegt og til minnkunar bæði fyrir flokk hans og háskólann. Þetta þingrof var framkvæmt einungis til þess, að ekki yrði laumað í gegnum þingið stórræði án þess að þjóðin hefði gefið samþykki sitt til þess. Þjóðin átti að fá að láta í ljós vilja sinn um þetta stóra atriði, en andstæðingar Framsóknar héldu því fram, að stj. gengi ekki það til, heldur löngun til að sitja áfram í valdasessi. Forsrh. hefði ekki dottið í hug að rjúfa þing, ef ekki hefði verið kjördæmaskipunarmálið, og til þess að undirstrika þetta, ákvað stj. að sýna vilja sinn með því að láta meiri hl. ráðherranna segja af sér, en fá manni, sem annars hafði ekki gefið sig að pólitískum störfum, atvmrh.embættið í hendur. Þjóðin átti að skera úr, og ef íhaldsmenn hefðu unnið kosningarnar, hefði forsrh. þegar sagt af sér. En Framsóknarflokkurinn vann, eins og hv. 1. landsk. veit, og kom þar fram dómur þjóðarinnar. Er það ekki annað en vitleysa, þegar hv. þm. heldur því fram, að annað komi til greina en þingmeirihluti. Hefir aldrei verið litið á annað en hann í nágrannalöndunum. Það, að forsrh. fékk mann, sem ekki á setu á þingi, til að vera ráðh. frá þingrofinu til kosninga, sýndi ekki annað en þá ósk hans, að þjóðin fengi tækifæri til að segja álit sitt um þetta deilumál. En þegar þjóðin sendi framsóknarmeirihl. inn á þing, var stj. Tryggva Þórhallssonar orðin fullpólitísk stj. aftur.

Jón Baldvinsson: Af því að umr. hafa snúizt um þingrofið og dómsmrh. sagði, að það væri ekkert lögbrot, get ég ekki látið hjá líða að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að stj. hafi með þingrofinu brotið stjórnarskrá hins íslenzka ríkis, eins og hún er skilin og túlkuð af Íslendingum. Í Danmörku hefir þetta verið túlkað á vinsamlegan hátt fyrir framsóknarstj., og hefir þar miklu um ráðið, að Danir héldu, að Framsókn væri sér öðrum flokkum vinveittari, þó að það geti e. t. v. verið rangt. Þessi tilfinning hefir líklega verið ráðandi í þessari vinsamlegu túlkun danskra lögfræðinga, stjórnmálamanna og blaða. En þó er jafnvel í þessari vinsamlegu túlkun stundum talað um harðræði, og bendir það í þá átt, að lögfræðingar hafi ekki verið alveg öruggir um það, að stj. hafi þarna farið rétta leið. Annars hafa þessir útlendu menn auðvitað ekki skilyrði til að vita, hver er ráðandi skilningur á stjórnarskránni hér á landi.

Dómsmrh. sagði, að þjóðin hefði látið í ljós vilja sinn um þetta mál við kosningarnar. Þetta er rétt, þannig, að 36% af kjósendum hafa verið sammála stj. um það, að hún hafi gert rétt, og er þó ekki víst, að allir kjósendur Framsóknar hafi álitið svo, sem rétt væri gert, en 64% af kjósendum hafa skoðað þetta sem lögbrot. Og engum framsóknarmanni dettur í hug að verja þetta rangláta kosningafyrirkomulag, þótt ekki sé von, að þeir vilji breyta því óneyddir, þar sem það myndi svipta þá meiri hl. á þingi. Hæstv. dómsmrh. sagði, að ekki kæmi annað til greina en þingmannatala, og skirskotaði í venju þá, sem ríkti í nágrannalöndunum. Þetta er ekki rétt. Öllum kosningafregnum frá útlöndum fylgir ekki einasta þingmannatala, heldur líka kjósendatala. Myndi það ekki þolast í nokkru þingræðislandi, að stjórn, sem væri fulltrúi eins lítils hluta landsmanna og framsóknarstj. er, færi með völd.

Ég hefi áður vikið að því, í sambandi við umr. um till. til þál. um kjördæmaskipunina, að í Englandi hefir stj. alltaf haft meiri hl. kjósenda á bak við sig. Verkamannaflokkurinn hefir rúml. 8 millj. atkv., íhaldsmenn um 8½ millj., en frjálslyndi flokkurinn um 4 millj., og styður hann stj., svo að stjórnarandstæðingar eru í miklum minni hl. Stj. hefir rúml. 12 millj. atkv. á bak við sig á móti 8½ millj., sem andstæðingarnir hafa. Myndi ekki þolað þar í landi, að flokkur, sem væri í miklum minni hl. hjá kjósendum landsins, myndaði stjórn.

Jón Þorláksson: Fyrir þrem árum síðan bar það við hér í d., út af aðfinnslum

frá mér að gerðum páv. og núv. hæstv. dómsmrh., að einn af flokksmönnum hans kvaddi sér hljóðs til að lýsa yfir því, að því oftar sem við andstæðingarnir veittumst að þessum ráðh., því fastar stæðu þeir flokksmenn hans saman um hann. En nú kemur enginn flokksmanna hans fram og talar þannig. Hæstv. ráðh. hefir glatað trausti allra betri manna í sínum flokki. Þannig tala verkin hans.

Mótstaðan gegn því, að hann tæki nú sæti í stjórninni, er hans eigið verk í hans eigin flokki. Og engan heilbrigðan mann furðar á þeirri mótstöðu. Hitt er meira furðuefni, að hún skyldi ekki nægja til að varna honum ráðherrastólsins.

Fyrir nokkrum dögum gerði hæstv. ráðh. sig að dómara yfir einum hinum bezta lækni þessa lands og kvað upp þann úrskurð um hæfileika hans, að hann væri óhæfasti maðurinn á Íslandi til að gegna stöðu þeirri, er hann var í. Nú hefir þessi sami maður gert sig að samskonar dómara á sviði lögfræðinnar og sagt, að lögfræðiskýringar Einars Arnórssonar væru fjarstæða og hlægilegur barnaskapur, talað um axarsköft í sambandi við lögfræðiþekkingu hans, að ótöldum ýmsum öðrum smánaryrðum. Ef nefna mætti brjálsemi í sambandi við þennan hæstv. ráðh., væri ekki hægt að kalla það annað en stórmennskubrjálæði, að fella slíka dóma um fremstu menn á sviði lögfræði og læknisfræði, ekki sízt þegar það er gert af manni, sem ekki ber skyn á þessar greinir.

Hæstv. ráðh. var að reyna að verja byltinguna 14. apríl í vor, en kom ekki fram með nein þau rök, sem hv. 2. landsk. hefir ekki þegar hrakið. Jafnvel beztu vinir Framsóknar í Danmörku hafa áfellzt stjórnina fyrir athæfi hennar þá, þótt þeir hafi viljað draga úr því. Hæstv. forsrh. viðurkenndi líka nokkrum dögum síðar, að stj. hefði framið stjórnarskrárbrot með þingrofinu.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að við myndun og lögmæti stjórnar kæmi ekki annað til greina en þingmannatalan. En vita má hann það, að ávallt endar illa fyrir þeim minni hl., sem ætlar að halda völdum í trássi við meiri hl., hvort sem hervald eða ranglát löggjöf er notuð til þess. Slíkt endar ávallt illa af því, að almennt er viðurkennt nú á tímum, að hin eina uppspretta valdsins sé hjá meiri hl. þjóðarinnar. Hitt er tilhögunaratriði, hvernig kosningum og skipun þings er hagað. En sú stjórn, sem ætlar sér að sitja móti vilja meiri hl. þjóðarinnar, er að brjóta niður grundvöll þingræðisins, en sá grundvöllur er sterkari en svo, að veik sál, eins og hæstv. dómsmrh., geti unnið á honum. Ranglætinu verður hrundið áður en langt um líður, og þá verður minni hl. að beygja sig.

Það hefir ekki þótt ástæða til þess á þessu sumarþingi að hefja þær aðgerðir, sem þarf til að kveðja saman landsdóm. En krafan um, að svo verði gert, er þó ekki niður fallin, og bæði hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. hafa gefið fullt tilefni til þess, að þess sé krafizt af dómsmrh., að hann sjái um, að löglega skipaður landsdómur sé til þegar tímabært þykir að kæra gerðir þessara hæstv. ráðh., eða áður en þing kemur saman í vetur. Nú er ekki hægt að kveðja hann saman, því að stjórnin hefir vanrækt að gera þær ráðstafanir, sem til þess þarf. Þótt ég treysti ekki hæstv. dómsmrh. í þessu efni fremur en öðrum efnum, beini ég því til flokksmanna hans, að þeir sjái um, að kosinn verði landsdómur fyrir næsta þing.

Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti leyfir mér að taka til máls aftur, og vil ég því nota tækifærið til að láta í ljós, að ég samhryggist Framsóknarflokknum yfir því að vera svo bágstaddur að hafa orðið að setja þennan ógæfumann í ráðherrastólinn aftur.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 2. landsk. gerði þingrofið í vor að umtalsefni. Ég hafði sagt, og hv. 2. landsk. viðurkennt, að skoðanir Einars Arnórssonar, sem Íhaldið byggði á aðgerðir sínar dagana 14.—21. apríl, hafi engan stuðning fengið erlendis. Hér á landi munu flestir lögfræðingar vera í Íhaldsflokknum, og þó kom honum enginn stuðningur frá þeim, nema máske tveimur, sem sæti áttu á þingi. En erlendis gekk enginn málsmetandi maður inn á skoðanir Einars Arnórssonar.

Hv. 2. landsk. sagði, að þótt danskir lögfræðingar hefðu ekki talið þingrofið

stjórnarskrárbrot, hefðu þeir þó litið svo á, að vantraustsumræður hefðu átt að fara fram, áður en þing var rofið. Þetta snertir auðvitað alls ekki hina lögfræðilegu hlið málsins, heldur er þetta persónuleg skoðun um pólitískt atriði. Hérlendir menn létu í ljós sína skoðun á vantraustsyfirlýsingunni við kosningarnar síðustu með þeim árangri, sem kunnur er orðinn.

Hv. 1. landsk. gerði sjálfum sér þann bjarnargreiða, eins og oft áður, að fara að tala um Helga Tómasson. Þetta tvennt, flugumennska Helga Tómassonar og lögskýringar Einars Arnórssonar, hefir sett blett á íslenzka fræðimennsku og rýrt álit okkar erlendis, eins og framkoma hv. 1. landsk. sjálfs í sambandi við fyrra afbrotið á hátíðarþinginu í fyrra. Hv. 1. landsk. og hv. 2. landsk. vita það vel, að þótt héðan bærust í fyrstu litaðar fréttir frá ísl. blöðum, er gáfu skýringar á þingrofinu, sem voru stjórninni fjandsamlegar, fór svo, að allur hinn skandinaviski blaðaheimur hallaðist að skoðun ísl. stjórnarinnar. Það kom fram í ræðu hv. 2. landsk., að ýmsir skoðanabræður hans í Danmörku hefðu ekki tekið vel í afstöðu Íhaldsins og sósíalista í þessu máli. Þetta stafar ekki af því, að hinir dönsku sósíalistar óski ekki ísl. jafnaðarmönnum alls góðs, og hv. 2. landsk. sé ekki persónulega í góðu áliti meðal þeirra, heldur af því, að þeir sáu, að lögskýringar Einar Arnórssonar voru rangar, en stjórnin hafði haft lög að mæla. Má það teljast lán mikið, að við fengum ekki harðari dóm en raun varð á fyrir afskipti Einar Arnórssonar af þessu máli, lagaprófessorsins, sem ekki þekkti stjórnarskrá síns eigin lands.

Hv. 2. landsk. vildi halda því fram, að það væri brot á stjskr., að stjórn færi með völd, sem ekki hefði meiri hl. kjósenda á bak við sig, hversu öflugan þingmeirihl. sem hún styddist við. Ég vænti þess, að hv. þm. komi síðar með þau gögn, sem hann byggir þessa fullyrðingu sína á, því að þau hafa ekki enn komið fram. Hingað til hefir verið álitið, að sú stjórn væri löglega mynduð, sem meiri hl. þings myndar.

Mér þykir leiðinlegt, hvað hv. 1. landsk. er óánægður með, að ég sé í stjórninni. Sennilega er aðalástæðan til þess sú, að honum er ljóst, að ég hefi leiðrétt ýmsar misfellur undanfarin ár, sem hann og hans flokkur bar ábyrgð á. Mér þykir rétt að rifja upp eitt dæmi frá okkar pólitíska ferðalagi í sumar þessu til sönnunar.

Í nálega 20 ár hefir verið endurkosinn í Barðastrandarsýslu þm., sem er flokksbróðir hv. 1. landsk. Þessi maður, sem nú er fyrrv. þm., Hákon Kristófersson, er mjög vinsæll þar vestra, jafnt af pólitískum flokksbræðrum sem andstæðingum. Nú féll hann í vor með hinum afskaplegasta ósigri fyrir ungum framsóknarmanni, nýkomnum í héraðið.

Við, hv. 1. landsk. og ég, fórum í pólitískan leiðangur þangað vestur fyrir kosningarnar. Ég byrjaði stundum ræður mínar þar vestra á því að segja, að þótt við værum báðir persónulega óþekktir þar í héraðinu, hefðum við samt báðir þar okkar forsögu sem ráðherrar, og fólk gæti nokkuð markað stefnu flokkanna af þeirri afstöðu okkar. Íhaldsmaður hafði veitt Einari M. Jónassyni sýsluna, og hv. 1. landsk. hafði verið fjmrh. í 4 ár, án þess að hann sæi eða létist sjá nokkrar misfellur á embættisrekstri hans. Með því hafði hv. 1. landsk. sýnt skoðanir sínar á embættisfærslu og mátt til að stjórna í þessu héraði.

Ég hafði ekki áður haft nein afskipti af Barðastrandarsýslu, en af því að ég vissi, að allt gekk á tréfótum hjá Einari M. Jónassyni, íslenzkum embættisrekstri til skammar og sýslunni til niðurdreps, vék ég honum frá embætti að undangenginni rannsókn og valdi þangað í staðinn einhvern álitlegasta lögfræðinginn á landinu, því að mér fannst, að sýsla, sem lengi hafði búið við slíkt yfirvald sem E. M. J., ætti skilið að fá uppbót. Nú var reynt í Barðastrandarsýslu: Stjórnarstefna hv. 1. landsk., sem kom fram í embættisrekstri E. M. J., og mín, sem kom fram í embættisfærslu Bergs Jónssonar. Annarsvegar í kosningabaráttunni stóð Bergur Jónsson, sem var nýkominn í sýsluna og flestum ókunnur, en hinsvegar hinn vinsæli þm., sem setið hafði á þingi í nálega 20 ár samfleytt.

Þegar hv. 1. landsk. kom úr kosningaleiðangrinum, lét hann svo um mælt, að

áhöld myndu vera um atkvæðamagn þessara tveggja manna, en þó myndi Hákon Kristófersson verða heldur drýgri. Svo blindur var hann fyrir því, að hann hefði eyðilagt kjördæmið með stjórnarafskiptum sínum, eða öllu heldur stjórnleysi. Það hefir því hlotið að vera reiðarslag fyrir Íhaldsflokkinn, er það kom á daginn, að sá maður, er ég hafði skipað þar sem sýslumann, hafði fengið um 800 atkv., en hinn vinsæli gamli þm. ekki nema um 400.

Það er vitanlega hægt að segja, að ég hafi farið illa með mitt umboð, en það er annað að sanna það. Ég býst við, að þegar tími er til að ræða það mál, sjáist, að á ótal sviðum hefir persónu- og stefnumunur hv. 1. landsk. og mín komið fram á sama hátt og hér. Hv. 1. landsk. hefir séð dæmi þess í Barðastrandarsýslu, hve lítils ísl. þjóðin virðir það, þótt hann komi og tali máli síns flokks. Hygg ég þó, að verk hans hafi spillt enn meira fyrir honum þar vestra en ræður hans. (**JBald**: En kjördæmaskipunin?). Kosningin í Barðastrandarsýslu gat ekki snúizt um hana, þar sem Hákon Kristófersson tjáði sig andvígan breyt. á núv. kjördæmaskipun.

Ég þarf ekki að verja mig, en vil aðeins benda hv. 1. landsk. á þá dóma, sem við sjálfir og stjórnarstefnur okkar hafa fengið hjá þjóðinni. Hans flokkur getur þar hrósað sér af tveim kosningaósigrum í röð, en Framsóknarflokkurinn hefir hinsvegar orðið fyrir því undarlega happi að bæta 4000 atkv. við sig við síðustu kosningar, og það þótt tveir harðsnúnir flokkar stæðu sameinaðir á móti. Vitanlega hefði útkoman hjá Framsóknarflokknum orðið enn glæsilegri, ef baráttan hefði verið þríhyrnd. Ekkert sýnir betur, hve óbjörgulega lítur út fyrir hv. 1. landsk. en það, að flokkur hans er alltaf að minnka. Það hefir ekki komið fyrir í nokkru nálægu landi, að stjórnarflokki hafi aukizt svo fylgi sem Framsóknarflokknum við kosningarnar í vor. Sá landsdómur, sem hv. 1. landsk. var að krefjast, hefir þegar gengið, og ég má vel við þann dóm una.

Við landskjörið síðasta, er ég náði kosningu af lista Framsóknarflokksins, jókst atkvæðatala listans um 118% frá því, sem listinn fékk við næsta landskjör áður, er einhver ágætasti og vinsælasti maður flokksins, Magnús Kristjánsson, náði kosningu.

Mér þótti því vænt um, að hv. 1. landsk. skyldi nefna landsdóm í sambandi við stjórnarathafnir mínar.

Þessi reiði og gremja hv. 1. landsk. sannfæra mig bezt um það, að ég sé á réttri leið, því að ég man ekki til þess, að þessi hv. þm. hafi nokkurntíma haft rétta skoðun á nokkru máli. Það er því mjög auðvelt og þægilegt að hafa hann fyrir leiðarvísi, því að það má ganga út frá því sem gefnu, að rétta leiðin er alltaf andstæð þeirri leið, sem hans villugjarni hugur stefnir til.

Hv. 1. landsk. endaði ræðu sína á því að mælast til, að ég gerði tilraunir til þess að bæta landsdóminn. Mér þykir þetta ekkert undarlegt, því að ég vil minna á það, að þessi hv. þm. fór mjög óvirðulegum og hrottalegum orðum um þann dómstól hér á þinginu í vetur og gaf með því hv. 2. landsk. tækifæri til þess að kasta fram þessum viturlegu orðum: „Það á ekki að tala illa um dómstólana". Hefir aldrei verið farið voðalegri orðum um ísl. dómstól heldur en hv. 1. landsk. gerði þá. Ég er algerlega ósammála hv. þm. um þennan dómstól. Ég hygg, að hann sé góður dómstóll og líklegur til réttdæmis. Vil ég því gera ráðstafanir til þess, að dómurinn sé fullskipaður og vel kosinn, ef ég má því við koma, m. a. með því að fá sýslunefndir til þess að kjósa í dómstólinn, en það féll niður á íhaldstímunum. Er það ein af þeim mörgu yfirsjónum, sem íhaldsmenn hafa drýgt og ekki er bætt fyrir fyrr en við framsóknarmenn komum til skjalanna.

Ég vil láta hv. 1. landsk. vita það, að við framsóknarmenn höfum séð mikla ástæðu til þess að draga einn af ráðh. Íhaldsins fyrir landsdóm fyrir mjög stórkostlega ávirðingu, er hann hefir drýgt, en hingað til höfum við látið okkur nægja að stefna honum fyrir dómstól þjóðarinnar. En ef til þess kæmi, að það yrði athugað, hvort landsdómurinn ætti hrakyrði hv. 1. landsk. skilið, þá höfum við framsóknarmenn a. m. k. tvö stórmál, sem við gætum fengið honum í hendur, bæði um íhaldsmenn.

Jón Þorláksson: Hæstv. dómsmrh. sagði, að bæði stefnumunur og persónumunur á mér og honum birtist ljóslega í máli eins og afsetningu Einars M. Jónassonar fyrrv. sýslumanns í Barðastrandarsýslu. Nú hljóta allir sanngjarnir menn að skilja það, að engin stj. getur fyrirbyggt, að einhverjar misfellur á embættisrekstri eigi sér stað í landinu meðan hún situr að völdum. Þess vegna fer því fjarri, að leyfilegt sé að nota eitt einstakt mál fyrir mælikvarða í þessum efnum. Hæstv. dómsmrh. hefir nú samt lagt til þennan mælikvarða á sjálfan sig og sína stjórn annarsvegar og alla aðra ráðh. hinsvegar.

Ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að fleiri embættismenn en Einar M. Jónasson hafa orðið brotlegir á sama hátt og hann, þó að minna hafi verið um það talað. Það stóð líkt á þegar ég varð ráðh., að einn af embættisbræðrum Einars M. Jónassonar hafði ratað í sömu ógæfuna og hann, og þó meiri. Þessi maður var settur frá embætti og sviptur eftirlaunum, svo sem venja og lög mæla fyrir. En þegar hæstv. dómsmrh. tók við völdum, þá voru þessum embættismanni, sem hafði farið frá með meiri sjóðþurrð en nokkur annar, að Einari M. Jónassyni meðtöldum, úrskurðuð fullkomin eftirlaun, eins og hann hefði látið af embætti með heiðri. Og ekki nóg með það, heldur hefir hæstv. dómsmrh. sýnt þá fyrirlitningu á öllu velsæmi að velja hann öðrum fremur til setudómara í málum manna.

Með þessu hefir hæstv. dómsmrh. lýst stefnu sinni og persónu á þá lund, að hann telur þá menn, sem hafa orðið brotlegir á sama hátt og Einar M. Jónasson eða meir, vera sérstaka skjólstæðinga sína, sem þjóðfél. eigi að verðlauna með stöðum, eftirlaunum og trúnaðarstörfum eins og þeim, að verða dómarar í málum manna. Þessi stefna er áreiðanlega alveg einstök fyrir hæstv. dómsmrh. Jónas Jónsson.

Ég vil algerlega vísa þeim ummælum hæstv. ráðh. á bug, að ég hafi nokkurntíma haft ókurteist og ruddalegt orðbragð um landsdóminn. Ég hefi aðeins leitt rök að því, að ekki væri hægt að treysta því, að hann væri óhlutdrægur, vegna þess að hann er þannig skipaður, að búast má við, að flokksafstöðu kenni í dómum hans.

Ég sé enga ástæðu til þess að fara að leiðrétta venjulegar missagnir hjá hæstv. dómsmrh., þar sem flestallt, sem þessi hæstv. ráðh. segir, hvort heldur er í ræðu eða í riti, eru tómar missagnir, en hann er ekki svo greinagóður sjálfur, að hann taki eftir þeim.

Hæstv. ráðh. sagði m. a., að Sjálfstæðisflokkurinn væri alltaf að minnka að kjósendatölu, en ég get sagt honum það, að flokkurinn er alltaf að stækka og er nú langstærsti flokkurinn á landinu. Aftur á móti er Framsóknarflokkurinn lítill flokkur, og stafar það vafalaust fyrst og fremst af því, að hann er svo ógæfusamur að hafa hæstv. dómsmrh. innan sinna vébanda.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er aðeins eitt atriði í ræðu hv. 1. landsk., sem ég vildi drepa á, nefnil. það, sem hv. þm. sagði um Karl Einarsson, fyrrum bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.

Það er rétt hjá hv. 1. landsk., að hann var nokkur óreglumaður, en hinsvegar er það öllum kunnugt, að hann var mjög vel gefinn og mjög vinsæll, sem sjá má af því, að Vestmannaeyingar kusu hann hvað eftir annað á þing. Var því flest vel um hann, þó að sá ljóður væri á ráði hans, að hann væri nokkuð vínhneigður. Embættisferill hans er því ósambærilegur við embættisferil Einars M. Jónassonar, því að Einar lá eins og plága á fólkinu í Barðastrandarsýslu og hafði líka alveg gagnstæða persónueiginleika við Karl Einarsson.

Hv. 1. landsk. ávítaði mig sérstaklega fyrir það að hafa veitt Karli Einarssyni eftirlaun. Ég vil benda hv. þm. á það, að ég gerði það samkv. áskorun meiri hl. þingsins. Meira en helmingur flokksbræðra hv. 1. landsk. skrifuðu undir þessa áskorun, og margir þm. af öðrum flokkum líka. Ég var því aðeins að framkvæma vilja þingsins, er ég veitti þessi eftirlaun, enda hefði ég ekki gert það annars. En hitt, að unna Karli nokkurrar atvinnu við lögfræðistörf, hefi ég gert óskorað, þar sem mér var kunnugt um, að hann hafði jafnan fengið orð fyrir að vera skarpur lögfræðingur.

Ég hefi stundum, þegar hv. 1. landsk. hefir reynt að níðast á Karli Einarssyni, eftir að sjúkdómar og sorgir hafa setzt að heimili hans, minnt á það, að Íhaldið tók á sínum tíma drykkjumann, sem hafði sóað 40 þús. kr., og setti hann yfir alla sýslumenn á landinu. Þótt þetta væri vel gefinn maður, þá var þó alveg óhæft, að hann gæti verið yfir- og eftirlitsmaður allra sýslumanna landsins. En þessi maður var einn af nánustu vinum hv. 1. landsk., og því þótti sjálfsagt, að hann fengi embættið.

Sé það fordæmanlegt að veita manni eins og Karli Einarssyni setudómarastörf í smámálum, hvað á þá að segja um það, að láta persónulega tiltrú til drykkjumanns, sem sukkað hefir 40 þús. kr., leiða sig til þess að setja hann yfir alla sýslumenn og tollheimtumenn landsins? — Þetta gerði Íhaldsflokkurinn.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég ætla ekki að blanda mér neitt inn í þær umr., sem hér hafa farið fram um þingrofið, geðveikismál, kosningaleiðangra, ógæfumenn eða annað, sem hæstv. dómsmrh. hefir dregið hér inn í umr.

Ég hefi alltaf gert ráð fyrir því, að Framsóknarflokkurinn mundi mynda stjórn áður en þingi yrði slitið. Og ég hefi litið svo á, að sá dráttur, sem orðið hefir á myndun stj., stafaði af því, að flokkurinn gengi með meinsemd og að hann ætlaði sér að losna við hana, þótt það yrði ekki með öllu sársaukalaust. — Mér fannst þetta líka á orðum hæstv. forsrh. áðan, því að aldrei hefi ég séð hann jafnklökkan og nú. — Nú er þó svo komið, að í stað þess að losa sig við meinsemdina hefir flokkurinn ýtt undir hana, svo að hún geti grafið um sig og spýtt ólyfjan sinni bæði inn í flokkslíkamann og þjóðarlíkamann. Flokkurinn hefir orðið hræddur við uppskurðinn, sem hann átti í vændum, eins og sjúklingur, sem ekki þorir að losna við sjúkdóm sinn, af því að hann heldur, að það geti máske riðið lífi sínu að fullu. Ég geri ekki ráð fyrir, að flokkurinn geti losnað við meinsemdina héðan af og muni því fara fyrir honum eins og slíkum sjúklingum, að hann muni veslast upp smátt og smátt, þangað til dauðinn tekur við. Mér kemur í hug gamli málsháttur inn: „Sjálfskaparvítin eru verst“. —

Magnús Torfason: Ég ætla ekki að blanda mér inn í þá deilu, sem hér hefir farið fram, en ég þóttist verða var við, að einu orði væri beint til mín, og því ekki sem fáguðustu. Hv. 1. landsk. sagði sem sé, að betri menn flokksins hefðu verið á móti því, að hv. 5. landsk. ætti sæti í stjórninni. (**JónÞ**: Tók hv. þm. það til sín?). Ég tók það til mín vegna þess, að ég skal játa það, að ég er einn af stuðningsmönnum hæstv. dómsmrh. í flokknum, og ég skammast mín ekkert fyrir að vera það.

En hitt álít ég ekki viðkunnanlegt, að skipta mönnum í tvo flokka, sauði og hafra, og ber það sízt vott um sérstakt gáfnafar eða greind þess manns, er það gerði.

Ég vil engan dóm á það leggja, hvort ég er í betri hluta flokksins eða ekki. Hitt vil ég taka fram, að þjóðin hefir a. m. k. dæmt svo í þessu máli, að þeir menn, sem styðja núv. hæstv. dómsmrh., hafi á réttu máli að standa, séu á réttum vegi. Ég vil ennfremur benda hv. d. á það, að allir hinir nýju þm. Framsóknarflokksins fylgja eindregið hæstv. dómsmrh. Þetta er engin tilviljun. Þetta sýnir stefnu hinna yngri manna, sem fylgja flokknum, og það sýnir, að flokkurinn hefir einmitt hneigzt að hans stefnu.

Það hefir oft verið talað um það hér, að meiri hl. þjóðarinnar hafi fordæmt þingrofið. Má færa það til sanns vegar að nokkru leyti, ef aðeins er einblínt á höfðatölu. En menn verða að gá að því, að Framsóknarflokkurinn er tiltölulega nýr flokkur og að nokkru leyti stéttarflokkur. Þess vegna gat engum heilvita manni dottið í hug, að hann myndi fá meiri hl. atkvæða við kosningarnar. En flokkurinn hefir stækkað og styrkzt við kosningarnar, og ég býst við, að allir muni játa, að „batnandi manni er bezt að lifa“. Þetta kemur til af því, að flokkurinn hefir haldið rétt á sinni stefnu.

Það má líka athuga það í þessu sambandi, að uppsteytingur sá, sem gerður var út af þingrofinu, var sannarlega ekki gerður í þeim tilgangi að tapa þingsætum, heldur þvert á móti. En árangurinn

af öllu þessu brölti varð öfugur við tilganginn, m. ö. o., að báðir flokkarnir, sem stóðu fyrir því, eru nú stórum lækkaðir.

Það var sagt hér áðan, að hæstv. stj. væri ekki pólitísk stjórn. Jú, hún er vissulega pólitísk stj. Stjórnarfarslega séð er hún eina pólitíska stj. í landinu, sem um getur verið að ræða. Og hún er líka pólitísk stj. frá sjónarmiði andstæðinganna. Hún hefir átt frumkvæðið að því, að allt það mál, sem hin miklu læti spunnust út af í vor, verði rannsakað og hafinn verði undirbúningur að nýrri þingskipun. Er hæstv. stj. því pólitísk stj., hvernig sem á það er litið.

Það hefir verið friðsamt með mönnum hér í hv. d., og stafar það m. a. af því, að hv. andstæðingar okkar vita það, að Framsóknarflokkurinn muni athuga þetta mál af fullri sanngirni og muni vera þess albúinn að hjálpa andstöðuflokkum sínum til þess að fá þá þingskipun, sem þeir eiga rétt á, þegar allar aðstæður hafa verið athugaðar og það er séð, hvaða fyrirkomulag muni verða happasælast fyrir þjóðina.

Á 35. fundi í Nd., s. d., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég leyfi mér að tilkynna hv. d., að samkv. ósk hans sjálfs hefir Sigurður Kristinsson atvmrh. fengið lausn í gær frá embætti, og jafnframt hefir konungurinn fallizt á till. mína um að skipa hv. 5. landsk. dóms- og kirkjumálaráðh. og hv. þm. V.-Ísf. fjmrh. Mér hefir verið falið á hendur að veita forstöðu atv.- og samgmrn.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Út af tilkynningu hæstv. forsrh. og í sambandi við breyt. þá, sem orðið hefir á ráðuneytinu, vil ég segja nokkur orð.

Þegar Framsókn myndaði stjórn fyrir 4 árum og fól Jónasi Jónssyni dómsmálaráðherraembættið, þá kom flestum það mjög á óvart. Að því leyti sem þessi maður var kunnur þjóðinni, var hann kunnur að því að vera óvenjulega harðsnúinn og rangsleitinn blaðamaður. En almennt munu menn hafa litið svo á, að það væru ekki fyrst og fremst þessar „dyggðir", sem ættu að prýða þann mann, sem settur væri sem vörður réttlætisins. Þegar minnzt var á þetta við flokksmenn hans, játuðu þeir þetta, en þeir afsökuðu það með því, að hann væri svo margvíslegum kostum búinn og reynslan myndi verða sú, að þeir kostir myndu yfirgnæfa ókostina, þegar hann tæki meir að finna til ábyrgðarinnar af starfi sínu.

Nú hefir þessi maður með 4 ára valdaferli gefið mönnum kost á að athuga, hver hlutföll eru á milli kosta hans og ókosta. Nú hefir 4 ára reynsla úr því skorið, hvort betur hafa mátt sín ókostir hans eða kostir, studdir af ábyrgðartilfinningu þess manns, sem búið er að leggja á herðar vernd réttlætisins í landinu.

Ég skal ekki fella minn dóm um það, og því síður er þörf á því fyrir mig, þar sem sjálfur Framsóknarflokkurinn felldi sinn dóm í þessu máli, þegar hann vék honum úr ráðherrasæti. Flokknum mun þá hafa verið ljóst, að mælir synda hans var fullur orðinn og nú væri full þörf á því að sýna iðrun og yfirbót. Með flokknum vaknaði nú ný og áður ókunn tilfinning, — sómatilfinning. Meiri hl. hafði fengið aðkenningu af þessari tilfinningu og taldi sér ekki fært að lúta þessum manni. Þeir fóru ekkert dult með það, að tilgangurinn væri engu síður sá, að losna við þennan mann fyrir fullt og allt, þótt flokkurinn kæmist aftur í meiri hl. Þeir fóru ekkert dult með það, að það væri hægara að koma í veg fyrir, að hann kæmi aftur.

Það vita allir, að ég fer hér með rétt mál. En sómatilfinning flokksins varð ekki ellidauð. Hún veslaðist upp á 4 mánuðum. Og m. a. s. nú, þegar konungurinn hefir reist þessari 4 mánaða sómatilfinningu Framsóknarflokksins þann legstein, sem Jónas Jónsson er, þá efast maður um, hvort það hafi verið blygðun yfir því, að styðja Jónas Jónsson í ráðherrasæti eða hræðsla út af samábyrgðinni, sem fyllti Framsóknarflokkinn þessum eldmóði 20. apríl, að hann gat hrint af sér þessum manni. Eftir að það er fram komið, sem nú er fram komið, þá neyðist maður til að álíta, að frekar hafi verið um ótta en ábyrgðartilfinningu að

ræða, þegar Jónasi Jónssyni var bægt úr ríkisstjórninni. Það mætti segja, þegar þessi maður birtist aftur í ráðherrasessi, eftir að hafa verið af lífi tekinn og eftir að hafa legið 4 mánuði í sinni pólitísku gröf, að ástæða væri til að bregða upp mynd af honum. En ég ætla ekki að gera það að þessu sinni, af því að flestir þekkja syndaferil þessa manns og er það ljóst, að það er satt, sem ég hefi tekið hér fram. En hitt vil ég benda á, hvað framundan muni vera.

Ég efast ekki um, að Framsóknarflokknum muni vera það ljóst eins og öðrum, að nú er svart framundan. Allir, sem skyn bera á, vita, að tímarnir eru mjög alvarlegir. Ég er ekki gamall maður, en ég hefi heldur aldrei séð svo svarta tíma. Atvinnuvegir allir standa höllum fæti, og allir vita, að þeir, sem lifa á mánaðarlaunum, eru ekki of sælir, en samt er vitanlegt, að kaup verður að lækka.

Þegar allir vita, að kringumstæður eru óvanalega erfiðar og svartara er um að litast en nokkru sinni áður, þá er það skylda hvers einasta manns að gera allt, sem hægt er, til að bjarga þjóðinni fram úr örðugleikunum. Hver flokkur, sem annarsstaðar hefði farið með völd, hefði leitað eftir samvinnu við aðra flokka þingsins og jafnvel seilzt svo langt, að leitast fyrir um samsteypustjórn.

Ég segi ekkert um það, hvernig slíku hefði reitt af, og veit, að Framsóknarflokkurinn hefir ekki það víðsýni, þótt hann viti, að hann hafi þeim mönnum fram að tefla, sem hefðu getað stuðlað að samvinnu við aðra flokka. — En þess hefði mátt vænta, að ekki hefðu verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að hnekkja samvinnu innan flokksins og koma í veg fyrir, að þeir kraftar, sem hann á innan sinna vébanda, geti notið sín. Og virtist því sjálfsagt, að í stjórnarsessinn væru valdir þeir menn, sem saman gætu unnið.

En nú er það öllum kunnugt, að þegar kosningin var afstaðin, þá gerði Jónas Jónsson frá Hriflu þá kröfu, að Tryggvi Þórhallsson viki úr forsætisráðherrasessinum og hann settist þar sjálfur. Og allir vita, að Jónas hefir litið dálæti haft á hv. þm. V.-Ísf., sem nú er orðinn fjmrh., og enginn veit það betur en hæstv. fjmrh. sjálfur. Allir vita, að Jónas hefir lagt svo mikla fæð á þennan hv. þm., að hann gat ekki látið kosningu hans afskiptalausa, heldur skrifaði hann manni í kjördæmi hans og sagði, að flokknum væri það happ mikið, ef hann félli.

Ég er talsvert kunnugur hæstv. fjmrh., en ég veit þó ekki, hvern hug hann ber til hæstv. dómsmrh., því þótt við höfum um margt spjallað, þar sem við erum persónulegir kunningjar, þótt við séum pólitískir andstæðingar, þá get ég ekkert eftir orðum hans dæmt í þeim efnum.

En eftir því, sem altalað er í bænum, þá hefir þessi hæstv. ráðh. gert allt, sem hann hefir getað, til að bægja hv. 5. landsk. frá völdum. Þessi tregða, sem verið hefir á stjórnarmynduninni, hefir verið sögð af því sprottin, að innan Framsóknar hafa barizt 2 harðsnúnir flokkar, þar sem annar hefir verið á móti Jónasi Jónssyni, en hinn hefir viljað styðja hann. — Meðal þeirra, sem harðast hafa barizt á móti honum, er núv. hæstv. fjmrh., og auk þess hv. 3. landsk. (JónJ), hv. þm. Mýr. (BÁ), hv. þm. V.-Sk. (LH), hv. 1. þm. Eyf. (BSt) og báðir þm. N.-M. (HStef og PH). Það er sagt, að þeir hafi verið 10, sem studdu hæstv. dómsmrh. að völdum, en 7 voru þeir, sem á móti stóðu, en nokkrir voru afskiptalausir. — Um þennan harðvítuga bardaga er rétt að geta, til verðugs lofs þeim, sem gegn Jónasi börðust, en til minni heiðurs þeim, sem hafa ekki aðeins það til saka unnið að setja þennan mann í ráðherrastól, heldur einnig sett við hlið honum hans harðvítugasta andstæðing Nú væri ekkert um þetta að segja, ef mannkostir hæstv. fjmrh. gætu komið í veg fyrir miður heiðarlega starfsemi hæstv. dómsmrh., en eins og ég hefi áður sagt við hæstv. fjmrh., þá er það aðeins einn maður, sem hefir tök á því að gera enn minna úr hæstv. fjmrh. en hann hefir sjálfur gert úr sér með því taka nú við þessu embætti, og sá maður er Jónas frá Hriflu. Hann veit, að með hverju nýju ódæði, sem hann fremur, þá fellur nýr blettur á lítt flekkaðan skjöld hæstv. fjmrh. Jónas Jónsson vinnur sér létt í óþrifaverkunum, en auk þess veit hæstv. fjmrh. vel, að Jónas Jónsson mundi ekki spara neitt ómak til þess að gera veg

hæstv. fjmrh. sem minnstan. Hæstv. fjmrh. veit það, að andúð hans, og andúð flestra sæmilegra manna innan Framsóknarflokksins gegn Jónasi Jónssyni, stafar ekki af þeirri löggjöf, sem hann hefir barizt fyrir,—hans afrek í þeim efnum eru heldur lítil, og fæst þess eðlis, að hægt sé að leggja fæð á menn af þeim sökum —, en hitt veldur, að athæfi hans í ráðherrastóli hefir verið með þeim hætti, að það er óverjandi, og hvert hans athæfi í ráðherrastól verður í framtíðinni, það getur hæstv. fjmrh. ekki haft minnstu áhrif á. Hann getur einungis tekið það ráð að fara frá völdum, ef hann unir ekki ódæðunum, sem þar verða framin. En hann verður að afsaka, þótt hinir kunnugri menn efist um þrek hans til þess að gera það á móti sínum flokki að láta af völdum, hversu hátt sem alda andúðarinnar gegn framferði meðverkamanns hans kann að rísa í brjósti hans, þar sem hann nú brast þrek til þess að neita að verða ráðherra.

Ég skal svo ekki fara miklu fleiri orðum um það, hvernig viðhorf og aðstaða öll er nú í stjórnmálunum. Ég vil aðeins endurtaka það, að aldrei hefir verið svartari blika í lofti en einmitt nú vofir yfir framtíðarheill okkar litla og fátæka lands. Þegar svo stendur á, er það skylda allra landsins barna að gera það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að stýrt verði út úr ógöngunum. Framsóknarflokkurinn hefir með þessari stjórnarmyndun ekki aðeins látið undir höfuð leggjast að tefla fram þeim mönnum innan síns flokks, sem líklegastir eru til samstarfs um að yfirbuga og létta af þeirri kreppu og þeim örðugleikum, sem framtíðin býr yfir, heldur hefir hann með útnefningu Jónasar Jónssonar til þess að gegna dómsmálaráðherraembættinu rekið hnefann framan í alla andstæðinga sína og framan í allt velsæmi í þessu landi. Ég vildi feginn geta boðið þessa stjórn velkomna, því að á þessum tímum álít ég, að öll minni háttar fæð eigi að falla niður og að menn eigi að sameinast um heill ættjarðarinnar, en — ég get það ekki, því að ég hefi enga von um, að þessi stjórn leysi þau viðfangsefni, sem bíða hennar, meðfram að því, að lítil von er til þess, að þeir menn, sem hana skipa, geti neytt hæfileika sinna sökum sundurþykkis. Ég held þess vegna, að eins og nú horfir við sé ekki annað að gera en að óska þess, að hið illa, sem fram á að koma, komi strax.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, taka það fram, að ég álít, að ekki eigi allur Framsóknarflokkurinn óskilið mál um það, sem hér er að gerast. Mér er vel ljóst, að það er sitt hvað, að æskja eftir annari stjórnarmyndun eða hafa þrek til þess að reka hnefann í borðið og segja: Það skal aldrei verða. Þau orð, sem ég hefi nú mælt, voru fyrst og fremst mælt til hæstv. fjmrh. og forsrh., því að þeir bera aðalábyrgðina á þessum atburði.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér kemur í hug í þessu sambandi frásögn löngu liðinna tíma um mann á okkar landi, sem hafði að vissu leyti svipaða aðstöðu eins og hv. þm. G.-K. hefir nú. Þessi maður hóf baráttu og sókn og efldi flokk til framdráttar sínu máli. Það er sagt mjög skemmtilega frá því í einni af okkar merkari bókum, hvernig framkoma þessa unga foringja og fullhuga var. Mig minnir, að það væri sagt um hann eitthvað á þá leið, að hann mundi verða vitugur maður, er hann gæti stillt sig fyrir ofsa.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. G.-K. á það sammerkt við þennan gamla kappa, að hann sé vitugur maður, en hitt veit ég, að hann hefir vart stillt sig fyrir ofsa.

Út af orðum þeim, sem hv. þm. lét falla hér áðan, ætla ég ekki að segja margt. Ég álít það skynsamlegra fyrir hv. þm. G.-K., ef hann vill tala um samstarf í einhverjum flokki, að tala fyrst og fremst um samstarfið í sínum eigin flokki, því að það er honum kunnara en samstarf og samvinna innan Framsóknarflokksins. En ég vil einnig minna á það, að þegar hv. þm. réttilega benti á þá erfiðu tíma og þau miklu vandræði, sem telja má víst, að séu framundan á öllum sviðum, og þegar hann í sinni ræðu lætur orð falla um það, að jafnvel hinir harðvítugustu andstæðingar í hinum mismunandi stjórnmálaflokkum hefðu átt að taka höndum saman, þá verður næsta erfitt að finna samræmið á milli þeirra orða og þess, að hann áfellist nú Framsóknarflokkinn

svo harðlega fyrir það, að hafa staðið saman og sameinað sína krafta til þess að geta vikizt undir þá ábyrgð, sem þjóðin hefir lagt honum á herðar með því að fela honum í hendur meiri hl. Ég tel ekki ástæðu til þess að stofna til mikilla deilna við hv. þm. í þessu sambandi. Ég vildi óska, að það reyndist svo um hann, að honum tækist að stilla sitt kapp og verða það vitugur maður, að hann láti umhyggjuna fyrir alþjóð vega meira en það, sem nú hleypir í hann kappi bæði í þessu og öðrum málum. Eins og nú standa sakir, er það ekki aðalatriðið að dæma um eitt og annað, sem mönnum hefir komið illa saman um í fortíðinni; aðalatriðið er það, að dómurinn um okkur alla er framundan, um það, hvernig við, fulltrúar þjóðarinnar, víkjumst undir þá ábyrgð, sem á okkur hvílir, þar sem það er nú viðurkennt, að um meiri erfiðleika og vandræði er að ræða en nokkru sinni áður. Það verður því þyngri dómur lagður á oss nú en áður um það, hvernig við reynum að sjá ættlandinu farborða undir slíkum kringumstæðum.

Héðinn Valdimarsson: Hv. þm. G.-K. talaði hér, eftir því sem mér skildist, fyrir hönd stjórnarandstæðinga. Ég veit ekki fyrir hönd hverra andstæðinga, sennilega fyrir sinn flokk, a. m. k. talaði hann ekki fyrir hönd okkar jafnaðarmanna. Við höfum oft kvartað undan því, að ekki skyldi hafa verið mynduð pólitísk stj. strax í byrjun þings, í stað þess að láta ábyrgðarlausa ópólitíska bráðabirgðastj. sitja við völd, eins og hæstv. þáv. og núv. forsrh. hafði lýst yfir, að sú stj. skoðaði sig. Nú á þessu þingi hefir það valdið nokkrum erfiðleikum um afgreiðslu mála, að menn vissu ekki, hverjir kæmu til með að taka við þeim úr höndum þingsins, sem var þó gagnstætt því, sem hæstv. forsrh. hafði lofað.

Það máttu allir búast við því eftir að kosningaúrslitin voru orðin kunn, að Framsóknarflokkurinn mundi verða einráður um stj.myndun, þótt það væri hinsvegar vitað, að hann styddist ekki við nema um þriðjung allra kjósenda í landinu. En það, sem nægir í því efni, er atkv. meiri hl. flokksins hér í þinginu. Hitt er annað mál, að það er óhæfa, sem þarf að kippa tafarlaust í lag, að þriðjungur kjósenda geti haft meirihlutavald á Alþingi og verið einráður um stjórn landsins.

Hv. þm. lýsti yfir því, að hann og hans flokkur hefði búizt við einhverju samstarfi um stjórnarmyndun, og þá meiru en því, sem sýnilegt er orðið. En það er fjarri því, að við jafnaðarmenn höfum búizt við nokkru slíku af okkar hálfu. Við höfum hvorki ætlað okkur að setja mann í stj. né skipta okkur á nokkurn hátt af því, hvernig Framsóknarflokkurinn skipar hana. Það er okkar álit, að Framsókn eigi að öllu leyti að ráða vali þeirra manna, og jafnframt bera ábyrgð á gerðum þeirra. Ég sé satt að segja enga ástæðu til þess að undrast yfir vali þessarar stj., nema hvað það hefði e. t. v. verið eðlilegra, að gamla stj. hefði verið tekin eins og hún var. Annars er það mál, sem okkur kemur ekki við og mundi ekki miklu breyta, svo lengi sem Framsóknarfl. hangir saman og gerir sig samábyrgan stjórninni. Okkar afstaða til stj. hefði ekkert breytzt, hvernig svo sem hún hefði verið skipuð, og við hefðum ekki tekið þar þátt í neinu samstarfi. En ég verð að láta það í ljós, að mér finnst hv. þm. G.-K. megi vera ánægður með að eiga einn fulltrúa fyrir sinn flokk í stj., þótt hann á hinn bóginn ráði ekki vali allra ráðherranna.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og skýrt kom í ljós hjá hv. síðasta ræðumanni, hefir það verið siður hér á þessu þingi, að flokkarnir hafa reynt að hreinsa sig hver af öðrum, og jafnframt reynt að fá menn til þess að trúa á samstarf hinna tveggja. Þessa aðferð hefir Alþýðuflokkurinn notað síðan hann hóf samstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Það er eins og flokkum þessum hafi orðið hálfóglatt af samvinnunni og hyggi það vera gott til fylgis að koma mönnum í trú um eitthvert samstarf á milli annara flokka. Mest af þessu tali, eins og það hefir verið á þessu þingi, er einber pólitísk keskni, sem engin alvara stendur á bak við. Það er eitt af því, sem kjósendurnir eiga að hlusta á, en þeir, sem flytja það, hafa ekki fulla trú á. (HV: Reynslan er sannleikur, sagði Repp).

Mér skildist á hv. þm. G.-K., að það væri sæmilega skýrt, hverskonar „fulltrúi“ hans ég er í þessari stj. Við erum persónulegir kunningjar, og höfum verið um langan tíma. Ég veit ekki, hvort þau bönd slitna, en ég fyrir mitt leyti óska ekki eftir því. En hins hefi ég aldrei vænzt, að hann tæki því með ánægju, hvernig Framsóknarflokkurinn myndaði stj., eða myndi bjóða velkomna með fögnuði nokkra þá stj., sem Framsóknarflokkurinn setti á laggirnar. Mér kemur það því ekki á óvart, þótt skotið sé af hríðskotabyssum, þegar stj. er nú mynduð, þrátt fyrir það, að sumir kynnu að hafa búizt við því, að fögnuðurinn yrði heldur meiri, eftir allri eftirvæntingunni að dæma, sem andstöðuflokkarnir hafa næstum daglega látið í ljós. Nú hefir óskin um stjórnarmyndun rætzt, en þá er yfir öðru að kvarta, og svo er það jafnan í stjórnmálunum, að ef eitt höfuðið er höggið af, þá vaxa þegar tvö í staðinn. Þetta er að vonum, og núv. stj. sezt að völdum rétt eins og aðrar stj. með fylgi síns flokks, en ekki andstæðinga sinna, og henni er það fyllilega ljóst, að andstæðingarnir munu reyna að hafa hendur í hári hennar fyrir alla mögulega og ómögulega hluti.

Ég hefi fyrir mitt leyti aldrei búizt við því, sem hv. þm. G.-K. var að nefna, og hv. 3. þm. Reykv. einnig, að á þessu þingi myndi komast á nokkur samsteypustjórn. (HV: Ég minntist ekki á það; ég var einungis að minna á, að hv. þm. G.-K. hefði sagt það). Viðureign flokkanna hefir verið þannig hin síðari árin, og raunar alllengi í okkar sögu, að ég geri ekki ráð fyrir, að til samstarfs á milli þeirra geti komið nema alveg sérstaklega standi á, og engum einum flokki takist að leysa vandræði þjóðarinnar. En vonandi kemur ekki út í slíkt öngþveiti, þótt útlitið sé iskyggilegt. En eftir því, sem hv. þm. G.-K. lýsti samkomulaginu innan þessarar nýju stjórnar, þá ætti það fyllilega að duga, a. m. k. á við samkomulagið í hverri samsteypustj., eins og hann var að óska eftir. En eins og hæstv. forsrh. lýsti yfir, þá er nú svo komið, að Framsóknarflokkurinn hefir sett þessa stj. á laggirnar, og þeir menn, sem hana skipa, hafa einsett sér að vinna saman að stjórn landsins. Umr. þeim, sem standa um verk fyrri stj., og um óunnin verk þessarar stj., mun ég ekki að sinni taka þátt í, og enn síður mun ég taka þátt í umr. um það, hvaða þrek og vitsmuni ég muni hafa til þess að gegna því embætti, sem ég nú hefi tekið að mér. Frá minni hálfu mun frestað öllum slíkum umr., unz um einhver störf og ráðstafanir, sem þessi stj. hefir gert, er að ræða.

Ég skal taka undir það, sem sagt hefir verið um hið óglæsilega útlit. En það hefir nú heyrzt, bæði í blöðum og hér á þingi, að orsökin til þess sé stjórnarfar fyrri ára. En þeirri blíku, sem nú er í lofti, verður ekki mætt, nema hið sanna sé viðurkennt, sem er, að rætur kreppunnar liggja langt fyrir utan íslenzkt valdsvið. Ég hygg, að stj. síðasta kjörtímabils muni ekki hafa verið svo voldug, þótt mikið væri af því látið, að hún hafi megnað að skapa heimskreppuna. Að vísu hefir það verið mælt, að hún hafi staðið á bak við ýmislegt, en að hún hafi komið af stað kreppunni í Ameríku og Evrópu, hygg ég ofmælt. Sá sorti, sem er fram undan, kemur utan úr hafsbrún. Það þarf að skiljast. Slík kreppa myndi gera hvaða stj. sem væri afarörðugt fyrir. Og svo hleðst það ofan á öll vandræðin, að stj. er kennt um alla skapaða hluti milli himins og jarðar. Því að það liggur ennþá í okkar stjórnskipulagi, að þegar illa árar, þá séu stjórnendurnir teknir og þeim steypt ofan í keldu í von um, að betur ári þá síðar. Til þess að mæta þeirri atvinnukreppu og þeirri stórfelldu verðlækkun, sem nú eru að verða, þarf að hafa annað sjónarmið en það, að allt sé að kenna þeirri stj., sem situr við völd, og ég mun gleðjast yfir hverju því samstarfi á milli flokkanna, sem getur hafizt til þess að mæta þessum örðugleikum. Ég get fullyrt, að örðugleikarnir verða svo miklir, að ástæða er til þess að bæta meir tóninn í flokksbaráttunni heldur en fram kom í þeim ummælum hv. þm. G.-K., að flokkur hans „myndi grípa til þeirra ráða, sem duga“. Á þessum tímum duga engin önnur ráð fyrir flokkana en að vanda sinn málstað og málaflutning og heyja baráttuna á hinum demokratiska vettvangi, sem stjórnskipunarlög landsins hasla.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Þær ræður, sem fluttar hafa verið síðan ég talaði hér, gefa ekki tilefni til mikilla andsvara.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ég hefði sagt fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, að við hefðum búizt við því, að mynduð yrði samsteypustjórn. Ég sagði, að alstaðar annarsstaðar myndi undir svipuðum kringumstæðum vel hafa getað komið til mála, að mynduð yrði samsteypustj. Og ég tók það fram, að ég gæti ekki um það sagt, hver endir hefði orðið á slíkri málaleitan, ef fram hefði komið ósk um það. Ég tók það einnig fram, að ekki hefði verið við því að búast af Framsóknarflokknum, að slíks hefði verið farið á leit, en hinu hefði ég búizt við, að flokkurinn myndi reyna að mynda sína stj. þannig, að kraftar hans kæmu sem bezt í ljós.

Hæstv. forsrh. varð það á að líkja mér við Þórð kakala. En hann áttaði sig nú samt á því, að þetta myndi vera fullmikill heiður fyrir mig, og reyndi að draga dálítið úr því, og ég skal fúslega játa, að það er margt óréttara gert en draga eitthvað úr því lofi, að ég sé maður á við Þórð kakala. En út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um það, að það væri ósamræmi í því hjá mér að ætlast til þess, að Framsóknarflokkurinn leitaði samvinnu við aðra flokka, og lá honum þó svo mjög, að hans flokkur skyldi standa saman um stjórnarmyndunina. Ég hefi aldrei ámælt Framsóknarflokknum fyrir annað en það, að hann skyldi standa saman um óþrifaverkin. Það vita allir, að flokkurinn er sundurþykkur innbyrðis, þó að gömul syndasamábyrgð hafi nú þjappað honum saman um stund. Ef Framsóknarflokkurinn hefði viljað standa saman um aðalviðfangsefni hvers flokks, þó ekki væri annað en um það, að mynda þannig stj., að hún útilokaði ekki aðra flokka frá samvinnu, þá hefði hæstv. ráðh. getað hælzt um það, að Framsókn hefði gert sitt til þess, að allir hefðu getað staðið saman. Fyrst hæstv. ráðh. var að minna mig á það, að rétt væri á hverjum tíma að láta umhugsunina fyrir heill ættjarðarinnar sitja í öndvegi, þá leyfi ég mér að spyrja þennan hæstv. ráðh.: Hefir hans stjórnmálaferill verið sá, að hægt sé að segja, að hann hafi gert sér að kjörorði að láta heill ættjarðarinnar sitja í öndvegi? Hefir þessi hæstv. ráðh. ekki verið óvenjulega því marki brenndur, að setja flokkshagsmunina ofar þjóðarheillinni? Er ekki óhætt að segja, að flokkurinn hafi staðið nær hjarta hans heldur en þjóðin? Er þetta ekki undirrót þess auðnuleysis, sem hefir fylgt stj. þessa manns? Ef hæstv. forsrh. hefði aldrei vikið frá því kjörorði, sem hver einasti stjórnandi á að hafa, að meta þjóðarheillina meir en flokksheillina, þá veit ég, að hjá flestu af því illa, sem skeð hefir á undanförnum árum, hefði verið stýrt. Höfuðsyndin er sú, að flokkurinn hefði setið í fyrirrúmi fyrir þjóðinni, og því er nú komið sem komið er. Það lætur því einkennilega í munni þessa hæstv. ráðh., að vera að brýna fyrir öðrum að halda þau boðorð, sem hann sjálfur öllum öðrum fremur hefði átt að hafa í minni á undanförnum árum, og sem hann hefir sýnt, að hann öllum stjórnarformönnum fremur hefir brotið og lítilsvirt.

Hæstv. fjmrh. sagði, að engri stj. mundi hafa verið fagnað, hvernig sem Framsóknarflokkurinn hefði myndað hana. Þetta er rétt. Ég álít, að stjórnarandstæðingar hefðu ekki fagnað neinni stj. frá Framsóknarflokknum, þótt það sé nokkuð viðmiðað (reelt) hugtak. Við höfum aldrei búizt við, að hún yrði eins og okkar óskir standa til, ef Framsóknarflokkurinn myndar hana, en þó er það mála sannast, að mikill munur er á, hverjar viðtökur stj. Framsóknarflokksins fær í okkar herbúðum. Ég hefði t. d. ekki talið ástæðu að standa hér upp og láta í ljós óánægju mína, ef 2 menn eins og hæstv. fjmrh. hefðu setið hér í stjórn. Aftur á móti finn ég ástæðu til þess, þegar þessi maður, hæstv. fjmrh., sezt við hlið þess manns, sem ég, fyrir allra hluta sakir, tel verst til þess fallinn að sitja í stj. á þessum erfiðleikatímum. Ég get ekki annað en ámælt þeim flokki, sem teflir fram slíkum manni.

Ég skal ekki ræða um það við hæstv. ráðh., hverjar séu orsakir kreppunnar. Ég hygg þó, að hann verði að gera sér ljóst, að stjórn hans á fjármálum landsins getur átt veigamikinn þátt í því, hver verði áhrif hverrar þeirrar kreppu,

sem leiðir yfir ísl. atvinnulíf. Hæstv. ráðh. má ekki láta sér nægja að hugsa svo sem hann virðist hugsa, eftir þeim orðum, sem hann mælti hér, að íslenzka stj. þurfi ekki að gera annað, þegar kreppan skellur á, en segja, að hún eigi rætur sínar í Ameríku, Afríku, Asíu eða einhversstaðar annarsstaðar en hér.

Hæstv. ráðh. virðist vera það ljóst, að rætur þeirrar kreppu, sem nú ríður yfir, liggja að mestu leyti fyrir utan endimörk ísl. stjórnmálabaráttu. Hitt verður hæstv. ráðh. einnig að skilja, að ísl. stjórnmálastarfsemi hefir veruleg áhrif á, hvernig þjóðin er við því búin að taka á móti kreppunni á hverjum tíma, hvort sem aldan rís nær eða fjær ísl. landamærum.

Um þá stj., sem farið hefir með völd síðasta kjörtímabil, er það að segja, að fjármálastj. hefir verið svo bág, að ekki er hægt að hugsa sér, að þjóðin geti verið verr undir það búin að taka á móti kreppunni en hún er. Við værum betur stæðir að taka á móti kreppunni en við nú erum, ef við ættum nú handbærar í ríkissjóði þó ekki væru nema 10 millj. af þeim 60 millj. kr., sem sóað hefir verið síðustu árin, eða ef skattar hefðu verið léttir og sú upphæð þannig verið skilin eftir í buddu skattborgaranna. Hæstv. ráðh. verður að gera sér ljóst, að kreppa ísl. atvinnulífs stafar fyrst og fremst af því róti, sem orðið hefir á tilkostnaði og atvinnurekstri. Hún þarf ekki eingöngu að stafa af því, að verð framleiðsluvörunnar hafi fallið; hún getur líka stafað af því, að tilkostnaður hefir aukizt. Og einn kostnaðarliðurinn eru skattar þeir, sem framleiðendur verða að bera og hafa þau áhrif, að þeir hafa eytt hverjum eyri, svo ekkert er í varasjóði, þegar kreppan skellur yfir. Hæstv. ráðh. verður því að gera sér ljóst, að það skiptir atvinnurekendur ekki litlu máli, hvernig fjármálastj. er á hverjum tíma.

Þá sagði hæstv. ráðh. nokkur orð í lok ræðu sinnar, sem ég veit, að hann meinar, en hljóma nokkuð hjáróma undir þessum kringumstæðum. Hæstv. ráðh. sagði, að hér dygðu engin ráð önnur en vanda sinn málstað. Guð hjálpi okkur! Hæstv. ráðh. hefir nú framið það afbrot, sem minnst ber vott um, að hann vandi sinn málstað. Hann hefir ekki lagt lag sitt við þá, sem saklausastir eru í ytri og innri framkomu, án þess að ég vilji nokkuð dylgja um innræti hans. Og þetta viðurkennir hæstv. ráðh., þegar hann kemur hér fram á örlagastundu æfi sinnar. Hann vill ekki selja sálu sína mansali. En hæstv. ráðh. hefir nú vikið af braut sinni með því að setjast í stjórn með þeim manni, sem guð og menn vita, að hann álítur, að ekki eigi að sitja í stj., og með því tekið á sig ábyrgð á mörgum ófrómdum verkum þess ráðh. Hæstv. ráðh. vill vanda sinn málstað, en hann verður að gera sér ljóst, að það er ekki hægt að þjóna bæði guði og mönnum. Það er ekki hægt að hafa óflekkaðan skjöld og bera um leið höfuðábyrgðina á því, að sá maður er seztur í stjórnarsessinn, sem hæstv. ráðh. álítur, að hafi hegðað sér þannig, að óviðunandi sé, og engin hugsanleg leið er, að hegði sér öðruvísi framvegis.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. þm. G.-K. beindi til mín í ræðu sinni.

Ég býst við, að hv. þm. G.-K. sjái það, ef hann hugsar nokkuð út í málið, að það er tilgangslaust fyrir okkur að deila hér um okkar fortíð og leggja út af því, hvort við almennt eða í einstökum atriðum höfum haft heill ættjarðarinnar fyrir augum eða eitthvað annað.

Stjórnmálamenn verða að sætta sig við, að sá dómur komi eftir á. Það er hin objektiva saga, sem leggur dóm sinn á verk þeirra.

Hv. þm. lét svo um mælt, þegar hann vék að minni fortíð, að það hefði verið mikið gæfuleysi, sem hefði fylgt þeirri stj., sem ég veiti forstöðu síðan 1927. Ég vil ekki láta þessu ómótmælt. Í skjóli þeirra góðæra, sem komið hafa yfir landið á þessu tímabili, hafa orðið fyrir forgöngu þess flokks, sem stjórnað hefir landinu, meiri og betri framkvæmdir en nokkru sinni áður á voru landi. Landið hefir verið ræktað meira og ötullegar en nokkru sinni áður síðan þetta land var byggt. Það hefir verið gert mikið til þess að veita menntun og heilsusamlegum áhrifum til fólksins, og yfirleitt má segja, að nú í lok þessa kjörtímabils sé landið betra og byggilegra en nokkru sinni áður.

Ég vil enda þessi orð með því að óska hv. þm. G.-K. þess, að ef það á einhverntíma fyrir honum að liggja að taka þátt í stj. landsins, megi hann líta yfir jafngæfusamlegt tímabil og miklar framfarir sem við nú getum, því við skilum nú landinu miklu betra en við tókum við því.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ummæli hv. þm. G.-K. gefa mér tilefni til nokkurra leiðréttinga.

Hv. þm. virtist hafa skilið mig svo, að landsstj. ætti ekki að gera annað, þegar svo er ástatt sem nú er, en segja, að orsakir kreppunnar séu útlendar og við getum ekkert við þær ráðið. Ég sagði, að rætur kreppunnar væru útlendar og við gætum ekki upprætt þær. En þar fyrir getum við með ýmsum ráðstöfunum haft áhrif á gang hennar hér á landi. Það eru ýmsir andstæðingar Framsóknarflokksins, sem halda því fram, að það sé honum og stj. að kenna, að kreppan er skollin yfir. Mér fannst því skylt að benda á, að kreppa, sem stafar af gerbreytingu atvinnulífsins í flestum iðnaðarlöndum, offramleiðslu og gullpólitík stórþjóðanna, verður ekki rakin til neinnar íslenzkrar landsstj. Hitt verður hver stj. sökuð um, ef hún vanrækir að gera ráðstafanir til þess að stemma stigu fyrir afleiðingum kreppunnar. En um kreppur sem þessa er það að segja, að þær verða að miklu leyti að hafa sinn gang. Það eru einmitt flokkar eins og flokkur hv. þm. G.-K., sem standa fastast á því, að slíkar kreppur verði að eyðast af sjálfu sér. En það eru frekar aðrir flokkar, sem vilja láta gera ráðstafanir, sem eignamönnum er ekki sérstaklega vel við, til þess að bæta úr böli þeirra, sem hafa orðið fyrir kreppunni.

Ég hygg, að það sé ekki rétt hjá hv. þm., að skatta- og tollalöggjöf sé orsök kreppunnar. Það er athugavert, að skattalöggjöfin var að miklu leyti óbreytt allt síðasta kjörtímabil, og þótt það hafi orðið að breyta henni smávægilega, hefir það verið í þá átt að taka upp skatta, sem íhaldsflokkurinn notaði á sínum tíma. Það er því ekki meiri ástæða til þess að kenna núgildandi skattalöggjöf landsins um þessa kreppu heldur en að kenna sköttum Jóns Þorlákssonar, fyrrv. fjmrh., núv. hv. 1. landsk., um kreppuna, sem steðjaði að á árunum 1925—1927. Skattarnir eru næstum því hinir sömu á báðum þessum tímabilum. Þess ber líka að gæta, að á krepputímum er tekjuþörf ríkisins meiri en ella, og þess mætti sá flokkur, sem nú nefnist Sjálfstæðisflokkur, minnast, að það var einmitt vegna kreppu og stórvandræða, að verðtollurinn var settur 1924, með góðu samstarfi við þáverandi stjórnarandstæðinga.

Ég tel enga von um, að þessari kreppu létti af fyrir breytingar á skattalöggjöfinni, þó gerðar væru.

Menn verða að hafa það hugfast, hverjar eru hinar raunverulegu orsakir kreppunnar, og gera ráðstafanir sínar með tilliti til þeirra.

Hv. þm. G.-K. gerði ráð fyrir, að það yrðu ýmsir örðugleikar á minni braut. Ég býst við, að ekki sé ofsögum sagt af því, því þyngra mun verða fyrir fót síðar en nokkurn grunar nú. En þar sem ég hefi tekið að mér vandasamt starf á erfiðleikatímum, þá mun ég því fremur fagna því samstarfi, sem orðið getur flokka á milli um að leysa vandamálin og hafa meir fyrir augum þjóðarheill en flokkshagsmuni.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. sagði, að það væru flokkar eins og minn flokkur, sem ekkert vildu gera til þess að afstýra kreppunni. Hvað hefir hæstv. ráðh. fyrir sér í þess? Er nokkuð það í sögu Sjálfstæðisflokksins eða gamla Íhaldsflokksins, sem bendir til þess, að hann vilji síður en flokkur hæstv. fjmrh. afstýra kreppunni? Ég veit ekki betur en að þegar þeir hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Skagf. fóru með völdin í landinu, hafi þeir gert allt, sem bezt sýndist duga, til þess að afstýra kreppunni í landinu á öllum sviðum.

Ég varð þess var í síðari ræðu hæstv. ráðh., að honum var það ljóst, að það skipti ekki svo litlu máli, hvernig haldið væri á samtíma fjármálum í landinu. Það gleður mig, að hæstv. ráðh. er þetta ljóst, og ég vona, að hann fari eftir því.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri rangt hjá mér, að skattalöggjöf síðustu ára hefði haft áhrif á kreppuna. Ég sagði þetta ekki beinlínis, en hitt sagði ég, að ef eitt-

hvað af þeim millj. kr., sem eytt hefir verið úr buddum skattborgaranna undanfarin ár, lægi þar ennþá, þá stæðum við betur að vígi að bera hallann af atvinnurekstrinum en nú er. Ég sagði ennfremur, að ef nokkur hluti af þeim millj. kr., sem kastað hefir verið á glæ til miður þarfra fyrirtækja, væri nú til í sjóði, gæti hið opinbera betur hlaupið undir bagga með atvinnurekstrinum en nú getur það.

Hæstv. forsrh. sagði, að hann teldi gagnslítið að tala hér fyrir verkum sínum. Það væri hin objektiva saga, sem ætti að dæma þau. Ég skal ekki ræða við ráðh. um sögulega dóma. Hefi ég litla trú á þeim. Ég álít, að við, sem nú lifum og störfum samtímis hæstv. stj., séum eins bærir um að dæma um, hvernig hún hefir haldið á stjórnmálunum eins og þeir, sem lifa hér í landinu eftir mörg hundruð ár.

Ég verð að segja það, að mér finnst undarlegt, að hæstv. ráðh. skuli finna ástæðu til þess að finna að því, sem ég sagði, að það hefði verið gæfuleysið, sem hefði einkennt allan hans feril. Það er ekki hægt að bera á móti því, að síðasta kjörtímabil hefir árferðið verið þannig, að aldrei hefir verið svo gott um framkvæmdir sem þá. Ég veit, að framkvæmdir hafa verið miklar í landinu, en hvaða sti. ætli það hefði verið, sem hefði haft aðrar eins tekjur sem þessi stj. hefir haft og ekki gert neitt? Engin. Hitt er vitað, að það eru stórar fúlgur, sem stj. hefir kastað á glæ í bein og bitlinga.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hann skilaði landinu nú í betra og byggilegra horfi en það hefði verið í þegar hann tók við því. Þetta er hlægilegt af hæstv. ráðh. Veit hann ekki, að hvaða stj., sem verið hefir í landinu eitthvert framfaratímabil, hefir innt ýmislegt af hendi, sem orðið hefir til þess að bæta landið? Ég vildi sjá þá stj., sem hefði megnað að hindra það undanfarið kjörtímabil, að bændur hefðu ræktað land sitt og borgarar þjóðfélagsins reist hús.

Mér finnst, að stj. hafi lifað líkt og sumir menn eftir stríðið. Þeir lifðu þá í auði og allsnægtum, en kunnu ekki fótum sínum forráð og enduðu svo á vonarvöl. Mér finnst stj. hæstv. ráðh. vera sambærileg við slíka menn. Eftir þau einstöku góðæri, sem yfir þetta land hafa komið, er stj. í fjármálalegum skilningi upp á aðra komin. Og ég vona, að hæstv. ráðh. sé ekki svo illviljaður, að hann óski, að svo fari fyrir mér, ef ég á eftir að lenda í því að vera í stj. þessa lands, að svo illa fari fyrir mér eins og hans hlutskipti hefir orðið eftir 4 ára stjórnartímabil.

II. Afgreiðsla þingmála.

Á 15. fundi í Nd., 29. júlí, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Héðinn Valdimarsson: Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að hæstv. forseti taki á dagskrá á morgun frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 1929, um verkamannabústaði, því það er margt í því frv., sem liggur á að afgreiða.

Ennfremur vil ég leyfa mér að gera þá fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort honum sé nokkuð kunnugt um, hvað nefndastörfum líður. Það eru mörg frv., sem við þm. Alþýðuflokksins höfum flutt og vísað hefir verið til nefnda, sem eru búin að liggja þar lengi, sum allt upp í 9 daga, án þess nokkur skil á þeim hafi komið frá nefndunum.

Forseti (JörB): Ég skal verða við beiðni hv. 3. þm. Reykv. um að taka þetta mál (verkamannabústaði) á dagskrá á morgun, og sömuleiðis að kynna mér, hvað störfum nefnda líður.

Á 20. fundi í Nd., 4. ágúst, utan dagskrár, mælti

Héðinn Valdimarsson: Ég gerði um daginn fyrirspurn til hæstv. forseta þess efnis, að hann upplýsti, hvað orðið væri af sumum þeim frv., er við jafnaðarmenn flytjum og vísað hefir verið til n. fyrir mörgum dögum. Þessi frv. hafa ekki sézt síðan þau fóru í n. Nú vildi ég spyrja hæstv. forseta, hvort hann hafi talað við hv. nefndir um þetta og hvaða svör hann hafi fengið hjá þeim.

Ég skal nefna þessi frv.:

Frv. til l. um jöfnunarsjóð ríkisins. Vísað til fjhn. 20. júlí.

Frv. til l. um fasteignaskatt. Vísað til fjhn. 20. júlí.

Frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, Vísað til fjhn. 20. júlí.

Frv. til l. um opinbera vinnu. Vísað til allshn. 20. júlí.

Frv. til l. um ríkisútgáfu skólabóka. Vísað til menntmn. 20. júlí.

Frv. til l. um læknishéraðasjóði. Vísað til allshn. 21. júlí.

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41, 27. júni 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911. Vísað til fjhn. 22. júlí.

Frv. til l. um rekstrarlán fyrir samvinnufélög sjómanna og bátaútvegsmanna. Vísað til sjútvn. 23. júlí.

Þetta eru aðalmálin, sem mér væri kært, að hæstv. forseti legði fyrir n. að afgr. til d. hið fyrsta.

Forseti (JörB): Ég hét hv. 3. þm. Reykv. því fyrir nokkrum dögum áð athuga, hvað liði þeim frv. hv. jafnaðarmanna, sem vísað hefir verið til n. Ég hefi innt formenn hv. n. eftir þessu, en ekki fengið svör frá þeim öllum ennþá. Var það ætlun mín að láta hv. 3. þm. Reykv. þessar upplýsingar í té, þegar ég hefði fengið svör frá öllum nefndunum.

Bergur Jónsson: Ég vil gera grein fyrir þessu máli fyrir hönd allshn. Hún hefir fengið mörg mál til athugunar og þar á meðal tvö af þeim, sem hv. 3. þm. Reykv. nefndi: Frv. til l. um opinbera vinnu og frv. til l. um læknishéraðasjóði. Bæði þessi frv. hafa verið til umr. í n., þó að nm. hafi ekki ennþá komið sér saman um, hvernig skuli afgr. þau. N. hefir afgr. 6 mál, og verð ég að telja það góð vinnubrögð á jafnskömmum tíma.

Héðinn Valdimarsson: Ég hefi heyrt það utan að mér, að nefndirnar ætluðu ekki að afgr. mál okkar jafnaðarmanna, vegna þess að þær væru á móti þeim. Sé þetta satt, þá verður það að teljast óhæfa. Ég tel n. eins skylt að semja nál. um málin, þótt þær séu á móti þeim, enda hefir það verið venja. Hitt væri illur þingsiður og óverjandi gagnvart almenningi, ef upp væri tekinn, að afgr. ekki málin, heldur setjast á þau og svæfa þau án þess að sýndi sig, hvernig þingmenn skiptust um málin.

Forseti (JörB): Ég skal herða á því, að form. hv. nefnda láti frá sér fara grg. um þessi mál, og skal ég svo láta hv. 3. þm. Reykv. það í té, sem ég fæ að vita um þessi efni.

Á 26. fundi í Nd., 11. ágúst, utan dagskrár, mælti

Héðinn Valdimarsson: Ég hefi nokkrum sinnum spurt hæstv. forseta, hvernig gengi með mál í nefndum, og hann hefir alltaf lofað því að gefa svar á næsta fundi, en þau svör eru ekki komin enn. Flest af þeim frv., sem við jafnaðarmenn höfum flutt, liggja þar enn kyrr.

Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti er viðbúinn að svara því, hvernig n. starfa, en ég vil mælast til, að frv. um jöfnunarsjóð ríkisins og frv. um læknishéraðasjóði verði tekin á dagskrá á morgun.

Forseti (JörB): Ég hefi óskað þess við formenn n., að þeir létu mér í té upplýsingar þær, sem hv. 3. þm. Reykv. spyr um, og hefi ég fengið svör frá sumum þeirra, en ekki öllum. Ég get að vísu séð af gerðabókum einstakra n., hvaða mál hafa verið tekin fyrir, en samt ekki að öllu leyti, hvað líður meðferð mála.

Um annað málið, sem hv. þm. talaði um, veit ég til, að n. er að vinna að því nú. Átti ég tal við formann þeirrar n. í morgun, og býst hann við, að það komi fljótlega fram.

Haraldur Guðmundsson: Í sambandi við þessa fyrirspurn vildi ég beina því til forseta, að hann grennslist eftir því hjá formönnum n., hvort þeir hugsi sér virkilega að afgr. þau mál ein, sem samkomulag náist um í n. Ég hefi ástæðu til þess að ætla þetta, eftir viðtal við formann einnar n., sem taldi gagnslaust að afgr. önnur mál en þau, sem nm. kæmu sér saman um. Ef þetta er rétt, þá er bersýnilegt, að við jafnaðarmenn, sem eigum engan mann í n., getum engu máli komið fram.

Ég vildi biðja hæstv. forseta að rannsaka þetta og skýra frá því ekki síðar en á fundi á morgun.

Forseti (JörB): Mér er náttúrlega alveg ókunnugt um þetta atriði, sem hv. þm. Seyðf. minntist á, og mér þykir alls ekki trúlegt, að svo sé, því að það er venja að afgr. mál, þótt skiptar séu skoðanir um það innan n.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það var að ég ætla á þinginu 1929, eftir að fram voru komnar till. frá póstmálanefndinni um allverulegar breyt. á póstsamgöngunum í landinu, að samþ. var þál. um, að þeim skyldi ekki verða breytt án þess að þær breyt. væru bornar undir viðkomandi héraðsstjórnir og þær ættu þess kost að láta uppi álit sitt á þessum breyt., hver í sínu héraði. Jafnframt var svo ákveðið í þessari þál., að þær óskir, sem fram kæmu frá sveitarstj., væru lagðar fyrir samgmn. Alþingis.

Á síðastl. þingi skrifaði ég samgmn. Nd. bréf um þetta og sendi henni þær óskir, sem mínir kjósendur höfðu að gera viðvíkjandi breyt. á póstsamgöngunum, sem þá voru komnar í framkvæmd í héraðinu.

Nú vildi ég spyrja að því og biðja hæstv. forseta að grennslast eftir, hvort samgmn. hefir tekið þetta til athugunar og gert nokkrar till. út af þessu eða komið þessum óskum á framfæri við póstmálastjórnina.

Það er mjög óskað eftir því í mínu kjördæmi að fá nokkrar breyt. í þessu efni, og þær óskir fólust í þessu erindi mínu til samgmn.

Mér þætti vænt um, ef hæstv. forseti vildi grennslast eftir því, hvað þessum störfum n. líður.

Forseti (JörB): Ég skal gjarnan verða við tilmælum hv. þm. Borgf., en ég vil óska þess, að þessum umr. utan dagskrár fari nú að verða lokið.

Halldór Stefánsson: Af því að sum af þeim málum, sem verið er að spyrja eftir, eru fyrir fjhn. Nd., þykir mér rétt að minnast á, hvernig þar er komið störfum.

N. hefir afgr. frá sér 13 mál, en hjá henni liggja 7 mál óafgr. N. hefir haft þá starfshætti, að afgr. málin nokkurnveginn eftir því, sem þau hafa komið til hennar, þó þannig, að þau mál hafa verið látin sitja fyrir til afgreiðslu, sem n. öll eða hl. hennar hefir viljað mæla með. Þau mál, sem enginn nm. hefir viljað taka að sér að mæla með, hafa þá vitanlega dregizt aftur úr um afgreiðslu, enda ekki verið tími til að afgr. fleiri mál en afgr. eru á þeim tíma, sem enn er liðinn.

Ég býst við, að þegar hv. þm. Seyðf. talaði hér áðan um einn nefndarformann, þá hafi hann átt við mig. En hann hefir ekki skilið rétt það, sem ég sagði, að n. öll eða meiri hl. hennar þyrfti að vilja flytja mál, eða fylgja þeim, til þess að þau gætu fengið afgreiðslu. Ég sagði aðeins hitt, að þau mál hefðu orðið á eftir um afgreiðslu, sem enginn nm. hefði viljað mæla með. Það er engin hagsýni að afgr. mál úr n., sem hafa ekki það mikla samúð í d., að þau geti náð afgreiðslu í þinginu. Og það eru engar líkur til, að þau mál nái afgreiðslu þingsins, sem enginn nm. vill mæla með. Það skapar aðeins óvirkar umr., sem hafa enga aðra þýðingu en að tefja fyrir öðrum málum, að vera að afgr. slík mál frá nefnd.

Það er vitanlega hægt að gera flm. það til geðs að afgr. mál á svipaðan hátt og gert hefir verið af einni n., með þeirri yfirlýsingu einni saman, að n. sé sammála um að mæla á móti frv.

Forseti (JörB): Ég skal skjóta því inn, út af því, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, að náttúrlega er ætlazt til, að n. afgr. mál eftir því, sem þeim vinnst tóm til, hvort sem þær eru þeim fylgjandi eða ekki, því viljað getur til, að þd. líti öðrum augum á mál en sú n., sem fær málið til meðferðar.

Annars er nú umr. um þetta mál lokið.

Halldór Stefánsson: Ég kann ekki við það, að hæstv. forseti sé, um leið og hann er að lýsa yfir því, að umr. sé lokið, í raun og veru að bera fram sakir að óþörfu.

Ég vísa til þess, sem ég hefi upplýst um afgreiðslu mála í fjhn. Og þar sem nefndin hefir afgr. sízt færri mál eða ómerkari en aðrar n., og þótt n. hafi

látið sitja fyrir afgreiðslu þeirra mála, sem n. öll eða einhverjir nm. hafa viljað mæla með, svo að ekki hefir ennþá unnizt tími til að afgr. þessi umspurðu mál, þá tek ég engum ávítum frá hæstv. forseta um störf n.

Haraldur Guðmundsson: Ég get í raun og veru undirstrikað það, sem hæstv. forseti sagði til hv. 1. þm. N.-M. Það er auðvitað ekki mál formanna n. að sigta, hvaða mál verðskuldi að koma fyrir hv. d. Hv. 1. þm. N.-M. lýsir þannig starfsháttum fjhn., að hún taki í fyrsta lagi til afgreiðslu þau mál, sem n. er öll sammála um, í öðru lagi þau mál, sem einhver nm. vill beita sér fyrir, og í þriðja lagi láti hún þau mál liggja, sem enginn vill beita sér fyrir.

Ég veit nú ekki til, að n. yfirleitt, og því síður form. þeirra, hafi nokkurt slíkt ákvörðunarvald.

Ég vil spyrja eftir þessar upplýsingar, hvort frv. um ráðstafanir gegn kreppunni hafi verið afgr. Það er vitanlegt, að ýmsir úr stjórnarflokknum hugsa sér að hlaupa frá þinginu hálfloknu. Það er þó það allra minnsta, að við fáum að vita um, hvort n. vilja afgr. mál frá sér. En að form. n. verði beinlínis til þess að svæfa mál og stæra sig af því, það finnst mér vera ósvífni.

Héðinn Valdimarsson: Flest af þessum málum, sem liggja fyrir fjhn., allshn. og menntmn., eru frá 20. júlí og eru því búin að liggja þar 3 vikur óhreyfð. Mér virðist þó einfaldast, ef n. er öll á móti máli, að hún gefi út nál., þar sem hún leggur til, að það verði fellt. N. eru til þess að segja álit sitt um málin, en ekki til þess að svæfa þau. Í þessu tilfelli býst ég við, að hinir flokkarnir taki upp hanzkann fyrir sína menn í n. En ef þessi venja er upp tekin, að n. skili ekki áliti um mál, sem þær eru andvígar, þá eru vitanlega þeir flokkar, sem ekki eiga menn í n., beittir mesta ranglæti. Hinsvegar get ég vel hugsað mér, að mál komist í gegnum þingið, þó að n. vilji ekki mæla með því.

Ég skildi hæstv. forseta þannig, að frv. um læknishéraðasjóði kæmi bráðlega fyrir þingið, og skal því ekki endurtaka ósk mína um að taka það á dagskrá, en ég óska þess fastlega, að frv. um jöfnunarsjóð ríkisins verði tekið fyrir á morgun eða hinn daginn, hvort sem álit verður komið frá n. eða ekki.

Halldór Stefánsson: Ég vona, að hæstv. forseti leyfi mér að svara fyrirspurn, sem hv. þm. Seyðf. beindi til mín. Ég hefi reyndar svarað því áður, að fjhn. hefir afgr. mál eftir því, sem tími hefir unnizt til, og hvort n. afgr. þetta stórmál(!), sem hv. þm. nefndi, fer nokkuð eftir því, hvað þingið stendur lengi og n. hefir tækifæri til að sitja langan tíma enn að störfum. Þó getur verið, að það þurfi ekki að dragast lengi, ef hv. flm. er fróun í því, að n. gefi einfalda yfirlýsingu um málið. Ég hélt, að flestir hv. þm. myndu kannast eitthvað við það, að fyrir geti komið, að mál fái að sofna í n. Mér skildist, að hv. þm. Seyðf. væri að gefa í skyn, að það væri eitthvert nýtt fyrirbrigði sérstaklega á þessu þingi. (HG: Nei, nei!). — Það má vel vera, að menn vilji nú taka upp aðra hætti en verið hafa, svo í þessu efni sem ýmsum öðrum. En það er ekki annað en augsýn óhagsýni, að afgreiða mál frá nefnd eingöngu til þess að tala um þau í deildinni, þegar vitað er, að þau geta ekki náð fram að ganga.

Á 29. fundi í Nd., 14. ágúst, utan dagskrár, mælti

Héðinn Valdimarsson: Ég hefi nokkrum sinnum spurt hæstv. forseta um ýmis mál frá jafnaðarmönnum og hvað þeim liði í n., og ég vil gjarnan fá svar við því áður en þinginu lýkur. T. d. vildi ég vita, hvað nefndin hugsar sér að gera við frv. um jöfnunarsjóð ríkisins og hvort ekki væri hægt að fá það á dagskrá á morgun.

Forseti (JörB): Það er rétt, sem hv. þm. segir um þetta, en n. hafa þessi mál til meðferðar, og ég ætla, að ég hafi sagt hv. þm. það. Um frv. um jöfnunarsjóð ríkisins er það að segja, að eftir því sem n. segir, mun a. m. k. einhver hl. hennar leggja með málinu, og því hefi ég dregið að taka það á dagskrá. Hinsvegar mun ég gera það, ef hv. 3. þm. Reykv. heldur fast við ósk sína um, að málið sé

þegar tekið á dagskrá. Ég bjóst við, að það yrði greiðara upp á framgang málsins, ef einhver hl. n. mælti með því. En annars get ég vel skilið, að hv. þm. leiðist þessi dráttur, og skal ég beina því til hlutaðeigandi n., að hún flýti störfum.

Halldór Stefánsson: Ég tók eftir því, að hæstv. forseti sagðist hafa skilið svo einhvern hl. n., að hann mundi leggja með þessu máli. Ég veit ekki til, að komið hafi nein opinber ummæli, a. m. k. ekki í d., um það, en hinsvegar get ég ekki vitað, hvað hæstv. forseti hefir skilizt af viðtali við einstaka menn. En hvað því líður að afgr. málið, þá getur verið, að n. vinnist tími til þess. Það hafa komið fyrir n. 20—30 mál, og því er eðlilegt, að ekki séu öll málin afgr. frá n., enda hygg ég, að engin n. hafi haft fleiri mál til meðferðar.

Héðinn Valdimarsson: Ég geri mig ekki ánægðan með þetta hálfgildingsloforð hv. 1. þm. N.-M. um, að ef tími vinnist til, þá verði málið einhverntíma afgr., og óska ég, að það verði tekið á dagskrá á morgun.

Forseti (JörB): Ég get orðið við tilmælum hv. 3. þm. Reykv. um að taka málið á dagskrá á morgun.

Á 29. fundi í Ed., s. d., utan dagskrár, mælti

Jón Baldvinsson: Það eru ýms mál, sem enn liggja í n. og ekkert er farið að bóla á. Meðal þeirra eru nokkur mál, sem ég hefi flutt, bæði stór og smá, og vil ég sérstaklega benda á frv. til framfærslulaga, sem kom inn snemma á þinginu, en ekki er enn komið úr nefnd. Svo er frv. um lokun sölubúða, lítið frv., en þó mannréttindamál, sem aðeins fjallar um heimild til bæjarstjórnanna. Vil ég hér með óska þess, að n. hraði afgreiðslu þeirra.

Enn eru mikilsverð mál, sem ég hefi ekki flutt, en sem ég er samþykkur og vil vinna að, að nái fram að ganga, svo sem Sogsvirkjunin, sem enn liggur í n., en er þess eðlis, að ef þetta þing vill gera ráðstafanir í atvinnubótaskyni, þá ætti það að samþykkja það. En málið er enn ekki komið úr n. Ég vil fá svar um það, hvernig málinu er komið og áminni n. um að afgreiða það svo fljótt sem kostur er á. Það veitir ekki af, ef málið á fram að ganga á þessu þingi.

Guðrún Lárusdóttir: Ég bar fram eitt mál, sem ég tel stórmál og þarfamál og get ekki hugsað til, að látið sé óafgreitt. Ég veit, að það er hjá allshn. og sjálfsagt í góðum höndum. Ég vænti þess þó, að það sé í höndum þeirra manna, sem skilja það, að íslenzku þjóðinni liggur á að eignast sem fyrst fávitahæli. Satt að segja er mig farið að lengja eftir einhverju lífsmarki frá nefndarinnar hálfu út af máli þessu.

Halldór Steinsson: Ég hefi ekki neitt sérstakt mál, sem liggur hjá nefnd, en það verður yfirleitt að teljast ósiður, að nefndir liggi á málum. Þótt meiri hl. sé mótfallinn einhverju máli, verð ég að telja það skyldu bæði meiri og minni hl. n. að skila nál.

Jón Baldvinsson: Ég vildi beina því til hæstv. forseta, því að ég hefi ekki aðgang að öðrum, að ýta undir nefndirnar að skila málunum og flýta fyrir afgreiðslu þeirra.

Forseti (GÓ): Ég dró það að standa upp, af því að ég bjóst við, að formenn nefndanna létu til sín heyra. Ég vona, að þær hafi sínar ástæður. Það hafa komið mörg frv. frá hv. 2. landsk. og ekki langt síðan sum fóru til n. En ég hefi hvatt nefndirnar til að flýta afgreiðslu þeirra.

Magnús Torfason: Það vill svo til, að hv. fyrirspyrjendur eru í kallfæri við formenn n. Ég hefi átt tal við báða fyrirspyrjendur prívat og er fús til að gefa þeim upplýsingar prívat, en annars verða þeir að bíða átekta.

Jón Baldvinsson: Mér þykir gott að eiga tal við hv. form. allshn. En þetta er ekkert prívatmál, og fyrirspurninni á að svara í opnu þingi, en ekki utanþings.

Á 34. fundi í Ed., 21. ágúst, þá er komið var að frv. til l. um hafnargerð á Akranesi á dagskránni, mælti

forseti (GÓ): Ég hefi verið beðinn að taka hafnarmálin af dagskrá til nánari athugunar, en þau munu tekin á dagskrá aftur á morgun.

Jakob Möller: Ég sé enga ástæðu til þess, að þessi mál verði tekin af dagskrá, því að þótt málin verði tekin á dagskrá aftur á morgun, getur farið á sömu leið, þar sem við því má búast, að engar frekari upplýsingar verði þá komnar fram.

Jónas Jónsson: Eins og við hv. 2. þm. S.-M. höfum tekið fram í nál., er um óvenjulega meðferð á þessum málum að ræða í hv. Nd., þar sem ekki hafa legið fyrir neinar áætlanir eða nein skjöl til að byggja á. Þetta þótti okkur óviðeigandi og höfum því beðið um frekari upplýsingar, og þar sem meiri hl. hv. þdm. mun þessum málum hlynntur, er engin ástæða til að flaustra þeim af rannsóknarlaust.

Jón Baldvinsson: Ég vil aðeins benda á það, að fyrir liggja rannsóknir og áætlanir um þessi mál, en það er hinsvegar sýnilegt, að nefndin, eða meiri hl. hennar, vill ekki, að þau nái fram að ganga. Um hafnargerðina á Akranesi er það að segja, að hún er þegar talsvert á veg komin og sveitarfél. hefir lagt til hennar mikið fé, þannig að full þörf er á að fá löggjöf í þessu efni.

Sama er að segja um Sauðárkrók, að þar er einnig byrjað á verkinu, og kaupstaðarlandið liggur undir skemmdum, ef ekki er að gert nú þegar, en skemmst er þetta á veg komið á Dalvík.

Það er brýn þörf á að afgreiða þessi mál. Þau hafa oft legið hér fyrir og voru komin svo vel á veg eitt sinn, að þau hefðu orðið að lögum á síðasta degi þingsins, ef Framsókn og Íhaldið hefðu ekki tekið höndum saman og hætt störfum.

Jónas Jónsson: Ég vildi aðeins upplýsa hv. 2. landsk. um það, að í fjárl. er veitt allmikil upphæð til hafnargerðar á Akranesi, sem eðlilegt er líka, því að þorpið hefir sýnt áhuga og mikinn dugnað í þessu máli, en ekki er hægt að segja, að þar standi neitt upp á þjóðfélagið. Hinu reyndi hv. þm. ekki að mótmæla, að viðkunnanlegra væri, að þessi hv. d. afgreiddi ekki málin rannsóknarlaust, og held ég mér því við mín fyrri ummæli um það efni.

Jakob Möller: Út af því, sem hv. 5. landsk. sagði, vil ég minna á það, að meiri hl. sjútvn. mælti með því í heild, að frv. um lendingarbætur á Eyrarbakka næði fram að ganga, þrátt fyrir það, að allt væri þar ógert til að undirbúa málið. Þetta áleit hv. meiri hl. rétt, af því að það myndi hvetja hlutaðeigendur til að hefjast handa.

Ég vil því benda á það, að það, að lagasetningu vantar um þessar hafnargerðir, veldur því, að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög eiga miklu óhægara með að fá lán til framkvæmda þessara fyrirtækja, þar eð ekkert er ákveðið um ríkissjóðsframlagið.

Það er vafalaust hægt að benda á mörg dæmi þess, að slík mál hafa verið afgr. minna undirbúin en þessi. Ég nefndi áðan Eyrarbakka, og nú vil ég einnig minna á Skagaströnd. Þegar þau mál voru til meðferðar, þá var ekki talað um að fá upplýsingar frá Landsbankanum eða hæstv. fjmrh., sem mér finnst einkennilegt, að skuli ekki vera hægt að fá til viðtals, þegar um jafnmerkileg mál er að ræða. Mér finnst þetta harla skrítin aðferð til að tefja málin hér í hv. deild.

Ingvar Pálmason: Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort þessi mál eru til umræðu.

Jónas Jónsson: Ég vil benda hv. 1. þm. Reykv. á það, að lendingarbæturnar á Eyrarbakka eru ekki sambærilegar við þessar hafnargerðir, enda eru þær í allt öðrum flokki í fjárl. Ef átt hefði að gera höfn á Eyrarbakka, þá hefði vitanlega verið krafizt meira en gert var. Ég vil benda hv. þm. á það, að fyrir mína tilstuðlan voru einnig sett þau ákvæði í frv. um lendingarbætur á Eyrarbakka, að lánið skyldi tekið innanlands, til að tryggja það, að menn, sem máske er ekki tekið

mark á, fari að bjóða út lán í slíku augnamiði erlendis. Hér er um milljónafyrirtæki að ræða, en lendingarbæturnar á Eyrarbakka kosta ekki nema nokkra tugi þúsunda. Ennfremur vil ég benda hv. þm. á, að þessum hafnamálum hefir alltaf verið sýnd velvild hér í þessari hv. d., og hann ætti ekki að reyna að spilla fyrir þeim með því að vilja flaustra þeim af.

Halldór Steinsson: Hv. 5. landsk. sagði, að þessum málum hefði ávallt verið sýnd velvild innan þingsins, en mér komu þau ummæli frekar einkennilega fyrir, þar sem öll þessi mál hafa legið fyrir undanfarin þing og ekki fengið afgreiðslu ennþá.

Fyrsta málið kom fram á þinginu 1929, en dagaði þá uppi í hv. Nd. Öll komu svo málin fram á þinginu 1930, og voru þá sett í nefnd hér í þessari hv. d., en þau dagaði uppi eins og fleira. Hv. 2. landsk. var að tala um það, að Íhald og Framsókn hefðu tekið höndum saman um að drepa málin á því þingi, en ég verð að benda honum á það, að ég flutti á því þingi minnihl.álit um, að þessi mál skyldu ná fram að ganga. En meiri hl. sjútvn., hv. 2. þm. S.-M. og hv. þáv. þm. Ak., stóðu þar sameinaðir á móti.

Mér virðist því, að málunum hafi verið lítil vinsemd sýnd, öllu frekar andúð, og vænti því fastlega, að nú verði þau straumhvörf innan þingsins, að þau nái fram að ganga.

Forseti (GÓ): Ég vil benda hv. þm. Snæf. á það, að þessi mál hafa ekki verið tekin til rannsóknar á þessu þingi af tveim mönnum í sjútvn., en það er nú svo með þessi mál eins og fleiri, að við fáum þau í þinglokin frá hv. Nd., og þá er okkur sagt að afgreiða þau á skömmum tíma.

Á 38. fundi í Ed., 22. ágúst, utan dagskrár, mælti

Jón Baldvinsson: Ég ætla aðeins að láta í ljós óánægju yfir því, að ýmsar n. hér í Ed. hafa ekki skilað áliti um mál, sem hafa legið lengi hjá þeim, m. a. um framfærslulögin, sem komu fram mjög snemma á þinginu, frv. um breyt. á lögum um lokun sölubúða, smávegis breytingar á sveitarstjórnarlögunum, sem sennilega liggja fyrir allshn., auk enn fleiri mála, sem ég ætla ekki upp að telja. Ég hreyfði þessum málum á fundi hér í hv. d. 14. ág. og spurðist fyrir um, hvernig liði afgreiðslu þeirra, en hv. n. hafa engan lit sýnt á því að gefa neinar upplýsingar um það.

Um Sogsvirkjunarmálið, sem ég var að vísu ekki flm. að, en er sammála flm. um, að er mikilsvert mál, hefir heldur ekkert heyrzt frá nefnd. Því var útbýtt 18. júlí, var tekið á dagskrá til 1. umr. 23. júlí, en frestað þangað til daginn eftir, og var þá vísað til n. Í n. hefir það svo aldrei verið tekið fyrir, frá því að hún tók við því, 24. júlí, og þar til 18. ág., örfáum dögum fyrir þingslit. Á 14. fundi n., 18. ág., er það fyrst tekið fyrir, og væntanlega þá að tilhlutun flm. Það er þó nokkru lengra síðan ég hreyfði því hér á fundi, og býst ég við, að það hafi vakið flm. og nm.

Ég vildi nú aðeins sýna fram á, hvílíkan áhuga flm. hafa sýnt fyrir málinu, að það skuli hafa getað legið frá 24. júlí til 18. ág. hjá n. í þinginu án þess að það væri nokkurntíma tekið til afgreiðslu. Hefði verið áhugi fyrir því, hefði hv. 1. landsk., sem er 1. flm., sannarlega getað strax gert það sama og hann gerði 19. ág., örfáum dögum fyrir þingslit, að gefa út sérstakt nál., því að þá hefði ekki hjá því farið, að málið yrði tekið til meðferðar í Ed.

Mér þykir afarleitt, að svo mikið nauðsynjamál og jafnþýðingarmikið á þeim tímum, sem yfir standa, hefir verið dregið svo á þinginu, og það af þeim, sem helzt áttu að hlynna að því; og hv. 1. landsk. hafði aðstöðu til þess að knýja það út úr n., en þá aðstöðu hafði ég ekki.

Ég verð að víta n. fyrir að liggja á þessu stórmerka máli og afgr. það ekki fyrr en fáeinum dögum fyrir þingslit.

Jón Þorláksson: Mér þykir það vera dálítið undarlegt orðbragð hjá hv. 2. landsk., að vera að víta flm. og forgöngumenn þessa máls fyrir það, að það kemst ekki áfram í þinginu, þar sem hann veit þó, að ástæðurnar fyrir því, að það kemst

ekki áfram, eru fyrst og fremst þær, að málið hefir ekki fylgi meiri hl. þeirrar n., sem því var vísað til.

Það er bezt að taka þetta dálítið upp frá rótum í eitt skipti fyrir öll. Eins og allir vita, hefir þessi hv. þm. látið svo frá þingbyrjun sem hann væri í andstöðu við Framsóknarflokkinn og núv. stj. Hann átti kost á því í þingbyrjun að sýna afstöðu sína með því að leggja sitt atkv. til þess að koma í veg fyrir, að þessi stjórnarflokkur yrði í meiri hl. í öllum n. Atkv. stóðu þannig í Ed., að ef hann hefði viljað taka þátt í nefndakosningum, gat orðið hlutkesti um þriðja manninn í öllum n., og það gat farið svo, að andstæðingar stj. næðu meiri hl. í ýmsum n. Þetta vildi hann ekki og sat hjá.

Nú kemur hann undir þinglokin og ræðst að okkur, og mér sérstaklega, fyrir að ég hafi ekki séð um, að málið fengi afgreiðslu í n. Ég var þar í minni hl. og gat þar engu um ráðið.

Nú er það svo, að þetta þing hefir staðið stuttan tíma og fjhn. haft mörg mál til afgreiðslu, þ. á. m. mál, sem komu þangað á undan þessu máli, og sum þess eðlis, að sjálfsagt er að afgr. þau á hverju þingi. Þessi mál hafa verið afgr., og þegar Sogsvirkjunarmálið er svo tekið fyrir, eftir að hafa verið á fjórðu viku hjá n., var einn af nm. alveg andvígur málinu, og annar tjáði sig ekki tilbúinn til þess að taka afstöðu í málinu, þótt hann hefði haft það til athugunar þennan tíma.

Ég sé ekki, hvað ég gat gert við þessu, eða með hvaða rétti hv. 2. landsk. getur ásakað mig um þetta. Hann getur með töluverðum rétti ásakað sig fyrir að nota ekki atkv. sitt til þess að sjá um, að sú n., sem fengi þetta mál til meðferðar, yrði ekki að meiri hl. skipuð andstæðingum þessa máls.

Ég ætla ekki að segja meira að svo stöddu, en held áfram, ef hv. þm. lætur sér þetta ekki nægja.

Jón Baldvinsson: Það er undarlegt með hv. 1. landsk., að hann er að vonzkast út af því, að ég hefi ekki verið í sambandi við hans flokk á þessu þingi. Hvaða rétt hefir hann til þess að heimta, að við Alþýðuflokksmenn séum í sambandi við hann um öll þingmál? Hann heimtar, að ég hefði átt að kjósa með hans flokki í allar n., og ásakar mig nú fyrir, að ég hafi ráðið því, hvert hlutfall varð í n. í Ed. Hv. þm. getur engar kröfur gert til mín í þessu efni, og ég svara þar engu góðu til um.

Það er nú þannig um okkar flokka, að þeir eru andstæðir í flestum málum, og það er fátt eitt, sem við getum samþ. saman, þótt við séum í kjördæmaskipunarmálinu sammála um þann grundvöll, sem báðir flokkarnir hafa gert till. um í Ed. Um önnur mál er það svo, að mikil andstaða er hjá hv. 1. landsk. gegn flestum okkar málum, og að ég hefði átt að fara að styrkja hann til valds hér í d., til þess að koma fyrir kattarnef okkar áhugamálum, það er auðvitað hlægilegt.

Það er skiljanlegt, að hann sé argur í skapi yfir því, að flett sé ofan af óheilindum hans í Sogsvirkjunarmálinu. Hann þykist flytja málið af miklum dugnaði og krafti, lætur vísa því til n., sem hann á sjálfur sæti í, og liggur svo á því frá 24. júlí til 18. ág. Ég hefi flett í gegnum fundargerðir fjhn., og ekki á einum einasta fundi hefir hann hreyft þessu máli. Ég get ekkert fullyrt um, hvort utan bókunar hefir verið á þetta minnzt. Mér þætti vænt um að fá að vita, hvort hv. form. fjhn. gæti upplýst, hvort hv. 1. landsk. hefir gert kröfu um, að málið yrði tekið fyrir í n., en engu fengið ráðið um það. En ef það upplýsist ekki, skoða ég svo sem hv. 1. landsk. hafi aldrei hreyft málinu allan þennan tíma. Þetta sýnir dæmalaust tómlæti um svo mikilsvert mál.

Það er rétt hjá hv. 1. landsk., að hann gat sjálfur ekki ráðið, hvaða ályktanir n. tæki, en hann gat ráðið því, að málið yrði tekið fyrir fyrr eins og það var tekið fyrir 18. ág., og hann gat sjálfur komið með nál. um það. Hefði hann gert þetta, t. d. nokkrum dögum eftir að málið kom til n., sem ekki var svo ákaflega störfum hlaðin, þá hefði hann þvegið hendur sínar og sýnt, að af hans hálfu væri gert allt, sem hægt væri, til þess að málið gengi fram.

Ég hefi sagt þetta til þess að sýna tómlæti n., en í henni eiga sæti bæði hv. 1. landsk., sem er flm. þessa frv., og hv. 2.

þm. Árn., sem hefir hér fullra hagsmuna að gæta fyrir sitt kjördæmi og er því skyldugur til þess að fylgja þessu máli.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um stjórnarandstöðu mína, þá veit hann, að í þingbyrjun var því lýst yfir í þýðingarmesta máli þingsins af hálfu Alþýðuflokksins, að hann myndi greiða atkv. gegn því. Þetta hefði orðið stj. að falli og hún orðið að leita til kjósendanna, ef flokkur hv. 1. landsk. hefði þorað að ganga með.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Ég stend einungis upp til þess að gefa hv. 2. landsk. tækifæri til þess að bera af sér sakir.

Það gengur sú saga um bæinn, að samningar hans við stj. hafi verið á þá leið, að stj. léti fram ganga frv. um tóbakseinkasölu, slysatryggingar, verkamannabústaði og forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna, gegn því, að hann hætti þá að hamra á öllum till. um rafmagnsvirkjun, sérstaklega Sogsvirkjunina, og jafnan kosningarrétt. Þetta gengur um bæinn. Ég veit ekki, hvort það er rétt. Ég býst við fyrir mitt leyti, að hv. þm. hafi sett meira upp á sig heldur en þetta. En ég vil gefa honum tækifæri til þess að láta í ljós hér í d. í dag, hvort þetta er rétt eða rangt, hvort hann hafi verið dýrkeyptari eða keyptur ódýrara en hér er haldið fram.

Jón Baldvinsson: Hv. 4. landsk. telur þarna upp mörg verkamannamál, sem mikils eru verð og gott er að fá í framkvæmd, og ég skoða það sem hól, að Alþýðuflokkurinn hafi knúð þau í gegn; en ég neita því sem alveg tilhæfulausu, að Alþýðuflokkurinn hafi fallið frá nokkru sínu áhugamáli til að koma þessum málum fram. En út af samningum yfirleitt skal ég geta þess, að það er kunnugt, að Sjálfstæðisflokkurinn gerði samninga við landsstj., og því er yfirlýst af hv. 1. landsk. og hv. 1. þm. Reykv., að þeir hefðu getað gert þessa samninga vegna fyrirfram yfirlýstrar afstöðu Alþýðuflokksins í tilteknu máli.

Viðvíkjandi „samningum“ um landsreikninginn vil ég aðeins segja hv. þm. það, sem sagt er í bænum, að Sjálfstæðisfl. hafi gert út sendinefnd til Framsóknarfl. og lýst yfir því, að þeir væru reiðubúnir — eins og þeir voru í Nd. — til þess að greiða atkv. með öllum fjandanum fyrir stj., landsreikningi og hverju einu, svo framarlega sem flokkurinn vildi fella tóbakseinkasöluna. Það er rétt, að hv. 4. landsk. svari þessum bæjarsögum, sem um þá ganga.

Jakob Möller: Í þeirri von, að hv. 2. landsk. geri nú slíkt hið sama, þá skal ég svara hans fyrirspurn. Ég vil minna hann á, að hv. 4. landsk. spurði, hve dýr eða ódýr hann hefði verið í samningunum við Framsóknarfl., og í því trausti, að hann svari því hreinskilnislega, skal ég upplýsa hann um, að það er engin hæfa í því, að Sjálfstæðisfl. hafi gert Framsóknarfl. nokkur boð í sambandi við tóbakseinkasöluna.

Jón Baldvinsson: Það er skiljanlegt, að hv. 1. þm. Reykv. geri þessa yfirlýsingu nú, eftir að tóbakseinkasalan er orðin að lögum, svo að það er lítil kaup hægt að gera um málið héðan af, nema þeir vilji fara að semja við kónginn um að staðfesta ekki lögin.

Jakob Möller: Hv. þm. spurði, hvort þessi boð hefðu verið gerð. Ég er búinn að svara því neitandi í því trausti, að hann svaraði þá þeirri spurningu, sem til hans var beint. Það hefir hann ekki ennþá gert. En það þýðir lítið fyrir hv. þm. að bera fram fyrirspurn, ef hann slær því föstu um leið, að svarið sé ekki rétt.

Jón Þorláksson: Ég var ekki neitt að ámæla hv. 2. landsk. fyrir, að hann hefði ekki viljað vera í samvinnu við Sjálfstæðisfl. um öll þingmál. Það er rétt hjá honum, að Sjálfstæðisfl. og Alþýðufl. eru andstæðir í ákaflega mörgum málum, og ég skal ekki ámæla hv. þm. fyrir það, þótt hann frá sínu sjónarmiði ætlji framkomu okkar í þeim málum, sem hann er okkur ósammála um. En hitt er fíflsháttur með afbrigðum, þegar þessi hv. þm. stendur hér upp og fer að ámæla mér og mínum flokki fyrir framkomu okkar í máli eins og virkjun Sogsins, og ég get ekki skilið þetta með öðrum hætti en að hann sé að reyna að draga athygli ein-

hverra þarna uppi á pöllunum, sem hann oft skýtur augunum til, frá því, sem nú er höfuðumtalsefnið í bænum, en það er sú verzlun, sem fram hefir farið hér síðustu dagana, þar sem þessi hv. þm. sjálfur er skýrt og opinberlega verzlunarvaran, þó að þrælasala sé fyrir löngu úr lögum numin hér á landi og annarsstaðar.

Jón Baldvinsson: Ég þykist hafa fullt vald til þess að ávíta hv. 1. landsk. fyrir tómlæti um Sogsvirkjunarmálið, sem hann þykist þó bera fyrir brjósti. Ég hefi sýnt, hvernig hann hefir gersamlega látið hjá líða að koma þessu máli áfram í þinginu, og það skyldi þá ekki vera af því, sem sagt er í bænum, — og hv. 4. landsk. leiddi þetta bæjarslúður inn í umr. —, að það séu ekki sömu interessur, sem knýja hv. 1. landsk. til þess að vera með Sogsvirkjuninni nú eins og í vetur.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Ég stend aðeins upp til þess að slá því föstu, að hv. 2. landsk. hefir ekki gert neina tilraun til þess að bera af sér þær sakir, sem ég skýrði frá, að á hann væru bornar í bænum, og ég verð að taka það sem viðurkenningu fyrir því, að þessar sakir séu réttar.

Forseti (GÓ): Þessar umr. eru nú orðnar nokkuð langar, og ég held, að það væri bezt fyrir hv. 2. landsk. að fara af fundi, fyrst það er gengið svona í skrokk á honum.

Jón Baldvinsson: Það væri óðs manns æði, ef menn ættu að fara að bera af sér allar þær sakir, sem óvönduðum og ósvífnum málflutningsmönnum dettur í hug að tína í málsskjöl sín; það entist engum ævin til þess. Og ég held, að ég muni standa jafnréttur fyrir þær tilhæfulausu slúðursögur, sem hv. 4. landsk. ber inn í þingsalinn.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Þá aths. ætla ég að gera, að ef ég hefði staðið hér sem málflutningsmaður, þá hefði ég borið þessar sakir fram á annan hátt. En ég stóð hér sem alþm. og bar þær fram hóflegar en ég hefði ella gert. (**JBald:** Eru þeir þá ennþá verri, málfærslumennirnir?).

III. Landhelgigæzla.

Á 17. fundi í Nd., 31. júlí, utan dagskrár, mælti

Vilmundur Jónsson: Hæstv. forseti leyfði mér þegar í gær að bera hér fram utan dagskrár fyrirspurn til stj., en af því að hæstv. forsrh. þurfti að vera viðstaddur fundarhald í Ed., gat ekki orðið úr því þá. Ég hefi síðan haft tal af hæstv. ráðh., en vil þó engu að síður bera fyrirspurn mína fram í heyranda hljóði, svo að svör hæstv. ráðh. geti náð allra eyrum.

Svo er mál með vexti, að síldveiðimenn fyrir norðan land, og ekki sízt Vestfirðingar, er ég þekki bezt, eru margir mjög óánægðir með landhelgigæzluna þar. Erlendir fiskimenn eru þar nú rikari fyrir landi og hættulegri keppinautar landsmanna en nokkru sinni áður, og væri því ástæða til þess að gæta landhelginnar betur en ella. Enda líta fiskimenn svo á, að stj. sé það nú vel fært að gæta landhelginnar svo, að að fullu gagni kæmi.

Stj. hefir nú 3 skip til umráða. Eitt var við sjómælingar norður á Húnaflóa, en varð þar fyrir slysi og er nú ekki sjófært. Annað er hér fyrir sunnan að einhverju leyti í lamasessi. Það þriðja er fyrir norðan land, að nafninu til við landhelgigæzlu, en stundar jafnframt síldveiðar. Þessi tvö störf þykja ekki samrýmanleg. Skipstjóri hefir hingað til lagt mikið kapp á síldveiðarnar og hefir aflað mikið, en skipið er illa útbúið til skjótrar afgreiðslu, enda hefir hún gengið illa, og eru dæmi til, að Þór liggi við bryggju á Siglufirði jafnvel allt að sólarhring í einu. Á meðan geta útlendingar veitt og umhlaðið í landhelgi, og munu ekki hlífast við. Eru dæmi til þess, að þeir hafi verið allt inni undir Málmey að þessari iðju sinni.

Fiskimenn hafa kvartað yfir þessu til stj. og farið þess á leit, að hún legði fyr-

ir skipið að hætta öllum síldveiðum. Þennan atvinnurekstur mun og baga annað meir á þessu ári en vöntun síldar. Seinast þegar ég frétti að norðan, höfðu menn ekki orðið varir við, að stj. hefði gert neina breyt. á þessu háttalagi varðskipsins. Hitt hafa þeir heyrt, að stj. hafi leigt skip það, er hún hefir fyrir sunnan, Ægi, til þess að fara skemmtiferð, og hefir félag hér í bænum auglýst það með 5 daga fyrirvara.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvort það sé rétt, að Ægir sé þegar leigður til þessarar skemmtiferðar, og ef svo er, hvort því verði ekki breytt, er honum hafa nú borizt þessar umkvartanir, og skipið í þess stað látið fara norður jafnskjótt og aðgerð þess er lokið.

Ennfremur vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort stj. muni ekki sjá sér fært að leggja svo fyrir skipherrann á Þór, að hann hætti tafarlaust síldveiðum, en leggi allt kapp á landhelgigæzluna.

Þá vil ég geta þess, að það hefir líka valdið óánægju fyrir norðan, að flugvélin hefir ekki komið að því gagni við síldarleit og landhelgigæzlu, sem til var ætlazt. Hafa útvegsmenn og sjómenn þó orðið að kosta þessar flugferðir með ærnum tolli af atvinnu sinni. Flugvélin er eins og varðskipin oft í snattferðum, sem ekki geta samrýmzt landhelgigæzlunni. Svo að ég nefni eitt dæmi, stóð svo á fyrir norðan 17. júlí síðastl., að flugvélin var í ferðalögum allan daginn milli Siglufjarðar og Akureyrar með erlenda skemmtiferðamenn, en varðskipið Þór kom af síldveiðum kl. 8 um kvöldið og var inni þangað til kl. 11 síðd. daginn eftir. Á meðan gátu útlendingar verið í landhelgi, veitt þar og athafnað sig eins og þeir vildu.

Ég vona, að hæstv. stj. svari þessu greiðlega og gefi helzt skýr loforð um, að Ægir fari þegar norður, er hann er ferðbúinn, en Þór hætti tafarlaust síldveiðum.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér þykir vænt um að fá tækifæri til þess að gera grein fyrir þessu máli, því um það eru nokkrar missagnir, en það er skylt að verða við kröfum hv. þm. Ísaf. í þessu efni.

Um leið og ég svara fyrirspurn hv. þm. mun ég skýra frá því, hvernig nú er ástatt og hvernig verða muni um landhelgigæzluna.

Skipin, sem við höfum yfir að ráða, eru ekki 3, heldur 4. Eitt þeirra, Óðinn, varð fyrir slysi, eins og hv. þm. Ísaf. gat um, en það var ekki við sjómælingar, því að skipið var fyrir nokkru búið að fá skipun um að láta af þeim. Það var á ferð vegna landhelgigæzlunnar, er því hlekktist á. Annars er þetta slys nokkuð, sem stj. verður ekki kennt um. Slys sem þetta geta alltaf komið fyrir, þó að maður gæti að vísu síður búizt við þeim á svæði, þar sem nýbúið er að gera sjómælingar.

Varðskipið Ægir hefir verið í viðgerð. Hv. þm. gat um, að komið hefði til orða, að Ægir færi með fél. eitt upp í Hvalfjörð. Þegar kvartanir þessar komu að norðan, var sú ákvörðun tekin, að hætta skyldi við þessa för skipsins, og í stað þess fer það nú norður í kvöld eða með morgninum. Fél. það, sem Ægir ætlaði með, mun aftur á móti fá aðra lausn á málum sínum.

Þriðja varðskipið, Þór, hefir fyrir alllöngu fengið fyrirskipanir um að hætta síldveiðum, en snúa sér eingöngu að landhelgigæzlunni. Hafi Þór stundað veiðar nú nýlega, þá hefir hann óhlýðnazt fyrirskipunum héðan að sunnan.

Fjórða skipið, Fylla, er sömuleiðis fyrir norðan og hefir verið þar jafnlengi og Þór. Hafa þessi tvö skip skipt með sér svæðinu, sem þau eiga að gæta, til þess að geta haft landhelgigæzluna sem fullkomnasta. Einnig vil ég geta þess, að samstarf hefir verið á milli Þórs og flugvélar þeirrar, sem hefir á hendi síldarleit, þannig að einn af mönnunum á Þór hefir verið í flugvélinni, þegar hún hefir farið síldarflug, og hlutverk þessa manns hefir einungis verið að hafa gát á landhelginni.

Þessu er þá þannig varið, að tvö skip hafa um hríð haft á hendi landhelgigæzluna nyrðra, og þriðja skipið er nú að fara norður til þess að gera landhelgigæzluna fullkomnari.

Það skal að vísu játað, að vegna þessa slyss, sem Óðinn varð fyrir, hefir landhelgigæzlan e. t. v. ekki verið um stuttan

tíma eins fullkomin og bezt hefði mátt á kjósa, en hinsvegar hefir verið tekið fyllsta tillit til þeirra kvartana, sem stj. hafa borizt frá útgerðarmönnum og sjómönnum, og ég lít svo á, að með þeim tækjum, sem við nú höfum, þá sé ekki hægt að hafa landhelgigæzluna öllu fullkomnari en orðið er.

Vilmundur Jónsson: Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör þau, sem hann hefir veitt í þessu máli, og þau loforð, sem hann hefir gefið. Aðalatriðið er, að þessu verði kippt í lag, en hitt skiptir síður máli, að sakast um, hvernig þetta hefir verið undanfarið, með því að það verður ekki aftur tekið, og raunar ekki fyrir það bætt. Viðvíkjandi því, að ég taldi varðskipin ekki nema þrjú, skal ég geta þess, að sjómenn fyrir norðan hafa ekki mikla trú á danska varðskipinu og telja það naumast með, eftir að Danir eru farnir að keppa um síldveiðina við Íslendinga á þessum slóðum.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég skal ekkert víkja að því, hvernig Fylla hefir rekið og rekur landhelgigæzluna, en vegna þess að Óðinn og Ægir voru um hríð í lamasessi, þótti sjálfsagt að láta hana fara norður til þess að aðstoða við landhelgigæzluna.

IV. Afgreiðsla mála í stjórnarráðinu.

Á 36. fundi í Nd., 22. ágúst, utan dagskrár, mælti

Vilmundur Jónsson: Ég hafði óskað eftir leyfi hæstv. forseta til þess að fá að beina nokkurri umkvörtun til hæstv. stj. utan dagskrár, áður en þingi yrði slitið. Vil ég ekki deila á hæstv. stj. deilunnar vegna, heldur til þess að reyna að fá það lagfært, sem frekleg ástæða er til að lagfæra, en það er hin ákaflega stirða afgreiðsla mála í stjórnarráðinu. Við, sem erum embættismenn úti á landi og eigum t. d. sæti í bæjarstjórnum, verðum fyrir miklum óþægindum og skaða af hinni tregu afgreiðslu stjórnarráðsins. Úrskurðir falla afarseint oft og tíðum, reglugerðir, sem sveitarstjórnum er ætlað að fara eftir, eru of seint staðfestar og stundum gleymist alveg að birta þær í Stjórnartíðindum. Svo var t. d. um eina reglugerð viðvíkjandi l. frá 1929 um kosningar í málefnum sveitar- og bæjarfélaga. Reglugerð þessi skipaði fyrir um það, hvenær varafulltrúar í sveitar- og bæjarstjórnum ættu að koma inn. Þessi misgáningur stjórnarráðsins gerði það að verkum, að mér er nær að halda, að mikill vafi geti leikið á því, að t. d. sumir fundir bæjarstjórnarinnar hjá okkur á Ísafirði hafi verið löglegir fundir. — Ég ætla ekki að rökstyðja mál mitt frekar með einstökum dæmum, því að þessi tregða stjórnarráðsins er almennt viðurkennd.

Mér dettur ekki í hug að ásaka núv. hæstv. stj. um það, að hún sé sérstaklega brotleg í þessum efnum fram yfir aðrar undangengnar stjórnir. Þetta sleifarlag hefir alltaf átt sér stað, og hefir það þó frekar farið versnandi en batnandi. Má auðvitað segja, að til þess séu nokkrar ástæður, þar sem þeim málum fjölgar með ári hverju, sem ganga gegnum hendur stj. Stjórnarráðshúsið er líka ófullkomið. Þá mun þetta ekki hvað síst því að kenna, að starfskraftar stjórnarráðsins eru ekki svo góðir og skyldi. Flestir þeirra, sem vinna þar, eru gamlir menn, sem ekki geta unnið með þeim hraða, sem hinn nýi tími krefst.

Ég geri ekki ráð fyrir, að mikill árangur verði strax af þessari umkvörtun. Ég myndi láta mér það nægja, ef hæstv. stj. viðurkenndi, að þessar misfellur ættu sér stað, og að hún hefði vilja til þess að kippa þessu í lag með einhverjum ráðum. En sjái hæstv. stj. engin ráð til þess, þá vildi ég, að hún lýsti yfir því, að hún vilji íhuga þetta fyrir næsta þing og leita ráða hjá því til að bæta úr misfellum þessum.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér er kunnugt um, að slíkar raddir hafa komið frá fleirum en hv. þm. Ísaf. Mun það eiga sér stað í öllum löndum, að slíkar umkvartanir komi fram. Það er heldur

ekkert að undra, þó að ástandið sé slæmt hjá okkur, því að öll ytri skilyrði eru hér slæm. Bæði er stjórnarráðshúsið óhæfilega lítið — þrengslin í dómsmrn. eru t. d. svo mikil, að þar er varla hægt að snúa sér við — og svo er vöxturinn í þjóðfél. okkar bæði ör og mikill. Ennfremur skal ég geta þess, að á síðustu árum hafa allir skrifstofustjórarnir verið meira og minna forfallaðir. Í ár hafa t. d. tveir þeirra verið veikir mánuðum saman, og í fyrra var sá þriðji veikur. — Annars skal ég gera hvað ég get til þess að bæta úr þessu.

Það eina tilfelli, sem hv. þm. Ísaf. nefndi, reglugerð fyrir kosningar til sveitar- og bæjarstjórna, held ég, að hafi ekki verið stj. einni að kenna, heldur og bæjarstjórn Rvíkur. Það var leitað samvinnu við hana um þessi mál, og hygg ég, að drátturinn hafi stafað af því, að dráttur hefir orðið á afgreiðslunni á báðum stöðum.

V. Minning Einars Jónssonar.

Á 4. fundi í Sþ., 25. júlí, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (ÁÁ): Áður en störf þessa fundar hefjast, vil ég nokkrum orðum minnast fyrrv. þingmanns, sem lézt hér í bænum í gær, Einars Jónssonar, fyrrv. prests og prófasts á Hofi í Vopnafirði.

Hann var þm. Norðmýlinga á árunum 1893—1901 og 1912—1913.

Einar Jónsson var Austfirðingur að ætt og uppruna, fæddur á Stóra-Steinsvaði í Hjaltastaðaþinghá 7. des. 1853. Varð stúdent 1876 og guðfræðikandídat 1879. Vígðist sama ár að Felli í Sléttuhlíð og var þar prestur til 1885, er honum var veittur Miklibær í Blönduhlíð. Árið 1889 var honum veitt Kirkjubæjarprestakall í Hróarstungu, 1909 Desjarmýri og loks 1912 Hof í Vopnafirði. Þjónaði hann því prestakalli til 1929, er honum var veitt lausn frá embætti, og hafði hann þá verið þjónandi prestur í 50 ár. Hann var prófastur í Norður-Múlaprófastsdæmi óslitið frá 1896 til 1929, er hann lét af embætti. Hann hafði flutzt til Reykjavíkur fáum dögum áður en hann andaðist.

Það er almælt um séra Einar Jónsson, að hann hafi verið fjölhæfur maður, einkar athugull, gætinn og samvizkusamur í öllum störfum sínum, bæði hér á þingi og heima í héraði, og hið mesta ljúfmenni, enda var hann hverjum manni vinsælli.

Það, sem lengst mun þó halda minningu hans uppi, eru ritstörf hans í þágu íslenzkrar ættfræði. Hann vann að því svo að segja alla æfi að semja ættartölur og fékkst sérstaklega við ættir Austfirðinga. Í því efni liggur eftir hann mikið handrit, sem nú verður eign Landsbókasafnsins. Um þetta verk farast þeim dr. Guðmundi Finnbogasyni landsbókaverði og dr. Hannesi Þorsteinssyni þjóðskjalaverði m. a. svo orð í bréfi til Alþingis 1929:

„Með þessu verki hefir ættfræði Austfirðingafjórðungs verið svo að segja reist frá grunni af frábærri elju, lærdómi og samvizkusemi, og þar með varðveittur margvíslegur fróðleikur um einstaka menn og ættir, er nú mundi glataður að fullu og öllu, ef höfundurinn hefði eigi aflað hans meðan tími var til. Verkið er því ómetanlegur fjársjóður fyrir ættfræði vora, og má ekki annarsstaðar vera en á Landsbókasafni Íslands, enda hefir það verið löngun og ásetningur höfundarins að koma því þangað".

Ég vil biðja hv. þingmenn að minnast þessa látna merkismanns með því að standa upp.

[Allir þm. stóðu upp úr sætum sínum.]

VI. Kosningar.

1. Orðunefnd.

Á 4. fundi í Sþ., 25. júlí, var tekin til meðferðar

kosnings eins manns í orðunefnd samkv. 3. gr. reglugerðar 3. júlí 1921, um hina íslenzku fálkaorðu, fyrir þann tíma, sem eftir er árabilsins 1927—1932.

Forseti (ÁÁ): Ég hygg, að fljótlegast sé að viðhafa listakosningu, og óska því eftir listum.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil geta þess, að ég mun ekki taka þátt í þessari kosningu, því að hún er einber hégómi.

Forseta barst einn listi, er á stóð Aðalsteinn Kristinsson. — Þar sem ekki komu fleiri uppástungur, lýsti forseti yfir, að kosinn væri án atkvgr.:

Aðalsteinn Kristinsson forstjóri.

2. Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning þingfararkaupsnefndar.**

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar, A og B. — Á A-lista voru ÞorlJ, GÓ, BSt, en á B-lista HSteins, PO. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Þorleifur Jónsson,
Halldór Steinsson,
Guðmundur Ólafsson,
Bernharð Stefánsson,
Pétur Ottesen.

3. Forseti Sþ.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var tekin til meðferðar
kosning forseta sameinaðs þings.

Kosningu hlaut
Einar Árnason,
með 22 atkv. — Jón Þorláksson fékk 13 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

4. Milliþingaforseti Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var tekin til meðferðar
kosning milliþingaforseta.

Kosningu hlaut
Magnús Torfason,
með 6 atkv. — Jón Þorláksson fékk 2 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

5. Stjórn Minningarsjóðs Jóns frá Gautlöndum.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var tekin til meðferðar
kosning tveggja manna í stjórn Minningarsjóðs Jóns alþm. Sigurðssonar frá Gautlöndum fyrir tímabilið frá 1. jan. 1932 til 31. des. 1933.

Pétur Ottesen: Ég geri það að till. minni, að Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., og Þórarinn Kristjánsson hafnarstjóri verði endurkosnir.

Magnús Jónsson: Eftir 48. gr. þingskapanna skal hafa hlutfallskosningu, þegar kjósa á um tvo menn eða fleiri, hvort heldur er til þingstarfa eða utanþingsstarfa.

Fram komu tveir listar, A og B. — Á A-lista var IngB, en á B-lista Þór. Kristjánsson. — Samkv. því lýsti forseti yfir því, að kosnir væru án atkvgr.:

Ingólfur Bjarnarson alþm. og
Þórarinn Kristjánsson hafnarstjóri.

6. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðsins.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árabilið frá 1. jan. 1932 til 31. des. 1935.**

Forseti (JörB): Fram hefir komið ósk um það, að málinu verði frestað, og tek ég það því út af dagskrá.

Einar Arnórsson: Hver hefir óskað þess?

Forseti (JörB): Vefengir hv. þm., að ég fari með rétt mál? (EA: Nei, nei). Það er ekkert launungarmál. Óskin kom frá hv. þm. Mýr.

Á 39. fundi í Nd., 24. ágúst, var kosningin aftur tekin til meðferðar.

Kosningu hlaut
Bjarni Ásgeirsson alþm.,
með 12 atkv. — Sigurður Gunnarsson præp. hon. fékk 9 atkv., en 1 seðill var auður.

7. Framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðsins.

Á 7. fundi í Sþ., 24. ágúst, var tekin til meðferðar
kosning framkvæmdarstjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árabilið frá 1. jan. 1932 til 31. des. 1937.

Kosningu hlaut
Vilhjálmur Briem framkvæmdarstjóri,
með 31 atkv. — 7 seðlar voru auðir.

8. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning þriggja manna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.**

Kosnir voru af einum lista:
Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður.
Ólafur Lárusson prófessor,
Barði Guðmundsson sagnfræðingur.

9. Menntamálaráð Íslands.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning menntamálaráðs Íslands (5 manna) til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 7 1928.**

Forseta bárust þrír listar, A, B og C. — Á A-lista voru Ragnar Ásgeirsson, Barði Guðmundsson, á B-lista Ingibjörg H. Bjarnason, Árni Pálsson, og á C-lista Stefán Jóhann Stefánsson. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Ragnar Ásgeirsson garðyrkjumaður,
Ingibjörg H. Bjarnason skólastjóri,
Barði Guðmundsson sagnfræðingur,
Árni Pálsson prófessor,
Stefán Jóh. Stefánsson lögfræðingur.

10. Þingvallanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning Þingvallanefndar (3 alþingismanna) til loka næsta þings eftir nýafstaðnar kosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 59 1928.**

Forseta bárust þrír listar, A, B og C. — Á A-lista var JónasJ, á B-lista MG, og á C-lista JBald. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jónas Jónsson,
Magnús Guðmundsson,
Jón Baldvinsson.

11. Síldarútflutningsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna til ársloka 1931 í útflutningsnefnd, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 61 1929, um einkasölu á útfluttri síld, sbr. og bráðabirgðaákvæði í nýafgreiddum lögum frá Alþingi um breyting á þeim lögum.**

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, A, B og C. — Á A-lista voru Einar Árnason alþm. og Böðvar Bjarkan lögfræðingur, á B-lista Björn Líndal lögfræðingur, og á C-lista Erlingur Friðjónsson kaupfélagsstjóri. — A-listi fékk 23 atkv., B-listi 14 atkv., en C-listi 4. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Einar Árnason,
Björn Líndal,
Böðvar Bjarkan.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. — Á A-lista voru Ingimar Eydal kennari og Þormóður Eyjólfsson konsúll, á B-lista Stefán Jónasson útgerðarmaður, og á C-lista Guðmundur Skarphéðinsson skólastjóri. — A-listi hlaut 22 atkv., B-listi 14 atkv., C-listi 4 atkv., en 1 seðill var ógildur. — Samkv. þessu lýsti forseti yfir því, að kosnir væru:

Ingimar Eydal,
Stefán Jónasson,
Þormóður Eyjólfsson.

12. Yfirskoðunarmenn landsreikninga.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseta bárust þrír listar. — Voru á A-lista Hannes Jónsson alþm. og Pétur Þórðarson bóndi í Hjörsey, á B-lista Magnús Guðmundsson alþm., og á C-lista Sigurjón Á. Ólafsson fyrrv. alþm. — A-listi fékk 23 atkv., B-listi 14 atkv., og C-listi 4 atkv. Hlutu því kosningu:

Hannes Jónsson,
Magnús Guðmundsson,
Pétur Þórðarson.

13. Milliþingaforseti Sþ.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning milliþingaforseta.**

Kosningu hlaut
Bjarni Ásgeirsson,
með 22 atkv. — 16 seðlar voru auðir.

VII. Símanot þingmanna.

Á deildafundum 16. júlí skýrðu forsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefðu ákveðið, að símanot þingmanna á kostnað Alþingis í sumar skyldu vera þeim takmörkunum bundin, að hámarkseyðsla hvers þingmanns fari ekki fram úr 100 kr. alls um þingtímann.

VIII. Starfsmenn þingsins.

Á deildarfundum 16. júlí skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Svanhildur Ólafsdóttir, Svanhildur Þorsteinsdóttir, Theódóra Thoroddsen.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Sigurður Ólason.

Lestrarsalsgæzla:
Ólafía Einarsdóttir, Pétrína Jónsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Innanþingsskriftir:
Teknir strax: Helgi Tryggvason, Gunnar Thoroddsen, Lárus H. Blöndal, Magnús Ásgeirsson, Haraldur Matthíasson, Kristján Guðlaugsson, Ásgeir Hjartarson, Guðrún Sigurðardóttir.
Teknir síðar eftir þörfum: Þorsteinn Símonarson, Birgir Thorlacius, Hallgrímur Jónsson, Jón Símonarson, Gunnar Benediktsson, Sigurður Einarsson, Sigurður Guðmundsson, Björn Franzson.

Dyra- og pallavarzla:
Árni S. Bjarnason, Ásgeir Eyþórsson, Halldór Þórðarson, Páll Ó. Lárusson, Þorgrímur Jónsson.

Símavarzla:
Katrín Pálsdóttir, Ingibjörg Pétursdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Þingsveinsstörf:
Lárus Halldór Pétursson, Jón Bjarnason, Hörður Markan, Þorsteinn Þorsteinsson, Skúli Hansen, Gylfi Gunnarsson.

Ritari fjárveitinganefnda:
Jónas Bjarnason.

IX. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 42. fundi í Ed., 24. ágúst, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (GÓ): Störfum þessarar hv. d. er nú lokið að þessu sinni, aðeins eftir að slíta þessum fundi.

Hygg ég, að þetta þing verði talið eitt af hinum afkastameiri, er tekið er tillit til þess, hve stuttan tíma það hefir staðið yfir.

Ég þakka hv. dm. góða samvinnu við mig á þessu þingi sem og á öðrum undanförnum þingum. Árna svo öllum hv. þm. heilla og vænti þess, að vér megum allir heilir hittast á næsta þingi.

Gifta fylgi jafnan störfum efri deildar Alþingis.

Ingvar Pálmason: Áður en þessum fundi er slitið, vil ég þakka hæstv. forseta góða fundarstjórn á þessu þingi, og óska ég þess, að þeir, sem undir þau orð mín taka, rísi úr sætum sínum til virðingar við hæstv. forseta.

[Allir deildarmenn stóðu upp úr sætum sínum].

b. Í neðri deild.

Á 41. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JörB): Þetta er síðasti fundur deildarinnar. Skýrslu um störf hennar mun forseti Sþ. flytja að þinglausnum. Það er því ekki annað fyrir hendi en að slíta störfum deildarinnar. Vil ég tjá öllum þdm. mínar beztu þakkir fyrir einkar góða samvinnu og fyrir það, hve létta

þeir hafa gert mér fundarstjórn. Vil ég árna öllum þingheimi alls hins bezta og hv. þdm. farsællar og góðrar heimkomu. Vona ég, að við megum allir heilir hittast á næsta þingi.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil biðja hv. þdm. að þakka hæstv. forseta góða fundarstjórn með því að standa upp.

[Allir deildarmenn stóðu upp úr sætum sínum].

Forseti (JörB): Ég vil þakka hv. þdm. þann hlýleik, sem þeir hafa sýnt mér, og endurtek óskir mínar um góða ferð þeirra og heimkomu.

X. Þinglausnir.

Á 7. fundi í Sþ., 24. ágúst, skýrði forseti frá störfum þingins í stuttu máli á þessa leið:

A. **Þingfundir** hafa verið haldnir:

í neðri deild	41
í efri deild	42
í sameinuðu þingi	7
Fundir alls	90

B. **Þingmál** og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:		
a. Lögð fyrir neðri deild	7	
b. Lögð fyrir efri deild	4	
		11
2. Þingmannafrumvörp:		
a. borin fram í neðri deild	62	
b. borin fram í efri deild	27	
		89
		100
Þar af:		
a. Afgreidd sem lög:		
stjórnarfrumvörp	8	
þingmannafrumvörp	38	
		46
b. Felld:		
þingmannafrumvörp	2	
		2
c. Vísað frá með rökst. dagskrá:		
þingmannafrumvarpi	1	
		1
d. Tekið aftur:		
þingmannafrumvarp	1	
		1
e. Ekki útrædd:		
stjórnarfrumvörp	3	
þingmannafrumvörp	47	
		50
		100

II. Þingsályktunartillögur:

a. bornar fram í neðri deild		16
b. bornar fram í efri deild		8
c. bornar fram í sameinuðu þingi		1
		25
Þar af:		
a. Þál. afgr. til stjórnarinnar:		
1. ályktanir Alþingis	6	
2. ályktanir neðri deildar	5	
3. ályktanir efri deildar	2	
		13
b. Felldar	2	
c. Vísað frá með rökst. dagskrá	1	
d. Ekki útræddar	9	
		12
		25

III. Fyrirspurn:

Borin fram í neðri deild og svarað 1

Mál til meðferðar í þinginu samtals 126

Síðan mælti

forseti (EÁrna): Þá er nú störfum þessa þings lokið eftir að hafa setið í 41 dag.

Ekki verður annað sagt en að þingið hafi afkastað miklu verki á þessum stutta tíma, og þess má vænta, að ýms þau mál, sem nú hafa verið afgr., marki framfaraspor í atvinnulífi þjóðarinnar.

Má í því efni benda á lögin um búfjárrækt og um innflutning sauðfjár til slátrunar fjárbóta, svo og lög um útflutning á kældum fiski og lög um hafnargerðir. Allt eru þetta merkileg mál, og mætti fleiri telja.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þeim hv. þm., sem utan Reykjavíkur búa, góðrar ferðar og heillar heimkomu, og óska öllum þess, að vér megum heilir hittast á næsta þingi.

Þá stóð upp forsætisráðherra, **Tryggvi Þórhallsson**, og las upp konungsumboð sér til handa til þess að segja Alþingi slitið.

Samkv. því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því í nafni konungs, að þessu 44. löggjafarþingi Íslendinga væri slitið.

Síðan mælti

forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Minnumst ættjarðarinnar og konungsins með ferföldu húrrahrópi!

[Húrrahróp].

Var síðan af þingi gengið.